

Mánudaginn 23. apríl 2012.

Nr. 3/2011.

Alþingi

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari Alþingis)

gegn

Geir Hilmari Haarde

(Andri Árnason hrl.)

Dómur Landsdóms.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson, Ástríður Grímsdóttir, Benedikt Bogason, Brynhildur Flóvenz, Eggert Óskarsson, Eiríkur Tómasson, Fannar Jónasson, Garðar Gíslason, Hlöðver Kjartansson, Ingibjörg Benediksdóttir, Linda Rós Michaelsdóttir, Magnús Reynir Guðmundsson, Sigrún Magnúsdóttir, Viðar Már Matthíasson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Með ákæru 10. maí 2011 höfðaði Alþingi mál á hendur ákærða, Geir Hilmari Haarde, fyrir „brot framin af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi í embættisfærslu hans sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár“, sem nánar var lýst sem hér segir:

- „1.1 Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.
- 1.2 Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.
- 1.3 Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.
- 1.4 Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda

að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

- 1.5 Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

.....

2. Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.“

Í ákæru er háttsemin, sem um ræðir í framangreindum liðum 1.1 til og með 1.5, talin varða aðallega við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð, en háttsemi samkvæmt lið 2. við c. lið 8. gr., sbr. 11. gr. sömu laga. Í öllum tilvikum er háttsemin talin varða til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist í ákæru að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Við þingfestingu málsins fyrir Landsdómi 7. júní 2011 neitaði ákærði sök í öllum atriðum. Í þinghaldi 5. september sama ár krafðist hann þess að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómsins 3. október 2011 var sú krafa tekin til greina að því er varðar framangreinda liði 1.1 og 1.2 í ákæru, en kröfunni hafnað að öðru leyti. Að fram kominni greinargerð ákærða um efni málsins var það tekið til aðalmeðferðar 5. mars 2012 og dómtekið 16. sama mánaðar. Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins, svo og að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, er ákærði fæddur 8. apríl 1951. Hann tók stúdentspróf 1971 og lagði síðan stund á háskólanám í Bandaríkjunum, þar sem hann lauk BA prófi í hagfræði 1973, meistaraprófi í alþjóðastjórnámum 1975 og meistaraprófi í hagfræði 1977. Að námi loknu starfaði hann sem hagfræðingur í alþjóðadeild Seðlabanka Íslands frá 1977 til 1983 og aðstoðarmaður fjármálaráðherra frá 1983 til 1987. Hann átti síðan sæti á Alþingi frá 1987 til 2009 og var á árunum 1991 til 1998 formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Hann var varaformaður Sjálfstæðisflokksins frá 1999 til 2005 og formaður frá því ári til 2009.

Eftir kosningar til Alþingis 20. apríl 1991 mynduðu Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn ríkisstjórn undir forsæti Davíðs Oddssonar 30. sama mánaðar og sat hún til 23. apríl 1995. Þá tók við ríkisstjórn, sem var undir forsæti þess sama og mynduð af Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. Í þeirri ríkisstjórn tók ákærði sæti sem fjármálaráðherra 16. apríl 1998. Sömu flokkar mynduðu aftur ríkisstjórnir undir forsæti Davíðs Oddssonar að undangengnum alþingiskosningum 8. maí 1999 og 10. maí 2003 og gegndi ákærði þar sama embætti til 15. september 2004. Þann dag tók við ríkisstjórn sömu flokka undir forsæti Halldórs Ásgrímssonar og sat hún til 15. júní 2006, en ákærði var þar aftur fjármálaráðherra til 27. september 2005 þegar hann tók við embætti utanríkisráðherra. Því gegndi hann þar til hann varð 15. júní 2006 forsætisráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem lét af störfum 24. maí 2007 þegar við tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar undir forsæti ákærða. Meðal þeirra, sem áttu sæti í þeirri ríkisstjórn af hálfu Sjálfstæðisflokksins, var Árni M. Mathiesen, sem var fjármálaráðherra, en af hálfu Samfylkingarinnar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem var formaður þess flokks og gegndi embætti utanríkisráðherra, og Björgvin G. Sigurðsson, sem var viðskiptaráðherra. Þeirri ríkisstjórn var veitt lausn 26. janúar 2009, en hún gegndi störfum til 1. febrúar sama ár.

Ákærði mælti 6. október 2008 fyrir stjórnarfrumvarpi á Alþingi til laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., þar sem meðal annars voru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilefni frumvarpsins var einkum yfirvofandi greiðsluþrot þriggja stærstu fjármálafyrirtækja landsins, Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og

Landsbanka Íslands hf. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi að kvöldi sama dags og varð að lögum nr. 125/2008. Á grundvelli 5. gr. þeirra tók Fjármálaeftirlitið á tímabilinu 7. til 9. október 2008 yfir vald hluthafafundar í þessum þremur fjármálafyrirtækjum, vék stjórnnum þeirra frá og setti yfir þau skilanefndir, sbr. 100. gr. a. laga nr. 161/2002. Slit þessara fyrirtækja standa enn yfir.

3

Með lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða var rannsóknarnefnd á vegum Alþingis falið að leita „sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða“, eins og komist var að orði í 1. gr. laganna, svo og að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kynnu að bera ábyrgð á henni. Rannsóknarnefnd Alþingis lét frá sér fara ítarlega skýrslu um þetta efni 12. apríl 2010. Í framhaldi af því fjallaði sérstök nefnd níu þingmanna um skýrsluna, en með 2. mgr. 15. gr. laga nr. 142/2008, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2009, var nefndinni meðal annars falið að „móta tillögur að viðbrögðum Alþingis“ við niðurstöðum í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Meiri hluti þingmannanefndarinnar lagði á þessum grunni fram á Alþingi 11. september 2010 tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum, þar sem lagt var til að mál yrði höfðað fyrir Landsdómi á hendur ákærða, Árna M. Mathiesen, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Björgvini G. Sigurðssyni. Við atkvæðagreiðslu á Alþingi 28. sama mánaðar var tillaga þessi samþykkt að því er varðar málshöfðun á hendur ákærða, en að öðru leyti fékk hún ekki framgang. Í samræmi við 14. gr. laga nr. 3/1963 um Landsdóm tilkynnti forseti Alþingis 30. september 2010 forseta Hæstaréttar um þessa ákvörðun og kynnti sá síðarnefndi ákærða hana með bréfi sama dag. Á fundi Alþingis 12. október 2010 var kosinn saksóknari og annar til vara til að sækja af hendi þess mál gegn ákærða, sbr. 13. gr. laga nr. 3/1963. Samkvæmt kröfu ákærða var honum síðan skipaður verjandi 30. nóvember 2010.

4

Saksóknari Alþingis gaf út fyrrgreinda ákæru 10. maí 2011 á grundvelli þingsályktunarinnar frá 28. september 2010. Áður en til þess kom höfðu mál, sem þessu tengdust, tvívegis komið til kasta Landsdóms. Þetta voru annars vegar mál nr. 1/2011, sem lokið var með dómi 8. mars 2011, og hins vegar mál nr. 2/2011, sem lokið var með úrskurði 22. sama mánaðar, en þau voru rekin til úrlausnar um ágreining, sem

reis um kröfur saksóknarans um heimild til að leggja hald á nánar tilgreind sönnunargögn. Í síðarnefnda málinu var jafnframt tekin afstaða til krafna ákærða um að málið yrði fellt niður eða því vísað frá dómi. Þá krafðist ákærði þess við þingfestingu þessa máls 7. júní 2011 að átta af dómurum Landsdóms vikju sæti í því, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 10. sama mánaðar. Sem fyrr segir krafðist ákærði þess síðan í þinghaldi 5. september 2011 að málinu yrði vísað frá dómi og var sú krafa að hluta tekin til greina með úrskurði 3. október sama ár. Aðalmeðferð málsins hófst loks 5. mars 2012 og voru þar teknar munnlegar skýrslur af ákærða og 40 vitnum, en að loknum munnlegum málflytningi 16. sama mánaðar var það eins og áður greinir tekið til dóms.

II

1

Almenn löggjöf um viðskiptabanka var fyrst sett með lögum nr. 86/1985, en fram að því höfðu gilt sérstök lög um hvern þeirra. Við setningu þessara laga voru starfandi þrjú viðskiptabankar í eigu ríkisins, Búnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands, og fjórir hlutafélagsbankar, sem voru Alþýðubankinn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Verslunarbanki Íslands hf. Samkvæmt lögum nr. 7/1987 var stofnaður hlutafélagsbanki um Útvegsbanka Íslands, sem var í byrjun í eigu ríkisins, en samkvæmt 10. gr. laganna var heimilt að selja hlutafé þess í félaginu. Það var gert í júní 1989 og rann Útvegsbanki Íslands hf. í framhaldi af því saman við Alþýðubankann hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf., en sameinaða félagið fékk heitið Íslandsbanki hf. Samvinnubanki Íslands hf. var sameinaður Landsbanka Íslands á árinu 1990. Á grundvelli laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands liðu þessir síðustu ríkisviðskiptabankar undir lok og tóku samnefndir hlutafélagsbankar til starfa 1. janúar 1998, sbr. 3. gr. laganna. Í upphafi voru þeir að fullu í eigu ríkisins og voru settar skorður með 6. gr. laganna við sölu hlutafjár í þeim. Þá var Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. stofnaður með lögum nr. 60/1997 með því að Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður voru í meginatriðum sameinaðir. Sá banki var jafnframt í eigu ríkisins, en með 1. gr. laga nr. 167/1998 var því heimilað að selja allt hlutafé í honum. Það mun hafa verið gert á árunum 1998 og 1999, en Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. var á árinu 2000 sameinaður Íslandsbanka hf., sem fékk á árinu 2006 heitið Glitnir banki hf. Með 1. gr. laga nr. 93/1999 og 1. gr. laga nr. 70/2001 voru gerðar breytingar

á 6. gr. laga nr. 50/1997, sem leiddi til þess að ríkinu var veitt heimild til að selja að fullu eignarhluta sína í Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. Á þessum grunni var það, sem eftir stóð af eignarhlut ríkisins í síðarnefnda bankanum selt 31. desember 2002 og í þeim fyrrnefnda 16. janúar 2003. Búnaðarbanki Íslands hf. var sameinaður Kaupþingi hf. á árinu 2003 og bar sameinaða félagið síðar heitið Kaupþing banki hf. Að þessu búnu voru þannig í meginatriðum starfandi þrjár viðskiptabankar hér á landi og giltu lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um starfsemi þeirra.

Viðskiptabankarnir þrjár færðu í kjölfarið starfsemi sína út meðal annars með því stofna dótturfélög erlendis, hefja þar rekstur útibúa og yfirtaka erlend fjármálafyrirtæki. Þannig mun Landsbanki Íslands hf. hafa á árinu 2002 keypt breskan banka með heitinu Heritable Bank Ltd., en sett jafnframt á stofn eigið útibú í London 2005. Kaupþing banki hf. og félögin, sem hann kom í stað fyrir, mun hafa keypt danska bankann FIH Erhvervsbank árið 2004 og breska bankann Singer & Friedlander árið 2005, en frá árinu 1998 hafði Kaupþing hf. átt dótturfélagið Kaupthing Bank Luxembourg. Glitnir banki hf. festi kaup á norsku bönkunum Kreditbanken og BN Bank á árunum 2004 og 2005. Á árinu 2007 munu viðskiptabankarnir þrjár hafa verið með starfsemi í 22 löndum. Stærð bankanna þriggja mun þó ekki aðeins hafa aukist með umsvifum erlendis, heldur jafnframt innanlands. Meðal þess, sem mun hafa leitt til þess vaxtar, var öflun bankanna á lánsfé á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum, en hennar mun hafa gætt frá því 1999 og aukist eftir það ár frá ári. Frá árinu 1999 munu allir bankarnir þrjár hafa fengið lánshæfismat frá alþjóðlegu fyrirtæki á því sviði með heitinu Moody's Investors Service og síðar einnig frá fyrirtækjunum Fitch Ratings og Standard & Poor's Financial Services, en sömu fyrirtæki mátu einnig lánshæfi ríkissjóðs Íslands. Matseinkunnir þess fyrstnefnda fyrir bankana munu hafa verið háar allt frá byrjun og færst að auki upp á við fram á árið 2007, en lækkað svo aftur fram í september 2008. Mat hinna fyrirtækjanna tveggja mun hafa þróast á líkan veg, en lánshæfismöt sem þessi munu hafa verið forsenda fyrir aðgangi bankanna að alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum. Auk þessa munu bankarnir þrjár hafa aukið umsvif sín með því að taka við innlánnum erlendis, en í þeim efnunum mun Landsbanki Íslands hf. hafa orðið fyrstur með því að bjóða viðskiptamönnum innlánsreikninga með heitinu Icesave frá október 2006, síðan Kaupþing banki hf. frá nóvember 2007 með reikninga, sem nefndir voru Kaupthing Edge, og loks Glitnir banki hf. frá júní 2008 með reikninga undir heitinu Save & Save. Starfsemi dótturfélaga bankanna

þriggja erlendis, svo og fjármálafyrirtækja sem þeir tóku þar yfir, laut löggjöf viðkomandi ríkja, þar á meðal um eftirlit, en útibú þeirra erlendis sættu á hinn bóginn einnig eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

2

Samkvæmt 15. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum áttu mál varðandi lánastofnanir undir viðskiptaráðuneytið. Sú auglýsing var síðan leyst af hólmi með reglugerð nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands, en samkvæmt 15. gr. hennar áttu mál, sem varða fjármálamarkað, undir sama ráðuneyti. Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands, sem tók síðan gildi 1. janúar 2008, átti þessi málaflokkur einnig undir viðskiptaráðuneytið. Í 2. gr. hennar var mælt fyrir um að undir forsætisráðuneytið ætti meðal annars hagstjórn almennt ásamt málefnum varðandi Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en að auki málefni ríkisstjórnar og Stjórnarráðs Íslands í heild. Þá var í 5. gr. sömu reglugerðar kveðið á um að málefni varðandi fjármál ríkisins, eignir þess og lántökur ættu undir fjármálaráðuneytið. Síðastnefnda reglugerðin var í gildi fram yfir lok þess tíma, sem mál þetta snýr að.

Seðlabanki Íslands var settur á stofn með lögum nr. 10/1961 og laut hann stjórn þriggja bankastjóra, en yfirstjórn hans var á hendi þess ráðherra, sem fór með bankamál, og bankaráðs, þar sem áttu sæti fimm menn kjörnir á Alþingi, sbr. 24., 25. og 28. gr. laganna. Sú skipan var óbreytt samkvæmt 25., 26. og 30. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, þar sem þó var tekið fram að málefni hans ættu undir viðskiptaráðherra. Í IV. kafla þeirra laga voru sérstök ákvæði um bankaeftirlit, en það átti undir samnefnda deild innan Seðlabanka Íslands, sem starfaði undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs hans, sbr. 2. mgr. 13. gr. laganna.

Með lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi var bankaeftirlit Seðlabanka Íslands lagt niður og voru verkefni þess færð undir nýja stofnun, Fjármálaeftirlitið, sem heyrði undir viðskiptaráðherra. Samkvæmt 4. gr. þeirra laga var yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð var af ráðherra, en einn stjórnarmaður skyldi tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Stjórn Fjármálaeftirlitsins réði til starfa forstjóra fyrir stofnunina, sem hafði á hendi daglega stjórnun hennar, sbr. 5. gr. laganna. Um Seðlabanka Íslands voru síðan sett lög nr. 36/2001, en samkvæmt 22., 23. og 26. gr. þeirra var yfirstjórn hans í höndum forsætisráðherra, bankastjórnar, þar sem áttu sæti þrjú bankastjórar sem skipaðir voru

af sama ráðherra, og bankaráðs, sem skipað var sjö mönnum kjörnum á Alþingi. Þessar reglur um stjórnun Seðlabanka Íslands og skipan eftirlits með fjármálafyrirtækjum voru óbreyttar á því tímabili, sem málið tekur til.

Með 17. gr. laga nr. 69/1941 um sparisjóði var stofnaður tryggingarsjóður sparisjóða, sem hafði þann tilgang að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslu á þeim, en sparisjóðum bar eftir nánari reglum að greiða tiltekið hlutfall ágóða síns árlega í þann sjóð. Hann var lagður niður með ákvæðum XI. kafla laga nr. 87/1985 um sparisjóði og nýr samnefndur sjóður, sem skyldi vera sjálfseignarstofnun, stofnaður á grundvelli hans til að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. 1. mgr. 50. gr. laganna. Þá var með 51. gr. laga nr. 86/1985 stofnaður tryggingarsjóður viðskiptabanka, sem skyldi vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins undir yfirstjórn viðskiptaráðherra. Sjóður þessi átti að vera með sjálfstæðan fjárhag og þjóna því markmiði að tryggja full skil á innlánsfé við slit viðskiptabanka vegna greiðsluþrots. Stefnt skyldi að því að eignir sjóðsins næmu 1% af heildarinnlánnum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum, en í því skyni skyldi hver viðskiptabanki greiða til sjóðsins árlegt gjald, sem svaraði allt að 0,15% af heildarinnlánnum hans. Lög nr. 86/1985 og 87/1985 voru leyst af hólmi með lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, sem síðar voru endurútgefin sem lög nr. 113/1996. Samkvæmt 75. og 76. gr. þessara laga voru tryggingarsjóður viðskiptabanka og tryggingarsjóður sparisjóða áfram til og reglur um þá efnislega óbreyttar að því leyti, sem áður var lýst.

Síðastnefnd lagaákvæði voru felld niður með lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en samkvæmt 1. gr. var markmið laganna að veita meðal annars innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Í 2. gr. var mælt svo fyrir að sérstök stofnun, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, færi með tryggingar samkvæmt lögnum og væri hann sjálfseignarstofnun, en aðild að honum skyldu eiga meðal annarra viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hefðu staðfestu hér á landi, sbr. 3. gr. laganna. Þar var og tekið fram að þessi aðildarfyrirtæki bæru ekki ábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins með öðru en lögbundnum framlögum sínum. Yfir sjóðinn var sett sex manna stjórn, en af þeim skyldu viðskiptabankar tilnefna tvo, sparisjóðir einn, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu einn og viðskiptaráðherra tvo, sbr. 4. gr. laganna. Ráðherra skyldi skipa formann stjórnarinnar og var henni

heimilt að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Samkvæmt 6. gr. laganna átti heildareign innstæðudeildar sjóðsins að nema að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári, en næði heildareignin ekki því lágmarki skyldi heimilt að innheimta gjald úr hendi þeirra allra, sem svaraði til 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna. Í 9. gr. laganna var mælt fyrir um skyldu sjóðsins til að greiða viðskiptavinum aðildarfyrirtækis innstæður ef það væri að mati Fjármálaeftirlitsins ófært um að standa skil á þeim eða bú þess væri tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt 10. gr. var þó heimilt að takmarka greiðslu úr sjóðnum til einstaka viðskiptamanna fjármálafyrirtækis ef eignir innstæðudeildar hans hrykkju ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, en þá skyldi hámarksgreiðsla handa hverjum kröfuhafa nema 1.700.000 krónum og yrði sú fjárhæð bundin við kaupgengi evru 1. janúar 1999. Í 21. gr. laganna var tekið fram að þau hafi verið „sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1994 og nr. 12/1998 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 19 frá 1994 um innstæðutryggingar og nr. 9 frá 1997 um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.“ Um framangreind atriði voru löggin efnislega óbreytt þann tíma, sem mál þetta varðar.

Í lok september 2008 munu heildareignir Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafa numið um 13.000.000.000 krónum eða sem svaraði um 0,41% af innstæðum, sem njóta áttu tryggingarverndar á þeim tíma.

III

Í þessum kafla dómsins verða rakin atvik málsins eins og þau birtast í framlögðum skjölum.

1

Ákveðið var á fundi forsætisráðherra, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands og forstjóra Fjármálaeftirlitsins 15. janúar 2004 að efna til samráðs um viðbúnað stjórnvalda við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfi. Starfsmenn þessara stofnana, sem tóku þátt í samráðinu, skiluðu greinargerð um það 17. febrúar 2006 og lögðu meðal annars til að komið yrði á „formlegum samráðshópi fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um aðstæður í fjármálakerfinu“, en hann skyldi koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári og þess utan ef forstjóri Fjármálaeftirlitsins eða bankastjórn seðlabankans óskaði eftir því „vegna atvika sem varða stöðu fjármálafyrirtækja.“ Í greinargerðinni var því álitum lýst

að liggja þyrfti fyrir „með skýrari hætti en nú er hvaða aðilar í stjórnkerfinu beri meginábyrgð á og annist framkvæmd á úrlausn fjármálakreppu og hvaða heimildir þeir hafi í því skyni“, en að auki þyrfti í nánar tilteknum atriðum að huga að breytingum á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Á grundvelli þessara tillagna gerðu ráðuneytin þrjú ásamt Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands samkomulag 21. febrúar 2006 „um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað“ í þeim tilgangi að „formbinda samráð aðila á þessu sviði ... skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi“, en tekið var fram að samkomulagið skyldi ekki takmarka „svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.“ Í samráðshópnum skyldu eiga sæti fulltrúar þessara fimm stofnana, sem kæmu saman eftir sömu reglum og lagðar voru til í greinargerðinni, og myndi fulltrúi forsætisráðuneytisins stýra starfi hans. Hópurinn yrði „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta“ og ráðgefandi, en ekki taka ákvarðanir um aðgerðir. Tekið var fram að yrði fjármálakerfinu talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skyldi „efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar.“ Viðbrögð við slíku yrðu „háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.“ Í samkomulaginu var sérstaklega tekið fram að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands ættu að „fylgjast grannt með og leitast við að stuðla að heilbrigði íslensks fjármálakerfis, hvor stofnunin með sínum hætti í samræmi við hlutverk sitt.“ Einnig var vísað til þess að um samstarf þeirra gildi „opinber samningur, fyrst gerður 1999 en nú frá 2003, þar sem meðal tilgreindra markmiða er að tryggja samræmd viðbrögð við hugsanlegri kerfisáhættu á fjármálamarkaði.“ Samráðshópurinn var í upphafi skipaður Bolla Þór Bollasyni ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, Baldri Guðlaugssyni ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, Kristjáni Skarphéðinssyni ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu, Jónasi Fr. Jónssyni forstjóra Fjármálaeftirlitsins og Ingimundi Friðrikssyni, sem þá mun hafa verið aðstoðarbankastjóri í Seðlabanka Íslands en varð þar síðar bankastjóri. Með samráðshópnum starfaði Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, sem sat þar fundi og færði fundargerðir.

Um þær mundir, sem framangreindur samráðshópur var myndaður, mun hafa risið umræða alþjóðlegra greiningarfyrirtækja um stöðu íslensku bankanna þriggja,

þar sem athygli beindist meðal annars að vexti bankanna, eignarhaldi þeirra, lántökum og útlánum. Þá lýstu fyrirtækin jafnframt efasemdum um getu íslenska ríkisins til að standa að baki bönkunum og Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara. Skuldatryggingarálag vegna íslensku bankanna mun hafa hækkað nokkuð haustið 2005 og sú hækkun haldið áfram í byrjun árs 2006. Meðal þess, sem matsfyrirtækið Fitch Ratings mun hafa bent á, var að íslenska hagkerfið hafi lengi borið merki um ofpenslu, en með því að ástandinu virtist hraka mun hraðar en áður hafi fyrirtækið talið að auknar líkur væru á svonefndri harðri lendingu. Íslensku bankarnir væru mjög háðir erlendum lánsfjármörkuðum og því myndu þeir tæplega þola að hafa ekki aðgang að erlendu lánsfé um tíma. Greiningarfyrirtækið Merrill Lynch & Co. Inc. mun hafa talið vandamál á Íslandi rétt vera að hefjast, en kerfislægur vandi eins og hér væri við að glíma væri lengi að byggjast upp og fjara út. Bankastarfsemi hér á landi væri ekki sterk, hækkun á skuldatryggingarálagi íslensku bankanna væri afleiðing veikrar stöðu þeirra og tæki þó ekki að fullu mið af því hversu miklu áhættusæknari þeir væru en aðrir evrópskir bankar. Þá mun fyrirtækið hafa bent á að íslensku bankarnir hafi einungis að litlu leyti aflað sér fjár með innlánnum og væri hlutfall þeirra af útlánnum lágt. Greiningardeild Danske Bank A/S mun hafa talið efnahagslegt ójafnvægi vera fyrir hendi á Íslandi og spáð kreppu á næstu tveimur árum.

Af þessu munu hafa stafað tímabundnir örðugleikar fyrir íslensku bankana við öflun lánsfjár auk þess sem gengi íslensku krónunnar veiktist verulega og innlend hlutabréf lækkuðu í verði. Til að bregðast við þessu munu bankarnir og íslensk stjórnvöld hafa farið í svokallaða ímyndarherferð, enda hafi þessi umræða stafað að þeirra mati af misskilningi og skorti á upplýsingum um stöðu Íslands og íslensku bankanna. Fredrick Mishkin, prófessor við Columbia háskóla í Bandaríkjunum, og Tryggvi Þór Herbertsson, þáverandi forstöðumaður hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, munu í byrjun maí 2006 hafa gert skýrslu um fjármálastöðugleika á Íslandi, þar sem meðal annars var bent á að undirstöður íslensks efnahagslífs væru traustar, hagkerfið sveigjanlegt, lífeyrissjóðakerfið sjálfbært og staðan í ríkisfjármálum einstaklega góð. Aukinn viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun væru afleiðingar lántöku til arðbærra fjárfestingarverkefna, en ekki merki um erfiðleika í íslensku hagkerfi. Þrátt fyrir að erlendar lántökur íslensku bankanna hafi aukist hafi lánveitingar þeirra erlendis sem og erlendar eignir þeirra vaxið hratt. Hröð aðlögun á gengi íslensku krónunnar væri ekki ógn við fjármálastöðugleika hér á landi, þar sem áhættumat bankanna væri gott og þeir því ekki viðkvæmir fyrir sveiflum á genginu. Í

framhaldi af þessu munu erfiðleikarnir hafa að mestu liðið hjá og skuldatryggingarálag bankanna tekið að lækka á ný. Ábendingar erlendra greiningarfyrirtækja vorið 2006 munu þó hafa leitt til þess að dregið hafi úr svonefndu krosseignarhaldi bankanna og eignarhald þeirra verið einfaldað.

Eins og áður var getið mun Landsbanki Íslands hf. hafa keypt breska bankann Heritable Bank Ltd. árið 2002 og opnað að auki snemma árs 2005 útibú í London. Landsbanki Íslands hf. mun hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu 29. júní 2005 að ákveðið hafi verið að útibúið myndi taka við svokölluðum heildsöluinnlánnum fyrir milligöngu Heritable Bank Ltd. Í október 2006 mun útibúið síðan hafa byrjað að bjóða rafræna innlánsreikninga undir nafninu Icesave Easy Access. Á miðju ári 2007 munu innstæður á þessum reikningum í Bretlandi hafa numið orðið um 3.600.000.000 sterlingspundum.

Aðstæður íslensku viðskiptabankanna fyrri hluta árs 2006, sem að framan var getið, virðast ekki hafa orðið tilefni til að samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað væri kallaður saman, en fyrsti fundur hans var 1. júní 2006 og síðan annar 30. nóvember sama ár. Frá fyrsta fundi samráðshópsins liggur fyrir dagskrá, en engin fundargerð. Í fundargerð frá öðrum fundinum var þess getið að rætt hafi verið um stöðu og horfur í „fjármögnun viðskiptabankanna“, svo og „hvernig Icesave innlán Landsbankans koma fram í efnahag bankans, viðhorf matsfyrirtækja og erlendra banka“. Þá var þess getið að „útibúavæðing banka“ hafi komið til umræðu og einnig að heimild til að færa bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli væri til skoðunar í fjármálaráðuneytinu.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands gerðu samstarfssamning 3. október 2006, sem leysti af hólmi eldri samning um sama efni frá 28. mars 2003. Í upphafi samningsins sagði að hann varðaði „samstarf samningsaðila en hefur ekki áhrif á skyldur samningsaðila að öðru leyti samkvæmt lögum eða samningum.“ Í 1. grein samningsins sagði að markmið hans væri að samningsaðilar hefðu tiltekin „meginatriði að leiðarljósi í samstarfi sínu“, en þau væru í fyrsta lagi að ábyrgð hvors og verkaskipting væri skýr, bæði innbyrðis í samstarfi þeirra og gagnvart fyrirtækjum á fjármálamarkaði og almenningi, í öðru lagi að tryggt yrði að öllum tvíverknaði í sameiginlegri starfsemi stofnananna yrði haldið í lágmarki, í þriðja lagi að upplýsingaskipti milli þeirra yrðu greið og fljótverk, í fjórða lagi að hvor þeirra myndi eins fljótt og kostur væri upplýsa hina um vísbendingar um erfiðleika á

fjármáلامarkaði, í fimmta lagi að tryggja samræmd vinnubrögð stofnananna við hugsanlegri kerfisáhættu á fjármáلامarkaði og loks í sjötta lagi að stuðla að skilvirkni og öryggi greiðslu- og uppgjörskerfa. Í 2. grein samningsins var vísað til laga nr. 87/1998 og 36/2001 um hlutverk stofnananna og tekið fram að þær skyldu virða starfssvið hvorrar annarrar og leitast við að skilgreina á skýran hátt verksvið og ábyrgð hvorrar þegar hlutverk þeirra skarist. Í 3. grein var kveðið á um verkaskiptingu stofnananna vegna eftirlits með greiðslu- og uppgjörskerfum, en í niðurlagi greinarinnar sagði að þær skyldu hafa sameiginlega viðlagaáætlun vegna þessara kerfa. Í 4. grein samningsins var mælt fyrir um reglubundna fundi stofnananna, sem skyldu haldnir að lágmarki þrisvar á ári, en þar ætti meðal annars að fjalla um mat Seðlabanka Íslands á þróun rekstrarumhverfis fjármálafyrirtækja og áhrif hennar á afkomu þeirra og mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagsstöðu þeirra. Einnig var kveðið á um að sérfræðingar innan seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, sem fjalli um vísbendingar um kerfisáhættu á fjármáلامarkaði, skyldu funda ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Þá skyldu seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið efna sameiginlega til viðlagaæfinga að jafnaði annað hvert ár. Í 5. grein samningsins sagði að aðilar hans væru „sammála um að aðgangur að upplýsingum sé nauðsynlegur til að þeir geti sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum og samningi þessum“ og skyldu þeir hafa samráð um öflun reglulegra upplýsinga um fyrirtæki á fjármáلامarkaði. Í fylgiskjali með samningnum yrði kveðið á um gagnasöfnun hvorrar stofnunar og hvaða upplýsingar hvor þeirra ætti að láta hinni í té, en slík skipti á upplýsingum skyldu fara fram svo fljótt, sem kostur væri eftir að þær lögju fyrir, og aldrei síðar en einni viku frá þeim tíma. Í þessari grein sagði einnig eftirfarandi: „Leiði athuganir Fjármálaeftirlitsins í ljós grunsemdir um bresti á fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila sem eru í viðskiptum við Seðlabankann eða eru umsvifamiklir á markaði, eða alvarlega kerfislega hættu á fjármáلامarkaði að öðru leyti, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera bankastjórn Seðlabankans viðvart. Leiði athuganir Seðlabankans í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu fyrirtækja á fjármáلامarkaði eða alvarlega erfiðleika á fjármáلامarkaði að öðru leyti, skal Seðlabankinn tafarlaust gera forstjóra Fjármálaeftirlitsins viðvart. Í þessum tilvikum bregðast forstjóri Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabankans við í samræmi við innri reglur hvorrar stofnunar. ... Samningsaðilar skulu veita hvor öðrum fullan aðgang að gögnum sem þeir varðveita og nýtast í starfsemi hlutaðeigandi skv. 2. gr.“ Í 6. grein samningsins voru fyrirmæli um setningu reglna, en í 7. grein um samstarf um aðgerðir. Þar sagði meðal annars að

stofnanirnar skyldu í samstarfi sínu leitast við að þróa aðferðir til sjá fyrir erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja og gera hvorri annarri grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum, sem hefðu verulega þýðingu fyrir þetta rekstrarumhverfi eða þessa starfsemi. Kæmu upp verulegir erfiðleikar í rekstri eins eða fleiri fyrirtækja, sem hefðu mikið vægi á fjármálamarkaði, eða á fjármálamarkaðinum í heild skyldu stofnanirnar hafa samráð um aðgerðir sínar. Kæmi til athugunar að Seðlabanki Íslands veitti lán eða ábyrgð á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/2001 skyldi hann eiga náð samstarf og samráð við Fjármálaeftirlitið um lausn vandans. Ef kerfisáhætta væri til staðar eða yfirvofandi skyldu sérfræðingar stofnananna starfa saman og gera tillögur um sameiginlegar aðgerðir og önnur viðbrögð. Tekið var fram að hvor stofnun bæri sjálfstæða ábyrgð á aðgerðum sínum. Í 8. gr. samningsins var fjallað um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, en í 9. gr. sagði eftirfarandi: „Upplýsingar sem hvor samningsaðili veitir hinum eru háðar þagnarskyldu lögum samkvæmt. Upplýsingarnar skulu einungis nýttar í starfsemi samningsaðila. Samningsaðilar skulu gæta þess að veita ekki upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga án samráðs við þann aðila sem þeirra aflaði.“ Samkvæmt gögnum málsins var þessi samningur enn í gildi á þeim tíma, sem ákæra í því tekur til.

Í málinu liggur fyrir endurrit ræðu, sem ákærði flutti á viðskiptaþingi 7. febrúar 2007, en þar vék hann meðal annars að alþjóðlegri fjármálastarfsemi hér á landi. Í því sambandi kvað hann áherslu hafa verið lagða á að „draga sem mest úr skrifræði og kostnaði í reglusetningu hins opinbera.“ Þar hafi þegar verið tekin mikilvæg skref og væri fleira í undirbúningi undir merkjum aðgerðaáætlunar með heitinu „Einfaldara Ísland“, enda gætu flóknar og torskildar reglur valdið óþarfa kostnaði og dregið úr samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Seðlabanki Íslands birti 15. mars 2007 tilkynningu um að matsfyrirtækið Fitch Ratings hafi lækkað lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins á nánar tiltekinn veg. Fyrirtækið teldi Ísland halda „yfirburðastöðu sinni í ríkisfjármálum“, en á hinn bóginn hafi nýjustu gögn um greiðslujöfnuð og hreina erlenda stöðu þjóðarbúsins bent til þess að staða landsins gagnvart útlöndum hafi versnað verulega. Stóraukin „hrein fjármagnsgjöld til útlanda“, einkum vegna vaxtagreiðslna, hafi átt þátt í meiri viðskiptahalla en áður hafi mælst, sem bæri vott um „mjög skuldsett hagkerfi sem er illa búið undir aukna áhættufælni á alþjóðamörkuðum“, og væri aukin hætta á „harðri lendingu“. Þá hafi matsfyrirtækið lýst eftirfarandi skoðun: „Vaxandi greiðslubyrði af erlendum skuldbindingum miðað við tekjur af erlendum eignum eykur einnig

áhyggjur af hversu lengi frekari erlend skuldasöfnun, einkum hjá íslenskum bönkum, getur haldið áfram að fjármagna erlendar fjárfestingar.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman í þriðja sinn á fundi 3. maí 2007. Af fundargerð verður ekki ráðið að nokkuð hafi komið þar fram, sem ástæða er til að geta hér um.

2

Sem fyrr segir tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar til starfa undir forsæti ákærða 24. maí 2007. Í stefnuyfirlýsingu hennar, sem var gerð 23. sama mánaðar, var kafli með fyrirsögninni „kraftmikið atvinnulíf“, þar sem meðal annars sagði eftirfarandi: „Íslenskt atvinnulíf mun einkennast í sívaxandi mæli af þekkingarsköpun og útrás. ... Íslensk fyrirtæki eru í harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki, bæði heima og heiman, og á næstu árum mun hugvit og tækni- og verkþekking ráða úrslitum um velgengni íslenskra fyrirtækja. Ríkisstjórnin vill skapa kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt, útflutning og útrás íslenskra fyrirtækja ... Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförunum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Áhersla verður lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts.“ Ákærði lét orð falla á sama veg í stefnuræðu, sem hann flutti á Alþingi 31. maí 2007.

Seðlabanki Íslands lét frá sér fara tilkynningu 11. júní 2007 í tilefni af heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem lauk þann dag. Í tilkynningunni kom fram að nefndin hafi meðal annars lýst því áliti í niðurstöðum sínum að til lengri tíma væru efnahagshorfur hér á landi öfundsverðar, en opnir alþjóðlegir markaðir gætu þó grafið undan þjóðhagslegum stöðugleika, sem stjórnvöld yrðu að takast á við. Kæmi þetta að nokkru fram í miklum viðskiptahalla, örri skuldasöfnun og viðvarandi verðbólgu, sem bæri vott um hraðari vöxt innlendrar eftirspurnar en fengi staðist til lengdar. Fjármálakerfið hefði staðist með þrýði erfiðleika á markaði fyrri hluta árs 2006, en nýjar hættur gætu verið að myndast. Bankarnir hafi á undanförunu ári tekið mikilvæg skref til að bæta úr veikleikum og auka viðnámsþrótt sinn, en þeir yrðu þó að þróa áhættustýringu í samræmi við vöxt sinn og margbrotnari starfsemi. Bankarnir yrðu ásamt eftirlitsstofnunum að beina sjónum sínum að áhættu af útlánum, en þau hafi vaxið mjög hratt, sem gæti gefið vísbendingu um útlánatap í framtíðinni, þótt

hlutfall vanskila væri enn lágt og yrði því að fylgjast vel með gæðum trygginga. Bönkunum gæti einnig stafað hætta af vaxandi erlendum lánnum til heimila. Álagspróf Fjármálaeftirlitsins gæfu til kynna að bankarnir hefðu nægilega sterka eiginfjárstöðu til að „standast samspil óvenjumikilla lána- og markaðsskella“, en þau gætu þó „vanmetið óbein áhrif slíkra áfalla.“ Því yrði að endurbæta álagsprófin. Í ljósi mikils vaxtar fjármálafyrirtækja hafi sendinefndin fagnað eflingu Fjármálaeftirlitsins. Í viðbrögðum Seðlabanka Íslands 15. ágúst 2007 við álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var meðal annars vísað til þess að íslenska bankakerfið hafi vaxið með undraverðum hætti á undanförunum árum og þáttur þess í vergri landsframleiðslu nánast tvöfaldast á áratug. Áhersla hafi verið lögð á aukna starfsemi erlendis vegna takmarkaðra kosta á vexti hér á landi, en stóru bankarnir þrír hafi aflað um helmings tekna sinna erlendis. Þeir hafi komist yfir erfiðleika, sem tengst hafi öflun lánsfjár á árinu 2006, og bætt úr tilteknum annmörkum. Lausafjárstaða þeirra væri þó enn athugunarefni, einkum ef ytri aðstæður færðust á verri veg. Við þessu hafi bankarnir brugðist með því að auka fjölbreytni í lánsfjáröflun og lengja lánstíma að meðaltali í fjögur til fimm ár. Eftir aðvörunina, sem fengist hafi 2006, væru bankarnir betur settir til að mæta yfirstandandi erfiðleikum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þá birti Seðlabanki Íslands tilkynningu 21. ágúst 2007 um að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi staðfest fyrri lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins, sem voru í hæstu flokkum, og talið horfur stöðugar.

Landsbanki Íslands hf. tilkynnti Fjármálaeftirlitinu 6. september 2007 að hann hygðist hefja viðtöku innlána í útibúi sínu í Amsterdam og óskaði eftir að þetta yrði tilkynnt eftirlitsstofnunum í Hollandi. Þessu kom Fjármálaeftirlitið á framfæri við seðlabanka Hollands og greindi jafnframt frá því að Landsbanki Íslands hf. ætti hlut að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta hér á landi, en reglur um hann væru reistar á reglum Evrópusambandsins um það efni.

Í stefnuræðu, sem ákærði flutti á Alþingi 2. október 2007, gerði hann meðal annars að umtalsefni að þensla undanfarinna ára væri á undanhaldi og framundan væri tímabil stöðugleika og jafnvægis í þjóðarbúskap, þótt hagvöxtur kynni að verða minni um hríð. Af þeim sökum væri mikilvægt að „skapa íslenskum fyrirtækjum þann grundvöll að þau sjái sér hag í að vera með höfuðstöðvar á Íslandi“, en þar vegi þungt „skattalegt ... og almennt rekstrarlegt umhverfi“. Þá gat ákærði þess einnig að íslenskur fjármálamarkaður hafi „stækkað og eflst verulega á undanförunum árum“ og skipti sífellt meira máli í þjóðhagslegu samhengi, enda hafi verið áætlað að hlutdeild

fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu hafi numið um 10% í lok árs 2006. Væri ekkert sem benti „til annars en að áframhaldandi aukning verði í umsvifum íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja bæði innan lands og utan“, en það hefði mikil áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins, sem miklar og vaxandi kröfur væru gerðar til.

Í minnisblaði, sem Tryggvi Pálsson sendi bankastjórn Seðlabanka Íslands 9. nóvember 2007, sagði meðal annars að lausafjárþrengingar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafi leitt til efasemda um mat á verðmæti eigna bankanna og erfiðleika við fjármögnun þeirra. Hafi seðlabankinn fylgst grannt með þessu og bankastjórn átt fundi með stjórnendum íslensku bankanna og Fjármálaeftirlitsins, auk þess sem sérfræðingar á fjármálasviði seðlabankans hafi heimsótt „umsjónarmenn fjármögnunar og áhættustýringar viðskiptabankanna og Straums“ í september 2007. Líkur væru til „að óvissuástand í fjármögnun og stöðu banka verði ekki skammvinn“ og væri því lagt til að bankastjórn kallaði saman starfshóp um viðbrögð við lausafjávanda, sem fjallað hafi verið um í samþykkt hennar 24. mars 2006, en til að gæta fyllstu varúðar yrði „gagnlegt að Seðlabankinn undirbúi viðbrögð sín ef svo færi að til hans yrði leitað með yfirlýsingar eða lausafjárþyrngreiðslu.“ Gerð var tillaga um að þar tækju sæti með Tryggva þau Sigurður Sturla Pálsson, Tómas Örn Kristinsson og Sylvía K. Ólafsdóttir, en að auki myndu Sigríður Logadóttir og Perla Ö. Ásgeirsdóttir vinna með honum.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 4. fundar síns 15. nóvember 2007 og tók þá sæti í honum Jónína S. Lárusdóttir, sem var orðin ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu í stað Kristjáns Skarphéðinssonar. Samkvæmt fundargerð var undir dagskrárlið um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum fjallað um svonefnt stöðumat, sem Tryggvi Pálsson hafi kynnt, en þar væri leitað svara við því hvort íslenska fjármálakerfinu væri búin meiri hætta en á árunum 2005 og 2006. Niðurstaða þessa mats hafi verið sú að „hættur eru meiri núna þar sem áhættur á eignahlið bankanna hafa aukist verulega og fjármögnunarvandinn er almennari og síst betri en var 2005/2006.“ Tryggvi hafi sýnt „endurgreiðsluferil þriggja stærstu viðskiptabankanna næstu tvö árin.“ Lausafjárstaða þeirra væri viðunandi og ekki uppi bráður vandi í fjármögnun þeirra, en skuldatryggingarálög hafi „snarhækkað á síðustu mánuðum“ og fjármagnskostnaður bankanna og viðskiptamanna þeirra þar með líka. Ingimundur Friðriksson hafi bætt því við að „lausafjárþrengingar gætu staðið mánuðum saman og hlutabréfaverð lækkað frekar en orðið er.“ Jónas Fr. Jónsson hafi nefnt að ef taka ætti mið af skuldatryggingarálagi sem „vísbendingu um líkur á

fjármálaáfalli ... þá jafngildir 300p álag Kaupþings 55% líkum á áfalli hjá viðkomandi banka.“ Um þriðjungur hlutabréfa í kauphöll væri veðsettur, en „5-10% lækkun hlutabréfaverðs ætti ekki að skapa hættuástand.“ Hann hafi einnig bent á „að erlend innlán væru orðin meirihluti innlána íslensku bankanna og huga þarf að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta í því sambandi.“ Í fundargerðinni var þess getið undir dagskrárliðnum „Norræna viðlagæfingin“ að Jónas hafi lagt fram „skjal sem hann hafði tekið saman með vangaveltum sínum í framhaldi æfingarinnar“ og væri þar að finna „sjö ábendingar um úrbætur sem lúta að auknum viðbúnaði fyrir fjármálaáfall.“ Í því skjali var meðal annars borin upp spurning um hvort setja þyrfti „fram tölu um hámark hugsanlegs eiginfjárframlags, lausafjáraðstoðar eða ábyrgðar á innistæðum“ og bent á að huga þyrfti að stærð og styrk Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, lagalegum heimildum „til inngrips“ og skipulagsmálum, þar með talda viðbragðsáætlun.

Seðlabanki Íslands sendi frá sér tilkynningu 20. nóvember 2007 um að matsfyrirtækið Standard & Poor's Financial Services hafi breytt horfum um láns hæfiseinkunn íslenska ríkisins í neikvæðar vegna „ójafnvægis í hagkerfinu“, en einkunnir þess væru þó óbreyttar. Þetta ójafnvægi væri að mati fyrirtækisins þrálátt og vaxandi, en að auki skorti aðhald í ríkisfjármálum. Þótt þau hafi batnað verulega í efnahagssuppsveiflu liðinna ára og skuldir ríkisins lækkað mjög sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafi „óbeinar ábyrgðir vegna fjármálageirans vaxið mikið vegna hraðrar útlánaaukningar innanlands.“ Neikvæðar horfur þættu „endurspegla vaxandi hættu á harðri lendingu íslenska hagkerfisins.“

Stuttu áður en framangreind tilkynning Seðlabanka Íslands var birt hafði hún verið send með tölvubréfi starfsmanns hans til ráðuneytisstjórans í forsætisráðuneytinu, en í tölvubréfinu sagði meðal annars að Davíð Oddsson seðlabankastjóri hafi „rætt við forsætisráðherra og fjármálaráðherra.“ Ráðuneytisstjórinn framsendi þetta tölvubréf til ákærða. Nokkru síðar sama dag sendi ráðuneytisstjórinn annað tölvubréf til ákærða, þar sem sagði eftirfarandi: „Gengið tók strax upp undir 1% dýfu og hafði þá lækkað um tæplega 2,5% í dag en hefur nú rétt sig við um 0,8%. Hlutabréfavísitalan hefur hins vegar lækkað um 2,5% e.h. Eigum við ekki að bíða með að breyta ræðunni þar til í kvöld?“ Ekki liggur fyrir til hvaða ræðu var vísað, en með þessu tölvubréfi fylgdi minnisblað, þar sem sagði meðal annars eftirfarandi: „Hér er einungis verið að breyta svokölluðum horfum, ekki sjálfri einkunninni. Hún helst óbreytt. ... Forsendurnar fyrir þessari ákvörðun virðast að

mörgu leyti úreltar og á skjön við ... flestar efnahagsspár sem hafa birst að undanfögnu. Þær gera allar ráð fyrir því að viðskiptahallinn fari hratt minnkandi og verðbólgan sömuleiðis. Jafnframt eru horfur á að hagvöxtur verði minni en verið hefur og þannig dragi úr þenslunni. ... Loks er rétt að benda á að endurskoðaðar áætlanir sýna að staða ríkisfjármála bæði í ár og á næsta ári er sterkari en áður var talið og aðhaldsstig þeirra í hagstjórninni því meira en ella ... Það má minna á að S&P hafa áður verið neikvæðir í sinni umfjöllun um Ísland og sett fram hrakspár og fullyrðingar sem síðan hafa ekki staðist og þeir orðið að draga í land með.“

Samkvæmt minnisblaði, sem alþjóða- og markaðssvið Seðlabanka Íslands sendi til bankastjórnar 30. nóvember 2007, höfðu sérfræðingar frá matsfyrirtækinu Moody's Investors Service verið staddir á landinu 27. og 28. sama mánaðar í tilefni af fyrrgreindri breytingu Standard & Poor's Financial Services á horfum um lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins. Í minnisblaðinu sagði meðal annars að þessir sérfræðingar hafi ekki virst „hafa of miklar áhyggjur af harðri lendingu hagkerfisins“, sem hafi gengið gegnum ýmsar sveiflur og sýnt mikla aðlögunarhæfni. Sérfræðingarnir hafi á hinn bóginn haft „þó nokkrar áhyggjur af fjármálakerfinu og áhrifum frá lausafjárkreppunni ... á alþjóðlegum fjármálamörkuðum“ og mikinn áhuga á því hvernig stjórnvöld myndu bregðast við ef einn eða fleiri bankar þyrftu á aðstoð að halda og hvort þau hefðu „yfirhöfuð getu til íhlutunar.“ Matsfyrirtækið hafi um árabíl „talið að stjórnvöld hefðu getu til þess að koma til aðstoðar en núna séu fulltrúar fyrirtækisins farnir að efast um það ekki síst í ljósi stærðar bankakerfisins og mikillar starfsemi erlendis.“ Þessi skoðun væri farin að hafa meira vægi innan fyrirtækisins „sérstaklega í ljósi þeirra mistaka sem áttu sér stað þegar bankasérfræðingar Moody's hækkuðu lánshæfiseinkunn íslensku bankanna í Aaa og þurftu síðan að lækka hana fljótlega aftur.“ Þá sagði jafnframt að lausafjárstaða bankanna hafi verið ofarlega á baugi í viðræðum sérfræðinganna við starfsmenn Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf., en um stöðu þess fyrrnefnda var þess getið að komið hafi í ljós að fjárhagur hans og lausafjárstaða væri traust. Af dagskrá vegna heimsóknar þessara sérfræðinga, sem fylgdi minnisblaðinu, verður séð að þeir hafi meðal annars átt fund með ákærða og ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu.

Í framlagðri blaðgrein eftir ákærða, sem birt var í árslok 2007, sagði meðal annars að ekkert benti þá til sérstakra efnahagslegra áfalla, en ætíð væri hyggilegra að vera því viðbúinn að „jákvæð þróun geti snúist á verri veg.“ Svipingar á mörkuðum

gætu átt rætur að utan og yrðu „lánastofnanir og aðrir aðilar með mikil viðskipti í útlöndum stöðugt að hafa það í huga.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 5. fundar síns 10. janúar 2008 og tók þá sæti í honum Áslaug Árnadóttir, sem mun hafa verið settur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu í fjarveru Jónínu S. Lárusdóttur. Í fundargerð kom meðal annars fram að Ingimundur Friðriksson hafi gert grein fyrir þróun á verði hlutabréfa í íslenskum og erlendum bönkum á árinu 2007, þróun skuldatryggingarálaga og væntanlegum endurgreiðslum lána helstu viðskiptabankanna. Í umræðum hafi komið fram „að áhyggjuefnið væri ekki síst veik staða stórra hluthafa í bönkunum“, en hún skapi neikvæða umræðu, sem gæti síðar haft áhrif á lánstraust og erlend innlán bankanna. Jónas Fr. Jónsson hafi gert grein fyrir „veðköllum og tryggingarþekju í bankakerfinu“, en hún væri að meðaltali um 147% þrátt fyrir lækkanði verð hlutabréfa og væri því borð fyrir báru. Fjármálaeftirlitið hafi kallað eftir upplýsingum frá bönkunum um „vanskil stærstu aðila, markaðsáhættu og bundin og óbundin innlán.“ Þá hafi verið rætt um þörf á „að róa markaðinn og undirbúa viðbrögð við neikvæðum uppgjörum fyrir árið 2007.“

Í málinu liggja fyrir „fundarpunktar“ frá fundi, sem bankastjórn Seðlabanka Íslands hélt ásamt Tryggva Pálssyni 12. janúar 2008 með bankastjórum Landsbanka Íslands hf., Sigurjóni Þ. Árnasyni og Halldóri J. Kristjánssyni. Af þessum fundarpunktum verður ráðið að þar hafi meðal annars verið rætt um nýlega árangurslausu tilraun Glitnis banka hf. til að afla lánsfjár í Bandaríkjunum, en í tengslum við hana var eftirfarandi haft eftir Davíð Oddssyni seðlabankastjóra: „Dagarnir líða og við höfum vaxandi áhyggjur. Aðrar aðstæður 2006. Nú er markaðurinn lokaður í heild nema á sjúklegu verði sem gæti dæmt bankana úr leik.“ Einnig virðist hafa verið rætt um hvort seðlabankinn gæti bætt stöðu bankanna með því að lækka stýrivexti og efla gjaldeyrisvarasjóð. Þar var jafnframt haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni: „Þurfum að búa okkur undir „run“ á m € 4 ma. Icesave er að bindast hratt. Okkar feill að bíða of lengi með útboð í fyrria. Ef myndast fullkomin vantrú þá dugar ekki € 5-6 ma. gjaldeyrisforði SÍ.“ Við þetta bætti svo Halldór J. Kristjánsson orðunum „þolum ekki „run“ á Icesave“ og síðan Davíð Oddsson „minni tryggð en innlend innlán.“ Þá var þess einnig getið að starfsmaður Landsbanka Íslands hf. hafi átt fund með starfsmönnum Moody's Inverstors Service daginn áður og sagt að þar hafi verið „ótrúlega mikil tortryggni gagnvart Íslandi og íslenskum bönkum“,

en hann hafi fengið á tilfinningu að láns hæfiseinkunnir kynnu að verða færðar niður innan skamms.

Viðskiptaráðherra hélt ásamt aðstoðarmanni sínum og utanríkisráðherra fund 15. janúar 2008 með Jóni Sigurðssyni formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Í minnisblaði um fundinn sagði meðal annars eftirfarandi: „Talað um að menn séu alltaf að lána sjálfum sér – of mikil vensl á lánamarkaði og það þyrfti að skerpa regluverkið þannig að fyrir lægi hverjir eru raunverulegir eigendur hlutafjár. Fram kom að bankarnir væru sterkir fyrir og verði með skikkanlega ávöxtum eigin fjár ... Gætu komið upp vandamál hjá sparisjóðunum. Með eignir á of fáum stöðum. Of mikil áhætta. Bankarnir eiga að geta staðið af sér óveður. Eigin eign bankanna í hlutabréfum á ísl. markaðnum minni en ætla mætti og þ.a.l. áhrif verðfalls minni.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 6. fundar síns 15. janúar 2008. Í fundargerð var þess getið að Bolli Þ. Bollason hafi greint frá fundi ákærða með „forstjórum bankanna“, þar sem meðal annars hafi komið fram að uppi „væri vandi í fjármögnun Glitnis“. Forstjórnarnir hafi verið spurðir um „hvað gæti snúið við neikvæðri umræðu“ og þeir þá nefnt „víkkun SÍ á veðhæfni og merki um að bankinn hygðist fyrr hefja vaxtalækkunarferli.“ Þar hafi einnig verið rætt um „áhyggjur vegna matsfyrirtækja, sérstaklega Moody's.“ Þá kom fram í fundargerðinni að Áslaug Árnadóttir hafi greint frá vinnu innan viðskiptaráðuneytisins við endurskoðun á lögum um starfsemi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Loks var þess getið að Ingimundur Friðriksson hafi varpað „fram þeirri spurningu hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli. Hann taldi það ekki lengur fjarstæðukenndan möguleika.“

Á bréfsefni Seðlabanka Íslands var 17. janúar 2008 gert skjal með fyrirsögninni „ljóti listinn“, sem sagt var að geymdi „samantekt þeirra aðfinnsla og neikvæðrar umfjöllunar um íslenskt fjármálakerfi sem birst hafa í erlendri umfjöllun á síðustu vikum“. Þar var þess getið að fjallað hafi verið um að skuldatryggingarálag bankanna hafi „stóraukist“ og teldi fyrirtækið Morgan Stanley að það væri „tvísýnt ... hvort að bankarnir geti fjármagnað sig á þessum kjörum – hversu lengi halda þeir út?“ Einnig væri bent á samsetningu skulda bankanna, sem reiddu sig mjög mikið á „markaðsfjármögnun en ekki nægileg innlánaöflun og annars konar stöðug fjármögnun“, svo og að skuldsetning þeirra væri helsta ástæðan að baki háu skuldatryggingarálagi. Það álag íslenska ríkisins hafi líka hækkað „gríðarlega vegna stöðu bankanna“ og hættu á að reynt gæti „á hlutverk þess sem lánveitandi til

þrautavara“. Spurt væri hvort bankarnir væru orðnir of stórir til þess að koma mætti þeim til bjargar.

Í umræðum, sem fóru fram 17. janúar 2008 á Alþingi um stöðu og horfur í efnahagsmálum, vísaði ákærði til þess að fyrr í sömu viku hafi verið gefin út ný þjóðhagsspá, sem undirstrikaði styrk og sveigjanleika íslenska hagkerfisins en vakti einnig athygli á óvissu, sem uppi væri og hafi mest skapast af hræringum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Við það umrót, sem hafi verið á þeim, væri „mikilvægt að allir haldi ró sinni ... sérstaklega í bankaheiminum.“ Þar væru komnar upp nýjar aðstæður, því öflun lánsfjár væri erfið. Nýleg ákvörðun Seðlabanka Íslands um að breyta reglum um endurhverf viðskipti og veðhæfi skuldabréfa skipti þar miklu og væri hún „áreiðanlega ein af ástæðum þess að einn af stóru bönkunum okkar samkvæmt fréttum í morgun hætti við að útvega sér stórt lán á alþjóðlegum mörkuðum, a.m.k. í bili.“ Síðar í umræðunum sagði ákærði að rétt væri að aðstæður hafi „breyst nokkuð á undanförunum vikum“ og væri þá mikilvægt að greina vandann, ástæður hans og hvernig bregðast mætti við honum. Við þær aðstæður skipti „miklu máli að staða ríkissjóðs er sterk, að staða fjármálastofnananna á Íslandi er gríðarlega sterk og að sveigjanleiki hagkerfisins er mikill“.

Starfshópur um lausafjávanda á vegum Seðlabanka Íslands, sem lagt var til að setja á fót í fyrrnefndu minnisblaði 9. nóvember 2007, kom saman til fundar 23. janúar 2008. Samkvæmt fundargerð greindi Tryggvi Pálsson þar meðal annars frá því að „lánasérfræðingar innan Landsbankans væru í vandræðum og hefðu aldrei verið jafn skelkaðir fyrr en á mánudaginn (21. janúar). Búið er að skera á lánalínur bankans. Fyrirhugað útboð Glitnis gekk ekki eftir.“ Sigurður Sturla Pálsson hafi sagt að fólk væri að verða „áhættufælnara og farið að setja sparifé sitt úr peningamarkaðssjóðum í innlán.“ Tryggvi hafi greint frá því að hafin væri vinna við tillögur að lagabreytingum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, en hann væri „mjög veikur og ekki væri gott að vekja athygli á því að svo stöddu.“ Farið hafi verið yfir áðurnefndan ljóta lista og Tryggvi lagt „áherslu á að farið yrði í þá vinnu að gera Seðlabankann „sjókláran“ ef allt færi á versta veg.“

Samtök fjármálafyrirtækja rituðu bréf til ákærða 25. janúar 2008, sem hafði að geyma „áskorun frá stjórn SFF“ til forsætisráðherra. Þar kom fram að stjórnin hafi þann dag fundað um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi, meðal annars um þrönga lausafjárstöðu á alþjóðamörkuðum, sem ljóst væri að hefði veruleg áhrif á nýjar lánveitingar fjármálafyrirtækja, en þau hafi þegar dregið verulega úr þeim. Vegna

mikillar lækkunar á markaðsverði hlutabréfa hér á landi hafi á nokkrum mánuðum „heil landsframleiðsla glatast“. Mikilvægt væri að peningamálastefna tæki mið af þessu, en á undanförunum vikum hafi seðlabankar víða um lönd „gripið til snarpra aðgerða til að sporna við yfirvofandi samdrætti.“ Væri erfitt að sjá að Ísland gæti staðið þetta af sér „með 8-10% raunvaxtastigi, án þess að til harkalegrar lendingar komi fyrir hagkerfið.“ Að mati samtakanna væri brýnt að „vaxtalækkunarferill“ yrði settur af stað og stjórnvöld leituðu leiða til að sporna við samdrætti, meðal annars með aðgerðum til að auka útflutningstekjur.

Í minnisblaði, sem Tryggvi Pálsson sendi bankastjórn Seðlabanka Íslands 28. janúar 2008 með yfirskriftinni „hryllingsmynd“, sagði meðal annars eftirfarandi: „Stóru íslensku viðskiptabankarnir eru með eiginfjárstöðu sem veitir viðnámsþrótt og við eðlileg skilyrði teldist hún góð. Bankarnir höfðu góða lausafjárstöðu á liðnu hausti. ... Síðan þá hefur þeim aðeins tekist að afla sér nýs lánsfjár erlendis í afar takmörkuðum mæli og á mun lakari kjörum en áður var. ... Aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum og markaði fyrir skuldatryggingar eru einstaklega erfiðar og bera keim af markaðsbresti. Skuldatryggingarálag Kaupþings er skv. síðustu viðskiptum 595 punktar, Glitnis 440 punktar og Landsbankans 310 punktar. Ef ný lántaka fæst má hafa sem viðmið að kjörin yrðu um 50-70 punktum yfir skuldatryggingarálaginu. Þar sem álögin eru orðin þetta há má efast um að fjárfestar vilji taka þátt í útboðum þar sem áhættan er metin þetta mikil. Ef fjármagn fæst engu að síður á kjörum sem þessum verður bankinn að taka mið af hærri lántökukostnaði í innri verðlagningu sinni. Í því felst að reynt er að hækka vaxtaálag í lánveitingum bankanna og öðrum viðskiptum sem byggja á lántökukostnaði bankans. ... Vandinn núna er sá að hækkun vænts lántökukostnaðar er langt umfram það sem hægt er að mæta með tímabundinni lækkun á vaxtamun og aðhaldi í rekstrarkostnaði. Ef bankarnir næðu að fjármagna sig við núverandi aðstæður er ljóst að vaxtamunur þeirra af erlendum lánnum yrði neikvæður. ... Eftir því sem lengri tími líður án þess að skuldatryggingarálag íslensku bankanna lækkar verður erfiðara að sannfæra fjárfesta um að bankarnir geti starfað áfram og greitt af lánnum sínum. ... Að loknum rekstraruppgjörum bankanna í þessari viku hlýtur athyglin að beinast að horfum í rekstri þeirra á þessu ári. Sú mynd verður ekki glæsileg og ef fjármögnunarvandinn leysist ekki á næstu mánuðum blasir við hryllingsmynd.“

Seðlabanki Íslands sendi frá sér tilkynningu 28. janúar 2008 um að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi lýst yfir að lánshæfiseinkunnir íslenska

ríkisins væru á krossgötum. Að mati fyrirtækisins kæmi Ísland vel út í samanburði við mörg önnur þróuð iðnríki með sömu lánshæfiseinkunn, en á móti kæmi að íslenska ríkið kynni að vera berskjaldað gagnvart bresti á trúverðugleika „vegna mikilla alþjóðlegra umsvifa stórra íslenskra viðskiptabanka.“ Mjög skuldsett hagkerfi hér á landi hafi ekki farið varhluta af aðstæðum á fjármálamörkuðum og hafi áframhaldandi alþjóðlegur vöxtur bankakerfisins leitt til þess að „ófyrrisédar fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins hafa vaxið upp fyrir það sem æskilegt ... getur talist.“ Líklegt væri að íslensk stjórnvöld gætu mætt lausafjárskorti, varið innstæðueigendur og forðast greiðsluþrengingar, jafnvel við sérstaklega erfið skilyrði, en vöxtur erlendra skuldbindinga bankakerfisins gæti reynt á getu stjórnvalda til að gera þetta á þann hátt, sem samrýmst gæti lánshæfiseinkunn ríkisins.

Í tilefni af framangreindu mati Moody's Investors Service gerði Ingimundur Friðriksson samdægurs minnisblað, sem sent var meðal annars til ráðuneytisstjórnanna í forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Í því sagði að álit fyrirtækisins væri ágætt og á vissan hátt jákvætt, en þar væru skýrðar helstu forsendur þess að íslenska ríkið hefði enn hæstu lánshæfiseinkunn. Í álitinu kæmi fram að „fjárhagsgrunnur bankanna sé heilbrigður, þeir hafi nægt lausafé og betri samsetningu lánsfjármögnunar en áður.“ Fyrirtækið veki athygli á hve næmt Ísland væri fyrir breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, en landið hefði góða burði til að takast á við slíkt, auk þess sem ríkið gæti mætt hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu án þess að lánshæfismat þess myndi skerðast. Fyrirtækið hefði á hinn bóginn áhyggjur af miklum erlendum skuldum, sem tengdust útrás bankanna, og teldi að frekari skuldsetningu þeirra yrðu að fylgja aðgerðir ríkisins til að koma í veg fyrir að lánshæfiseinkunnir þess lækki. Fyrirtækið hafi gert „tvö sérstök próf eða greiningar, annars vegar um laust fé og hins vegar skuldir. Í báðum tilfellum stenst Ísland prófið sem ríki með hæstu mögulega lánshæfiseinkunn.“ Ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu framsendi þetta minnisblað með tölvubréfi til ákærða, sem svaraði um hæl með orðunum: „OK, þetta er ágætt svo langt sem það nær.“

Umráður urðu á Alþingi 29. janúar 2008 í tilefni af mati Moody's Investors Service. Þar kvað ákærði matið „mjög jákvætt hvað varðar efnahagsstöðuna á Íslandi“ og leiddi getum að því að það hafi verið birt vegna þess að „þeir telja að þeir þurfi sérstaklega að rökstyðja að þeir hafi gefið ríkissjóði Íslands hæstu lánshæfiseinkunn“. Yrði að leiðrétta það, sem komið hafi fram í fréttum, að fyrirtækið teldi best að bankarnir flyttu úr landi, en á hinn bóginn væri vissulega rétt að „sú óbeina ábyrgð

sem talin er hvíla á ríkissjóði vegna starfsemi þeirra“ myndi þá minnka, á sama hátt og ef þeir hættu starfsemi. Loks sagði ákærði eftirfarandi: „Efnahagsaðstæður eru þannig, og er það dregið mjög skýrt fram, að ekki er nein sérstök hættu á ferðum héraendis jafnvel þótt kæmi til alvarlegrar fjármálakreppu sem þó er talið ólíklegt. Einnig er bent á að fjárhagsstaða bankanna sé traust þrátt fyrir þá erfiðleika sem nú eru á fjármagnsmörkuðunum og það sjáum við líka í þeim uppgjörum sem birt hafa verið á síðasta sólarhring. Ég tel mjög mikilvægt að þetta komi fram“.

Á fundi starfshóps Seðlabanka Íslands um lausafjórvara 29. janúar 2008 var samkvæmt fundargerð rætt um að Moody's Investors Service hefði lánsþæfiseinkunnir íslensku bankanna til endurskoðunar, einkum vegna lélegrar arðsemi, viðskiptalíkana þeirra og þess hversu háðir þeir væru „fjárfestingarbankastarfsemi á áhættusömum markaði“, en niðurstöður um þetta yrðu birtar innan mánaðar. Þá var dreift á fundinum skýrslu með heitinu: „Ef allt fer á versta veg í lausafjórstaðu bankanna“, sem var gerð í fjármálasviði seðlabankans, en samkvæmt fundargerð starfshópsins hafði hún þegar verið afhent Fjármálaeftirlitinu. Í upphafi skýrslunnar sagði að tekin hafi verið saman stutt greining á stöðu stærstu viðskiptabankanna þriggja „miðað við væntanlegar endurgreiðslur og lausafjórstaðu þeirra“, en hún væri reiknuð „miðað við svartsýnustu forsendur.“ Bankarnir þrír teldust allir „kerfislega mikilvægir“, en vegna skilyrða á mörkuðum væri þeim „orðið mjög dýrt eða jafnvel ómögulegt“ að afla lánsfjár erlendis og hafi þetta valdið áhyggjum um stöðu þeirra ef svo yrði í langan tíma. Að gefnum svartsýnustu forsendum, sem nánar var lýst í skýrslunni, var komist að þeirri niðurstöðu að laust fé Glitnis banka hf. myndi aðeins nægja til loka janúar 2008, Kaupþings banka hf. til loka febrúar, en Landsbanka Íslands hf. út árið 2008. Til lengri tíma litið benti skuldatryggingarálag vegna bankanna þriggja, sem hafi „hækkað geysilega“ frá hausti 2007, til þess að lánsþæfiseinkunnir þeirra hlytu að lækka, auk þess sem „næsta víst“ væri að álagið í óbreyttu horfi stæði í vegi fyrir að þeir byðu út skuldabréf á alþjóðamarkaði. Í skýrslunni var einnig fjallað um hugsanlegar aðgerðir „vegna mikils vanda í fjármálakerfinu“, en kæmi slíkur vandi upp gæti seðlabankinn veitt lánastofnun í lausafjórvara lán á sérstökum kjörum og gegn öðrum tryggingum en almennt yrði gert, ríkið gæti með hugsanlegri aðstoð seðlabankans lagt viðskiptabanka til eigið fé til að bjarga honum „frá þroti“ og einnig gæti seðlabankinn gefið út yfirlýsingu um ábyrgð á skuldbindingum einstakra banka, fjármálakerfisins í heild eða Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Ef viðskiptabanki rataði í vandræði

væri það stjórnenda hans og eigenda að leysa þau, en „opinberir aðilar“, þar á meðal seðlabankinn, kynnu að þurfa að hlutast til um að svo yrði gert. Gagnstætt þessu gæti þjóðnýting einnig komið til álita, en hún „væri neyðarúrræði því þá skapast sú hættu að ef fjármögnun tekst ekki þá væri lánstraust þjóðarinnar í húfi.“ Í niðurlagi skýrslunnar var síðan ítrekað að það væri hlutverk stjórnenda og eigenda viðskiptabanka að leysa úr vanda hans og yrði ábyrgðarlaust „að gera út á mögulega aðstoð hins opinbera við banka.“ Reynslan af fjármálaáföllum í öðrum löndum sýndi samt að stjórnvöld yrðu að huga að viðbúnaði, því ef „til kastanna kemur getur lítil tími verið til að ígrunda skynsamlegustu viðbrögð við óvæntum aðstæðum og þá getur vandaður undirbúningur skipt sköpum.“

3

Framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja sendi tölvubréf til ákærða 4. febrúar 2008, þar sem sagði eftirfarandi: „Í viðhengi eru drög að minnisblaði á grunni þess sem við ræddum í síðustu viku. Þar sem umræða um stöðuna getur verið viðkvæm, viljum við kalla þetta drög. SFF eru reiðubúin að hitta þig og/eða aðra sem þú metur þörf á að ræða þetta mál við hvenær sem er á næstu dögum. Þá geri ég ráð fyrir að formaður SFF, Lárus, hringi í þig seinni partinn í dag.“ Drögin, sem fylgdu tölvubréfinu, virðast einnig hafa verið send í bréfi til ákærða sem „drög að minnisblaði til forsætisráðherra“, dagsett sama dag og merkt sem trúnaðarmál, en þau voru undirrituð af Lárusi Welding forstjóra Glitnis banka hf. Í upphafi minnisblaðsins sagði að tilefni þess væri áhyggjur „forystumanna í íslenskum fjármálageira af þeirri þröngu stöðu sem nú er að skapast í efnahagsmálum þjóðarinnar og þeim víðtæku áhrifum sem of hraður samdráttur gæti haft“. Aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefðu versnað á undanförunum mánuðum og gjörbreytt rekstrarforsendum íslenskra fyrirtækja, sem störfuðu á alþjóðamörkuðum. Þetta væri farið að setja mark sitt á starfsemi þeirra, meðal annars með því að kjör íslenskra banka hafi versnað og þeir brugðist við með því að draga úr útlánum. Þótt ástandið yrði væntanlega á ný orðið eðlilegt innan skamms væri „engu að síður nauðsynlegt að okkar mati að staldra við og styrkja innviðina til að lágmarka líkurnar á því að illa fari.“ Vísað var til þess að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi ákveðið að breyta horfum um lánshæfiseinkunnir tveggja íslenskra banka úr stöðugum í neikvæðar. Að auki hafi ríkið búið til óvenjulegar aðstæður með því að halda annars vegar úti banka, sem veiti fjármálafyrirtækjum landsins lán með 14% vöxtum, og hins vegar sjóði, sem veiti lán gegn „ríkisstyrktum 4,5% verðtryggðum vöxtum“ í

samkeppni við fjármálafyrirtækin. Við þessar aðstæður væri óhjákvæmilegt að ítreka að þörf væri á að slaka „á aðhaldi í peningamálum hér innanlands til þess að búa í haginn fyrir þá óhjákvæmilegu aðlögun sem þegar er hafin“. Bent var á að afnám bindiskyldu væri tvímælalaust „aðgerð sem eðlilegt er að grípa til við núverandi aðstæður“ og yrði jafnframt að lækka vexti seðlabankans. Einnig mætti huga að því að taka upp reglur um takmarkaða skattskyldu erlendra aðila og skattaflátt vegna kaupa á hlutabréfum. Rétt væri að athuga hvort viðskiptaráðherra ætti að beita sér fyrir „endurskoðun á gagnsæisstefnu FME þar sem enginn vafi leikur á því að opinberar birtingar á úttektum FME á einstökum fjármálafyrirtækjum draga úr trúverðugleika á fjármálakerfið í heild“, auk þess sem mikilvægt væri að auka „heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í innlendum félögum“.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 7. fund sinn 5. febrúar 2008. Í stuttri fundargerð var því lýst að greint hafi verið frá niðurstöðu álagsprófs Fjármálaeftirlitsins fyrir bankana, sem birt yrði næsta dag, tilteknum gögnum hafi verið dreift um þá og getið hafi verið um skuldatryggingarálag þeirra, þar á meðal að „kjör Glitnis eru að nálgast kjör Kaupþings sem eru hæst.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til funda 1. og 5. febrúar 2008. Samkvæmt fundargerðum var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

4

Ákærði sendi 7. febrúar 2008 svohljóðandi tölvubréf til utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur: „Ég tel nauðsynlegt að við tvö ásamt fjármálaráðherra fundum með bankastjórn SÍ í dag í kjölfarið á ferð formanns bankastjórnar til London þar sem hann ræddi við matsfyrirtæki og helstu fjármálastofnanir. Legg til að við hittumst kl. 16.30 í dag hjá mér.“ Í málinu liggur fyrir ódagsett orðsending Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til rannsóknarnefndar Alþingis um „minnisatriði af fundum með bankastjórn Seðlabankans á árinu 2008“, þar sem sagði meðal annars eftirfarandi: „Sýnist sem ég hafi setið alls 6 fundi með fulltrúum Seðlabanka Íslands á því tímabili sem tilgreint er í erindi Rannsóknarnefndar Alþingis. Þann fyrsta 6. febrúar 2008 og þann síðasta 8. júlí 2008. Fundirnir voru haldnir í forsætisráðuneytinu og forsætisráðherra boðaði alltaf til þeirra án þess að tiltekið væri sérstaklega hvað ætti að ræða. Voru fundirnir upplýsingafundir sem fjölluðu fyrst og fremst um framvinduna í vinnu Seðlabankans að því að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Fundirnir ... voru boðaðir tilviljanakennt og með skömmum fyrirvara, misjafnt var hverjir sátu þessa fundi, engin dagskrá lá fyrir á

fundunum, engar fundargerðir voru ritaðar, engin gögn voru lögð fram og engar tillögur, hvorki af hálfu forsætisráðherra né Seðlabankans. Davíð Oddsson sat alla fundina og stundum voru hinir bankastjórnarnir með honum og í einhverju tilviki minnir mig að Tryggvi Pálsson hafi verið með. Hafði Davíð Oddsson alltaf orð fyrir Seðlabankamönnum. Auk forsætisráðherra og mín sat fjármálaráðherra einhverja fundi þar sem fjallað var um lántökur til að stækka gjaldeyrisvaraforðann og í mörgum tilvikum sat Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu fundina og einhverja fundi sat aðstoðarkona forsætisráðherra. Þá minnir mig að Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu hafi setið einhverja fundi. Ég skráði hjá mér minnispunkta á þessum fundum og úr þeim vann ég þessi minnisatriði og hugleiðingar fyrir sjálfa mig ... Þar sem þetta voru upplýsingafundir lagði ég áherslu á að skrifa niður það sem kom frá Seðlabankanum en ekki það sem aðrir sögðu. Í nokkrum tilvikum fór ég yfir efni þessara funda á þingflokksfundum Samfylkingarinnar m.a. á þingflokksfundum 11. og 18. febrúar 2008. Í kjölfar fundarins í febrúar 2008 var haldinn fundur með fulltrúum fjármálastofnana í Ráðherrabústaðnum þar sem farið var yfir stöðu þessara stofnana.“

Í skriflegri samantekt Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um fund sinn og ákærða með fulltrúum Seðlabanka Íslands, sem hún dagsetti 6. febrúar 2008 en virðist samkvæmt áðurgreindu hafa verið haldinn 7. sama mánaðar, sagði meðal annars: „Davíð Oddsson innleiddi fundinn og sagði frá því að í febrúar 2006 hafi Seðlabankamenn farið til London og fengið miklar áhyggjur af stöðu mála enda hafi skapast mikil vandræði í framhaldinu. ... Fóru aftur núna í febrúar og heimsóttu matsfyrirtækin í London. Sagði að Fitch menn hafi spurt hvað myndi gerast ef íslenskir bankar fengju ekki lánsfé eftir 12 mánuði. Ljóst að af því hlytust veruleg vandræði. Sagði að Moodys hefði líka áhyggjur af Landsbankanum vegna þess að Icesave-reikningarnir geti verið mjög kvikir reikningar. Ef óþægilegar fréttir berist af Íslandi geti það haft verulega skaðleg áhrif á reikningana þ.e. fólk geti rokið til og tekið út af þessum reikningum sem myndi skapa vandræði fyrir Landsbankann. ... Í ferðinni til London sagði hann að rætt hafi verið við nokkra banka, þar af tvo stóra ... um tvennt. Annars vegar víxlaprógramm sem hafi verið tekið vel í og hins vegar um að stækka gjaldeyrisforða Seðlabankans. Stærsti bankinn taldi að kjör Íslands væru ekki mjög góð núna og töldu að það ætti að bíða. Annar banki taldi að það ætti að taka lán því það sýndi vilja til að berjast. Þá kom fram að hjá þriðja bankanum sé staða Íslands talin erfið og fram hafi komið hjá honum að talsmönnum Kaupþings væri ekki

treyst og talsmenn Glitnis virkuðu örvæntingarfullir. Sá fjórði sagði að staða Íslands væri grafalvarleg. Lánsfjármarkaðir væru lokaðir fyrir íslenskum bönkum næstu 12 mán. Lítið yrði á lántöku íslenska ríkisins sem desperation. ... Fram hafi komið hjá breskum bankamönnum að íslenska bankakerfið væri í verulegri hættu. Bankakerfið hafi þanist út með tilviljanakenndum og óskipulögðum hætti. ... Um miðbik fundarins rauk Davíð Oddsson skyndilega upp og lét gamminn geysa. Má segja að alla aðra hafi við það sett hljóða. Sagði hann að útrásin væri bull, della og þvæla. Bankarnir hafi farið fram með glæpsamlegum hætti og ekki væri hægt að þola það. Hann nefndi engin konkret dæmi um slíkt né heldur hvort bankinn eða aðrir hafi gert eitthvað til að stöðva eða koma upp um slíkt atferli. Þrátt fyrir þetta taldi seðlabankastjóri mikilvægt að ríkið tæki 1-1.5 milljarð evra að láni til 5 ára til að verja bankana. Byggja þannig upp gjaldeyrisforðann. Í framhaldinu minntist Davíð, með sama slætti, á meinta hótun KB-banka um að fara úr landi ef ekki fengist evruskráning. Sagði hann það innantóma hótun því færa mætti rök fyrir því að það væri til bóta fyrir íslenskt fjármála- og efnahagskerfi. Þá gæti ríkið og Seðlabankinn hugsanlega varið Landsbankann og Glitni áhlaupi og þyrftu ekki að hafa áhyggjur af Kaupþingi. Að lokum fjallaði hann um stöðu ísl. bankanna í fjármálakerfi heimsins. Taldi að þegar og ef til aðgerða kæmi og lánamarkaðir opnast aftur erlendis eftir 12 mán. eða síðar þá opnast þeir síðast gagnvart ísl. bönkunum þar sem mikilvægi þeirra er svo lítið. Sagði að aldrei væri hægt að verja alla bankana þrjá en hugsanlega tvo. Nefndi í því sambandi að hugsanlega gætu bankarnir selt einhverjar eigur og Landsbankinn og Glitnir sameinast.“

Í málinu liggja einnig fyrir minnisþingar, sem Tryggvi Pálsson tók saman um þennan fund, en samkvæmt þeim var hann þar staddur ásamt þremur bankastjórum Seðlabanka Íslands, ákærða, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu. Þessir minnisþingar bæta litlu við þá lýsingu, sem að framan greinir, en í þeim var þó haft eftir Davíð Oddssyni að niðurstaðan af fundum hans með bankamönnum í London hafi verið sem hér segir: „Íslensku bankarnir í mikilli hættu og íslenskt efnahagslíf í hættu. Markaðir lokaðir (í lengri tíma en áður haldið). CDS álög afar há og sýna að bankarnir geta ekki tekið lán og lánað þau út. Telja að íslenska ríkið hafi ekki bolmagn til að bjarga og skortselja þess vegna.“ Til bóta yrði að Kaupþing banki hf. flytti úr landi, en bankarnir hafi stefnt Íslandi „í þessa hættu“ og ætli bankastjórn seðlabankans að kalla forstjóra bankanna til sín. Í minnisþingunum var þess einnig getið að ákærði hafi sagt þetta

vera „grafalvarlegt mál“, hann hafi rætt við bankastjóra og væri örvænting hjá ungum stjórnanda Glitnis banka hf., en „mesta öryggið í Landsbankanum.“ Hann hafi og spurt: „Getum við hér gert eitthvað?“

Bankastjórar Seðlabanka Íslands héldu ásamt Tryggva Pálssyni fund 8. febrúar 2008 með bankastjórum Landsbanka Íslands hf., Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni. Samkvæmt minnispunktum frá þeim fundi, sem ritaðir voru á bréfsefni Seðlabanka Íslands, greindi Davíð Oddsson þar í byrjun frá fyrrnefndum fundi með ráðherrum 7. sama mánaðar og að þar hafi verið rætt um hugsanlega erlenda lántöku íslenska ríkisins, sem Sigurjón Þ. Árnason hafi mælt á móti. Hann hafi talið að það yrði „sterkara að nota ríkisábyrgð“, en í undirbúningi væru tillögur Landsbanka Íslands hf. um að hann tæki „yfir annan hinn bankann“, helst Glitni banka hf. vegna stærðar hans. Þetta væri þó ekki þorandi „án stuðnings“, sem yrði „ríkisábyrgð gegn gjaldi í áföngum.“ Þetta yrði betri kostur en að ríkið fengi „Glitnir í fangið“ og myndi erlend lántaka þess ekki leysa neitt, en þetta yrði að „skoða næstu 1½-2 mánuði.“ Þá hafi komið þar fram hjá bankastjórum Landsbanka Íslands hf. að til skoðunar væri að færa Icesave reikninga „yfir í breskt félag“, en við það myndi hann missa „færanleika (upstream). Hinir bankarnir eiga erfitt með að ná fénu.“ Í málinu liggur fyrir ódagsett minnisblað frá Landsbanka Íslands hf. til ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands um „aðgerðir til að treysta undirstöður bankakerfisins“, sem handritað hefur verið á „8-10. febrúar '08“. Þar var meðal annars vísað til þess að kjör íslensku bankanna á erlendum mörkuðum væru slík „að þeim er í raun ógerlegt að afla sér lánsfjár með eðlilegum hætti“. Til að bregðast við því voru settar fram tillögur um sameiningu Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf., svo og að íslenska ríkið veitti fyrrnefnda bankanum ábyrgð í þessu skyni til fimm ára fyrir allt að fimm til sjö milljarð evrur.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 8. febrúar 2008. Samkvæmt fundargerð bar iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, upp fyrirspurn um „þróun efnahagsmála“ og var þetta „rætt ítarlega“. Í fundargerðinni var að öðru leyti ekki getið um atriði, sem varðað gætu málefni fjármálafyrirtækja.

Ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu sendi 10. febrúar 2008 tölvubréf til ákærða ásamt drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „um aðgerðir til að styrkja stöðu atvinnulífsins í kjölfar versnandi efnahagshorfa á alþjóðamörkuðum“. Í þeim drögum var vísað til þess að skömmu eftir mitt árið 2007 hafi horfur á

alþjóðamörkuðum versnað, aðgangur að fé hafi þrengst verulega og hlutbréf farið að lækka í verði. Hafi íslenskar fjármálastofnanir ekki farið varhluta af því. Í kjölfarið hafi „þrengt að lánsfjármögnun íslenskra fyrirtækja jafnt þeirra sem starfa á innlendum markaði sem erlendis.“ Til að bregðast við þessu hafi ríkisstjórnin ákveðið að auka gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands með því að taka erlent lán að minnsta kosti að fjárhæð 1.500.000.000 evrur „jafnskjótt og ásættanleg lánskjör bjóðast á markaði“, en með því myndi gjaldeyrisforðinn aukast úr 175.000.000.000 krónum í 310.000.000.000 krónur. Teldi ríkisstjórnin „mikilvægt að íslensk fyrirtæki hafi sínar höfuðstöðvar hér á landi jafnvel þótt þau starfi einnig á alþjóðamarkaði“ og væri það því stefna hennar að skapa fyrirtækjum „samkeppnishæft rekstrarumhverfi á Íslandi“, meðal annars með því að fyrirtæki, sem þess myndu óska, fengju að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Ríkisstjórnin væri reiðubúin til að „koma að öflugu kynningarátaki í samstarfi við samtök atvinnulífsins og Seðlabankann“ til að miðla upplýsingum til „erlendra greiningaraðila, fjárfesta og fjölmiðla.“ Þá hygðist ríkisstjórnin taka til endurskoðunar lagaákvæði um heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í innlendum hlutafélögum til að efla hlutabréfamarkað hér á landi.

Sami ráðuneytisstjóri sendi annað tölvubréf til ákærða 11. febrúar 2008, sem fylgdu ný drög að yfirlýsingu um sama efni og að framan greinir. Í nýju drögunum höfðu verið felld brott ummæli um mikilvægi þess að íslensk fyrirtæki hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi, að heimila ætti þeim að færa bókhald í erlendum gjaldmiðlum og að endurskoða ætti heimildir lífeyrissjóða til kaupa á innlendum hlutabréfum. Einnig hafði verið felld niður umfjöllun um fyrirhugaða erlenda lántöku ríkisins, en í staðinn var vísað til þess að á árinu 2006 hafi ríkið tekið erlent lán til að auka gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og yrði fylgst grannt með framvindu mála á alþjóða fjármálamarkaði „með það fyrir augum að grípa til sambærilegra ráðstafana ef ástæða þykir til og aðstæður á markaði teljast heppilegar.“ Þá hafði verið bætt við orðum um að nýlegt áhættumat Fjármálaeftirlitsins hafi sýnt glöggt að allir bankarnir stæðu traustum fótum og ættu „að standast verulega versnandi ytri aðstæður án þess að eigið fé þeirra fari niður fyrir eðlilegt öryggismörk.“ Einnig hafði verið bætt við nýjum lið í yfirlýsingunni, sem var þriðji liður hennar og svohljóðandi: „Íslensku bankarnir fjármagna starfsemi sína í auknum mæli með innlánnum. Sú þróun dregur úr neikvæðum áhrifum lausafjárskorts. Stóraukin innlán kalla á hinn bóginn á eflingu Tryggingarsjóðs innistæðueigenda og fjárfesta. Að undanfögnu hefur verið unnið að endurskoðun á reglum sjóðsins ... Þangað til fjármögnun sjóðsins telst ásættanleg í

ljósi stóraukinna innlána íslenskra banka og útibúa þeirra erlendis mun ríkissjóður baktryggja allar skuldbindingar tryggingasjóðsins.“

Ákærði sendi ráðuneytisstjóranum svar við framangreindu í tölvubréfi 12. febrúar 2008. Þar sagði meðal annars: „Var að renna yfir plaggið. Þetta er rýrt efnislega, eins og við vissum fyrir fram. Mér finnst 3. liðurinn mjög vafasamur og benda til þess að við teljum raunverulega hættu í þessum efnum yfirvofandi. Slík skilaboð megum við ekki senda. Einnig er vafasamt að lýsa yfir baktryggingu ríkissjóðs að ég tel. Kannski getum við bara sleppt síðustu setningunni í þessum lið, en þá er eftir áhættan af því að vera yfirleitt að nefna þetta atriði.“ Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ríkisstjórnin hafi látið frá sér fara yfirlýsingu af þeim toga, sem drög voru lögð að samkvæmt framansögðu.

Í Seðlabanka Íslands var gert minnisblað 12. febrúar 2008 um fundi, sem starfsmenn hans hafi átt í London fyrr í þeim mánuði og áður var getið um. Lýsingin þar á viðræðum við fulltrúa matsfyrirtækja og erlendra banka er í samræmi við það, sem fyrr greinir, en þó ítarlegri. Í lok þessa minnisblaðs voru niðurstöður dregnar saman í eftirfarandi orðum: „Það er ljóst að íslensku bankarnir, Kaupþing og Glitnir alveg sérstaklega, hafa stefnt sér og það sem verra er, íslensku fjármálalífi, í mikla hættu, jafnvel í hreinar ógöngur, með ábyrgðarlausri framgöngu á undanförunum árum. Hættulegt er að hafast ekkert að í þeirri von að markaðir opnast óvænt og allur vandi verði þá úr sögunni. Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við að vinda ofan af stöðunni svo hún verði ekki óleysanleg. Ekki er hægt að útiloka að miklu fyrr rætist úr markaðsaðstæðum og aðgengi að fjármagni en nú er talið. Ekkert bendir þó enn til þess og ef menn láta sér nægja að lifa í voninni verður of seint að bregðast við þegar ljóst verður að vonin rætist ekki.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 12. febrúar 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

6

Ákærði flutti ræðu á viðskiptaþingi 13. febrúar 2008. Í ræðunni vísaði hann meðal annars til þess að upp úr miðju ári 2007 hafi horfur versnað mjög á alþjóðamörkuðum, aðgangur að fé þrengst verulega og hlutabréf lækkað í verði. Áhrifa þess hafi gætt hér á landi. Á síðustu vikum hafi skuldatryggingarálag íslensku bankanna hækkað töluvert og mætti telja líklegt að það hafi stafað „að hluta til af upplýsingaskorti alþjóðlegra fjárfesta um raunverulega stöðu bankanna.“ Sérfræðingar greiningarfyrirtækisins Credit Sights hafi til dæmis sagt áhættuna í tengslum við

íslensku bankana ofmetna og skuldatryggingarálagið ekki gefa rétta mynd af raunstöðu þeirra. Þetta álag væri þó „grafalvarlegt mál“ og gerði bönkunum erfitt fyrir við öflun lánsfjár, sem að auki væri skortur á. Matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi staðfest þetta í nýlegri endurskoðun á lánshæfiseinkunnum íslenska ríkisins og teldi einnig „að fjárhagsstaða bankanna sé traust og að þeir hafi nægt lausafé.“ Eiginfjárlutfall þeirra væri sterkt og hlutfallslega betra en hjá mörgum erlendum bönkum. Fjármálaeftirlitið hafi í liðinni viku birt niðurstöður úr álagsprófi, þar sem könnuð hafi verið geta bankanna til að standast samtímis lækkun á verði hlutabréfa, markaðsskuldabréfa og fullnustueigna og á útlánum og gengi íslensku krónunnar án þess að eiginfjárlutfall þeirra færi undir lögboðið lágmark og hafi þeir allir staðist það próf. Þrátt fyrir þetta gætti „enn neikvæðrar umfjöllunar hjá einstaka greiningaraðilum og fjölmiðlum. Þar er iðulega farið með hreinar staðreyndavillur og lýsingar á stöðu íslenska hagkerfisins eru mjög ýktar. Það er áhyggjuefni að þessir aðilar skuli ekki taka tillit til þeirra ítarlegu upplýsinga sem öllum eru aðgengilegar og lýsa sterkri stöðu bankanna og ríkissjóðs. Hér virðast önnur öfl ráða ferðinni en leitinn að sannleikanum.“ Ríkisstjórnin teldi engu að síður eðlilegt að vera í viðbragðsstöðu og undirbúa ráðstafanir til að draga úr afleiðingum hugsanlegrar lánsfjáarkreppu á alþjóðamörkuðum.

Ákærði hélt ásamt fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra fund 14. febrúar 2008 með fulltrúum fjármálafyrirtækja. Samkvæmt dagskrá fyrir fundinn átti meðal annars að fjalla þar um stöðuna „á alþjóðafjármálamörkuðum og hér á landi“, en auk dagskrár var gert yfirlit um umræðuefni á fundinum. Í yfirliti þessu voru ýmis efnisatriði, sem áttu sér hliðstæður í áður nefndum drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. og 11. febrúar 2008, meðal annars að hún legði áherslu á „mikilvægi þess að íslensk fyrirtæki hafi höfuðstöðvar sínar hér á landi jafnvel þótt þau starfi einnig á alþjóðamarkaði“, hún stefndi að því að taka upp heimildir handa fyrirtækjum til að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og fylgdist grannt með þróun á alþjóðlegum fjármálamarkaði með það fyrir augum að lán kynni að verða tekið erlendis á sama hátt og á árinu 2006 til að styrkja gjaldeyrisforða. Þá var jafnframt lýst yfir vilja til að standa að miðlun upplýsinga til erlendra greiningarfyrirtækja, fjárfesta og fjölmiðla í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja eða aðra. Í minnisblaði um þennan fund, sem virðist stafa frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sagði að efnt hafi verið til hans „til að heyra hvernig fjármálafyrirtækin mætu sína eigin stöðu og möguleikana til að standast áhlaup

vogunarsjóða eða annarra.“ Þar var meðal annars haft eftir fulltrúum fjármálafyrirtækjanna að lækka yrði stýrivexti Seðlabanka Íslands, bankarnir væru of stórir fyrir íslenskt samfélag, sem væri „langtímavandi sem er erfiðari viðfangs og fer ekki frá okkur“, og draga yrði úr vexti þeirra, sem væri þegar hafið. Einnig að verulegur skortur væri á lausafé, heildarskuldir bankanna, sem kæmu til greiðslu á næstu tveimur árum, væru um 16.000.000.000 evrur og um 36.000.000.000 evrur á fimm árum og styrkja yrði gjaldeyrisforðann verulega þannig að hann næmi fimm til tíu milljarð evrum. Þyrfti heimurinn „að skynja að fjármálakerfið hafi bakstuðning hjá ríkisvaldinu“ og væri „vantraustið á íslenskum aðilum ... algert og peningamarkaðurinn frosinn“, en spurning væri hvernig ríkið kæmi að því.

Fyrir þennan fund sendi Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu tölvubréf 14. febrúar 2008 til ákærða, fjármálaráðherra og ráðuneytisstjórans í forsætisráðuneytinu, þar sem sagði eftirfarandi: „Mér datt í hug að spyrja Tryggva Pálsson hvað það gæti verið sem stæði upp á bankana í núverandi stöðu, svo umræðan á fundinum á eftir yrði ekki öll í aðra áttina. Hér eru punktar sem hann sendi mér. 1. Stöðva vöxtinn og selja eignir en það dregur úr fjármögnunarbörf. 2. Sameina fjármálafyrirtæki ef það bætir lánshæfi þeirra. 3. Almennt kostnaðaraðhald og stjórnendur gætu gengið á undan með góðu fordæmi. 4. Bóka erlend innlán í erlendum dótturfélögum en ekki útibúum til að draga úr skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. 5. Efla eigið fé m.a. með að leita til nýrra hluthafa. 6. Bæta upplýsingagjöf og kynningar.“

Minnisblað var gert í Seðlabanka Íslands 14. febrúar 2008, þar sem dregin voru saman helstu atriði í lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Þar kom einnig fram að í árslok 2007 hafi eignir sjóðsins numið um 8.300.000.000 krónum auk „ábyrgðaryfirlýsinga að fjárhæð 657 m.kr.“ Um helmingur innstæðna í íslenskum bönkum væri í eigu útlendinga og að mestu frá viðskiptamönnum erlendra útibúa þeirra. Í lögum væri ekki kveðið á um almennt hámark greiðslna vegna tryggðra innstæðna, en ef eignir sjóðsins nægðu ekki fyrir þeim öllum mætti binda hámark greiðslna til einstakra innstæðueigenda við 20.887 evrur.

Ákærði fékk 15. febrúar 2008 tölvubréf frá nafngreindum starfsmanni Landsbanka Íslands hf., en með því framsendi sá síðarnefndi tölvubréf, sem virðist hafa verið sent þann dag til allra starfsmanna bankans. Með því fylgdi orðsending frá stjórnanda Icesave reikninga í Bretlandi til þeirra, sem störfuðu við þá, þar sem vísað var til þess að á undanförunum dögum hafi verið fjallað í fjölmiðlum um Ísland,

Landsbanka Íslands hf. og Icesave reikningana og hafðar uppi spurningar um stöðu íslenskra banka og innstæðutryggingar. Hafi þessi umfjöllun vakið áhyggjur og skyldi áréttað að Icesave og Landsbanki Íslands hf. hefðu einstaklega sterkan fjárhag og nægilegt lausafé. Lýst var sterkri stöðu bankans, þar á meðal í samanburði við ýmsa erlenda banka, og lánshæfiseinkunn hans og íslenska ríkisins. Þá var tekið fram að innstæðueigendur nytu tryggingarverndar eftir íslenskum reglum og að auki breskum, þannig að hún næmi í heild 35.000 sterlingspundum á hvern viðskiptamann. Færi svo ólíklega að nokkru sinni yrði að leita í slíkar tryggingar þyrfti ekki, gagnstætt því sem haldið hefði verið fram, að reikna með töfum á útborgun eins og yrðu við greiðslu úr breska tryggingarkerfinu.

Fundir voru haldnir í ríkisstjórn Íslands 15., 19. og 22. febrúar 2008. Samkvæmt fundargerðum var ekki rætt þar um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

7

Landsbanki Íslands hf. aflaði álitsgerðar 22. febrúar 2008 frá lögmannstofunni Allen & Overy LLP um leiðir, sem væru færar til að flytja innlánsreikninga úr útibúi hans í London til Heritable Bank Ltd. eða annars dótturfélags í Bretlandi. Samkvæmt framlagðri samantekt rannsóknarnefndar Alþingis um efni þessarar álitsgerðar voru þar nefndar þrjár leiðir til að koma þessu við. Í fyrsta lagi mætti gera það með samþykki innstæðueigenda og þá annaðhvort með því að leita eftir yfirlýsingum hvers og eins um samþykki eða ganga út frá ætluðu samþykki þeirra þar til annað kæmi í ljós. Teldi lögmannsstofan óvíst um lögmati síðarnefnda kostsins. Í öðru lagi væri unnt að flytja innlánsreikninga til dótturfélags með atbeina dómstóla samkvæmt nánar tilteknum ákvæðum breskra laga, en í þriðja lagi með sérstakri löggjöf. Lögmannsstofan mælti með því að farin yrði sú leið að leita atbeina dómstóla í þessu skyni, en það gæti tekið sex mánuði að ljúka slíkri málsmeðferð.

Ákærði fékk tölvubréf 25. febrúar 2008 frá Finni Sveinbjörnssyni ásamt samantekt hans um „tillögur um viðbrögð vegna neikvæðra viðhorfa erlendis í garð íslenskra banka“, en í henni var þess getið að forsætisráðuneytið hafi 19. sama mánaðar leitað til hans um að verða „tengiliður milli þess og bankanna“ og veita aðstoð við gerð tillagna um „aðkomu stjórnvalda í yfirstandandi vanda.“ Í samantektinni kom fram að Finnur hafi síðustu daga rætt við fjölmarga stjórnendur og sérfræðinga innan bankanna og utan þeirra, auk þess að hafa setið „sendiherrastefnu í utanríkisráðuneytinu 22. febrúar 2008“. Ýmsar tillögur voru gerðar í samantektinni um hvernig bregðast mætti við neikvæðum viðhorfum, þar á meðal að ákærði myndi

eiga fundi með ritstjórum sjö helstu viðskiptafjölmíðlanna í London og að ráðherrar og embættismenn yrðu reiðubúnir að sækja fundi eða ræða erlendis um íslenskt efnahagslíf og bankakerfi, svo sem utanríkisráðherra myndi gera á fundi viðskiptaráðs í Kaupmannahöfn í komandi mánuði. Þá væri brýnt að fá erlent lán til að efla gjaldeyrisforða og afla „skammtímalánalína erlendis“ ef unnt væri að gera það „við núverandi aðstæður þannig að hljótt fari í aðdragandanum og á viðunandi kjörum“, en reyndust aðstæður óheppilegar væri mikilvægt að bíða færir. Loks er þess að geta að í samantektinni var vísað til þess að Seðlabanki Íslands hafi í janúar 2008 rýmkað „aðgang fjármálafyrirtækja að lausafé með breytingum á reglum um verðbréf sem teljast veðhæf í reglulegum viðskiptum fjármálafyrirtækja við bankann“ og hafi þær almennt mælst vel fyrir innanlands sem utan. Lagt væri til að „stjórnarráðið“ héldi áfram viðræðum við seðlabankann um að rýmka enn frekar aðgang íslenskra banka að lausafé þar og þá jafnvel í erlendum gjaldmiðlum.

Ákærði átti fundi 26. og 27. febrúar 2008 með forsætisráðherra Luxemborgar, framkvæmdastjóra Evrópusambandsins á sviði efnahags- og gjaldmiðilsmála, forseta framkvæmdastjórnar þess og forsætisráðherra Belgíu. Samkvæmt minnisblöðum um þessa fundi var þar meðal annars rætt um þróun efnahagsmála á Íslandi, starfsemi íslenskra banka erlendis og hugsanlega aðild Íslands að samningi fjármálamálaráðuneyta, fjármálaeftirlita og seðlabanka Evrópu um viðbúnað gegn fjármálaáfallum.

Matsfyrirtækið Moody's Investors Service lækkaði 28. febrúar 2008 lánshæfiseinkunnir íslensku viðskiptabankanna. Í minnisblaði starfsmanns Seðlabanka Íslands til bankastjórnar 29. sama mánaðar var því lýst að leitað hafi verið upplýsinga hjá fyrirtækinu um hvort þetta myndi hafa áhrif á lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins og því verið svarað neitandi, enda hefðu bankarnir komið vel út úr álagsprófum og lausafjárstaða þeirra væri góð, en öðru máli gæti gegnt ef hún versnaði. Lánshæfiseinkunnir bankanna hefðu verið lækkaðar „vegna þrýstings frá markaðnum“, en þeir væru þó „flokkaðir með þeim bönkum þar sem mestar líkur væru á að stjórnvöld hefðu afskipti af þeim ef þeir lentu í vandræðum.“

Seðlabanki Íslands mun hafa leitað ráðgjafar hjá Andrew Gracie, starfsmanni fyrirtækis með heitinu Crisis Management Analytics, sem virðist hafa skilað tillögum 29. febrúar 2008 um aðgerðaráætlun stjórnvalda til að draga úr hættu á fjármálaáfalli. Af kynningarefni um þessar tillögur verður ráðið að í þeim hafi verið gengið út frá því að íslensku bankarnir væru annaðhvort útilokaðir á alþjóðlegum lánsfjármarkaði eða

háðir slíkum kjörum að lánsfjár yrði ekki aflað. Engin vissa væri fyrir því að markaðir myndu opnast þeim í tæka tíð áður en Glitnir banki hf. þarfnaðist endurfjármögnunar í október 2008 eða Kaupþing banki hf. á fyrsta fjórðungi ársins 2009, en ef það gerðist ekki yrði þörf á íhlutun stjórnvalda. Slík íhlutun gæti verið fólgin í fjárframlögum eða ríkisábyrgðum, en binda mætti slíka aðstoð við móðurfélög. Við þær aðstæður yrðu bankarnir ekki lífvænlegir og gæti komið til þess að ríkið yrði að taka þá yfir. Bankar hefðu almennt tilhneigingu til að bíða í þeirri von að markaðir myndu opnast þeim, en eftir því, sem lengri tími liði, yrði kostnaður af áfalli meiri, orðspor yrði fyrir meiri hnekki og kostum myndi fækka. Þá var sett fram áætlun um aðgerðir á tímabilinu frá mars til loka júlí 2008, en meðal þeirra yrði greining á kostnaði og endurskoðun á valkostum, aðgerðir til að gera þessa kosti trúverðuga, senda bönkunum skilaboð um „fund or else“ og halda áfram vinnu við viðlagaáætlanir.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 29. febrúar 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

8

Tveir bankastjórar Seðlabanka Íslands, Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson, áttu fund 3. mars 2008 með aðalbankastjóra Englandsbanka og tveimur öðrum starfsmönnum þess banka. Samkvæmt minnisblaði Ingimundar um þennan fund var tilefni hans að kynna starfsemi íslenskra viðskiptabanka í Bretlandi frá sjónarhóli Seðlabanka Íslands og þá sérstaklega í ljósi aðstæðna á fjármálamörkuðum. Komið hafi fram í upphafi fundarins að Englandsbanka væri vel kunnugt um þessa starfsemi, þar á meðal „mikilvæga innlánastarfsemi“ Landsbanka Íslands hf. Davíð hafi gert grein fyrir umsvifum íslensku bankanna í Bretlandi og hröðum vexti innlána í útibúi Landsbanka Íslands hf., sem athygli fjölmiðla væri farin að beinast að, en það væri nokkurt áhyggjuefni „vegna þess hve innstæður af þessu tagi væru viðkvæmar.“ Hann hafi lagt áherslu á að „staða bankanna væri býsna góð“, lausafjárstaða þeirra væri rúm og hefðu þeir fyrir vikið „burði til þess að takast á við þrengingar á lánamarkaði um alllangt skeið“, en jafnvel þyrftu þeir ekki að „sækja á lánamarkað að öðru óbreyttu í eitt ár.“ Af orðum forsvarsmanna Englandsbanka mætti ráða að þeir hefðu ekki nægar upplýsingar til að „meta rétt stöðu íslensku bankanna“, enda teldu þeir til dæmis að innlánnum frá Bretlandi væri meira eða minna varið í hraðan vöxt útlána á Íslandi. Af þessu tilefni hafi þeim verið gerð grein fyrir því að umsvif bankanna væru meiri utan Íslands en innanlands og þeir því minna háðir en áður „framvindu í íslenskum þjóðarbúskap“, þar á meðal lækkun á gengi krónunnar.

Forsvarsmenn Englandsbanka hafi greinilega haft „vissar áhyggjur af efnahagsaðstæðum á Íslandi“, stýrivextir væru háir og töluvert ójafnvægi í efnahagslífinu. Davíð hafi þá bent á „undirliggjandi styrk íslenska hagkerfisins“, þar á meðal að ríkið væri skuldlaust og lífeyrissjóðir sterkir. Forsvarsmönnum Englandsbanka hafi verið kunnugt um álagspróf íslensku bankanna, samskipti eftirlitsstofnana landanna og fundi breska fjármálaeftirlitsins með Landsbanka Íslands hf. Þá sagði eftirfarandi í minnisblaðinu: „Augljóst var af orðum forsvarsmanna Bank of England að þeir voru uppteknir af mögulegum afleiðingum þess að mikið yrði tekið út af reikningum í bönkum, þ.m.t. Landsbanka Íslands í London. Það gæti haft smitáhrif. Þeir voru nokkuð uppteknir af fyrirkomulagi innstæðutrygginga og hvernig á þær myndi reyna ef til kæmi. Í orðum þeirra kom fram að þeir töldu að ekki hefði verið skýrt að fullu hvers lags innstæðutryggingar giltu á innstæðum í Landsbanka Íslands í London.“

Fjármálaeftirlitið boðaði til fundar 4. mars 2008 með Seðlabanka Íslands og Landsbanka Íslands hf. og sátu hann forstjóri og formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, Jónas Fr. Jónsson og Jón Sigurðsson, Tryggvi Pálsson af hálfu seðlabankans og bankastjórar Landsbanka Íslands hf., Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason. Af minnispunktum um fundinn verður ráðið að þar hafi meðal annars verið rætt um nýlega umfjöllun í breskum fjölmiðlum um innlánstryggingar og starfsemi útibús Landsbanka Íslands hf. í London, sem vegna tortryggni gæti verið betra að mati bankastjórana „að hafa í dótturfélagi ... þó lausaféð nýtist verr.“ Spurt hafi verið á fundinum um hversu langt gæti verið í slíkar breytingar og hafi annar bankastjórana svarað því til að þær yrðu engar „næstu 6 mánuði a.m.k.“, en síður yrði unnt að flytja til fé innan samstæðu Landsbanka Íslands hf. ef innstæður í útibúinu yrðu fluttar yfir í dótturfélagið Heritable Bank Ltd.

Umræður urðu á Alþingi 4. mars 2008 um stöðu efnahagsmála. Þar ræddi ákærði að vegna umfjöllunar í erlendum fjölmiðlum mætti „koma réttum upplýsingum á framfæri um efnahagsmálin í landinu, vegna þess að hagkerfið er svo lítið og hefur svo mikla sérstöðu að það er fjöldi manns sem áttar sig ekki á því hvernig hlutirnir ganga hér fyrir sig.“ Þeir, sem settu sig inn í þessi mál, kæmust að því að „ástandið er allt annað en gefið er til kynna í þessum erlendu blöðum þar sem menn fara ekki djúpt í málin.“ Bankarnir gætu staðið frammi fyrir erfiðleikum við öflun lausafjár og yrðu stjórnvöld að „greiða fyrir því að þessu ástandi linni vegna þess að það hefur mjög

erfið áhrif og vond hér á innlendum lánamarkaði þegar bankarnir þurfa að snögghemla“.

Fréttir voru fluttar af því í Ríkisútvarpinu 4. mars 2008 að Kaupþing banki hf. hafi tilkynnt þann dag að hann hafi tekið erlend lán að fjárhæð samtals um 130.000.000.000 krónur og hafi kjörin á þeim verið „talsvert betri en skuldatryggingarálagið gæfi til kynna.“ Bankinn ætti þegar rúmlega 13.000.000.000 evrur í lausu fé, sem „hafi dugað til 12 mánaða“, en með þessum nýju lánum væri hann „að hefja fjármögnun fyrir næsta ár.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 4. mars 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

9

Seðlabanki Íslands tilkynnti 5. mars 2008 að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi breytt horfum um lánshæfismat „á skuldabréfum íslenska ríkisins og landsmati ... á bankainnstæðum í erlendri mynt úr stöðugum í neikvæðar.“ Þessi breyting hafi einkum stafað af lækkun, sem orðið hafi viku fyrr á „mati á fjárhagslegum styrk hjá þremur stærstu viðskiptabönkum landsins“, en bankakerfið væri „óbeint á ábyrgð sérhvers stjórnvalds“. Bankakerfið á Íslandi væri „af yfirstærð“, en bankarnir væru traustir með „sterka starfsemi, heilbrigða eiginfjárstöðu og góða lausafjárstöðu“ og væri hætta á „kerfisáfalli“ mjög lítil. Matsfyrirtækið legði „áherslu á að íslensk stjórnvöld væru fullfær um að fást við áfall ... í bankakerfinu, jafnvel þótt það stafaði af lausafjár- eða fjármögnunarerfiðleikum.“

Á fundi Alþingis 5. mars 2008 svaraði ákærði fyrirspurn, sem beint hafði verið til forsætisráðherra um hvernig fylgt hafi verið eftir tillögum nefndar um Ísland sem alþjóðlegrar fjármálamiðstöðvar. Hann kvað það hafa verið gert með því að sett hafi verið lög um starfstengda eftirlaunasjóði, lagt hafi verið fram frumvarp til laga, sem fæli í sér skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum, ákveðið hafi verið að stefna að því að lækka tekjuskatt á fyrirtækjum og unnið hafi verið markvisst að því að „draga úr skrifræði og kostnaði í reglusetningum hins opinbera, m.a. undir formerkjum þriggja ára aðgerðaáætlunar sem kallast Einfeldara Ísland.“ Þessu til viðbótar hafi verið ákveðið að leggja nýjan sæstreng milli Íslands og Evrópu, en öruggt fjarskiptasamband væri „ein af meginforsendum þess að hægt sé að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegt land fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 7. mars 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Í tölvubréfi, sem Finnur Sveinbjörnsson sendi meðal annars til ákærða 8. mars 2008, var greint frá fundi, sem haldinn hafi verið daginn áður með þátttöku tiltekinna starfsmanna viðskiptabankanna, innlendum og erlendum almannatenglum í þjónustu bankanna ásamt fulltrúum viðskiptaráðs og utanríkisráðuneytisins. Þar var þess getið að Landsbanki Íslands hf. kynni upphaflega að hafa talið sig hafa „einhverja sérstöðu umfram hina bankana“, en ljóst væri að hún væri óðum að hverfa, að minnsta kosti „ef skuldatryggingarálag er notað sem mælikvarði.“ Þá sagði að fullvíst væri talið að „neikvæð umræða sumra erlendra banka og einstakra miðla stafi af eiginhagsmunahyggju“, enda hafi íslensku bankarnir keppt undanfarið við erlenda banka, sérstaklega um innlán. Að öðru leyti voru ítarlega raktar hugmyndir um aðgang að fjölmiðlum, svo og fundi, sem nýta mætti til kynningar á stöðu íslensks efnahags og fjármálafyrirtækja.

Á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands hf. 10. mars 2008 kom meðal annars til umræðu hækkandi skuldatryggingarálag allra íslensku bankanna og var þess getið í fundargerð að þótt bankinn hafi „haldið leiðandi stöðu sinni“ með lægsta álagið af þeim þremur væri „ljóst að álagið er alltof hátt og getur alls ekki staðist til lengri tíma.“ Þá kom fram að heildarinnlán á Icesave reikningum í Bretlandi væru um 4.675.000.000 sterlingspund og væri um fjórðungur þeirrar fjárhæðar á bundnum reikningum, en meðalinnstæða hafi lækkað hratt úr 45.000 sterlingspundum í 35.000. Í undirbúningi væri að bjóða sams konar reikninga í Hollandi, sem vonast væri til að gæti hafist í sumarbyrjun. Í tengslum við þetta var rætt um innlánstryggingar og þess getið að „Evrópubandalagsreglur gera ráð fyrir samræmdri skyldu ríkisstjórna til að ábyrgjast allt að EUR 20 þús.“ Einnig var rætt um lækkaða lánshæfiseinkunn bankans hjá Moody's Investors Service.

Sama dag ritaði Landsbanki Íslands hf. bréf til Fjármálaeftirlitsins og vísaði til fyrra bréfs síns 6. september 2007, þar sem tilkynnt var ráðagerð um að taka við innlánnum í útibúi bankans í Hollandi. Með þessu nýja bréfi sendi bankinn „ítarlegri kynningu á fyrirhugaðri innlánaþjónustu á einstaklingsmarkaði hjá útibúi Landsbankans í Amsterdam sem bera mun heitið Icesave.nl.“ Í kynningunni var meðal annars fjallað um innlánstryggingar og tekið fram að með því að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta veitti „einungis lágmarksvernd sem nemur um € 20.000 hefur útibú bankans í Hollandi sótt um aðild að hollenska innlánatryggingarkerfinu ... hjá hollenska Seðlabankanum ... til að tryggja innstæðueigendum Icesave.nl í

Hollandi sömu vernd og hollenska kerfið veitir.“ Tryggingin myndi samkvæmt því nema allt að 38.000 evrum.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 11. mars 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

11

Ákærði flutti ræðu hjá íslensk-ameríska verslunarráðinu 13. mars 2008. Þar fjallaði hann meðal annars um íslensk fjármálafyrirtæki og kvað þau standa undir um 10% af vergri landsframleiðslu, en eignir þeirra væru um áttföld sú framleiðsla. Einkavæðing ríkisviðskiptabanka, samruni banka og verulegar skattalækkunar hafi staðið að baki þeirri þróun og bankarnir breyst í alþjóðleg fyrirtæki, sem hafi bætt nýrri og mikilvægri stoð undir efnahagslífið. Ríkisstjórnin væri ákveðin í að tryggja að skilyrði yrðu til áframhaldandi velgengni á þessu sviði. Bankarnir hafi vissulega fundið fyrir óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sem hafi dregið úr aðgangi að lánsfé, en þeir væru allt að einu sterkir að mati Fjármálaeftirlitsins og teldi ákærði þá myndu standa af sér óveður á mörkuðum.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 8. fund sinn 18. mars 2008. Undir dagskrárlið um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum greindi Jónas Fr. Jónsson frá því samkvæmt fundargerð að hjá stærri bönkunum væri „orðið þröngt um laust fé í erlendri mynt“ og væru helstu áhyggjuefnin gengislækkun „íslensku krónunnar, lækkun hlutabréfa kjölfestufjársfesta og veikari staða eignarhaldsfélaga.“ Tryggvi Pálsson hafi sagt lausafjársvanda meira knýjandi en áður hafi verið talið og bærast „neikvæður tónn“ frá erlendum bönkum og fjárfestum. Hann hafi bætt því við að „hættan væri orðin veruleg og bráð.“ Ingimundur Friðriksson hafi tekið fram að það virtist erfitt að efla gjaldeyrisforðann og reynt hafi verið að koma á samstarfi við erlenda seðlabanka. Hann hafi ásamt Davíð Oddssyni átt fund með stjórnendum Englandsbanka, sem væri vonast til að skilaði árangri en „fyrstu viðbrögð vekja hóflega bjartsýni.“ Þá hafi verið kynntar tillögur Andrew Gracie frá 29. febrúar 2008, sem áður var getið.

Starfshópur Seðlabanka Íslands um lausafjársvanda kom einnig saman til fundar 18. mars 2008. Samkvæmt fundargerð greindi Tryggvi Pálsson þar frá áður nefndum fundi samráðshópsins sama dag og var farið yfir „stöðuna almennt á fjármálamörkuðum.“ Þá hafi Tryggvi reifað fyrirnefndar tillögur Andrew Gracie og hafi verið „samþykkt að fara að hans ráðum varðandi næstu skref.“ Tryggvi hafi lagt

„áherslu á að safna saman helstu úrræðum og setja upp á skipulagðan hátt“ og hafi starfshópurinn í því skyni skipt með sér verkum á nánar tiltekinn veg.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 18. mars 2008. Samkvæmt fundargerð tók samgönguráðherra, Kristján L. Möller, upp „umræður um stöðu efnahagsmála í landinu og beindi fyrirspurn til forsætis- og fjármálaráðherra um gjaldeyrismarkaðinn, áhrif á gengi og efnahagsmálin.“ Sagði jafnframt að „forsætisráðherra fór yfir stöðu mála“ og „málið rætt.“

12

Jón Steinsson hagfræðingur sendi tölvubréf til ákærða 20. mars 2008, sem hófst með þeim orðum að þetta hafi „aldeilis verið viðburðarrík vika. Og líklega er skjálfti í mörgum varðandi það hvernig markaðir opna á þriðjudaginn.“ Kvað Jón útlitið frá sínum bæjardyrum vera þannig að margir fagfjárfestar væru í vandræðum. Það væri þó mjög tvíeggjað fyrir ríkið að grípa til sérstakra aðgerða til að hjálpa þeim og væri slíkt aðeins „réttlætanlegt ef aðgerðirnar eru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir að hagkerfið fari á hliðina“. Einnig væri „nauðsynlegt að vera með einhvers konar plan tilbúið ef til þess kemur að t.d. einn af stóru bönkunum lendir í verulegum vandræðum“, sem vísast myndi stafa af erlendri fjármögnun hans. Þyrfti þá ríkið að taka stórt erlent lán og endurlána þeim banka, en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi verið stofnaður til að veita slík lán og mætti ætla að ríkið gæti þar fengið ágætis kjör. Aðalvandinn yrði hvaða kjör ríkið myndi bjóða bankanum, sem væri í vanda. Ef til vill hefði lán frá sjóðnum of neikvæð áhrif á ímynd íslensku bankanna, þannig að betra yrði að gefa út skuldabréf í evrum og selja þau. Í öllu falli væri „líklega mikilvægt að vera með slíkt plan að einhverju leyti tilbúið þar sem svona hlutir gerast hratt þegar þeir gerast.“ Meginvandinn væri á hinn bóginn sá að bankarnir ættu ekki erfitt með að fjármagna sig í krónum, heldur í erlendum gjaldmiðlum. Væri því „spurning hvort ríkið og Seðlabankinn eigi að bjóða bönkunum upp á einhverja fjármögnunarkosti í erlendri mynt áður en málin komast á það stig að einhver bankanna verður kominn í veruleg vandræði.“ Það myndi „slá á ótta markaðarins ef ríkið byði bönkunum fjármögnunarlínu í evrum upp á svo sem milljarð evra (samtals)“, en það yrði flókið, því ákveða þyrfti veð og kjör.

Richard Portes, prófessor í hagfræði við London Business School, sendi tölvubréf 20. mars 2008 til Finns Oddssonar framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs og lýsti þeirri skoðun að einhver yrði að greina ákærða, Davíð Oddssyni og eftir atvikum forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá því að ýrtruðu aðgerða væri þörf. Þeir tveir

fyrstnefndu eða allir þrír yrðu að lýsa því yfir opinberlega að bankarnir væru í grundvallaratriðum traustir, öll úrræði Seðlabanka Íslands og íslenska ríkisins stæðu þeim að baki og það yrði ekki látið viðgangast að þeir féllu. Jafnframt yrði alvarlega að íhuga hvernig fengist yrði við spákaupmenn. Tölvubréfinu lauk með spurningu um hver væri í nægilega sterkri stöðu til að knýja á um þetta við ákærða og Davíð Oddsson. Tölvubréf þetta var framsent samdægurs til ráðuneyttisstjórans í forsætisráðuneytinu með svofelldri orðsendingu: „Hér neðar fara skilaboð frá Portes. Hann er áhyggjufullur, enda búinn að vera stöðugt að tækla fréttamenn frá FT o.fl. vegna Íslands. Ég velti fyrir mér hvort það væri ástæða til að setja upp conference call með honum og Geir og mögulega nánustu efnahagsráðgjöfum Geirs, svo hann geti útskýrt frekar.“ Ráðuneyttisstjórinn framsendi þessi tölvubréf sama dag til ákærða og lét þess getið að sér fyndist „þetta kannski fulllangt gengið, er það ekki?“ Finnur Sveinbjörnsson, sem jafnframt hafði fengið síðastnefnt tölvubréf, sendi í framhaldi af þessu svar til ráðuneyttisstjórans og ákærða, þar sem sagði meðal annars eftirfarandi: „Ég sá fréttaviðtalið við Davíð O. í gær á netinu. Því miður notaði hann býsna sterk orð. Mér fannst þó jákvætt að hann gat þess ... að til stæði að rýmka reglur um aðgengi fjármálafyrirtækja að lausafé. Ég skil vel áhyggjur Portes. Bæði er að hann fylgist vel með bönkunum og sér CDS-álagið hækka sífellt og margir (neikvæðir) fjölmiðlamenn leita til hans um álit og skýringar. Geir hefur sagt afdráttarlaust að fjárhagsstaða ríkis/Seðlabanka sé það sterk að þessir aðilar geti og muni grípa inn í ef á þarf að halda. Mér hefur fundist þessar yfirlýsingar afdráttarlausar og ég er ekki viss um að það sé við hæfi eða hjálpi að setja upp dæmi ... eða sýna einhverja útreikninga á því hvernig aðkoma ríkis/Seðlabanka gæti orðið ef til kæmi. Hvort núverandi ástand sé orðið þannig að það kalli á róttækar aðgerðir ... krefst nánari umræðu. Slíkt getur orðið tvíeggjað sverð fyrir utan það að vera hápólítískt álitaefni. Það eru ótal dæmi um það að stjórnvöld/seðlabankar reyni að berjast gegn markaðinum, fyrst og fremst til að verja/stýra gengi gjaldmiðla, en með misjöfnum árangri. Það má ekki gleyma því að „alvöruspákaupmenn“ hafa mikið fé handa á milli. En að Portes hitti samráðshópinn hans Bolla á símafundi?“

Finnur Oddsson sendi tölvubréf til ráðuneyttisstjórans í forsætisráðuneytinu 20. mars 2008 og fylgdi því minnisblað Viðskiptaráðs til ákærða, en í bréfinu sagði meðal annars: „Það er ljóst að staðan er grafalvarleg og það þolir enga bið að nú sé gripið til aðgerða sem senda skýr skilaboð um styrkan stuðning við fjármálakerfið.“ Minnisblaðið hófst með eftirfarandi orðum: „Ísland rambar í dag á barmi fjármála- og

gjaldreyriskreppu. Ástæður þeirrar stöðu sem nú er upp komin eru margvíslegar og verða ekki reifaðar hér. Ljóst er að staðan mun aðeins versna ef ekki kemur til umsvifalausra aðgerða af hálfu hins opinbera og Seðlabanka Íslands. Þess má geta að yfir páska hátíðir eru markaðir opnir í tvo daga erlendis en engan á Íslandi. Ísland er hinsvegar stöðugt í fréttum erlendra fjölmiðla og á því verður ekkert lát yfir páskahelgina. Fréttir af stuðningsaðgerðum við fjármálakerfið verður að flytja fyrir opnun markaða á þriðjudag, 25. mars, sem mótvægi við erlendan fréttáflutning af slæmri stöðu. Eins og áður kemur fram þurfa þær fréttir að berast frá stjórnvöldum, en fyrst og fremst frá Seðlabanka Íslands. Hér er um dagspursmál að ræða. Þrátt fyrir að ástand á íslenskum fjármálamarkaði sé alvarlegra en öðrum mörkuðum, virðist hingað til hafa verið minna um aðgerðir sem sporna gegn slíkum vandamálum en í öðrum löndum.“ Í tillögum Viðskiptaráðs um aðgerðir, sem komu í framhaldinu, voru meðal annars teknar upp sömu ábendingar og fram höfðu komið frá Richard Portes um nauðsyn yfirlýsinga frá forsætisráðherra og Seðlabanka Íslands. Ráðuneytisstjórinn framsendi þetta tölvubréf til ákærða með orðsendingu, þar sem meðal annars sagði eftirfarandi: „Mér sýnist þetta skýra sig nokkuð sjálft og fyrirhugaðar aðgerðir sem verða kynntar á mánudag eru í takt við þessar hugmyndir. ... Það er síðan sjálfsagt að bæði DO, ÁMM og þú lýsi yfir stuðningi við bankana við þetta tækifæri sem kæmi í kvöldfréttirnar á mánudag. Hins vegar er varla hægt að ganga lengra en gert hefur verið með yfirlýsingar um að ríki og SÍ muni „bjarga“ bönkunum.“

Forstjóri Heritable Bank Ltd. gerði minnisblað 20. mars 2008, sem sent var auk annarra til bankastjóra Landsbanka Íslands hf., en í því var sett upp áætlun um hvernig standa mætti að því að flytja Icesave reikninga og tilsvarandi eignir frá útibúi síðarnefnda bankans í London yfir í fyrnefnda bankann. Þar var einnig tekið fram að með þessu myndi starfsemi í tengslum við reikningana eiga undir eftirlit breska fjármálaeftirlitsins, FSA, og jafnframt ættu reikningarnir undir breska innlánstryggingarkerfið. Nauðsynlegt yrði að færa eignir yfir í Heritable Bank Ltd. til að styðja við þessa auknu starfsemi, svo og að gera samning með samþykki FSA um flutning innstæðufjár frá þeim banka til Landsbanka Íslands hf. Forstjórinn hvatti til þess að fundur yrði haldinn um þetta 31. mars 2008 til að taka ákvarðanir og benti á að það gæti tekið nokkurn tíma að koma fram flutningi innstæðnanna með atbeina dómstóla.

Greiningardeild bankans J.P. Morgan birti skýrslu um íslenskan fjármálamarkað 21. mars 2008. Þar var fjallað um efnahagsmál á Íslandi, stöðu viðskiptabankanna

þriggja og hvernig framvinda mála gæti orðið, en skýrslunni lauk með því að bent var á að greiðsluþrot eins bankans eða fleiri gæti haft veruleg áhrif á alþjóðlegum fjármálamarkaði, þar sem skuldabréf frá þeim væri víða að finna í svonefndum skuldavafningum. Viðbrögð á Íslandi á komandi dögum og vikum hefðu þannig ekki aðeins veruleg áhrif hér á landi, heldur almennt á alþjóðlegum mörkuðum.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 9. fund sinn 25. mars 2008. Samkvæmt fundargerð lagði Ingimundur Friðriksson þar fram fréttatilkynningu frá Seðlabanka Íslands um hækkun vaxta og „breytingar á reglum.“ Hann hafi skýrt „ástæður aðgerða bankans“ og bætt við „að reglubundnum gjaldeyriskaupum bankans hefur verið hætt tímabundið.“ Þá sagði að rætt hafi verið um „þróun á erlendum mörkuðum sem hafa braggast í bili“, svo og að „skilmálar í lánum íslensku bankanna geta leitt til þess að lánasamningum yrði rift ef viðkomandi banki fer í yfirtöku eða sameiningu.“ Fjármálaeftirlitið og seðlabankinn hafi tekið saman „yfirlit um helstu mögulegu aðgerðir“, þar sem meðal annars væri að finna greiningu á innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða með yfirliti um stærðardreifingu innstæðna og samantekt um úrræði stjórnvalda vegna óróleika á fjármálamörkuðum, en að „loknum umræðum var skjölunum skilað aftur“ og ákveðið að unnið yrði frekar við þessi yfirlit. Þau liggja ekki fyrir í málinu.

Lögfræðistofan Allen & Overy LLP skilaði til Landsbanka Íslands hf. álitserð 25. mars 2008 um ýmis atriði í tengslum við stofnun dótturfélags í Hollandi til að taka yfir í heild eða að hluta starfsemi, sem þar hafi farið fram í útibúi.

Fulltrúar Seðlabanka Íslands og Landsbanka Íslands hf. áttu fund 25. mars 2008. Af hálfu seðlabankans sátu fundinn Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason, Sigurður Sturla Pálsson og Tryggvi Pálsson, en af hálfu Landsbanka Íslands hf. Sigurjón Þ. Árnason og Jón Þorsteinn Oddleifsson. Samkvæmt minnispunktum um fundinn kom meðal annars þar fram að um 77.000.000 sterlingspund hafi farið út af Icesave reikningum „vegna fréttu í breskum blöðum.“ Þá sagði eftirfarandi í lið undir fyrrisögninni aðgerðir: „Covered bond: Setja gjaldeyrisskapandi lán bankanna, þ.e. sjávarútvegslánin (≈ 2 ma.) í sértryggð skuldabréf sem stjórnvöld hefðu til tryggingar fyrirgreiðslu sinni og þar með tryggja erlendu lántökurnar. NO THIRD PARTYS GUARANTEES skilmálar í erl. lánasamningum Landsbankans. CHANGE OF CONTROL skilmáli hjá yfirtekna bankanum (Glitni) gætu líka valdið vanda. Sigurjón afhenti drög að yfirliti um skilmála í lánum LÍ. Sigríði Logadóttur afhent plaggið.“

Í málinu liggur fyrir að Seðlabanki Íslands hafi tilkynnt 25. mars 2008 að hann hafi breytt reglum um bindiskyldu á þann hátt að skuldbindingar erlendra útibúa íslenskra banka ættu ekki lengur að mynda grunn bindingar.

Ákærði flutti ræðu á ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars 2008, þar sem hann sagði meðal annars eftirfarandi: „Neikvæð umfjöllun um íslensk efnahagsmál eins og birst hefur í nokkrum erlendum dagblöðum að undanförunu hefur komið okkur í opna skjöldu. Þegar horft er á staðreyndir í efnahagslífi okkar kemur í ljós að öllum hagtölum og hagspám ber í meginatriðum saman um að horfurnar séu góðar, staða efnahagsmála sé í meginatriðum sterk og staða bankanna traust. Þetta hefur verið rækilega staðfest af þekktum erlendum fræðimönnum ... Mikill hagvöxtur síðustu ár hér á landi ásamt velheppnaðri einkavæðingu hefur skilað sér í góðri afkomu ríkissjóðs sem meðal annars hefur verið nýtt til að greiða niður skuldir. ... Það þýðir að ríkissjóður hefur mikinn fjárhagslegan styrk og getur tekið að láni verulegar fjárhæðir ef á þarf að halda. Það er því engum vafa undirorpið að ríkissjóður og Seðlabankinn gætu hlaupið undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu. Ég hef ítrekað verið spurður um þetta af erlendum aðilum á liðnum vikum og hef ávallt svarað því til að íslensk stjórnvöld muni við slíkar aðstæður hiklaust grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld annars staðar. Þetta vil ég áréttta. ... Fjármálafyrirtæki um allan heim glíma um þessar mundir við tímabundið andstreymi. Íslensk fjármálafyrirtæki finna fyrir þessum aðstæðum en til viðbótar hafa stóru bankarnir þrír þurft að glíma við það vandamál að svokallað skuldatryggingaálag hvers þeirra hefur rokið upp úr öllu valdi. Að mínu mati er þetta fullkomlega órökrétt því tölur úr rekstri og efnahag bankanna gefa ekkert tilefni til þessarar þróunar. ... Íslenskt bankakerfi og íslensk efnahagsmál standa traustum fótum þótt á móti blási um þessar mundir. Kerfisbundið afnám ýmiss konar hafta í efnahagsstarfseminni á síðustu fimmtán árum eða svo, einkavæðing, markvissar skattalækkanir og alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs hafa þegar skilað stórfelldum ávinningi og lagt grunninn að nýju framfaraskeiði á komandi árum. Við munum hiklaust halda áfram á þeirri braut þegar við höfum unnið okkur út úr þeim tímabundnu erfiðleikum sem nú steðja að.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til funda 25. og 28. mars 2008. Samkvæmt fundargerðum voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Bankastjórar Seðlabanka Íslands, Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, áttu ásamt Sigurði Sturlu Pálssyni og Tryggva Pálssyni fund

30. mars 2008 með bankastjórum Landsbanka Íslands hf., Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni, ásamt Jóni Þorsteini Oddleifssyni. Samkvæmt minnispunktum frá fundinum greindi Halldór J. Kristjánsson frá því að enn hafi fé streymt út af Icesave reikningum í kjölfar „slæmra fréttu í dag“, en „í umræðunni“ sé uppi tortryggni vegna íslenskra innstæðutrygginga. Frá byrjun ársins hafi verið tekin út af þessum reikningum um 600.000.000 sterlingspund og hafi heildsöluinnlán að auki lækkað um 600.000.000 evrur. Sigurjón Þ. Árnason hafi látið þess getið að aukinn fréttuflutningur ylli því „að fólk rífur út“ innstæður sínar. Um 125.000.000 sterlingspund hafi verið tekin út „um helgina og þá er 1/3 Icesave farið.“ Jafnframt að bankinn hafi átt viðræður við breska fjármálaeftirlitið, FSA, sem vilji að Landsbanki Íslands hf. „fari undir þeirra regluverk“, en þá verði að færa eignir til Bretlands og setja inn í dótturfélag. Þetta hafi bankinn ætlað að gera á sex mánuðum, en um tvær leiðir væri að velja, annaðhvort „að láta dómskerfið færa eignirnar“ eða senda eigendum innstæðna bréf og færa þær ef þeir geri ekki athugasemdir. Hann bætti síðan við: „Við getum ekki uppfyllt skilyrði FSA því heildsöluinnlánin eru að hverfa út. ... Við ráðum ekki við þetta einir. ... Líkurnar á að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta eru mjög mjög litlar. ... Ef einhver „panikerar“ núna þá myndast „run“ og menn fá ekki nema 1/3 krafna.“

Umræður voru á Alþingi 31. mars 2008 um ástandið í efnahagsmálum. Þar sagði ákærði meðal annars eftirfarandi: „Það er hins vegar fátánleg kenning að halda því fram að ríkisstjórnin eða Seðlabankinn, yfirvöld í landinu, séu ekki að gera neitt út af því ástandi sem upp hefur komið. Fólk talar saman og vinnur vinnuna sína þó að ekki séu upphrópanir um það á hverjum einasta degi í fjölmiðlum. Bankinn undirbjó aðgerðir um páskahelgina og hafði um það gott samstarf við ríkisstjórnina, þ.e. þau atriði þar sem eðlilegt er að hafa slíkt samstarf. Að sjálfsögðu ekki um vaxtaákvörðunina vegna þess að hún er alfarið á ábyrgð bankans. En í framhaldi af þessum samtölum er ríkissjóður nú að gefa út ný skuldabréf og það er auðvitað ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera það þó að bankinn annist framkvæmdina ... Seðlabankinn hefur síðan, eins og aðrir seðlabankar um víða veröld, verið að gera ráðstafanir til að auka lausafé bankanna til að hlaupa undir bagga með þeim“.

Seðlabanki Íslands tilkynnti 1. apríl 2008 að matsfyrirtækið Standard & Poor's Financial Services hafi tekið lánsþæfiseinkunnir íslenska ríkisins til athugunar „með neikvæðum vísbendingum“. Þetta hafi verið gert sökum þess að fyrirtækið teldi upplýsingar skorta „um hvernig íslensk stjórnvöld ætla að takast á við aukin

efnahagsleg viðfangsefni“, sem stafi að mestu af þrýstingi „í tengslum við lánsfjármögnun Íslands í erlendum gjaldmiðli sem gæti leitt til beins opinbers stuðnings við þrjá stærstu bankana“. Seðlabankinn tilkynnti einnig sama dag að matsfyrirtækið Fitch Ratings hafi breytt horfum fyrir lánsþæfiseinkunnir ríkisins úr stöðugum í neikvæðar og væri það tengt því að lánsþæfiseinkunnir þriggja stærstu bankanna væru til „neikvæðrar athugunar“. Fyrirtækið hafi ítrekað að lánsþæfi ríkisins stæði á sterkum grunni, en engu að síður væri „stærð íslenska fjármálakerfisins á samstæðugrunni í lok júní 2007 næstum 900% af vergri landsframleiðslu og því gefur það til kynna mikilvægi þess að viðbrögð stjórnvalda við vanda í fjármálakerfi séu viðeigandi og yfirveguð ... og feli í sér stuðning og efla traust á bönkunum án þess að grafa undan lánsþæfi ríkissjóðs.“

Ákærði og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir funduðu með bankastjórn Seðlabanka Íslands 1. apríl 2008. Samkvæmt minnisblaði, sem Ingibjörg Sólrún gerði um fundinn, greindi Davíð Oddsson frá því að 193.000.000 sterlingspund hafi „runnið út af Icesave reikningum um helgina og þar til þennan dag. Sagði að Landsbankinn gæti þolað svona í 6 daga.“ Jafnframt að breska fjármálaeftirlitið vildi að Landsbanki Íslands hf. færði þessa reikninga yfir í breskt dótturfélag, líklega vegna reglna um innstæðutryggingar, en bankinn yrði að leggja fram tryggingu að fjárhæð 1.500.000.000 sterlingspund „til að vera trúverðugur.“ Bankinn ætti ekki nema um þriðjung þeirrar fjárhæðar og hafi verið spurt hvort „Ísland (!) geti tryggt bankanum 1 milljarð punda á 8 dögum.“ Ekki hafi komið fram hvernig seðlabankinn hafi svarað þeirri spurningu. Hann hafi undanfarið leitað „fyrir sér um lánalínur“ og þegar gert samning um eina, en ætti í viðræðum við evrópska seðlabankann „um 2 milljarða evra“ og breska seðlabankann „um 3 milljarða evra“, en um hvorugt væri komin niðurstaða. Mikilvægt væri að sýna fram á að slíkt samstarf væri komið á. Tækist að fá aðgang að „5 milljörðum evra í gegnum lánalínur“ kæmi það í sama stað niður og að auka gjaldeyrisforðann, en að öðrum kosti yrði að „fara í skuldabréfaútgáfu“.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt sinn 10. fund 1. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð kom þar til umræðu að erlendu innlánsreikningarnir Kaupthing Edge færu vaxandi í Bretlandi, en Icesave reikningar færu minnkandi. Af því tilefni hafi Áslaug Árnadóttir bent á hversu mikilvægt væri að Kaupthing banki hf. væri með þessa starfsemi í erlendu dótturfélagi í stað þess að hafa hana í útibúi eins og Landsbanki Íslands hf. Hún hafi einnig getið þess að hún hafi sem formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta nýlega átt fund með sendinefnd

frá breska tryggingarsjóðnum, þar sem komið hafi fram að í undirbúningi væru breytingar á reglum um hann, sem myndu gera samanburð við íslenska sjóðinn „enn óhagstæðari“. Á fundinum var síðan farið yfir tvö vinnuskjöl, annars vegar skjal með fyrrsögninni: „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum“, sem Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið höfðu tekið saman, og hins vegar skjal um mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði, sem bankinn hafi gert. Í fyrrnefnda vinnuskjalinu sagði að samantektin þar væri gerð í samræmi við tillögur, sem Andrew Gracie hafi sett fram, og beindist að tvenns konar úrræðum, annars vegar til að „losa um lausafjárþrengingar á fjármálamörkuðum“ og hins vegar vegna „lausafjár- eða eiginfjárvanda fjármálafyrirtækis“. Vegna þess fyrrnefnda gæti seðlabankinn þurft að falla frá skilyrðum um lánshæfismat útgefenda skuldabréfa, slaka á bindiskyldu fjármálafyrirtækja, gefa út innstæðubréf, víkka út veðreglur, gera gjaldmiðlaskiptasamninga við aðra seðlabanka, gefa út skuldabréf í evrum, efla gjaldeyrisforðann, gera gjaldmiðlaskiptasamninga við fjármálafyrirtæki og eiga endurhverf viðskipti með gjaldeyrisforða við erlend fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið gæti þurft að auka upplýsingagjöf og samskipti, hvetja til samruna eftirlitsskyldra fyrirtækja og beita álagsprófum. Stjórnvöld gætu orðið að auka sjóðstreymi frá Íbúðalánasjóði til fjármálafyrirtækja, veita lífeyrissjóðum heimild til að lána verðbréf, leitast við að fá gerðan nýjan samning milli Norðurlandanna um fjármálastöðugleika og viðbúnaðarstarf, hvetja fjármálafyrirtæki til að flytja erlend innlán úr útibúum í dótturfélög, stöðva vöxt sinn og selja eignir, liðka fyrir um sameiningu fjármálafyrirtækja og setja gjaldeyrisskapandi lán bankanna í sértryggð skuldabréf. Vegna viðbragða við lausafjárvanda eða eiginfjárvanda fjármálafyrirtækja gæti seðlabankinn þurft að veita ýmsar tilslakanir, svo sem á bindiskyldu, lýsa opinberlega yfir trausti á fjármálakerfinu og einstökum fjármálafyrirtækjum, lýsa yfir ábyrgð á skuldbindingum fjármálafyrirtækis og veita þrautavaralán. Fjármálaeftirlitið kynni að þurfa að grípa til vettvangsathugana og sérstakrar endurskoðunar, beita sér fyrir markaðslausnum, skipa sérfræðinga til að kanna þætti í rekstri fjármálafyrirtækja og huga að breytingum á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, þar á meðal til að geta boðað til hluthafafunda, tekið yfir vald þeirra, takmarkað vald félagsstjórnar eða vikið henni frá og takmarkað starfsheimildir fjármálafyrirtækja. Stjórnvöld yrðu að vera því viðbúin að hvetja til markaðslausna, loka bönkum sem ekki væru kerfislega mikilvægir, veita eiginfjárframlög, breyta lögum til að geta fært bankaviðskipti til

þriðja aðila, mynda bráðabirgðabanka til að taka yfir starfsemi meðan á endurskipulagningu stæði og þjóðnýta banka.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 1. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

14

Þorsteinn Þorgeirsson starfsmaður í fjármálaráðuneytinu ritaði tölvubréf 2. apríl 2008 til ráðuneytisstjóra þess og fjármálaráðherra, þar sem greindi frá því að hann hafi ásamt Finni Sveinbjörnssyni farið á fund með starfsmönnum bankans J.P. Morgan. Þeir hafi meðal annars lýst þeirri skoðun að alþjóðalega fjármálakerfið yrði um hálf tveimur árum „að klóra sig fram úr vandanum“, en hann væri þó meiri á jaðri þess, eins og á Íslandi. Erfiðara væri að „selja pappíra þaðan“ og þótt undirstöður í íslensku bönkunum væru góðar væri „ímyndin einfaldlega sú að þeir væru í sjálfheltu hvað fjármögnun varðar og að aðeins aðgerðir ríkissjóðs geti leyst þá úr þeirri stöðu og hjálpað þeim að endurheimta lánstraustið sem þeir nutu áður.“ Útséð væri að þeir fengju nokkurn tíma aftur þau góðu kjör, sem hafi verið í boði fyrir stuttu. Seðlabanki Íslands væri ekki „álitinn trúverðugur þrautavari“, enda hafi hann ekki sýnt að hann hefði nægilegan aðgang að erlendu lánsfé. Markaðsaðilar teldu þörf íslensku bankanna fyrir erlent fé verulega og væri mikilvægt að stjórnvöld settu á fót sjóð til að koma þeim til aðstoðar. Yrðu aðgerðir stjórnvalda ekki fullnægjandi að mati markaðsaðila gæti atlagan hafist fyrir alvöru og afleiðingarnar orðið alvarlegar fyrir fjármálastöðugleika hér á landi. Það væru öðru fremur hagsmunir þjóðarinnar að „bankarnir fengju þá líflínu fjármagns“, sem þeir þyrftu, og yrði það að gerast hratt. Seðlabankinn þyrfti að gera samninga við nokkra erlenda seðlabanka um aðgang að fé þeirra, bjóða svo út skuldabréf til um tíu ára og afla þannig fjár til að „endurfjármagna bankana“. Yrði að tryggja aðgengi að 10.000.000.000 evrum, byggja upp gjaldeyrisvarasjóð og endurlána bönkunum, en vaxtamunur yrði í raun kostnaðurinn af þessu. Hann væri miklum mun minni en kostnaður þjóðfélagsins „af hrúni bankakerfisins.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 11. fundar síns 2. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð kvað Bolli Þór Bollason tíma kominn til að „taka saman aðgerðaráætlun og draga mörkin“, en hann hafi skilið „málið ráðherramegin“ þannig að taka ætti á stóru bönkunum þremur og innlánstryggingum. Ákveðið var að skipa tvo vinnuhópa, annan sem myndi „setja á blað trúverðuga sviðsmynd“ af því að einn bankanna „lenti í vanda“ og hinn til að greina álitafni

varðandi innlánstryggingar og draga upp „tillögu að yfirlýsingu stjórnvalda sem grípa mætti til ef þörf er talin á“, en þessir hópar tækju til starfa samdægurs. Þá kom fram að rætt hafi verið um að bankarnir yrðu sjálfir að „grípa til allra nauðsynlegra aðgerða“ og hafi Jónas Fr. Jónsson nefnt að kalla mætti fulltrúa þeirra í forsætisráðuneytið „þegar stefnan liggur fyrir“ til að gera þeim þetta ljóst og hvaða takmarkanir yrðu á opinberri aðstoð. Ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu sendi þessa fundargerð til ákærða með tölvubréfi 5. apríl 2008.

Samráðhópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 12. fund sinn 4. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð dreifði Áslaug Árnadóttir samantekt um innstæðutryggingar og greindi einnig frá „tillögu breska tryggingarsjóðsins um að hann tæki að sér, ef á reyndi, að greiða út bætur til þarlandra innstæðueigenda en fengi síðan endurgreitt frá íslenska tryggingarsjóðnum.“ Í tengslum við þetta hafi Baldur Guðlaugsson bent á að „miða þyrfti útreikninga við að allt færi á versta veg.“ Þá kom fram að vinnuhópur, sem bregða ætti upp „sviðsmynd um áfall“, væri tekinn til starfa og hafi Bolli Þór Bollason lagt áherslu á að báðir hóparnir skiluðu niðurstöðum sem fyrst. Tryggvi Pálsson hafi minnt á aðgerðaáætlun Andrew Gracie, sem gerði ráð fyrir því að „bönkunum yrði stillt upp við vegg þegar hið opinbera er búið að marka stefnuna“.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. rituðu bréf 4. apríl 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, þar sem greint var frá því að bankinn teldi heppilegast að fara þá leið að flytja Icesave reikninga og allar eignir frá útibúi bankans í London til Heritable Bank Ltd., en með því yrðu úr vegi ætluð vandamál í tengslum við íslenska innstæðutryggingarkerfið. Mikilvægt væri að flýta þessum flutningi og væri því ákjósanlegt að fara þá leið að ætla að innstæðueigendur væru honum samþykkir nema þeir létu annað í ljós, en ef lagaleg vandkvæði væru á þessu yrði að leita atbeina dómstóla til flutningsins. Að öðru leyti var lýst í bréfinu ráðagerðum um hvernig staðið yrði að því að færa starfsemi útibúsins yfir til dótturfélagsins og lausafjárstýringu hagað.

Sama dag komu bankastjórar Landsbanka Íslands hf. til fundar við seðlabankastjórana Davíð Oddsson og Ingimund Friðriksson ásamt Tryggva Pálssyni. Samkvæmt minnispunktum frá fundinum var spurt hvort léttara væri yfir íslensku bönkunum og kvað Sigurjón Þ. Árnason það vera og bætti svo við: „Swappum á móti hvor öðrum og fáum pening í ECB. ... Léttara yfir en ekki búnir að leysa vandann. Hræddir við að þessir samningar verði stoppaðir. 13-14% af íslenska kerfinu

fjármagnað í ECB.“ Halldór J. Kristjánsson hafi sagt að Icesave væri „í neikvæðri umræðu“ og væri „góður dagur ef ekki fer meira en 25 m. út.“ Sigurjón hafi svo sagt að „£ 1,2 ma. hafa farið út.“ Halldór hafi upplýst að viðskiptavinir væru um 200.000 og væri „ekki „run“ en FSA að fara á taugum út af þessu.“ Tillaga hafi verið send þennan dag til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, um flutning Icesave reikninganna yfir í Heritable Bank Ltd. FSA hafi verið „með smásmugulegri spurningar“ og væru þeir „hræddir við FSA“, en þar yrði „að fá skilning á hærra plani“.

Samkvæmt fundargerð frá fundi bankaráðs Landsbanka Íslands hf. 7. apríl 2008 kynntu bankastjórar þar ráðagerðir um sameiningu starfstöðva í London og tilhögun, sem rætt hafi verið um við breska fjármálaeftirlitið, en þeir myndu eiga fund með stofnuninni 11. sama mánaðar. Spurt var hvað myndi gerast ef þessum ráðagerðum yrði hafnað og var svar Sigurjóns Þ. Árnasonar eftirfarandi: „Þá verður að hugsa þetta upp á nýtt“. Að því búnu voru tillögur bankastjóranna samþykktar. Á fundinum var einnig farið yfir stöðu og horfur á fjármálamörkuðum og kom fram í því sambandi að mikilvægt væri að „ekki dragist að fá sterkt útspil frá Seðlabankanum.“ Sigurjón hafi lýst þeirri skoðun að „stemningin hérlendis væri alltof jákvæð og væntingar um að ástandið hefði þegar lagast, sem er ekki rétt“, svo og að hugsanleg sameining banka við ríkjandi aðstæður væri „flókin vegna fjármögnunarmála.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 7. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

15

Sigurður Einarsson, formaður stjórnar Kaupþings banka hf., ritaði bréf til ákærða 9. apríl 2008 og sendi jafnframt afrit til Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Í bréfinu lýsti Sigurður þeirri skoðun að ákærða og Seðlabanka Íslands hafi orðið vel ágengt með yfirlýsingum um íslenskt efnahagslíf á undanförunum vikum, en til að fylgja því eftir bað hann um að fá að hitta ákærða á fundi til að greina frá viðbrögðum, sem hann hafi fengið frá mörgum erlendum banka- og fjölmiðlamönnum. Í bréfinu var því lýst nánar hvernig Sigurður teldi að standa þyrfti að næstu aðgerðum, þar á meðal að seðlabankinn næði „samkomulagi við trúverðugan aðila um lánalínur“, og væri þá æskilegt að greina ekki opinberlega frá því hversu stór hún væri. Til að svo gæti orðið þyrfti sá, sem samið yrði við, að hafa „trúverðugleika sem einungis evrópski eða jafnvel bandaríski seðlabankinn hafa“.

Seðlabanki Íslands tilkynnti 9. apríl 2008 að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hefði gefið út ársskýrslu um Ísland, sem fæli í sér „árlega endurnýjun

upplýsinga til markaðarins en ekki ákvörðun um lánshæfismat.“ Samkvæmt skýrslunni standist Ísland mjög vel samanburð við önnur ríki, sem hafi jafn háar lánshæfiseinkunnir, á marga mikilvæga mælikvarða. Það væri mat fyrirtækisins að ekki væri fyrirsjáanlegt „áfall sem myndi raska greiðslugetu stjórnvalda“, en bankakerfið hafi stofnað til mikilla erlendra skulda og væri áhyggjuefni „að þessar óbeinu skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum reyni á getu stjórnvalda sem lánveitanda til þrautavara á þann veg að það samrýmist ekki lánshæfiseinkunninni“. Fyrirtækið teldi einnig að „nýlegar aðgerðir Seðlabanka Íslands hjálpuðu til við að létta á erfiðum fjármögnunarskilyrðum sem bankarnir sæta um þessar mundir.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt sinn 13. fund 10. apríl 2008. Í fundargerð var meðal annars greint frá því að farið hafi verið yfir vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls og komið hafi fram að það yrði að „þrýsta ... á bankana að bregðast við.“ Þá hafi verið dreift skjali um greiðslur úr innstæðueild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ásamt drögum „að auglýsingu um frest til að lýsa kröfum“ og tveimur kostum um „yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.“ Þessi gögn varðandi tryggingarsjóðinn eru meðal gagna málsins, en skjalið, sem fyrst var nefnt og merkt trúnaðarmál, hafði að geyma samantekt um verkferli við kröfugerð á hendur sjóðnum og greiðslu krafna. Drögin að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gáfu að undangenginni lýsingu á meginatriðum laga nr. 98/1999 tvo kosti, þar sem í öðrum sagði eftirfarandi: „Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ríkissjóður muni veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta lán, sem stjórn sjóðsins er heimilt að taka á grundvelli 10. gr. laganna, til að sjóðnum sé fært að greiða kröfuhöfum (lágmarksgreiðslu/greiðslu að fjárhæð xxx).“ Hinn kosturinn var svohljóðandi: „Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ef nauðsyn ber til mun ríkissjóður ábyrgjast allar innstæður/hluta innstæðna í xxx/öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum á meðan óróleiki er á fjármálamörkuðum.“ Samkvæmt fundargerð samráðshópsins var ekki rætt frekar hvernig hagað yrði framhaldi þessa viðfangsefnis.

Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ritaði bréf 14. apríl 2008 til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, þar sem vísað var til samtals, sem þeir hafi átt 7. sama mánaðar, og heimsóknar starfsmanna sjóðsins til Íslands í framhaldi af því. Því til samræmis væri send frumskýrsla sjóðsins um mat á stöðu Íslands, sem gerð hafi verið fyrir þátttakendur í fyrirhuguðum gjaldmiðlaskiptasamningum við seðlabankann. Í bréfinu var sérstök athygli vakin á því að um fernt væri rætt í nánar tilteknum lið í frumskýrslunni og því álituð lóst að þetta væru grundvallaratriðin þegar

tekist yrði á við rót vandans, sem steðjaði að. Þessi atriði voru í fyrsta lagi að telja bankana á að minnka efnahagsreikninga sína og auka þannig trúverðugleika aðgerða, en í þessu skyni yrði að krefja hvern banka fyrir sig um áætlun um hvernig þetta yrði gert, leggja fyrir þá að stöðva greiðslu arðs til hluthafa og bæta þannig lausafjárstöðu sína, krefja þá um áætlun um hversu fljótt þeir gætu aflað lauss fjár með því að selja eignir og takmarka veitingu leyfa til að opna útibú erlendis. Í öðru lagi yrði að halda áfram vinnu við viðbúnaðaráætlun og þá sérstaklega að gera drög að frumvörpum til nauðsynlegra breytinga á lögum ef til þess kæmi að banki félli. Í þriðja lagi yrði að haga fjármálum ríkisins á trúverðugan hátt, þar á meðal með því að halda skuldum þess áfram í lágmarki, en með þessu yrði um leið aukið traust á bankakerfinu ef til þess kæmi að ríkið yrði að hlaupa undir bagga. Bent var á að gagnstætt þessu væri ráðgert í þjóðhagsáætlun að fjárfestingar ríkisins yrðu auknar, félagslegar bætur myndu hækka og skattar lækka. Í fjórða lagi væri síðan ráðgert að reglubundin athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á málefnum Íslands færi fram innan nokkurra mánaða til þess að unnt yrði að leggja mat á þróun mála og veita ráðgjöf um stefnumörkun á grundvelli ítarlegri upplýsinga.

Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands sendi bréf 15. apríl 2008 til æðstu stjórnenda Englandsbanka, seðlabanka Evrópu og seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs. Þar var vísað til þess að Seðlabanki Íslands hafi leitað til þessara fimm banka um að gera við sig gjaldmiðlaskiptasamninga og var því lýst hversu mikilvægir slíkir samningar yrðu og af hvaða sökum. Seðlabankar norrænu landanna þrjú hafi lýst sig reiðubúna til að huga að því að gera slíka samninga að fjárhæð 500.000.000 evrur að fullnægðum vissum skilyrðum, enda tækist samkomulag um ýmis tæknileg atriði. Hinir bankarnir tveir hafi á hinn bóginn áskilið að fengið yrði mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á stöðu Íslands og hafi þess verið aflað. Það mat væri sent með bréfinu og væri óskað eftir viðbrögðum við erindinu svo fljótt sem verða mætti. Með bréfinu fylgdi einnig samantekt Seðlabanka Íslands um stöðu efnahagsmála á Íslandi og fjármálakerfið hér á landi, þar sem jafnframt var gerð grein fyrir tilgangi gjaldmiðlaskiptasamninganna, sem óskað væri eftir að gera.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 15. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð lagði fjármálaráðherra fram nýja þjóðhagsspá, þar sem var meðal annars fjallað um innlendan og alþjóðlegan fjármálamarkað, og var „málið rætt.“ Að öðru leyti ber fundargerðin ekki með sér að rætt hafi verið um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt minnisblaði frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur átti hún ásamt ákærða fund 16. apríl 2008 með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Þar hafi verið greint frá viðræðum seðlabankans um gjaldmiðlaskiptasamninga við Englandsbanka, seðlabanka Evrópu, seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs og Alþjóðagreiðslubankann, en sá síðastnefndi hafi samþykkt að „hækka sína lánalínu“ í 500.000.000 bandaríkjadali og væri tilbúinn að tvöfalda þá fjárhæð. Almennt hafi komið fram hjá bankastjórninni að „þeir væru bjartsýnir á að við fengjum fyrirgreiðslu hjá þessum bönkum ... Viðhorfið hafi verið fremur jákvætt.“ Þá væri búið að gera samning við norrænu bankana „um 1,5 milljarð evra“, en seðlabanki Evrópu hafi gert „kröfu um meðferð“ hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og sá breski hafi farið fram á að fengið yrði álit sjóðsins um að „það stæðist sem sagt væri um íslenskt efnahagslíf.“ Það álit hafi verið fengið. Samningar við norrænu bankana væru „líklega komnir um borð“, en í viðræðum við þann breska hafi verið sóst eftir að fá 3.000.000.000 evrur. Ef lánalínur væru orðnar um „6 milljarðar evra og gjaldeyrisforðinn er styrktur um 2 milljarða evra þannig að hann verði 4 milljarðar evra, er viðbúnaður í heild 10 milljarðar evra sem gæti fælt vogunarsjóðina frá.“ Þá sagði einnig eftirfarandi í minnisblaðinu: „Fram kom að skilyrði IMF og Norrænu bankanna eru eftirfarandi: 1) Hækka þarf gjaldeyrisforðann um 1-2 milljarða evra. 2) Vald Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins verði notað til þess að draga úr umfangi bankanna (down-size). 3) Stefna þarf að breytingu á Íbúðalánasjóði. 4) Draga þarf úr eða halda aftur af ríkisútgjöldum og skoða ákvæði í kjarasamningum um verðtryggingu. 5) Vegna viðkvæmni fjármálakerfisins þarf að gera úttekt á því á vegum IMF (FSAP). Fram kom á fundinum að Seðlabankinn telji ekkert því til fyrirstöðu að hann geti uppfyllt þau skilyrði sem að honum snúa og jafnframt kom fram að við hljótum að fagna úttekt á vegum IMF (article IV)“.

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, ritaði bréf til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 16. apríl 2008. Í upphafi þess var vitnað til viðræðna í liðinni viku, þar sem fram hafi komið að FSA teldi reikninga á borð við Icesave reikninga leiða af sér meiri áhættu vegna lausafjárstöðu en annars konar innlánsreikninga, sérlega við þær aðstæður, sem uppi væru. Að auki væri Landsbanki Íslands hf. undir auknum þrýstingi vegna umfjöllunar í fjölmiðlum ásamt áhyggjum á heildsölumarkaði um styrkleika íslensks efnahagslífs og fjármálafyrirtækja. Til samans ylli þetta hættu á að miklar og örur úttektir gætu orðið af Icesave reikningunum. Að öðru leyti var því lýst hvernig FSA

teldi að samkomulag hafi tekist um atriði varðandi lausafjárstýringu, innstæðutryggingar, vaxtaboð og flutning reikninganna frá útibúi Landsbanka Íslands hf. til dótturfélags hans. Um það síðastnefnda kom fram að sammæli hafi orðið um að þetta yrði ekki gert í flýti og yrði FSA að gera áreiðanleikakönnun á sama veg hvort sem bankinn kysi að leita atbeina dómstóla til að flytja reikningana eða myndi byggja á ætluðu samþykki innstæðueigenda.

Með bréfi til ákærða 17. apríl 2008 greindi framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði efnahags- og gjaldmiðilsmála frá því að fyrr í þeim mánuði hafi verið gerður samningur fjármálaeftirlita, seðlabanka og fjármálamálaráðuneyta ríkja Evrópusambandsins um viðbúnað gegn fjármálaáföllum. Í samningnum væri ákvæði um að ríkjum utan sambandsins á evrópska efnahagssvæðinu byðist að gerast aðilar að honum. Undirritun samningsins væri hafin og ráðgert að henni lyki ekki síðar en í lok júní 2008.

Ákærði flutti ávarp á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins 18. apríl 2008. Þar vék hann meðal annars að því að fjölmiðlar og stjórnmalamenn hafi borið því við að ekkert væri aðhafst vegna þeirra búsifja, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir vegna hremminga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Um þetta sagði ákærði meðal annars: „Sannleikurinn er sá að á vegum ríkisstjórnarinnar, en þó sérstaklega Seðlabankans, hefur að undanfögnu verið unnið baki brotnu að því að greiða úr þeim vanda sem hinar alþjóðlegu aðstæður hafa skapað. Slíkar aðgerðir eru þess eðlis að undirbúningur þeirra tekur langan tíma og ekki er hægt að flytja af þeim fréttir frá degi til dags. Mikil opinber umræða getur verið óheppileg, skapað óraunhæfar væntingar og þar með jafnvel haft neikvæð áhrif.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 18. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Í málinu liggur fyrir minnisblað, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði um fund með ákærða „18. eða 19. apríl“ 2008, en í upphafi þess sagði að hún hafi óskað eftir fundinum „í kjölfar aðalfundar Samtaka atvinnulífsins.“ Meðal þess, sem getið var um í minnisblaðinu, voru viðræður um „efnahagsmálin og mikilvægi þess að það væri annars vegar hugað að björgunaraðgerðum og hins vegar framtíðarsýn“, svo og að Ingibjörg hafi rætt „um krisunefndina á vegum forsætisráðuneytis og mikilvægi þess að fá tillögur frá henni.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 14. fundar síns 21. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð var lagt fram á fundinum og rætt um „endurbætt vinnuskjal“ um sviðsmyndir fjármálaáfalls, en í þessu skjali, sem liggur fyrir í málinu, var brugðið upp þrennum mismunandi aðstæðum, þar sem bankar hefðu ratað í vandræði, og bornar upp allmargar spurningar um hver viðbrögð Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og ríkisins ættu að verða í einstökum atriðum. Leitast var við að svara þessum spurningum og dregnar voru fram niðurstöður, þar sem sagði meðal annars eftirfarandi: „Yfirvöld þurfa að yfirfara viðlagaáætlanir og útbúa heildstæða aðgerðaáætlun, t.d. að setja upp lista yfir aðila sem gætu komið að tímabundinni stjórnun viðkomandi starfsemi, þá valkosti sem yfirvöld standa frammi fyrir, t.d. yfirtöku eigna/skulda, brúunarbanka, sölu eigna, útskiptingar á starfsmönnum o.þ.h. Einnig þyrfti samhliða yfirtöku eigna/skulda að hafa heildstæða áætlun um samskipti við lánadrottna. Yfirvöld þurfa einnig að hefja fjármögnun vegna mögulegra björgunaraðgerða sem allra fyrst og ljóst er að öflun gjaldeyris eða trygg leið til öflunar hans í þessu skyni er bráðnauðsynleg.“ Að lokinni umfjöllun um vinnuskjalið sagði Bolli Þór Bollason að „næstu skref í viðbúnaðarstarfinu“ yrðu í fyrsta lagi að móta „sameiginlega stefnu stjórnvalda og setja þrýsting á bankana“ sem „ráðherrar og stjórnendur FME og SÍ“ myndu gera, í öðru lagi að undirbúa lagafrumvörp, sem fjármála- og viðskiptaráðuneyti myndu annast, í þriðja lagi að sinna málefnum, sem sneru að Íbúðalánasjóði og kæmu í hlut fjármálaráðuneytisins, og loks yrði í fjórða lagi „aðgerðaráætlun útfærð“, en í því efni væri „nauðsynlegt að móta afstöðu fyrir næsta fund um hvernig staðið yrði að gerð aðgerðaráætlunar.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 22. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Aðalbankastjóri Englandsbanka ritaði bréf 23. apríl 2008 til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Þar kom fram að sá fyrirnefndi hafi ásamt samstarfsmönnum sínum farið ítarlega yfir beiðni seðlabankans um gerð gjaldmiðlaskiptasamnings og litið meðal annars til gagna, sem send hafi verið þremur norrænum seðlabönkum vegna sams konar erinda. Eftir þá skoðun hafi aðalbankastjórinn og samstarfsmenn hans ekki sannfærst um að gjaldmiðlaskiptasamningur eins og seðlabankinn óskaði eftir gæti borið árangur. Í því sambandi var vísað til þess að stærð íslensku viðskiptabankanna þriggja væri orðin slík að verulega erfitt yrði fyrir seðlabankann að gegna hlutverki sem lánveitandi til

þrautavara og væri þetta að verða ljóst á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Eina lausnin við þessu væri að bregðast skjótt við með verulegri minnkun íslenska bankakerfisins, svo sem með því að selja einn eða fleiri banka eða stóran hluta erlendra eigna þeirra. Slíkt væri ekki auðvelt, en aðalbankastjórinn væri reiðubúinn að ræða um hvernig alþjóðasamfélagið gæti veitt aðstoð í þeim efnum og taka það meðal annars upp á fundi seðlabankastjóra helstu iðnríkja heims, sem haldinn yrði 4. maí 2008. Ef þetta yrði gert mætti ræða á ný um gjaldmiðlaskiptasamning, þótt hann bæri líklega fremur svip pólitískrar aðgerðar en fjármálalegrar.

Þetta bréf var framsent til ákærða með tölvubréfi frá Seðlabanka Íslands 23. apríl 2008. Síðar sama dag var ákærða einnig sent með tölvubréfi afrit af bréfi, sem formaður bankastjórnar seðlabankans sendi aðalbankastjóra Englandsbanka, en þar var óskað eftir að sá síðarnefndi tæki afstöðu sína til endurskoðunar. Formaður bankastjórnarinnar lýsti sig meðal annars fyllilega sammála því að nauðsynlegt væri að viðskiptabankarnir þrír drægju úr stærð sinni, en gjaldmiðlaskiptasamningur eins og leitað væri eftir myndi einmitt bæta mjög aðstöðu til að koma því í kring.

Ákærði átti fund með forsætisráðherra Bretlands 24. apríl 2008. Samkvæmt minnisblaði um fundinn spurði sá síðarnefndi hvort miklir erfiðleikar væru í íslenskum efnahagsmálum og svaraði ákærði að þeir væru helst „truflanir á lánsfjárstreymi.“ Íslensku bankarnir væru orðnir „nokkuð stórir miðað við íslenskan þjóðarþúskað“, en útlitið væri orðið betra en fyrir nokkrum vikum og til að tryggja frekari bata „hefðu íslensk stjórnvöld áhuga á samstarfi varðandi lánalínur á milli Seðlabanka Íslands og Englandsbanka eða á milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.“ Þetta væri ekki spurning um lánafyrirgreiðslu, heldur „traustvekjandi aðgerð.“ Breski forsætisráðherrann kvaðst þá telja „best að sjá hvaða niðurstaða fengist úr viðræðum Seðlabanka Íslands og Englandsbanka en hann myndi jafnframt ræða við aðalbankastjórnann þar.“ Þessu svaraði ákærði með því að hann hefði „á tilfinningunni að Englandsbanki væri fremur tregur í taumi og það væri miður því vandi Íslands væri aðallega ímyndarvandi.“

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. rituðu bréf 24. apríl 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Þar var greint frá viðhorfum bankastjórnanna til þeirra atriða, sem talin voru í áðurgreindu bréfi FSA frá 16. apríl 2008 og samkomulag hafi tekist um á fundi þeirra 11. sama mánaðar. Flutningur á Icesave reikningum frá útibúi bankans í London til dótturfélags væri þó langtímamarkmið, sem yrði að íhuga vandlega áður en nokkuð yrði gert, en að líkindum yrði skynsamlegast að framkvæma

Þetta með atbeina dómstóla ef og þegar heppilegur tími kæmi til slíkrar aðgerðar. Yrði ákveðið að færa þessa starfsemi í dótturfélag treysti Landsbanki Íslands hf. því að skilmálar, sem samkomulag hafi tekist um, myndu þá gilda. FSA svaraði þessu með bréfi 25. apríl 2008, þar sem nokkrar athugasemdir voru gerðar við skilning bankastjóra Landsbanka Íslands hf. um samkomulag milli þeirra. Þar var einnig tekið fram að FSA væri nú ljóst að flutningur Icesave reikninganna til dótturfélags stæði ekki til innan skamms tíma, en FSA myndi áfram líta á þetta sem valkost og væri reiðubúið til að ræða það frekar.

Tveir af bankastjórum Seðlabanka Íslands áttu ásamt þremur öðrum starfsmönnum bankans fund 25. apríl 2008 með forstjóra Fjármálaeftirlitsins, forstjóra Glitnis banka hf., formanni stjórnar Kaupþings banka hf. og bankastjórum Landsbanka Íslands hf. Samkvæmt minnispunktum um fundinn greindi Davíð Oddsson frá því í upphafi hans að bankastjóri seðlabanka Evrópu hefði hringt til sín „og var niðri fyrir, hálf æstur“ út af mikilli notkun íslensku bankanna þriggja á lausafjárþyrirgreiðslu bankans með óeðlilegum bréfum á hendur hverjum öðrum, en um 4.000.000.000 evrur hefðu farið í slíkum viðskiptum gegnum seðlabankann í Luxemborg. Davíð hafi sagt þetta vera „gríðarleg vandræði“ og væru „samtöl“ við erlenda seðlabanka, sem hafi átt að ljúka fyrir 10. maí 2008, „sett í uppnám.“ Gefið væri í skyn „að við séum að brjóta reglur“, sem „við megum ekki við ... núna.“ Krafist hafi verið að fulltrúar íslensku bankanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands kæmu til fundar næsta mánudag í seðlabankanum í Luxemborg. Í minnispunktunum var haft eftir öðrum bankastjórum Landsbanka Íslands hf. að hann ætti „ýmis bréf og meðal þeirra eru bréf milli bankanna sem eru repóhæf ... Kannski finnst þeim óeðlilegt að við eigum bréf á hvern annan, það gerist einnig hjá öðrum.“ Davíð Oddsson hafi lýst því að hann hafi sagt bankastjóra seðlabanka Luxemborgar í samtali, sem þeir hafi átt af þessu tilefni, að „íslensku bankarnir hefðu verið í góðri trú“ og hafi hann spurt hvort unnt væri að „frysta og lækka svo í áföngum.“ Erlendi bankastjórinn hafi sagst skilja að þannig yrði að gera þetta og svo spurt „hvort væri krísa“, sem Davíð hafi neitað. Á fundinum hafi Davíð síðan tekið fram að það yrði „að róa þessa menn svo að ekki verði áfall“, svo og að ef „við náum ekki öðrum aðgerðum þá gæti orðið dýfa í lánshæfi.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 25. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt sinn 15. fund 28. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð greindi Ingimundur Friðriksson frá kvörtun, sem Seðlabanka Íslands hafi borist frá bankastjóra seðlabanka Evrópu 25. sama mánaðar, vegna „endursölu verðbréfa íslensku viðskiptabankanna til ECB gegnum Luxembourg.“ Hafi bankastjórinn talið umfangið vera of mikið miðað við starfsemi íslensku bankanna í Luxemborg og væru skuldabréfin „að hluta til málamyndagerningar milli íslensku bankanna.“ Á fundi, sem haldinn hafi verið með forráðamönnum bankanna í framhaldi af þessari kvörtun og greint var frá hér að framan, hafi komið fram að endurkaup seðlabanka Evrópu af íslensku bönkunum „hlaupa á nokkrum milljörðum evra“, en þar af væru „rúmlega 1,5 ma evra í bréfaviðskiptum þeirra á milli.“ Ingimundur hafi tekið fram að „alvarlegur fjármögnunarvandi steðjar að ef vinda þarf ofan af endurkaupum þessum í skyndi.“ Jónas Fr. Jónsson hafi sagt bankana hafa talið sig fara eftir reglum seðlabanka Evrópu, en „það veki athygli hvað aukningin er mikil á stuttum tíma.“ Tryggvi Pálsson hafi getið þess að viðbrögð seðlabanka Evrópu „gætu verið vísbending um neikvæða afstöðu ... til þreifinga Seðlabankans að undanfögnu.“ Samkvæmt fundargerð var að þessu loknu greint frá fundi ákærða með forsætisráðherra Bretlands 24. apríl 2008. Loks var á fundinum farið yfir aðgerðaáætlun og lét Áslaug Árnadóttir þess getið að viðskiptaráðuneytið ynni að smíð lagafrumvarpa í samráði við Fjármálaeftirlitið, þar á meðal um breytingu á lögum um sértryggt skuldabréf, auk þess sem Jónas Fr. Jónsson „lagði fram lista sem dregur fram helstu stefnumarkandi ákvarðanir sem stjórnvöld þyrftu að taka í aðdraganda fjármálaáfalls (nefndur ólystugi matseðillinn).“ Í þeim lista var meðal annars getið hvort auka ætti „möguleika fjármálafyrirtækja til þess að selja fjármálagerninga til opinberra aðila“, ákveða yrði „fjárhæð (umfram lágmarkstryggingavernd) sem ríkið er reiðubúið að ábyrgjast“ og heildarfjárhæð hugsanlegs eiginfjárstuðnings, afmarka yrði skýrlega hverjir myndu njóta stuðnings á grundvelli fjárhagslegra viðmiðana og kerfislegs mikilvægis, ákveða yrði meginskilyrði fyrir eiginfjárstuðningi, þar á meðal „stjórnendur, þynning hluta, sala eigna“, og hafa yrði tilbúin lagafrumvörp um „eiginfjárstuðning (þynningu hluta), þvingaðan samruna, brúunarbanka.“ Ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu sendi ákærða þessa fundargerð með tölvubréfi 29. apríl 2008.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. sendu bréf 28. apríl 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, þar sem að mestu var rætt um atriði, sem vörðuðu

lausafjárstýringu. Þar var einnig tekið fram að bankinn skildi afstöðu FSA til flutnings Icesave reikninga frá útibúi hans til dótturfélags, svo og að skoðanaskipti um það efni myndu halda áfram ef og þegar bankinn ákvæði að frekari skref yrðu stigin til slíkra breytinga.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 29. apríl 2008. Samkvæmt fundargerð var ekki rætt þar um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja, en viðskiptaráðherra kynnti frumvarp til laga um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf nr. 11/2008 og lagði til að málið yrði sent til þingflokka stjórnarflokkanna, sem var samþykkt.

20

Samkvæmt minnisblaði, sem Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri tók saman í október 2008, meðal annars um samskipti við erlenda seðlabanka á því ári, óskaði bankastjóri sænska seðlabankans eftir að fá að senda í apríl 2008 sérfræðinga hingað til lands til að „taka út stöðu íslenskra banka sérstaklega.“ Í málinu liggur fyrir skýrsla þessara sérfræðinga 30. apríl 2008, þar sem meðal annars kom fram að eignir íslensku bankanna þriggja væru af háum gæðum og gegndi sama máli um eiginfjárstöðu þeirra. Fyrstu merki um batnandi stöðu á lánsfjármarkaði væru þegar komin fram, svo sem séð yrði af verulegri lækkun á skuldatryggingarálagi. Á hinn bóginn væri brýnt að halda uppi trú fjárfesta á getu Seðlabanka Íslands til að standa undir því hlutverki að geta lagt bönkunum til lausafé, bæði í innlendum og erlendum gjaldmiðlum, ef allt um þryti. Gjaldmiðlaskiptasamningar milli Seðlabanka Íslands og annarra seðlabanka gætu verið skilvirk leið til að tryggja slíkt traust, enda yrði þannig sýnt að Íslendingar nytu alþjóðlegs stuðnings. Einnig skipti máli við ríkjandi markaðsaðstæður að vantrú á því að Íslendingar væru færir um að styðja við kerfislega mikilvæga banka sína gæti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika í öðrum löndum. Seðlabanki Íslands hefði þegar um 2.500.000.000 evrur í gjaldeyrissvarasjóði og hefði í hyggju að auka hann um einn eða tvo milljarð evra. Gjaldmiðlaskiptasamningar, sem tryggja myndu aðgang að fimm til sex milljarð evrum til viðbótar, yrðu til þess að Seðlabanki Íslands réði yfir sem svaraði 40% af erlendum innlánnum í bönkunum þremur eða um tvöfalda þá fjárhæð, sem kæmi í gjalddaga á árinu 2008 af skuldum bankanna í erlendum gjaldmiðlum.

Í öðru minnisblaði frá Ingimundi Friðrikssyni 20. júní 2008 var þess getið að bankastjóri seðlabanka Svíþjóðar hafi 4. maí sama ár greint seðlabankastjórum helstu iðnríkja heims frá mati sínu á stöðu mála á Íslandi, sem reist væri á framangreindu álitni sérfræðinga sænska bankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jafnframt sagði þar

eftirfarandi um þetta: „Enginn var tilbúinn að gera samning við Seðlabanka Íslands. Viðhorf til hugsanlegrar samningsgerðar við Seðlabankann virðast hafa verið sérstaklega neikvæð á fundinum sem olli því m.a. að afstaða sænska seðlabankans varð mun neikvæðari en áður.“

Samkvæmt fundargerð frá fundi bankaráðs Landsbanka Íslands hf. 6. maí 2008 var meðal annars greint þar frá því að „forsendubreyting hefur orðið varðandi stofnun nýs dótturfélags í London þannig að það frestast.“ Einnig var þar samþykkt tillaga um „að stofna dótturfélög annars vegar í Hollandi og hins vegar í Canada sem sæki um leyfi til að umbreyta útibúum bankans í þeim löndum yfir í almennan viðskiptabanka.“ Rætt var um stöðu og horfur á alþjóðamarkaði og þess getið að enn væru þar miklar sveiflur, en „meiri jákvæðni virðist þó gæta á meðal markaðsaðila, útgefenda og fjárfesta um þróunina framundan.“ Þá hafi skuldatryggingarálag íslensku bankanna „farið nokkuð hratt niður á við undanfarnar vikur.“ Loks er þess að geta að samkvæmt fundargerðinni var rætt um stöðu fyrirhugaðrar innlánastarfsemi í Hollandi og „önnur innlánaverkefni erlendis“, en formaður bankaráðsins hafi tekið fram „að hann teldi skynsamlegt að sækja um bankaleyfi í fleiri löndum til innlánastarfsemi.“

Ríkisstjórn Íslands hélt fundi 2. og 6. maí 2008. Samkvæmt fundargerðum var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt minnisblaði, sem virðist stafa frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, átti hún ásamt ákærða fund með Davíð Oddssyni seðlabankastjóra 7. maí 2008. Þar var haft eftir Davíð að „engar líkur væru á að Evrópubankinn yrði með og líklega ekki breski bankinn þrátt fyrir ... góð fyrirheit“, en ekki hafi komið fram hvaða ástæður væru fyrir því. Þá hafi verið sagt frá því að íslensku viðskiptabankarnir hafi haft „repólínu í Luxemborg upp á 4 milljarða evra“ og hafi bankastjóri seðlabanka Evrópu reiðst mjög yfir því, sem hann teldi misnotkun á þessum aðgangi, en um „1,5 milljarðar evra væru bréf milli bankanna og tengdra aðila.“ Krafist hafi verið að undið yrði ofan af þessu og hafi það þegar verið gert að hluta. Davíð hafi jafnframt greint frá því að „það færi í taugarnar á breska bankanum að íslensku bankarnir séu farnir að auka innlánastarfsemi og þeir séu að bjóða upp á betri kjör en þeir bresku ... og þetta sé næsta vandamál.“ Hann hafi lýst því að vonast væri til að ekki kæmi „bakslag í norrænu bankana“, en Seðlabanki Íslands hefði aðgang að 1.500.000.000 evrum hjá þeim, auk 750.000.000 evra hjá Alþjóðagreiðslubankanum.

Í áður nefndu minnisblaði Ingimundar Friðrikssonar frá október 2008 var þess meðal annars getið að samkvæmt beiðni Seðlabanka Íslands í lok mars á sama ári hafi Alþjóðagreiðslubankinn veitt honum „1 ma. evra lánalínu“, en um „mánaðarlegan samning“ hafi verið að ræða, sem seðlabankinn hafi átt að óska eftir að fá framlengdan eftir lok hvers tímabils. Vegna ókunnugleika um þetta fyrirkomulag hafi misfarist að óska eftir framlengingu við lok fyrsta tímabilsins „í byrjun maí“. Þegar þetta hafi komið í ljós hafi tafarlaust verið óskað eftir framlengingu, sem hafi verið neitað um, en „augljóst virtist að samningur bankastjórans við Seðlabanka Íslands hefði ekki fallið í góðan jarðveg í stjórn bankans.“

Á Alþingi var borin upp skrifleg fyrirspurn til ákærða um eftirfarandi: „Hvernig hefur samskiptum ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra, viðskiptaráðherra eða eftir atvikum annarra ráðherra og Seðlabankans verið háttáð undanfarna mánuði? Hversu margir fundir, formlegir eða óformlegir hafa verið haldnir milli aðila, hafa bréf eða orðsendingar gengið á milli o.s.frv.? ... Er rétt að ríkisstjórnin hafi fyrir nokkrum mánuðum hafnað eða ekkert gert með beiðni frá Seðlabankanum um að auka gjaldeyrisvaraförðann?“ Ákærði svaraði þessari fyrirspurn á þingfundi 7. maí 2008. Þar sagði hann meðal annars: „Það eru haldnir reglubundnir formlegir fundir sem eru undirbúnir fyrir fram þar sem báðir aðilar leggja fram ákveðið efni sem síðan er farið yfir og slíkir fundir hafa verið með venjubundnum hætti. En vegna þeirra aðstæðna sem hafa verið að undanförunu ... þá hefur þetta samstarf verið enn meira og enn þéttara en oft áður. ... Menn hafa verið að funda mjög mikið um ákveðin atriði, bæði símleiðis og með öðrum hætti og síðasti fundurinn um þessi mál var óvænt í morgun. Þetta er því allt saman eins og það á að vera. Ég hef hins vegar ekki látið taka saman hversu margir þessir fundir eru, hversu mörg símtöl hafa átt sér stað eða hvaða orðsendingar hafa gengið á milli.“ Um síðasta þáttinn í fyrirspurninni sagði ákærði að þetta væri „hrein fjarstæða ... og bæði ríkisstjórn og Seðlabanki, eins og ég hef margoft látið koma fram, vinna af fullum krafti í því máli.“ Í umræðum, sem urðu í framhaldi af svari ákærða, bætti hann því við að tekist hafi að „spara heilmikla peninga“ með því að frestað hafi verið um einn eða tvo mánuði að taka lán til að efla gjaldeyrisforða, enda hafi lánskjör batnað.

Í riti um fjármálastöðugleika, sem Seðlabanki Íslands gaf út 8. maí 2008, var meðal annars grein undir fyrirsögninni „álit Seðlabanka Íslands“, sem bar heitið: „Ríkjandi aðstæður reyna á viðnámsþrótt bankanna“. Í byrjun greinarinnar sagði að atburðarás, sem „hófst eftir mitt síðasta ár og afleiðingar hennar á alþjóðlegum

fjármálamarkaði voru óvæntar“, og voru ástæður hennar raktar nánar. Í framhaldi af því sagði að ársreikningar þriggja stærstu bankanna hér á landi hafi sýnt að þeir væru „þróttmiklir“ og „ágætlega í stakk búnir til að takast á við vaxandi vanskil og útlánatöp.“ Aðstæður á alþjóðlegum mörkuðum hafi á hinn bóginn haft „meiri áhrif á íslensku bankana en ella þar sem erlend markaðsfjármögnun er stór hluti af skuldum þeirra.“ Við þessu hafi þeir brugðist með því að hægja á vexti útlána, ráðast í einkaútgáfur, draga úr kostnaði og auka innlán, en almennt hafi það síðastnefnda gengið vel og hafi í árslok 2007 meira en $\frac{2}{3}$ hlutar innlána verið frá útlöndum. Í lok greinarinnar sagði síðan eftirfarandi: „Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst álagspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 16. fundar síns 9. maí 2008. Samkvæmt fundargerð hafði gengi íslensku krónunnar lækkað þennan dag og þann næsta á undan og væri sú skýring helst nefnd „á markaðnum ... að vonbrigðum hafi valdið að á fréttamannafundi í Seðlabankanum hafi ekki verið sagt frá styrkingu gjaldeyrisforðans eða öðrum opinberum aðgerðum.“ Á fundinum var greint frá því að fjármálaráðherra hafi 6. maí 2008 tilkynnt að Ísland vildi gerast aðili að samningi fjármálaeftirlita, seðlabanka og fjármálamálaráðuneyta ríkja Evrópusambandsins um viðbúnað gegn fjármálaáfallum. Þá var lögð fram greinargerð frá viðskiptaráðuneytinu um „ábyrgð á innstæðum“, þar sem meðal annars kom fram að heildarfjárhæð „tryggðra innstæðna“ samkvæmt lögum nr. 98/1999 hafi í árslok 2007 verið um 2.318.000.000.000 krónur, en heildareignir í innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta væru á fundardegi „tæplega 11 ma.kr. auk ábyrgðaryfirlýsinga frá aðildarfélögum að fjárhæð 6.045 m.kr.“ Ríkisstjórnin gæti gefið út yfirlýsingu um að ríkið myndi veita tryggingarsjóðnum lán til þess að honum yrði fært að greiða hverjum innstæðueiganda allt að 1.700.000 króna lágmarksgreiðslu eftir ákvæðum laga nr. 98/1999 eða að ríkið tæki á sig ábyrgð á slíkum greiðslum. Ef síðarnefnda leiðin yrði farin þyrfti að ákveða hvort ábyrgð ríkisins tæki til innstæðna í öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum, hvort ábyrgðin stæði um tiltekinn tíma og hversu há hún yrði. Miðað við fjárhæðir, sem ráðuneytið hafi aflað í september 2007, myndi tryggingarvernd fyrir lágmarksfjárhæðinni nema samtals 115.300.000.000 krónum, en yrði á hinn bóginn miðað við tryggingarvernd allt að 10.000.000 krónum

gæti komið til greiðslu á 732.000.000.000 krónum. Af síðastgreindri fjárhæð væru 482.600.000.000 krónur komnar til vegna innstæðna í Landsbanka Íslands hf.

Ríkisstjórn Íslands hélt fund 9. maí 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

22

Í minnisblaði, sem virðist stafa frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, átti hún ásamt ákærða fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands 15. maí 2008. Á fundinum hafi verið greint frá því að komnir væru á samningar við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs um gjaldmiðlaskiptasamninga fyrir 1.500.000.000 evrur, en að auki myndi Alþjóðagreiðslubankinn „koma með 1.500 millj. dollara“ og finnski seðlabankinn bæta við 250.000.000 evrum á síðara stigi. Væri því tiltækur gjaldeyrisvarasjóður, gjaldmiðlaskiptasamningar og lán fyrir samtals 6.000.000.000 evrur. Á fundinum hafi einnig verið rætt um mikilvægi þess „að bankarnir dragi úr starfsemi sinni.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 17. fund sinn 15. maí 2008. Samkvæmt fundargerð var meðal annars greint frá því á fundinum að enn væri unnið að gerð lagafrumvarpa í viðskiptaráðuneytinu, sem áður hafi verið rætt um, en sú vinna væri langt komin og mætti ljúka henni „mjög hratt ef á þyrfti að halda.“

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing dagsett 16. apríl 2007, sem undirrituð var af ákærða, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og öllum þremur bankastjórum Seðlabanka Íslands. Samkvæmt því, sem fram kom í munnlegum skýrslum ákærða og nokkurra vitna fyrir dóminum og nánar er greint frá hér síðar, mun þessi yfirlýsing hafa verið undirrituð 16. maí 2008. Í yfirlýsingunni, sem var merkt sem algert trúnaðarmál og stíluð til bankastjóra seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, sagði að tilgangurinn með gjaldeyrisskiptasamningum erlendu seðlabankanna þriggja og Seðlabanka Íslands væri að auka trú á efnahag Íslands til skamms tíma og veita þannig svigrúm til að fást við grundvallaratriði. Ekki væri ætlast til þess að gjaldeyrisskiptasamningarnir yrðu nýttir, en yrði það gert yrði féð nýtt til að stækka gjaldeyrisvarasjóð. Samningarnir yrðu þá nýttir í jöfnum hlutföllum og mætti hvorki verja fénu til að grípa inn í markaði né endurfjármagna banka. Yrði slík endurfjármögnun nauðsynleg myndi ríkisstjórnin nýta annað fé í því skyni og ekki styrkja bankana eða hluthafa í þeim. Til að auka traust og tryggja stöðugleika fjármálakerfisins og þjóðarhags væri því lýst yfir að gripið yrði til eftirfarandi aðgerða: Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin afli sér með hraði eins til tveggja milljarð evra,

en yrði gengið á gjaldmiðlaskiptasamningana myndi ríkisstjórnin taka lán sömu fjárhæðar. Í öðru lagi að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið neyti valdheimilda sinna til að þrýsta á bankana til að draga úr heildarstærð efnahagsreikninga sinna með þeim aðferðum, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi lagt til. Í þriðja lagi verði með hraði gerð trúverðug áætlun um endurskipulagningu íbúðalánakerfisins og sú áætlun gerð opinber til að auka skilvirkni peningamálastefnunnar. Í fjórða lagi verði fylgt þeirri stefnu að viðhalda lágu skuldastigi hins opinbera og styrkja umgjörð ríkisfjármála til að gæta varfærni í efnahagsmálum og forðast frekari skuldaför, en þetta verði gert eftir þeim tillögum, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi sett fram. Að auki verði hugað að því hvernig bregðast megi við kaupmáttarákvæðum í kjarasamningum. Í fimmta lagi verði kærkomið að fá uppfært mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfinu til að geta metið stöðuna af meiri nákvæmni, en í viðræðum við sjóðinn vegna reglubundinnar úttektar gefist tækifæri til að meta stöðuna í heild. Í sjötta lagi muni Seðlabanki Íslands veita seðlabönkunum þremur ítarlegar upplýsingar um hvernig framangreindum aðgerðum miði áfram.

Tilkynnt var 20. maí 2008 að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi lækkað tvo liði í lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins úr flokknum Aaa í Aa1, en sagt horfur þá vera stöðugar. Í skýringum fyrirtækisins kom fram að þessi lækkun ætti rætur að rekja til hættu á því að ríkið kynni að þurfa að afla verulegra fjárhæða í erlendum gjaldmiðlum vegna skuldbindinga íslenskra viðskiptabanka, en þó væri mjög ólíklegt að slík staða gæti komið upp. Einnig yrði að taka tillit til þess að Ísland ætti aðgang að erlendu fé til að fást við hvers konar vanda í efnahagsmálum, svo sem sæist glögg af gjaldmiðlaskiptasamningum við hin Norðurlöndin, sem nýlega hafi verið tilkynnt um, og væri því áhætta í tengslum við greiðslugetu hverfandi.

Ríkisstjórn Íslands hélt fundi 13., 16. og 20. maí 2008. Samkvæmt fundargerðum kynnti ákærði gjaldmiðlaskiptasamninga Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs á fundinum 16. maí og var „málið rætt“, en að öðru leyti var ekki fjallað á þessum fundum um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Í minnisblaði til ráðherra og ráðuneytisstjóra 21. maí 2008, sem virðist hafa verið gert af starfsmönnum í fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu, var vísað til þess að ákærði hafi á ársfundi Seðlabanka Íslands í mars á sama ári greint frá ráðagerðum um erlenda lántöku ríkisins til að styrkja gjaldeyrisvaraförða bankans.

Íslenska hagkerfið væri viðkvæmt fyrir áhrifum alþjóðlegrar lánsfjáarkreppu vegna mikilla erlendra fjárfestinga og ójafnvægis í efnahagslífinu. Stærsta áhættan við lánsútboð fyrir ríkið væri sú að ekki tækist að selja þá fjárhæð, sem það hljóðaði á, eða að kjör yrðu ekki viðunandi, en lántakan yrði engu að síður að vera það stór að sýnilegt yrði á markaði að ríkið gæti náð í talsvert lánsfé með ásættanlegum kjörum. Seðlabanki Íslands, sem myndi annast slíkt útboð, teldi aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum hafa batnað mikið á undanförunum vikum og legði því til að efnt yrði til útboðs á skuldabréfum að fjárhæð 1.000.000.000 evrur, sem mætti hækka ef eftirspurn yrði næg. Stefnt yrði að því að ljúka lántökunni í síðasta lagi í lok fyrstu viku júní 2008, en yrðu undirtektir dræmar mætti búast við að lántökunni yrði frestað um óákveðinn tíma. Við slíku byggist seðlabankinn þó ekki.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað fundaði í 18. sinn 21. maí 2008. Í fundargerð kom meðal annars fram að gerð hafi verið grein fyrir því að lokið hafi verið við gjaldmiðlaskiptasamninga Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, svo og að rætt hafi verið um breytingu á láns hæfiseinkunn íslenska ríkisins hjá Moody's Investors Service. Þá var þess og getið að í viðskiptaráðuneytinu lægju fyrir drög að lagafrumvarpi um þau atriði, sem rætt hafi verið um á fundi samráðshópsins 28. apríl 2008, og væri unnt að leggja það fram með eins sólarhrings fyrirvara.

Samkvæmt fundargerð frá fundi í bankaráði Seðlabanka Íslands 23. maí 2008 komu þar til umræðu gjaldmiðlaskiptasamningar, sem gerðir höfðu verið við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, og létu margir fundarmenn í ljós að þeir teldu vel hafa verið að verki staðið. Einn fundarmanna lét þess einnig getið í því sambandi að „nýta þyrfti styrk ríkissjóðs til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans“, annar kvaðst telja ástæðu til að „bankaráðið kæmi oftar saman þegar jafn afgerandi atburðir yrðu“ og hefði hann efasemdir um að einhverju hámarki hafi verið náð „um óefni í efnahagslífinu“, en sá þriðji lýsti þeirri skoðun að bankarnir „væru komnir yfir erfiðustu hjallana en þjóðin ekki.“ Þá hafi formaður bankastjórnar greint frá því að veðlán bankans til fjármála fyrirtækja næmu samanlögð í hverri viku um það bil sömu fjárhæð og fjárlögum ríkisins, en tryggingar fyrir um 170.000.000.000 krónum „væru bréf sem bankarnir gæfu út hver til annars til að leggja fram í veðlánunum.“

Í bréfi, sem breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 23. maí 2008, var lýst áhyggjum af því að ekki hafi enn tekist að fá niðurstöðu um lausafjárkröfur, sem gera þyrfti vegna innlánasöfnunar í útibúi bankans

í London, þrátt fyrir viðræður undangenginna tveggja mánaða. Þá kom einnig fram að FSA hefði áhyggjur af því við ríkjandi markaðsaðstæður að tryggð viðskiptavina myndi ekki standa því í vegi að þeir tækju út innstæður sínar ef áhlaup hæfist á bankann. Að því gefnu að bankinn hætti ekki að færa úr Bretlandi fé frá útibúi sínu í London yrði að ætlast til að það hefði handbært fé til að mæta á allt að átta dögum úttektum á 30% af innstæðum, sem þar hafi verið safnað á óbundna reikninga.

Ríkisstjórn Íslands hélt fundi 23. og 27. maí 2008 Samkvæmt fundargerð frá fyrri fundinum kynnti fjármálaráðherra þar frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008, sem samþykkt var að senda þingflokkum stjórnarflokkanna til meðferðar. Í 1. gr. þess frumvarps var ráðgert að fjármálaráðherra yrði heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka á árinu 2008 lán að fjárhæð allt að 500.000.000.000 krónur eða jafnvirði hennar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta, sem tekinn yrði að láni í erlendri mynt. Í athugasemdum við frumvarpið kom fram að ráðgert væri að nýta þessa heimild annars vegar til að taka erlent lán, sem yrði endurlánað seðlabankanum til að styrkja gjaldeyrisforða hans, og hins vegar til að gefa út ríkisverðbréf á innlendum markaði. Að öðru leyti verður ekki séð af fundargerðum að rætt hafi verið á þessum fundum um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 19. fund sinn 29. maí 2008. Í fundargerð var meðal annars greint frá því að rætt hafi verið um tilkynningu Landsbanka Íslands hf. „um markaðssetningu á Icesave innlánnum í Hollandi gegnum útibúið í Amsterdam en það eykur enn skuldbindingar Tryggingarsjóðsins“, svo og að komið hafi fram að hjá Fjármálaeftirlitinu lægju fyrir tíu umsóknir um stofnun útibúa íslenskra banka erlendis. Jafnframt að skuldatryggingarálag hafi verið „að færast upp á síðustu vikum fyrir Kaupþing og Glitni.“ Undir dagskrárliðnum „möguleg ákvarðanatáka á undirbúningsstigi (ólystugi matseðillinn)“ kvaðst Jónas Fr. Jónsson „staldra við 5 m.kr. viðmiðið í innlánnum sem dekkar 95% innlána, sbr. skýrslu viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. maí sl., um ábyrgð á innstæðum.“ Í framhaldi af því hafi Baldur Guðlaugsson lýst því álitu að „ekki væri hægt að hafa mótaða skoðun, allt væri háð aðstæðum.“ Jónas hafi nefnt af því tilefni að stuttur tími gæfist til viðbragða eins og hafi sýnt sig erlendis, en „tveggja sólarhringa fyrirvari væri lúxus og því væri nauðsynlegt að vera undirbúin“, enda yrði að „einangra vandamál og koma í veg fyrir útbreiðslu skaðans.“ Baldur hafi þá sagt „að fráleitt væri að hægt sé að marka stefnu

nú.“ Enn hafi Jónas svarað með því að í tilteknu bresku tilviki hafi það tekið stjórnvöld „marga daga að átta sig á stöðunni og undirbúningur þeirra hefði reynst ónógur“, en hver dagur í töf gæti aukið tjónið verulega. Bolli Þór Bollason hafi talið „meira talnaefni vanta“, en gagnlegt yrði að sjá „hversu fjárhæðin breytist við mismunandi viðmið, hversu stór erlendu innlánin eru og hve mikið fé gæti komið frá erlendum tryggingarsjóðum.“ Jónas og Áslaug Árnadóttir hafi tekið að sér að afla þeirra upplýsinga. Jafnframt kvaðst Bolli vilja „fá skriflega lýsingu á hugsanlegum smitáhrifum í áfalli“ og Baldur bætt við að „einnig þurfi að koma fram plúsar og mínusar við aðgerðir“, en í tilefni af því síðarnefnda hafi Jónas bent á að útreikningar Seðlabanka Íslands „á mögulegum kostnaði við lausn fjármálaáfalls og hagvaxtartap“ hefðu þegar verið lagðir fram á fundi samráðshópsins. Ingimundur Friðriksson hafi lýst þeirri skoðun að unnt ætti að vera að taka ákvörðun þegar umbeðnar upplýsingar lægju fyrir. Hann benti einnig á að „útreikningar á kerfislegu mikilvægi“ lægju þegar fyrir hjá samráðshópnum, en Tryggvi Pálsson tók fram að það væri „kristaltært að stóru bankarnir þrír væru kerfislega mikilvægir“.

Breska fjármálaeftirlitið ritaði bréf 29. maí 2008 til bankastjóra Landsbanka Íslands hf., þar sem því var lýst að gengið væri út frá því að bankinn færi eftir reglum um lausafjárstýringu, sem fram komu í fylgiskjali með bréfinu. Í þeim reglum var meðal annars kveðið á um að bankinn yrði á hverjum tíma að eiga í varasjóði að minnsta kosti 5% af öllum óbundnum innstæðum í sterlingspundum og skyldi hann varðveittur á reikningi við Englandsbanka eða á annan nánar tilgreindan hátt. Þá yrði bankinn að hafa handbært fé til að mæta á allt að átta dögum úttektum á 30% af óbundnum innstæðum í sterlingspundum, en takmarkanir væru ekki settar við því að innlánsfé, sem bærisk útibúi bankans í London, yrði látið renna til höfuðstöðva hans á Íslandi.

Ríkisstjórn Íslands hélt fund 30. maí 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt fundargerð frá fundi bankaráðs Landsbanka Íslands hf. 2. júní 2008 hafði matsfyrirtækið Fitch Ratings þá nýlega staðfest lánshæfiseinkunnir bankans, en lækkað á hinn bóginn einkunnir hinna íslensku bankanna tveggja. Um leið hafi þeir verið teknir af lista yfir þá, sem hugsanlega myndu sæta lækkun á lánshæfiseinkunnum, en horfur þeirra væru enn neikvæðar. Skuldatryggingarálag Landsbanka Íslands hf. hafi lækkað og væri um helmingur af álagi Glitnis banka hf.

og Kaupþings banka hf. Viðræður væru aftur hafnar við erlenda fjárfesta, en þeir hafi lengi neitað að eiga slík samskipti. Gjaldmiðlaskiptasamningar Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs hafi haft „jákvæð áhrif á þróunina gagnvart íslensku bönkunum en nægir þó ekki til að endurheimta fyrra traust.“ Markaðurinn væri „að einhverju leyti að byrja að jafna sig á sjokkinu sem varð í mars s.l. en lítið þarf til að allt fari úr skorðum á nýjan leik.“ Miðað við stöðuna yrði að búast áfram við takmörkuðu aðgengi íslenskra banka að skuldabréfamörkuðum. Undir dagskrárliðnum „Icesave Holland“ kom fram að byrjað hafi verið að bjóða innlán gegnum útibú bankans í Amsterdam 29. maí 2008 og hafi viðbrögð „verið mjög góð ef marka má fjölda stofnaðra reikninga“, en „breytt verður í dótturfélag við fyrsta tækifæri.“ Næstu skrefin yrðu að bjóða Icesave reikninga í Belgíu, Luxemborg, Þýskalandi og Noregi, en á árinu 2009 yrði stefnt að því að bæta við Ítalíu, Sviss, Spáni, Austurríki og Kanada. Önnur Evrópulönd og Bandaríkin yrðu „skoðuð síðar“ ásamt Hong Kong og Singapore. Á fundinum var einnig greint frá samskiptum bankastjóra við breska fjármálaeftirlitið, FSA, og reglur, sem það hafi sett framkvæmt áðursögðu 29. maí 2008. Þess var getið í því sambandi að „viðbrögð og kröfur FSA eru mjög hörð“, svo og að „sýnilegt er að FSA er að gæta breskra hagsmuna fremur en einungis hefðbundins regluverks.“

Í minnisblaði, sem tveir starfsmenn Seðlabanka Íslands sendu til bankastjórnar um símafund við starfsmenn Moody's Inverstors Service 5. júní 2008, kom meðal annars fram að þeir síðarnefndu hefðu þar ítrekað „skoðun sína að Ísland hefði líklega haldið Aaa lánshæfiseinkunninni ef ekki hefði verið fyrir bankakerfið.“

Samkvæmt frétt, sem birtist í íslenskum fjölmiðli 6. júní 2008, hafði verið birt viðtal við ákærða á „fréttavef Bloomberg í Riga, Lettlandi.“ Þar hafi meðal annars komið til tals efasemdir erlendra fjármálasérfræðinga um íslenska bankakerfið og gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Hafi verið haft eftir ákærða að það þyrfti „virkilega að skoða stærð bankanna og þeir þurfa að líta í eigin barm“, en sem „leikmenn í opnu hagkerfi þurfum við að hafa forða í takt við heildarhagkerfið, sér í lagi í tengslum við stærð bankageirans.“

Innan Seðlabanka Íslands var á ný gerð samantekt 24. júní 2008 undir fyrirsögninni „ljóti listinn“ um aðfinnslur og neikvæðar umræður um „íslenskt fjármálakerfi sem birst hafa í erlendri umfjöllun á síðustu vikum“. Þar var meðal annars getið um að rætt hafi verið um að lánshæfiseinkunnir viðskiptabankanna og íslenska ríkisins hafi lækkað, svo og að Moody's Investors Service hafi til skoðunar

að lækka lánshæfiseinkunnir Landsbanka Íslands hf. sökum þess að Icesave reikningar væru ekki „stöðug innlán“.

Í málinu liggur fyrir að viðskiptaráðuneytið gerði 30. júní 2008 aðra útgáfu af samantekt um verkferli við kröfugerð á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og greiðslu krafna. Þessi samantekt, sem merkt var sem trúnaðarmál, var í meginatriðum eins og fyrri samantekt frá 10. apríl sama ár, sem áður var getið.

Bankastjóri seðlabanka Luxemborgar ritaði bréf 30. júní 2008 til stjórnanda dótturfélags Landsbanka Íslands hf. þar í landi. Í bréfinu var vísað til þess að þeir hafi áður átt fund um þá framkvæmd dótturfélagsins að nota skuldabréf annarra íslenskra banka sem tryggingar í viðskiptum innan evrópska myntsamstarfsins, en eftir það hafi hlutfall slíkra trygginga í viðskiptum dótturfélagsins minnkað úr 40% í um 30%. Með fullum stuðningi frá bankastjórn seðlabanka Evrópu væri nú tilkynnt að frá 15. júlí 2008 mætti dótturfélagið ekki nota skuldabréf annarra íslenskra banka sem tryggingar fyrir meira en 25% af viðskiptum sínum og yrði að auki að láta alveg af þessu svo fljótt sem auðið væri. Þessi ákvörðun hafi verið tekin í ljósi þess að fram hafi komið að bankarnir þrír notuðu slík skuldabréf á víxl sem tryggingar, en sterk tengsl milli þeirra vektu áhyggjur af áhættu í þessum viðskiptum, því ef einhver einn af bönkunum rataði í vandræði væru verulegar líkur á að hinir bankarnir tveir yrðu fyrir miklum áhrifum.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til funda 6., 10., 18. og 27. júní og 1. júlí 2008. Samkvæmt fundargerðum voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Hollenska fjármálaeftirlitið ritaði bréf 3. júlí 2008 til Fjármálaeftirlitsins, þar sem vísað var til þess að Landsbanki Íslands hf. hafi rekið útibú í Hollandi frá árinu 2006 og ráðgerði Kaupþing banki hf. jafnframt að hefja slíka starfsemi, en báðir bankarnir hefðu í hyggju að safna innlánnum frá almenningi þar í landi. Í ljósi aðstæðna í efnahagsmálum á Íslandi og þá sérstaklega varðandi íslenska banka væri óskað eftir álitum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu bankanna tveggja, svo og upplýsinga meðal annars um lausafjárkröfur og lausafjárstýringu. Hollenska fjármálaeftirlitið vildi einnig fá vitneskju um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og þá einkum um það hvernig hollenskum innstæðueigendum yrði veitt lágmarksvernd. Í þessu skyni væri óskað eftir fundi með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins.

Tveir af bankastjórum Seðlabanka Íslands áttu ásamt tveimur öðrum starfsmönnum bankans og forstjóra Fjármálaeftirlitsins fund 4. júlí 2008 með bankastjóra seðlabanka Luxemborgar og tveimur öðrum fulltrúum þess banka og fjármálaeftirlitsins þar í landi. Samkvæmt minnispunktum um fundinn vísaði erlendi seðlabankastjórinn til þess að íslensku viðskiptabankarnir hafi í febrúar eða mars 2008 byrjað að leggja inn kröfur hver á hendur öðrum til að fá fyrirgreiðslu í seðlabanka Luxemborgar og komist þar fljótt í skuld að fjárhæð 3.000.000.000 evrur. Í apríl hafi verið tekið fyrir að bankarnir gætu notað kröfur á hendur hverjum öðrum á þennan hátt og talið að þeir hefðu nægilegt fé til að láta af þessu, sem þeir hafi og gert í einn mánuð. Skuldir bankanna við seðlabankann væru á hinn bóginn nú komnar upp í 5.000.000.000 evrur og teldi stjórn hans að þeir beittu blekkingum. Sú skoðun væri þar orðin ríkjandi að eignir bankanna þriggja væru af litlum gæðum og hugsanlega yrðu þeir útilokaðir frá viðskiptum. Rætt væri um veika fjárhagsstöðu helstu eigenda bankanna, svo og að hvergi væri annars staðar að finna slíka stærð á bankakerfi í samanburði við hagkerfið að öðru leyti. Fé væri lagt í óviðunandi áhættu og vildi seðlabanki Evrópu ekki gefa öðrum þjóðum fordæmi af þessum toga. Íslensku bönkunum yrði ekki lengur veitt fyrirgreiðsla í þessum mæli, enda væru 5.000.000.000 evrur langt umfram það, sem ásættanlegt gæti talist. Á þessum fundi kom fram að mennirnir þrír frá Luxemborg myndu sama dag eiga fundi með fulltrúum íslensku bankanna og hafi erlendi seðlabankastjórinn spurt í lok fundarins hversu hreinskilinn hann mætti vera við þá. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi svarað því til að mikilvægt væri að segja þessa hluti beint út svo að fulltrúar íslensku bankanna myndu skilja alvöru málsins og að þetta væri ekki eingöngu vandamál seðlabankans.

Í framhaldi af ofangreindum fundi átti bankastjórn Seðlabanka Íslands ásamt Tryggva Pálssyni og forstjóra Fjármálaeftirlitsins fund með ráðuneytisstjórum forsætisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt fundargerð frá þeim fundi greindi Davíð Oddsson frá því, sem komið hafi fram á fyrri fundinum, og bætti því við að bankastjóri seðlabankans í Luxemborg hafi áður sagt sér að „bankarnir væru í raun komnir á hausinn.“ Nýjar reglur um viðskipti í seðlabanka Evrópu yrðu kynntar með haustinu og tækju gildi í desember 2008 og lýsti Davíð þeirri skoðun að „lántökukostnaður ríkisins muni versna og skiptasamningar norrænna seðlabanka verði ekki virkir.“ Hann hefði á tilfinningunni að samstaða hafi myndast hjá seðlabanka Evrópu og norrænu seðlabönkunum um að betra væri „að setja íslensku

bankana á hausinn en að þeir valdi skaða hjá ECB í innlánstryggingarkerfi Evrópu.“ Ingimundur Friðriksson kvað íslensku bankana „þurfa að trappa sig niður“ og bætti Davíð því við að „ríkið þurfi að taka lánið sitt“, svo og að það væru bersýnilega „fyrirmæli um að þrengja að okkur af því bankarnir hafa stigið á tær.“

Í málinu liggur fyrir skýrsla um kreppu í íslenska bankakerfinu, dagsett 4. júlí 2008, eftir Willem H. Buiters og Anne C. Sibert, prófessora í hagfræði við nánar tiltekna breska háskóla, en Landsbanki Íslands hf. mun hafa fengið þessa skýrslu gerða. Í samantekt um helsta efni hennar var meðal annars vísað til stærðar íslenska bankakerfisins í samanburði við hagkerfið, en í lok þriðja ársfjórðungs 2007 hafi markaðsvirði erlendra eigna og skulda bankanna numið um sjöfaldri þjóðarframleiðslu. Binditími erlendra eigna væri að meðaltali lengri en erlendra skulda og væru eignirnar að jafnaði síður lausar. Þrátt fyrir gæði eignanna væru bankarnir því viðkvæmir fyrir áhlaupi og tregðu á alþjóðlegum lánamörkuðum. Seðlabanki Íslands gæti hvorki orðið lánveitandi til þrautavara ef bönkunum tækist ekki að endurfjármagna erlendar skuldir né viðskiptavaki til þrautavara fyrir bundnar eignir, sem bankarnir kynnu að vilja selja. Yrði því annaðhvort að hætta alþjóðlegri fjármálaþjónustu hér á landi eða taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna til að fá vænlegan lánveitanda og viðskiptavaka til þrautavara. Í þeim efnum væri eini kosturinn að Ísland gengi í Evrópusambandið og gerðist fullgildur aðili að myntsamstarfi þess. Þriðji kosturinn væri þó fyrir hendi, því stjórnvöld gætu ef tíminn yrði nægur byggt upp mikinn forða gjaldeyris til að veða á móti áhættu af bundnum erlendum eignum bankanna og lokun erlendra bankamarkaða fyrir íslenska bankakerfið. Vafasamt væri þó að alþjóðleg bankastarfsemi yrði arðsöm fyrir íslensku bankanna ef þeir þyrftu að bera kostnað af þessu. Bregðast yrði við brýnasta vandanum með margs konar ráðstöfunum bankanna, Seðlabanka Íslands og stjórnvalda, sem gætu falist í lántöku frá erlendum seðlabönkum gegnum erlend útibú íslensku bankanna, gjaldmiðlaskiptasamningum seðlabankans við erlenda seðlabanka, lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, nýtingu á fé Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna sem tryggingu fyrir erlendum lánnum og útgáfu skuldabréfa með tryggingu í framtíðartekjum af virkjun vatnsafls og jarðvarma.

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gerði skýrslu 4. júlí 2008 um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi og fjármálastöðugleika. Í henni var því lýst að íslenska hagkerfið væri auðugt og sveigjanlegt, meðaltekjur með þeim hæstu og tekjujöfnuður með því minnsta í heiminum, markaðir væru opnir og sveigjanlegir,

stofnanir öflugar, skuldir hins opinbera lágar og stjórnun á náttúruauðlindum eftirtektarverð. Í þessu ljósi væru langtímahorfur íslenska hagkerfisins öfundsverðar. Hagkerfið væri á hinn bóginn á erfiðum og óvissum tímamótum, en komið væri að lokum langvarandi þensluskeiðs, sem erlendar lántökur hafi staðið undir og valdið hafi stórfelldri aukningu eigna og skulda einkafyrirtækja, miklu þjóðhagslegu ójafnvægi og mikilli þörf fyrir erlent lánsfé. Vegna aðstæðna á alþjóðlegum lánamörkuðum hafi íslensku bankarnir og gjaldmiðillinn orðið fyrir miklum þrýstingi, en við því hafi bankarnir brugðist með því að draga úr útlánum og hagræða. Stjórnvöld hafi gert ráðstafanir til að efla traust, Seðlabanki Íslands hafi hækkað stýrivexti og rýmkað skilyrði fyrir lánveitingum ásamt því að auka aðgang sinn að erlendu fé með gjaldmiðlaskiptasamningum við norræna seðlabanka. Þá hafi stjórnvöld lýst vilja til að stækka gjaldeyrisforða seðlabankans. Þrátt fyrir aðgerðir vegna óróa á mörkuðum stæðu bankarnir enn frammi fyrir verulegum áhættum og ætti að halda áfram af krafti aðgerðum til að draga úr þeim. Yfirvöld ættu að styrkja viðlagaundirbúning og viðbragðsáætlanir enn frekar í framhaldi af vinnu, sem þegar væri að baki, þar á meðal með því að sameina öll atriði í fyrirliggjandi viðbragðsáætlunum í eina heildstæða áætlun, en að auki ætti að efla hana með því að veita Fjármálaeftirlitinu auknar lagaheimildir.

Tryggvi Pálsson gerði drög að vinnuskjali með yfirskriftinni „Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli“ fyrir samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað og voru þau dagsett 7. júlí 2008. Í upphafi þessa skjals sagði eftirfarandi: „Hætta á fjármálaáfalli hérlendis fer stöðugt vaxandi. Úrræðum íslensku bankanna við fjármögnun fer fækkandi þrátt fyrir að þeir hafi enn jákvæða afkomu og eiginfjárhlutföll yfir lágmarki laganna. Þrengt hefur einnig að fjármögnun ríkissjóðs erlendis þrátt fyrir afar sterka stöðu hans.“ Vísað var til þess að á liðnum misserum hafi verið unnið að margvíslegum viðlagaundirbúningi, sem vonast hafi verið til að ekki myndi reyna á. Hafi virst rofa heldur til eftir miðjan maí og framan af júní 2008 eftir að Seðlabanki Íslands tilkynnti um gjaldmiðlaskiptasamninga við norræna seðlabanka og hafi um leið orðið fremur hagstæð þróun á erlendum mörkuðum. Slegið hafi á hinn bóginn í bakseglin og mætti fullyrða „að ástandið hafi aldrei verið jafn alvarlegt og nú.“ Ákvarðanataka „stjórnvalda um hvort og þá með hvaða hætti þau ætla að takast á hendur frumkvæði og aukna ábyrgð er orðin aðkallandi.“ Um mat á stöðunni, sem þá var uppi, var meðal annars bent á að senn væri liðið ár frá því að erfiðleikar íslensku bankanna með

erlenda fjármögnun sína hafi byrjað, lausafjárstaða þeirra væri enn fullnægjandi en vandamál væru fyrirsjáanleg á næstu mánuðum. Seðlabanki Íslands hafi veitt fjármálafyrirtækjum lán að fjárhæð samtals 416.000.000.000 krónur og væri um fjórðungur þeirra einungis tryggður með verðbréfum, sem tveir af bönkunum hafi gefið út og framselt sjálfir, og um 136.000.000.000 krónur með verðbréfum frá öllum bönkunum, sem Icebank hafi selt. Seðlabankanum væri vel ljós áhætta af tapi vegna þessa og þyrfti að grípa til aðgerða til að draga úr henni. Endurgreiðslur á erlendum langtímalánum bankanna þriggja ættu að nema 194.000.000.000 krónum á árinu 2008, 905.000.000.000 krónum 2009 og 837.000.000.000 krónum 2010, en „skammtímalánalínur“ þeirra veittu aðgang að um 538.000.000.000 krónum. Bankarnir hafi leitað eftir innlánum erlendis með þeim afleiðingum að skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafi aukist og magnað upp andstöðu við bankana erlendis, en leiða mætti að því líkur að á vettvangi evrópska myntsamstarfsins væri „sú skoðun orðin ríkjandi ... að smitáhrifin á Evrópu af fjármálaáfalli hérlendis sé minni áhætta en áframhaldandi starfsemi íslenskra banka í óbreyttri mynd.“ Endursala bankanna á skuldabréfum til evrópskra seðlabanka, aðallega í Luxemborg, hafi valdið því að gagnaðgerðir væru fyrir dyrum og þá líklega í þeirri mynd að bönkunum yrði gert að endurgreiða lán, sem fengin hafi verið „út á gagnkvæm skuldabréf íslenskra banka“, en þau skuldabréf væru komin á hendur seðlabanka Evrópu. Einnig væru líkur á að bönkunum yrði gert að endurgreiða lán, sem fengin hafi verið „út á önnur verðbréf sem ekki uppfylla nýjar kröfur sem verða settar.“ Í versta falli yrðu bankarnir og jafnvel íslenska ríkið ekki lengur taldir „hæfir gagnaðilar“ á þessum vettvangi. Norrænu seðlabankarnir kynnu að auki að setja ný skilyrði ef Seðlabanki Íslands vildi nýta sér gjaldmiðlaskiptasamninga þeirra og væru tilraunir til lántöku fyrir ríkissjóð „ekki að skila viðunandi árangri í magni og kjörum.“ Samandregið væri niðurstaða stöðumatsins sú „að lausafjárstaða bankanna verður orðin óviðunandi á næstu mánuðum að öðru óbreyttu og hætta er á innlánsflóttu. Afl ríkissjóðs er takmarkað í erlendum gjaldeyri og bandamönnum fer fækkandi.“ Stjórnvöld hefðu í meginatriðum val um þrjár leiðir gagnvart bönkunum, í fyrsta lagi svonefnda hreina markaðslausn, í öðru lagi markaðslausn með opinberum stuðningi og í þriðja lagi opinbera yfirtöku, en brýnt væri að leggja mat á kosti og galla hvernar þeirra. Ef beitt yrði hreinni markaðslausn tækju stjórnvöld ekki á sig frekari skuldbindingar. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta ætti um 11.000.000.000 krónur en til lágmarks tryggingarverndar þyrfti meira en

115.000.000.000 krónur og hefði sjóðurinn enga burði til að brúa það bil. Að auki hafi verið ráðgert að sjóðurinn yrði að greiða eigendum erlendra innstæðna í sama gjaldmiðli og innlánið væri, sem kosta myndi erlendar lántökur. Í fræðilegri umfjöllun hafi verið talið að hrein markaðslausn væri nánast útilokuð, enda væri tjón af fjármálaáfalli svo verulegt að stjórnvöld yrðu að skipta sér af rás atburða og myndu neyðast til að hlaupa undir bagga. Varðandi markaðslausn með opinberum stuðningi var bent á að þeir, sem ættu hagsmuna að gæta, „reyna að minnka áhættu sína með því að fá stjórnvöld til að takast á herðar skuldbindingar.“ Væri þrýstingur á erlenda lántöku ríkisins til að efla gjaldeyrisforðann dæmi um slíkt og jafnframt viðleitni til að fá stjórnvöld til að stuðla að því að íslensku bankarnir „endurgreiði fjármögnun sína í seðlabanka Luxemborgar og dragi úr umsvifum erlendis.“ Þegar leitað væri lausnar af þessum toga væri gjarnan reynt að fá aukið hlutafé eða nýja eigendur að fjármálafyrirtækjum. Til greina gæti komið að þrýsta á íslenskan banka um að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi eða að einn banki yrði yfirtekinn af öðrum, innlendum eða erlendum. Í slíkum tilvikum gætu komið fram kröfur um að stjórnvöld liðkuðu fyrir með því að takast á herðar skuldbindingar og yrði að setja skilyrði fyrir slíku. Ef markaðslausnum með eða án þátttöku stjórnvalda yrði ekki beitt stæðu þau frammi fyrir því hvort taka þyrfti yfir einn eða fleiri banka, en lagaúrræði til þessa væru takmörkuð. Samningsstaða gagnvart lánardrottnum gæti orðið betri við yfirtöku, en óvíst væri hvort tími ynnist til að nýta þá stöðu. Við yfirtöku eins eða fleiri af stóru bönkunum fengi ríkið „allan vanda þeirra í fangið“ og ef illa tækist til kynni að fara svo að það gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í samantekt um næstu skref var bent á að stjórnvöld þyrftu á næstu vikum að marka hvaða meginleið ætti að fara ef til fjármálaáfalls kæmi, en eftir því sem sú stefnumörkun myndi dragast yrði hættara við að „trúverðugleiki minnki, úrræðum fækki og kostnaður stjórnvalda og þjóðarbúsins aukist.“ Áleitnustu spurningarnar snúi að kerfislega mikilvægum bönkum og innstæðutryggingum, meðal annars hvort hið opinbera ætti að taka á sig skuldbindingar vegna bankanna og þá hvernig og í hvaða mæli. Einnig hvort veita ætti Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta aðstoð til að hann gæti staðið undir lágmarksbótum eða jafnvel hærri fjárhæð, svo og hvort ríkið gæti tekið á sig frekari skuldbindingar án þess að stefna greiðsluhæfni sinni í voða. Samráðshópurinn væri vettvangur fyrir „upplýsingaskipti og samvinnu við útfærslur“, en auka þyrfti stórlega viðbúnaðarvinnu og fá aðstoð ráðgjafa. Á vegum stjórnvalda eða samráðshópsins þyrfti „án tafar að kalla til aðgerðahóp í fullu starfi“ og velja honum stjórnanda.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 20. fundar síns 7. júlí 2008. Á fundinum kynnti Tryggvi Pálsson framangreind drög að vinnuskjali, dreift var vinnuskjali frá viðskiptaráðuneytinu um áætlaðar innstæður í bönkum og sparisjóðum innan nokkurra mismunandi fjárhæðarmarka miðað við stöðu þeirra í september 2007 og greint var frá heimsókn bankastjóra seðlabanka Luxemborgar 4. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð lýsti Jónas Fr. Jónsson því að „logn hefði verið á mörkuðum þegar hópurinn hittist síðast en nú ríki aftur kaldir vindar“, svo og að grimmur tónn hafi falist í skilaboðum, sem komið hafi fram í heimsókn erlenda seðlabankastjórans. Baldur Guðlaugsson hafi spurt „hvort bankarnir skilji alvarleika málsins“ og Jónas sagt að það væri „nokkuð mismunandi milli banka.“ Tryggvi hafi bætt því við „að stjórnendur bankanna geri sér grein fyrir stöðunni en þeim hefur ekki verið stillt upp við vegg af stjórnvöldum“, sem hafi ekki „gert upp við sig hversu langt þau vilja ganga.“ Bolli Þór Bollason hafi sagt að „nú væri meiri hætta á að allir stóru bankarnir þrír lendi í vanda“, en Baldur spurt „hvort innlend hætta væri að aukast og hvað væri að valda því.“ Tryggvi hafi þá látið þess getið að lánveitingar Seðlabanka Íslands, sem eingöngu væru tryggðar með verðbréfum íslensku bankanna, væru orðnar um 266.000.000.000 krónur. Jónas hafi minnt á „að áfallið gæti gerst á morgun“ og yrði þá „að róa innstæðueigendur með yfirlýsingu eða láta allt fara í rúst.“ Baldur hafi sagt að „stilla þyrfti bönkunum upp við vegg ef þeir væru ekki að gera nóg til að bæta stöðuna.“ Haft var eftir Bolla „að engin auðveld lausn væri til“, upphæðir væru „gígantískar og erfitt að meta hvort t.d. skuldbinding um að tryggja 5 m.kr. innstæður hafi nægilega róandi áhrif“. Ný staða væri komin upp eftir skilaboðin, sem bankastjóri seðlabankans í Luxemborg hafi flutt frá seðlabanka Evrópu. Væru öll skref áhættusöm, en hann væri sammála því, sem fram kæmi í vinnuskjali Tryggva, og „athuga þyrfti hvort aðgerðarhópur yrði settur af stað.“ Baldur hafi þá sagt að „fyrst þyrfti að koma því til vitundar bankanna hver staðan sé og hvaða skorður ríkissjóður býr við“, en Ingimundur Friðriksson látið þess getið að mikilvægt væri að seðlabanki Evrópu „sjái að bankarnir bregðist við“, auk þess sem seðlabankar Luxemborgar og Noregs hafi „lýst yfir miklum áhyggjum af eigendum bankanna.“ Seðlabanki Íslands „myndi fylgja málinu eftir og eiga áframhaldandi samtöl við bankana.“ Jónas hafi lýst þeirri skoðun að æskilegt væri að „eigið fé bankanna yrði aukið og eigendahópurinn breikkaður“, en einnig þyrftu að liggja fyrir drög að yfirlýsingu um innlánstryggingar. Bolli hafi talið eðlilegt að seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið „fylgdu málum eftir við bankana í þessari viku en ráðherrar kæmu

að málinu í næstu viku.“ Baldur hafi velt því upp „hvort bíða mætti með seinna skrefið ef hið fyrra skilaði nægum árangri.“ Bolli hafi þá bætt við að nauðsynlegt væri „að stjórnvöld segi hvað þau hyggjast ekki gera, m.a. það að hjálpa ekki eigendum.“ Tryggvi hafi lýst þeirri skoðun að „stjórnendur bankanna séu meðvitaðir um stöðuna, hafi velt fyrir sér öllum kostum en veigri sér við að taka erfiðar ákvarðanir.“ Þeir hefðu „engar töfralausnir til að endurgreiða seðlabanka Luxemborgar heldur sé hætt við að vandinn færist yfir á Seðlabanka Íslands.“ Spurning væri hvort takmarka mætti áhættuna með því að Kaupþing banki hf. flytti höfuðstöðvar sínar úr landi og innlán í útibúum íslensku bankanna erlendis yrðu færð yfir í dótturfélög. Baldur hafi lagt til að „hugsað yrði til næsta fundar hver stjórnandi aðgerðahópsins gæti verið og hvert yrði hlutverk hópsins.“ Bolli hafi að endingu spurt hver staðan væri við gerð frumvarps um „breytingar á lagaákvæðum á fjármálamarkaði“ og hafi verið ákveðið að Áslaug Árnadóttir sendi drög að því til samráðshópsins að loknum fundi. Þau drög liggja fyrir í málinu.

Samkvæmt minnisblaði, sem mun stafa frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, boðaði ákærði hana til fundar 8. júlí 2008 ásamt Davíð Oddssyni seðlabankastjóra og ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu. Þar hafi Davíð greint frá því að „íslensku bankarnir ættu 5,1 milljarð evra í skuldabréfum í evrópska seðlabankanum“ og þyrftu þau „að fara niður um 3 milljarða evra strax þannig að markið um að bréf í bönkunum fari niður í 25% náist fyrir áramót.“ Hann hafi jafnframt átt samtalið við bankastjóra seðlabanka Luxemborgar, sem „hafi farið hörðum orðum um íslensku bankana.“ Skuldatryggingarálag þeirra færi einnig hækkandi. Davíð hafi sagt „bankana illa liðna“ og hafi Englandsbanki „kippt að sér hendinni ... vegna þess að ekki megi hjálpa íslensku bönkunum“, enda þættu þeir „skúrkar og teygja lagarammann til hins ítrasta.“ Hann hafi einnig sagt „að „ástarbréfin“, sem bankarnir gæfu út hver á aðra hafi mátt vera ca 25% af skuldabréfum bankanna“ og hafi þeim verið sagt að koma því í lag, en hermt væri að þeir hafi brugðist við með því að hækka „allan stabbann til að ná þessu niður í 25%.“ Þá hafi komið fram að ríkinu stæði til boða að fá 500.000.000 evrur að láni „með 180 punktum“ og teldi Davíð mikilvægt að taka slíkt lán, þar sem „það skapaði vaxandi trú á að kerfið standist.“ Ekki ætti að endurlána það, en það gæti „auðveldað bönkunum að fara út á markað og sækja sér fé.“

Seðlabanki Íslands gerði minnisblað 8. júlí 2008, sem var á ensku, en samkvæmt framlagðri þýðingu sagði í upphafi þess að það hefði að geyma „viðbótarupplýsingar við minnisblað til seðlabankastjóra sænska, danska og norska

seðlabankans, dags. 16. apríl 2008, sem var afhent í algerum trúnaði“. Í minnisblaðinu var meðal annars greint frá því að Seðlabanki Íslands hafi í framhaldi af gerð gjaldmiðlaskiptasamninga við norrænu seðlabankana þrjá hafið undirbúning erlendrar lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða sinn, en Alþingi hafi veitt heimild til hennar á liðnu vori og væri stefnt að því að auka þennan forða talsvert. Þá sagði einnig eftirfarandi: „Íslensku viðskiptabankarnir hafa unnið að því að minnka efnahagsreikninga sína, m.a. að tillögu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem var staðfest í síðustu FSAP-heimsókn sjóðsins til Íslands. Þessi vinna mun halda áfram og henni verður fylgt eftir af stjórnvöldum. Í stefnuyfirlýsingu bankastjórnar Seðlabanka Íslands frá 3. júlí 2008 segir m.a.: Viðskiptabankarnir gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda trausti á fjármálakerfinu. Við ríkjandi aðstæður á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum ber þeim að standa vörð um lausafjár- og eiginfjárstöðu sína og leita leiða til þess að draga eftir megni úr þörf fyrir erlent lánsfé og laga umfang sitt að gerbreyttum aðstæðum.“ Þess var jafnframt getið að í júní 2008 hafi verið tilkynnt „um aðgerðir varðandi Íbúðalánasjóð.“ Sumar þeirra hafi verið tímabundnar og þeim „ekki endilega fagnað af Seðlabankanum“, en aðrar hefðu að geyma fyrstu skrefin „í átt að nauðsynlegum umbótum“. Að öðru leyti var þar fjallað um ríkisfjármál, nýlega skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stefnumörkun seðlabankans til að „koma böndum á verðbólguna.“

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi tölvubréf til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 8. júlí 2008, þar sem meðal annars var vikið að því að af viðræðum við þá í nýlegri heimsókn væri ljóst að verulega bæri á milli í mati þeirra og mati FSA á áhættum í íslensku efnahagslífi og hvernig þær gætu breyst í áhættu fyrir breska eigendur Icesave reikninga. FSA teldi þá áhættu ekki síst felast í getu Seðlabanka Íslands til að styðja við bankakerfið og leggja Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta til fé. Þessu til viðbótar hafi umræða í fjölmiðlum aukist, fyrirspurn hafi verið borin upp í breska þinginu og nýjar hagtölur lögju fyrir, en til samans leiddi þetta til þess að FSA teldi áhættu breskra innstæðueigenda færast í aukana. Vísað var til þess að í viðræðunum hafi orðið að samkomulagi að Landsbanki Íslands hf. myndi svo fljótt sem auðið væri flytja Icesave reikningana í breskt dótturfélag og yrði miðað við að það gerðist fyrir árslok 2008. Bankinn myndi takmarka heildarfjárhæð innstæðna á reikningunum við 5.000.000.000 sterlingspund þar til þessi flutningur væri um garð genginn og jafnframt forðast að vextir af þeim yrðu með þeim hæstu, sem byðust á markaði. Að auki hafi verið sammæli um að frekari skýringa væri þörf á reglum um

innlánstryggingarkerfi á evrópska efnahagssvæðinu. Boðað var að fulltrúar FSA myndu heimsækja aðalstöðvar Landsbanka Íslands hf. innan skamms tíma.

Ríkisstjórn Íslands hélt fund 8. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

27

Tveir bankastjórar Seðlabanka Íslands, Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson, áttu ásamt Tryggva Pálssyni fund 11. júlí 2008 með Sigurði Einarssyni formanni stjórnar Kaupþings banka hf. Samkvæmt minnisblaði um fundinn vék sá fyrstnefndi þar meðal annars að viðræðum sínum við bankastjóra seðlabanka Luxemborgar 4. sama mánaðar og lét þess getið að „áhyggjuefni væri fjandsamleg afstaða í garð okkar“, sem fyndist einnig frá Noregi, þar sem trúað væri „að íslensku bankarnir fari á hausinn.“ Skuldatryggingarálag hafi hækkað á nýjan leik og þrýst væri á Seðlabanka Íslands að „beita sér fyrir lækkun efnahags bankanna“. Hann hafi sent bréf um það, en teldi ekki „gagnlegt að selja eignir á brunaútsölu.“ Ekki væri þó aðeins rætt um íslensku bankana, heldur einnig „veika stöðu eigenda þeirra.“ Í framhaldi af því hafi Davíð spurt: „Erum við að fá allt í hausinn? Getum við ekki bjargað nema e.t.v. einum bankanna?“ Sigurður hafi svarað að Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. hafi „verið að skoða stöðu sína“, en samskipti þeirra þyrfti að bæta. Allir íslensku bankarnir væru í vanda og bætti þá Davíð við að „færi einn þá færu þeir allir saman.“ Sigurður hafi getið þess að viðræður stæðu yfir „við fjárfesti“ um kaup á 20% hlut í Kaupþingi banka hf. „fyrir fáránlegt verð“ og væri búist við að „viðræðurnar gangi upp sem gæti orðið í september nk.“ Bankinn væri einnig að vinna við sölu eigna erlendis og var getið um dæmi af því. Sigurður hafi svo spurt „hvort bankinn ætti að finna sér aðra heimilisfesti“, en hann hafi „ráðið færa aðila til að skoða það mál“, sem hafi ekki enn verið rætt í stjórn bankans. Davíð hafi sagt að slíkt „kæmi vel út fyrir Ísland“, en Ingimundur spurt hve langan tíma þessi skoðun tæki. Sigurður hafi talið sig mundu fá niðurstöður eftir fjórar vikur og væru samskipti góð við fjármálaeftirlit á þeim stöðum, sem helst kæmu til greina. Davíð hafi bætt því við að ef vel yrði að flutningi staðið „væri trúverðugra að stjórnvöld gætu bjargað því sem eftir yrði.“ Ingimundur hafi „ítrekað þörfina fyrir að lækka endursöluna í Luxemborg“ og Sigurður svarað því til að bankinn hafi „lækkað í gær um 200 m. evra og ætlunin væri að taka „ástarbréfin“ út.“ Davíð hafi sagt að „endurkaup seðlabankans í Luxemborg mættu ekki fara fyrir niður fyrir 3 ma. evra því annars væri þetta búið.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sendi tölvubréf til ákærða 13. júlí 2008 og fylgdu með því „glærurnar sem hagfræðingarnir Willem H. Buiter og Anne C. Sibert“ hafi notað á fundi, sem Landsbanki Íslands hf. hafi fengið þau á, en þangað hafi einnig verið boðið „fulltrúum frá atvinnulífinu og völdum hagsfræðingum.“ Hún lét þess getið að erlendu hagfræðingarnir hafi einnig sótt fund í Seðlabanka Íslands og „eflaust farið þar yfir mál með svipuðum hætti“.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt sinn 21. fund 14. júlí 2008. Af fundargerð verður ráðið að meginhluta fundarins hafi verið varið til umræðna um málefni tveggja tiltekinna sparisjóða, sem hafi verið að falli komnir. Þar hafi þó verið dreift yfirliti frá Fjármálaeftirlitinu um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og bent á að samkvæmt því væri „áætluð upphæð til að standa við lágmarkstryggingarvernd“ vegna innlána yfir 420.000.000.000 krónur í staðinn fyrir 115.000.000.000 krónur, sem miðað hafi verið við í fyrri gögnum frá viðskiptaráðuneytinu, en ekki „væri ljóst hvort ríkissjóður réði við þá skuldbindingu.“ Þá hafi Tryggvi Pálsson látið þau orð falla að ekki væri „seinna vænna að ganga frá stefnumörkun hins opinbera“.

Seðlabankastjórnir Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson funduðu ásamt Tryggva Pálssyni með bankastjórum og tveimur öðrum starfsmönnum Landsbanka Íslands hf. 14. júlí 2008. Í minnisblaði um fundinn var greint frá því að Davíð hafi farið „yfir skilaboð seðlabankastjóra Luxemborgar“ og sagt íslensku bankanna verða að ná sátt við seðlabanka Evrópu, þar sem þeir „mættu ekki við því að lokað verði á endurkaup íslensku bankanna.“ Sigurjón Þ. Árnason hafi svarað því til að Landsbanki Íslands hf. hafi brugðist strax við, en „engin önnur dagsetning hefði verið nefnd.“ Bankinn treysti sér til að lækka skuld sína við seðlabanka Evrópu og fá svo tilfinningu „fyrir framhaldinu í Luxemborg“, en bankinn yrði „þá að koma þessum pappírnum fyrir annarsstaðar, t.d. gegnum milliliði en það sé dýrara.“ Davíð hafi sagt að þetta væri það sama og Icebank væri að gera í Seðlabanka Íslands. Sigurjón hafi lýst þeirri skoðun að ekki væri „langt í næsta áhlaup á Ísland“, skuldatryggingarálag Kaupþings banka hf. væri orðið verulega hátt og hlytu þá innlán á Icesave reikningum að minnka, en aftur væri farið að fjalla um íslensku innlánin í breskum fjölmiðlum, þingmenn væru spurðir um þau og hlyti þetta að vera skipulögð aðför. Halldór J. Kristjánsson kvað „innlánssókn Landsbankans í Hollandi“ hafa byrjað vel og gengi einnig vel í Bretlandi. Samkvæmt minnisblaðinu bar Davíð upp fyrirspurn um flutning innstæðna úr erlendum útibúum bankans til dótturfélaga og kvað Halldór það verða gert í

Hollandi á fyrsta fjórðungi ársins 2009. Málið væri í skoðun í Bretlandi, en fá þyrfti jákvæða umsögn breska fjármálaeftirlitsins „og 5-6 mánaða frest eftir það.“ Sigurjón hafi sagst „ekki vera viss um að flutningurinn borgi sig nema fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda.“ Landsbanki Íslands hf. hafi misst innstæðurnar úr 4.900.000.000 sterlingspundum niður í rúmlega 4.000.000.000 sterlingspund og hefði bankinn „ekki lifað af nema fyrir það að útibú var með innlánin.“ Ingimundur hafi í framhaldi af þessu spurt hvort hafinn væri undirbúningur að flutningi innlána úr útibúinu í Bretlandi til dótturfélags „og var því svarað að svo væri ekki.“ Sigurjón hafi svo í lok fundarins látið þess getið að Landsbanki Íslands hf. væri að „undirbúa útibú frá Luxemborg í Belgíu og Sviss til að taka við innlánunum í þessum löndum“, svo og að miklu skipti að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta næði „samningi við breska tryggingarsjóðinn um að sá síðarnefndi borgi út ef til kæmi.“ Stjórn sjóðsins „væri búin að samþykkja þetta og þetta virkaði eins og lánalína til Íslands.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom aftur saman 15. júlí 2008 og var það 22. fundur hans. Samkvæmt fundargerð var þar rætt á ný um málefni tveggja sparisjóða, en einnig um atriði varðandi Íbúðalánasjóð. Jafnframt hafi verið rætt um drög að lagafrumvarpi frá viðskiptaráðuneytinu, sem áður hafði verið dreift á fundi samráðshópsins, og hafi Bolli Þór Bollason tekið fram að hann teldi „nauðsynlegt að vinna textana áfram þótt ólíklegt væri að slíkar breytingar gætu náð fram að ganga við núverandi aðstæður.“ Á hinn bóginn væri rétt að „undirbúa frumvarp eða bráðabirgðalagatexta sem tæki á hugsanlegum vanda eins af stóru bönkunum undir forystu fjármálaráðuneytis“ og tók Baldur Guðlaussón að sér að „koma því í farveg.“

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. svöruðu 15. júlí 2008 áðurgreindu tölvubréfi breska fjármálaeftirlitsins, FSA, frá 8. sama mánaðar. Í bréfi bankans var tekið fram að bankastjórnarnir hafi ekki litið svo á að fundur, sem þeir hafi átt með FSA nokkru áður, hafi verið haldinn til að gefa skuldbindandi yfirlýsingar. Vegna atriða, sem getið hafi verið í tölvubréfi FSA, yrði að ítreka að bankastjórnarnir hafi lýst sig reiðubúna til að kanna aftur hvort flytja ætti Icesave reikningana úr útibúi bankans í London til dótturfélags og jafnframt að athuga af alvöru kosti, sem kynnu að bjóðast til þess. Að ýmsu yrði á hinn bóginn að huga áður en ákvörðun yrði tekin um það, þar á meðal hvað raunhæft væri að ætla að þetta tæki langan tíma og hvaða kröfur ættu að gilda um lausafjárstöðu dótturfélags. Þá væri bankanum ófært að skuldbinda sig til að hlíta því að heildarinnstæður á Icesave reikningunum færu ekki upp fyrir ákveðin

mörk eða að vextir, sem byðust af þeim, yrðu ekki með þeim hagstæðustu á markaði. Einnig var tekið fram að bankinn teldi engan vafa leika á því hvað fælist í reglum um innstæðutryggingar á evrópska efnahagssvæðinu, en reglur Evrópusambandsins um það efni hafi verið innleiddar í íslenska löggjöf og bankinn að auki samið um viðbótarvernd gegnum breskar innstæðutryggingar umfram þá fjárhæð, sem þær íslensku tækju til.

Í málinu liggur fyrir skjal með fyrirsögninni „efnahagsstefna á krossgötum“, sem dagsett var 15. júlí 2008 og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir mun hafa afhent ákærða. Þar var því meðal annars lýst að dökkar efnahagshorfur stafi ekki síst af neikvæðum ytri aðstæðum, svo sem víðtækri lausafjárþurrð og áhættufælni fjárfesta um allan heim. Horfur fyrir „fjármálageirann“ væru sérstaklega tvísýnar vegna þessa og hafi óvissa um aðgang íslenskra banka að lánveitanda til þrautavara í erlendum gjaldmiðlum leitt til þess að mjög hafi dregið úr trausti á íslenska fjármálakerfinu, sem birtist meðal annars í háu skuldatryggingarálagi. Hagstjórn næstu ára væri því sérstaklega vandasöm, en meðal þess, sem þar yrði að takast á við, væru mikilvæg álitafni um aðgerðir til að „styrkja umhverfi fjármálastofnana svo sem er varðar lausafé“. Væri því lagt til að settur yrði á fót „fámennur hópur reyndra sérfræðinga, sem móti tillögur að úrbótum í kyrrþey og leggi síðan tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina innan skamms tíma.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 15. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands sendi bréf 17. júlí 2008 til forstjóra Kaupþings banka hf., en samhljóða bréf mun einnig hafa verið sent forstjóra Glitnis banka hf. og bankastjóra Landsbanka Íslands hf. Í bréfinu var greint frá því að veðlán seðlabankans til fjármálafyrirtækja hafi aukist mikið á undanförunum mánuðum og væri stór hluti þeirra tryggður með „óvörðum skuldabréfum og víxlum ... stóru viðskiptabankanna þriggja.“ Seðlabankinn yrði að huga að gæðum trygginga og áhættu og væri svo komið að bregðast yrði við, enda væri ekki „eðlilegt að fjármálafyrirtæki geti með skuldabréfaútgáfu sín á milli stýrt lausafjárþyringreiðslu Seðlabankans.“ Upp frá þessu yrðu því engin ný óvarin skuldabréf á innlend fjármálafyrirtæki samþykkt sem veðhæf nema að undangenginni sérstakri athugun og yrðu sett „fjárhæðarmörk á hvern útgefanda“. Fjármálafyrirtækjum yrði „gefinn ákveðinn tími“ til að laga sig að

breyttum reglum, en seðlabankinn myndi jafnframt breyta reglum til að auðvelda þeim að nota varin skuldabréf í viðskiptum við hann.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri ritaði bréf 17. júlí 2008 til bankastjóra seðlabanka Luxemborgar, þar sem vísað var til þess, sem fram hafi komið á fundi þeirra 4. sama mánaðar, og því lýst að í framhaldi af honum hafi bankastjórn Seðlabanka Íslands átt fundi með stjórnendum viðskiptabankanna þriggja til að leggja áherslu á mikilvægi þess að brugðist yrði skjótt við því, sem erlendi seðlabankastjórinn hafi óskað eftir. Þess væri vænst að merki um þetta hefðu þegar sést, en um leið yrði að leggja áherslu á að íslenskir bankar nytu jafnræðis við aðra. Þess var og getið að íslensku bankarnir héldu áfram aðgerðum til að minnka umfang sitt, en við ríkjandi aðstæður væri það óumflýjanlega seinlegt og yrði að ganga fram af varfærni. Samdráttur hafi þegar orðið með fækkun starfsmanna og hagræðingu.

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lét frá sér fara tilkynningu 21. júlí 2008 um að hann hafi samþykkt að leggja til við forsætisráðherra og forseta Alþingis að þing yrði kallað saman til funda „strax að aflokinni verslunarmannahelgi til að ræða stöðuna í efnahags- og atvinnumálum og hvað vænlegast er að gera til að verja þjóðarbúið frekari áföllum“. Þessari tilkynningu var komið á framfæri við ákærða með tölvubréfi sama dag.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 23. fund sinn 22. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð var þar í byrjun rætt um erfiðleika tveggja sparisjóða og jafnframt nokkurra smærri fjármálafyrirtækja, en að því búnu lýsti Bolli Þór Bollason því að næsta verkefni samráðshópsins yrði að láta vinna drög að texta bráðabirgðalaga eða frumvarps og væri tilgangurinn sá að fá fram svör við „ólystuga matseðlinum“. Áslaug Árnadóttir gerði af þessu tilefni athugasemd við að sú vinna yrði undir stjórn fjármálaráðuneytisins, enda væri um að ræða löggjöf á sviði viðskiptaráðuneytisins. Eftir nokkra umræðu hafi niðurstaðan orðið sú að fjármálaráðuneytið myndi stýra vinnuhópi í þessu skyni, en viðskiptaráðuneytið myndi kanna hvaða breytingar þyrfti að gera á löggjöf á sínu málsviði. Þá sagði í fundargerðinni að Jónas Fr. Jónsson hafi minnt á yfirlit frá Fjármálaeftirlinu, sem áður hafi verið lagt fram um fjárhæð, sem „innstæðutryggingin gæti kallað á“, en þær 421.000.000.000 krónur, sem þar um ræddi, hafi aðeins svarað til lágmarkstryggingarverndar. Ingimundur Friðriksson hafi vikið að söfnun innlána í erlendum útibúum bankanna, en breska fjármálaeftirlitið hafi hvatt Landsbanka Íslands hf. til að flytja „innlána safn sitt“ í þarlent dótturfélag. Það ferli væri ekki hafið og bankinn virtist því andsnúinn, en af því tilefni spurði hann

hvort „þessari breytingu væri hægt að koma á með reglusetningarvaldi.“ Áslaug hafi svarað því til að ekki væri unnt að banna stofnun útibúa og móttöku innlána, heldur aðeins að tefja. Jónas hafi þá getið þess að beita mætti kröfum um aukið eigið fé eða stighækkandi framlög í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Tryggvi Pálsson hafi sagt að „bankarnir, sérstaklega Landsbankinn, hefðu með innlánssókn sinni í útibúum erlendis meir en tvöfaldað skuldbindingar Tryggingarsjóðsins.“ Færi allt á versta veg gæti þurft að sniðganga þessar auknu skuldbindingar með því að setja það skilyrði fyrir lántöku sjóðsins að íslenskir innstæðueigendur nytu forgangs eða greitt yrði til erlendra með íslenskum krónum. Þótt þetta kynni að ganga gegn samningnum um evrópska efnahagssvæðið yrði að sjá til þess að ríkið tæki ekki á sig skuldbindingar, sem myndu stefna því í þrot, en eins og staðan væri yrði ekki staðið við lágmarksskuldbindingar um innstæðuvernd. Ingimundur hafi getið þess að norsk yfirvöld hafi sagst ekki mundu leyfa íslenskum bönkum að taka við innlánnum þar í skjóli norska tryggingarsjóðsins, þótt það væri andstætt reglum á evrópska efnahagssvæðinu. Jónas hafi svo ítrekað „að þrýsta yrði á flutning innlána yfir í dótturfélög.“

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi tölvubréf 22. júlí 2008 til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. Þar var því lýst að bréf bankastjóranna 15. sama mánaðar veki áhyggjur, enda væri að mati FSA lítill vafi í ljósi undanfarinna atburða um að hætta hafi aukist á að íslenskir bankar yrðu fyrir áhlaupi og að Landsbanki Íslands hf. réði ekki yfir nægu lausafé til að standa við skuldbindingar útibús síns í London. Bent var á að rætt hafi verið á breska þinginu 16. sama mánaðar um áhyggjur af innstæðutryggingum vegna útibúa banka frá öðrum ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu og þá sérstaklega um Icesave reikninga. Þar hafi einnig verið lýst efasemdum um getu íslenska ríkisins til að standa undir kröfum, sem komið gætu fram ef Landsbanki Íslands hf. félli, í ljósi samanburðar á heildarskuldbindingum íslenskra banka við þjóðarframleiðslu. Að þessu virtu ylli vonbrigðum að bankinn teldi sig ekki geta takmarkað vöxt innstæðna á Icesave reikningunum við ákveðna fjárhæð og yrði FSA að ítreka að þær færu ekki fram úr 5.000.000.000 sterlingspundum. Yrði einnig að ræða samdrátt á þessum reikningum í framtíðinni. Í ljósi aðstæðna yrði einnig að krefjast þess að bankinn hefði í varasjóði við Englandsbanka 10% af öllum óbundnum innstæðum í sterlingspundum í stað 5% áður. Ef þessum kröfum yrði ekki mætt yrði FSA að taka til athugunar að neyta valdheimilda sinna til að vernda breska neytendur. Þessu til viðbótar væri óskað eftir

skýrri skuldbindingu Landsbanka Íslands hf. um að starfsemi útibús hans í London yrði flutt í dótturfélag og skyldi stefnt að því að það yrði gert fyrir árslok 2008. Vegna fyrirhugaðrar heimsóknar fulltrúa FSA til aðalstöðva bankans væri óskað eftir skriflegri staðfestingu um samþykki þessara skilyrða fyrir 30. júlí 2008.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 22. júlí 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja, en þess var getið að starfandi forsætisráðherra hafi upplýst að beiðni þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 21. sama mánaðar um að Alþingi yrði kallað saman hafi hlotið afgreiðslu og væri ekki ástæða til að verða við henni.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. sendu bréf 28. júlí 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, þar sem því var meðal annars lýst yfir að bankinn stefndi eindregið að því að flytja starfsemi í tengslum við Icesave reikninga í Bretlandi yfir í dótturfélag þar innan sanngjarns tíma, að bankinn væri reiðubúinn til að stefna að því að innstæður á þeim reikningum færu ekki fram úr 5.000.000.000 sterlingspundum fram til ársloka 2008 og að bankinn samþykkti að hækka varasjóð í sem svaraði 10% af heildarfjárhæð óbundinna innlána í þeim gjaldmiðli. Í bréfinu voru jafnframt gerðar tillögur um umræðuefni vegna væntanlegs fundar með fulltrúum FSA 31. júlí og 1. ágúst 2008. Bankastjórnir sendu samdægurs afrit af þessu bréfi ásamt minnisblaði til forstjóra Fjármálaeftirlitsins og Ingimundar Friðrikssonar seðlabankastjóra. Í minnisblaðinu sagði meðal annars að í viðræðum við fulltrúa FSA myndi Landsbanki Íslands hf. leggja áherslu á að öll réttindi útibús bankans og reglur um lausafjárstýringu yrðu láttnar gilda óbreyttar um dótturfélag hans, en þetta væri „grundvallaratriði til að raska ekki lausafjárstöðu Landsbankasamstæðunnar í heild.“ Jafnframt að hækkun á fjárhæð í varasjóði yrði háð skýrum reglum um ráðstöfun fjárens, þannig að nýta mætti það ef óvæntar útgreiðslur kæmu til, en helst vildi bankinn fá að varðveita þetta fé hjá Seðlabanka Íslands. Loks yrði erfitt fyrir bankann að skuldbinda sig til að innstæður á Icesave reikningunum færu ekki fram úr tiltekinni hámarksfjárhæð, en þetta yrði þá annaðhvort að vera háð vikið eða að herra hlutfall innstæðna umfram 5.000.000.000 sterlingspund rynni í varasjóð. Að endingu var þess getið að aðalmarkmið bankans væri að FSA héldi sig við gerða samninga, en hann teldi að í raun hafi ekkert gerst í Bretlandi, sem réttlæti auknar kröfur stofnunarinnar. Því væri afar mikilvægt að þetta yrði brýnt fyrir henni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sendi tölvubréf 29. júlí 2008 til Más Guðmundssonar hagfræðings „vegna fundarins 7. ágúst“, en þar ætti hann ásamt tveimur öðrum nafngreindum mönnum að flytja erindi, þar sem þeir greindu stöðuna og hvað helst væri til ráða til að koma á stöðugleika til langframa. Á fundinum yrði „mjög þröngur“ hópur, tveir eða þrír menn með hvorum ráðherra, henni og ákærða. Hún tók fram að þetta yrði ekki opinber fundur, heldur yrði hann haldinn í trúnaði og mikilvægt að ekki yrði „farið með hann í fjölmiðla.“ Með tölvubréfinu fylgdi skýrslan, sem hagfræðingarnir Willem H. Buitter og Anne C. Sibert höfðu gert að beiðni Landsbanka Íslands hf. og dagsett var 4. júlí 2008. Ingibjörg framsendi þessa orðsendingu til ákærða 30. júlí 2008, en til fundarins mun hafa verið efnt í tilefni af áður nefndri tillögu hennar til ákærða 15. sama mánaðar.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 24. fund sinn 31. júlí 2008. Í fundargerð kom fram að Ingimundur Friðriksson hafi dreift þar bréfaskiptum Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins, FSA, í tengslum við flutning á starfsemi varðandi Icesave reikninga frá útibúi bankans í London til dótturfélags og vakið athygli á því að sett hafi verið hámark á þau innlán þar til flutningurinn yrði um garð genginn. Jónas Fr. Jónsson kvað óróa hafa komið fram í breska fjármálaráðuneytinu eftir umræður í þingnefnd um öryggi innlána breskra sparifjáreigenda, en þar hafi fulltrúar frá FSA setið fyrir svörum og Icesave reikningarnir borist sérstaklega í tal. Málið ætti langan aðdraganda, en bankinn hafi fengið þrjá mánuði til að uppfylla samkomulag við FSA um lausafjárefirlit og Icesave reikningana. Áður en sá frestur hafi verið á enda hafi FSA gert nýjar kröfur í liðinni viku af mikilli hörku. Fjármálaeftirlitið hafi í framhaldi af því gert athugasemdir við FSA um að samráð hafi skort milli stofnananna og látið í ljós efasemdir um að „magntakmarkanir sem þessar“ fengju staðist. Það væri á hinn bóginn varasamt fyrir Landsbanka Íslands hf. „að fara í lagaþrætur við FSA.“ Tryggvi Pálsson hafi lýst þeirri skoðun í framhaldi af þessu að „FSA væri að vinna gott verk að því leyti að takmarka hugsanlegar skuldbindingar íslenska ríkisins vegna Tryggingarsjóðsins.“ Ingimundur hafi sagt frá því að á fundi starfsmanna Seðlabanka Íslands með fulltrúum FSA hafi komið fram að „unnt væri að ljúka yfirfærslunni á þremur mánuðum“, svo og að FSA gætti jafnræðis gagnvart Landsbanka Íslands hf. Baldur Guðlaugsson hafi spurt hvenær tilkynnt hafi verið um hámark á heildarinnstæðum á Icesave reikningunum og Jónas svarað að það hafi gerst um 8. júlí 2008. Í tengslum við það hafi Ingimundur gert þá athugasemd að mikilvægt væri að

„gæta vel að trúnaðarupplýsingum sem þessum.“ Tryggvi hafi talið íslensk stjórnvöld eiga að leggja FSA lið og jafnframt að snúa ofan af móttöku innlána í útibúum íslensku bankanna annars staðar. Baldur hafi sagt það geta orðið „banabiti fyrir bankana ef umræðan færi af stað um veikleika Tryggingarsjóðsins.“ Samkvæmt fundargerðinni spurði Bolli Þór Bollason hvernig „málið ætti eftir að þróast á næstu vikum“ og svaraði Jónas að Landsbanki Íslands hf. hafi í grundvallaratriðum fallist á kröfur FSA, en ýmsar útfærslur væru eftir. Bolli hafi spurt hvað seðlabankinn gerði í tengslum við þetta og Ingimundur svarað að hann setti „þrýsting á Landsbankann um að klára yfirlýsningu.“ Jónas hafi greint frá því að áhyggjur FSA út af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta hafi snúið að því hversu lítið væri í honum, hvernig standa ætti við skuldbindingar hans, hvaða varaáætlun hann hefði og hvernig starfsemi og ferlar væru. Af þessu tilefni kvað Áslaug Árnadóttir sjóðinn vera að undirbúa eyðublað og hvatti Ingimundur til þess að FSA fengi upplýsingar um slík atriði. Baldur hafi lagt til að FSA yrði minnt á „að verið sé að vinna að yfirlýsningu innlána til dótturfélaga og þá stýttist í að hugsanlegir vankantar tryggingarsjóðsins komi ekki að sök.“ Jónas kvað FSA hafa ástæðu til „að óttast tímenn fram að yfirlýsningu“ og væri það heppni að ekkert hafi verið fjallað um þetta í fjölmiðlum eftir umræður í bresku þingnefndinni. Í fundargerð var síðan greint frá umræðum um stöðu sparissjóða og annarra smærri fjármálafyrirtækja. Að því búnu hafi Jónas borið það upp að hann teldi óljóst hvaða verkefnum vinnuhópur, sem ákveðið var að setja á fót á fundi samráðshópsins 22. júlí 2008, ætti að sinna, en fulltrúi Fjármálaeftirlitsins í vinnuhópnum hafi komið af fyrsta fundi hans með hugmyndir um að hann ætti að gera annað en að semja drög að lagafrumvarpi. Áslaug hafi af þessu tilefni tekið fram að vinnuhópurinn ætti að „semja búta sem mætti nýta til að setja í frumvarp“, en Baldur hafi þá sagt „verkefnið vera að skýra hvaða valkostum ríkið gæti staðið frammi fyrir“ og yrðu frumvarpsdrög samin í framhaldi af því. Vegna þessara orðaskipta hafi Bolli lesið upp úr fundargerð frá 22. júlí 2008 lýsingu á viðfangsefni vinnuhópsins.

Seðlabankastjórnir Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson áttu ásamt Tryggva Pálssyni fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 31. júlí 2008. Samkvæmt minnispunktum um fundinn var þar rætt um samskipti bankans við fulltrúa breska fjármálaeftirlitsins, FSA, sem staddir voru hér á landi, og lét Davíð þess meðal annars getið að í samtali þeirra við sig þennan dag hafi hann bent á að íslenska ríkið væri ekki skuldbundið vegna innlánstrygginga. Áslaug Árnadóttir myndi segja það sama við þá síðar um daginn. Sigurjón Þ. Árnason hafi tekið fram að

ekki væri til hjálpar að segja frá því að „Tryggingarsjóður eigi ekki pening“, en FSA gæti tekið upp hjá sér að senda upplýsingar til innstæðueigenda og þyrfti því að „tala jákvætt“ þar til umbreytingin yrði um garð gengin, því annað „gæti kallað fram áfall.“ Halldór J. Kristjánsson hafi lýst því að hann væri ekki einn þeirrar skoðunar „að € 20 þúsund sé þjóðréttarleg skuldbinding“ og Davíð svarað að engin ríkisábyrgð yrði sett nema með lögum. Halldór hafi þá sagt að afla yrði þeirrar heimildar og Davíð svarað aftur með þessum orðum: „Eruð að safna innlánnum án þess að tala við þjóðina um skuldbindinguna. Þið tveir getið ekki gert þjóðina gjaldþrota.“ Sigurjón hafi sagt að Landsbanki Íslands hf. yrði að vinna með FSA og biðja um aðstoð Seðlabanka Íslands, en á meðan breytingunni yrði komið á mætti ekki segja að íslenska tryggingarkerfið væri í reynd ekki til. Davíð hafi þá gert athugasemd um að í Bretlandi hafi þurft „sérstaka ákvörðun ríkisstjórnar til að standa við innlánstrygginguna“ og Sigurjón bætt við að það yrði „að komast í gegnum þetta.“

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri átti ásamt öðrum starfsmanni bankans símafund við tvo starfsmenn Englandsbanka 1. ágúst 2008 í tilefni af heimsókn fulltrúa breska fjármálaeftirlitsins til Íslands, sem þá var lokið. Í byrjun fundargerðar um þennan fund sagði að samtalið hafi staðið í hálf klukkustund „og endurtóku Bretarnir í sífellu meginboðskap sinn um að íslensku bankarnir þyrftu að draga saman seglin.“ Komið hafi fram að innan Englandsbanka gætti óróleika vegna íslensku viðskiptabankanna og þá einkum Landsbanka Íslands hf. Reyndar lægju takmarkaðar upplýsingar fyrir, en áhyggjurnar hafi stafað af háu skuldatryggingarálagi, hröðum vexti bankanna, sem hafi leitt til þess að íslensk stjórnvöld gætu ekki lengur komið þeim til bjargar, og því að bankarnir væru orðnir háðir „söfnun innstæðna í Bretlandi gegnum netið“, en innstæðutryggingar að baki þeim væru takmarkaðar. Íslensku bankarnir yrðu að draga saman seglin, enda gæti ríkið ekki veitt þeim aðstoð ef erfiðleikar kæmu upp. Væri ráð að bíða lengur með sölu eigna, enda væru að minnsta kosti tvö erfið ár fram undan fyrir banka í Evrópu. Innan Englandsbanka væru uppi áhyggjur um að slæmar fréttir gætu komið af stað áhlaupi á innstæður í íslensku bönkunum. Eftir nýlegar umræður í breska þinginu gæti spurning verið borin upp við Englandsbanka um hvort þessar innstæður væru fyllilega öruggar og yrði að „svara slíkum spurningum eftir bestu samvisku.“ Þá hafi loks komið fram sú afstaða bankans að mikilvægt væri að færa „bresku innstæðurnar“ sem fyrst til dótturfélags.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. sendu bréf 1. ágúst 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, þar sem lýst var þeirri von að ljúka mætti viðræðum milli

þeirra um flutning Icesave reikninganna frá útibúi bankans í London til dótturfélags hans, Heritable Bank Ltd., á grundvelli minnisblaðs, sem afhent hafi verið FSA. Eins og rætt hafi verið á fundum undanfarinna daga þyrfti FSA í þessu skyni að veita Landsbanka Íslands hf. undanþágu til að stýra lausafé í einu lagi fyrir alla samstæðu hans. Væri tillaga um grundvöll slíkrar undanþágu í fylgiskjali með bréfinu. Í minnisblaðinu, sem að framan var nefnt, var ráðgert að flutningur á Icesave reikningunum til dótturfélags færi fram með atbeina dómstóla og tekið fram að hæglega mætti ljúka því á árinu 2008. Þá lagði bankinn til að sett yrði hámark á samanlögðum innstæðum á Icesave reikningunum við 5.000.000.000 sterlingspund fram að því að flutningi þeirra yrði lokið til Heritable Bank Ltd., en að því leyti, sem farið yrði upp fyrir þau mörk, yrði helmingur þess fjár settur í varasjóð í vörslum Englandsbanka eða Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt ódagsettri fundargerð átta tveir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins fund með bankastjórum og einum öðrum starfsmanni Landsbanka Íslands hf., sem mun hafa verið haldinn 1. ágúst 2008. Í fundargerðinni kom fram að Sigurjón Þ. Árnason hafi lagt „gríðarlega mikla áherslu“ á að Fjármálaeftirlitið kæmi á fundi með æðstu stjórnendum breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Að sögn bankastjóranna væri lausnin á flutningi Icesave reikninganna til Heritable Bank Ltd. einföld, því eftir að reikningarnir hefðu verið færðir þangað „myndi fjármagnið allt fara aftur í útibú bankans í London“, en gegn því myndi Heritable Bank Ltd. eiga kröfu á hendur útibúinu, sem Landsbanki Íslands hf. bæri ábyrgð á. Nauðsynlegt væri að gæta að hagsmunum Landsbanka Íslands hf. sem samstæðu og myndu tillögur í minnisblaði bankans til FSA hafa minnstu röskun í för með sér. FSA yrði að „horfa á þetta á samstæðugrundvelli annars væri Landsbankinn dauður o.þ.m. Ísland.“ Þá kom fram í fundargerðinni að bankastjórnarnir hafi greint frá því að starfsemi Landsbanka Íslands hf. í Hollandi yrði að líkindum á hendi dótturfélags frá ársbyrjun 2009 og væri ætlunin að stofna útibú frá því víðar í Evrópu, þar sem aflað yrði innlána. Yrði farið hægt í sakirnar í byrjun, en innlánin myndu eiga undir hollenska innstæðutryggingarkerfið.

Viðskiptaráðuneytið veitti samkvæmt beiðni breska fjármálaráðuneytisins upplýsingar um margvísleg atriði varðandi Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta með tölvubréfi 3. ágúst 2008.

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi bréf 5. ágúst 2008 til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. Þar kom í fyrsta lagi fram að FSA fagnaði því að bankinn væri reiðubúinn til að gangast undir að hámark heildarinnstæðna á Icesave reikningum í

útibúi hans í London yrði 5.000.000.000 sterlingspund, en á hinn bóginn yrði óásættanlegt að innstæðufé, sem færi fram úr þeirri fjárhæð, rynni að helmingi inn í varasjóð, enda yrði bankinn að haga boðum sínum um vexti á þann hátt að ekki yrði farið fram úr þessum mörkum. Í öðru lagi lýsti FSA ánægju með að bankinn samþykkti að hækka fé í varasjóði úr 5% í 10% af heildarinnstæðum á óbundnum Icesave reikningum og yrði samþykkt að varðveita mætti þessa viðbót á reikningi við Seðlabanka Íslands. Í þriðja lagi væri FSA sammála því að best færi á að Icesave reikningarnir yrðu færðir í dótturfélag bankans, Heritable Bank Ltd. Á hinn bóginn gæti ekki komið til greina að sá banki fengi undanþágu frá reglum FSA til að láta fé sem svaraði þessum innstæðum renna til móðurfélags síns. Vegna þessara atriða var óskað eftir að Landsbanki Íslands hf. léti í té fyrir dagslok 12. ágúst 2008 nýjar tillögur um hvernig staðið yrði að flutningi innstæðnanna ásamt skuldbindingu um að dótturfélagið myndi hlíta almennum reglum. FSA stefndi að því að þessum aðgerðum lyki fyrir 31. október 2008, en seinkun á þeim kæmi ekki til greina lengur en til loka þess árs. Ef Landsbanki Íslands hf. myndi ekki hlíta þessum tímamörkum og samþykkja jafnframt skilmála FSA fyrir flutningi innstæðnanna yrði stofnunin að taka til athugunar hvort beita yrði þvingunarúrræðum til að fylgja þessu eftir.

Í málinu liggur fyrir fundargerð á bréfsefni Seðlabanka Íslands frá fundi, sem bankastjórnir Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason áttu ásamt Jóni Þ. Sigurgeirssyni með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. og Jóni Þorsteini Oddleifssyni. Í fundargerðinni kemur ekki fram hvenær fundurinn var haldinn, en af efni hennar, sem að nokkru er rakið hér á eftir, er ljóst að efnt hafi verið til hans í framhaldi af því að Landsbanki Íslands hf. barst framangreint bréf frá breska fjármálaeftirlitinu, FSA. Samkvæmt fundargerðinni greindu fulltrúar bankans frá afstöðu FSA, sem þeir töldu hafa „sýnt óbilgirnir við væntanlega dótturfélagavæðingu Icesave“, og virðist sem þetta hafi að mati bankans einkum átt við um kröfu stofnunarinnar um að eignir yrðu færðar til Heritable Bank Ltd. á móti skuldbindingum vegna innstæðna á Icesave reikningunum, svo og hvernig haga ætti lausafjárstýringu milli móðurfélags og dótturfélags. Ef þetta gengi eftir gæti Landsbanki Íslands hf. „ekki nýtt sér fjármögnun frá Icesave í Bretlandi“, sem væri bagalegt fyrir hann, enda kæmi þetta „í kjölfar takmarkana hjá evrópska seðlabankanum og væru flest sund nú lokuð varðandi fjármögnun.“ Eftir stæði að afla mætti fjár með Icesave reikningum í öðrum Evrópulöndum, en Davíð hafi af því tilefni minnt á mikilvægi þess að starfsemi varðandi Icesave reikninga yrði rekin í dótturfélögum. Sigurjón Þ. Arnason hafi þá

getið þess „að sú staða sem nú væri komin upp væri sú erfiðasta sem bankinn hefði upplifað.“ Undir lið í fundargerðinni um „erindi LÍ við Seðlabanka Íslands“ var þess getið að Halldór J. Kristjánsson teldi líklegt að FSA myndi samþykkja skuldbindingu frá seðlabankanum upp á 2.500.000.000 sterlingspund sem eign fyrir Heritable Bank Ltd. á móti Icesave reikningunum við flutning þeirra. Seðlabankinn gæti þá tekið við innstæðufénu frá Heritable Bank Ltd. og lánað það jafnharðan til Landsbanka Íslands hf., sem gæti sett seðlabankanum að veði skuldabréf sjávarútvegsfyrirtækja og bréf „sem evrópski seðlabankinn hefur nú hafnað þ.e. „krossútgáfur“ íslenskra banka og eignavarin verðbréf.“ Sigurjón hafi lýst þeirri skoðun að með þessu mætti komast hjá vandræðum við flutning innstæðnanna og um leið myndi þessi aðgerð styrkja gjaldeyrisforða seðlabankans, sem fengi greitt „fyrir viðvikið“. Eiríkur hafi af þessu tilefni bent á að innlendar skuldbindingar gætu ekki talist til gjaldeyrisforða seðlabankans og stæði ráðstöfun sem þessi nær því að teljast lán til þrautavara. Hún hefði mikil áhrif á efnahag seðlabankans og henni yrði að fylgja opinber tilkynning með „tilheyrandi orðsporsáhættu fyrir íslenska bankakerfið.“ Davíð hafi spurt „um aðrar lausnir t.d. að standa í lappirnar gagnvart FSA og fullyrða að krafa þeirra væri óframkvæmanleg.“ Sigurjón hafi sagt að slíku fylgdi mikil áhætta, enda hafi komið fram í lok bréfs FSA að stofnunin væri tilbúin að grípa til þvingunarúrræða. Eftirfarandi var einnig haft eftir Sigurjóni: „Ákvörðun um að standa í ístaðinu væri af þeirri stærðargráðu að fulltrúar LÍ treystu sér ekki til að taka hana upp á eigin spýtur, þar sem hún gæti haft veruleg áhrif á allt íslenska fjármálakerfið. Af þessum sökum hefðu þeir komið til fundar við SÍ.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 5. ágúst 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt minnisblaði frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur var haldinn fundur „með hagfræðingum“ 7. ágúst 2008, þar sem Már Guðmundsson, Friðrik Már Baldvinsson og Gauti Eggertsson höfðu framsögu, en auk hennar hafi að öðru leyti verið viðstaddir forsætisráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, viðskiptaráðherra ásamt aðstoðarmanni sínum og ráðuneytisstjórnarnir í forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Í minnisblaðinu var meðal annars haft eftir Gauta að það væri mjög mikils virði „að standa við bakið á bönkunum“ og hættulegt að fara „í opinbera umræðu um skiptingu skuldbindinga þ.e. innlenda og erlenda.“ Haft var eftir Má að mikilvægt væri að „bankarnir geti sýnt að þeir geti

lifað“ og væri ódýrara fyrir ríkið að bjarga þeim en „að láta þá hrynja.“ Friðrik hafi getið þess að það ætti „að bjarga bönkum sem eiga nægar eignir en eiga í lausafjórvara.“

Bankastjórn Seðlabanka Íslands sendi 7. ágúst 2008 minnisblað til ráðuneytisstjórnans í fjármálaráðuneytinu, þar sem greint var frá því, sem bankinn hafi gert undanfarna mánuði til að afla erlends láns fyrir íslenska ríkið í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þar var meðal annars getið um að þrír erlendir „umsjónarbankar lántökunnar“ hafi eftir ýmsar árangurslitlar viðræður við fjárfesta ráðlagt „einróma að ekki yrði farið á markað þar sem orðsporsáhættan af misheppnuðu skuldabréfaútboði væri of mikil og gæti ein og sér valdið bankaáhlæpi gagnvart Íslandi.“ Víkið var að nokkrum kostum um hugsanlega lántöku, sem huga mætti að þegar liði fram á haust, en í niðurlagi minnisblaðsins sagði eftirfarandi: „Rétt er að undirstrika að framangreind vandamál hafa ekkert með fjárhagslega stöðu ríkissjóðs sjálfs að gera, sem er í öfundsverðri stöðu miðað við flesta aðra. Vantrú ríkir á íslenska bankakerfinu. Markaðir gera ráð fyrir að yfirgnæfandi líkur séu á að vandamál þess verði fyrr eða síðar vandamál ríkissjóðs. Þessi vantrú er þrándur í götu þessa máls.“

Breska fjármálaráðuneytið beindi fyrirspurn til viðskiptaráðuneytisins 7. ágúst 2008 um fjölmörg atriði varðandi Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Ráðuneytið svaraði þessari fyrirspurn að hluta 14. sama mánaðar.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sendi með tölvubréfi til ákærða 8. ágúst 2008 minnispunkta frá fundi, sem hann átti í London ásamt tveimur starfsmönnum sínum 7. sama mánaðar við fimm fulltrúa Deutsche Bank AG. Í minnispunktunum var meðal annars greint frá því að erlendu bankamennirnir hafi talið að skuldatryggingarálag myndi „ganga frá bönkunum“, enda kæmi það í veg fyrir að þeir gætu útvegað sér fé án ábyrgðar annarra. Álagið væri allt of hátt á íslensku bankana, en markaðurinn væri óraunsær og gæti verið það áfram „nógu lengi til að taka bankana af lífi.“ Aðeins væri rými fyrir einn stóran banka með aðalstöðvar á Íslandi og yrðu tveir þeirra að sameinast og flytja í framhaldi af því, en í því sambandi hafi verið nefndir Glitnir banki hf. og Kaupþing banki hf. Allir bankarnir þörfuðust nýs eigin fjár, svo sem með hlutafé frá lífeyrissjóðum, en einnig myndi „eignarhald ríkissjóðs í bönkunum ... hjálpa.“ Þá væri mikilvægt að fá nýtt hlutafé frá útlöndum. Gjaldeyrisvarasjóður þyrfti að nema um 10.000.000.000 evrum og væri mikilvægt að ríkið sýndi að aðgerðir stæðu yfir til að stækka hann.

Fjármálaeftirlitið ritaði bréf 11. ágúst 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Þar kom fram að Fjármálaeftirlitið styddi í meginatriðum þá aðgerð að Icesave reikningar yrðu fluttir frá útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til Heritable Bank Ltd., en þetta mætti á hinn bóginn ekki veikja stöðu Landsbanka Íslands hf. sem samstæðu og getu hans til að starfa í Evrópu. Skipti þar máli að lausafjárstýring milli hans og breska dótturfélagsins tæki mið af því að um samstæðu væri að ræða. Af þeim sökum vildi Fjármálaeftirlitið ræða við FSA um undanþágur fyrir þessa starfsemi. Frestur, sem FSA hafi veitt Landsbanka Íslands hf. til 12. ágúst 2008 til að setja fram nýjar tillögur, væri í þessu ljósi of skammur og væri óskað eftir framlengingu hans. Jafnframt var því lýst að Fjármálaeftirlitið teldi FSA taka of stranga afstöðu til hámarksfjárhæðar innstæðna á Icesave reikningunum og yrði að veita eitthvert svigrúm, en minnt var á tillögu Landsbanka Íslands hf. um hvernig fara mætti með fé, sem bærisk inn á reikningana umfram þetta hámark. Loks var vísað til þess að samkomulag hafi tekist um að bankinn myndi stækka varasjóð vegna óbundinna Icesave reikninga úr 5% í 10% og yrði helmingur hans varðveittur í Seðlabanka Íslands. Þess var að endingu getið að vonast væri til að þoka mætti þessum málum áfram á fundi, sem ráðgerður væri milli Fjármálaeftirlitsins og FSA 18. ágúst 2008.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. sendu bréf 12. ágúst 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Þar var í byrjun vikið að því að bankanum væri ófært að setja fram nýjar heildartillögur um flutning Icesave reikninga frá útibúi sínu í London til Heritable Bank Ltd. á svo skömmum tíma, sem FSA hafi áskilið, en fyrir því voru færðar nánar tilgreindar ástæður, þar á meðal að Landsbanki Íslands hf. gæti ekki tekið ákvarðanir um þessi atriði, sem hefðu áhrif á heildarstarfsemi hans, nema Fjármálaeftirlitið samþykkti þær. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu stæði fyrir dyrum fundur háttsettra starfsmanna þess og FSA 18. ágúst 2008 og væri óskað eftir að frestur til að gera nýjar tillögur yrði veittur þar til sá fundur væri að baki. Í bréfinu voru þó reifaðar hugmyndir bankastjóranna um lausn á nokkrum atriðum, þar á meðal að Landsbanki Íslands hf. myndi auka eigið fé Heritable Bank Ltd. um 500.000.000 sterlingspund samhliða því að Icesave reikningarnir yrðu fluttir þangað, lánastarfsemi útibús Landsbanka Íslands hf. í London yrði flutt þangað á fyrri helmingi ársins 2009 og stefnt yrði að því að Heritable Bank Ltd. réði yfir nægum eignum í öðru formi en kröfum á hendur Landsbanka Íslands hf. á móti skuldbindingum við innstæðueigendur fyrir árslok 2010. Fram til þess tíma myndi FSA veita undanþágu til þess að starfsemi Landsbanka Íslands hf. og dótturfélaga

hans yrði metin á þeim grundvelli að um samstæðu væri að ræða. Ítrekaðar voru fyrri óskir um hvernig færi um hámarksfjárhæð, sem innstæður á Icesave reikningunum mættu nema, en lýst var ánægju með að samkomulag væri um tilhögun á varasjóði vegna óbundinna reikninga. Í bréfinu var að öðru leyti sérstaklega bent á réttindi Landsbanka Íslands hf. samkvæmt reglum um bankastarfsemi á evrópska efnahagssvæðinu, sem hann teldi sig hafa farið í hvívetna eftir í starfsemi sinni í Bretlandi, en þessi réttindi mætti ekki skerða án málefnalegra ástæðna.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 25. fundar síns 12. ágúst 2008 og tók Jónína S. Lárusdóttir þar aftur sæti í stað Áslaugar Árnadóttur. Samkvæmt fundargerð hafði Baldur Guðlaugsson átt símafund við breska fjármálaráðuneytið í framhaldi af heimsókn starfsmanna breska fjármálaeftirlitsins, FSA, til Íslands um síðustu mánaðamót og hefði sá fundur verið „formlegur og jákvæður.“ Ingimundur Friðriksson veitti upplýsingar um símafund sinn við starfsmenn Englandsbanka 1. ágúst 2008 og gat þess jafnframt að fulltrúar FSA hefðu lýst ánægju með samskipti sín við Áslaugu Árnadóttur sem formanns stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Baldur hafi í framhaldi af þessu spurt „hvort komið væri samkomulag í grundvallaratriðum þó enn væru lausir endar“ og Jónas Fr. Jónsson þá sagt að „ýmsar vendingar“ hafi verið í málinu og „FSA komið fram með nýjar kröfur“, sem hann lýsti nánar. Hann tók fram að Fjármálaeftirlitið vildi fá lengri frest og væru uppi efasemdir um „lögmæti innlánþaksins og aðgerðanna“, en það teldi „tillögur Landsbankans mæta sjónarmiðum FSA.“ Hann færi ásamt Jóni Sigurðssyni, formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins, til „fundar við æðstu menn FSA næsta mánudag.“ Hann teldi að „FSA geti með kröfum sínum nánast neytt Landsbankann til að flytja meginstarfsemi sína“ og væri komið „að þolmörkum Landsbankans fyrir hversu langt þeir geti teygst sig.“ Bolli Þór Bollason hafi spurt hvort „Landsbankinn hefði í dag ótakmarkaðan aðgang að þessum innlánnum sem lausafé“ og Jónas svarað að bankinn hafi geymt hluta þeirra í Bretlandi, en teldi sig þurfa að geta fært til lausafjárstýringar um 3.800.000.000 sterlingspund af heildarfjárhæð innstæðnanna, sem næmi um 4.800.000.000 sterlingspundum. Baldur hafi bent á að „Landsbankinn gæti lent í þeirri stöðu að ganga að óásættanlegum kröfum við yfirfærslu innlána í dótturfélag eða halda þeim áfram í útibúi sem væri erfitt fyrir íslensk stjórnvöld.“ Jónas hafi þá sagt „FSA fullyrða að þeir gæti jafnræðis en íslenskir bankar séu hættulegri en aðrir“ og teldi hann stofnunina „á gráu svæði lögfræðilega séð.“ Óróinn virtist vera af „pólítískum toga“ og hafi komið upp eftir

umfjöllun í breskri þingnefnd. Hann gat þess og að „Landsbankinn hefði verið að kanna aðrar leiðir svo sem með ábyrgðir.“ Baldur hafi síðan spurt „hvaða úrræði íslensk stjórnvöld hafi til að ýta innlánunum yfir í dótturfélög erlendis“, en þetta væri „stórt áhyggjuefni og ástæða væri til að skoða möguleikana í heild, ekki bara vegna Landsbankans.“ Í framhaldi af umræðum um þetta, svo og hvort unnt væri að ákveða að herra framlag yrði greitt í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta en lögbundið lágmark, tók Tryggvi Pálsson fram að „ganga þyrfti frá drögum að yfirlýsingu um innstæðutryggingu“, sem Ingimundur og Jónas hafi tekið undir. Bolli hafi minnt á að „fyrir liggja yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra í þá veru að stjórnvöld standi við bakið á stóru bönkunum“, en Tryggvi þá spurt „hvort ríkissjóður gæti staðið við slíkar yfirlýsingar án hættu á eigin greiðsluþroti.“ Jónína hafi þá nefnt að „orðalag og framsetning yfirlýsingar getur skipt miklu máli“. Jónas hafi vísað til þess að „sviðsmyndir fjármálaáfalls liggja fyrir og setja þurfi fram megin valkosti“ og Ingimundur þá lagt til „að ráðuneytin vinni að þessu.“ Baldur hafi bent á að enn væri „óljóst hver viðmið fjárhæða innlánsverndar væru“ og Jónas tekið fram að Fjármálaeftirlitið yrði „með tölur fljótlega“, svo og að fært væri að „binda útgreiðslur við íslenskar krónur.“ Vernd innlána að fjárhæð allt að 5.000.000 krónur næði til um 95% innstæðueigenda og myndi það nægja til „að skapa ró“, en velja yrði milli þeirrar fjárhæðar og lágmarksverndar. Jónína hafi þá minnt á að „fyrir lægju drög að yfirlýsingu um innstæðuvernd“, sem hafi fylgt gögnum til samráðshópsins frá viðskiptaráðuneytinu 10. apríl 2008. Að öðru leyti er þess að geta að Jónína greindi frá því á fundinum að „viðskiptaráðherra hafi í hyggju að skipa nefnd sem dragi saman það sem hægt væri að læra af atburðum að undanförmu“ og hafi gert í því skyni minnisblað, sem leggja ætti fyrir ríkisstjórnarfund sama dag.

Í minnisblaði viðskiptaráðherra til ríkisstjórnarinnar, sem var getið hér að framan og dagsett er 12. ágúst 2008, sagði meðal annars: „Órói sá sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum heimsins á undanförmum mánuðum hefur haft veruleg áhrif á fjármálafyrirtæki. Nauðsynlegt er að bregðast við og nýta sér þá þekkingu og reynslu sem eftirlitsaðilar og aðrir hafa fengið síðasta árið.“ Af þessum sökum væri lagt til að skipuð yrði nefnd og henni falið að skila tillögum, sem ætlað væri að auka stöðugleika fjármálakerfisins, draga úr líkum þess að fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum og draga úr áhrifum þess að slíkt gerðist. Viðskiptaráðherra myndi skipa formann nefndarinnar, en að öðru leyti ættu þar sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 12. ágúst 2008. Samkvæmt fundargerð lagði viðskiptaráðherra þar fram og kynnti áðurgreint minnisblað og var bókað að málið hafi verið rætt, en afgreiðslu þess frestað. Að öðru leyti er þess ekki getið í fundargerðinni að rætt hafi verið um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

31

Fjármálaeftirlitið sendi tölvubréf til hollenska fjármálaeftirlitsins 15. ágúst 2008 og var þar vísað til fundar degi áður, þar sem komið hafi fram að hollenska eftirlitið væri að íhuga að setja hömlur á að útibú Landsbanka Íslands hf. í Amsterdam tæki við innlánnum. Þetta vakti undrun, þar sem aldrei hafi verið rætt við Fjármálaeftirlitið um þetta eða lýst áhyggjum af þessari starfsemi bankans, auk þess sem ekki hafi verið getið um lagalegar heimildir til slíkrar ráðstöfunar. Ekki þyrfti mörg orð um að hvers kyns hindranir við starfsemi fjármálafyrirtækis, sem fengið hefði starfsleyfi í ríki á evrópska efnahagssvæðinu, væru andstæðar reglum um fjármálastarfsemi á svæðinu, en að auki væri Fjármálaeftirlitinu ekki kunnugt um nokkurt tilefni til slíkra aðgerða. Væri því óskað eftir fundi æðstu stjórnenda þessara eftirlitsstofnana til að ræða þetta frekar.

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi bréf 15. ágúst 2008 til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. Þar var því lýst að FSA hefði áhyggjur af vaxandi áhættu breskra innstæðueigenda vegna hagkerfisins á Íslandi og víðar í heiminum, mikilli óvissu um íslenska innstæðuþryggingarkerfið og umræðu almennings, sem gæti leitt til lausafjárþurrðar hjá bankanum. Nánar tiltekið beindust þessar áhyggjur að versnandi ástandi í efnahagsmálum á Íslandi vegna aukinnar verðbólgu, lækkandi þjóðarframleiðslu, gengislækkun íslensku krónunnar og gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands, sem væri lítill í samanburði við erlendar skuldir. Aðgangur íslensku bankanna að lánsfé væri erfiður, skuldatryggingarálag þeirra væri hátt þótt það hafi lækkað nokkuð undanfarið og útlánahætta þeirra færi vaxandi. FSA hefði áhyggjur af getu seðlabankans til að styðja við bankakerfið vegna stærðar þess í samanburði við hagkerfið og lítils gjaldeyrisforða, sem erfitt væri að auka við, enda hafi íslenski fjármálaráðherrann sagt í sömu viku að lántökukostnaður væri óviðunandi. Miklar áhyggjur væru af getu íslenska tryggingarsjóðsins til að standa undir bótum þótt hann kynni að njóta stuðnings ríkisins, enda væru skuldbindingar hans vegna Icesave reikninga í Bretlandi um 2.100.000.000 sterlingspund. Staða íslenska sjóðsins væri orðin opinber og væri raunveruleg hættu á að umfjöllun fjölmiðla gæti dregið úr trausti breskra innstæðueigenda. Neikvæð umfjöllun á þeim vettvangi, sem einnig

væri hafin í Hollandi vegna Icesave reikninga þar, gæti aukist og leitt til alvarlegrar lausafjárþurrðar hjá bankanum. Sú hætta væri enn meiri en ella í ljósi þess að netreikningar eins og Icesave væru mjög kvikir og auðvelt væri að taka út allt óbundið fé á skömmum tíma, en það næmi um 2.250.000.000 sterlingspundum. Af þessum ástæðum væri að mati FSA talsverð hætta á að Landsbanki Íslands hf. gæti ekki staðið við gjaldfallnar skuldbindingar sínar og að auki mætti efast um að bankinn stæðist lausafjárkröfur, sem stofnunin geri. Ef ekki yrði framkvæmanlegt að flytja Icesave reikningana frá útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags fyrir árslok 2008 gæti komið til þess að FSA teldi nauðsynlegt að bankinn legði í fyrsta lagi fram áætlun innan tveggja vikna um hvernig fjár yrði aflað til að mæta lækkun á óbundnum innstæðum á reikningum fram til ársloka 2008 og væri hæfilegt að ætla að sú lækkun gæti numið helmingi, en þar yrði að taka tillit til þess að bankanum væri upp frá þessu meinað að bjóða vexti, sem kæmust á skrá um bestu kjör. Í öðru lagi að bankanum yrði gert að hætta allri markaðssetningu á óbundnum Icesave reikningum með fyrirvara um samninga, sem kynnu þegar að hafa verið gerðir. Í þriðja lagi að bankinn yrði að skuldbinda sig til að breyta ekki vöxtum af Icesave reikningum í Bretlandi án þess að tilkynna það FSA með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara og mættu slíkar breytingar þá ekki verða til annars en að halda óbreyttri stöðu bankans á skráum um bestu vaxtakjör. Í fjórða lagi að bankanum yrði gert að hækka fjárhæð varasjóðs í sem svaraði 20% af óbundnum innstæðum í sterlingspundum, en loks í fimmta lagi að bankanum yrði gert að leggja fram innan þriggja vikna áætlun um myndun varasjóðs, sem staðið gæti undir öllum bundnum innstæðum á Icesave reikningum, sem myndu losna fram til miðs árs 2009. Því var lýst yfir að FSA væri sammála Landsbanka Íslands hf. um að æskilegt væri að flytja Icesave reikningana til Heritable Bank Ltd., en það væri háð því skilyrði að eignir myndu fylgja til síðarnefnda bankans, sem væru nægar til að tryggja stöðu hans sem sjálfstæðs banka, og væri afar brýnt að ræða það frekar á fyrirhuguðum fundi 19. ágúst 2008 með það fyrir augum að komast að niðurstöðu fyrir lok mánaðarins. FSA óskaði af þessum sökum eftir að fá innan þess frests skriflega skuldbindingu frá Landsbanka Íslands hf. um að Icesave reikningarnir yrðu fluttir til Heritable Bank Ltd. á þeim grundvelli, sem getið væri í bréfinu, en að gerðu samkomulagi um þetta mætti taka til skoðunar hvort nauðsynlegt væri að hafa uppi þær takmarkanir, sem áður var getið.

Tryggvi Pálsson sendi 15. ágúst 2008 minnisblað til samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Minnisblaðið hafði að geyma upptalningu á atriðum

um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning og virðist hafa verið ætlað að vera listi um umræðuefni innan hópsins. Þar sagði í byrjun að grunnforsendan væri sú að „stefna stjórnvalda sé í samræmi við yfirlýsingar ráðherra og umræðu í samráðshópi“. Þetta fælist í fyrsta lagi í því að kerfislega mikilvægir bankar fengju stuðning eða yrðu yfirteknir ef greiðsluhæfi þeirra brysti, í öðru lagi að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta yrði gert kleift að standa við tryggingarvernd á innstæðum, annaðhvort að tilteknu marki eða fullu, og í þriðja lagi að greiðsluhæfi ríkisins yrði ekki stefnt í hættu. Ef þetta væri stefna stjórnvalda yrði í viðlagaundirbúningi „að leggja raunhæft mat á hámarksþol ríkissjóðs við lausn og afleiðingar fjármálaáfalls og draga eins og kostur er úr mögulegum skuldbindingum vegna innstæðuverndar og annars opinbers stuðnings.“ Um takmörkun skuldbindinga mætti einnig huga að því að höfuðstöðvar eins eða tveggja af stóru viðskiptaböndunum yrðu fluttar úr landi og að bankarnir selji eignir og dragi úr starfsemi til að minnka umfang sitt. Einnig mætti draga úr skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með því að færa innstæður úr erlendum útibúum íslensku bankanna yfir í dótturfélög og auka eignir sjóðsins með hækkun iðgjalda eða fyrirframgreiðslum. Þá þyrfti að ljúka öllum undirbúningi sjóðsins í sambandi við vinnslu upplýsinga um innstæðueigendur, valkosti um útborganir og ferli við þær, lántökur og kynningarefni.

Í Seðlabanka Íslands var tekið saman minnisblað 16. ágúst 2008 vegna bréfs breska fjármálaeftirlitsins til Landsbanka Íslands hf. 15. sama mánaðar, en þar voru sett fram andsvör við mörgum atriðum í bréfinu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið í hvaða skyni þetta minnisblað hafi verið gert eða á hvaða hátt þessi andsvör kunni að hafa verið nýtt.

Með tölvubréfi 17. ágúst 2008 sendi Halldór J. Kristjánsson bankastjóri í Landsbanka Íslands hf. forstjóra Fjármálaeftirlitsins athugasemdir, sem starfsmaður bankans, Jón Þorsteinn Oddleifsson, hafði tekið saman um bréf breska fjármálaeftirlitsins, FSA, frá 15. sama mánaðar. Í upphafi athugasemdanna voru taldar upp þær kröfur, sem FSA hafði gert til bankans með bréfinu, en þeim síðan svarað í einstökum atriðum. Þar kom meðal annars fram að kröfur FSA um lækkun á óbundnum innstæðum á Icesave reikningum í Bretlandi um helming fyrir lok ársins 2008 og að 20% af því, sem þá stæði eftir, yrði lagt í varasjóð, fælu í raun í sér að 60% af innstæðunum yrðu greiddar út án þess að annað fengi að koma í staðinn, en þessu mætti jafna við áhlaup á bankann. Það hlyti að vekja athygli ef bankinn færi að stuðla að lækkun innlána, sem væri andstætt stefnu hans, en útstreymi fjár í þessum

mæli hlyti að valda lækkun á lánshæfiseinkunnum og um leið erfiðleikum við öflun lánsfjár, sem myndi rýra stöðu þeirra innstæðueigenda sem eftir stæðu. Bent var á að erlendis væri Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta talinn ótrúverðugur vegna skorts á eignum og yrði því mjög til bóta „ef tekinn væri af allur vafi um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins“, en ábending um þetta frá Fjármálaeftirlitinu til stjórnvalda gæti átt rétt á sér. Fjármálaeftirlitið og FSA þyrftu ekkert að efast um vilja Landsbanka Íslands hf. til að færa starfsemi úr útibúi sínu í London til dótturfélags og myndi hann „setja allan sinn styrk í framkvæmd slíks verkefnis komi til þess að bankinn ráðist í slíka formbreytingu.“ Til að vernda hagsmuni bankans og stöðugleika á íslenskum fjármálamarkaði væri á hinn bóginn nauðsynlegt „að bankinn fái tækifæri til að gera slíka formbreytingu með hæfilegri aðlögun á reglum um stórar áhættuskuldbindingar milli móður- og dótturfélags“. Því væri mikilvægt að bankinn fengi stuðning Fjármálaeftirlitsins, þar sem „kröfugerð FSA er fullkomlega óraunhæf í þessum skilningi.“

Seðlabankinn í Hollandi beindi með tölvubréfi 18. ágúst 2008 fyrirspurn til viðskiptaráðuneytisins um ýmis atriði varðandi fjárhag Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og reglur um hann. Framkvæmdastjóri sjóðsins svaraði þessu erindi með tölvubréfi 19. sama mánaðar og bárust honum í framhaldi af því frekari spurningar um málefni sjóðsins. Ekki liggur fyrir hvort þetta hafi gefið tilefni til frekari bréfaskipta.

Samantekt var gerð í viðskiptaráðuneytinu 19. ágúst 2008 um greiðslur í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, en í upphafi hennar var þess getið að á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 12. sama mánaðar hafi verið rætt um hvort stjórn sjóðsins „gæti ákveðið að greiða meira en lögbundið lágmark í sjóðinn“, svo og hvort áskilja mætti hærri greiðslur úr hendi fjármálafyrirtækja, sem starfræktu útibú erlendis. Í samantektinni var báðum þessum spurningum með nánari skýringum svarað neitandi.

Ríkisstjórn Íslands hélt fundi 15. og 19. ágúst 2008. Samkvæmt fundargerðum voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 26. fund sinn 20. ágúst 2008. Í upphafi fundargerðar var því lýst að Jónas Fr. Jónsson hafi gert grein fyrir fundi sínum og formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins með breska fjármálaeftirlitinu, FSA, 18. sama mánaðar, en þar hafi komið fram sú skoðun starfsmanna FSA að mikil

hætta væri á „innlánsáhlaupi gagnvart Landsbankanum“, svo og að bankinn hafi ekki reynst samvinnuþýður. FSA hafi haldið fast við það álit að aðgerðir stofnunarinnar væru heimilar eftir reglum á evrópska efnahagssvæðinu. Á hinn bóginn hafi verið jákvætt að mætt hafi verið með skilningi sjónarmiði Fjármálaeftirlitsins um að „Landsbankasamstæðan verði ekki veikari eftir yfirfærslu innlána frá útibúi í dótturfélag.“ Þá var þess getið að bankastjórar Landsbanka Íslands hf. hafi 19. sama mánaðar fundað með fulltrúum FSA, sem hafi gert skýra kröfu um að innlán yrðu færð úr útibúi bankans í London til Heritable Bank Ltd. Jónas hafi lýst þeirri skoðun að þetta „væri ýmsum erfiðleikum háð“, en FSA hefði meðal annars spurt um ákvæði í lánessamningum Landsbanka Íslands hf., sem „gætu valdið því að lánin rakni upp eða lánskjörin breytist.“ Tæknilega mætti „hugsa sér að Heritable Bank kaupi Landsbankann.“ Í framhaldi af þessu bar Baldur Guðlaugsson fram spurningu um hvort ekki væri rétt munað að Landsbanki Íslands hf. hafi áður verið búinn að lýsa yfir samþykki við yfirfærslu innlána og kvað Jónas hana ekki vera einfalda, tímarammi skipti miklu og „kröfur FSA hefðu farið stigmagnandi“, þannig að nú væri krafist að bankinn samþykkti yfirfærslu án skilyrða. Baldur hafi þá spurt „hver vandkvæðin væru hjá Landsbankanum í þessari stöðu“ og Jónína S. Lárusdóttir svarað því til að „óljóst væri hvernig FSA ætti eftir að meta þau útlán og aðrar eignir sem ætlunin væri að yfirfæra til Bretlands.“ Ingimundur Friðriksson hafi nefnt hvort „Landsbankinn væri ekki að mikla fyrir sér vandann við mat útlána“ og Tryggvi Pálsson þá bent á að FSA ætlaðist til að Heritable Bank Ltd. yrði með sterka lausafjárstöðu og léti ekki meira en sem svaraði 75% af eigin fé ganga til móðurfélagsins, en komið hafi fram á síðasta fundi samráðshópsins að Landsbanki Íslands hf. þyrfti að fá um 3.800.000.000 sterlingspund frá starfseminni í Bretlandi fyrir lausafjárstýringu samstæðunnar. Jónas hafi vakið athygli á að eigið fé Heritable Bank Ltd. væri innan við 300.000.000 sterlingspund og væru takmörk á „svigrúmi eigenda“ til að hækka það. Jónína hafi spurt hvort stjórnendur Landsbanka Íslands hf. „hefðu ekki verið byrjaðir að vinna í þessum málum“ og hafi Jónas staðfest það og tekið fram að „hörðu kröfurnar í síðasta bréfi FSA til Landsbankans ættu við ef yfirfærslan er ekki samþykkt.“ Baldur hafi þessu næst spurt um tímafrest og Jónas þá sagt að FSA krefðist svara fyrir lok ágúst 2008. Ingimundur hafi getið þess að bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi velt fyrir sér hvort senda ætti bréf af þessu tilefni til bankastjóra Englandsbanka og lægju þegar fyrir drög að slíku bréfi. Jónas hafi talið jákvætt að senda slíkt bréf. Bolli Þór Bollason hafi sagt það vera „sitt mat að Landsbankamenn séu ekki algerlega að átta sig á stöðu

málsins en þeir hafi verið að fara fram á yfirlýsingar frá íslenskum stjórnvöldum.“ Jónas kvaðst telja þá gera sér grein fyrir stöðunni, en „kostir þeirra væru ekki góðir.“ Bolli sagðist telja „auðvelt að setja sig í spor breskra yfirvalda og hann sjái ekki að Landsbankinn sé í nokkurri stöðu til andmæla.“ Tryggvi lýsti þeirri skoðun að bresk stjórnvöld kynnu að vera að þrýsta á lausn fyrir breska sparifjáreigendur svo að „takmarkaðir möguleikar íslenskra stjórnvalda til aðstoðar“ yrðu nýttir til hagsbóta þeim áður en kæmi að öðrum, en spurning væri þá „um forgangsröðun íslenskra stjórnvalda vegna þess margþætta vanda sem framundan væri.“ Af þessu tilefni ítrekaði Bolli „að búið væri að hugsa þá hugsun og niðurstaðan væri að stóru bankarnir þrír yrðu studdir ef á þyrfti að halda.“ Jónas hafi síðan nefnt að „viss „draugagangur“ væri varðandi innlánstryggingarnar í Hollandi og allar líkur á samskiptum þeirra við bresk yfirvöld.“ Jónína hafi þá sagt að bréf hafi borist frá hollenska tryggingarsjóðnum, þar sem óskað væri svara við fjölmörgum spurningum, og væri gengið nærri því að „spyrja beint um opinberan stuðning.“ Þá lét hún þess getið að í viðskiptaráðuneytinu lögju fyrir drög að yfirlýsingu um afstöðu stjórnvalda til hugsanlegs stuðnings við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Sýndi hún drögin á fundinum og óskaði eftir athugasemdum við þau.

Viðskiptaráðuneytið sendi bréf 20. ágúst 2008 til breska fjármálaráðuneytisins, þar sem frekari svör voru veitt við spurningum, sem það hafði sett fram í áður nefndu bréfi 7. sama mánaðar. Í bréfi viðskiptaráðuneytisins sagði meðal annars að færi svo ólíklega að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti ekki aflað sér fjár á lánamörkuðum mætti fullvissa breska fjármálaráðuneytið um að ríkisstjórn Íslands myndi gera allt það, sem ábyrg ríkisstjórn í þeirri stöðu myndi gera, þar á meðal að aðstoða sjóðinn við fjáröflun til að gera honum kleift að standa undir lágmarksvernd innstæðna. Jafnframt var bent á að ef fjármálafyrirtæki, sem hefði trausta eiginfjárstöðu, lenti í lausafjávanda vegna skyndilegra og stórfelldra úttekta innstæðueigenda gæti Seðlabanki Íslands komið því til aðstoðar sem lánveitandi til þrautavara og myndi ríkisstjórn Íslands veita honum aðstoð í því skyni. Undir slíkum kringumstæðum kæmi ekki til kasta tryggingarsjóðsins. Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafði fyrr sama dag sent drög að þessu svari viðskiptaráðuneytisins með tölvubréfi til ákærða og fjármálaráðherra og fylgdu þeim nokkrar skýringar, en í niðurlagi tölvubréfsins sagði: „Getið þið samþykkt að bréfið verði sent í dag?“

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins ritaði bréf 20. ágúst 2008 til starfsmanns breska fjármálaeftirlitsins í tilefni af fundi þeirra 18. sama mánaðar. Í bréfinu kom meðal annars fram að Fjármálaeftirlitið myndi óska eftir því við Landsbanka Íslands hf. að hann setti aftur upp tillögur um hvernig starfsemi útibús hans í London yrði færð til dótturfélags og yrði þar greint frá eignum, sem unnt yrði að færa til dótturfélagsins án þess að raska fjárhag samstæðu bankans og að teknu tilliti til fyrirvara í samningum um lántökur hans. Nauðsynlegt yrði þó að veita bankanum tímabundna undanþágu frá reglum um skuldbindingar milli tengdra aðila. Lýst var trausti á því að lausn fengist á þessu máli og óskað eftir að framvegis yrði haft samráð við Fjármálaeftirlitið um aðgerðir eða tillögur áður en þær yrði bornar upp við Landsbanka Íslands hf.

Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta áttu fund með framkvæmdastjóra og starfsmönnum hliðstæðs sjóðs í Bretlandi 21. ágúst 2008. Í minnispunktum um þann fund kom meðal annars fram að þar hafi verið rætt um hvernig staðið yrði að útborgun til innstæðueigenda ef til slíks þyrfti að koma.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 26. ágúst 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

33

Í bréfi breska fjármálaeftirlitsins, FSA, til Fjármálaeftirlitsins 27. ágúst 2008 var vísað til þess að stofnanirnar væru einhuga um að flutningur á starfsemi útibús Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags væri æskilegt markmið. Þakkað var fyrir aðstoð við að fá bankann til að setja fram tillögur, sem gætu þjónað þessu markmiði og tekið um leið tillit til fjárhags allrar samstæðu hans. Afstaða FSA til þessa tæki mið af lausafjárahættu bankans, enda sýndi reynslan að bankar yrðu fyrir auknum úttektum af innstæðum þegar neytendur brygðust við atburðum og umfjöllun fjölmiðla. FSA væri ljós hætтан, sem leitt gæti af breyttri stefnu fjármálafyrirtækis í lausafjárstýringu, og myndi líta til afstöðu Fjármálaeftirlitsins, en eftir því, sem tók yrðu á, yrði því greint frá ráðagerðum FSA í málinu.

Hollenska fjármálaeftirlitið sendi tölvubréf til Fjármálaeftirlitsins 28. ágúst 2008, þar sem vísað var til þess að á fundi, sem starfsmenn fyrrnefndu stofnunarinnar hafi átt með starfsmönnum Landsbanka Íslands hf. daginn áður, hafi verið greint frá áhyggjum hennar af stöðu efnahagsmála á Íslandi, svo og hlutverki íslenska ríkisins á sviði innstæðutrygginga og óvissu um hvernig það gæti ábyrgst skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Af þeim sökum hefði stofnunin tekið

þá afstöðu að bankinn mætti ekki auka starfsemi sína í Hollandi fyrr en lausn hefði verið fengin á þessu.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. sendu bréf til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, 29. og 31. ágúst 2008. Í fyrra bréfinu var greint frá því að í tengslum við vinnu bankans að tillögum um hvernig standa mætti að því að flytja starfsemi útibús hans í London til dótturfélags hafi verið ákveðið að leita lögfræðilegrar álitsgerðar um hvort flutningur eigna frá móðurfélaginu, sem þessu myndi tengjast, gæti talist vanefnd gagnvart lánveitendum bankans samkvæmt ákvæðum í lánessamningum. Að auki var það ítrekað, sem áður hafði komið fram um áhrif, sem þessi breyting gæti haft á lausafjárstýringu innan samstæðu Landsbanka Íslands hf. Bankinn þyrfti að auki að ráðfæra sig við Fjármálaeftirlitið og væri því óskað eftir fresti til að skila tillögum til 8. september 2008. Í bréfinu var þess einnig getið að kunnugt væri um að íslenska ríkið hafi með bréfi til breska fjármálaráðuneytisins skýrt út hlutverk sitt við fjármögnun Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og áréttað skyldur sínar eftir reglum, sem gildi á evrópska efnahagssvæðinu. Með síðara bréfinu fylgdi álitsgerð frá lögmannsstofunni Allen & Overy LLP og sagði í bréfinu að þar væri varað eindregið við því að sú verulega breyting á skipulagi Landsbanka Íslands hf., sem leiða myndi af flutningi eigna til dótturfélags, yrði talin vanefnd af hans hendi eftir ákvæðum í samningum um lántökur hans. Að auki var þar fjallað um verkaskiptingu milli eftirlitsstofnana í heimaríki fjármálafyrirtækis og öðru ríki, þar sem það hefði starfsemi á hendi, eftir reglum, sem gildi á evrópska efnahagssvæðinu. Umfjöllun um síðarnefnda atriðið hafi leitt til þess að bankinn hafi leitað eftir álitsgerð tveggja breskra lögmannna, sem einnig fylgdi með bréfinu, um heimildir FSA til að loka útibúi erlends banka af evrópska efnahagssvæðinu í Bretlandi og knýja slíkt útibú til að takmarka viðtöku innstæðna.

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri sendi tölvubréf til ákærða 1. september 2008 og fylgdi því skjal með fyrirsögninni: „Drög að búið í ræðu forsætisráðherra“. Í fylgiskjalinu var vísað til þess að fyrr á árinu 2008 hafi ríkisstjórnin ákveðið að stækka gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og hafi verið sett í því skyni sérstök lög um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð, sem hafi náð bæði til lántöku erlendis og innanlands. Seðlabankinn hafi þessu til samræmis unnið að stækkun gjaldeyrisforðans og hafi það tekist þrátt fyrir erfiðar aðstæður á lánsfjármörkuðum, þannig að hann væri orðinn sem svaraði 300.000.000.000 krónum. Við þetta bættust gjaldmiðlaskiptasamningar bankans og ónýttar lánalínur fyrir jafnvirði um

200.000.000.000 krónur. Lán, sem tekin hafi verið eða samið um, væru á miklu hagstæðari kjörum en skuldatryggingarálag ríkisins gæfi til kynna og yrði þess gætt að það tæki ekki lán með afarkostum. Þá hafi lántökuheimildir einnig verið nýttar með útgáfu ríkisbréfa á innlendum markaði.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 2. september 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

34

Ákærði flutti á Alþingi 2. september 2008 skýrslu forsætisráðherra um efnahagsmál. Í upphafi ræðunnar kvað ákærði efnahagsvanda þjóðarinnar tvíþættan og væri þar annars vegar við að glíma „hefðbundinn samdrátt í kjölfar mikilla uppgangstíma“, en hins vegar „afleiðingar alþjóðlegrar fjármálakreppu í kjölfar erfiðleika á húsnæðismarkaði í Bandaríkjunum.“ Síðarnefnda atriðið hafi haft alvarlegar afleiðingar í nálægum löndum, sem hafi komið fram „í miklum erfiðleikum og jafnvel gjaldþrotum virtra lánastofnana og mikilli áhættufælni fjárfesta sem gert hefur öllum erfitt fyrir um lánsfjáröflun.“ Augljóst væri að þetta ástand hefði áhrif hér á landi meðal annars vegna þess „hversu stórir íslensku bankarnir eru orðnir miðað við hagkerfið í heild.“ Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands hafi „sannarlega tekið á þrengingum í efnahagslífínu af festu og gert það sem í þeirra valdi stendur til að vinna að lausn vanda síðustu mánaða.“ Þannig hafi seðlabankinn „rýmkað reglur um veð í reglulegum viðskiptum hans við fjármálastofnanir“ og næmu orðið slík veðlán yfir 400.000.000.000 krónum. Hann hafi gert gjaldmiðlaskiptasamninga við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs í maí 2008 og fengið þannig „bakstuðning“ og styrkt gjaldeyrisforða sinn um 180.000.000.000 krónur. Síðar í sama mánuði hafi Alþingi heimilað ríkissjóði að taka til viðbótar lán að fjárhæð allt að 500.000.000.000 krónur til að styrkja gjaldeyrisforðann og væri verið að nýta þá heimild „í áföngum.“ Samið hafi verið um aðild Íslands að samkomulagi Evrópusambandsríkja um viðbrögð við fjármálakreppu og verið væri að ganga frá gjaldeyrisláni handa ríkinu að minnsta kosti að fjárhæð 250.000.000 evrur. Þá gerði ákærði grein fyrir stækkun gjaldeyrisforðans á sama hátt og lýst var í áðurgreindu skjali frá Ingimundi Friðrikssyni seðlabankastjóra.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra átti 2. september 2008 fund með Alistair Darling fjármálaráðherra Bretlands og voru í för með þeim fyrrnefnda Jón Sigurðsson formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, Jónína S. Lárusdóttir ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, Áslaug Árnadóttir formaður stjórnar

Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður ráðherrans og Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra í London. Meðal gagna málsins eru svonefndir talpunktar, sem gerðir höfðu verið til að undirbúa þennan fund. Þar var ráðgert að viðskiptaráðherra tæki fyrstur til máls til að lýsa meðal annars vexti íslenska bankakerfisins og reglum á evrópska efnahagssvæðinu um fjármálafyrirtæki, svo og að Landsbanki Íslands hf. hafi í starfsemi sinni á Bretlandi tekið við innstæðum á Icesave reikninga og væri hann eins og sakir stæðu undir miklum þrýstingi frá breska fjármálaeftirlitinu um að endurskipuleggja starfsemina þar í landi og draga úr henni. Því næst átti Jón Sigurðsson að fá orðið til að fjalla nánar um starfsemi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og kröfur, sem breska fjármálaeftirlitið, FSA, hafi gert um hana, en síðan Áslaug Árnadóttir til að lýsa íslenska innlánstryggingarkerfinu að undangenginni kynningu viðskiptaráðherra. Í þeirri kynningu yrði meðal annars vísað til nýlegs bréfs til breskra fjármálaráðuneytisins um skuldbindingar íslenska ríkisins á því sviði, en það væri staðráðið að tryggja áreiðanlegt kerfi innlánstrygginga fyrir fjármálastofnanir, sem tækju við innstæðum. Að endingu var gert ráð fyrir lokaorðum viðskiptaráðherra, þar sem kæmi fram að Landsbanki Íslands hf. hafi samþykkt að flytja starfsemi vegna Icesave reikninga frá útibúi í London til dótturfélags og væri einhugur um það milli FSA og Fjármálaeftirlitsins. Mikilvægt væri að vinna að þessu af raunsæi og með sveigjanleika og væri kjarni alls þessa full samvinna milli eftirlitsstofnana í ríkjunum tveimur. Slíkir erfiðleikar væru á alþjóðamörkuðum að ekki mætti misstíga sig í þessu efni og ekkert mætti gera, sem gæti hleypt því af stað, sem allir vildu forðast. Íslensk yfirvöld væru fyrir sitt leyti reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að fá niðurstöðu, sem allir gætu unað við. Samkvæmt minnisblaði, sem Sverrir Haukur Gunnlaugsson gerði um þennan fund, stóð hann í um eina klukkustund og hafi mestum hluta þess tíma verið varið til að skýra breska fjármálaráðherranum „frá sjónarmiðum og samskiptum íslenska fjármálaeftirlitsins og þess breska undanfarna mánuði vegna Icesave innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og að útibúi Landsbankans í London yrði breytt í dótturfélag.“ Breski fjármálaráðherrann hafi sagst þekkja til málsins og hafa fengið upplýsingar um samskipti fjármálaeftirlitanna. Hann hafi lagt áherslu á að flýtt yrði að fá niðurstöðu með viðræðum eftirlitsstofnananna og vakið máls á að þetta hafi komið til umræðu í breska þinginu, sem hefði áhuga á framvindu málsins. Hafi ráðherrarnir orðið ásáttir um að „fjármálaeftirlitin ynnu áfram að lausn málsins.“

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, ritaði tvö bréf til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 3. september 2008. Í öðru þeirra voru gerðar athugasemdir við lögfræðilegu álitserðirnar tvær, sem fylgdu áður nefndi bréfi bankans 31. ágúst 2008. Í hinu, sem stafaði frá forstjóra FSA, var staðfest að bankanum væri veittur frestur til að setja fram skriflegar tillögur sínar til 8. september sama ár og var lagt til að fundur yrði haldinn um þær tveimur dögum síðar. Þess væri vænst að bankinn skuldbyndi sig til að grípa til aðgerða til að draga úr umfangi Icesave reikninga, þar á meðal að láta alveg af markaðsstarfi, svo sem lýst hafi verið í bréfi FSA 15. ágúst 2008. Þetta yrði að gera samhliða því að starfsemi í útibúi bankans í London yrði færð til dótturfélags og þyrftu tillögur hans að taka til beggja atriða. Í lok bréfsins var tekið fram að hafi FSA ekki borist skriflegar tillögur 8. september 2008 eða þær tækju ekki nægilega og þegar í stað á lausafjárvanda vegna Icesave reikninganna yrði FSA að taka til athugunar að neyta þvingunarúrræða.

Í tölvubréfi 4. september 2008 til viðskiptaráðherra, aðstoðarmanns hans og ráðuneytisstjórnanna í viðskiptaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu greindi Sverrir Haukur Gunnlaugsson frá því að sér hafi borist fyrirspurn frá breska fjármálaráðuneytinu um hvort hann gæti sem sendiherra komið til fundar 8. sama mánaðar. Af þessu tilefni óskaði hann eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um hvernig svara ætti þessari fyrirspurn, en ef verða ætti af slíkum fundi teldi hann eðlilegt að þangað kæmi einn eða fleiri fulltrúar frá Íslandi.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 27. fundar síns 4. september 2008. Í fundargerð kom fram að Bolli Þór Bollason hafi spurt um „aðgerðir bankanna“, Tryggvi Pálsson hafi sagt „of lítið vera að gerast og klukkan tifar“ og Jónas Fr. Jónsson getið þess að Kaupþing banki hf. hefði enn „áform um innlánasókn í útibúum erlendis.“ Baldur Guðlaugsson hafi sagt að ekki væri unnt að „banna bönkunum að stofna útibú erlendis en það yrði að finna leið til að gera óhagstætt fyrir þá að taka þar á móti innlánnum og þar með auka skuldbindingar ríkissjóðs.“ Bolli hafi kveðið „Landsbankann enn einblína á framhald í innlánasókn sem fjármögnun fyrir bankann“, sem Jónas hafi staðfest. Sá síðastnefndi hafi lýst því að Kaupþing banki hf. myndi eiga „í erfiðleikum með að fara inn í Holland með þessum hætti vegna afstöðu þarlendra yfirvalda“, sem hann greindi frá á grundvelli fundar, sem hann hafi átt með bankaeftirliti þar í landi. Áhyggjur þess beindust að efnahagshorfum hér á landi og stærð íslensku bankanna miðað við stærð þjóðarbúsins, en þeir hafi „farið inn á aðra markaði með kappsfullum ... hætti“. Einnig væru

innlánstryggingarkerfi á evrópska efnahagssvæðinu „klúður“, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta væri veikur og óskiljanlegt að ekki væri krafist herra iðgjalds vegna erlendra innstæðna, en loks að „íslensku bankarnir geri út á hollenska kerfið og það sé ólíðandi.“ Jónas hafi lýst stöðu íslensku bankanna og þeirri skoðun að þeir hafi ekki brotið gegn reglum á evrópska efnahagssvæðinu með „innlánasókn sinni“, en starfsmenn hollensku stofnunarinnar hafi svarað því til að þeir teldu sig heldur ekki brjóta gegn þeim reglum með því að stöðva þessa starfsemi bankanna. Þeir hafi einnig sagt það vera algengan misskilning að hollenski tryggingarsjóðurinn myndi greiða öllum út og leita síðan endurgreiðslu hjá sjóði í heimaríki banka, en ef þetta yrði leiðrétt opinberlega kynni það að valda útstreymi af reikningum við íslensku bankana. Þeir vildu ekki heimila Kauppingi banka hf. að taka við innlánnum í útibúi og ætli að „stöðva Landsbankann í að auka við innlánin“, en þeim liði „betur með starfsemi í dótturfélagi“ og væri ekki aðalatriði að fram kæmi yfirlýsing um opinberan stuðning við íslenska tryggingarsjóðinn. Jónína S. Lárusdóttir hafi greint frá heimsókn viðskiptaráðherra til starfstöðva Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf. í London og lýsti hún ásamt Baldri þeirri skoðun að þau teldu „Landsbankamenn sem rætt var við í London ekki átta sig fyllilega á stöðunni.“ Jónína hafi jafnframt sagt „óviðkunnanlegt að í ... bréfi bankans kæmi fram að Landsbankanum sé kunnugt um stuðningsyfirlýsingu stjórnvalda um Tryggingarsjóðinn.“ Hún hefði síðan lýst fundi viðskiptaráðherra með breska fjármálaráðherranum, en þar hafi Jón Sigurðsson „reifað málin mjög ítarlega.“ Ljóst hafi verið að breski fjármálaráðherrann væri „með allar upplýsingar um málið.“ Hann hafi ráðgert að „breski yfirvöld myndu ábyrgjast innstæður að fullu og spurði svo hvert ætti að senda reikninginn“, en í því efni hafi hann ekki tekið mið af hámarki innstæðutryggingar í Bretlandi, heldur heildarfjárhæð innstæðna. Á fundinum hafi verið rætt um „tímarammann í dótturfélagsvæðingunni“ og að ekki mætti „ganga svo hart fram að áfall yrði afleiðingin“, en á því hafi breski ráðherrann haft skilning. Baldur hafi þá sagt að „nú væri kominn frestur fyrir Landsbankann“ og Jónína greint af því tilefni frá tveimur bréfum breska fjármálaeftirlitsins til Landsbanka Íslands hf. frá 3. september 2008. Jónas hafi nefnt að breska eftirlitið „virðist tilbúið til að skoða tillögur vegna stöðu samstæðu bankans og ákvæða í samningum“, gefið væri svigrúm í frestum en „krafist þeim mun meiri aðgerða sem fresturinn er lengri.“ Bolli hafi sagt „Landsbankamenn enn þráast við að skilja alvörupunga breskra og hollenskra stjórnvalda.“ Jónas hafi svo lagt fram yfirlit frá Fjármálaeftirlitinu um innstæður banka og sparisjóða 30. júní 2008, en samkvæmt

því væru innstæður að fjárhæð 542.000.000.000 krónur „innan 2 m.kr. marksins“. Jónína hafi í framhaldi af þessu óskað eftir að Fjármálaeftirlitið tæki „saman yfirlit miðað við þá lágmarkstryggingarvernd sem sjóðnum er áskilið að veita, þ.e. 2,5 m.kr.“ Í tilefni af ósk Jónínu á síðasta fundi samráðshópsins um að fá athugasemdir við drög að yfirlýsingu um innstæðuvernd lagði Tryggvi fram tillögu að fyrirsögn og inngangsorðum yfirlýsingarinnar með þremur valkostum.

Jón Sigurðsson sendi tölvubréf til ákærða 4. september 2008 og fylgdi því „bakgrunnsefni“, sem Jón kvaðst hafa samið til undirbúnings fyrir fund með breska fjármálaráðherranum. Að öðru leyti sagði eftirfarandi í tölvubréfinu: „Ég held að óhætt sé að segja að öll efnisatriði sem hér koma fram hafi komist til skila á fundinum, sem fór fram í mjög vinsamlegum anda. En með öllu er ljóst að bresk stjórnvöld munu leggja hart að Landsbankanum að færa alla netbankareikninga sína í Bretlandi úr útibúi bankans í London yfir í breskt dótturfélag. Slíkri breytingu geta fylgt lausafjárerfiðleikar fyrir Landsbankann, þar sem netreikningarnir í Bretlandi eru orðnir afar mikilvæg uppspretta lausafjár fyrir Landsbankann á Íslandi og í öðrum löndum. Það sem máli skiptir er að fá nægilega langan aðlögunartíma fyrir Landsbankann til þess að koma þessari breytingu í framkvæmd án þess að vekja upp alvarleg vandamál á markaði. Frá sjónarmiði íslenska ríkisins er „dótturfélagsvæðing“ Icesave-reikninganna í Bretlandi ekki óhagstæð, því þar með flyst innstæðutryggingarábyrgðin algjörlega til Bretlands.“ Þessu svaraði ákærði með tölvubréfi samdægurs, þar sem hann þakkaði fyrir sendinguna og tók fram að hann vonaðist til „að afrakstur fundarins verði sá sem að var stefnt.“

Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendi aftur tölvubréf 5. september 2008 til viðskiptaráðherra, aðstoðarmanns hans og ráðuneytisstjóranna í viðskiptaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Þar kom fram að Sverri hafi sama dag borist símtal frá breska fjármálaráðuneytinu, þar sem fyrirhuguðum fundi þremur dögum síðar hafi verið aflýst, en óskað hafi verið eftir að komið yrði á framfæri við „viðeigandi íslensk stjórnvöld“ að breski fjármálaráðherrann hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með fund sinn með íslenska viðskiptaráðherranum og fleirum 2. september 2008, þar sem hann teldi viðmælendur sína ekki skilja hversu alvarlegt málið væri. Sverrir kvaðst hafa svarað því til að „þvert á móti tækju íslensk stjórnvöld málið mjög alvarlega enda hefði það komið skýrt fram með þeirri mætingu sem var á fundinum“. Starfsmaður breska fjármálaráðuneytisins hafi sagt mjög nauðsynlegt að skýr viðbrögð Landsbanka Íslands hf. lægju fyrir 8. september 2008 og vonaðist ráðuneytið til að

Íslensk stjórnvöld ynnu að því að hvetja bankann til að ná niðurstöðu sem fyrst. Því hafi einnig verið komið á framfæri að breski fjármálaráðherra legði „áherslu á hve pólitískt málið væri orðið þar sem stöðugt væri verið að spyrja um viðbrögð úr þinginu“ og væri mjög æskilegt að íslensk stjórnvöld gætu haft samráð við breska ráðuneytið um hvernig „þessum fyrirspurnum yrði svarað.“ Ráðuneytisstjórnin í fjármálaráðuneytinu framsendi þetta tölvubréf samdægurs til ákærða og ráðuneytisstjórnans í forsætisráðuneytinu.

Á fundi í bankaráði Landsbanka Íslands hf. 5. september 2008 gerði Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri meðal annars grein fyrir samskiptum við breska fjármálaeftirlitið, FSA, og það hollenska. Samkvæmt fundargerð sagði hann að FSA hafi „sýnt ósveigjanleika í samskiptum sínum við bankann varðandi aðlögunartíma.“ Ef eignir yrðu fluttar til Bretlands í einu lagi væri veruleg hættu „á broti á útistandandi lánasamningum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir bankann“ og væri þetta „viðkvæmt mál.“ Svipaðar viðræður hafi verið uppi við hollenska fjármálaeftirlitið og hafi það íslenska verið bankanum mjög til hjálpar. Auglýsingar um innlánsreikninga í Hollandi væru „í bið á meðan rætt verður nánar við yfirvöld þar jafnframt því sem unnið er áfram að dótturfélagsundirbúningi“, en hörd viðbrögð hafi orðið erlendis „vegna góðs árangurs Icesave.“ Að endingu var bókað að bankaráðið hafi heimilað „að undirbúnir verði innlánsreikningar í öðrum þeim löndum sem bankastjórn telur skynsamlegt en bankaráð fái upplýsingar um málin áður en farið er í gang á hverjum stað.“

Bankastjórn Landsbanka Íslands hf. sendu bréf 8. september 2008 til forstjóra breska fjármálaeftirlitsins, FSA. Í bréfinu var fjallað í löngu máli um lagaleg atriði í tengslum við starfsemi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og afskipti FSA af henni, fjárhagsstöðu bankans og stöðu efnahagsmála á Íslandi. Þá var vísað til þess að ríkisstjórn Íslands hafi í bréfi til breska fjármálaráðuneytisins eytt vafa um hlutverk ríkisins gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og ítrekað að hún stæði við skuldbindingar sínar samkvæmt reglum á evrópska efnahagssvæðinu, en ekki gæti átt undir FSA að leggja mat á áhrif þessa og haga svo gerðum sínum gagnvart fjármála fyrirtæki á þeim grunni. Þá var og bent á að ríkið hefði getu til að styðja við bankakerfið og hefði í því skyni aukið gjaldeyrisforða svo um muni. Bankinn legði áherslu á að forðast yrði aðgerðir, sem vakið gætu neikvæða umræðu, og að óbundnir Icesave reikningar gætu reynst kvikir, svo og að taka yrði tillit til heildarhagsmuna samstæðu Landsbanka Íslands hf., en í heild væru ekki efni til

frekari ráðstafana en þeirra, sem samkomulag hafi tekist um varðandi lausafjárstýringu bankans í maí 2008. Um einstakar ráðstafanir, sem FSA hafi talið nauðsynlegar, liti bankinn svo á að nægilega yrði að gert til að lækka heildarinnstæður á óbundnum reikningum ef hann legði áherslu á að viðskiptavinir breyttu þeim í bundna reikninga. Þegar hafi dregið mjög úr auglýsingum um Icesave reikninga og hafi bankinn skuldbundið sig til að tilkynna FSA um væntanlegar breytingar á vaxtakjörum af reikningunum. Ekki gæti bankinn séð ástæðu til að hækka fjárhæð í varasjóði þannig að hann svaraði til 20% af innstæðum á óbundnum Icesave reikningum eða safna í aðra sjóði til að mæta hugsanlegum úttektum af reikningunum. Á hinn bóginn myndi bankinn ljúka því að færa starfsemi útibús síns í London til dótturfélags fyrir árslok 2008 og myndi dótturfélagið fullnægja kröfum, sem gerðar væru til sjálfstæðs banka, svo fljótt sem verða mætti á árinu 2009. Í þessu skyni myndi dótturfélagið meðal annars taka strax við öllum útlánnum útibúsins og móðurfélagið jafnframt færa um 10% eigna sinna til dótturfélagsins á árinu 2009. Takmarkanir á hámarksfjárhæð heildarinnstæðna á Icesave reikningum myndu falla niður þegar í stað og varasjóðs yrði ekki lengur þörf eftir að flutningi eigna lyki frá móðurfélaginu til dótturfélagsins. Þá yrði ekkert hámark sett á útlán dótturfélagsins gegn tryggingum í íslenskum eignum og jafnframt yrði heimilt að ráðstafa fé dótturfélagsins til samstæðunnar upp að tilteknu marki. Til vara var gerð sú tillaga að bankinn ræki áfram starfsemi sína í útibúi í London og myndi hlíta því að heildarinnstæður á Icesave reikningunum færu ekki fram úr 5.000.000.000 sterlingpundum, en ef fé bærst á reikningana umfram það hámark færi helmingur þess í varasjóð á reikningi við Englandsbanka. Landsbanki Íslands hf. myndi jafnframt leggja áherslu á að innstæður á reikningunum yrðu í auknum mæli bundnar og skuldbinda sig til að bjóða aðeins samkeppnishæfa vexti, sem kæmust þó ekki á skrár um bestu kjör.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 28. fund sinn 9. september 2008. Í fundargerð var þess meðal annars getið að Jónas Fr. Jónsson hafi greint frá því að hann hafi skömmu fyrir fundinn rætt við Sigurjón Þ. Árnason bankastjóra Landsbanka Íslands hf., en bankinn hafi daginn áður sent tillögur sínar til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, og ætti Fjármálaeftirlitið eftir að fara yfir þær. Þar hafi bankinn sett „ýmis skilyrði“ og myndu bankastjórar eiga fund með FSA daginn eftir. Baldur Guðlaugsson hafi nefnt í tengslum við þetta að bankinn þyrfti að færa „miklar eignir til að geta haldið því „uppstreymi“ fjármagns sem eftir yrði.“ Jónína S.

Lárusdóttir hafi greint frá skilaboðum frá breska fjármálaráðherranum, sem Sverrir Haukur Gunnlaugsson hafi komið á framfæri 5. september 2008, en viðskiptaráðuneytið hafi ákveðið að bíða með viðbrögð þar til tillögur Landsbanka Íslands hf. lægju fyrir. Þá hafi Kaupþing banki hf. látið þess getið 8. sama mánaðar að forstjóri sænska fjármálaeftirlitsins hafi „lýst yfir áhyggjum af íslenska tryggingarsjóðnum“ og hafi Jónas sagst telja „augljóst að yfirvöld í Evrópu ræða saman um þessi mál.“ Jónína hafi getið þess að síðastnefndi bankinn hafi í útibúi í Svíþjóð tekið við innlánnum, sem svöruðu til 2.600.000.000 króna, og væri spurning hvernig brugðist yrði við því og jafnræðis gætt milli fjármálafyrirtækja. Baldur hafi þá tekið fram að „yfirlýsingin sem viðskiptaráðuneytið gaf varðandi Tryggingarsjóðinn væri ekki almenn yfirlýsing.“ Bolli Þór Bollason hafi því næst spurt „hvernig menn mætu stöðuna ef Landsbankinn nær að leysa sín mál gagnvart FSA“ og Jónas svarað að það væri langstærsti höfuðverkurinn, en spurning væri „hvort lánadrottinn Landsbankans geri kröfur vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu.“ Jónína hafi talið furðulegt að sænska fjármálaeftirlitið hafi ekki haft samband við það íslenska ef það hefði áhyggjur af íslenska tryggingarsjóðnum, en kveðið væri á um „ríkisábyrgð innstæðutrygginga í sænskum lögum.“ Tryggvi Pálsson hafi velt því upp „hver staðan yrði ef bresk stjórnvöld myndu greiða út að fullu innstæður í útibúum íslenskra banka og gera endurkröfu á ríkissjóð“, svo sem breski fjármálaráðherrann hafi rætt um á fundinum 2. september 2008, en slíkt gæti „sett íslensk stjórnvöld í erfiða stöðu gagnvart innlendum innstæðueigendum.“ Samkvæmt fundargerðinni ræddi Bolli um að seðlabanki Evrópu hafi tilkynnt um „hertar reglur um endurkaup frá og með 1. febrúar nk.“, sem væru harðari en reiknað hafi verið með, og tók Tryggvi fram að það væri „heppilegt að búið var að leysa mál íslensku bankanna í Luxemborg.“ Ingimundur Friðriksson hafi getið þess að Seðlabanki Íslands hafi gert áþekkar ráðstafanir og reglur um þær tekið gildi um síðustu mánaðamót, en Baldur tekið fram að seðlabankar hafi almennt „verið að fjármagna fjármálafyrirtækin og þar með taka á sig vissa tapshættu.“

Ríkisstjórn Íslands hélt fundi 9. og 12. september 2008. Samkvæmt fundargerðum voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur, sem mun 1. ágúst 2008 hafa tekið til starfa sem ráðgjafi forsætisráðherra í efnahagsmálum, gerði minnisblað til ákærða 14. september 2008, sem hafði að geyma „drög að efnahagstillögum“. Í upphafi þess var

þeirri skoðun lýst að trúverðugleiki nauðsynlegra aðgerða yrði „best tryggður með því að setja fram heildstæða áætlun í nokkrum skýrt afmörkuðum liðum“ og skipta þar aðgerðum í þrennt eftir tíma og tegund. Til skamms tíma ætti meðal annars að setja upp „sérstakt tímabundið lausafjárplan þar sem fjármálastofnunum væri gefið færi á að skipta tímabundið á eignum á efnahagsreikningi sínum við hið opinbera og láta þau í skiptum hafa ríkisskuldabréf sem gefin væru út í erlendri mynt sem þær síðan gætu notað í endurhverfum viðskiptum.“ Einnig yrðu eignir Íbúðalánasjóðs „verðbréfaðar með það fyrir huga að hægt verði að selja þær og/eða nýta í endurhverfum viðskiptum erlendis“ og haldið yrði áfram að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands. Til meðallangs tíma yrði meðal annars „sjóðstreymi orkuvera Landsvirkjunar ... verðbréfað og það selt á alþjóðlegum markaði“ og Íbúðalánasjóði breytt í heildsölubanka. Til lengri tíma yrði meðal annars gerð „á næstu tveim mánuðum orkunýtingarstefna fyrir Ísland sem miði að því að kortleggja hvernig nýta megi sem best orkuauðlindir Íslands, með (hógvær) náttúruverndarsjónarmið að leiðarljósi“, áætlun yrði gerð til tveggja ára um hvernig mætti „bjóða fjárfestum aðgang að orku og í tengslum við það verði sett fram viðtæk virkjunaráætlun“ og hugað yrði að „einkavæðingu stofnana eða hluta þeirra.“

Bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers mun hafa verið tekinn til gjaldþrotaskipta 15. september 2008. Að afleiðingum þess var vikið á 29. fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 16. september 2008, en þar lét Jónas Fr. Jónsson þess getið að áætlað endurheimtuhlutfall væri 50-60% „af því sem er í hættu“. Áhættan hafi virst vera milli 0,5% og 1,3% „af eiginfjárgrunni stóru viðskiptabankanna“, en meiri hjá Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf. og Icebank. Samkvæmt fundargerð kom til tals að nokkurt „útflæði“ hafi verið af Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. um liðna helgi, en ekki verulegt og hafi það stöðvast. Jafnframt að stjórnendur breska fjármálaeftirlitsins væru á fundi þennan sama dag um málefni bankans, en umræða um innlánstryggingar í Bretlandi undanfarið hafi ekki sérstaklega snúið að Icesave reikningum. Þá sagði að Bolli Þór Bollason hafi „að beiðni forsætisráðherra“ farið yfir „stöðuna með honum og utanríkisráðherra“, þar sem meðal annars hafi verið rætt um viðbragðsáætlanir. Þar hafi fyrsta spurningin snúist um „hugsanlegar yfirlýsingar um vernd innstæðueigenda“ og lægju fyrir þrjár útgáfur, sem gengju mislangt. Ef miðað yrði við að innstæður allt að 5.000.000 krónum nytu tryggingarverndar tæki hún til um 90% innstæðna, en „ráðherrarnir væru helst að horfa á síðari kostina tvo, þ.e. meira en lágmarksvernd.“

Farið hafi verið yfir hvernig brugðist yrði við ef stór banki kæmist í greiðslubrot og ráðherrarnir verið þeirrar skoðunar að „stjórnvöld kæmu helst að stuðningi við stærstu bankana þrjá“, en líklegt væri „að þeir kæmust allir í vanda ef það hendir einn þeirra.“ Þá þyrfti að draga „upp útfærslur“ sem svör við „ólystuga matseðlinum“ og yrði að gera það hratt „því hættan hefur aukist í kjölfar atburða síðustu helgar.“ Bolli hafi spurt Baldur Guðlaugsson hversu langt væri komið starf í vinnuhópi undir stjórn fjármálaráðuneytisins og Baldur sagst þurfa „að fara að fylgjast betur með hópnum.“ Jónas hafi sagt mikilvægt að fá ákvörðun um „hvaða mörk ætti að miða við í innstæðuvernd, þ.e. 5 m.kr. frekar en allt.“ Ekki væri kostur á öðru en að „bjarga stóru bönkunum þremur“, en ef ríkið þyrfti að taka yfir banka „gæti þurft að taka þá afstöðu að takmarka og fresta greiðslum.“ Þá hafi Bolli greint frá því að „ráðherrarnir hefðu einnig rætt um hverjum ætti að bjarga“, en ekki væri ætlunin að hluthöfum yrði bjargað eða að sjálfgefið væri að taka ætti „tillit til allra skuldbindinga.“ Fyrst yrðu að liggja fyrir drög að yfirlýsingum um innstæðuvernd og á „sama sólarhring gæti þurft drög að lagafrumvörpum um m.a. yfirtöku og aðkomu nýrra fjárfesta“, en hugsanlega „gæfist lengri tími fyrir önnur atriði.“ Baldur hafi nefnt að „ef eignir og skuldir yrðu færðar yfir á annan lögaðila væri auðveldara að skilja eftir ákveðnar skuldbindingar“ og Tryggvi Pálsson spurt hvort vinnuhópurinn gæti útfært þetta. Jónas hafi farið yfir atriði í skjalinu með heitinu „ólystugi matseðillinn“, en síðan minnt á að „ef Icesave innlánin verða færð yfir í dótturfélag þá yrði innstæðutryggingin viðráðanlegri fyrir stjórnvöld.“ Hann hafi tekið fram aðspurður að Fjármálaeftirlitið myndi ráðast aftur í útreikninga á fjárhæðum innstæðutrygginga „í næsta mánuði.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 16. september 2008. Samkvæmt fundargerð var þar ekki rætt um atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

36

Í frétt, sem birtist í Morgunblaðinu 17. september 2008, sagði að stóru viðskiptabankarnir þrír hafi „flestir lokið endurfjármögnun sinni fyrir þetta ár og eru langt komnir með það næsta.“ Haft var eftir bankastjórum Landsbanka Íslands hf. að hann ætti laust fé til að mæta öllum skuldbindingum að minnsta kosti næstu tólf mánuði. Fyrr á árinu 2008 hafi hann tekið erlend lán fyrir jafnvirði um 195.000.000.000 króna, en aðstæður á erlendum mörkuðum yrðu erfiðar næstu tólf til átján mánuði og myndi hann því „leggja höfuðáherslu á innlánagrunn sinn erlendis.“ Þá sagði að Kaupþing banki hf. hafi fyrir nokkru lokið endurfjármögnun fyrir árið 2008 og væri langt komin fjármögnun næsta árs þegar erlend langtímalán að fjárhæð

3.700.000.000 evrur féllu í gjalddaga. Loks var haft eftir upplýsingafulltrúa Glitnis banka hf. að bankinn hafi lokið „fjármögnun þessa árs“ og lausafjárstaða hafi „haldist traust“.

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi bréf 17. september 2008 til bankastjóra Landsbanka Íslands hf., þar sem fram kom að stofnunin vildi í framhaldi af fyrri bréfaskiptum og fundi 10. sama mánaðar taka af tvímæli um þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi teldi FSA sig hafa vissu fyrir því hverjar valdheimildir sínar væru að lögum og væri meðfylgjandi bréfinu yfirlit um nokkur mikilvæg atriði, þar sem einnig væri fjallað um álitafni um vanefndir samkvæmt ákvæðum lánssamninga bankans. Í öðru lagi hafi tekist samkomulag annars vegar um að bankinn myndi lækka heildarfjárhæð innstæðna á óbundnum Icesave reikningum úr 2.200.000.000 sterlingspundum í 1.000.000.000 sterlingspund fyrir árslok 2008, sem hann myndi leggja til áætlun um, og hins vegar um að hámark allra innstæðna yrði 5.000.000.000 sterlingspund. Það fyrrnefnda yrði gert eftir þeim leiðum, sem bankinn hafi rætt um í bréfi sínu til FSA 8. september 2008. Að auki áskildi stofnunin að bankinn hefði reiðufé í varasjóði, sem yrði varðveittur hjá Englandsbanka og svaraði til 20% af samanlögðum innstæðum á óbundnum Icesave reikningum, og jafnframt að laust fé nægði til að greiða út allar innstæður á bundnum reikningum, sem losna myndu fram á árið 2009. Um þessi atriði yrði bankinn að leggja fram skriflega staðfestingu ekki síðar en 19. september 2008. Í þriðja lagi væru FSA og Landsbanki Íslands hf. sammála um að flutningur á starfsemi útibús bankans í London til dótturfélags væri besta leiðin til að leysa lausafjárnanda og miðuðu tillögur bankans að því. Stofnunin teldi á hinn bóginn verulegum vandkvæðum háð að dótturfélagið fengi stöðu sjálfstæðs banka í tveimur áföngum, sem lyki á fyrri hluta árs 2009 eins og bankinn legði til, enda stæði dótturfélagið þá uppi með ótryggðar skuldbindingar að fjárhæð 2.400.000.000 sterlingspund þar til síðari áfanginn yrði um garð genginn. Það væri bankans að setja fram tillögur um hvernig eyða mætti þessari áhættu eða draga verulega úr henni, en FSA teldi ýmsa kosti koma til álita í þeim efnum. Meðal annars gæti íslenska ríkið lagt bankanum til þessa fjárhæð, flutningur eigna frá móðurfélagi til dótturfélags gæti orðið meiri en sem svaraði þeim 10% árlega, sem bankinn hafi lagt til grundvallar, eftir atvikum í formi eigna, sem annars þættu ekki tækar í þessu skyni, tryggja mætti þennan mismun með því að láta kröfu um hann fá forgangsstöðu gagnvart samstæðu Landsbanka Íslands hf. eða gera mætti dótturfélaginu eða íslenska ríkinu að afla skuldatryggingar fyrir kröfu um mismuninn á hendur samstæðunni.

Í svari bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 19. september 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, FSA, kom meðal annars fram að bankinn myndi stækka varasjóð í þau 20%, sem stofnunin hafi krafist, en af honum yrði helmingur varðveittur á reikningi hjá Seðlabanka Íslands. Landsbanki Íslands hf. myndi jafnframt leitast við að halda heildarfjárhæð innstæðna á Icesave reikningum í Bretlandi innan við 5.000.000.000 sterlingspund, en gæti þó ekki ábyrgst að óviðráðanleg atvik kynnu að valda því að þessu markmiði yrði ekki náð. Bankinn teldi sig ráða yfir nægu lausafé til að tryggja úttektir af bundnum Icesave reikningum fram á árið 2009 og fullnægði hann því þegar kröfum FSA um þetta. Þá var ítrekað að bankinn hafi áður gengist undir skuldbindingu um að stöðva markaðssetningu óbundinna Icesave reikninga, vextir af þeim væru stöðugir og innan þeirra marka að þeir birtust ekki á skráum um bestu boð og aðgerðir stæðu til, sem stuðla ættu að flutningi fjár af óbundnum reikningum inn á bundna. Bankinn teldi sig því hafa orðið við tilmælum, sem FSA hafi beint til hans um þessi atriði. Um flutning á starfsemi útibús bankans í London til dótturfélags væri ítrekað að hann teldi sig ekki geta gengið lengra en að færa sem svaraði 10% af eignum sínum til dótturfélagsins á einu ári og gætu þær aðferðir, sem FSA hafi bent á í bréfi sínu 17. september 2008 til að hraða þessu, valdið erfiðleikum í samskiptum bankans við lánardrottna sína. Sérstaklega var tekið fram að aðstoð frá íslenska ríkinu, sem FSA hafi nefnt, myndi þarfnast sérstakrar lagaheimildar og væri slíkt alls óviðeigandi. Bankinn teldi þann tveggja sólarhringa frest, sem FSA hafi veitt með bréfi sínu, of skamman til að hann gæti komið fram með frekari tillögur af sinni hendi, enda yrði hann að hafa samráð um þær við Fjármálaeftirlitið. Var því óskað eftir lengri fresti í þessu skyni.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. kynntu Fjármálaeftirlitinu framangreind bréfaskipti við breska fjármálaeftirlitið, FSA, með bréfi 19. september 2008, þar sem rakin voru helstu efnisatriði í svörum bankans. Þá var í bréfinu tekið fram að kröfur FSA væru að mati hans „komnar út fyrir þolmörk bankans og ef Landsbankinn fer að þeim kröfum í einu og öllu mun það veikja fjárhagslega stöðu móðurbankans verulega frá því sem nú er.“ Bréfinu lauk síðan með eftirfarandi orðum: „Að mati Landsbankans er eðlilegt að samskipti við FSA um lausafjárstýringu fari héðan í frá fram fyrir milligöngu FME. Svo virðist sem beiðnir og útskýringar Landsbankans séu að engu hafðar af hálfu FSA og stofnunin virðist reiðubúin að grípa til aðgerða sem munu setja Landsbankann í afar mikla hættu á mjög víðsjárverðum tímum. Þess er óskað að FME veiti Landsbankanum aðstoð við samskipti við FSA í því skyni að

Landsbankinn fái eðlilegt starfsumhverfi í samræmi við evrópskar og breskar lagareglur.“

Í Seðlabanka Íslands var gert minnisblað 19. september 2008, sem var á ensku, en samkvæmt framlagðri þýðingu sagði í upphafi þess að það hefði að geyma „viðbótarupplýsingar við minnisblað til seðlabankastjóra sænska, danska og norska seðlabankans, dags. 16. apríl 2008, sem var afhent í algerum trúnaði“. Í minnisblaðinu var greint frá því að Seðlabanki Íslands hafi frá vori 2008 unnið með „leiðandi alþjóðlegum bönkum“ að því að auka gjaldeyrisforða sinn, en lánsfé hafi almennt ekki verið fánlegt nema með kjörum, sem bankinn hafi talið óviðunandi. Í stað þess að taka stórt lán hafi hann því sett sér það markmið að bæta gjaldeyrisforðann „í litlum skrefum“, en að auki hafi íslenska ríkið gert lánessamninga til langs tíma við alþjóðlega banka. Með þessu hafi tekist að stækka gjaldeyrisforðann um það bil um 1.000.000.000 evrur og yrði áfram unnið að þessu. Þá var þess getið að stóru viðskiptabankarnir þrír hafi skilað viðunandi hagnaði á öðrum fjórðungi ársins 2008 og hafi allir nokkuð auðveldlega staðist álagspróf, sem Fjármálaeftirlitið hafi gert á miðju ári. Þeir hafi haldið áfram aðgerðum til hagræðingar og selt eða lagt niður þætti í rekstri sínum, sem ekki hafi verið taldir skipta máli fyrir kjarnastarfsemi þeirra. Á árinu 2008 hafi þeir „allir minnkað efnahagsreikning sinn í evrum talið“ og að mestu hætt að veita ný lán. Þeir hafi aflað lánsfjár á alþjóðlegum mörkuðum í einhverjum en þó takmörkuðum mæli og treyst á innlán hvað fjármögnun varðar. Bankastjórn seðlabankans ætti reglulega fundi með forstjórum bankanna og hefði náið eftirlit með starfsemi þeirra eins og Fjármálaeftirlitið. Lausafjárstaða þeirra væri í jafnvægi og „nægilega öflug til að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar vel fram á næsta ár.“ Þá var fjallað um atriði, sem sneru að Íbúðalánasjóði, frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 og skýrslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, auk þess sem tekið var fram að þjóðhagsreikningar, sem birtir hafi verið 11. september 2008, hafi sýnt „þá leiðréttingu sem nú á sér stað í hagkerfinu“, en einnig talsverðan hagvöxt á fyrri helmingi ársins.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. rituðu enn bréf til Fjármálaeftirlitsins 23. september 2008, en það sneri að samskiptum bankans við bankaeftirlit í Hollandi. Þar kom meðal annars fram að bankinn teldi erlendu stofnunina breyta heimild til að krefjast þess að hann hætti að taka við greiðslum inn á Icesave reikninga gegnum útibú sitt í Amsterdam, en bankinn væri á hinn bóginn reiðubúinn til að stýra innlánum í auknum mæli inn á bundna reikninga, svo og til að afhenda hollenska

seðlabankanum verðbréf fyrir sem svaraði heildarinnstæðu á óbundnum reikningum, sem færi fram úr 1.150.000.000 evrum. Að auki stæði til boða að setja í varasjóð sem næmi 5% af innstæðum á óbundnum Icesave reikningum í Hollandi og væri bankinn fús til að láta af markaðssetningu slíkra reikninga. Með tölvubréfi 24. september 2008 framsendi Fjármálaeftirlitið þetta bréf til fjármálaeftirlitsins í Hollandi.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 23. september 2008. Samkvæmt fundargerð voru þar ekki rædd atriði, sem varða málefni fjármálafyrirtækja.

37

Breska fjármálaeftirlitið sendi bréf 25. september 2008 til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. Í bréfinu voru ítrekuð sjónarmið, sem greindi í bréfi stofnunarinnar 17. september 2008, og bent á að bankanum hafi ekki verið ætlað að setja fram tillögur á aðeins tveimur sólarhringum, svo sem um ræddi í fyrrgreindu bréfi bankastjóranna 19. sama mánaðar, enda hafi þeim verið ljóst allt frá 15. ágúst 2008 hvers hún mæltist til.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Þorsteinn Már Baldvinsson formaður stjórnar Glitnis banka hf. munu hafa átt fund 25. september 2008, en hinir bankastjórar Seðlabanka Íslands, Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason, munu hafa setið fundinn að hluta. Mun Þorsteinn hafa gert grein fyrir erfiðri lausafjárstöðu Glitnis banka hf. og lýst áhyggjum af láni, sem væri á gjalddaga 15. október sama ár. Síðar sama dag fóru tveir framkvæmdastjórar Glitnis banka hf., Jóhannes Baldursson og Vilhelm Már Þorsteinsson, til fundar við starfsmenn seðlabankans, þá Sigurð Sturlu Pálsson og Jón Þ. Sigurgeirsson. Á þessum fundum mun Glitnir banki hf. hafa óskað eftir að seðlabankinn veitti sér lán að fjárhæð 500.000.000 eða 600.000.000 evrur, en fram hafi komið að sú fyrirgreiðsla myndi ekki nægja til endanlegrar lausnar á erfiðleikum bankans. Glitnir banki hf. mun hafa boðið veð fyrir láninu í tilteknu safni útlána, sem síðar kom í ljós að ekki væri unnt að veðsetja. Davíð mun síðan hafa átt fund 26. september 2008 með Lárusi Welding forstjóra Glitnis banka hf. Á meðan sá fundur stóð yfir mun Davíð hafa símleiddis greint ákærða frá beiðni bankans, en ákærði var þá staddur erlendis. Í framhaldi af því mun Davíð hafa fundað með Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra um beiðnina.

Ákærði mun hafa haldið fund 27. september 2008 með Þorsteini Má Baldvinssyni og Lárusi Welding. Síðar sama dag fundaði ákærði með fjármálaráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands, þar sem bankanum var falið að gera minnisblað um kosti í stöðunni.

Ákærði mun ásamt efnahagsráðgjafa sínum, fjármálaráðherra og ráðuneytisstjórnunum í fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu hafa átt fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands 28. september 2008. Þar mun hafa verið dreift minnisblaði frá seðlabankanum, þar sem meðal annars kom fram að Glitnir banki hf. teldi lánið, sem leitað hafi verið eftir, mundu fleyta honum áfram um tvo til þrjá mánuði. Í minnisblaðinu þótti þetta benda til að bankinn hefði enga áætlun um hvernig ræst gæti úr vanda hans. Á hinn bóginn yrði að leitast við að takmarka tjón íslensks samfélags af miklu róti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, tryggja yrði að áfram yrði til skilvirkt bankakerfi ásamt öruggum greiðslu- og uppgjörskerfum, sem gætu sinnt alþjóðlegum viðskiptum, lýsa yrði yfir með afgerandi hætti að eigendur innstæðna á íslenskum innlánsreikningum væru tryggðir og aðgerðir, sem gripið yrði til, yrðu til lengdar að stuðla að því að álitshnekkir íslenska fjármálakerfisins yrði sem minnstur. Í minnisblaðinu var getið um þann kost að ríkið kæmi með milligöngu seðlabankans til hjálpar Glitni banka hf., annars vegar með hlutafjárframlagi í erlendum gjaldmiðli, sem duga myndi til að leysa úr skammtímavanda bankans, og hins vegar með yfirlýsingu um að ríkið myndi stuðla að því að bankinn yrði áfram til, en þó án þess að veitt yrði bein ábyrgð. Tekið var fram í minnisblaðinu að yrði ekki brugðist við þegar fyrsti stóri íslenski bankinn rataði í vanda yrði því ótvírætt tekið sem yfirlýsingu um að ólíklegt væri að reynt yrði að bjarga öðrum. Lánshæfismat annarra banka myndi þá fyrirsjáanlega lækka eða jafnvel hrynja. Seðlabankinn ætti þegar háar kröfur á hendur Glitni banka hf., sem myndu tapast að hluta eða öllu leyti, en seðlabankinn gæti tryggt með gjaldeyrisforða sínum að bankinn gæti staðið við skuldbindingar sínar. Skuldatryggingarálag Glitnis banka hf. myndi trúlega lækka og tækifæri til lántöku opnast fyrr en ella. Á hinn bóginn væri hætt á að staða annarra viðskiptabanka myndi versna og umræður um þetta gætu valdið áhlaupi á innlánsreikninga í íslenskum bönkum erlendis. Þær hættur væru þó meiri ef Glitnir banki hf. yrði tekinn til gjaldþrotaskipta.

Að kvöldi 28. september 2008 munu sömu menn hafa komið til fundar ásamt tveimur starfsmönnum Seðlabanka Íslands, þeim Jóni Þ. Sigurgeirssyni og Sigurði Sturlu Pálssyni, Jóni Þór Sturlusyni aðstoðarmanni viðskiptaráðherra, æstu starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins, þeim Jónasi Fr. Jónssyni og Ragnari Hafliðasyni, og Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir mun hafa boðað til fundarins í sinn stað. Að þeim fundi loknum munu fulltrúar Glitnis banka hf. hafa mætt til fundar við ákærða, iðnaðarráðherra, ráðuneytisstjórana í

forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu og Davíð Oddsson seðlabankastjóra. Á fundinum mun Davíð hafa tilkynnt að Glitni banka hf. stæði til boða hlutafjárframlag að fjárhæð 600.000.000 evrur gegn 75% eignarhluta í bankanum og óskað eftir að afstaða stjórnar og stærstu hluthafa til þessa boðs lægi fyrir áður en markaðir yrðu opnaðir daginn eftir. Fulltrúum stjórnmalaflokka á Alþingi, sem voru í stjórnarandstöðu, mun síðan hafa verið greint frá málinu á sérstökum fundi, en viðskiptaráðherra mun nokkru áður hafa frétt af því í símtali við aðstoðarmann sinn. Að morgni 29. september 2008 mun stjórn Glitnis banka hf. hafa tilkynnt Seðlabanka Íslands að hún hafi ásamt stærstu hluthöfum í félaginu ákveðið fyrir sitt leyti að samþykkja þetta boð, en efnt yrði til hluthafafundar til að taka endanlega afstöðu til þess.

Matsfyrirtækið Standard & Poor's Financial Services greindi frá því 29. september 2008 að það hafi lækkað lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins. Samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands um þetta 30. sama mánaðar hafði matsfyrirtækið tekið þessa ákvörðun í framhaldi af því að ríkið lýsti yfir að það hygðist leggja Glitni banka hf. til hlutafé fyrir sem svaraði 84.000.000.000 krónum eða 5,9% af vergri landsframleiðslu. Matsfyrirtækið hafi ítrekað lýst áhyggjum af háum erlendum skuldbindingum íslenska fjármálakerfisins og þeim „óbeinu ábyrgðum sem í þeim felast fyrir ríkissjóð.“ Íslensku viðskiptabankarnir hafi staðið undir vexti sínum „og nokkurra innlendra athafnamanna“ með erlendu lánsfé og afleiðingarnar orðið þær að erlendar skuldir hafi numið 362% af útflutningstekjum á árinu 2007 og innlendar skuldir 384% af vergri landsframleiðslu, en þetta væri með því hæsta, sem fyndist „meðal ríkja sem hafa lánshæfiseinkunn.“ Vegna góðrar stöðu ríkissjóðs hafi stjórnvöld bolmagn til að aðstoða Glitni banka hf. á þann hátt, sem ákveðinn hafi verið, og gætu þau einnig veitt öðrum fjármálafyrirtækjum „skammtíma lausafjárstuðning“, en sökum „stærðar og uppbyggingar íslenska fjármálakerfisins“ yrði þetta „áfram stór óbein ábyrgðarskuldbinding fyrir ríkissjóð“. Samhliða þessu lækkaði matsfyrirtækið lánshæfiseinkunn Glitnis banka hf.

Seðlabanki Íslands tilkynnti 30. september 2008 að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi lækkað lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins. Um leið lækkaði fyrirtækið lánshæfiseinkunnir Glitnis banka hf. og setti jafnframt Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. á athugunarlista vegna hugsanlegrar lækkunar á einkunnum þeirra. Seðlabankinn tilkynnti einnig sama dag að matsfyrirtækið Fitch Ratings hafi

lækkað lánshæfiseinkunnir ríkisins. Það fyrirtæki lækkaði sama dag einkunnir allra viðskiptabankanna þriggja.

Starfshópur Seðlabanka Íslands um lausafjórunda hélt fund 30. september 2008. Samkvæmt fundargerð var þar rætt um lækkun matsfyrirtækja á lánshæfiseinkunnum íslenska ríkisins og viðskiptabankanna, þar á meðal að með lækkun á einkunnum Landsbanka Íslands hf. væri viðbúið að það „færi allt af stað.“ Einnig væri hætta á því „að Fitch fari á fullt með þetta í fjölmiðla.“ Á fundinum var þess og getið að „stór hluti innlána hafi farið út í nótt hjá Icesave.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 30. september 2008. Í fundargerð sagði meðal annars eftirfarandi: „Forsætisráðherra tók til umræðu kaup ríkissjóðs á hlut í Glitni og stöðuna á fjármálamörkuðum héraendis og erlendis. Davíð Oddsson seðlabankastjóri kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðunni. Ákveðið að ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins verði í neyðarteymi SÍ. Seðlabankastjóri vék af fundi.“

38

Formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ritaði bréf til ákærða 1. október 2008. Þar sagði að stjórnin hafi á fundi sama dag samþykkt að beina því til forsætisráðherra að skýrt yrði með hvaða hætti sjóðnum yrði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum nr. 98/1999 ef eignir hans hrykkju ekki til að inna af hendi greiðslur, sem lög kvæðu á um.

Lögmannsstofan Allen & Overy LPP sendi tölvubréf til Landsbanka Íslands hf. 1. október 2008 í tilefni af því að bankinn hafi óskað eftir álitum um þá kosti, sem kynni að mega velja úr varðandi flutning á Icesave reikningum frá útibúi bankans í London til dótturfélags. Í upphafi tölvubréfsins var vísað til þess að í ljósi viðræðna Halldórs J. Kristjánssonar bankastjóra við breska fjármálaeftirlitið fyrr þennan dag mætti ætla að allir væru einhuga um að hraða yrði málinu. Kostirnir væru þrír, í fyrsta lagi að leita atbeina dómstóla til að flytja innstæðurnar, í öðru lagi að tilkynna innstæðueigendum um flutninginn og byggja á ætluðu samþykki þeirra, sem ekki lýstu sig andvíga honum, og í þriðja lagi að leita eftir því við breska fjármálaeftirlitið að það beitti sér gagnvart breska fjármálaráðuneytinu til að fá það til að neyta neyðarheimilda sinna til að flytja innstæður milli fjármálafyrirtækja. Fyrsti kosturinn væri ekki raunhæfur og ólíklegt væri að fallist yrði á annan kostinn í ljósi fyrri viðræðna um lögfræðilega óvissu um hvort sú leið, sem þar um ræddi, væri tæk.

Samkvæmt minnisblaði frá Seðlabanka Íslands áttu Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri ásamt þremur öðrum starfsmönnum bankans og ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu símafund 2. október 2008 með fimm starfsmönnum matsfyrirtækisins Moody's Investors Service. Samkvæmt minnisblaðinu sagði Ingimundur þar frá þróun undanfarinna daga, en starfsmenn fyrirtækisins hafi greint frá því að lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins væru enn til skoðunar og vildu vita hvort forsendur, sem gildandi einkunnir væru reistar á, væru réttar. Þar skipti mestu „að ríkissjóður myndi ekki stefna lánstrausti sínu í hættu“ og yrðu stjórnvöld að gera sér grein fyrir hversu mikla skuldsetningu ríkissjóður þyldi. Ráðuneytisstjórinn hafi lýst því að „stjórnvöld væru ábyrg“ og myndi ríkið „ekki taka á sig umtalsverðar skuldbindingar vegna bankakerfisins.“ Ingimundur hafi tekið undir það að „nálgun stjórnvalda væri sú að varðveita lánstraust ríkissjóðs.“ Starfsmenn fyrirtækisins hafi spurt hvernig ríkið myndi bregðast við ef annar af hinum stóru viðskiptabönkunum tveimur þyrfti aðstoð og því verið svarað á þann veg „að Glitnir hafi verið í miklu verri stöðu en hinir bankarnir“, auk þess sem „stjórnvöld hefðu unnið umtalsvert í viðlagamálum undanfarin misseri.“

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hélt 30. fund sinn 2. október 2008. Samkvæmt fundargerð gerði Tryggvi Pálsson grein fyrir því í upphafi fundar að Kaupþing banki hf. hafi óskað eftir veðláni frá Seðlabanka Íslands, sem bankastjórnin hafi í meginatriðum hafnað, en meðal annars hafi komið fram af hendi Kaupþings banka hf. í tengslum við þetta að hann kynni að þurfa að hætta að framlengja gjaldeyrisskiptasamninga við lífeyrissjóði, sem kynni að valda því að þeir yrðu að kaupa gjaldeyri eða selja erlendar eignir. Hafi af þessu tilefni komið upp hugmynd um að ríkið eða seðlabankinn keypti erlendar eignir af lífeyrissjóðum gegn verðtryggðum skuldabréfum, sem myndi styrkja gjaldeyrisvarasjóð. Á fundinum hafi komið fram að útstreymi af „erlendum innlánnum“ hafi róast frá deginum áður en gæti þó aukist aftur á næstunni, svo og að seðlabankinn hafi orðið var við útstreymi á peningaseðlum vegna úttekta á innlendum innstæðum, en af tilteknum peningamarkaðssjóði hjá Glitni banka hf. hafi daginn áður verið teknar út 25.000.000.000 krónur. Jónína S. Lárusdóttir hafi gert athugasemd við að „viðskiptaráðuneytið hafi ekki verið kallað til og átt hlut að ákvörðunum um sl. helgi varðandi mál Glitnis.“ Bolli Þór Bollason hafi þá tekið fram að samráðshópurinn hafi ekki komið að þessum atburðum og ráðuneytisstjórar, sem sótt hafi fundi vegna þeirra, hafi ekki gert það vegna setu sinnar í hópnum. Baldur Guðlaugsson hafi kastað

þeirri hugmynd fram hvort lífeyrissjóðir kynnu að gerast ásamt ríkinu hluthafar í Glitni banka hf. og greiða fyrir sinn hlut með erlendum gjaldeyri, en erlend matsfyrirtæki hafi talið „að ríkið hafi færst of mikið í fang“ með kaupum á hlut í bankanum. Í umræðum um þetta hafi Jónína meðal annars látið þau orð falla að „ef ríkið hætti við Glitni þá rúlli allt“ og Tryggvi svarað með því að „það sé hvort sem er allt að rúlla.“ Bolli hafi einnig getið þess að forseti Alþýðusambands Íslands hafi daginn áður átt fund með ákærða og iðnaðarráðherra, þar sem rætt hafi verið um hugsanlegan hlut lífeyrissjóða að aðgerðum. Ingimundur Friðriksson hafi þá tekið fram að í raun væru þetta „akademískar spurningar þar sem ekki sé einu sinni víst hvort við lifum til helgar“ og Tryggvi bætt því við að skuldatryggingarálag bankanna þriggja hafi hækkað mikið, ekki væri „lengur kvót á bankana“, lánalínur þeirra væru að lokast og ekki líkur á öðru en að lánshæfismat þeirra myndi lækka enn frekar. Ingimundur hafi þessu næst sagt frá fyrrnefndum símafundi við starfsmenn matsfyrirtækisins Moody's Investors Service, sem hafi lýst því að lánshæfiseinkunnir ríkisins væru reistar á því að það myndi ekki taka á sig „of miklar skuldbindingar.“ Bolli hafi spurt hvernig „samtöl við erlenda lánardrottna Glitnis hafi gengið“ og Tryggvi svarað því til að þau gæfu litla von, þar sem „lánardrottinnar vilji fá greiðslu strax.“ Hann hafi líka tekið fram að í raun „hafi aðkoma ríkisins að Glitni virkað þveröfugt við það sem ætlað var“, því hafi verið trúað fyrir viku að bankarnir ættu laust fé, en um leið og „keðjuverkunin hefst þá hverfur lánstraust og lánshæfi.“ Því næst hafi Tryggvi ásamt Jónasi Fr. Jónssyni gert grein fyrir því, sem unnið væri við í tengslum við þetta í seðlabankanum og hjá Fjármálaeftirlitinu. Bolli hafi þá spurt um hugsanlega lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Ingimundur svarað með því að þar kynnu að fást „á annan ma. USD en þá verði slík aðstoð í lánaprógrammi með þeim skilyrðum sem því fylgja.“ Annar ónafngreindur seðlabankastjóri hafi kallað þá leið koss dauðans, en „við erum kannski komin í þá stöðu hvort sem er.“ Þetta kynni þó í raun að auka trúverðuleika út á við. Samkvæmt fundargerðinni voru málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta þessu næst tekin til umræðu og greindi Jónína meðal annars frá því að mikið hafi borist af fyrirspurnum um hann, en kvartað væri undan því að „ekki liggi fyrir nægilega skýrar og jafnvel misvísandi upplýsingar.“ Hún hefði áhyggjur af því að „innlánaflótti bresti á“ og væru Íslendingar „mikið farnir í hringja í Tryggingarsjóð.“ Hún hafi greint frá fundi í stjórn sjóðsins daginn áður og bréfi, sem stjórnin hafi sent til ríkisstjórnar með ósk um að hún greindi frá því hver ábyrgð ríkisins væri á skuldbindingum sjóðsins. Væri

gríðarlega mikilvægt að „einhver afstaða komi frá stjórnvöldum“, sem sjóðurinn „geti byggt svör sín á.“ Jónas hafi getið þess að útreikningar „frá í sumar“ hafi sýnt að fjárhæðin „sem væri ábyrgst“ væri um 722.000.000.000 krónur miðað við lágmarksvernd innstæðna. Á fundinum var síðan rætt um hluthafafund í Glitni banka hf., þar sem kosin yrði stjórn eftir að ríkið hefði gerst hluthafi, en Baldur hafi getið þess í tengslum við þetta að bankinn hafi „óskað eftir skriflegri yfirlýsingu frá ríkinu um að það telji sig bundið af tilboði sínu um hlutafjárframlag“. Tryggvi hafi þá bent á að „stjórnvöld hafi enn ekki mótað stefnu sína og séu e.t.v. ekki bundin vegna breyttra forsendna.“ Í lok fundarins hafi síðan Ingimundur varað „við því að það þurfi að vera viðbúið nú á hverri stundu að komið sé að ögurstundu.“

Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði, sendi tölvubréf til ákærða 2. október 2008, þar sem hann kvaðst ekki geta orða bundist og vildi hann því bera nokkur atriði fram til umhugsunar. Að mati hans væri það orðið „spurning um líf eða dauða íslensks efnahagslífs að skilja á milli alþjóðlegrar og innlendar starfsemi bankanna og koma höfuðstöðvum þeirra úr landi.“ Flutningur höfuðstöðva Kaupþings banka hf. myndi „snarlækka skuldastöðu Íslands“, draga úr áhættu fyrir ríkið og „snúa við nauðsynlegum gjaldeyrisjöfnuði Kaupþings“, en ástæðan fyrir því að bankinn hefði ekki þegar gert þetta kynni að vera „ótti við að þeir verði neyddir til að afskrifa eignir“. Æskilegast væri að Landsbanki Íslands hf. flytti líka, en að lágmarki yrði hann að skilja á milli alþjóðlegrar og innlendar starfsemi og „flytja Icesave reikningana, sem skapa óþolandi áhættu fyrir landið, til dótturfélaga í Bretlandi.“ Í báðum tilvikum kynni að koma til þess að ríkið yrði að setja á laggirnar sérstakan sjóð, sem myndi kaupa eignir af bönkunum, en þær gætu orðið „mun burðugri en ella ef tækist að snúa þeirri óheillastöðu við sem við erum komin í.“ Ákærði svaraði þessu með tölvubréfi og kvaðst þakka fyrir góðar ábendingar. Friðrik sendi ákærða aftur tölvubréf síðar sama dag, þar sem skýrt var nánar í fjórum liðum hvernig standa mætti að flutningi á höfuðstöðvum banka, en tekið var fram í niðurlagi orðsendingarinnar að þetta væri „auðvitað vandasamt og flókið ferli.“ Daginn eftir sendi Friðrik síðan enn tölvubréf til ákærða og fylgdi því minnisblað „þar sem hugmyndir um flutning banka eru settar fram á skipulagðari hátt en í tölvupóstum frá því í gær“, eins og komist var að orði í bréfinu.

Breska fjármálaeftirlitið, FSA, sendi bréf 3. október 2008 til forstöðumanns útibús Landsbanka Íslands hf. í London, þar sem lagt var fyrir bankann að grípa til nánar tiltekinna aðgerða. Í fylgiskjali með bréfinu var greint ítarlega frá forsendum

ákvörðunar FSA, meðal annars með reifun á fyrri samskiptum stofnunarinnar við bankann, en einnig var þar vísað til þess að íslenska ríkið hafi 29. september sama ár tekið yfir Glitni banka hf. vegna lausafjárvanda hans. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi í tengslum við það látið orð falla um að Glitnir banki hf. hefði að öðrum kosti liðið undir lok innan fárra vikna, lánshæfiseinkunnir bankans hafi verið lækkaðar 30. sama mánaðar, þann dag hafi gengi íslensku krónunnar fallið verulega og skuldatryggingarálag Landsbanka Íslands hf. og íslenska ríkisins hafi náð hærra stigi en áður hafi sést. Aðgerðirnar, sem bankinn yrði að grípa til, væru í fyrsta lagi að leggja á reikning við banka í Bretlandi varasjóð, sem næmi að minnsta kosti 10% af samanlögðum innstæðum í sterlingspundum á óbundnum reikningum, en frá 6. október 2008 skyldi þessi varasjóður svara til 20% af innstæðunum. Í öðru lagi að leggja á reikning við banka í Bretlandi fjárhæð, sem svaraði til innstæðna, sem útibú Landsbanka Íslands hf. í London tæki við frá og með 2. sama mánaðar. Í þriðja lagi væri óheimilt að breyta vöxtum af innstæðum á Icesave reikningum nema það væri tilkynnt FSA með tveggja daga fyrirvara og mætti ekki bjóða vexti, sem kæmst á skrá yfir bestu boð. Í fjórða lagi væri óheimilt að auglýsa óbundna Icesave reikninga eftir 10. október 2008. Í fimmta lagi mættu innstæður á slíkum reikningum ekki vera hærri en samtals 1.000.000.000 sterlingspund í árslok 2008 og í sjötta lagi mættu samanlagðar innstæður á öllum gerðum Icesave reikninga aldrei verða hærri en 5.000.000.000 sterlingspund. Loks yrði bankinn í sjöunda lagi að leggja fram fyrir 17. október 2008 áætlun um varasjóð, sem hrykki til að greiða út allar innstæður á bundnum Icesave reikningum, sem komið gætu til útborgunar fram á mitt ár 2009.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað kom saman til 31. fundar síns 3. október 2008. Í fundargerð var greint frá því að Bolli Þór Bollason hafi sagt að í byrjun sömu viku hafi verið „von um að við gætum haldið þremur bönkum, nú er spurning hvort við getum haldið einum“ og hafi Ingimundur Friðriksson tekið undir það. Þennan dag hafi yfir 5.000.000.000 krónur verið teknar í reiðufé út af innlendum bankareikningum og væri hafið bankaáhlaup. Tryggvi Pálsson hafi upplýst að vitað væri um lokun á erlendum lánalínum og væri enginn „tilbúinn til að taka áhættu gagnvart íslensku bönkunum í greiðslukerfum.“ Augljóst væri af skuldartryggingarálagi bankanna að reiknað væri með að skuldabréfaeigendur fengju ekki greidd nema um 40% af kröfum sínum. Þá hafi Bolli upplýst að breska fjármálaeftirlitið, FSA, hafi gert kröfu um að Kaupþing banki hf. greiddi til dótturfélags síns Singer & Friedlander 80.000.000 sterlingspund, en fjármálaráðherra

Bretlands hafi svo haft samband við ákærða og sagt bankann þurfa að greiða til dótturfélagsins 600.000.000 sterlingspund í síðasta lagi 6. október 2008. Jónas Fr. Jónsson kvaðst hafa rætt við forstjóra bankans, sem hafi sagt að lausafjárstaða hans væri „í ágætum málum“, en starfsmenn FSA hafi síðan greint Fjármálaeftirlitinu frá því að bankinn hefði ekki fylgt settum reglum og væri um að ræða „1,6 ma. GBP“, sem bankinn yrði að greiða fyrir dagslok 6. október 2008. Þetta hafi verið borið undir forstjóra og formann stjórnar Kaupþings banka hf., sem hefðu komið „af fjöllum“ og talið að um misskilning væri að ræða. Jónas hafi einnig greint frá því að Fjármálaeftirlitinu hafi borist fyrirspurn frá FSA um hvort hafið væri bankaáhlauþ hér á landi. Tryggvi hafi sagt frá samtali við starfsmann FSA og talið sýnt af því að hafinn væri „slagur milli þjóða um hvar peningurinn verði ef til gjaldþrots kemur“, en við því væri búist á næstu dögum. Bolli, Ingimundur og Jónas hafi allir lýst því að tilfinning manna væri sú að „við höfum þessa helgi“ og væri viðbúið að markaðir brygðust illa við á komandi mánudegi. Bolli hafi greint frá „fundi með lífeyrissjóðum“, sem hafi brugðist jákvætt við, og væru frekari fundir fram undan, auk þess sem ákærði og iðnaðarráðherra hafi átt „fund með ASÍ og SA.“ Væri þess vænst að yfirlýsing yrði gefin út fyrir opnun markaða á mánudeginum. Samkvæmt fundargerðinni bar Tryggvi þessu næst fram spurningu um „hvort fundinn verði forsendubrestur í samningi við Glitni“ og láta svo „alla bankana vera á sömu forsendum, tryggja innstæður.“ Jónas hafi lagt „áherslu á afleiðingarnar ef ríkið hættir við“ og Baldur Guðlaugsson bent á að búið væri „að stíga skref og ef það yrði stigið til baka þyrfti að undirbyggja það“, enda myndu hluthafar „telja að ríkið hafi sett bankann í þrot“, sem gæti þýtt „hundruð milljóna í skaðabótamál.“ Tryggvi hafi tekið fram að „ef Glitnir fari í greiðsluþrot á mánudag“ yrði væntanlega enginn hluthafafundur eða hlutafjárúkning. Í framhaldi af þessu urðu skoðanaskipti um hvort forsendur hafi brostið fyrir hlutafjárframlagi ríkisins til Glitnis banka hf. Að þeim loknum hafi Ingimundur spurt hver staðan yrði á komandi mánudegi ef „Kaupþing verði gjaldþrota“. Baldur hafi þá bent á að ef til vill þyrfti „að láta bankana fara alla leið í þrot áður en gripið er inn.“ Að því er Landsbanka Íslands hf. varðar hafi Jónas lýst því að þar væru menn rólegir og myndu svara FSA um komandi helgi, en verið væri að skoða hvernig flytja mætti starfsemi hans í Bretlandi til dótturfélags. Ingimundur hafi sagt frá því að skuld íslensku bankanna við seðlabankann í Luxemborg væri komin í 4.200.000.000 evrur og þar með yfir leyfilegt hámark. Hann hafi svo bætt því við að viðbúið væri að á komandi mánudegi yrði hrun. Samkvæmt fundargerðinni bárust þegar svo var komið

upplýsingar inn á fund starfshópsins um að fjármálaeftirlitið í Luxemborg hafi tilkynnt „að veðköll séu á Landsbankann og Glitni á mánudag“. Krafist yrði aukinna veða frá þeim fyrrnefnda að andvirði 800.000.000 evrur og þeim síðarnefnda fyrir 600.000.000 evrum, en Kaupþings banka hf. hafi ekki verið getið. Þessu næst hafi Jónína S. Lárusdóttir spurt hvort vænta mætti svars frá forsætisráðuneytinu um yfirlýsingu vegna innstæðutrygginga og hafi Bolli svarað með því að þar „hafi verið farið yfir málið“, en fregnir hafi borist af því að matsfyrirtækið Moody's Investors Service myndi lækka láns hæfiseinkunnir íslenska ríkisins verulega ef það lýsti yfir ábyrgð gagnvart erlendum innstæðueigendum. Ingimundur hafi bætt því við að í því efni skipti líklega engu hvort rætt yrði um ábyrgð á lágmarksfjárhæð eða öllum innstæðum. Baldur hafi bent á að „fá verður á hreint hvort ríkið sé á einhvern hátt ábyrgt fyrir Tryggingarsjóðnum“ og væri ekki fært að lýsa slíku yfir fyrir fram. Að öðru leyti voru á fundinum ræddir kostir um aðgerðir næstu daga, en í tengslum við það hafi Tryggvi sagt að nú þyrfti stefnu frá stjórnvöldum.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar 3. október 2008. Í fundargerð frá honum sagði eftirfarandi: „Forsætisráðherra tók til umræðu atburðarás síðustu daga og stöðu bankanna. Iðnaðarráðherra sagði ummæli seðlabankastjóra um þjóðstjórn á síðasta ríkisstjórnarfundum óviðeigandi gagnvart núverandi ríkisstjórn og taldi rétt að hann viki úr embætti. Viðskiptaráðherra gagnrýndi að ráðherra bankamála skuli ekki hafa verið hafður með í ráðum í Glitnismálinu fyrir en á sunnudagskvöldi. Málið rætt. Fleira gerðist ekki.“

39

Starfsmaður í breska fjármálaráðuneytinu sendi tölvubréf 5. október 2008 til formanns stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Þar var rætt um atriði, sem sýnilega tengdust fyrri viðræðum um samvinnu milli tryggingarsjóðsins og breskra stjórnvalda við hugsanlega útborgun til innstæðueigenda. Einnig var tekið fram að æskilegt yrði að fá staðfestingu á því hvernig aflað yrði fjár til að standa við skuldbindingar Íslands samkvæmt evrópskum reglum um innstæðutryggingar ef til þess kæmi að Landsbanki Íslands hf. og útibú hans í London gætu ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sendi tölvubréf til bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 5. október 2008 og kvaðst vilja staðfesta það, sem komið hafi fram í samtali við Sigurjón Þ. Árnason um símtal forstjórans við starfsbróður sinn hjá breska fjármálaeftirlitinu, FSA. Sá hafi sagt að Landsbanki Íslands hf. yrði „að koma með“

200.000.000 sterlingspund til viðbótar varasjóði til að mæta 10% af innstæðum á óbundnum Icesave reikningum, en yrði það ekki gert „verður líklegast lokað hjá ykkur á morgun.“ Þessari orðsendingu svaraði Halldór J. Kristjánsson með fyrirspurn um hvort FSA hafi ekki boðið hraða meðferð til að flytja reikningana í dótturfélag. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sendi þá aftur tölvubréf, þar sem hann sagðist hafa spurt um þetta „að því gefnu að þið kæmuð með 200 m. GBP á morgun og vilduð reyna að breyta ykkur hratt í dótturfélag hvort það væri möguleiki og þá hversu hratt.“ Forstjóri FSA hafi tekið „vel í það og nefndi 1-2 vikur með öllum fyrirvörum.“

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. áttu 5. október 2008 símafund með forstjóra breska fjármálaeftirlitsins, FSA, og tveimur starfsmönnum þess. Samkvæmt endurriti af orðaskiptum á þeim fundi greindi Halldór J. Kristjánsson frá ýmsum ráðstöfunum í efnahagsmálum og málefnum fjármálafyrirtækja, sem ríkisstjórnin hafi haft til athugunar þennan dag, þar á meðal að rætt hafi verið um að Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. tækju yfir eignir Glitnis banka hf. og innstæður hjá honum. Með þessu myndi fjárhagsstaða Landsbanka Íslands hf. batna mjög og hefði hann þá tök á að flytja starfsemi útibús síns í London til dótturfélags á mun skjótari hátt en áður hafi verið rætt um. Hann lýsti því einnig að ríkisstjórn Íslands hafi lagt áherslu á að þessi flutningur næði fram að ganga og óskaði hann upplýsinga um hversu hratt það gæti gengið fyrir sig. Starfsmenn FSA hafi svarað að það myndi að lágmarki taka þrjá til fjóra mánuði, en þeir væru reiðubúnir til að athuga aðra kosti. Það væri þó háð því meginskilyrði að bankinn yrði að senda til útibúsins 200.000.000 sterlingspund áður en viðskipti hæfust morguninn eftir, enda ætti það ekki lengur til laust fé eftir úttektir af Icesave reikningum. Ef þetta yrði ekki gert myndi FSA verða knúin til að stöðva starfsemi útibúsins þegar í stað. Að auki þyrfti bankinn fyrir lok næsta dags að leggja Heritable Bank Ltd. til um 50.000.000 sterlingspund, þar sem lausafjárstaða þess síðarnefnda væri komin á hættulegt stig. Óskuðu starfsmenn FSA eftir að fá skriflega staðfestingu frá Landsbanka Íslands hf. um að þetta tvennt yrði gert.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands átti ásamt Sigurði Sturlu Pálssyni og Tryggva Pálssyni fund 5. október 2008 með Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjórum Landsbanka Íslands hf. Samkvæmt minnispunktum frá fundinum lét Sigurjón þess í byrjun getið að unnt yrði að verja Heritable Bank Ltd. með 40.000.000 sterlingspundum til viðbótar 10.000.000 sterlingspundum, sem Landsbanki Íslands hf. ætti, en 200.000.000 sterlingspund þyrfti til að halda áfram starfsemi með Icesave

reikninga og yrði henni því „lokað kl. 16.00.“ Áhlaup stæði yfir í Bretlandi, en rólegt væri í Hollandi. Halldór hafi greint frá því að ekki hafi tekist að ná því sem nefnt hafi verið í „bréfinu“ og kynni hann því „ekki önnur ráð en að fara með bankann í greiðslustöðvun.“ Davíð Oddsson hafi lýst því að Seðlabanki Íslands gæti ekki lánað Landsbanka Íslands hf., því að sá fyrrnefndi hafi lánað öðrum „banka stóra upphæð.“ Sigurjón hafi spurt hvort hluti af starfsemi Landsbanka Íslands hf. yrði færður undir Kaupþing banka hf. og bætt svo við að lokað væri „svo hratt á línur að enginn lifir lengur en 3 daga.“ Þessu virðist ekki hafa verið svarað, en samkvæmt minnispunktunum bætti Sigurjón síðar við að tjónið, sem myndast hafi á þessum degi, væri „þrefalt eigið fé“, svo og að hann óttaðist að eignir yrðu seldar á brunaútsölu og dygðu „ekki til að bæta innlánin.“ Halldór hafi svo undir lok fundarins getið þess að þeir hafi látið ákærða „vita í gær að við kæmumst ekki gegnum daginn án fyrirgreiðslu.“

Viðskiptaráðuneytið sendi bréf 5. október 2008 til breska fjármálaráðuneytisins, þar sem því var lýst yfir að ríkisstjórn Íslands myndi ef þörf krefði aðstoða Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta til að afla fjár þannig að honum yrði fært að greiða lágmarksfjárhæð innstæðutrygginga ef Landsbanka Íslands hf. og útibúi hans í Bretlandi yrði ekki fært að standa við skuldbindingar sínar.

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar síðla kvölds 5. október 2008. Samkvæmt fundargerð komu á fundinn Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu og Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri. Forsætisráðherra hafi lagt fram og kynnt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um innstæðutryggingar og lagt til að hún yrði send fjölmiðlum. Þetta hafi verið rætt og samþykkt. Þá hafi forsætisráðherra tekið til umræðu „hugsanlega lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“ Ingimundur hafi gert grein fyrir „ferli slíkrar lántöku“ og þetta verið rætt. Að endingu hafi forsætisráðherra gert grein fyrir „fundum og öðrum atburðum helgarinnar“ og hafi það mál einnig verið rætt.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, sem getið var í framangreindri bókun, mun hafa verið svohljóðandi: „Ríkisstjórn Íslands áréttar að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi verða tryggðar að fullu. Með innstæðum er átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tekur til.“

Ríkisstjórn Íslands kom saman til fundar að morgni 6. október 2008. Samkvæmt fundargerð komu á fundinn Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Jónína S. Lárusdóttir ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, Áslaug Árnadóttir skrifstofustjóri í sama ráðuneyti og Jónas Fr. Jónsson forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Viðskiptaráðherra hafi lagt fram og kynnt frumvarp til laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. og lagt til að málið yrði sent „þingflokkinum til meðferðar.“ Málið hafi verið ítarlega rætt og samþykkt, en fundi slitið að því búnu.

Breska fjármálaráðuneytið sendi bréf 6. október 2008 til viðskiptaráðuneytisins, þar sem vísað var til þess að borist hafi bréf 5. sama mánaðar um formlega staðfestingu ríkisstjórnar Íslands á því að hún myndi ábyrgjast að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta yrði kleift að greiða lágmarksfjárhæð innstæðutrygginga ef Landsbanki Íslands hf. og útibú hans í Bretlandi kæmust í greiðsluþrot. Var óskað eftir að viðskiptaráðuneytið veitti skjót svör við nánar tilgreindum spurningum, sem vörðuðu útborgun innstæðutrygginga.

Breska fjármálaeftirlitið beindi ákvörðun til Landsbanka Íslands hf. 6. október 2008 um að honum væri óheimilt án undangengins samþykkis stofnunarinnar að neyta samningsbundinna heimilda til að fresta eða takmarka útborgun af innstæðum á reikningum við útibú sitt í London. Í ákvörðuninni kom fram að hún hafi verið tekin meðal annars sökum þess að útibúið fullnægði ekki kröfum um lausafjárstöðu samkvæmt nánar tilgreindum breskum reglum.

Ákærði flutti ávarp til íslensku þjóðarinnar í hljóðvarpi og sjónvarpi síðdegis 6. október 2008, þar sem hann greindi að nokkru frá því hvernig högum hennar væri komið. Í framhaldi af því mælti hann á Alþingi fyrir frumvarpi því, sem getið var hér í byrjun og varð að kvöldi sama dags að lögum nr. 125/2008.

IV

1

Í skýrslu, sem ákærði gaf fyrir dómi í upphafi aðalmeðferðar málsins 5. mars 2012, greindi hann frá tilurð samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað, en við stofnun hópsins hafi hann gegnt embætti utanríkisráðherra. Hópnum hafi verið ætlað að vera vettvangur fyrir samskipti, en hann hafi ekki verið stjórnvald eða tekið yfir lögbundið hlutverk stjórnvaldanna sem að honum stóðu. Hópurinn hafi engar

heimildir haft samkvæmt lögum og taldi ákærði að störf hans hefðu orðið ómarkvissari hefði hann haft valdheimildir. Þær hafi verið í höndum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, sem áttu hlut að hópnum, og hafi hvílt á þeim stofnunum og eftir atvikum forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu eða viðskiptaráðuneytinu að taka ákvarðanir ef fjármálakerfinu væri hætta búin. Ekki hafi verið sérstaklega ákveðið að hópurinn ætti að taka við fyrirmælum um viðfangsefni sín, en hann hefði væntanlega orðið við slíkum fyrirmælum ef þeim hefði verið beint til hans. Það kunni að hafa verið óheppilegt að hópnum hafi ekki verið ætlað að móta stefnu, en ekki mætti líta fram hjá því að í samkomulaginu um stofnun hópsins hafi verið tekið fram að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja ættu að leysa vandamál sín sjálfir og hafi með þessu verið lögð áhersla á að þau gætu ekki vænst þess að skattgreiðendur tækju á sig byrðar vegna vanda í bankakerfinu. Í samráðshópnum hafi verið rætt um að skort hafi á það, sem nefnt hafi verið stefna stjórnvalda, en hafi þar verið ætlast til að greint yrði frá því fyrir fram hversu miklu fé þau væru reiðubúin að verja til að bjarga bönkum þá hafi verið útilokað að taka slíka ákvörðun. Í nágrannalöndum hafi slíkt aldrei verið upplýst fyrir en á síðustu stundu og hafi verið haft hér að leiðarljósi að ekki yrði varið meira fé í því skyni en tryggt væri að myndi skila árangri. Samkvæmt samkomulaginu um stofnun samráðshópsins hafi honum ekki verið ætlað að gera viðbragðsáætlanir vegna fjármálaáfalls. Hann hafi þó í raun gengið lengra í þá átt í störfum sínum og hafi drög að slíkum áætlunum legið fyrir í byrjun október 2008. Að auki hafi hópurinn undirbúið lagafrumvörp, sem hafi komið að miklu gagni þegar á reyndi, en líklega hafi lögfræðingar á vegum Fjármálaeftirlitsins lokið vinnu að frumvarpinu, sem ákærði flutti á Alþingi 6. október 2008 og varð að lögum nr. 125/2008. Stofnunum, sem áttu hlut að hópnum, hafi ekki verið heimilt að skiptast á öllum upplýsingum sem þær bjuggu yfir, og hafi ekki komið til tals að breyta lögum til að liðka fyrir upplýsingaskiptum, enda hafi hópurinn ekki verið myndaður í þeim tilgangi. Engin leynd hafi verið yfir störfum hópsins og yrði að ætla að ráðherrar, sem áttu þar fulltrúa, hafi fengið upplýsingar um þau. Ákærði kvaðst ekki hafa haft ástæðu til efasemda um störf hópsins eftir að hann varð forsætisráðherra 15. júní 2006, en hann hafi borið fullt traust til ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, sem hafi verið formaður í hópnum, og annarra, sem þar áttu sæti. Hann hafi enga ástæðu haft til að telja nokkuð athugavert við verkstjórn hópsins, en það hafi hann þó ekki kannað sérstaklega. Því hafi heldur ekki verið komið á framfæri við ákærða að vinna samráðshópsins væri ófullnægjandi, en að mati hans

hafi hópurinn unnið gott verk. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað til þess að aðrir hópar hafi starfað á vegum stjórnvalda að viðbúnaði vegna fjármálaáfalls að öðru leyti en því að slíkur hópur hafi starfað innan Seðlabanka Íslands. Honum hafi einnig verið kunnugt um samstarf seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um viðbúnaðaráætlanir, en hann hafi ekki gert sér grein fyrir því hvernig þessar stofnanir tengdu þetta starfi samráðshópsins. Aðspurður vegna ummæla í minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um fund hennar með ákærða „18. eða 19. apríl“ 2008 um „krísunefndina á vegum forsætisráðuneytis“ kvaðst hann telja hana hafa átt þar við samráðshópinn.

Ákærði kvaðst ekki hafa lesið allar fundargerðir samráðshópsins, en hann benti ítrekað á að þær væru ekki staðfestar, heldur hefðu að geyma lýsingu ritara hópsins á fundunum. Hann tók þó fram aðspurður að hann teldi ekkert í þessum fundargerðum hafa komið sér á óvart þegar hann las þær í tengslum við rekstur þessa máls. Ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu hafi á fundum með ákærða gert grein fyrir störfum hópsins þegar tilefni var til og hafi samstarf þeirra verið náði í þessu efni sem öðrum. Þeir hafi rætt saman á hverjum degi, en ekki gat ákærði upplýst nánar hvenær einstök mál, sem tengdust samráðshópnum, hafi borist í tal. Hann vefengdi ekki að hann hafi réttilega verið upplýstur um störf hópsins. Ákærði sagðist hvorki hafa átt fundi með hópnum né sérstaka fundi vegna starfa hans með þeim ráðherrum, sem þar áttu að öðru leyti fulltrúa. Hann kvaðst ekki kannast við öll skjöl, sem liggja fyrir í málinu varðandi störf hópsins. Hann hafi ekki borið sig eftir gögnum frá hópnum og heldur ekki miðlað til annarra þeim skjölum, sem hann fékk, enda hafi allir, sem áttu að hafa vitneskju um störf hópsins, átt fulltrúa þar.

Aðspurður um einstök atriði, sem koma fram í fyrirliggjandi fundargerðum samráðshópsins, kvaðst ákærði ekki hafa fengið sérstakar upplýsingar um að Ingimundur Friðriksson hafi á fundi 15. janúar 2008 kastað fram spurningu um hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli, sem Ingimundur hafi sagst ekki lengur telja fjarstæðukenndan möguleika. Ákærði kvaðst þó muna vel eftir atburðum um þær mundir, þar á meðal að hann hafi að kvöldi sunnudagsins 13. janúar 2008 átt fund með fjármálaráðherra og bankastjóra Seðlabanka Íslands. Daginn eftir hafi þeir átt þrjá fundi með stjórnendum allra stóru bankanna til að setja sig inn í það, sem þar væri í gangi. Þannig hafi þeir viljað fá upplýsingar um stöðu Glitnis banka hf., en erfiðlega hafi gengið að fjármagna hann. Þá hafi á fundi með Kaupþingi banka hf. verið rætt um kaup hans á hollenska bankanum NIBC, en þau hafi þótt óheppileg, sem stjórnendur fyrrnefnda bankans hafi gert sér grein fyrir, og hafi þau síðan verið

stöðvuð eftir öðrum leiðum. Í tengslum við þetta lét ákærði þess getið að hann hafi í febrúar 2008 rætt við fulltrúa Evrópusambandsins um aðild Íslands að samningi um viðbúnað gegn fjármálaáfallum, sem hefði aukið trúverðugleika Íslands og veitt því stuðning, en illu heilli hafi dregist að þetta samstarf kæmist á.

Um tillögur Andrew Gracie frá 29. febrúar 2008, sem fjallað var um á fundum samráðshópsins, tók ákærði fram að hann minntist þess ekki að hafa fengið þær í hendur, en hafa yrði í huga að þar væru dregnar upp sviðsmyndir og ekki gerðir spádómar. Tillögurnar hafi komið hópnum að gagni þegar á leið, enda hafi þar verið að finna atriði, sem ítrekað hafi komið til umræðu. Sum þeirra hafi verið í vinnslu, en önnur hafi verið því marki brennd að örðugt eða ómögulegt hefði verið að koma þeim í framkvæmd. Í tillögnum hafi meðal annars verið rætt um bindiskyldu, en Seðlabanki Íslands hafi breytt reglum um hana til rýmkunar fyrir bankana þannig að hún tæki ekki lengur til innstæðna í erlendum útibúum þeirra, sem ákærði taldi hafa verið rétt á þeim tíma. Þótt eftir á mætti efast um að þetta hafi verið skynsamlegt og jafnvel frekar átt að auka bindiskylduna yrði að gæta að því að slíkt hefði valdið mjög neikvæðum viðbrögðum gagnvart seðlabankanum og stangast að auki á við reglur á evrópska efnahagssvæðinu. Einnig hafi verið unnið að eflingu gjaldeyrisforða seðlabankans, en aðstæður á markaði reynst slíkar að það hafi ekki verið unnt. Þá hefði Alþingi ekki á þessum tíma fallist á að setja bönkunum skorður með lagasetningu.

Í tilefni af umræðu á fundi samráðshópsins 1. apríl 2008 um mikilvægi þess að erlendir innlánsreikningar í íslensku bönkunum yrðu í dótturfélögum fremur en útibúum kvað ákærði ekki hafa verið hugað að þessu á þeim tíma með hliðsjón af stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, en hann minntist þess ekki að það hafi verið borið undir sig fyrr en í ágúst 2008. Það hafi legið fyrir að innstæðurnar væru mjög kvikar í þeim skilningi að eigendur gátu tekið þær út með engum fyrirvara þegar neikvæðar fréttir bárust af stöðu íslensku bankanna, en þær hafi einnig aukist þegar hægðist um. Ákærði sagði að sér hafi ekki verið kunnugt um að rætt hafi verið um að skipa tvo vinnuhópa á fundi samráðshópsins 2. apríl 2008 og minntist þess ekki að tillögur um þetta hafi borist til sín, en hann væri fullviss um að alltaf hafi verið brugðist við tillögum sem bárust. Aðspurður vegna ummæla í fundargerð frá þeim fundi um að ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu hafi sagst hafa skilið „málið ráðherramegin“ á þann hátt að taka ætti á bönkunum þremur og innlánstryggingum kvað ákærði þetta hafa verið niðurstöðuna í umræðum þeirra tveggja. Þetta hafi ekki

verið formlegt erindi hans til samráðshópsins, en hann og ráðuneytisstjórinn hafi talið þetta vera stærstu málin, sem fjalla þyrfti um.

Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa á sínum tíma fengið í hendur vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls, sem samráðshópurinn hafi fjallað um á fundum sínum 10. og 21. apríl 2008. Starfsmenn þeirra stofnana, sem höfðu þessi málefni á sínu borði, hefðu átt að leita til sinna yfirmanna og þeir síðan að leita til ákærða ef grípa hefði átt til aðgerða eins og rætt hafi verið um í vinnuskjalinu, en á þeim tíma hafi slík atriði ekki verið á stefnu stjórnvalda. Þá sagðist ákærði ekki minnast þess að hafa séð skjal með yfirskriftinni „ólystugi matseðillinn“, sem rætt hafi verið um á fundi samráðshópsins 28. apríl 2008, fyrr en eftir hrun íslensku bankanna og gæti hann ekki svarað því hvaða stjórnvöld hefðu átt að taka ákvarðanir um atriðin, sem þar greindi. Um einstök atriði í þessu skjali gat ákærði þess að í athugun hafi verið á þessum tíma að auka möguleika fjármálafyrirtækja á að selja fjármálagerninga til opinberra aðila. Að mati ákærða hafi með öllu verið ótímabært á þessu stigi að taka afstöðu til þess hversu háar innstæður ríkið yrði tilbúið til að ábyrgjast á innlánsreikningum hjá íslensku bönkunum. Þegar upp hafi verið staðið hafi ríkið ábyrgt allar innstæður í innlenda bankakerfinu, enda hefði önnur niðurstaða verið óábyrg, en hefðu stjórnvöld lýst einhverju yfir í þeim efnum á þessum tíma hefði það flýtt fyrir bankahruni. Það sama ætti við um heildarfjárhæð hugsanlegs eiginfjárstuðnings ríkisins við banka, en slíkt væri ekki gefið upp fyrir fram. Á þessum tíma hafi legið fyrir hvaða bankar væru kerfislega mikilvægir og hafi verið ljóst, eftir því sem fært var, hvaða skilyrði yrðu sett fyrir eiginfjárstuðningi, þar á meðal að bankarnir yrðu lífvænlegir eftir að hafa fengið hann. Í því skyni kynni að hafa þurft að beita bankana þvingunum, svo sem til að selja eignir eða sameinast, en ekki hafi staðið til að hlífa hluthöfum. Ákærði kvað stjórnvöld ekki hafa að öðru leyti haft úrræði til að knýja á um samruna banka, sölu eigna eða minnkun efnahagsreikninga þeirra. Vegna samtala við stjórnendur bankanna hafi sér verið kunnugt um að Glitnir banki hf. hafi ætlað að selja eignir í Noregi á árinu 2008, en af því hafi ekki orðið, líklega sökum þess að væntanlegir kaupendur hafi gert sér vonir um að geta keypt þær síðar á lægra verði. Af slíkum samtölum hafi ákærði ályktað að stjórnendur bankanna hafi ekki talið hættu á falli þeirra, en síðar hafi tími einfaldlega ekki gefist til að selja eignir.

Vegna umræðna á fundi samráðshópsins 7. júlí 2008 um að stjórnvöld hefðu ekki stillt stjórnendum bankanna upp við vegg og að hætta væri á að bankakerfið gæti

hrunið þá þegar kvað ákærði stjórnvöld ekki hafa á þessum tíma verið tilbúin til að taka afstöðu til þess hvað þau myndu vilja leggja af mörkum. Ákvörðun um þetta hafi verið tekin þegar tillaga kom frá Seðlabanka Íslands í september 2008 vegna vanda Glitnis banka hf. Formanni samráðshópsins hafi ekki þótt tímabært í júlí 2008 að kalla eftir ákvörðun, heldur hafi hópurinn þurft að vinna án þess að fá hana fram, enda hafi vandinn þá ekki verið bráður. Hafi samráðshópurinn verið annarrar skoðunar hefði stofnunum, sem áttu hlut að honum, borið að gera tillögur og leita eftir fundi með ákærða eða í tilviki Fjármálaeftirlitsins með viðskiptaráðherra. Ákærði kvaðst ekki hafa talið aðra hafa verið þeirrar skoðunar, sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins lýsti á fundinum, að bráð hætta væri á að bankakerfið hryndi þá þegar, en eftir þetta hafi ástandið róast um sinn og orðið erfiðara í ágúst. Ekki mætti horfa fram hjá því að á þessum tíma hafi komið fram ýmis jákvæð álit og matsfyrirtæki talið láns hæfi Íslands mjög gott, þótt ekki hafi verið fullyrt að svo yrði til langs tíma. Þá hafi Fjármálaeftirlitið gefið út skýrslur, sem hafi ekki borið með sér ótvíræðar vísbendingar um yfirvofandi hrún. Vegna umræðna á þessum fundi samráðshópsins um að takmarka mætti áhættu með því að færa höfuðstöðvar Kaupþings banka hf. úr landi og flytja innlán í útibúum íslenskra banka erlendis í dótturfélög, svo og að skipa þyrfti aðgerðahóp með öflugum stjórnanda, vísaði ákærði til þess að ásetningur manna hafi staðið til að innlánin yrðu flutt til dótturfélaga, en breska fjármálaeftirlitið hafi á hinn bóginn sett ströng skilyrði fyrir því. Flutningur höfuðstöðva banka til útlanda fyrir lok ársins 2008 hafi verið óraunhæfur, enda hefði fjármálaeftirlit í viðkomandi ríki þá skoðað stöðu bankans og rýnt í eignir hans. Mætti ætla að krafa hefði verið gerð um að eignir bankans yrðu færðar niður í bókum hans og það fært eiginfjárlutfall hans undir lögbundin mörk, en þar með hefði verið lagður þrýstingur á íslensk stjórnvöld að láta fjármuni fylgja með flutningnum. Aðspurður hvort skort hafi á pólitíska stefnumótun og það hamlað starfi samráðshópsins tók ákærði fram að hópurinn hafi haft skýrt umboð og hefðu þeir, sem að honum stóðu, orðið einhvers varir, sem kallað hefði á viðbrögð ákærða, hefðu þeir átt að gefa honum slíkar ábendingar. Ef til vill hefði verið heppilegt að hann hefði hitt ráðherrana, sem stóðu að baki hópnunum, en það hafi hann ekki getað séð þá.

Í tilefni af ummælum í fundargerð frá fundi samráðshópsins 14. júlí 2008 um að ganga yrði frá stefnumörkun hins opinbera kvaðst ákærði líta svo á að þar væri lýst skoðun ritara hópsins. Slík stefnumörkun hafi ekki verið í boði, enda hefði verið óskynsamlegt að lýsa því yfir á þessum tíma að ríkið hygðist leggja bönkunum til háar

fjárhæðir í erlendum gjaldmiðlum. Í þessu efni hafi ákærða ekki verið kunnugt um önnur tæk úrræði en einhver þau, sem hefðu falið í sér að skattfé yrði lagt til bankanna.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað annað um störf lögfræðingahóps, sem fjallað var um á fundi samráðshópsins 31. júlí 2008, en að hann ynni að því að semja drög að lagafrumvarpi vegna hugsanlegs fjármálaáfalls. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins hafi talið það geta orðið banabita bankanna að umræða færi af stað um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Um þá stöðu hafi allir vitað, enda hafi mikill uggur gripið um sig hjá breska fjármálaeftirlitinu þegar starfsmönnum þess hafi orðið hún ljós.

Vegna ummæla, sem ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins lét falla á fundi samráðshópsins 12. ágúst 2008 um ráðagerð viðskiptaráðherra um stofnun sérstakrar nefndar, kvaðst ákærði telja að um misskilning ráðherrans hafi verið að ræða, enda hafi samráðshópurinn verið rétti vettvangurinn fyrir það starf, sem nefndinni hafi verið ætlað. Ákærði minntist þess ekki að vinna samráðshópsins hafi komið til umræðu á fundum ríkisstjórnarinnar, en af því yrði þó ekki ályktað að ráðherrar hafi ekki vitað um tilvist hans. Sérstök stefna hafi ekki verið mótuð í málaflokknum á vettvangi ríkisstjórnarinnar, en að þessu hafi verið unnið í samráðshópnum. Aðspurður hvort samráðshópnum hafi verið ætlað að móta pólitíska stefnu kvaðst ákærði viðurkenna að fyrirkomulagið, sem starfað hafi verið eftir, hafi boðið upp á að hver benti á annan um ábyrgð á málefninu, en þótt ákveðin frumkvæðisskylda hafi hvílt á sér hafi hún ekki átt við á þessu tímabili.

Ákærði kvaðst telja fund samráðshópsins 16. september 2008 skipta miklu, en hann hafi verið haldinn á mánudegi eftir fall bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers. Á þessum tíma hafi enginn gert sér grein fyrir áhrifum þess atburðar á allan fjármálamarkað heimsins. Fjármálaeftirlitið hafi tveimur dögum síðar gefið út yfirlýsingu um að ekki yrði ætlað að þetta hefði áhrif á íslensku bankana. Samráðshópurinn hafi unnið í góðri trú um að ástandið væri viðunandi og ákveðið að funda ekki aftur fyrr en 2. október 2008. Ítarleg frétt hafi birst í fjölmiðli 17. september 2008 um lausafjárstöðu bankanna, þar sem komið hafi fram að þeir væru allir búnir að tryggja lausafjárstöðu sína fram eftir árinu 2009. Ákærði hafi að morgni næsta dags átt fundi með fulltrúum allra bankanna til að fullvissa sig um að þetta væri rétt, enda hefði hann ekki haldið í utanlandsferð til New York skömmu síðar nema tryggt væri að ástandið væri í lagi. Á fundunum hafi komið fram að bankarnir væru að

glíma við mótvind eins og önnur gögn bentu til, en staðan hafi á hinn bóginn litið ágætlega út. Engum hafi dottið í hug að bankarnir væru að villa um fyrir stjórnvöldum. Þá hafi í skjali frá Seðlabanka Íslands 19. september 2008 verið farið mjög fögrum orðum um stöðuna. Aðspurður sagði ákærði viðlagaáætlun ekki hafa verið tilbúna þegar hér var komið sögu eftir því, sem hann best vissi, en eflaust hefði mátt ljúka við hana á skömmum tíma.

Ákærði taldi fundargerð samráðshópsins vegna fundar 2. október 2008 bera með sér hvað hópurinn hafi starfað á veikum grunni. Ekki hafi þótt ástæða til að kalla samráðshópin til starfa um helgina þar á undan þegar tekin var ákvörðun um hlutafjárframlag ríkisins til Glitnis banka hf., enda hafi þá flestir, sem áttu sæti í honum, komið að málinu vegna annarra starfa sinna. Viðskiptaráðherra hafi ekki verið kvaddur til funda um málefni Glitnis banka hf. vegna ákvörðunar formanns Samfylkingarinnar, sem hafi verið tekin á pólitískum forsendum. Iðnaðarráðherra hafi setið fundina sem fulltrúi flokksins í umboði formanns hans og aðstoðarmaður viðskiptaráðherra hafi einnig verið viðstaddur, en ákærði hafi af þessum sökum talið að viðskiptaráðherra yrði látinn fylgjast með, svo sem honum hafi skilist af samtali sínu við formanninn. Áður en ákvörðun um hlutafjárframlag til Glitnis banka hf. var kynnt hafi ákærði átt fund með viðskiptaráðherra, sem hafi stutt hana mjög, en eftir á að hyggja hefði viðskiptaráðherra átt að vera kvaddur til þessara funda. Ákærði kvaðst ekki geta metið hvort tregðu hafi gætt í upplýsingagjöf til viðskiptaráðherra um störf samráðshópsins, en hafa yrði í huga að hann hafi í raun haft þar tvo fulltrúa, ráðuneytisstjóra sinn og forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Þá gat ákærði þess einnig að hann hefði ekki trú á að formaður Samfylkingarinnar hafi sérstaklega leynt upplýsingum um gang mála fyrir viðskiptaráðherra.

Í tengslum við lið 1.4 í ákæru lýsti ákærði því að erfiðleikar, sem íslensku bankarnir áttu við að etja síðari hluta árs 2005 og fyrri hluta 2006, hafi leitt til aðgerða af þeirra hendi, sem hafi átt að styrkja stöðu þeirra, þar á meðal að lengja lánstíma í erlendri lausafjáröflun þeirra. Á þessum tíma hafi Viðskiptaráð fengið hagfræðingana Fred Mischkin og Tryggva Þór Herbertsson til að rita skýrslu um fjármálastöðugleika á Íslandi, sem hafi að mati ákærða upplýst ýmis grundvallaratriði og komið að miklu gagni á þeim tíma. Haustið 2007 hafi hagfræðingarnir Richard Portes og Friðrik Már Baldursson einnig samið skýrslu um þetta efni. Þessir fræðimenn hafi byggt á opinberum gögnum og ekki frekar en starfsmenn stjórnkerfisins getað gert sér grein fyrir að maður væri í mysunni í íslenska fjármálakerfinu. Þegar þessir erfiðleikar

herjuðu á hafi bankakerfið staðið tæpt, en þeir hafi svo liðið hjá um þær mundir, sem fyrrnefnda skýrslan kom út í maí 2006, og ráðamenn talið stöðu bankanna nokkuð góða eftir það. Í framhaldi af þessum atburðum hafi Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. byrjað að taka við innlánnum í útlöndum og hafi verið rætt um þetta sem nýja stoð undir fjármögnun bankanna. Ekki hafi verið annað að sjá en að hún gengi vel eftir þetta alveg fram í september 2008. Ákærði kvaðst telja að vandkvæðum hafi verið bundið fyrir sig eða aðra í stjórnkerfinu að gera eitthvað á árinu 2008 til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins og hafi skort til þess raunhæf úrræði. Bankarnir hefðu hugsanlega getað selt eignir, en þeir hafi ekki verið í aðstöðu til þess vegna mikilla affalla, sem þá hafi verið á markaði. Þá væri óvíst hvort unnt hefði verið að draga úr stærð bankanna út af kröfum um eigið fé. Fráleitt hefði verið að beita sér fyrir lagasetningu til að draga úr stærð bankakerfisins. Miður sé að ekki hafi á sínum tíma verið settar strangari reglur um fjármálafyrirtæki en gert hafi verið ráð fyrir í lágmarksreglum fyrir evrópska efnahagssvæðið. Uppruna vandamála vegna stærðar bankakerfisins hér á landi og hluta þeirra allar götur síðan mætti rekja til þess að evrópsku reglurnar hafi verið teknar óbreyttar upp í íslensk lög, enda hafi þær ekki gert ráð fyrir því að í svo litlu hagkerfi myndu vaxa úr grasi svo stórar bankastofnanir. Eftir árið 2001 hafi fé flætt um allan heim og íslensku bankarnir tekið mikið að láni, en við aðrar aðstæður hefðu atvik ekki þróast á þennan veg.

Ákærði kvaðst hafa talið að eitthvað þyrfti að gera til að draga úr stærð bankanna, en í þessum efnum hafi Seðlabanki Íslands verið hans lögbundni ráðgjafi. Hann teldi að allt hafi verið gert sem unnt var til að knýja á um að bankarnir drægju sig saman og hafi seðlabankinn beitt þeim áhrifum sem hann bjó yfir. Hafa yrði í huga að bankarnir voru einkafyrirtæki, sem ríkið bar enga ábyrgð á, og hafi þetta því fyrst og fremst verið þeirra eigið verkefni. Stjórnvöld hafi átt mjög alvarlegar viðræður við bankana um þetta málefni, en þeir líklega ekki viljað draga úr stærð sinni og að auki lítið getað gert til þess. Aldrei hafi komið til tals í viðræðum ákærða við stjórnendur bankanna að unnt væri að draga úr stærð þeirra á skömmum tíma og hafi þar ekki verið rætt um sölu eigna þeirra. Honum hafi ekki verið það kunnugt um eignir bankanna að hann gæti sagt til um það hvort kostur hafi verið á að draga úr stærð þeirra. Glitnir banki hf. hafi þó verið langt kominn með sölu á góðum eignum í Noregi í september 2008, sem ekki hafi svo orðið af í tæka tíð fyrir gjalddaga á stórum lánnum bankans í október á sama ári. Honum hafi einnig verið kunnugt um að stjórnendum þess banka hafi orðið vel ágengt í ýmsum verkefnum á árinu 2008, sem hafi miðað að

því að draga úr stærð hans. Að auki hafi bankarnir leitast við að taka lán með veði í eignum, sem illfært hafi verið að selja á skömmum tíma gegn viðunandi verði, en með sölu á undirverði hefði verið hætt á að eigið fé þeirra brynni upp. Þá hafi væntanlega verið ákvæði í lánsamningum bankanna um heimildir lánardrottna til að gjaldfella kröfur sínar ef mikil breyting yrði á eignum þeirra eða þeir flyttu milli landa. Ákærði kvaðst ekki hafa rætt við stjórnendur bankanna um hugsanlegan flutning aðalstöðva þeirra úr landi að öðru leyti en því að þetta kunni að hafa borist lauslega í tal milli sín og Sigurðar Einarssonar, formanns stjórnar Kaupþings banka hf. Ekki hafi komið fram að þetta mætti gera með hraði, enda hafi verið viðbúið að fjármálaeftirlit í viðkomandi ríki myndi telja sig þurfa að gera úttekt á eignum banka, sem hygðust flytja, og væri ekki líklegt að nokkuð ríki myndi vilja taka við þeim.

Ákærði sagði að formlegt mat hafi ekki verið gert á hættu, sem leiddi af útrás bankakerfisins. Meta hefði þurft hvað bankakerfið væri stórt og hver hámarksskellurinn gæti orðið, en margir óvissuþættir væru í mati sem þessu og jafnframt erfitt að meta getu ríkisins til að standa undir þessari áhættu. Ekki hafi verið reiknað út hvaða áhrif það myndi hafa ef einn viðskiptabankanna þriggja myndi falla, en talið hafi verið að gjaldeyrisvarasjóðurinn gæti staðið undir því. Á þetta hafi reynt þegar Glitnir banki hf. leitaði aðstoðar í september 2008 og hafi stjórnvöld reynt með aðgerðum sínum að leysa vanda þess banka og hugsanlega fría hina bankana falli, sem hafi svo ekki reynst rétt. Einnig hafi verið reynt að koma Kaupþingi banka hf. til liðs 6. október 2008 með stórrí lánveitingu, sem ekki hafi borið árangur. Framan af hafi verið talið að bankarnir væru það sjálfstæðir að fall eins þeirra hefði ekki áhrif á hina, en síðan hafi komið fram að þeir væru verulega tengdir vegna hlutabréfakaupa hver í öðrum. Að endingu hafi verið vonast til að unnt yrði að bjarga einum þeirra. Aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa óskað eftir tillögu um þessi málefni.

Ákærði sagði að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 23. maí 2007 hafi alþjóðleg útrás íslenskra fyrirtækja verið undirstrikuð og fjármálaþjónustan tekin þar sem dæmi. Ríkisstjórnin hafi viljað tryggja að skatttekjur fengjust af þessum fyrirtækjum og tekjum starfsmanna þeirra, svo og að þau sköpuðu atvinnu. Um þetta hafi enginn ágreiningur staðið í þjóðfélaginu, allir hafi talið bankana standa sig vel og engum dottið í hug að þetta gæti farið illa. Ekki hafi verið horfið frá þessari stefnuýfirlýsingu, enda gerðu ríkisstjórnir ekki slíkt. Íslensk stjórnvöld hafi ekki skapað þær aðstæður á erlendum mörkuðum, sem gerðu vöxt íslenska bankakerfisins

gerlegan, en hann hafi farið alveg úr böndum á árunum 2007 og 2008. Hann kvað jákvæð ummæli sín um veru bankanna hér landi, sem komu fram í ýmsum ræðum á þeim árum, þurfa að skoðast í ljósi þess að ekki hafi þótt ástæða til að óttast um stöðu þeirra á þessum tíma og æskilegt hafi þótt að hafa þá hér vegna tekna, sem þeir gáfu af sér. Þótt vilji hefði staðið til að þeir flyttu úr landi hefðu þessar ræður ekki verið vettvangur til að fjalla um slíkt.

Ákærði kvað Davíð Oddsson hafa átt fund með sér, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra 7. febrúar 2008 og gert grein fyrir ferð fulltrúa Seðlabanka Íslands til London, sem hafi einkum haft þann tilgang að eiga viðræður við erlenda banka og matsfyrirtæki, en í slíkum ferðum hafi meðal annars verið tekin staða á mörkuðum og kannað hvort unnt væri að efna til skuldabréfaútbóðs. Á fundinum hafi Davíð lesið upp af handskrifuðu minnisblaði sínu og ákærði reiknað með að það yrði vélritað og afhent sér, sem ekki hafi orðið af. Í minnisblaðinu hafi komið fram lýsing á áhyggjum erlendra bankamanna af stöðu íslensku bankanna. Talað hefði verið vel um Landsbanka Íslands hf., en þeir hafi á hinn bóginn talið fulltrúa Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. ekki hafa staðið sig vel á kynningarfundum í London. Einnig hefði verið rætt um hugsanlega lántöku íslenska ríkisins og hafi viðhorf til hennar verið misjöfn, enda hafi sumir talið rétt að gera þetta og aðrir að það yrði of dýrt fyrir ríkið. Á þessum fundi hafi vissulega verið ræddir alvarlegir hlutir, en þetta hafi þó ekki verið eina umræðuefnið og fundir einnig verið fleiri. Hann hafi enga sérstöðu haft í samskiptum forsætisráðuneytisins og Seðlabanka Íslands á fyrri helmingi ársins 2008. Þau hafi verið mikil eftir þetta og hefðu forsvarsmenn seðlabankans átt að koma tillögum á framfæri við ákærða ef þeir litu svo á að efni væru til sérstakra ráðstafana. Í tilefni af ummælum Davíðs á fundinum um að færa mætti rök fyrir því að til bóta yrði fyrir íslenskt fjármálakerfi að Kaupþing banki hf. flytti starfsemi sína úr landi kvaðst ákærði telja að þetta hafi verið fyrsta skiptið, sem þetta hafi komið til tals, en ekki hafi verið gerð tillaga til hans um það. Hann hafi síðar komist að því að bankinn hafi gert áætlun um þessa aðgerð, sem yrði mjög tímafrek. Fjármálaráðherra hafi spurt á fundinum hvað væri hægt að gera og hafi komið fram að þegar væri byrjað á því, sem unnt væri, og yrði einungis hægt að efla þá vinnu.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa á fyrri stigum séð ódagsett minnisblað frá Landsbanka Íslands hf. til ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands, sem mun vera frá tímabilinu 8. til 10. febrúar 2008, en taldi á hinn bóginn að það sýndi ef til vill að stjórnendur fyrrnefnda bankans hafi gert sér grein fyrir vanda bankakerfisins. Hann

hafi vitað af óformlegum viðræðum um sameiningu banka, svo sem rætt væri um í minnisblaðinu, en þær hafi farið fram rétt fyrir páska 2008 og aftur í ágúst á sama ári fyrir atbeina efnahagsráðgjafa ákærða. Komið hafi fram að forráðamenn bankanna hafi ekki verið tilbúnir í slíkar aðgerðir og hafi verið líkast því að þeir teldu þetta ekki aðkallandi. Stjórnvöld hafi eingöngu komið að þessu með samtölum við þá, sem í hlut hafi átt.

Ákærði kvað drög að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem fylgt hafi tölvubréfi til sín frá ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu 10. febrúar 2008, hafa verið gerð vegna óróleikans, sem hafi verið uppi á þeim tíma. Þetta væri ófullgert skjal, þar sem texti væri að hluta innan sviga, og minntist ákærði þess ekki hvað hafi frekar verið gert með það.

Ákærði sagði fund 14. febrúar 2008 með fulltrúum fjármálatækjanna hafa verið haldinn í framhaldi af viðskiptaþingi til að fá upplýsingar frá bönkunum um stöðu mála og athuga hvort nóg væri að gert. Hann taldi ummæli í minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um þennan fund um að bankarnir væru of stórir fyrir íslenskt samfélag ekki styðjast við það, sem beinlínis hafi komið fram á fundinum, en hún hafi eftir þetta beitt sér sem utanríkisráðherra fyrir sendiherrastefnu, þar sem fjallað hafi verið um málefni bankanna. Á fundinum hafi bankarnir lagt mikla áherslu á eflingu gjaldeyrisforðans og það hafi stjórnvöld einnig almennt gert, en þó ekki til að henda honum í sjóinn. Einnig hafi verið rætt á fundinum um gamla kröfu eins bankanna um að fá heimild til að færa reikninga sína í erlendum gjaldmiðli. Umræða á fundinum hafi ekki snúið að því að bankarnir drægju úr stærð sinni.

Ákærði lýsti því að ræða, sem hann flutti á Alþingi 5. mars 2008 í umræðu um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð, hafi átt rætur að rekja til þess að forveri hans í stóli forsætisráðherra hafi á sínum tíma látið gera skýrslu um þetta efni og hafi þar verið settar fram ýmsar hugmyndir. Ákærði hafi verið gagnrýndur fyrir að hrinda þeim ekki öllum í framkvæmd, en hann hafi aldrei haft sannfæringu fyrir því að Ísland gæti orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð svo að neinu næmi.

Undir ákærða voru borin ummæli, sem hann lét falla í ræðu á ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars 2008 um að íslenska ríkið og seðlabankinn gætu hlaupið undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu, svo og að íslensk stjórnvöld myndu við slíkar aðstæður hiklaust grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld annars staðar. Ákærði vísaði til þess að ríkið hafi á þessum tíma staðið vel að vígi og hefði eflaust verið unnt að hlaupa undir bagga með bönkunum. Á það hafi reynt í september

2008 þegar ríkið hafi ráðgert að kaupa hlut í Glitni banka hf., en þá hafi þetta verið talið duga til að bjarga hinum bönkunum. Það væri ábyrg hegðun að reyna að koma til aðstoðar ef einhver kostur væri á að bjarga banka frá falli og hætta svo við ef það myndi kosta að peningum væri kastað á glæ.

Ákærði staðfesti að sér hafi verið kynnt bréf aðalbankastjóra Englandsbanka 23. apríl 2008 til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, svo og að hann hafi vitað að bankastjórnin hafi svarað bréfinu með ósk um að Englandsbanki endurskoðaði afstöðu sína til beiðni seðlabankans um gjaldmiðlaskiptasamning, en þeirri ósk hafi ekki verið svarað. Þetta hafi valdið miklum vonbrigðum, enda hafi ríkið í framhaldinu ætlað að leita eftir stóru erlendu láni. Forsætisráðherra Bretlands hafi á fundi þeirra degi síðar boðist til að ræða við breska bankastjórnann um hvort eitthvað væri unnt að gera, en af því hafi ákærði svo ekkert frekar heyrt. Vegna ummæla í bréfi breska bankastjórans um nauðsyn þess að minnka íslenska bankakerfið lýsti ákærði því að heppilegt hefði verið fyrir bankana að selja eignir, en enginn hafi getað bent á hverjar þær væru og hafi ekki verið unnt að draga úr stærð bankakerfisins á þessum tíma. Hann kvað boð, sem Englandsbanki gerði í bréfinu um aðstoð við að draga úr stærð bankakerfisins, ekki hafa verið borið undir sig, en því boði hafi aldrei verið hafnað.

Samkvæmt áðurgreindu minnisblaði um fund ákærða með forsætisráðherra Bretlands 24. apríl 2008 lýsti ákærði því þar að bankarnir væru orðnir nokkuð stórir miðað við íslenskan þjóðarbúskap. Fyrir dómi skýrði ákærði þessi ummæli með vísan til þess að stærð bankanna í samanburði við þjóðarframleiðslu hafi valdið svonefndum hlutfallsvanda, sem hafi þó ekki þurft að vera vandamál fremur en í öðrum löndum, þar sem þannig hátti til, svo lengi sem bankarnir væru varkárir, þeir færu að réttum reglum og ekki væri fjármálakreppa. Ákærði lét þess og getið að hann hafi ekki farið á fundinn til að leita ásjár hjá breska forsætisráðherranum, heldur hafi hann verið í London í öðrum erindagerðum og ákveðið að kanna hvort hann gæti fengið fund með ráðherranum.

Ákærði greindi frá því að fundur sinn og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabanka Íslands 15. maí 2008 hafi verið haldinn í tilefni af því að samkomulag hafi tekist um gjaldmiðlaskiptasamninga bankans við þrjá norræna seðlabanka og hafi þar verið farið yfir efni samninganna, svo og þörfina á öflun frekara lánsfjár til að efla gjaldeyrisvaraforða. Hann kvað yfirlýsingu, sem hann undirritaði ásamt fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og bankastjórn seðlabankans í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamningana, hafa verið gerða 16. maí 2008 og gæti

hann ekki skýrt út hvers vegna dagsetning hennar hafi verið röng, en hún hafi verið fest á blað í seðlabankanum. Aðspurður kvað hann að betra hefði verið að viðskiptaráðherra ritaði einnig undir þessa yfirlýsingu. Hún hafi verið liður í heildaráætlun um gerð gjaldmiðlaskiptasamninga, sem aðrir seðlabankar hafi síðan hafnað að taka þátt í. Hann hafi tekið fram í símtali, sem hann hafi átt við bankastjóra sænska seðlabankans áður en yfirlýsingin var gerð, að alveg mætti gefa yfirlýsingu þessa efnis, en ekki yrði þó gengið lengra en samstarfsyfirlýsing stjórnarflokkanna kvæði á um. Hann teldi að beiðni norrænu seðlabankanna hafi heldur ekki lotið að því. Ekki hafi verið háð vandkvæðum að gefa þessa yfirlýsingu, enda hafi síðan verið tilkynnt um þetta opinberlega. Þetta hafi verið viljayfirlýsing, sem ekki hafi verið skuldbindandi, og hafi allir gert sér grein fyrir að ekki væri unnt að draga úr stærð bankakerfisins á skömmum tíma. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um það til hvaða valdheimilda Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins hafi verið vísað í ákvæði yfirlýsingarinnar um að slíkum heimildum yrði beitt til að þrýsta á bankana um að draga úr stærð efnahagsreikninga sinna, en þessar stofnanir hafi vissulega ákveðnar valdheimildir. Hann hafi síðan kynnt gjaldmiðlaskiptasamningana á ríkisstjórnarfundi og þar hafi verið mikil ánægja með þá. Eftir þetta hafi verið haldið áfram að þrýsta á bankana. Ekki hafi verið gripið til sérstakra ráðstafana í tilefni af mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008, sem vísað var til í yfirlýsingunni, en mikið samstarf hafi verið við sjóðinn á þessum tíma. Í reglubundinni úttekt sjóðsins, sem síðan hafi verið gerð, hafi verið rætt um að framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi væru öfundsverðar og hafi enginn gert því skóna að hér yrði hrun í lok september á því ári.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft vitneskju um að Landsbanki Íslands hf. hafi 29. maí 2008 byrjað að bjóða Icesave reikninga í útibúi sínu í Hollandi, þótt rætt hafi verið um það sama dag á fundi samráðshópsins um fjármálastöðugleika og viðbúnað, en að þessu hafi hann komist síðar vegna umfjöllunar í fjölmiðlum. Bankinn hafi tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um áform sín og hafið þessa starfsemi í kjölfarið, en hvorki hafi þetta verið borið undir ákærða né rætt við hann hvort ástæða væri til að beita sér gegn þessari starfsemi, sem hann hafi síðar séð að væri meingölluð. Slík afskipti hefðu verið á verksviði Fjármálaeftirlitsins, þótt valdheimildir hafi ekki staðið til að leggja bann við þessu, en eftir á að hyggja hefði það verið eina vitið. Ákærði minntist þess ekki að hafa rætt þetta við forráðamenn Seðlabanka Íslands.

Aðspurður sagðist ákærði ekki vera viss um hvort sér hafi verið sagt nákvæmlega frá fundi, sem bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi átt 11. júlí 2008 með formanni stjórnar Kaupþings banka hf. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi ekkert verið aðhafst í tilefni af því, sem þar kom fram, en frumkvæði að slíku hefði orðið að koma frá Seðlabanka Íslands.

Ákærði vísaði til þess að frétt hafi birst í fjölmiðli 17. september 2008 um að bankarnir hefðu þá verið búnir að ljúka við endurfjármögnun sína fyrir það ár og væru langt komnir með það næsta. Hafi alltaf verið gengið út frá því að Glitnir banki hf. gæti staðið við skuldbindingar sínar í október 2008 og að ekki væru aftur gjalddagar á stórum skuldum bankanna fyrr en í mars 2009. Sér hafi ekki verið kunnugt um að erlendar lánalínur bankanna væru með svo miklum fyrirvörum að þær yrðu ekki nothæfar þegar á reyndi eða að annmarkar hafi verið á lausafjárskýrslum frá bönkunum.

Undir ákærða voru borin ýmis önnur gögn en getið hefur verið hér að framan í tengslum við lið 1.4 í ákæru, sem stafa frá Seðlabanka Íslands og varða ýmist viðbúnaðaraðgerðir starfsmanna hans eða fundi þeirra með stjórnendum viðskiptabankanna. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið slík gögn í hendur fyrr en í tengslum við mál þetta.

Aðspurður í tengslum við lið 1.5 í ákæru hvort hann hafi aðhafst eitthvað til að flutningur á Icesave reikningum úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags bankans þar gæti gengið eftir kvaðst ákærði ekki hafa vitað annað en að þeir, sem höfðu þessi verkefni með höndum, væru að sinna málinu. Hann hafi verið viss um að þetta hafi verið gert með virkum hætti og að allt hafi verið gert, sem unnt var, en bankastjórar Seðlabanka Íslands og ráðuneytisstjórnarnir í forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu hafi kynnt sér framgang málsins. Fjármálaeftirlitið hafi unnið að þessu meira og minna allt árið 2008 og hafi ákærði vitað að viðskiptaráðuneytið ynni einnig að því. Hvorki hafi Fjármálaeftirlitið né viðskiptaráðherra leitað eftir frekari atbeina hans og hafi ráðherrann heldur ekki lagt tillögur fyrir ákærða um þetta efni. Það hafi verið til umræðu frá því snemma á árinu 2008, en hafi fyrst orðið knýjandi í ágúst. Talið hafi verið um þær mundir, sem samráðshópurinn fundaði um miðjan september 2008, að flytja mætti reikningana fyrir lok ársins og hafi það verið trú ákærða á þeim tíma. Honum hafi verið kunnugt um að þrjár leiðir hafi verið nefndar til að flytja reikningana og hafi einkum verið rætt um að það yrði gert með atbeina dómstóla. Hann hafi gert sér grein fyrir því að hvorki Landsbanki Íslands hf.

né Fjármálaeftirlitið gæti ákveðið þetta einhliða og hafi breska fjármálaeftirlitið, FSA, þar mest að segja, en eftir á að hyggja mætti ef til vill efast um að FSA hafi viljað samþykkja að reikningarnir yrðu fluttir til bresks dótturfélags. Kynni að vera að þetta hafi alla tíð verið útilokað, auk þess sem ákvæði í lánessamningum Landsbanka Íslands hf. um heimildir lánardrottna til að gjaldfella kröfur sínar gætu hafa sett þar strik í reikninginn. Á árinu 2008 hafi verið samskipti milli bankans, Fjármálaeftirlitsins og FSA og hafi kröfur þess síðastnefnda orðið harðari eftir því sem á leið. Svo hafi virst sem áhugi Landsbanka Íslands hf. á þessu hafi dvínað, ef til vill vegna þess að ljóst hafi orðið að ekki yrði unnt að nota peninga úr þessum innlánnum í starfsemi hér á landi eins og áður hafi verið gert. Bankinn hafi á einhverju stigi lýst því við FSA að flutningur reikninganna væri kominn á langtíma áætlun. Bankinn hafi þá séð fram á erfiðleika, þar sem hann hefði þurft að leggja til mikið fé með reikningunum til dótturfélags. Ákærði kvaðst hafa vitað að háar fjárhæðir hafi legið á Icesave reikningunum og hljóti þær að hafa skipt miklu fyrir fjárhag Landsbanka Íslands hf. Á hinn bóginn hafi reikningarnir verið stórlega varasamir sökum þess hversu kvikir þeir hafi verið. Hættan í tengslum við þá hafi verið til umræðu, en forðast hafi verið að tala um þetta fyrr en á reyndi. Þessu máli hafi verið fylgt eftir eins og hægt var af hálfu íslenskra stjórnvalda, en afskipti ákærða að því hefðu engu breytt og jafnvel verið óviðeigandi. Hafi ákærði talið formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins vera best færan til að fást við þetta. Þá hafi viðskiptaráðherra farið til fundar við fjármálaráðherra Bretlands vegna málsins. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um hvort þetta hafi verið fyrstu afskipti viðskiptaráðherra af málinu, en hann taldi það ekki hafa verið rætt í ríkisstjórn. Aðspurður sagði ákærði að ekki hafi komið til tals að ræða í ríkisstjórn um þau skilaboð frá breska fjármálaráðherra, sem borist hafi 5. september 2008, að hann teldi íslensk stjórnvöld ekki gera sér grein fyrir alvarleika málsins. Hann lét þess að öðru leyti getið að þetta hafi ef til vill verið fyrstu samskipti vegna málsins á ráðherrastigi.

Ákærði sagði hættuna, sem leiddi af þessum reikningum fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, hafa komið til umfjöllunar af hálfu ráðherra þegar bréfum breska fjármálaeftirlitsins hafi verið svarað, þar á meðal í ágúst 2008, en fram að því hafi málefni sjóðsins ekki komið til ákvörðunar. Hann minntist þess ekki að sér hafi verið kynnt tvenn drög að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um innstæðutryggingar, sem fjallað hafi verið um á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 10. apríl 2008. Hann kvað alla hafa vitað að tryggingarsjóðurinn væri lítils megnugur

og teldi hann sérstætt að breska fjármálaeftirlitið hafi ekki gert sér grein fyrir því. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað lýsa því yfir að íslenska ríkið ábyrgðist skuldbindingar sjóðsins, enda hafi það ekki borið ábyrgð á þeim, þótt það hafi verið tilbúið til að liðsinna eins og unnt væri. Í þessu sambandi vísaði ákærði til þess að ríkisendurskoðun hafi ítrekað gert athugasemdir út af því að tryggingarsjóðurinn væri á ríkisreikningi, þar sem ríkið bæri ekki ábyrgð á honum. Ákærði sagði að talið hafi verið á þessum tíma að ekki myndi reyna á ábyrgð ríkisins á skuldbindingum tryggingarsjóðsins. Til að forðast að búa til ný vandamál hafi tvívegis verið veitt loðin svör við fyrirspurnum breskra stjórnvalda um þetta efni, þar á meðal í bréfi 20. ágúst 2008, sem hafi verið gert í samstarfi ráðuneytisstjórnanna í forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, fjármálaráðherra og ákærða. Þótt þar hafi verið sagt að ríkisstjórninni væri kunnugt um skuldbindingar íslenska ríkisins varðandi innstæðutryggingar samkvæmt EES-samningnum og það myndi standa við þær yrði að hafa í huga að þessar skuldbindingar hafi engar verið og hafi því ekki verið vísað í bréfinu til ábyrgðar á einhverri lágmarksfjárhæð. Síðara bréfið, sem sent hafi verið til breskra stjórnvalda 5. október 2008 af sama tilefni, hafi verið gert í mjög knappri vörn og mikilli tímappressu og væri ekki víst að það hafi verið lagalega rétt útfært. Þar hafi verið tekið svo til orða að íslensk stjórnvöld myndu styðja við tryggingarsjóðinn, en hvorki hafi verið vilji til að takast á hendur skuldbindingar né svara breskum stjórnvöldum á þann hátt að þau hrykkju í baklás. Aðspurður í tilefni af því, sem fram kom í minnispunktum um fund bankastjóra Seðlabanka Íslands og Landsbanka Íslands hf. 31. júlí 2008 um að formaður bankastjórnar seðlabankans hafi bent starfsmönnum breska fjármálaeftirlitsins á að íslenska ríkið bæri enga ábyrgð vegna innlánstrygginga, kvað ákærði þetta ekki hafa verið borið undir sig.

Ákærði kvaðst hafa frétt af fundi, sem bankastjórar Seðlabanka Íslands hafi átt með bankastjóra Englandsbanka 3. mars 2008, þar sem sá síðastnefndi hafi lýst áhyggjum af því hversu viðkvæmar innstæður á Icesave reikningum væru. Hann hafi á hinn bóginn ekki vitað af fundum, sem bankastjórn seðlabankans hafi átt með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 30. mars og 14. júlí 2008. Ákærði kannaðist við að helsta vandamálið í tengslum við flutning á Icesave reikningunum frá útibúi Landsbanka Íslands hf. til dótturfélags hafi verið krafa breska fjármálaeftirlitsins um að eignir yrðu einnig fluttar til dótturfélagsins og þær hafi þurft að svara til heildarfjárhæðar innstæðnanna. Þessi krafa hafi verið bankanum um megn, en fulltrúar hans hafi á fundum með bankastjórn seðlabankans haldið því fram að breska

fjármálaeftirlitið væri að brjóta með þessu gegn samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Ákærði kvað hugmynd, sem bankastjórar Landsbanka Íslands hf. hafi borið upp á fundi með bankastjórn seðlabankans 5. ágúst 2008 um fyrirgreiðslu til að flytja Icesave reikningana, ekki hafa verið borna undir sig. Hann sagðist ekki hafa vitað hvað hafi nákvæmlega borið í milli Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins um skilyrði fyrir flutningi reikninganna á einstökum tímum, en hann hafi þó fengið afrit af bréfi stofnunarinnar til bankans frá 15. ágúst 2008. Seðlabankinn hafi viljað svara því strax, sem þar kom fram um þjóðhagsleg málefni, og vissi ákærði ekki betur en að það hafi verið gert. Eftir þetta hafi Fjármálaeftirlitið gengið í málið og það verið talið í viðráðanlegum farvegi um miðjan september. Rætt hafi verið um að ljúka mætti flutningi reikninganna fyrir lok ársins 2008 og hefði þetta hugsanlega getað tekist ef bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers hefði ekki fallið. Taldi ákærði að aldrei myndi fást svar við því hvort flutningur reikninganna hafi verið raunhæfur á þessum tíma, en það tengdist því þó ekki að málinu hafi ekki verið fylgt eftir í forsætisráðuneytinu.

Í tengslum við 2. lið ákæru kvað ákærði nýmæli í löggjöf hafa verið mikilvægasta stjórnarmálefnið, sem rætt hafi verið um á fundum ríkisstjórnarinnar á árinu 2008, auk ýmissa mála, sem ráðherrar hafi kosið að taka fyrir, og tillagna til Forseta Íslands. Þar hafi einnig verið teknar fyrir skýrslur og kynningar um ýmis málefni, þar á meðal um kjarasamninga og almennt um efnahagshorfur, en á fundunum hafi þetta ekki alltaf verið sérstakir dagskrárliðir, heldur oft komið til umræðu undir liðnum önnur mál. Ríkisstjórnarfundir væru jafnframt vettvangur til að ræða um stjórnsmál og fyrir ráðherra til að skiptast á skoðunum, en oft hafi slíkt verið gert fyrir fundi eða eftir að formlegri dagskrá hafi verið lokið. Jafnframt hafi ákveðnar venjur þróast í samsteypustjórnnum, en mál væru þá oft undirbúin til afgreiðslu utan ríkisstjórnarfunda og hafi ákærði ekki orðið þess var að einstakir ráðherrar fyndu að því. Sérstaklega aðspurður um hvort sérstök ástæða hefði verið til að ræða við til dæmis samgönguráðherra, iðnaðarráðherra eða umhverfisráðherra um vanda bankanna og hvort brýnt hefði talist að þeir fjölluðu um þessi málefni sagði ákærði að formenn stjórnarflokkanna tækju ákvörðun um hvað ástæða væri til að fjalla um þegar allir væru viðstaddir. Hann kvað mörg dæmi vera um að formenn stjórnarflokka tækju ákveðna málaflokka til sín og ræddu þá án þess að þeir væru ræddir á ríkisstjórnarfundum og vísaði sem dæmi um það til þess að á tilteknu tímabili hafi utanríkismál ekki verið rædd í ríkisstjórn. Í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og

Framsóknarflokksins, sem sat fram á árið 2007, hafi verið náíð samráð milli flokkanna og hafi verið reynt að haga samstarfinu þannig við Samfylkinguna. Þetta mál hafi fengið mikla umfjöllun milli sín og utanríkisráðherra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og það hafi verið að frumkvæði þeirra beggja. Ákærði kvað þau ekki hafa rætt sérstaklega um samskipti utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra og ekki væri unnt að segja að utanríkisráðherra hafi tekið þessi mál beint að sér. Hann hafi ekki velt fyrir sér hvernig þau hefðu þetta eða vitað hvort einhverjar skýringar væru á því að viðskiptaráðherra hafi ekki verið hafður með í ráðum. Ákærði sagðist hafa talið sig geta gengið út frá því að upplýsingar, sem utanríkisráðherra fékk um þessi málefni, bærust áfram til viðskiptaráðherra og hafi aldrei verið ætlunin að leyna upplýsingum fyrir þeim síðastnefnda, sem hafi að mati ákærða unnið vel og af samviskusemi. Eftir á að hyggja teldi ákærði að betra hefði verið að viðskiptaráðherra hefði komið beint að þessum málum, en hann gæti ekki tekið afstöðu til þess hvort utanríkisráðherra hafi ekki sinnt skyldum sínum að þessu leyti.

Ákærði vísaði til þess að um fundargerðir af ríkisstjórnarfundum giltu ákveðnar reglur, en fundargerðir hafi ekki verið færðar fyrr en frá 1964 og þá aðeins bókað um hvað lagt hafi verið fram og hvernig mál hafi verið afgreidd. Ekki hafi endilega verið bókað um málefni, sem tekin hafi verið fyrir undir liðnum önnur mál, en nauðsynlegt væri fyrir ríkisstjórn að geta ræðst við án þess að allt væri bókað. Bókanir á fundum ríkisstjórnarinnar hafi þannig snúið að dagskrártillögum, sem ráðherrar hafi borið upp og lagt eitthvað skriflegt fram um, en þeir hafi látið ritara ríkisstjórnarinnar vita um mál, sem þeir vildu ræða, og þau verið sett á dagskrá. Að öðru leyti hafi á fundunum verið rædd önnur mál, sem ekki væri bókað um. Fundargerðir, sem ritari ríkisstjórnarinnar færði, hafi verið knappar, forsætisráðherra hafi svo farið yfir þær og samþykkt, en að því búnu hafi þær verið sendar öðrum ráðherrum.

Um málefni, sem bera ætti upp á ríkisstjórnarfundum samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar, kvaðst ákærði telja að til mikilvægra stjórnarmálefna í merkingu ákvæðisins heyrðu samkvæmt gömlum skilningi tillögur til Forseta Íslands. Ekki segði í ákvæðinu að öll mikilvæg málefni ættu að koma til kasta ríkisstjórnarinnar og væri slíkt háð mati, aðallega forsætisráðherra. Hann vissi ekki betur en að þau vinnubrögð, sem hann hafi viðhaft, væru enn við lýði, þar á meðal að ráðherranefndir sinni ýmsum málum. Ríkisstjórnarfundir væru samráðsvettvangur, þar sem ráðherrar gætu borið upp mál, sem þeir vildu afla fylgis við á þingi, svo sem gert væri til dæmis við undirbúning frumvarps til fjárlaga. Í langan tíma hafi verið starfandi

ráðherranefnd um það mál, niðurstaða hennar væri borin upp í ríkisstjórn til afgreiðslu og færi hún svo þaðan sem stjórnarfrumvarp til þingsins, en þetta hafi gefist vel í framkvæmd.

Aðspurður hvort sú hætta, sem steðjaði að íslensku bönkunum á árinu 2008 og þá jafnframt ríkissjóði hafi verið rædd á ríkisstjórnarfundum, sagði ákærði að svo hafi væntanlega ekki verið undir þessum formerkjum, en bankamál hafi þó kannski verið rædd á ríkisstjórnarfundum sem hluti af efnahagsmálaumræðu. Málefnið hafi verið rætt á öðrum fundum. Hann hafi rætt þessi mál mikið við utanríkisráðherra, en einnig við samflokksráðherra sína. Mikið hafi verið spurt um þessi mál innan þingflokka, en þar hafi ekki verið fært að ræða jafn frjálsglega, þar sem hætta hafi verið á að slíkt myndi rata í fjölmiðla.

Ákærði kvaðst ekki muna með hvaða hætti hafi verið fjallað á ríkisstjórnarfundum 8. febrúar 2008 um málefni bankakerfisins undir dagskrárlið um þróun efnahagsmála, sem iðnaðarráðherra hafi átt frumkvæði að. Sérstaklega aðspurður sagðist hann telja að hann hafi ekki tekið þar til umræðu atriði, sem rætt hafi verið um á fundi sínum, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. sama mánaðar.

Ákærði mundi ekki eftir tilefni þess að samgönguráðherra hafi tekið upp umræðu á ríkisstjórnarfundum 18. mars 2008 um efnahagsmál. Þá kvaðst hann ekki geta sagt hvort rætt hafi verið um stöðu bankanna í tengslum við umfjöllun um þjóðhagsspá og skýrslu um þjóðarbúskapinn á fundi ríkisstjórnarinnar 15. apríl 2008, enda hafi hann ekki verið viðstaddur þann fund.

Aðspurður um ástæðu þess að yfirlýsing þriggja ráðherra og seðlabankastjóra til bankastjóra seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs frá 16. maí 2008 hafi ekki verið lögð fram á fundi ríkisstjórnarinnar sama dag, þar sem gjaldmiðlaskiptasamningar erlendu bankanna við Seðlabanka Íslands hafi verið kynntir, sagði ákærði yfirlýsinguna ekki hafa verið talda eins mikilvæga og samningarnir. Hafi verið ákveðið að vitneskja um yfirlýsinguna yrði einungis í þröngum hópi og teldi hann því víst að hún hafi ekki verið rædd.

Ákærði kvað ríka ánægju hafa verið á fundi ríkisstjórnarinnar 23. maí 2008 þegar rætt hafi verið um frumvarp fjármálaráðherra til laga um heimild ríkissjóðs til sérstakrar lántöku, enda hafi þótt nauðsynlegt að afla meiri fjár. Aðspurður hvort fjallað hafi verið um stöðu bankanna í tengslum við þetta sagði ákærði að heildarmyndin hafi verið rædd. Hann vakti jafnframt athygli á því að næsti

dagskrárliður á sama fundi hafi einnig snúið að efnahagsmálum, en hann hafi varðað markmið í ríkisfjármálum og útgjaldaliði hvers ráðuneytis fyrir sig.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt ástæðu þess að viðskiptaráðherra hafi borið upp tillögu á á fundi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 um skipun nefndar um fjármálastöðugleika. Málið hafi verið rætt á fundinum og því verið frestað, en afstaðan til þess hafi verið sú að ekki væri gott til afspurnar út á markaði að settur væri á laggirnar nýr hópur til viðbótar samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað, auk þess sem skörun hefði þá orðið á verkum hans og nefndarinnar.

Ákærði sagði að ekki hafi verið rætt um stöðu bankanna á fundi ríkisstjórnarinnar 15. ágúst 2008, þar sem frumvarp til fjárlaga hafi verið tekið fyrir. Í þessu sambandi hafi aðeins verið rætt um að styrkja þyrfti Fjármálaeftirlitið.

Ákærði kvaðst telja að á ríkisstjórnarfundum 30. september 2008 hafi í fyrsta sinn á því ári verið rætt um málefni einstaks banka, þegar fjallað var um kaup ríkisins á hlut í Glitni banka hf. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi komið á þennan fund til að gera grein fyrir því hvaða áhrif þessi aðgerð hafi haft á mörkuðum, en þau hafi verið neikvæð og ekki í samræmi við það, sem vonast hafi verið til. Á fundinum hafi verið ákveðið að ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis yrðu í neyðarteymi Seðlabanka Íslands og hafi það verið gert svo að ekki yrði unnið að málinu á mörgum stöðum. Að mati ákærða hafi ekki verið ástæða til að virkja samráðshópinn á þessum tíma, enda hafi hlutverki hans í raun verið nær lokið. Að auki hafi þetta allt verið sama fólkið og skipti þá ekki máli undir hvaða hatti það væri.

Í tilefni af gagnrýni viðskiptaráðherra, sem kom fram á fundi ríkisstjórnarinnar 3. október 2008 sökum þess að hann hafi ekki verið hafður með í ráðum um málefni Glitnis banka hf. fyrir en raun varð á, vísaði ákærði til þess, sem áður hafði komið fram í skýrslu hans og getið er um hér að framan. Viðskiptaráðherra hafi verið fjarverandi og ákærði verið í símsambandi við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra 27. og 28. september 2008, en hún hafi ákveðið að iðnaðarráðherra yrði fulltrúi hennar í þessu máli. Iðnaðarráðherra hafi síðan kallað til aðstoðarmann viðskiptaráðherra. Ákærði kvaðst hafa gengið eftir því að haft yrði símsamband við viðskiptaráðherra og honum sagt frá atvikum, en hann hafi síðan komið heim til ákærða snemma næsta morgun ásamt aðstoðarmanni sínum. Betra hefði verið að viðskiptaráðherra hefði verið viðstaddur fundi um þessi mál, en ekki hafi gefist tími til að hugsa um slíkt. Aðspurður hvort þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem staða bankanna í

heild hafi verið rædd á ríkisstjórnarfundi, kvaðst ákærði telja svo vera, það er að segja undir þeim formerkjum hversu hætt bankarnir væru komnir. Málefni þeirra hafi þó verið rædd innan um önnur efnahagsmál á fundum ríkisstjórnarinnar.

Ákærði kvaðst ekki geta svarað því hvort innstæðutryggingar hafi verið ræddar sérstaklega á fundum ríkisstjórnarinnar áður en þær voru teknar upp á fundi 5. október 2008. Yfirlýsing, sem þar var samþykkt, hafi ekki verið gefin í tengslum við Icesave reikningana, heldur snúið að því að íslenska ríkið myndi tryggja allar innstæður á íslenskum reikningum. Svokölluð neyðarlög hafi ekki verið rædd á þessum ríkisstjórnarfundi, heldur á fundi næsta dag, en á fundinum 5. október hafi verið farið rækilega yfir hvort aðrar leiðir væru færar. Viðskiptaráðherra hafi síðan borið frumvarp til þeirra laga undir ríkisstjórnina á fundi 6. október, enda hafi það verið undirbúið á vettvangi hans stofnana, en ákveðið hafi þó verið að ákærði flytti málið á Alþingi. Fundurinn 6. október 2008 hafi verið fyrsti og eini fundurinn, þar sem neyðarlögin voru rædd. Í frumvarpi til laganna hafi skilað sér lögfræðivinna, sem hafi staðið yfir í langan tíma, og hafi störf samráðshópsins einnig komið þar að gagni.

Í lok skýrslugjafar ákærða 5. mars 2012 var þeirri spurningu beint til hans hvort það væri réttur skilningur að hann hafi rætt málefni bankanna annars vegar við ráðherra síns eigin flokks og hins vegar við utanríkisráðherra að því leyti, sem þau hafi ekki komið til umfjöllunar á fundum ríkisstjórnarinnar. Af þessu tilefni sagði ákærði það rétt að hann hafi rætt þessi mál mikið og ítarlega við utanríkisráðherra og sína flokksmenn í ríkisstjórn, þótt það hafi ekki verið með jafn ítarlegum hætti. Sérstaklega aðspurður um hvort hann hafi rætt vandamál í bankakerfinu við viðskiptaráðherra, hvort sem er í tveggja manna tali eða fámennari hópi, sagði ákærði eftirfarandi: „Sennilega hef ég nú ekki gert það, ekki fyrr en til dæmis þennan morgun þegar hann kom heim til mín. Nei, nei, við ræddum reyndar oft saman en ekkert sérstaklega um þetta.“ Að endingu kvaðst ákærði ekki geta nefnt dæmi um eitthvert tilvik, þar sem þessi mál hafi verið rædd á ríkisstjórnarfundi án þess að bókað hafi verið um það, enda væri ekki hægt að ætlast til þess.

Ákærði gaf aftur skýrslu fyrir dómi 13. mars 2012 eftir að hafa hlýtt á framburð vitna við aðalmeðferð málsins. Þar tók hann fram í byrjun að hann teldi að sér hafi orðið á mismæli í fyrri skýrslu sinni í svari við spurningu um samskipti sín við viðskiptaráðherra. Hann teldi sig hafa sagt þá að þeir hafi ekki rætt um bankamál fyrr en undir lokin, en það væri ekki rétt, enda hafi þeir oft talað saman eins og viðskiptaráðherra og aðrir hafi staðfest fyrir dómi. Hann tók einnig fram að hafi hann

ekki tjáð sig nægilega skýrt í fyrri skýrslu sinni um að efnahagsmál, atvinnumál, kjaramál og bankamál hafi margoft verið rædd í ríkisstjórninni og skyldi það áréttað að þetta hafi að sjálfsögðu verið gert.

Ákærði óskaði jafnframt eftir að koma að þeirri athugasemd að skjalið, sem hann undirritaði ásamt fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og bankastjórum Seðlabanka Íslands 16. maí 2008 hafi ekki falið í sér samkomulag, heldur hafi það verið einhliða yfirlýsing á grundvelli samkomulags Seðlabanka Íslands við þrjá norræna seðlabanka um gjaldmiðlaskiptasamninga. Þótt yfirlýsingin hafi ekki sérstaklega verið undirrituð af hálfu Fjármálaeftirlitsins hafi Ingimundur Friðriksson, sem skrifaði undir hana sem seðlabankastjóri, einnig átt sæti í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Forstjóri þess hafi og borið fyrir dómi að Ingimundur hafi rætt við sig um þessa yfirlýsingu áður en hún var undirrituð. Loks lét ákærði þess getið að hann hafi ekki talið tilefni til að kalla ríkisstjórnina saman til fundar 27. og 28. september 2008 vegna málefna, sem vörðuðu Glitni banka hf. Nokkrir ráðherrar hafi verið viðstaddir fundi þá daga um þetta mál og hafi þeir náð símsambandi við flesta aðra ráðherra til að afla sér umboðs til að taka ákvarðanir.

2

Vitnið Árne M. Mathiesen, sem gegndi embætti fjármálaráðherra frá 27. september 2005 til 1. febrúar 2009, kvaðst fyrir dómi telja örðugt að svara því hvort hætta hafi vofað yfir íslenskum bönkum og þar með ríkissjóði frá febrúar til október 2008 eða frá hvaða tíma hennar hafi gætt. Honum hafi þó allt frá því í janúar 2008 verið ljóst að bankarnir ættu erfitt með lánsfjáröflun og þá aðallega vegna utanaðkomandi aðstæðna. Aðgengi að lausafé á fjármálamörkuðum hafi þá versnað, en starfsemi íslensku bankanna hafi mjög verið háð lánsfjáröflun, einkum frá útlöndum. Skýrslur og upplýsingar hafi bent til að bankarnir stæðu vel, ættu góðar eignir, áhætta þeirra væri dreifð og þeir væru reknir með hagnaði. Vandamálin hafi ekki virst tengjast þeim sjálfum, heldur ytri aðstæðum, enda hafi bankar lent í vandræðum víða annars staðar. Á hinn bóginn hafi farið að glitta í það síðar á árinu 2008 að bankarnir ættu í erfiðleikum vegna sinnar eigin stöðu og innviðir þeirra hafi ekki verið sem skyldi. Hann kvað þetta einkum hafa birst sér í því að Landsbanki Íslands hf. hafi átt erfitt með að ná samkomulagi við bresk stjórnvöld um flutning á Icesave reikningum úr útibúi til dótturfélags. Það hafi leitt hugann að því hvort sú mynd, sem stjórnvöldum hafi verið gefin af stöðu bankans, hafi verið rétt og hver gæti

þá verið ástæða þess að vandamál hafi tengst því að flytja eignir með skuldbindingunum til Bretlands.

Um atriði, sem snúa að lið 1.3 í ákæru, bar Árni að í sínum huga hafi hlutverk samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað verið fólgið í miðlun upplýsinga milli þeirra stofnana, sem áttu þar fulltrúa, svo og að samræma hugmyndir um hvernig ætti að takast á við vandamál, sem upp gætu komið. Vinna samráðshópsins hafi einkum snúið að því að fara yfir sviðsmyndir af hugsanlegum atburðum, hvaða kostir væru þá í stöðunni og hvort bæta þyrfti úr einhverju til að geta brugðist við. Hópnum hafi ekki beinlínis verið ætlað að gera aðgerðaáætlun, heldur að stuðla að samráði og samhæfingu stofnana þannig að auðveldara yrði að bregðast við ef eitthvað kæmi upp. Samráðshópurinn hafi einnig unnið að tillögum um breytingar á lögum um Fjármálaeftirlitið, en þær hafi síðar orðið hluti af frumvarpi, sem varð að lögum nr. 125/2008. Hópnum hafi ekki verið falið að gera frumvarp til laga um yfirtöku bankastofnana, en þetta hafi þó verið eitt af því, sem hann hafi unnið að. Slíkar breytingar á lögum hafi ekki verið lagðar til fyrr en raun varð á, enda hafi verið talið að það hefði leitt af sér nýja áhættu að leggja þær til á fyrri stigum. Árni kvaðst telja að viðlagaáætlun hafi legið fyrir af hendi hópsins haustið 2008, en þeir, sem áttu sæti í honum, hafi síðan flestir komið að starfinu, sem fór í hönd við hrun bankanna. Hafi ekki legið fyrir formleg viðlagaáætlun hafi stofnanirnar, sem áttu hlut að samráðshópnum, að minnsta kosti verið samhæfðari en þær hefðu annars verið. Árni kvaðst ekki hafa fengið upplýsingar um öll fundarefni samráðshópsins, heldur fremur um meginatriði þeirra. Hann hafi ekki fengið dagskrár funda samráðshópsins, skýrslur um einstaka fundi eða fundargerðir og heldur ekki gögn frá hópnum. Hann minntist þess ekki að fjallað hafi verið um vinnu samráðshópsins eða gögn frá honum á ríkisstjórnarfundum.

Árni sagðist ekki kannast við tillögur frá Andrew Gracie, sem samráðshópurinn hafi fjallað um á fundi 1. apríl 2008, eða að rætt hafi verið um þær á fundum hans með ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins eða í ríkisstjórn. Hann kvaðst ekki hafa heyrt þessa manns getið fyrr en í síðari hluta september 2008 og þá fyrir tilviljun. Hann kannaðist heldur ekki við vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls, sem samráðshópurinn hafi fjallað um á fundi 21. apríl 2008, eða skjal með heitinu ólystugi matseðillinn, sem lagt var fram á fundi hópsins 28. sama mánaðar. Hann tók fram af þessu tilefni að vinna af þessum toga hafi ekki átt beint erindi inn á borð hans, enda hafi stofnanir fjármálaráðuneytisins ekki fylgst með því, sem gerðist á

fjármálamörkuðum, nema því aðeins að slík atriði kæmst á það stig að þau gætu valdið fjárútlátum úr ríkissjóði. Árni kvað tilkynningu sína 6. maí 2008 um ósk íslenska ríkisins um að gerast aðili að samningi ríkja Evrópusambandsins um viðbúnað gegn fjármálaáfallum hafa að vissu leyti verið hluti af viðbúnaðaráætlun íslenskra stjórnvalda, en jafnframt verið liður í alþjóðlegu samstarfi. Í tilefni af því að þessi tilkynning hafi verið lögð fram á fundi samráðshópsins 9. maí 2008 var Árni spurður hvort honum hafi verið greint frá atriðum varðandi innstæðutryggingar, sem þar hafi verið rætt um, og kvaðst hann ekki minnst slíkra umræðna.

Í tengslum við lið 1.4 í ákæru sagði Árni að rætt hafi verið um aðgerðir til að draga úr stærð bankakerfisins á fundum, sem hann hafi átt ásamt ákærða með fulltrúum bankanna, en þetta hafi ýmist verið fundir með fulltrúum einstakra banka eða sameiginlegir fundir með þeim öllum. Öllum hafi verið ljós þörfin á þessu allt frá árslokum 2007. Hann kvaðst telja að á slíkum fundum hafi tilmælum verið beint til bankanna um að gera það, sem þeir gætu í þessu skyni. Þeim tilmælum hafi verið tekið vel og bankarnir reynt eins og þeir gátu að minnka efnahagsreikninga sína, sem hafi tekist að vissu marki. Í ljós hafi svo komið að hluti af erfiðleikum Glitnis banka hf., sem hafi komið fram í september 2008, hafi stafað af því að tilraunir hans til að gera þetta hafi runnið út í sandinn. Árni kvað ekkert mat hafa verið gert á þeirri áhættu, sem fólst í útrás íslensku bankanna, og teldi hann slíkt mat ekki mundu hafa hjálpað stjórnvöldum mikið þegar holskeflan gekk yfir 2008. Ef mat af þessum toga hefði átt að leiða til viðbragða stjórnvalda hefði þurft að gera það kringum árið 2003 svo að það hefði getað orðið að leiðarljósi, sem máli skipti. Mestu stökkin í stækkun bankanna á árunum 2003 til 2008 hafi orðið á fyrri hluta þess tímabils og hafi hún hvorki verið jöfn né sú sama hjá öllum bönkunum. Árni kannaðist við að á árinu 2008 hafi verið rætt um hættu á því að fall eins bankanna gæti valdið falli þeirra allra. Bankarnir hafi þó jafnan lagt áherslu á að þeir væru ekki allir eins, þótt þeir væru íslenskir. Þeir hafi ekki verið byggðir upp á sama hátt og allt til þess síðasta hafi verið litið svo á að þeir væru ólíkir og ættu ekki í sömu erfiðleikum. Árni minntist þess að hafa átt fund ásamt ákærða með forstjóra Fjármálaeftirlitsins, sem sennilega hafi verið haldinn í mars 2008, og hafi komið þar fram að bankarnir væru taldir sterkir og eignasöfn þeirra í lagi, en þeir ættu í vanda með að fá aðgang að fé. Seðlabanki Íslands hafi gefið út stöðugleikaskýrslu vorið 2008 og aðra skýrslu um haustið, þar sem fjallað hafi verið um ástandið almennt, auk þess sem álagspróf Fjármálaeftirlitsins hafi ekki gefið nokkuð óeðlilegt til kynna. Ekkert hafi komið fram,

sem hafi breytt þessum hugmyndum, og hafi því verið dregin sú ályktun að vandi bankanna hafi tengst aðgangi að fé.

Árni kvað stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar 23. maí 2007 hafa falið í sér að atvinnulífinu ætti að búa slíkar aðstæður að fyrirtæki sæju sér hag í því að starfa hér á landi, meðal annars með því að skattar drægju ekki úr samkeppnishæfni við önnur lönd. Í tengslum við fjármálastofnanir hafi menn haft augastað á umsýslu með sjóði, en um slíka starfsemi hafi verið fjallað í skýrslu um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Þetta mætti ekki skilja þannig að stefnt hafi verið að stækkun hefðbundna bankakerfisins, heldur að tekin yrði upp ný starfsemi, sem væri annars eðlis.

Árni greindi frá því að á fyrstu mánuðum ársins 2008 hafi málefni Kaupþings banka hf. einkum snúist um að bjarga honum út úr kaupum á hollenska bankanum NIBC. Um þetta hafi verið rætt á fundum, sem hann hafi verið viðstaddur, og þá jafnvel að Fjármálaeftirlitið yrði að grípa í taumana og gefa einhver fyrirmæli. Hann kvaðst telja að slíkt hafi þó ekki verið gert, heldur hafi nægt að ræða um hugsanleg afskipti til að hætt hafi verið við kaupin.

Árni kvaðst minnast fundar 7. febrúar 2008, þar sem meðal annarra hafi einnig verið ákærði og Davíð Oddsson seðlabankastjóri. Davíð hafi þá nýlega komið úr ferð til London, þar sem hann hafi kannað hug lánastofnana til landsins, en það hafi hann gert í samræmi við samstarfssamning milli fjármálaráðuneytisins og seðlabankans, sem hafi falið í sér að bankinn undirbyggi lántökur fyrir ríkið. Á fundum um þetta hafi komið fram mismunandi afstaða lánastofnana til þess hvort æskilegt væri fyrir ríkið að leita eftir lánsfé á markaði. Sumir hefðu talið að rétt væri að gera það, þar sem í því fælist yfirlýsing um að stjórnvöld væru ekki að gefast upp, en aðrir hefðu talið þetta erfitt, þar sem skuldabréfaútboð gæti mistekist og þess vegna ætti að sæta lagi og gera það síðar. Á fundinum 7. febrúar 2008 hafi einnig fallið ummæli um afstöðu erlendra viðmælenda seðlabankastjórnans til íslensku bankanna, starfsemi þeirra og möguleika til að afla sér lánsfjár. Í tilefni af upplýsingum, sem þar hafi komið fram, kvaðst Árni hafa sérstaklega spurt hvað hægt væri að gera. Þeirri spurningu hafi verið svarað á þann veg að stjórnvöld væru þá þegar að gera það, sem unnt væri og máli gæti skipt, og yrði að halda því áfram. Í stórum dráttum hafi verið átt við það að bankarnir héldu áfram að reyna að draga úr stærð sinni og ríkið að stækka gjaldeyrisforðann. Einnig hafi verið getið um áhyggjur erlendis af Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. Hann kvaðst ekki hafa óskað eftir frekari upplýsingum af þessu tilefni, enda hafi

Þessir hlutir verið á verksviði seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins í samvinnu við bankakerfið.

Árni sagði að efnt hafi verið til fundar, sem ákærði hafi haldið ásamt sér, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008, til að fara yfir stöðu fyrirtækjanna og kosti þeirra á að afla lánsfjár. Hann minntist þess ekki hvort rætt hafi verið um skuldastöðu bankakerfisins, en fjallað hafi verið um þörfina á endurfjármögnun. Á þessum tíma tíma hafi ekki legið fyrir að gjalddagi stórrar skuldar Glitnis banka hf. haustið 2008 gæti orðið vandamál og hafi frekar verið fjallað á fundinum um stöðuna til lengri tíma en um einstaka gjalddaga, en þeir stærstu hafi þó átt að vera á seinni hluta ársins 2009. Árni minntist þess ekki að fjallað hafi verið á fundinum um mikilvægi þess að íslensk fyrirtæki hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi, svo sem getið var um í yfirliti um umræðuefni á fundinum. Í kjölfar þessa fundar hafi einkum verið lögð áhersla á að stækka gjaldeyrisvarasjóðinn, því það myndi sýna styrk ríkisins sem bakhjarls ef illa færi. Peningar, sem ríkið tæki að láni, yrðu ekki fengnir bönkunum til eigin rekstrar, heldur til að auka traustið þannig að þeir fengju frekar fé að láni sjálfir. Á fundinum hafi ekki verið gefnar yfirlýsingar um að ríkið myndi styðja við bankana á annan hátt en þennan. Árni kannaðist ekki við að atriði, sem talin voru upp í tölvubréfi til hans frá ráðuneytisstjóranum í fjármálaráðuneytinu 14. febrúar 2008 og fengin voru frá Tryggva Pálssyni, hafi verið rædd sérstaklega á þessum fundi, en allt hefði þetta þó komið upp í fjölmörgum samtölum.

Árni taldi engin ný tíðindi hafa falist í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl 2008, þar sem meðal annars var bent á að grípa yrði til aðgerða til að bregðast við stærð bankakerfisins. Það hefði þó ekki verið auðvelt að minnka efnahagsreikninga bankanna á þessum tíma, enda hafi markaðir ekki verið góðir fyrir sölu lánasafna og ýmsar aðgerðir hefðu getað leitt til þess að gengið hefði á eigið fé bankanna. Það hafi því verið mjög tvíeggjað hvað gera mætti á stuttum tíma, en einnig mætti efast um að ráðleggingar sem þessar hafi beinst að því að stórar breytingar ættu að verða frá því í apríl fram í september 2008. Stjórnvöld hafi ekki búið yfir úrræðum til að flýta þessu og hefði líklega engu breytt þótt hugað hefði verið að þessu í ársbyrjun 2008, því allt það ár hafi markaðir verið mjög erfiðir að þessu leyti. Á hinn bóginn hafi bankarnir eflaust haft fullan vilja til að gera það, sem þeir gátu í þessari stöðu. Hugmynd um að bankarnir flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi hafi fyrst komið upp síðar á árinu 2008 og taldi Árni þann kost hafa verið í alvarlegri skoðun hjá þeim.

Þó yrði að spyrja hver raunveruleg staða bankanna hafi þá verið, en hefðu þeir reynt að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi mætti ætla að eignasöfn þeirra og eiginfjárstaða hefðu komið til skoðunar í því ríki, sem þeir vildu flytja til, og hefði flutningur ekki komið til greina nema hlutirnir væru í lagi. Árni kvaðst ekki geta svarað nú hver áhrif þess að höfuðstöðvar Kaupþings banka hf. hefðu verið fluttar úr landi hefðu orðið fyrir skatttekjur ríkisins, en þessi banki hafi verið um helmingur alls bankakerfisins og myndi brotthvarf hans hafa haft gríðarleg áhrif á það hversu stóran gjaldeyrisforða seðlabankinn þurfti til að geta talist vera trúverðugur bakhjarl.

Árni kvaðst ekki hafa heyrt fyrr en á síðari stigum af bréfi, sem bankastjóri Englandsbanka ritaði formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 23. apríl 2008. Honum hafi skilist að þar hafi seðlabankanum verið neitað um lánalínur, en um önnur efnisatriði bréfsins hafi honum ekki verið kunnugt.

Árni sagðist ekki geta svarað því hvers vegna viðskiptaráðherra hafi ekki undirritað yfirlýsingu þriggja ráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands 16. maí 2008, sem gerð var í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamninga bankans við þrjá norræna seðlabanka. Í samsteypustjórnnum skipuðu stjórnarflokkarnir sínu fólki til verka og kvaðst Árni ekki hafa vitað annað en að yfirlýsingin hafi verið gefin í fullu samráði við þær stofnanir og ráðuneyti, sem fjallað var um. Hann hefði sjálfur kosið að félagsmálaráðherra undirritaði þessa yfirlýsingu, því þar hafi verið ákvæði um Íbúðalánasjóð, sem hafi verið það eina sem ekki gekk eftir. Hann hafi aldrei orðið annars var í skiptum við norrænu seðlabankana en að íslensk stjórnvöld hafi staðið við sitt og þeir verið sáttir, en hann hafi átt mikil samskipti við þá haustið 2008. Sagðist Árni ekki hafa heyrt af því á fyrri hluta ársins að erfiðleikar væru í samskiptum formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands og bankastjóra seðlabanka Svíþjóðar, en af því hafi hann á hinn bóginn heyrt síðar frá þeim báðum. Hann hafi ekki orðið þess var að nokkuð væri óeðlilegt í afstöðu erlenda seðlabankastjórans til Íslands.

Árni kvaðst hafa vitað frá hausti 2007 að Landsbanki Íslands hf. hefði í hyggju að bjóða Icesave reikninga í Hollandi, en honum hafi ekki orðið kunnugt um hvenær þessi innlánasöfnun ætti að hefjast fyrr en eftir að hún byrjaði 29. maí 2008. Hann hafi beðið ráðuneytisstjórnann í fjármálaráðuneytinu um að flytja bankanum skilaboð um að stefna yrði að því að koma þessari starfsemi í dótturfélög, bæði í Hollandi og Bretlandi, en ekki mundi hann hvenær hann hafi gert þetta. Stjórnvöld hafi ekki talið sig hafa heimildir til að banna þessa starfsemi bankans. Þá hafi Fjármálaeftirlitinu verið ljóst að bankinn þyrfti á þessu fé að halda. Aðspurður hvort athygli hafi ekki

beinst að hættu af þessari innlánaöfnun Landsbanka Íslands hf. fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta þegar umræður um Icesave reikningana hafi komið upp á árunum 2007 til 2008 kvaðst Árni ekki hafa litið svo á, hvorki á þeim tíma né nú, að ríkið bæri ábyrgð á reikningunum, þótt það hafi sýnt sig að betra hefði verið að þessi starfsemi hefði farið fram í dótturfélögum. Þrátt fyrir þessa afstöðu hafi á árinu 2008 ekki verið talið útilokað að kröfur kynnu að verða gerðar á íslenska ríkið ef illa færi og hafi það flækt málið, sérstaklega þegar stjórnvöld hafi reynt að skapa traust. Í tilefni af því að Árni bar samkvæmt gögnum málsins fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að erfitt hafi verið að horfa fram hjá því að á endanum kynni íslenska ríkið að þurfa að greiða kröfur innstæðueigenda í Hollandi og Bretlandi var hann spurður hvort hann hafi rætt þetta við ákærða á þessum tíma og hver afstaða ákærða hefði verið. Árni svaraði því til að rætt hafi verið um hvernig ríkið kynni að þurfa að koma að málum vegna þeirrar óskilgreindu skyldu, sem hvíli á ríkjum og seðlabönkum til að koma bönkum til aðstoðar í erfiðleikum, en enginn viti þó hvar slík ábyrgð hefjist eða endi. Hann kvaðst hafa heyrt á það minnst að Landsbanki Íslands hf. hafi auglýst erlendis að ríkisábyrgð væri á Icesave reikningunum, en sér væri ekki kunnugt um hvort bankinn hafi gert þetta.

Varðandi lið 1.5 í ákæru sagði Árni að á síðari hluta sumars 2008 hafi komið til beinna aðgerða stjórnvalda til að stuðla að flutningi Icesave reikninga úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi til dótturfélags. Bankinn hafi þá leitað til Fjármálaeftirlitsins og síðan viðskiptaráðherra, sem hafi farið til fundar við breska fjármálaráðherrann í byrjun september 2008. Árni kvaðst hafa frétt af þeim fundi með því að borist hafi í tal milli sín og viðskiptaráðherra hvort ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu ætti að vera í íslensku sendinefndinni á fundinum, en þetta kunni að hafa komið upp að tilhlutan ákærða. Hann sæi ekki hvað íslensk stjórnvöld hefðu meira getað gert, enda hafi íslenska ríkið ekki getað sett lög til að þvinga Breta til að taka við starfseminni. Vandamálið hafi snúist um hvernig mætti framkvæma þetta án þess að skaða Landsbanka Íslands hf. og einkum beinst að flutningi eigna til dótturfélags. Erfitt væri að átta sig á hvort í raun hafi skort áhuga hjá bankanum á að láta verða af þessu, en samskipti við bresk stjórnvöld hafi verið mjög skrýtin og mætti efast um heilindi þeirra í samskiptum við þau íslensku.

Árni kvaðst ekki hafa frétt af útstreymi af Icesave reikningum í Bretlandi í mars og apríl 2008 þegar stjórnendur Landsbanka Íslands hf. greindu frá því á fundum með bankastjórn Seðlabanka Íslands, en alltaf hafi þó verið rætt um miklar sveiflur á

Þessum innstæðureikningum. Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi verið 2008 sagt Árna frá því að viðræður Landsbanka Íslands hf. við breska fjármálaeftirlitið gengju illa og væri togast þar á um hversu miklar eignir bankinn ætti að flytja og gæti flutt til dótturfélags, sem hafi átt að taka við Icesave reikningunum. Árni minntist þess ekki að ráðuneytisstjórinn hafi mælt til þess að Árni kæmi að viðræðum um þetta, en þetta mál hafi verið á sviði viðskiptaráðherra og Fjármálaeftirlitsins. Honum var ekki kunnugt um hvort ákærði hafi komið að þessu.

Aðspurður kvaðst Árni hafa tekið þátt í því að semja bréf, sem viðskiptaráðuneytið hafi sent til breska fjármálaráðuneytisins 20. ágúst 2008 vegna innstæðutrygginga. Í bréfinu hafi verið forðast að lýsa yfir ábyrgð íslenska ríkisins á innstæðum, enda hafi það heldur ekki verið afstaðan, en einnig hafi verið reynt að láta í ljós að vilji væri til að gera það, sem hægt væri. Með því hafi verið vísað til þess hlutverks, sem ríki og seðlabankar fari með gagnvart fjármálakerfinu.

Varðandi 2. lið ákæru var Árni spurður hvort málefni bankanna og sú hætta, sem vofði yfir fjármáلامarkaðnum, hafi verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar til loka september 2008. Hann kvað svo vera þótt efnið hafi ekki verið á dagskrá fundanna. Nánar aðspurður um hvernig þetta hafi verið rætt sagði Árni að af þeim þremur forsætisráðherrum, sem hann hafi setið með í ríkisstjórn, hafi ákærði mest miðlað upplýsingum og rætt um mál við aðra ráðherra. Hann teldi sig geta fullyrt að oft hafi verið rætt um vandann og með reglulegu millibili. Ráðherrar hafi í stórum dráttum vitað um þróun mála, en hann gæti ekki sagt til um hversu mikið hafi verið farið í einstök atriði, enda ætti hann erfitt með að greina milli einstakra funda og þess, sem komið hafi fram á ríkisstjórnarfundum og á fundum ráðherra Sjálfstæðisflokksins.

Árni kvaðst ekki muna í smáatriðum eftir umræðum um efnahagsmál, sem hafi farið fram á fundum ríkisstjórnarinnar 8. febrúar 2008 að beiðni iðnaðarráðherra og 18. mars 2008 að beiðni samgönguráðherra. Hann teldi þó að efnin, sem þessir ráðherrar hafi óskað eftir að ræða, hafi ekki endilega snúið að stöðu bankanna, en samgönguráðherra hafi til að mynda viljað ræða um stöðu sveitarfélaga og stærð þeirra.

Árni svaraði því ekki hvort rætt hafi verið um yfirlýsingu þriggja ráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs frá 16. maí 2008 þegar gjaldmiðlaskiptasamningar við erlendu bankana voru kynntir á ríkisstjórnarfundum sama dag. Hann gat þess að fréttatilkynning hafi verið gefin út af

þessu tilefni, svo og að gjaldmiðlaskiptasamningarnir hafi verið gerðir á milli seðlabankanna.

Árni kvað tillögu viðskiptaráðherra um skipun nefndar um viðbrögð við óróleika á fjármálamarkaði, sem rædd hafi verið á fundi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008, hafa snúist um að setja á fót hóp, sem hafi svipað mjög til samráðshópsins um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Hefði þessi tillaga verið samþykkt hefði sú nefnd komið í stað samráðshópsins, en Árni taldi að viðskiptaráðherra hafi örugglega vitað um tilvist þess hóps.

Árni kvaðst ekki geta fullyrt hvort málefni einstaks banka hafi verið rædd á ríkisstjórnarfundum fyrr en 30. september 2008. Hann teldi þó líklegt að atriði í tengslum við Icesave reikninga hafi borið þar á góma, en hann gæti ekki fullyrt það. Aðspurður sagðist hann halda að Davíð Oddsson hafi komið á þennan fund samkvæmt boði ákærða til að geta veitt allri ríkisstjórninni upplýsingar, en ekki mundi hann hvort slíkt hafi áður gerst.

Aðspurður í tilefni af gagnrýni, sem viðskiptaráðherra bar upp á fundi ríkisstjórnarinnar 3. október 2008 sökum þess að hann hafi ekki verið hafður með í ráðum um málefni Glitnis banka hf., kvaðst Árni ekki geta svarað því hvers vegna viðskiptaráðherrann hafi virst vera svo lítið inni í atburðarásinni. Það væri í verkahring flokkanna sjálfra að ákveða hvernig mönnum væri skipað til verka og þannig hafi það einnig verið í fyrri ríkisstjórnnum.

Árni sagðist efast um að ekki hafi verið rætt um innstæðutryggingar og lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á ríkisstjórnarfundum fyrr en 5. október 2008 þegar bókað var um þessi atriði í fyrsta sinn í fundargerð. Um aðdraganda að setningu laga nr. 125/2008 sagði Árni hluti hafa gerst mjög hratt um helgina 4. og 5. október. Seint að kvöldi sunnudagsins hafi ráðherrar átt fund með starfsmönnum bankans J.P. Morgan. Þá hafi orðið ljóst að allt gæti gerst og því ekki seinna vænna að undirbúa lagaheimildir fyrir ríkið til að gera það sem þyrfti ef allt færi á versta veg. Grunnurinn að þessu hafi þegar legið fyrir vegna vinnu í samráðshópnum, en Árni sagðist þó ekki geta tilgreint hvaðan einstakir hlutar frumvarpsins, sem varð að þessum lögum, hafi komið eða á hvaða stigi þeir hafi verið unnir.

Vitnið Björgvin G. Sigurðsson, sem var viðskiptaráðherra í ríkisstjórn ákærða frá 24. maí 2007 til 1. febrúar 2009, bar fyrir dómi að vitað hafi verið að bankarnir væru stórir miðað við íslenskt efnahagslíf, en ekki hafi verið búist við að bankakerfið

myndi falla. Bankarnir hafi verið vel fjármagnaðir og staða þeirra ekki litið illa út af reikningum þeirra að dæma. Það sama hafi komið fram í upplýsingum greiningarfyrirtækja og eftirlitsstofnana. Þó hafi verið vitað að þrengingar á lánsfjármörkuðum gætu leitt til vandræða hjá einstökum fjármálafyrirtækjum og hafi íslensk stjórnvöld eins og öll ábyrg stjórnvöld gert ráð fyrir að ástandið gæti versnað. Talið hafi verið að ef ástandið yrði ekki verra gætu bankarnir staðið þetta af sér, en ekki væri þó útilokað að koma þyrfti einum banka til aðstoðar og jafnvel taka hann yfir. Á þessu tímabili hafi margt gerst í bankakerfum nágrannalandanna og glitt í það að tröllvaxnir atburðir gætu verið fram undan. Þá vísaði Björgvin til þess að það hafi verið sérstakt markmið Jóns Sigurðssonar, sem tók við starfi formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins í janúar 2008, að koma skikki á rekstur bankanna, meðal annars með því að hluti af starfsemi þeirra yrði fluttur í dótturfélög.

Björgvin kvað hlutverk samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafa verið skilgreint í samkomulagi um stofnun hans á þann veg að hann hafi verið vettvangur til upplýsingaskipta milli stofnananna, sem þar hafi átt fulltrúa. Vitneskja hafi borist til ráðuneytanna þriggja um hvað þar hafi farið fram í grófum dráttum með því að ráðuneytisstjórnarnir, sem sátu í hópnum, hafi gert ráðherrum sínum grein fyrir því. Ráðuneytisstjórninn í viðskiptaráðuneytinu hafi gert honum grein fyrir starfi hópsins á óformlegum fundum. Af þessum sökum hafi hann ekki þurft að kalla eftir neinu frá samráðshópnum. Gögn, sem hafi verið lögð fram við vinnu hópsins, hafi ekki verið afhent ráðherrunum, sem þar áttu fulltrúa. Málefni hópsins hafi ekki verið kynnt honum sérstaklega sem trúnaðarmál, en þau hafi þó alltaf verið með þeim formerkjum. Hann hafnaði því eindregið að upplýsingum hafi verið haldið frá sér og að eitthvað slíkt hafi verið gert sökum þess að hann hafi þótt lausmáll. Þá tók hann fram að forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi ekki verið fulltrúi viðskiptaráðherra í samráðshópnum, enda hafi þetta verið mjög sjálfstæð stofnun. Hann kvaðst ekki hafa átt samtöl við forstjórnann á þessum tíma og hafi hann fremur rætt málefni fjármálamarkaðarins við formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Þá gat hann þess að hann hafi ekki átt í samskiptum við Seðlabanka Íslands.

Björgvin sagðist telja að samráðshópurinn hafi skilað verulegum árangri þegar litið væri til baka, enda hafi vegna starfa hans verið unnt að taka yfirvegaða og fumlusa ákvörðun þegar höggið reið yfir. Samráðshópurinn hafi gert ráð fyrir að hvað eina gæti gerst, en í því hafi á hinn bóginn ekki falist spá um að allt kerfið myndi bregðast. Vinna við gerð frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008, hafi byrjað 9.

maí 2008 þegar forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi komið í viðskiptaráðuneytið með tveggja ára gömul drög að slíku frumvarpi. Í júní og júlí sama ár hafi hópur innan viðskiptaráðuneytisins unnið áfram að þessum drögum, en í honum hafi setið þrír starfsmenn þess, Áslaug Árnadóttir, Kjartan Gunnarsson og Sigríður Rafnar Pétursdóttir, ásamt Rúnari Guðmundssyni frá Fjármálaeftirlitinu. Á grundvelli þessa starfs hafi lagafrumvarpið legið fyrir í tæka tíð og hafi það verið reist á þeirri hugmynd að stofna nýja banka á grundvelli þeirra gömlu, tryggja innstæður í þeim og starfsemi þeirra, en að keppast ekki við að halda þeim gangandi. Þá hafi verið búið að taka ákvörðun um hvernig fara ætti með innlánstryggingar.

Björgvin taldi vinnu samráðshópsins hafa verið markvissa og kannaðist ekki við að komið hafi fram að standa þyrfti að starfinu innan hópsins með öðrum hætti. Ekki hafi komið fram tillaga um að samkomulagi um stofnun hópsins yrði breytt. Miklum gögnum hafi verið safnað saman á vegum samráðshópsins. Leynd hafi ekki beinlínis hvílt yfir starfi hópsins, en ástandið á fjármálamörkuðum hafi á þessum tíma verið mjög viðkvæmt og hefði minnsti orðrómur um að bankarnir væru hugsanlega að stefna í vanda getað valdið falli þeirra. Því hafi verið mikilvægt að hópurinn hafi starfað eins og hann gerði og farið varfærnislega með allt, sem að honum sneri. Undir Björgvin var borið að í framlögðu endurriti af skýrslu, sem hann gaf fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, hafi hann sagt að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi haldið öllum hlutum mjög hjá sér og sýnt ráðuneytisstjórum í viðskiptaráðuneytinu yfirgang. Hann svaraði því til að hópurinn hafi almennt ekki sent gögn frá sér og hafi verið mikilvægt að slíkt yrði ekki gert vegna eðlis starfa hans, til dæmis við vinnu að lagafrumvarpi um innstæðutryggingar. Hann kvaðst aldrei hafa séð aðgerðaáætlun frá hópnun vegna hugsanlegs fjármálahruns og kannaðist ekki við að hafa fengið áætlun frá hópnun, sem taka þyrfti afstöðu til, fyrir en um haustið 2008. Þá hafi verið hægt að fara nokkrar leiðir, en ekki hafi verið unnt að taka ákvörðun um þær fyrir en áfallið kom. Samráðshópnum hafi ekki verið ætlað að taka ákvarðanir, heldur ráðherrunum, sem að honum stóðu, og hafi þær verið teknar í október 2008. Aðspurður hvort hann hafi vitað til þess að aðrir hópar hafi starfað á vegum stjórnvalda um viðbrögð við hugsanlegu fjármálaáfalli sagði hann að einstakar stofnanir hafi haft frjálsar hendur til þess, en í samráðshópnum hafi verið skipst á upplýsingum. Af þeim meiði hafi verið vinnuhópurinn, sem starfaði innan viðskiptaráðuneytisins við samningu frumvarpsins sem varð að lögum nr. 125/2008, en einnig hafi starfað hópur innan fjármálaráðuneytisins, sem hafi lagt drög að ákvæði

sem varð 1. gr. þeirra laga. Hann sagði að sér hafi ekki verið kunnugt um störf viðlagahóps, sem starfaði innan Seðlabanka Íslands.

Björgvin kvaðst ekki geta staðfest að sér hafi verið greint frá ummælum, sem höfð voru eftir Ingimundi Friðrikssyni í fundargerð samráðshópsins frá 15. janúar 2008 um að fjármálaáfall væri ekki lengur fjarstæðukenndur möguleiki. Hann sagði einnig að sér hafi ekki verið kunnugt um tillögur, sem Andrew Gracie hafi skilað 29. febrúar 2008 og samráðshópurinn hafi síðan unnið með, en taldi samt öruggt að greint hafi verið frá þessari vinnu í samtölum um fundi hópsins. Aðspurður hvort gripið hafi verið til samhæfðra aðgerða ráðuneytanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands eins og hvatt hafi verið til í vinnuskjali á grundvelli tillagna Andrew Gracie, sem lagt var fram á fundi samráðshópsins 1. apríl 2008, svaraði Björgvin því til að það hafi verið gert, sem raunhæft hafi verið að gera. Hann vísaði til þess að unnið hafi verið að frumvarpi, sem varð að lögum nr. 125/2008, á grundvelli þeirra forsendna sem fyrir lágu. Björgvin var spurður um fundargerð samráðshópsins 21. apríl 2008, þar sem kom fram að ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu hafi talið upp næstu skref í viðbúnaðarferlinu. Björgvin kvað viðskiptaráðuneytið hafa tekið þátt í þeirri vinnu, sem getið var í fundargerðinni. Aðspurður um vinnuskjal frá Tryggva Pálssyni, sem lagt var fram á fundi samráðshópsins 7. júlí 2008, þar sem meðal annars hafi verið lýst eftir ákvörðunum stjórnvalda og pólitískri stefnumótun um málefni bankakerfisins, sagðist Björgvin telja að ekki hafi verið kallað eftir slíku úr hópnum, en hópurinn hafi verið vettvangurinn til að draga allar tækar leiðir fram. Hann minntist þess ekki að hafa fengið beiðni um að veita pólitíska leiðsögn í einhverjum málum, sem vörðuðu samráðshópinn, og hafi ekki verið óskað sérstaklega eftir viðhorfum hans til einstakra atriða.

Björgvin kvað tillögu sína um skipun sérstakrar nefndar til að fjalla um málefni fjármálamarkaðarins, sem kynnt var á fundi samráðshópsins 12. ágúst 2008 og rædd á fundi ríkisstjórnarinnar sama dag, hafa átt rætur að rekja til þess að aðstæður á mörkuðum hafi versnað og ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu talið að ná þyrfti utan um ákveðna þætti. Hann hafi talið að á grundvelli vinnu slíkrar nefndar hefði mátt taka ákvarðanir um hluta þeirra viðfangsefna, sem unnið hafi verið við í samráðshópnum og snúið sérstaklega að viðskiptaráðuneytinu. Ríkisstjórnin hafi ekki séð ástæðu til að fallast á þessa tillögu, en enginn hafi lagt stein í götu hennar og síst af öllu ákærði.

Aðspurður um fundargerð samráðshópsins 20. ágúst 2008 og hvort á þeim tíma hafi verið komin fram sérstök stefna og viðlagaáætlun stjórnvalda svaraði Björgvin því til að stefnan og viðlagaundirbúningur hafi orðið til á öllu því ári. Ekki hafi verið um að ræða eina áætlun, heldur margar leiðir, sem hafi tekið mið af ýmsum atvikum. Ein leiðin hafi verið sú að hafa tilbúið lagafrumvarp um heimildir fyrir ríkið til að taka yfir völd hluthafafunda í bönkunum og hafi það gengið eftir.

Í tengslum við lið 1.4 í ákæru lýsti Björgvin þeirri skoðun að ekki hafi verið unnt að grípa til aðgerða til að draga úr stærð bankakerfisins á árinu 2008, enda hafi markaðir þá verið frosnir og útsala á eignum bankanna hefði valdið hruni þeirra. Ákærði hafi þó rætt um þetta eins og aðrir ráðherrar og hafi stjórnvöld í raun tekið ákvörðun um að fella ekki bankana á þennan hátt. Á hinn bóginn hafi mátt beita smærri úrræðum, svo sem að efla gjaldeyrisforða seðlabankans. Á árinu 2008 hafi bankarnir leitast við að selja eignir eins og Glitnir banki hf. hafi reynt í Noregi, en þetta hafi ekki gengið vel. Á fyrri stigum hafi stjórnvöld margsinnis þrýst á bankana til að fá þá til að draga úr stærð sinni og hafi það verið gert með samtölum við stjórnendur þeirra. Eins hafi verið reynt að knýja á um að erlend starfsemi bankanna yrði færð úr útibúum í dótturfélög. Engar forsendur hafi verið til að þvinga bankana til að selja eignir, enda hafi þeir viljað gera það, en engum hafi tekist að selja eignir á árangursríkan hátt á þessum tíma. Aðspurður hvort þetta hafi verið rætt á fundum ríkisstjórnarinnar svaraði hann því að vonir hafi staðið til að ástandið myndi batna. Margt hafi verið í undirbúningi, en tími ekki unnist til að ljúka því.

Aðspurður hvort málefni, sem sneru að því að fá bankana til að minnka efnahagsreikninga sína, hafi ekki verið á verksviði viðskiptaráðuneytisins sagði Björgvin að þetta hafi verið samstarfsverkefni Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands og ráðuneytanna eins og skipun samráðshópsins bar með sér. Honum hafi fundist kerfisbresturinn vera greinilegur á fyrirkomulagi bankastarfsemi samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið, enda hafi bankarnir getað athafnað sig á stórum markaði á grundvelli íslensks starfsleyfis og hafi augljós skekkja verið milli stærðar þeirra og íslenska hagkerfisins. Lausnin á þessu hefði verið að stækka mynsvæðið, sem bankarnir störfuðu á. Þessi hlutfallsvandi hafi ekki verið bundinn við bankakerfið, enda hafi stærð samfélagsins valdið því að alþjóðlegt umhverfi hefði mikil áhrif hér á landi. Óþekkt væri að formleg bönd væru sett á stærð bankakerfis og á þessum tíma hafi verið efast um að slíkt fengi samrýmst stjórnarskrá. Hafi því verið heppilegra að þetta yrði gert í samstarfi við fjármálaframtækina. Ekki hafi verið skoðað

hvort ráðuneytið gæti beitt sér fyrir breytingu á löggjöf í átt að þeim lágmarkskröfum, sem leiddu af EES-samningnum, enda hafi bankarnir þegar hér var komið sögu löngu verið búnir að ná hámarksstærð og slíkar breytingar hefðu hugsanlega getað fellt bankakerfið. Þetta hafi hann ekki rætt við ákærða.

Björgvin kvaðst hafa litið svo á að það hafi verið í verkahring samráðshópsins um fjármálastöðugleika og viðbúnað að vinna að mati á áhrifum af útrás íslenska bankakerfisins. Um stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar frá 23. maí 2007 sagði hann að ríkisstjórnin hafi stefnt að því að alþjóðleg fyrirtæki í margvíslegum greinum sæju sér hag í að starfa hér og sjá landinu fyrir skatttekjum, störfum og launatekjum til starfsfólks. Það hafi ekki verið stefna stjórnvalda að styðja áframhaldandi vöxt bankakerfisins, en þegar á þeim tíma hafi það verið byrjað að minnka. Hugur stjórnvalda hafi fremur beinst að því að efla fjármálaeftirlit og hafi sú stefna einnig birst í framkvæmd.

Varðandi fund í viðskiptaráðuneytinu 15. janúar 2008 með formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins var Björgvin spurður hvort vandamálum og verkefnum, sem lýst var í minnisblaði um fundinn, hafi verið fylgt eftir af hans hálfu. Svaraði hann því til að þessi vinna hafi farið fram í samráðshópnum.

Björgvin sagði fund sinn, ákærða, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008 hafa verið haldinn í framhaldi af viðskiptaþingi um vaxandi erfiðleika á alþjóðamörkuðum. Meginatriðið hafi verið að stilla saman strengi og gera stjórnvöldum betur kleift að bregðast við vandamálum. Menn hafi séð óveðursskýin hrannast upp. Þau atriði, sem rædd voru á fundinum, hafi annars verið á sviði Fjármálaeftirlitsins og hafi viðskiptaráðuneytið engar heimildir haft til að ganga í þau verk.

Björgvin kannaðist ekki við að hafa fengið skýrslu, sem fylgdi bréfi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008 til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, eða að sú skýrsla hafi verið kynnt sér.

Björgvin kvaðst ekki hafa séð yfirlýsingu þriggja ráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs frá 16. maí 2008, sem gefin var í tengslum við gerð gjaldmiðlaskiptasamninga bankanna, fyrr en eftir gerð þessara samninga, sem kynntir voru á ríkisstjórnarfundi sama dag. Hann hafi ekki komið að þessum ráðstöfunum. Engu hafi breytt gagnvart Fjármálaeftirlitinu að hann hafi ekki undirritað yfirlýsinguna, enda væri það sjálfstæð stofnun og hafi honum verið óheimilt að skipta sér af málefnum hennar.

Björgvin sagði að innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi ekki hafa komið inn á sitt borð, enda hafi það mál í raun verið afgreitt með tilkynningu bankans til Fjármálaeftirlitsins. Stofnunin hafi ekki getað komið í veg fyrir innlánasöfnunina nema með því að afturkalla starfsheimildir bankans og þar með fella hann. Björgvin bar að hann hafi rætt um innlánasöfnunina við forstjóra Fjármálaeftirlitsins þegar liðið var á sumarið 2008.

Um lið 1.5 í ákæru sagði Björgvin að flutningur á Icesave reikningum úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags hafi verið í virku ferli, sem hafi einkum verið milli breska fjármálaeftirlitsins og bankans. Þegar á leið hafi komið upp efasemdir um að breska fjármálaeftirlitið hafi í raun viljað hleypa þessari starfsemi inn í breskt dótturfélag, enda hafi kröfur þess verið mjög óraunhæfar og hefði bankinn fallið ef hann hefði orðið við þeim. Björgvin kvaðst hafa metið það svo að bankinn hafi lagt sig fram um að koma innlánunum í dótturfélag, en hann hafi þó vitað að blendnar tilfinningar hafi verið innan bankans um að gera þetta, enda hefði það takmarkað kosti móðurfélagsins á að nýta innlánin í eigin starfsemi. Hann hafi vitað að ákærði hafi fylgst með málinu og gert það, sem gera þurfti. Hann hafi skynjað það af ákærða að aldrei kæmi til greina að verða við ósk breskra stjórnvalda um að íslenska ríkið léti af hendi fé til að koma þessum flutningi fram. Fundað hafi verið um málið í ágúst 2008 og hafi þá verið vitað um hættuna af þessum reikningum. Björgvin var spurður, í ljósi þess að hann hafi skipað nýjan formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins sem hafi ætlað að beita sér fyrir því að Icesave reikningarnir yrðu fluttir í dótturfélag Landsbanka Íslands hf., hvort ekki hafi verið rætt um að þrýsta frekar á bankann til að hrinda þessu í framkvæmd. Björgvin vísaði til þess að bankinn hafi verið búinn að taka ákvörðun um þetta löngu fyrir skipun nýja stjórnarformannsins. Þetta hafi verið í ferli milli breska fjármálaeftirlitsins og bankans, en Fjármálaeftirlitið hafi fylgst með þessu. Ekkert hafi kallað á afskipti ákærða af málinu, en það hafi ekki verið fyrr en líða fór á árið að ljóst varð í hvað stefndi.

Björgvin kvað utanríkisráðherra hafa sagt á þingflokksfundi Samfylkingarinnar frá fundi sínum og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands, sem líklega hafi verið haldinn 7. febrúar 2008, en um aðra slíka fundi hafi hann ekki heyrt fyrr en síðar. Hann minntist þess ekki hvaða upplýsingar hafi komið fram um þennan tiltekna fund, en þar hafi þó verið rætt um að stækka gjaldeyrisforðann og hafi Alþingi síðan veitt heimild til lántöku í því skyni. Aðspurður um atriði, sem getið var um í minnispunktum Tryggva Pálssonar um fundinn 7. febrúar 2008, þar á meðal að

íslensku bankarnir væru í mikilli hættu, svaraði Björgvin því til að á þessum tíma hafi verið rætt um að bregðast þyrfti við ástandi á bankamörkuðum almennt og hvað væri unnt að gera ef það versnaði. Aðspurður hvort hann hafi fengið upplýsingar um fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. 25. og 30. mars 2008, þar sem rætt hafi verið um mikið útstreymi af Icesave reikningum í Bretlandi, kvaðst Björgvin ekki kannast við slíkar umræður. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa heyrt af fundi ákærða og utanríkisráðherra með bankastjórn seðlabankans 1. apríl 2008, þar sem það sama kom fram, en lét þess getið að hann teldi forstjóra Fjármálaeftirlitsins hafa sagt sér af þessu síðar.

Björgvin sagði fund sinn með breska fjármálaráðherranum 2. september 2008 hafa verið haldinn að frumkvæði íslenskra stjórnvalda. Tilgangurinn hafi verið að knýja á um að breska fjármálaeftirlitið hefði uppi raunhæfari kröfur en komið hafi fram í bréfi þess 15. ágúst sama ár um skilyrði fyrir flutningi Icesave reikninganna í dótturfélag Landsbanka Íslands hf., en um þetta hafi bankinn leitað til stjórnvalda. Björgvin sagðist hafa átt frumkvæði að þessum fundi ásamt aðstoðarmanni sínum og hafi hann rætt þetta við ákærða, sem hafi verið því samþykkur. Ákærði hafi rætt við sig kvöldið áður en haldið var í ferðina til Bretlands og talið mikilvægt að fá því framgengt að reikningarnir yrðu tafarlaust færðir í dótturfélag, en til þess yrði að koma því til leiðar að bresk stjórnvöld gerðu raunhæfar kröfur. Ákærði hafi óskað eftir að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu færi með á þennan fund og hafi Björgvin talið það hið besta mál. Þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem þetta málefni hafi komið inn á borð stjórnvaldamanna hér á landi, en fram að því hafi stjórnvöld fylgst með ferlinu og eftirlitsstofnanir átt í samskiptum um það. Hann kvaðst áður hafa átt nokkra fundi með formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins, þar sem Icesave reikningarnir hafi borist í tal, en á fyrri hluta ársins 2008 hafi ekki komið fram beiðni um að hann eða ákærði beittu sér með einhverjum hætti í þessu sambandi, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að málið væri ekki í réttum farvegi. Á þriðja ársfjórðungi 2008 hafi hann fengið upplýsingar um málið í samtölum við ráðuneytisstjórnann í viðskiptaráðuneytinu, en það hafi ekki komið eiginlega inn á sitt borð fyrr en í ágúst á því ári. Þá hafi verið rætt um að íslensk stjórnvöld gripu inn í þetta ferli og hafi verið lagt á það ískalt mat, en aldrei hafi komið til greina að ríkið léti af hendi stórfé vegna innlánsreikninga, sem stofnaðir hafi verið erlendis. Vilji stjórnvalda hafi staðið til þess að innstæðurnar yrðu fluttar í dótturfélag í áföngum, en málið hafi strandað á ströngum kröfum breskra stjórnvalda. Björgvin kvaðst ekki hafa fengið tölvubréf frá

sendiherra Íslands í London, þar sem fram kom að bresk stjórnvöld hafi orðið fyrir vonbrigðum með fundinn, en þau viðbrögð hafi komið sér á óvart. Það hefði verið þversögn að halda því fram að íslensk stjórnvöld hafi ekki tekið málið alvarlega þegar svo stór sendinefnd var send til fundarins.

Aðspurður um fyrirspurnir breskra stjórnvalda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta í ágúst 2008 sagði Björgvin að það hafi algerlega verið útilokað að íslenska ríkið tæki á sig ábyrgð ef illa færi. Þessi afstaða sjáist í bréfum til breskra stjórnvalda, þar sem tekið var fram að íslensk stjórnvöld myndu leitast við að uppfylla skuldbindingar sínar, sem hafi þó ekki verið skilgreindar frekar. Svörin hafi ekki mátt vera slík að bresk stjórnvöld brygðust harkalega við og felldu íslenska bankakerfið, en aldrei hafi komið til álita að ríkið tæki yfir skuldbindingar tryggingarsjóðsins. Aðspurður hvort bréf breskra stjórnvalda hafi ekki borið með sér að þau teldu íslenska ríkið bera þjóðréttarlega ábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins kvaðst Björgvin telja bresku stjórnvöldin ekki hafa skilgreint ábyrgðina. Evrópskar reglur um innstæðutryggingar hafi ekki verið sniðnar að kerfishruni og ættu þær því ekki við atvik eins og þau, sem urðu hér haustið 2008. Hann teldi að ekki hafi verið ágreiningur meðal embættismanna um lagalega ábyrgð íslenska ríkisins á skuldbindingum tryggingarsjóðsins, en blæbrigðamunur hafi verið á skoðunum um hvernig stilla ætti málinu upp gagnvart breskum stjórnvöldum. Ráðuneytisstjórar í viðskiptaráðuneytinu hafi ekki talið þessa ábyrgð hvíla á íslenska ríkinu. Hafi einhver ágreiningur verið uppi hafi hann ekki verið meiri en svo að samstaða hafi tekist um hvernig haga ætti svörum við fyrirspurnum breskra stjórnvalda.

Um lið 2 í ákæru bar Björgvin að málefni bankanna hafi oft verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar undir liðnum önnur mál og hafi þar verið gætt varfærni. Aðspurður um orð, sem hann lét falla fyrir rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt framlögðu endurríti af skýrslu hans þar, um að umræður á ríkisstjórnarfundum um stöðu bankanna hafi verið alveg ofboðslega fátæklegar, sagði Björgvin að þar hafi hlutirnir verið teknir úr samhengi. Yfir heildina hafi þetta verið heilmikið rætt, efnahagsmál og bankamál hafi margoft verið til umræðu, en langstærsti liðurinn í þessu hafi tengst umfjöllun um frumvarp til laga um heimild til erlendrarántöku ríkisins 23. maí 2008. Að auki hafi verið rætt um þjóðhagsspá á ríkisstjórnarfundum 15. apríl 2008, en umræður um hana hafi tengst ýmsu öðru. Hann hafi ekki þurft að óska eftir því að ræða vanda bankanna á ríkisstjórnarfundum, enda hafi hann rætt um þetta

við forsætisráðherra og aðra þegar á þurfti að halda. Málefni einstakra banka hafi ekki verið rædd á ríkisstjórnarfundum, heldur hafi umræðan snúið að stöðunni almennt og kerfinu sem slíku. Vegna fundargerðar frá ríkisstjórnarfundum 3. október 2008, þar sem bókað var að Björgvin hafi gagnrýnt að hann hafi ekki verið hafður með í ráðum vegna málefna Glitnis banka hf. fyrr en að kvöldi 28. september sama ár, tók hann fram að ákærði hafi viðurkennt að rétt hefði verið að bera þessi mál undir hann. Aðspurður gat Björgvin ekki bent frekar á hvenær málefni bankanna hafi verið til umræðu á ríkisstjórnarfundum. Hann gat þess að innstæðutryggingar hafi verið ræddar í ríkisstjórn fyrir 5. október 2008, enda hafi hann á fyrri stigum kynnt lagafrumvarp um það efni. Hann kvaðst aldrei hafa séð fundargerðir frá ríkisstjórnarfundum.

Björgvin bar að verklag í ríkisstjórninni hafi verið byggt á áratugahefð um samstarf oddvita tveggja flokka í stjórnarsamstarfi. Samskipti hans við utanríkisráðherra hafi verið „eins og gengur“. Hann hafi ekki átt reglulega fundi með utanríkisráðherra, en ráðherrafundir hafi verið haldnir hjá Samfylkingunni. Hann kvaðst ekki geta svarað því hverju hefði ekki verið komið á framfæri við sig um málefni bankakerfisins, en oft skarist verksvið manna og hafi aðstoðarmaður hans starfað með ýmsum öðrum.

4

Vitnið Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem var utanríkisráðherra í ríkisstjórn ákærða frá 24. maí 2007 til 1. febrúar 2009, bar fyrir dómi að bankarnir hafi stækkað gríðarlega frá árinu 2000 fram til 2007. Hún hafi haft áhyggjur af bankakerfinu þegar á árinu 2006 og meðal annars rætt um það í utandagskrárumræðu á Alþingi, þar sem hún hafi vikið orðum að því hvort álagspróf Fjármálaeftirlitsins væru nægilega góð og gæfu skýra mynd af stöðu bankakerfisins, svo og hvort sú stofnun væri nógu öflug. Í umræðunum hafi komið fram að Fjármálaeftirlitið hafi ákveðið að efla álagsprófin. Eftir þetta hafi verið rætt um að bankarnir hefðu tekið til hjá sér og meðal annars dregið úr svonefndum krosseignatengslum. Hún hafi því trúað að bankarnir hafi látið sér erfiðleika á árinu 2006 að kenningu verða. Þótt segja mætti eftir á að hyggja að fráleitt hafi verið að hafa svo stórt bankakerfi í jafn litlu hagkerfi með örmynt, þá hafi það ekki valdið áhyggjum á þessum tíma og hafi engin umræða verið um það fyrir alþingiskosningar 2007. Hún hafi ekki vitað að bankakerfið hafi verið hársbreidd frá því að falla vorið 2006 og að um það hafi verið vitneskja í Seðlabanka Íslands og ríkisstjórn. Áhyggjur hennar af bankakerfinu hafi því ekki kviknað fyrr en um áramót 2007 og 2008 og hafi þær þá tengst hugsanlegri yfirtöku Kaupþings banka hf. á

hollenska bankanum NIBC. Stjórnendur Kaupþings banka hf. hafi séð að þetta gæti ekki gengið, en þeir hafi ekki getað komist undan þessu nema fyrir tilstuðlan stjórnvalda. Hún hafi átt fund 15. janúar 2008 með viðskiptaráðherra og Jóni Sigurðssyni, formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins, þar sem þetta hafi meðal annars verið rætt, svo og að Jón teldi að of mikil vensl væru á lánamarkaði. Við þetta hafi aukist áhyggjur hennar af bankakerfinu, en hún hafi litið svo á að þessi mál væru á sérsviði Jóns og að hann myndi beita sér fyrir því að skerpa regluverkið ef þörf væri á.

Að því er varðar lið 1.3 í ákæru sagðist Ingibjörg ekki hafa vitað mikið um samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Henni hafi verið kunnugt um tilvist hans, hverjir áttu fulltrúa í honum og samkomulagið, sem gert var um stofnun hans. Hún hafi litið svo á að verkefni hópsins hafi verið að stilla saman strengi og samhæfa verklag þeirra, sem með einum eða öðrum hætti hefðu aðkomu að fjármálakerfinu, en ekki minntist hún þess að rætt hafi verið um að hópnum væri ætlað að undirbúa lagafrumvarp um yfirtöku ríkisins á fjármálafyrirtækjum. Hún hafi aldrei haft beina vitneskju um það, sem fór fram innan hópsins, fyrir utan eitt skipti þegar ákærði hafi kallað ráðuneytisstjórnann í forsætisráðuneytinu inn á fund þeirra til að greina frá vinnu hópsins. Hún minntist þess hvorki hvenær þetta hafi gerst né um hvað hafi verið fjallað. Hún kvaðst ekki muna eftir því að vinna samráðshópsins eða gögn frá honum hafi verið kynnt á ríkisstjórnarfundum. Eftir á að hyggja væri sérkennilegt að tiltekin gögn, sem hópurinn hafi fjallað um, hafi ekki verið lögð fram í ríkisstjórn, en það kynni að stafa af því að efni þeirra hafi þótt svo viðkvæmt. Hún taldi að meðal annars hefði verið ástæða til að kynna fyrir ríkisstjórn vinnuskjal um úrræði stjórnvalda vegna óróleika á fjármálamörkuðum, sem fjallað var um á fundi samráðshópsins 1. apríl 2008, og vinnuskjal um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli, sem var til umræðu á fundi hópsins 7. júlí 2008. Henni hafi aldrei borist skilaboð frá hópnum um að aðkallandi væri fyrir stjórnvöld að taka ákvarðanir í þessum málum, en hafa yrði í huga að þau hafi ekki átt undir utanríkisráðherra. Aðspurð hvort þetta hafi komið upp í samtölum hennar við ákærða eða fjármálaráðherra kvaðst Ingibjörg hafa fundað oft með ákærða um ýmis mál til að samstillja stjórnarflokkana, meðal annars um hvernig mál yrðu tekin inn í þingið. Ákærði hafi kallað hana til funda 7. febrúar og 1. apríl 2008 með bankastjórn Seðlabanka Íslands, væntanlega til að veita henni innsýn í þessi mál. Hún hafi hins vegar fundað mjög oft með viðskiptaráðherra, meðal annars á þingflokksfundum og ráðherrafundum Samfylkingarinnar.

Aðspurð hvort hún hafi litið svo á að samráðshópurinn ætti að gera aðgerðaáætlun vegna hugsanlegs fjármálaáfalls kvaðst Ingibjörg hafa vitað að hópurinn ætti að samræma aðgerðir þeirra, sem hafi átt hlut að honum. Honum hljóti að hafa verið ætlað að setja upp sviðsmyndir af því, sem gæti gerst í fjármálakerfinu, og kalla eftir ákvörðun viðkomandi ráðherra um það, sem hafi þurft að gera. Hún kvaðst ekki vita til þess að annar hópur hafi fengist við þessi verkefni, en í forsætisráðuneytinu hafi þó verið einhver hópur til að starfa við þetta. Hún hafi ekki vitað til þess hvort viðlagaáætlun hafi legið fyrir þegar fjármálaáfallið dundi yfir, enda hafi hún ekki þekkt til vinnu samráðshópsins.

Aðspurð hvort greindur hafi verið kostnaður ríkisins af því að styðja við bankana ef til fjármálaáfalls kæmi kvað Ingibjörg svo ekki vera, enda hafi enginn talið að bankakerfið væri að falli komið á þessum tíma. Vitað hafi verið um erfiðleika bankanna við öflun lánsfjár, en komið hafi fram að þeir væru búnir að fjármagna sig út árið 2008. Hafi það verið trú manna að bankakerfið stæði styrkum fótum, enda hafi það komið fram hjá matsfyrirtækjum og í skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika í maí 2008. Aðspurð hvort aðrar upplýsingar hafi komið fram á fundum hennar og ákærða með bankastjórn seðlabankans sagði Ingibjörg að þar hafi ekki verið dregin upp dekkri mynd af stöðu bankanna sem slíkra, en á hinn bóginn hafi komið fram að erlend fjármálafyrirtæki hafi ekki viljað eiga neitt við íslensku bankana saman að sælda og hafi formaður bankastjórnar seðlabankans rætt um bankamennina sem skúrka. Aldrei hafi verið lögð fram gögn eða rök fyrir því að bankarnir stæðu illa eða að eiginfjárstaða þeirra væri ekki góð og hafi því afstaðan verið sú að bankarnir stæðu þrátt fyrir þetta styrkum fótum.

Undir Ingibjörgu var borið minnisblað hennar um fund með ákærða 18. eða 19. apríl 2008, þar sem meðal annars var minnst á krísunefnd á vegum forsætisráðuneytisins. Hún kvaðst telja að þessi orð hafi ekki átt við um samráðshópinn, heldur vinnuhóp, sem hafi starfað að þessum málum í forsætisráðuneytinu. Tilefni þessa fundar með ákærða hafi tengst ræðu, sem hann flutti á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins 18. apríl 2008, sem hún hafi verið mjög óánægð með, enda hafi hún talið hann hafa útilokað þar aðild Íslands að Evrópusambandinu. Aðildin hefði að hennar mati getað stuðlað á nánar tiltekinn hátt að lausn þess vanda, sem steðjaði að íslenska bankakerfinu, og hefðu skilaboð um að stefnt væri að inngöngu í Evrópusambandið getað skipt verulegu máli. Hún kvað ummæli í minnisblaði sínu um björgunaraðgerðir hafa snúið að almennum aðgerðum

til að draga úr stærð bankakerfisins, svo og ráðstöfunum í seðlabankanum til að styrkja varnir og auka trúverðugleika þeirra, einkum með tilliti til gjaldeyrisvarasjóðs. Á fundinum með ákærða hafi meðal annars verið sérstaklega rætt um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn, sem Alþingi hafi síðan samþykkt um vorið með setningu laga um lántökuheimild ríkisins, en einnig hafi borist í tal hvað verið væri að gera til að minnka bankakerfið.

Aðspurð hvort hún hafi rætt við viðskiptaráðherra um atriði varðandi stöðu bankakerfisins, sem komið hafi fram á fundum hennar með ákærða og eftir atvikum bankastjórn Seðlabanka Íslands eða öðrum, sagðist Ingibjörg hafa gert það, þótt hún gæti ekki fullyrt að það hafi verið gert í öllum tilvikum. Hún hafi gert grein fyrir fundinum með ákærða og bankastjórninni 7. febrúar 2008 á þingflokksfundum Samfylkingarinnar 11. og 18. sama mánaðar. Að auki hafi hún og ákærði í framhaldi af þessu falið ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu og aðstoðarmanni viðskiptaráðherra að koma með hugmyndir og tillögur um hvað gera mætti og hafi það verið með vitund og vilja viðskiptaráðherra. Hann hafi jafnframt verið á fundi fjögurra ráðherra með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008 og hafi þau áður farið yfir það, sem komið hafi fram á fundinum 7. sama mánaðar. Öllum hafi mátt vera kunnugt um að hún hafi ásamt ákærða átt fund með bankastjórn seðlabankans 1. apríl 2008, enda hafi þá verið gefin út fréttatilkynning um að tiltekinni utanlandsför þeirra hafi verið frestað vegna fundar með Seðlabanka Íslands og ríkisstjórnarfundar. Þá hafi verið rætt um óróleika á fjármálamörkuðum á fundi ráðherra Samfylkingarinnar 7. apríl 2008. Hún gat þess einnig að aðstoðarmaður viðskiptaráðherra hafi verið meðal sérfræðinga Samfylkingarinnar um efnahagsmál og stöðu ríkisfjármála og hafi hún leitað til hans almennt um þá málaflokka, en samráðshópurinn og verk hans hafi ekki borist í tal milli þeirra.

Í tengslum við lið 1.4 í ákæru bar Ingibjörg að sér hafi verið kunnugt um að unnið væri að því að draga úr stærð bankakerfisins meira eða minna frá vori 2008, en enginn hafi þó litið svo á að þetta væri verkefni forsætisráðuneytisins, heldur hafi Seðlabanki Íslands öðrum fremur haft þau stjórnþæki, sem tiltæk hafi verið í þessu skyni. Á fundi hennar og ákærða með bankastjórn seðlabankans 15. apríl 2008 hafi verið rætt um hugsanlega aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og norrænu seðlabankanna, svo og skilyrði sem þeir hafi sett í því sambandi, þar á meðal að seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið beittu þeim tækjum, sem þeir hefðu yfir að ráða, til að draga úr stærð bankakerfisins. Af hálfu seðlabankans hafi komið fram að ekkert

væri því til fyrirstöðu að hann gerði það. Almennt hafi verið álitnið að ákærði hefði engin önnur úrræði að þessu leyti en fortölur og samtöl við stjórnendur bankanna. Í janúar 2008 hafi allir lagst á árarar til að koma í veg fyrir að Kaupþing banki hf. keypti hollenska bankann NIBC. Rætt hafi verið um að Glitnir banki hf. ætti eignir, sem unnt væri að selja, og þar hafi verið unnið að því. Á síðari stigum hafi ákærði falið efnahagsráðgjafa sínum að beita sér fyrir sameiningu Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Þá hafi verið ákveðið sumarið 2008 að beita Íbúðalánasjóði til að draga úr stærð bankakerfisins með því að kaupa íbúðalán af bönkunum, sem hafi þó ekki gengið sem skyldi. Einnig hafi verið rætt að bankarnir færðu starfsemi sína erlendis í dótturfélög. Þessi atriði hafi ekki komið til umræðu í ríkisstjórn með formlegum hætti eða verið á dagskrá ríkisstjórnarfundu, enda teldi hún að enginn hafi þorað að nefna þetta upphátt. Það hafi lamað athafnagetu manna að þeir voru hræddir við að eitthvað yrði sagt eða gert, sem myndi draga úr trausti á bankakerfinu og gæti leitt af sér áhlaup á bankana. Þetta hafi á hinn bóginn oft verið rætt utan dagskrár á ríkisstjórnarfundum, enda hafi ákærði iðulega í upphafi fundu gert grein fyrir málum, sem voru á döfni eða viðkvæm. Aðspurð hvort þar hafi verið rætt um áhættu ríkisins af því að ekki væri tiltækur lánveitandi til þrautavara sagðist Ingibjörg telja að allir hafi gert sér grein fyrir hlutfallsvandnum í bankakerfinu og einnig að þar hafi verið orðsporsvandi. Hún var einnig spurð hvort vandi bankanna hafi verið ræddur með þeim hætti að komið hafi fram að ef einn bankinn félli þá myndu hinir fylgja með og kvaðst hún telja að öllum hafi mátt vera það ljóst. Hún gat þess að rætt hafi verið um þetta á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar 30. mars 2008, þar sem fram hafi komið í máli nafngreinds hagfræðings að það hefði alvarlegar afleiðingar fyrir alla bankana ef einn þeirra rataði í vandræði.

Ingibjörg kvað ummæli í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 um að stefnt væri að því að útrásarfyrirtæki sæju sér áfram hag í því að hafa höfuðstöðvar hér á landi ekki hafa beinst að því að ríkisstjórnin hefði hug á að íslensku bankarnir héldu áfram að vaxa, en stærð þeirra hafi verið komin til fyrir þennan tíma. Þessum orðum hafi verið beint að alþjóðlegum þjónustufyrirtækjum, sem hún nefndi nokkur dæmi um.

Aðspurð hvort komið hafi fram alvarleg tíðindi á fundi hennar og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 sagði Ingibjörg að hann hafi ekki verið eins og venjulegur fundur. Um miðbik hans hafi verið eins og seðlabankastjóri tæki hamskipti og hafi hann úthúðað bankamönnum og útrásinni með miklum

stóryrðum. Hann hafi verið einn til frásagnar um það, sem komið hafi fram á fundum sínum í London skömmu áður, enda hafi enginn hinna bankastjóranna verið með í för. Hún hefði áður séð seðlabankastjórnann í þessum ham og hafi hún tekið því, sem hann sagði, með ákveðnum fyrirvara. Sérstaklega aðspurð um ummæli í framlagðri skýrslu hennar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um að ákveðið vantraust hafi ríkt gagnvart formanni bankastjórnar seðlabankans og það hafi að einhverju leyti tengst því hvernig hann hafi talað um stjórnendur bankanna, taldi Ingibjörg ljóst að í þessum ummælum hafi endurspeglast umræða um einkavæðingu bankanna, að menn hafi verið valdir til að verða eigendur þeirra með tilteknum hætti og að sumir hafi verið formanni bankastjórnarinnar betur þóknanlegir en aðrir. Hafi verið erfitt að átta sig á því hvað væru málefnaleg sjónarmið og persónulegu sjónarmið hans. Hún hafi ekki hafnað hans sjónarmiðum, en tekið þeim með ákveðnum fyrirvara. Eftir fundinn hafi þau ákærði rétt þetta og ákveðið að kanna frekar hvort eitthvað hafi komið fram, sem ástæða væri til að skoða nánar. Þau hafi fengið ráðuneytisstjórnann í forsætisráðuneytinu og aðstoðarmann viðskiptaráðherra til ákveðinna verka og einnig kvatt fulltrúa fjármálafyrirtækja til fundar. Þau hafi hins vegar aldrei fengið gögn til staðfestingar því, sem hafi komið fram á fundinum. Ekki hafi verið óskað eftir tillögum frá Seðlabanka Íslands í þessu sambandi, en hún hafi litið svo að það fælist í frumkvæðisskyldu hans að koma á framfæri upplýsingum eða hugmyndum um það, sem ríkisstjórnin ætti að gera í framhaldinu. Ekkert slíkt hafi komið fram. Hún kvað fund sinn og ákærða með bankastjórn seðlabankans 1. apríl 2008 hafa snúið almennt að stöðu fjármálakerfisins, en aðrir fundir með bankastjórninni hafi varðað stækkun gjaldeyrisvarafordans. Ingibjörg var spurð um fund sinn og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. apríl 2008, þar sem fjallað var um viðræður um gjaldmiðlaskiptasamninga við erlenda seðlabanka, og hvort skilyrði, sem norrænir bankar hafi sett í því sambandi, hafi komið til umræðu í ríkisstjórninni. Hún kvað öllum ráðherrum hafa verið ljóst að það þyrfti að vinna að því að minnka bankakerfið. Málefni Íbúðalánasjóðs hefðu verið rædd margsinnis, svo og mikilvægi þess að hann drægi úr lánveitingum. Gjalddeyrisvarafordinn hafi einnig verið ræddur margsinnis. Þannig hafi allt, sem komið hafi fram á þessum fundi með bankastjórninni, verið ítrekað rétt. Seðlabankinn hafi talið að sér væri ekkert að vanbúnaði að vinna að því að minnka bankakerfið, en það hafi þó verið talið langtímaverkefni. Aðspurð hvort hún hafi upplýst viðskiptaráðherra um það, sem komið hafi fram á fundum með bankastjórn seðlabankans, svaraði Ingibjörg því til að ýmislegt hafi verið rétt

óformlega og hafi þessi mál komið til umræðu á ráðherrafundum Samfylkingarinnar, til dæmis 7. apríl 2008.

Ingibjörg kvað fund, sem hún, ákærði, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra efndu til með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008, hafa verið haldinn í tilefni af fundi sínum og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. sama mánaðar til að reyna að fá heildarmynd á stöðunni. Þau hafi áður hvert fyrir sig hitt einstaka bankamenn, sem hafi rætt um að þeirra banki stæði vel en öðru gegndi um aðra banka, og hafi því verið ákveðið að stefna þeim öllum til fundar til að heyra hvað þeir segðu hver andspænis öðrum um fjármálakerfið í heild og vanda þess. Umræðan á fundinum hafi út af fyrir sig verið ágæt og meðal annars komið fram að ekki væri aðeins um orðsporsvanda bankanna að ræða, heldur einnig hlutfallsvanda. Hafi fulltrúum fjármálafyrirtækjanna verið ljóst að draga þyrfti úr stærð bankakerfisins, en á þessum vettvangi hafi ekki verið unnt að leggja það til við bankana að einn þeirra flyttist úr landi. Rætt hafi verið um hvað ríkið gæti gert til að styðja við fjármálakerfið, enda hafi ekki verið annar kostur í stöðunni en að gera allt sem unnt var til að koma í veg fyrir áhlaup á bankana. Í því sambandi hafi umræðan sem fyrr beinst að því hvernig styrkja mætti gjaldeyrisvarasjóðinn og hvort byggja mætti upp einhverjar varnir, sem myndu auka trúverðugleika erlendis. Aðspurð hvort ummæli í yfirliti um umræðuefni fyrir þennan fund, um að nýlegt áhættumat Fjármálaeftirlitsins hafi sýnt að bankarnir stæðu traustum fótum og ættu að standast versnandi ytri aðstæður án þess að eigið fé þeirra færi niður fyrir eðlileg mörk, væru til marks um afstöðu hennar og eftir atvikum ákærða á þessum tíma svaraði Ingibjörg því til að þar hafi verið byggt á því að álagsprófi á bönkunum hafi nýlega verið lokið. Álagsprófin hafi verið endurbætt á árinu 2006 og hafi niðurstöðum þeirra verið trúað, enda hlyti Fjármálaeftirlitið að hafa haft eitthvað frekar í höndunum. Þá benti Ingibjörg á að í yfirliti þessu hafi einnig komið fram að ríkistjórnin teldi engu að síður eðlilegt að vera í viðbragðsstöðu og undirbúa tilteknar aðgerðir. Hún gat þess einnig að á fundinum hafi skýrlega komið fram að minnkun bankakerfisins hafi að mestu leyti verið langtímaverkefni, þótt eitthvað hafi verið unnt að gera á árinu 2008. Einnig hafi komið þar fram að markaðsaðstæður væru erfiðar.

Aðspurð um ástæðu þess að gripið hafi verið til aðgerða til að bæta orðspor íslensku bankanna, svo sem gert hafi verið á sendiherrastefnu 22. febrúar 2008, þegar komnar hafi verið fram áhyggjur af stöðu þeirra vísaði Ingibjörg til þess að sendiherrastefnur væru haldnar með reglulegu millibili. Í þetta sinn hafi verið farið

yfir mál með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins, enda hafi verið ljóst að sendiherrar þyrftu að hafa svör tiltæk um íslenska bankakerfið. Ekki hafi verið miðlað upplýsingum frá bönkunum, heldur hafi þær verið reistar á öðrum heimildum. Hefðu sendiherrar svarað fyrirspurnum erlendis með neikvæðum hætti eða ekkert vitað hefði orðið mikill brestur á trúverðugleika.

Ingibjörg kvaðst minnst umræðna um skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 14. apríl 2008, en skýrslan hafi verið send ásamt greinargerð frá Seðlabanka Íslands til breskra og evrópskra banka, þar sem leitað hafi verið eftir lánalínum. Hún taldi að litið hafi verið á skýrsluna sem vottun fyrir erlenda banka frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um hvernig staðan væri hér fyrir lántöku.

Ingibjörg sagðist aðspurð hvorki hafa séð bréf bankastjóra Englandsbanka til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands frá 23. apríl 2008, þar sem hafnað var að gera gjaldmiðlaskiptasamning við seðlabankann, né hafi henni verið greint frá boði bankastjórans um að beita sér fyrir aðstoð alþjóðasamfélagsins við að gera áætlun til að draga úr stærð íslensku bankanna.

Ingibjörg kvað yfirlýsingu, sem hún undirritaði ásamt ákærða, fjármálaráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands til þriggja norrænna seðlabanka, hafa verið gerða 16. maí 2008. Hún hafi talið þetta vera pólitíska viljayfirlýsingu um að unnið yrði meðal annars að því að draga úr stærð íslenska bankakerfisins og hafi það verið gert. Hún kvaðst telja orðalag yfirlýsingarinnar um þetta hafa falið í sér að seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið myndu beita þeim tækjum, sem þau hefðu, í þessu skyni. Ítrekað hafi verið rætt um hvernig draga mætti úr stærð bankanna og hafi verið ljóst að ekki væri hlaupið að því, enda hafi eignir þeirra ekki verið auðseljanlegar. Aðspurð um ástæðu þess að viðskiptaráðherra hafi ekki undirritað þessa yfirlýsingu sagði Ingibjörg að það hafi verið verkefni seðlabankans að stuðla að minnkun bankakerfisins, en annað í yfirlýsingunni hafi snúið að pólitískum skuldbindingum ríkisstjórnarinnar, meðal annars varðandi Íbúðalánasjóð. Nánar aðspurð um ástæðu þess að yfirlýsingin hafi ekki verið undirrituð af hálfu Fjármálaeftirlitsins, sem hafi þar verið skuldbundið til að vinna að minnkun bankakerfisins ásamt seðlabankanum, úr því að viðskiptaráðherra hafi ekki skrifað undir hana, kvaðst Ingibjörg ekki geta svarað þeirri spurningu.

Ingibjörg sagðist ekki hafa vitað af fyrirhugaðri innlánsöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi, sem hófst 29. maí 2008, fyrr en hún frétti af því að þessi starfsemi væri hafin. Hún minntist þess ekki að rætt hafi verið í ríkisstjórn

eða milli hennar og annarra ráðherra um að ástæða gæti verið til að beita sér gegn þessu.

Í tengslum við lið 1.5 í ákæru kvaðst Ingibjörg hafa fyrst heyrt þess getið á fundi sínum og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 1. apríl 2008 að til stæði að flytja Icesave reikninga úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags. Hafi verið rætt um að þetta yrði að gera til þess að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta bæri ekki ábyrgð á innstæðum á reikningunum. Hana minnti að borist hafi í tal á þessum fundi hvort ríkið gæti lagt bankanum til 1.000.000.000 sterlingspund til að liðka fyrir flutningnum og að öllum hafi þótt það fráleitt. Hvorki hafi á þessum fundi né við annað tækifæri komið til umræðu að ríkið gæti borið ábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins eða innstæðum á þessum reikningum. Hún kvaðst að öðru leyti nánast ekkert hafa komið að umræðum um Icesave reikningana og hafi hún ekki þekkt til vinnu, hvorki ákærða né annarra, sem að þeim sneri.

Ingibjörg kvað það hafa komið fram á fundinum með bankastjórn seðlabankans 1. apríl 2008 að mikið fé hafi runnið út af Icesave reikningum undanfarið og hafi að auki verið fjallað um það í fjölmiðlum. Hún hafi ekki talið þetta gefa tilefni til sérstakra aðgerða, enda hafi á þessum tíma verið rætt um að sögusagnir um slæma stöðu íslensku bankanna væru runnar undan rifjum keppinauta þeirra. Hún hafi að öðru leyti gert ráð fyrir því að þetta yrði rætt í samráðshópnum um fjármálastöðugleika og viðbúnað og innan Seðlabanka Íslands.

Ingibjörg kvaðst enga vitneskju hafa haft um fund viðskiptaráðherra með breska fjármálaráðherranum 2. september 2008 áður en fundurinn var haldinn. Þetta hafi hvorki borist í tal við viðskiptaráðherra né aðstoðarmann hans. Þótt ekki hafi verið óvanalegt að ráðherrar færu utan til fundar án vitneskju utanríkisráðherra hefði hún viljað vita af þessum fundi, sérstaklega sökum þess að sendiherra Íslands í London hafi verið kallaður til, en hún kynni ekki skýringar á því að henni hafi ekki verið greint frá þessu. Hún sagðist ekki hafa vitað um bréfaskipti íslenskra og breskra stjórnvalda vegna Icesave reikninganna og heldur ekki um hvað borið hafi í milli í viðræðum um flutning þeirra úr útibúi Landsbanka Íslands hf.

Varðandi lið 2 í ákæru ítrekaði Ingibjörg það, sem áður greinir, að málefni bankanna hafi mikið verið rædd í ríkisstjórn. Sagði hún að þetta hafi verið almennt umræðuefni í samfélaginu, þar sem fjallað hafi verið mikið um skuldatryggingarálag bankanna, erfiðleika þeirra við að fá erlend lán, gjaldeyrisvarasjóðinn og að honum væri ætlað að byggja upp varnir fyrir bankana. Málefni bankanna hafi oft komið

óformlega til umræðu í ríkisstjórn og ekki aðeins undir liðnum önnur mál, heldur einnig í tengslum við aðra dagskrárliði. Staða bankanna hafi verið rædd sem vandamál og hafi ríkisstjórnin allt árið 2008 velt fyrir sér málefnum bankanna og vanda þeirra á alþjóðlegum mörkuðum. Hafi verið rætt hvað mætti gera til þess að minnka bankakerfið og hvernig mætti styrkja varnirnar. Hún kvaðst á hinn bóginn telja að aldrei hafi verið rætt á ríkisstjórnarfundi um málefni einstakra banka.

Aðspurð um fund ríkisstjórnarinnar 18. mars 2008, þar sem samgönguráðherra tók upp umræðu um stöðu efnahagsmála, sagði Ingibjörg að ef til vill hefði mátt taka málefni bankanna meira upp með formlegum hætti. Á hinn bóginn hafi starfað sérstakur ríkisfjármálahópur, þar sem tveir ráðherrar frá hvorum stjórnarflokki hafi átt sæti ásamt sérfræðingum frá forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, og hafi þessi mál verið rædd þar.

Ingibjörg sagðist ekki minnast þess að yfirlýsing þriggja ráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs frá 16. maí 2008 hafi verið kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar sama dag, þar sem greint var frá gjaldmiðlaskiptasamningum bankanna. Yfirlýsingin hafi ekki verið lögð fram á fundinum og hafi það líklega verið sökum þess að efni hennar hafi verið talið viðkvæmt. Nánar aðspurð um hvaða efni hafi verið viðkvæmt í yfirlýsingunni sagði hún að það hafi verið annars vegar að seðlabankinn myndi grípa til aðgerða til að draga úr stærð bankakerfisins og hins vegar ákvæði um kjaramál. Hún mundi ekki hvort þessi yfirlýsing hafi borist í tal eða málefni bankanna á ríkisstjórnarfundi 23. sama mánaðar, þar sem lagt var fram frumvarp til laga um heimild til erlendrar lántöku ríkisins.

Ingibjörg kvaðst ekki muna hvers vegna viðskiptaráðherra hafi lagt fyrir fund ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 tillögu um skipun nefndar um fjármálastöðugleika, en leiddi getum að því að hann hafi viljað færa stjórn á þessum málum undir viðskiptaráðuneytið.

Aðspurð um gagnrýni, sem viðskiptaráðherra bar upp á fundi ríkisstjórnarinnar 3. október 2008 sökum þess að hann hafi ekki verið hafður með í ráðum um málefni Glitnis banka hf., vísaði Ingibjörg til þess að hún hafi vegna alvarlegra veikinda verið komin á sjúkrahús í New York þegar það mál kom upp. Ákærði hafi sagt henni 26. september 2008 að vandamál væru uppi í bankakerfinu. Tveimur dögum síðar hafi hún frétt að fundir stæðu yfir vegna stöðu bankanna og væri enginn fulltrúi Samfylkingarinnar viðstaddur. Hún hafi því hringt í ákærða, sem hafi sagt henni frá

málinu og beðið hana um að senda staðgengil sinn til funda. Hún hafi þessu næst hringt í iðnaðarráðherra vegna reynslu hans af störfum í ríkisstjórn og falið honum þetta verk, en hún hafi þá haft það eitt í huga að koma þessu verkefni í annars hendur. Hún neitaði því að hafa sagt við iðnaðarráðherra að ekki þyrfti að hafa samband við viðskiptaráðherra, en í samtalinu við iðnaðarráðherra hafi hann sagst ekki vita nægilega mikið um bankamál og hafi hún því sent aðstoðarmann viðskiptaráðherra honum til halds og trausts.

Í tilefni af umræðu um innstæðutryggingar á fundi ríkisstjórnarinnar 5. október 2008 var Ingibjörg spurð hvort hún minntist þess að rætt hafi verið um þær á öðrum ríkisstjórnarfundum. Sagði hún að það hafi verið gert og hafi þau mál einnig verið rædd á þingflokksfundi.

5

Vitnið Jóhanna Sigurðardóttir, sem var félagsmálaráðherra í ríkisstjórn ákærða frá 24. maí 2007 til 1. febrúar 2009, bar fyrir dómi að hún hafi fyrst talið sig sjá merki um hættu varðandi fjármálastöðugleika á árinu 2006 vegna umfjöllunar greiningarfyrirtækja, sem hún hafi talið nauðsynlegt að fá upplýsingar um. Hún hafi því borið upp fyrirspurnir á Alþingi um stöðuna og fengið þau svör að allt væri í stakasta laga. Á árinu 2008 hafi síðan komið upp mikill vandi á alþjóðamörkuðum. Reynt hafi verið að taka á því með margvíslegum hætti og teldi hún ákærða hafa gert allt, sem í hans valdi stóð til að bregðast við því, meðal annars með því að styrkja gjaldeyrisvaraforðann.

Jóhanna kvaðst fyrst hafa heyrt um samráðshóp stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað á árinu 2006 í svörum við fyrirspurnum sínum á Alþingi. Hún hafi næst heyrt samráðshópsins getið á árinu 2008 og taldi hún að það hafi gerst í þau skipti, sem mál af þessum toga hafi verið rædd í ríkisstjórn. Að öðru leyti hafi hún ekki þekkt til hópsins eða haft afskipti af honum nema að því leyti, sem snert hafi félagsmálaráðuneytið, en fulltrúar þess hafi farið á fund hópsins, sem hafi hvatt til aðgerða til að endurskipuleggja bankalán í gegnum Íbúðalánasjóð. Hún kvað það ekki hafa verið rætt við sig hvort hópnum hafi verið ætlað að vinna að aðgerðaáætlun vegna hugsanlegs fjármálaáfalls. Hópurinn hafi verið nefndur á ríkisstjórnarfundum og þess getið að hann væri að skoða ýmis viðbrögð við því ástandi, sem hafi verið uppi á þessum tíma. Hún sagðist ekki vita hvort viðbragðsáætlun vegna fjármálaáfalls hafi verið til þegar vandamál Glitnis banka hf. komu upp í lok september 2008. Hún hafi heyrt af því í ágúst eða september 2008 að einhver slíkur

undirbúningur stæði yfir, en að öðru leyti hafi hún ekki vitað af vanda bankanna fyrr en á hann reyndi. Hún sagði aðspurð að það hafi ekki verið rætt við sig að hætta væri á að allir bankarnir myndu falla ef einn þeirra færi á hliðina.

Jóhanna kvaðst ekkert hafa vitað um aðgerðir til að þrýsta á bankana til að minnka efnahagsreikning sinn eða flytja höfuðstöðvar sínar úr landi og tók hún fram að hún vissi ekki heldur hvernig það hefði átt að vera hægt á þessum tíma. Hún sagðist heldur ekki hafa vitað til þess að mat hafi verið lagt á þá hættu, sem hafi leitt af stærð og útrás bankakerfisins, en hún hafi treyst á eftirlitsstofnanir ríkisins í þeim efnum. Hún kvaðst hafa tekið mark á mati Seðlabanka Íslands í riti um fjármálastöðugleika frá 8. maí 2008 og talið að annað yrði ekki séð en að allt væri í lagi, en ef þörf yrði á einhverri viðbúnaðaráætlun þá yrði hún gerð þar.

Jóhanna sagðist ekki geta skýrt það frekar hvað falist hafi í ummælum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 um að tryggja ætti að fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið og að útrásarfyrirtæki sæju sér áfram hag í því að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Í hennar huga hafi það ekki verið stefna ríkisstjórnarinnar að styðja við áframhaldandi vöxt bankakerfisins. Rætt hafi verið um hvort ástæða væri til að bankarnir flyttu úr landi, en ekki hafi verið taldar raunverulegar forsendur fyrir því.

Jóhanna kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um að Landsbanki Íslands hf. hafi tekið við innlánnum á Icesave reikninga í Hollandi fyrr en á síðari hluta ársins 2008. Hún minntist þess ekki að Icesave reikningar hafi komið til umræðu í ríkisstjórn fyrir hrun bankanna.

Aðspurð sagðist Jóhanna ekki hafa leitt hugann að því hvort málefni bankanna kunní að hafa verið rædd í þrengri hópi ráðherra eða milli forsætisráðherra og utanríkisráðherra, en hún hefði talið eðlilegt að oddvitar stjórnarflokkanna ræddu þetta og einnig þeir ráðherrar, sem fóru með málaflökkinn. Henni hafi ekki verið kunnugt um neina fundi í því sambandi.

Jóhanna sagðist hafa heyrt af því að flutningur á Icesave reikningum úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi til dótturfélags þar í landi hafi verið til skoðunar í bankanum og hjá Fjármálaeftirlitinu. Hún hafi einnig frétt af áformum viðskiptaráðherra um að fara til fundar við breska fjármálaráðherrann, en að öðru leyti hafi hún ekki þekkt til þessara mála eða hvort ákærði hafi látið þau til sín taka. Hún minntist þess ekki að rætt hafi verið í ríkisstjórn að hætta gæti stafað af þessum

innlánsreikningum vegna skuldbindinga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Jóhanna kvað bókanir um fundi ríkisstjórnar ákærða hafa verið með svipuðum hætti og áður hafi tíðkast. Almennt hafi verið bókað um lagafrumvörp og þau mál, sem ráðherrar hafi lagt fram, svo og hvernig málin hafi verið afgreidd. Fundargerðir ríkisstjórnarinnar hafi verið sendar með reglubundnum hætti til ráðherranna. Aðspurð hvað gætu talist vera mikilvæg stjórnarmálefni sagði Jóhanna að það væri mat hvers og eins ráðherra hvaða mál hann tæki upp í ríkisstjórninni. Staðan, sem hafi verið uppi á árinu 2008, og ógnin, sem stafaði af lausafjárskorti, hafi verið tekin upp nokkrum sinnum á fundum ríkisstjórnarinnar. Þannig hafi gjaldmiðlaskiptasamningar verið ræddir á ríkisstjórnarfundi, gjaldeyrisforðinn og tillaga viðskiptaráðherra um fjármálastöðugleikanefnd. Stundum hafi málin verið tekin upp af öðrum ráðherrum undir liðnum önnur mál, en á þessum tíma hafi sjaldan verið bókað um það, sem þannig hafi verið rætt. Aðspurð hvort staða bankanna hafi komið til umræðu í þessum tilvikum sagði Jóhanna að á fyrri hluta árs 2008 hafi staðan í efnahagsmálum almennt verið rædd, hrun á hlutabréfamarkaði og fleira. Hún minntist þess ekki hvort umræða um stöðu efnahagsmála, sem samgönguráðherra efndi til á fundi ríkisstjórnarinnar 18. mars 2008, hafi verið tekin upp undir liðnum önnur mál.

Jóhanna var spurð um ríkisstjórnarfund 16. maí 2008, þar sem ákærði kynnti gjaldmiðlaskiptasamninga Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, og hvort hún þekkti til yfirlýsingar, sem gerð hafi verið í tengslum við þá. Hún kvaðst hafa verið kölluð á fund daginn áður með ákærða, utanríkisráðherra og formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands, þar sem henni hafi verið tjáð að erlendu seðlabankarnir hafi sett nokkur skilyrði fyrir sammingsgerðinni og að eitt þeirra sneri að Íbúðalánasjóði. Hún hafi verið spurð hvort hún gerði athugasemdir við þetta og hvort félagsmálaráðuneytið myndi fylgja þessu eftir. Henni hafi þótt sjálfsagt að verða við þeirri beiðni, enda hafi vinna við þetta þegar verið hafin í ráðuneytinu vegna tilmæla frá Eftirlitsstofnun EFTA. Hún hafi vikið af fundinum eftir að hafa veitt þessi svör og á næsta ríkisstjórnarfundi hafi gjaldmiðlaskiptasamningarnir verið kynntir.

Jóhanna sagðist telja að viðskiptaráðherra hafi borið upp tillögu um skipun nefndar um fjármálastöðugleika á ríkisstjórnarfundi 12. ágúst 2008 til að styrkja samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað með einhverjum hætti. Tillagan hafi verið rædd og minnti hana að afgreiðslu málsins hafi verið frestað.

Jóhanna taldi að rætt hafi verið í fyrsta sinn um málefni einstakra banka í ríkisstjórn á fundi 30. september 2008 þegar mál vegna Glitnis banka hf. voru borin þar upp. Hún gat þess að formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi komið á fundinn og greint frá því að hann teldi bankakerfið vera að hrynja. Hann hafi verið í miklu uppnámi og nefnt að setja þyrfti þjóðstjórn. Hún taldi það ekki hafa gerst áður að formaður bankastjórnarinnar hafi gert ríkisstjórninni grein fyrir stöðu íslenska bankakerfisins. Þá kvaðst Jóhanna telja að staða bankanna í heild hafi í fyrsta skipti verið rædd á formlegan hátt á ríkisstjórnarfundum 3. október 2008. Hún sagðist ekki vita ástæðu þess að viðskiptaráðherra hafi ekki verið hafður með í ráðum um málefni Glitnis banka hf. Hún hafi rætt við ákærða um helgina, sem þetta gerðist. Hann hafi sagt henni lauslega frá því að verið væri að skoða bankana og minnti hana að Glitnir banki hf. hafi verið nefndur sérstaklega. Utanríkisráðherra hafi tilnefnt iðnaðarráðherra sem fulltrúa Samfylkingarinnar í þessu efni og hafi henni þótt það sérkennilegt að viðskiptaráðherra hafi ekki verið fengið þetta verk. Hún hafi því haft samband við hann um kvöldið og hafi hann þá ekki vitað um þetta.

Aðspurð hvort innstæðutryggingar hafi í fyrsta sinn verið ræddar á fundi ríkisstjórnarinnar 5. október 2008 sagðist Jóhanna minnst umræðu um að viðskiptaráðherra vildi bæta innstæðutryggingakerfið, en menn hafi óttast að hreyfa við löggjöf um það. Hún taldi að þetta hafi ekki verið rætt á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Þá sagðist hún halda að undirbúningur að frumvarpi, sem varð að lögum nr. 125/2008, hafi ekki komið til kasta ríkisstjórnarinnar fyrr en á fundi hennar 6. október 2008.

6

Vitnið Össur Skarphéðinsson, sem var iðnaðarráðherra í ríkisstjórn ákærða frá 24. maí 2007 til 1. febrúar 2009, sagðist fyrir dómi ekki hafa gert sér grein fyrir því að íslenska bankakerfinu og ríkissjóði hafi verið búin hætta á því tímabili, sem ákæra í málinu tekur til. Á þessum tíma hafi verið almenn ánægja með ganginn hjá bönkunum. Þegar dregið hafi að páskum 2008 hafi lánshæfiseinkunnir bankanna lækkað og umræður orðið um hugsanlegan lausafjárskort þeirra, sem hafi vakið óróa hjá ýmsum. Einnig hafi borist fregnir af því að bönkunum hafi ekki vegnað vel í viðleitni til að afla sér gjaldeyris erlendis. Þegar liðið hafi fram á vorið hafi menn orðið rórri, fyrst og fremst vegna umræðna um nauðsynleg viðbrögð, þar á meðal um að efla gjaldeyrisfordann, sem svo hafi verið gert. Þá hefði einnig komið út skýrsla

um fjármálastöðugleika frá Seðlabanka Íslands í maí 2008 og hafi hún verið túlkuð þannig í fjölmiðlum og af stjórnámálamönnum að staðan væri í lagi.

Össur kvaðst hafa heyrt um samráðshóp stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað á ríkisstjórnarfundum fyrir páska 2008. Þetta hafi komið til af því að hann hafi spurt ákærða hvernig stæði á því að nýráðinn efnahagsráðgjafi ríkistjórnarinnar gæti tekið sér orlof við slíkar aðstæður, sem þá voru uppi. Ákærði hafi þá greint sér frá því að það væri viðbragðshópur að störfum til að fylgjast með málum og undirbúa viðbrögð, svo og að ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu leiddi hópinn. Össur sagðist hafa talið þennan hóp eiga að gera viðbragðsáætlanir og fylgjast með, enda væri þetta sameiginlegur farvegur sérfræðinga úr ýmsum ráðuneytum, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu. Aðspurður hvort hann vissi til þess að viðbragðsáætlun hafi verið til þegar á reyndi sagðist Össur ekki minnst þess að hafa verið viðstaddur umræðu um þetta fyrir en hamfarirnar dundu yfir og hafi þá komið fram að einnig væri unnið að slíku í seðlabankanum.

Össur svaraði neitandi spurningu um hvort hann vissi um einhverjar aðgerðir til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins, sem ríkisstjórnin eða ákærði hafi gripið til á tímabilinu frá febrúar til október 2008, og bætti því við að hann hafi ekki enn hitt mann, sem gæti bent á hvað hefði verið hægt að gera á þessum tíma. Aðspurður sagðist hann ekki vita hvort gert hafi verið mat á þeirri hættu, sem fólst í útrás bankakerfisins, og minntist hann þess ekki að slíkt hafi komið til umræðu í ríkisstjórn.

Össur var spurður hvort umræður, sem hann gat um í kringum páskana 2008, hafi verið með þeim hætti að talið hafi verið að ef einn af stóru bönkunum félli myndu hinir fylgja með. Hann bar að sér hafi aldrei komið til hugar að einn banki myndi rúlla og hafi það þá heldur ekki verið nefnt að ef einn banki rúllaði myndu hinir gera það líka. Þetta hafi ekki heldur komið fram þegar fjallað hafi verið um málefni Glitnis banka hf., en hann hafi verið kvaddur af þeim sökum á fund í Seðlabanka Íslands 28. september 2008. Þar hafi hann gengið sérstaklega eftir því hvaða áhrif ráðstafanirnar, sem þar hafi verið rætt um, myndu hafa á aðra banka. Hann hafi verið fullvissaður um að þeir myndu lifa það af. Nánar aðspurður um hver hafi fullvissað hann um þetta sagðist Össur hafa fengið samhljóða svar um þetta þrívægis. Í fyrsta lagi hafi formaður bankastjórnar seðlabankans haft þetta eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra í Landsbanka Íslands hf., frá fundi deginum áður, í annan stað hafi nafngreindur starfsmaður Fjármálaeftirlitsins staðfest að Sigurjón hafi látið þessi orð falla og í þriðja lagi hafi formaður bankastjórnar seðlabankans í tilefni af fyrirspurn Össurar

hringt í Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra í Landsbanka Íslands hf., og hafi hann einnig staðfest þetta.

Aðspurður um það, sem kom fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 23. maí 2007 um að tryggja ætti að útrásarfyrirtæki sæju sér hag í því að hafa höfuðstöðvar á Íslandi, sagðist Össur ekki vita til að þetta hafi verið rætt við myndun hennar. Ekki hafi heldur verið rætt um að ríkisstjórnin hygðist styðja við áframhaldandi vöxt bankakerfisins. Á þessum tíma hafi flestir verið glaðir yfir því að bankarnir væru stórir og hafi þeir verið taldir sterkir, sem hafi þótt mikill happafengur fyrir skattkerfið.

Aðspurður hvort hann hafi vitað til þess að stjórnvöld hafi beitt sér fyrir því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða flyttu úr landi kvaðst Össur minnst þess að nafngreindur þingmaður í stjórnarandstöðu hafi borið upp hugmynd um að flytja bankana úr landi á árinu 2007 og hafi fáir talið sig hafa heyrt fjarstæðari hugmynd þá. Hann kvaðst hafa vitað af því að ákærði og utanríkisráðherra hafi hist reglulega á þessum tíma, en honum væri ekki kunnugt um að þau hafi þar sérstaklega rætt um samdrátt bankakerfisins.

Össur kvaðst enga vitneskju hafa haft um innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. í Hollandi, sem hófst 29. maí 2008. Þá sagðist hann hafa vitað það eitt um Icesave reikninga bankans í Bretlandi að íslenskur fjölmiðill hafi talið þá vera einhverja bestu viðskiptahugmynd allra tíma og hafi hann ekki heyrt af hugmyndum um flutning þeirra úr útibúi bankans til dótturfélags fyrr en eftir hrun bankakerfisins. Hann hafi ekki heyrt af því í viðræðum við ákærða eða aðra ráðherra að hætta gæti stafað af þessum reikningum fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Össur var spurður hvaða stjórnarmálefni hafi verið rædd á ríkisstjórnarfundum á því tímabili, sem ákæra tekur til, og kvað hann það hafa verið allt milli himins og jarðar. Mál, sem ráðherrar hafi talið rétt að færa fram, hafi verið rædd, en fyrst og fremst atriði eins og nýmæli í löggjöf og pólitísk stefnumörkun á einstökum sviðum. Hann sagðist minnst þess að málefni bankanna hafi verið rædd, en hann hafi í febrúar 2008 óskað eftir umræðu í ríkisstjórninni um stöðuna í efnahagsmálum og hjá bönkunum undir liðnum önnur mál. Aðspurður hvort honum hafi þótt vanta umræðu í ríkisstjórninni um þetta sagði hann að það hafi verið fregnir um að skort hafi gjaldeyri í bönkunum og hafi hann talið rétt að málið yrði rætt á ríkisstjórnarfundum. Hann minnti að hann hafi þar spurt hvort sambandið milli ríkisstjórnar og forystu seðlabankans væri nógu gott og hafi ákærði vísað því til formanns Samfylkingarinnar, sem hafi

sagst hafa verið viðstödd samtöl ákærða við forystu seðlabankans og hafi Ingimundur Friðriksson verið nefndur í því sambandi. Hann kvaðst hafa borið þetta upp á fundinum sökum þess að hann hafi þótt vita að þetta málefni hafi verið rætt milli ráðherra og forystumanna stjórnarflokkanna og talið að hann ætti að vera upplýstur um þá umræðu. Málefni bankanna hafi annars frekar komið upp í umræðu á ríkisstjórnarfundum um aðra dagskrárliði, svo sem um efnahagsmál, heldur en undir liðnum önnur mál.

Össur lýsti því að á ríkisstjórnarfundum 18. mars 2008 hafi samgönguráðherra óskað eftir umræðu um stöðu efnahagsmála og hafi þetta verið annað af tveimur skiptum, sem hann myndi eftir að málin hafi verið rædd. Hann minnti að samgönguráðherra hafi þar rætt um stöðu kjarasamninga og af því hafi spunnist umræður um gengi íslensku krónunnar og fleira, sem hafi væntanlega varðað gjaldeyrisskort. Aðspurður sagðist hann ekki muna hvort málefni bankanna hafi verið rædd þar, en hann teldi það ekki ólíklegt.

Aðspurður um fund ríkisstjórnarinnar 16. maí 2008, þar sem greint var frá gjaldmiðlaskiptasamningum Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, sagði Össur að yfirlýsing, sem þeim tengdist, hafi ekki verið kynnt á fundinum og hafi hann ekkert heyrt af henni. Hann minntist þess ekki að rætt hafi verið um málefni bankanna í tengslum við þetta. Gegndi því sama um ríkisstjórnarfund 23. maí 2008, þar sem fjallað var um frumvarp til laga um heimild ríkisins til erlendrar lántöku.

Össur kvaðst telja að rætt hafi verið í fyrsta sinn um málefni einstakra banka á fundum ríkisstjórnarinnar 30. september 2008, þegar fjallað var um mál Glitnis banka hf. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi komið á þann fund og sagt að tillagan, sem hann hafi gert tveimur dögum áður á fundum út af Glitni banka hf., gengi ekki upp. Formaðurinn hafi greint frá viðbrögðum markaðarins, að lánsþæfiseinkunnir tiltekins banka hafi lækkað og lánalínur væru að þorna upp. Hann hafi farið vel völdum orðum um þá, sem hann hafi talið valda þessu, og lýst þeirri skoðun að efla þyrfti efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra af þessum sökum. Hann hafi einnig lýst þeirri skoðun að setja ætti ríkisstjórnina af og koma á þjóðstjórn. Össur kvað þetta vera fyrsta skipti, sem formaður bankastjórnarinnar hafi komið á fund ríkisstjórnarinnar til að gera grein fyrir stöðu bankakerfisins.

Aðspurður um fund ríkisstjórnarinnar 3. október 2008 sagði Össur að það hafi verið fyrsti fundurinn, sem hafi fyrst og fremst snúist um stöðu bankakerfisins. Þetta

málefni hafi á hinn bóginn verið rætt milli ráðherra í vikunni á undan. Vegna gagnrýni, sem viðskiptaráðherra bar upp á fundinum út af því að hann hafi ekki verið hafður með í ráðum um málefni Glitnis banka hf., sagðist Össur hafa komið að þessu á þann hátt að utanríkisráðherra hafi í símtali 28. september 2008 óskað eftir að hann færi rakleitt til fundar í Seðlabanka Íslands sökum þess að Glitnir banki hf. væri fallinn. Hann hafi svarað því til að hann hefði ekki mikinn áhuga á þessu, auk þess sem aðrir væru betur hæfir til að fjalla um þetta. Utanríkisráðherra hafi þá sagt að með honum færi aðstoðarmaður viðskiptaráðherra og hafi Össur spurt á móti hvort hann ætti ekki að hafa viðskiptaráðherra með sér, sem utanríkisráðherra hafi neitað. Utanríkisráðherra hafi ekki talið rétt að láta nokkurn vita um málið að svo stöddu og hafi viðskiptaráðherra verið þar með talinn. Össur kvaðst því hafa verið eini ráðherrann í sínum flokki að utanríkisráðherra frátalinni, sem þá hafi verið kunnugt um þessa atburði. Þegar liðið hafi á þetta kvöld hafi verið búið að leggja málið niður og hafi þurft að taka ákvarðanir. Formaður bankastjórnar seðlabankans hafi spurt hvort ráðherrar, sem þar voru staddir, hefðu umboð til þess og hafi ákærði sagst hafa það fyrir sinn flokk. Það hafi Össur á hinn bóginn ekki haft og hafi hann og aðstoðarmaður viðskiptaráðherra í framhaldi af því skipt með sér verkum við að ræða símleiðis við ráðherra Samfylkingarinnar. Ekki hafi tekist að ná í einn ráðherra, en að öðru leyti hafi legið fyrir að þeir hefðu umboð flokksins.

Aðspurður hvort rætt hafi verið í fyrsta sinn um innstæðutryggingar á fundi ríkisstjórnarinnar 5. október 2008 sagðist Össur telja að þær hafi komið til umræðu fyrir í sömu viku á fundi, sem haldinn hafi verið í ráðherrabústaðnum. Þá kvað hann frumvarpið, sem varð að lögum nr. 125/2008, hafa fyrst komið til umræðu í ríkisstjórn 6. sama mánaðar.

Össur var spurður sérstaklega að því hvort hugsast gæti að málefni bankanna hafi verið rædd í tengslum við tiltekna aðra dagskrárliði á ríkisstjórnarfundum 15. apríl, 23. maí, 22. júlí, 12. ágúst og 15. ágúst 2008. Hann kvað það vera hugsanlegt og teldi hann að í einhverjum þessara tilvika hafi það örugglega verið gert.

Össur kvað venjur um dagskrá og ritun fundargerða á fundum ríkisstjórnarinnar vera á þann veg að ráðherrar hafi allt þar til stundarfjórðungi fyrir upphaf fundar getað tilkynnt um mál, sem þeir vildu fá tekin á dagskrá. Um önnur mál hafi ekki verið lagðar fram skriflegar tillögur og hafi þau getað verið af ýmsum toga. Bókanir um þau hafi verið ákaflega óljósar.

Vitnið Tryggvi Þór Herbertsson, sem gegndi starfi efnahagsráðgjafa forsætisráðherra frá 1. ágúst til 15. október 2008, bar fyrir dómi að sér hafi verið greint frá því þegar hann var tekinn til starfa að til væri samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Upp frá því hafi hann fengið upplýsingar um það, sem gerðist á fundum hópsins, með því að ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu hafi að þeim loknum hitt sig og ákærða, ýmist saman eða hvorn fyrir sig, og farið yfir fundarefnin. Tryggvi kvaðst hafa litið svo á að samráðshópurinn væri vettvangur til upplýsingaskipta, en þaðan hafi komið hugmyndir, sem hafi skipt sköpum þegar bankakerfið hrundi, þar á meðal um að veita ætti kröfum um innstæðufé forgangsrétt við slit fjármálafyrirtækja. Frá þessu hafi ráðuneytisstjórinn greint sér og hafi hann að auki fengið skriflega greinargerð um þessa hugmynd.

Tryggvi kvaðst hafa verið staddur í Bandaríkjunum ásamt ákærða síðla í september 2008 þegar sá síðarnefndi hafi fengið símtal, þar sem greint hafi verið frá því að Glitnir banki hf. ætti við lausafjárvanda að etja og að staðan væri alvarleg. Þeir hafi af því tilefni flýtt heimför sinni um einn dag. Eftir heimkomu hafi þeir átt fund með formanni stjórnar Glitnis banka hf., sem hafi sagt þeim að hann hafi leitað til Seðlabanka Íslands um lausafjáfyrirgreiðslu, sem hafi numið að því er Tryggva minnti 600.000.000 evrum, vegna skuldar bankans, sem væri á gjalddaga um miðjan október. Fundur hafi verið haldinn í fjármálaráðuneytinu 28. september 2008, sem Tryggvi hafi sótt ásamt ákærða, ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu og bankastjórn seðlabankans, og hafi þar verið farið yfir leiðir til að leysa vanda Glitnis banka hf., þar á meðal að setja nýtt hlutafé inn í félagið og þynna út hluti þáverandi hluthafa. Frekari fundir hafi svo staðið yfir þennan dag og langt fram eftir nóttu. Þangað hafi margir komið, meðal annarra embættismenn, stjórnámálamenn og menn úr bankakerfinu, og gat Tryggvi þess aðspurður að meðal þeirra hafi verið ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu og aðstoðarmaður viðskiptaráðherra. Hann minntist þess ekki að óskað hafi verið eftir því að samráðshópurinn kæmi saman af þessu tilefni. Tryggvi sagði að sér hafi líkað illa við þá leið, sem farin var með Glitni banka hf., en tillagan um hana hafi komið frá seðlabankanum. Hann hafi bent mönnum á að með því að þynna út hluti hluthafa myndu Stoðir hf., stærsti eigandi Glitnis banka hf., falla og í kjölfarið myndu allir bankarnir og stóru eignarhaldsfélögin gera það líka. Menn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þessi aðgerð gæti haft. Hann kvaðst hafa greint ákærða frá þessari skoðun sinni.

Tryggvi kvaðst telja að bankastjórar Seðlabanka Íslands hafi verið búnir undir atvik sem þessi og nefndi því til stuðnings að sýndir hafi verið útreikningar á því hvað hlutabréf myndu lækka mikið við aðgerðir í tengslum við Glitni banka hf. Hafa yrði í huga að bankakreppa gæti komið upp á marga mismunandi vegu og ekki væri hægt að leggja fyrir eina áætlun, heldur yrði að styðjast við grófa hugmynd, sem yrði að útfæra hverju sinni. Á þessum tíma hafi menn þó ekki gert sér grein fyrir því hversu mikil krosseignatengslin og krossveðin væru, þótt upplýsingar um þetta hefðu átt að liggja fyrir í Fjármálaeftirlitinu, en að þeim hafi embættismenn og seðlabankinn ekki haft aðgang. Tryggvi kvaðst hafa á hinn bóginn þekkt þetta vegna fyrri starfa sinna.

Tryggvi greindi frá því að 5. október 2008 hafi komið upp umræða um hvernig farið yrði með greiðslumiðlun í landinu ef bankarnir féllu. Mönnum hafi verið kunnugt um þetta vandamál og undir það búnir vegna þeirrar sérstöðu, sem Reiknistofa bankanna nyti hér á landi. Á hinn bóginn hafi ekki legið fyrir hvernig erlendri greiðslumiðlun yrði háttað. Hann hafi því lagt til að rætt yrði við ráðgjafa frá bankanum J.P. Morgan, sem hafi verið við störf hér, og hafi sá banki verið fenginn til að annast erlenda greiðslumiðlun fyrir Ísland til að byrja með. Tryggvi kvaðst telja að menn hafi ekki verið búnir að velta þessu fyrir sér áður en hann hafi tekið til sinna ráða þennan dag.

Undir Tryggva voru borin ummæli hans í framlögðu endurríti af skýrslu, sem hann gaf fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, um að vinna í samráðshópnum hafi ekki verið traustvekjandi, því þar hafi setið fólk með engan skilning á kerfinu og að efnahagslífið yrði ekki sundurgreint frá fjármálakerfinu. Einnig voru borin undir hann ummæli í sömu skýrslu um að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi alltaf verið sá „sem hljóp á eftir reiðhjólinu og setti spýtu inn í teinana í öllum málum“ í samráðshópnum. Staðfesti Tryggvi að hann hafi látið þessi orð falla.

Varðandi lið 1.4 í ákæru greindi Tryggvi frá því að eitt fyrsta verkið, sem ákærði hafi falið honum eftir að hann tók til starfa sem efnahagsráðgjafi, hafi verið að reyna að koma á breytingum á bankakerfinu, en í því skyni hafi hann rætt við bankastjóra og helstu eigendur íslensku bankanna. Hann hafi unnið að þessu alla fyrstu vikuna í ágúst og reynt að koma í framkvæmd hugmyndum um að minnka bankakerfið með því að sameina Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf., taka íslensku útibúin úr öðrum bankanum og færa inn í Byr sparisjóð og flytja alla norræna starfsemi til dótturfélags Kaupþings banka hf. í Danmörku. Einnig yrði reynt að selja eins mikið af eignum og unnt væri, þótt þetta hafi verið erfiður tími til að gera slíkt.

Þá hafi verið ráðgert að ríkið gæfi út skuldabréf í evrum, sem bankarnir fengju í hendur, en í staðinn myndi ríkið fá öll íbúðarlán, sem yrðu tekin með afföllum. Hann kvaðst hafa í þessum efnum verið í nánú samstarfi við formenn stjórna Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf. Fyrirstaða hafi verið hjá eigendum Glitnis banka hf., en á endanum hafi þó mestu skipt að aðaleigandi Landsbanka Íslands hf. hafi ekki viljað þetta. Til umræðu hafi þó komið að gera þetta ef síðarnefnda bankanum hentaði á þriðja eða fjórða ársfjórðungi 2008. Tryggvi kvað þessa afstöðu hafa komið sér á óvart, en hann hafi trúað að þetta væri verðug tilraun. Hann taldi að engu hefði breytt að hefja þessa tilraun fyrr, enda hefðu forsvarsmenn bankanna þá að öllum líkindum verið fastari fyrir. Yrði að hafa í huga að stjórnvöld hafi ekki haft boðvald yfir þessum fyrirtækjum og einungis getað beitt tiltali og bent á hættunar. Hann kvaðst ekki kannast við það úr fyrra starfi sínu sem forstjóri fjárfestingarbanka að þrýst hafi verið á bankana að selja eignir fyrr á árinu 2008. Á fundi ráðamanna með fulltrúum fjármálafyrirtækja á fyrri hluta ársins hafi aðallega verið rætt um hvernig stjórnvöld gætu stækkað gjaldeyrisvarasjóðinn og veitt bönkunum aðgang að meiri gjaldeyri. Tryggvi kvaðst hafa haft pata af fyrirætlunum um að skipta starfsemi Kaupþings banka hf. milli landa, en ekki hafi hann vitað hvernig ætti að framkvæma það.

Tryggvi kvaðst telja að fara yrði aftur til júlí 2007 til að finna tíma, þegar bankarnir hafi átt góða möguleika á að selja eignir. Á árinu 2008 hafi vissar eignir verið orðnar verðlausar og erfitt að selja aðrar fyrir meira en hrakvirði. Hafi því verið óraunhæft að selja eignir til að minnka efnahagsreikning bankanna, en þó hefði verið unnt að selja dótturfélög í heilu lagi og hafi einkum verið hugað að því síðsumars 2008. Mjög erfitt hafi verið að selja eignasöfn og lánasöfn, en tap við sölu á þeim hefði gengið á eigið fé bankanna og stefnt þeim í þrot.

8

Vitnið Jón Þór Sturluson kvaðst fyrir dómi hafa starfað sem aðstoðarmaður viðskiptaráðherra frá hausti 2007, en fram til þess tíma hafi hann átt sæti í bankaráði Seðlabanka Íslands sem fulltrúi Samfylkingarinnar og samhliða því verið efnahagsráðgjafi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Jón kvaðst hafa unnið náið með viðskiptaráðherra, ráðuneytið hafi verið lítið og verkefnin fjölbreytt. Hann sagðist hafa orðið vitni að fjölmörgum samtölum ráðherrans við ákærða gegnum síma, en þeir hafi einnig átt fundi og þá einkum í tengslum við ríkisstjórnarfundum, þar sem viðskiptaráðherra hugðist leggja fyrir mál. Aðspurður um samskipti viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra kvaðst Jón hvorki geta staðfest né hafnað því að þau hafi verið

andstæðingar, en hann hafi gegnt trúnaðarstörfum fyrir bæði og þekkti ekki dæmi þess að þau hefðu hallmælt hvoru öðru. Upplýsingar hafi borist milli þeirra með ýmsum hætti og kannaðist hann ekki við að fyrirkomulag á samskiptum ráðherra Samfylkingarinnar hafi komið þar að sök.

Um minnisblað vegna fundar, sem Jón sat með viðskiptaráðherra, utanríkisráðherra og formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins 15. janúar 2008, þar sem rætt var meðal annars um það vandamál í bankakerfinu að menn væru alltaf að lána sjálfum sér, sagði Jón að ætlunin hafi verið að skerpa á lögum þannig að unnt yrði að gera sér grein fyrir því hverjir væru raunverulegir hluthafar. Hann hafi talið að bankalán til eignarhaldsfélaga eins og þau hafi verið tíðkuð hér á landi væru vandamál, en hann hafi þó vanmetið umfang vandans. Hann og ráðherrann hafi rætt þetta við formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins og forstjóra þess í ýmsu samhengi og hafi staðið yfir undirbúningur að lagasetningu um þetta.

Aðspurður um skjal frá 15. júlí 2008 með fyrirsögninni „efnahagsstefna á krossgötum“ og fund með hagfræðingum, sem haldinn var 7. ágúst sama ár, sagði Jón að á þessum tíma hafi starfað sérstök ráðherranefnd um ríkisfjármál, þar sem átt hafi sæti ákærði, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Viðskiptaráðherra hafi ekki setið í nefndinni, enda hafi málefni hennar ekki verið á verksviði hans. Jón kvaðst á hinn bóginn hafa sótt fundi nefndarinnar sem ráðgjafi utanríkisráðherra. Skjalið frá 15. júlí 2008 hafi verið tekið saman í tengslum við fund, sem Landsbanki Íslands hf. hafi haldið með hagfræðingunum Willem H. Buiters og Anne C. Sibert, þar sem farið hafi verið yfir stöðu Íslands, bankakerfisins og peningamála. Hann hafi lagt til að utanríkisráðherra færi á fundinn og í framhaldi af honum hafi þau gert þessa samantekt, sem hafi síðan verið kynnt ákærða. Fundurinn 7. ágúst 2008 hafi verið haldinn af þessu tilefni og mætti ætla að þetta hafi einnig verið kveikjan að því að ákærði réði til starfa ráðgjafa á sviði efnahagsmála. Á þessum tíma hafi verið uppi hætta út af því að bankarnir hafi ekki verið búnir að tryggja fjármögnun sína og hafi þeir átt erfitt með að útvega erlent lánsfé um nokkurt skeið, en til lengdar gæti þetta haft mjög alvarleg áhrif á bankana. Jón kvaðst telja að sér hafi verið ljós merki um aðsteðjandi hættu frá ársbyrjun 2008, en framan af hafi hún ekki verið bráð, heldur vaxið smám saman fram að hausti.

Jón sagðist hafa verið viðstaddur einhverja fundi, þar sem viðskiptaráðherra hafi fengið munnlega skýrslu um störf samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Hann hafi ekki verið jafn vel inni í störfum hópsins og ráðherrann og hafi ekki haft

heildarsýn yfir þau. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við tregðu við að láta upplýsingar í té innan ráðuneytisins um það, sem fram kom í hópnum. Hann kannaðist við að mismunandi skoðanir hafi verið uppi innan samráðshópsins um hversu langt ætti að ganga í gerð viðbragðsáætlunar og að núningur hafi þar verið milli fulltrúa viðskiptaráðuneytisins og hinna ráðuneytanna. Með tillögu 12. ágúst 2008 um skipun nefndar um stöðugleika fjármálakerfisins hafi viðskiptaráðherra að einhverju leyti verið að bregðast við þeim annmörkum, sem hann hafi séð á störfum hópsins. Ljóst hafi þótt að samráðshópurinn hefði ekki mikil völd eða skyldur og að koma þyrfti betra formi á samstarfið, en ríkisstjórnin hafi verið á annarri skoðun.

Varðandi lið 1.4 í ákæru sagði Jón að í viðskiptaráðuneytinu hafi ekki beinlínis verið lagt mat á hættu af útrás bankakerfisins. Þar hafi á hinn bóginn margoft verið rætt um aðsteðjandi hættu og viðbrögð við henni, sem einnig hafi verið rætt við aðra, þar á meðal ákærða. Í þessu sambandi benti Jón á að í framhaldi af fundi utanríkisráðherra og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 hafi sér og ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu verið falið að taka saman tillögur um viðbrögð við aðstæðunum, sem uppi voru. Í tengslum við það hafi meðal annars verið rætt um heimild handa bönkunum til að gera reikninga sína í erlendum gjaldmiðli, innstæðutryggingar, húsnæðismarkaðinn og svokallaðan hlutfallsvanda, en hann hafi talið að eina lausnin á þeim vanda væri að gera Ísland að hluta af stærra myntsvæði. Niðurstaðan í þessum umræðum hafi orðið sú að róttækar yfirlýsingar gætu skaðað bankakerfið frekar en að koma því að gagni. Hann taldi að á þessum tíma hafi allir gert sér grein fyrir hættu á að allir bankarnir myndu falla ef einn þeirra félli. Ýmislegt hafi þó verið gert til að bregðast við ástandinu og hafi í viðskiptaráðuneytinu verið fengist við atriði, sem vörðuðu innstæðutryggingar og Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. Hann kvaðst einnig minnst þess að viðskiptaráðherra hafi átt samtöl við forstjóra Fjármálaeftirlitsins vegna Icesave reikninganna, en þetta mál hafi aðallega verið á verksviði þess. Aðspurður um aðgerðir af hendi stjórnvalda á árinu 2008 til að þrýsta á bankana til að þeir drægju úr stærð sinni benti Jón á að tekist hafi að koma í veg fyrir kaup Kaupþings banka hf. á hollenska bankanum NIBC, en hann teldi víst að afskipti Fjármálaeftirlitsins hafi leitt til þeirrar niðurstöðu. Sala á eignum hafi á hinn bóginn verið mjög erfið á þessum tíma og hefði krafa stjórnvalda um slíkt getað gert illt verra.

Um undirbúning frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008, bar Jón að í upphafi sumars 2008 hafi samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað falið

sérfræðingum, sem meðal annars hafi komið úr viðskiptaráðuneytinu, að gera drög að slíku frumvarpi. Honum hafi verið sagt frá þeirri vinnu, en hann hafi ekki tekið þátt í henni.

Í tengslum við lið 1.5 í ákæru var Jón inntur eftir því hvað hann hafi vitað um Icesave reikninga í erlendum útibúum Landsbanka Íslands hf. og aðgerðir stjórnvalda varðandi þá. Hann kvaðst hafa heyrt af þessu vegna starfa samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað, en eina skjalið, sem hann hafi fengið í þessu sambandi, hafi verið yfirlit um innlánaöfnun á þessum reikningum í janúar eða febrúar 2008. Hann sagðist ekki vita hvort ákærði hafi komið að þessu, en taldi að viðskiptaráðherra hafi rætt þetta við hann. Í viðskiptaráðuneytinu hafi menn staðið í þeirri trú að unnið væri að flutningi þessara reikninga úr erlendu útibúi bankans til dótturfélags, en í ágúst 2008 hafi komið í ljós að viðræðum um þetta við breska fjármálaeftirlitið miðaði ekki áfram. Stjórnendur bankans hafi af þessu tilefni leitað til stjórnvalda, en ráðuneytinu hafi einnig borist upplýsingar um þetta frá forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Hann sagðist hafa setið fund ásamt viðskiptaráðherra með bankastjórum Landsbankans Íslands hf. og hafi hann einnig hitt stjórnendur bankans í London stuttu fyrir fund með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008. Þeim fundi hafi verið komið á eftir samtöl, sem viðskiptaráðuneytið hafi átt við stjórnendur Landsbanka Íslands hf. og formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins, en grunur hafi komið upp um að afstaða breska fjármálaeftirlitsins ætti sér pólitískar rætur og hafi því þótt þörf á að taka á málinu á pólitíska sviðinu. Á fundinum hafi verið reynt að koma því skýrlega á framfæri að þótt rekstur bankans væri traustur þá væri lausafjárstöðu hans mikil hætta búin ef hann fengi ekki að stýra innri fjármögnun sinni eftir að Icesave reikningarnir yrðu fluttir til dótturfélags. Viðbrögð breska fjármálaráðherrans hafi verið mjög sérkennileg og valdið vonbrigðum. Stór íslensk sendinefnd hafi mætt til fundarins og hefði það átt að sýna hversu alvarlega málið væri tekið hér. Hann teldi ummæli erlenda ráðherrans um það gagnstæða hafa snúið að alþjóðlegum vanda, en ekki vanda Landsbanka Íslands hf. Íslensk stjórnvöld hafi gengið út frá því að minni hætta yrði á að bankinn yrði fyrir áhlaupi ef reikningarnir yrðu fluttir í erlent dótturfélag og hafi breski ráðherrann ekki áttað sig á þeim alvarleika málsins.

Vitnið Steingrímur J. Sigfússon, sem á árinu 2008 var alþingismaður og formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, kvaðst fyrir dómi hafa sannarlega talið sig sjá hættu vofa yfir íslensku fjármálakerfi og ríkissjóði frá febrúar til október

2008 og reyndar í nokkur ár þar á undan, en hann hafi lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar á árinu 2005 og hafi í greinargerð með henni reifað hættur, sem hann hafi talið vera að byggjast upp. Á árinu 2008 hafi hann talið hættu á að Ísland stefndi í þrot, einkum vegna ójafnvægis, hraðrar skuldasöfnunar ríkisins, ofvaxtar bankakerfisins og skuldasöfnunar heimila. Mörgum hafi verið ljóst að bankakerfið hafi um tíma staðið tæpt á árinu 2006 og hafi því verið óskiljanlegt að vitund manna um hættunna skyldi ekki hafa verið meiri. Þeir, sem hafi rætt um vandamál, hafi fengið litla áheyrn, ekki aðeins hjá stjórnvöldum heldur samfélaginu öllu. Sjálfur hafi hann þó ekki trúað því fyrr en í október 2008 að allt íslenska bankakerfið myndi hrynja.

Steingrímur sagðist hafa vitað að einhver hópur á borð við samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað væri til, en hann hafi sáralítið þekkt til starfa hópsins að öðru leyti en því að hann væri skipaður embættismönnum. Honum hafi verið kunnugt um áhyggjur innan Seðlabanka Íslands af stöðu mála, en bankinn hafi látið frá sér fara varnaðarorð allt frá árinu 2004 eða 2005. Þetta hafi reyndar verið mótsagnarkennt, því bankinn hafi einnig gefið út skýrslur, þar sem allt hafi verið sagt í góðu lagi. Samráðshópurinn hafi ekki verið mjög sýnilegur, en ef til vill hafi starfsemi hans einmitt átt að vera þannig. Virtist sem svo að störf hópsins hafi ekki skilað miklum árangri. Stjórnarandstaðan hafi almennt ekki verið upplýst um þessi störf og hafi til dæmis ekki verið minnst á samráðshópinn í tengslum við meðferð frumvarps til laga um heimild handa ríkinu til erlendra lántöku vorið 2008. Hann kvaðst hafa hrokkið við þegar hann sá fjárhæðina, sem hafi átt að taka að láni, og fundist hún benda til að eitthvað væri í aðsigi.

Steingrímur kvaðst ekki hafa orðið þess var að stjórnvöld gerðu eitthvað til að draga úr stærð bankakerfisins, en tók fram að sem leikmaður á þessu sviði væri hann ekki dómbær um hversu raunhæft væri að aðgerðir hefðu getað skilað árangri. Æskilegt hefði verið að stjórnvöld hefðu tekið varnaðarorð um þetta alvarlega og leitað eftir aðstoð.

Aðspurður um fyrirspurn, sem hann bar fram á Alþingi um samskipti ráðherra og Seðlabanka Íslands, sem ákærði svaraði á þingfundi 7. maí 2008, sagðist Steingrímur hafa borið hana fram sökum þess að hann hafi haft þá tilfinningu að ríkisstjórnin og seðlabankinn ynnu ekki vel saman og hafi hann viljað fá upplýsingar um hvað gert væri til að samræma viðbrögð við vandanum. Hann hafi einnig viljað fá upplýsingar um hvort efla ætti gjaldeyrisvarafordann.

Steingrímur kvaðst ekki hafa vitað um yfirlýsingu þriggja ráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, sem gerð var 16. maí 2008 í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamninga bankanna, fyrir en nokkrum mánuðum eftir að hann varð fjármálaráðherra í febrúar 2009, en þá hafi hann heyrt um þessa yfirlýsingu á fundi með norrænum ráðherrum og seðlabönkum. Hann hafi látið leita að yfirlýsingunni eftir heimkomu af fundinum, en hún hafi ekki fundist í fjármálaráðuneytinu og hafi orðið að fá eintak af henni frá Seðlabanka Íslands. Hann sagðist hafa orðið þess var í viðræðum við fulltrúa hinna Norðurlandanna að þeim hafi fundist lítið hafa verið gert á grundvelli yfirlýsingarinnar og hafi þetta skapað vissa vantrú á íslenskum stjórnvöldum, en ekki hafi þó verið rætt frekar hvað þeir hafi talið að skort hafi á. Hann hafi einnig heyrt hjá bankastjóra seðlabanka Svíþjóðar að formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi ekki sótt næst fund norrænna seðlabankastjóra eftir að yfirlýsingin var gerð og að það hafi valdið gremju. Aðspurður minntist Steingrímur þess ekki að skýrslur frá Seðlabanka Íslands 8. júlí og 19. september 2008 um aðgerðir á grundvelli yfirlýsingarinnar hafi borist í tal í tengslum við þetta.

Steingrímur sagði beiðni þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 21. júlí 2008 um að Alþingi yrði kallað saman, sem hafnað var í ríkisstjórn 22. sama mánaðar, hafa átt rætur að rekja til umræðna innan flokksins um að allt stefndi fram af bjargbrún. Hann hafi talið óveður í vændum á Íslandi og mikilvægt að kalla Alþingi saman til að bregðast við.

Aðspurður um tjón íslenska ríkisins af bankahruninu sagði Steingrímur að allt hafi verið gert, sem unnt var, til að draga úr því. Tjónið væri af mörgum toga, meðal annars vegna endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands og bankakerfisins, skuldasöfnunar út af hallarekstri ríkisins, töpuðu lánstrausti þess, erfiðleika við erlendar lántökur og lakari lánskjara. Mætti í fljótu bragði telja til atriði, sem svari til 25 til 30% af vergri landsframleiðslu.

Vitnið Bolli Þór Bollason, sem var ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu á þeim tíma sem ákæra í málinu varðar og jafnframt formaður samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað, lýsti því fyrir dómi að um mitt ár 2007 hafi farið að halla undan fæti í alþjóða efnahagsmálum eftir mikinn uppgang næstu ára á undan. Þetta hafi bitnað á íslensku bönkunum, sem hafi sótt á erlenda markaði til að fjármagna starsemi sína. Upp frá þessu hafi hlutabréfaverð fallið og lánsfjármögnun

orðið erfiðari. Bankarnir hafi búið við sífellt versnandi skilyrði, þótt inn á milli hafi rofað til eina eða tvær vikur í senn. Skuldatryggingarálag bankanna hafi farið hækkandi allan þennan tíma og mikil óveðurský verið yfir þeim.

Bolli kvað samráðshópin hafa verið stofnaðan vegna mikils vaxtar í fjármálakerfi heimsins. Fljótlega upp úr árinu 2000 hafi athygli á alþjóðavettvangi farið að beinast að hugsanlegum viðbúnaði í þessu sambandi og hafi það orðið tilefni til að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafi gert samning um samstarf sitt. Árið 2004 hafi verið ákveðið á fundi forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, bankastjórnar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins að setja á fót óformlegan samráðshóp, sem hafi starfað fram í febrúar 2006, en þá hafi hópurinn lagt til að þetta samráð yrði formbundið. Á þeim grunni hafi samráðshópurinn um fjármálastöðugleika og viðbúnað orðið til. Tilgangur hans hafi fyrst og fremst verið að búa til vettvang fyrir samráð þeirra, sem stóðu að hópnum, en ráðuneytin hafi komið þar við sögu til að unnt yrði að tryggja þeim upplýsingar. Upphaflega hafi verið ráðgert að hópurinn fundaði tvisvar á ári og hafi honum ekki verið ætlað að leysa stofnanirnar undan sínum hefðbundnu og lögbundnu skyldum. Þetta hafi komið skýrt fram í tillögu eldri hópsins, þar sem því hafi verið lýst að mikilvægt væri að stjórnvöld hefðu vitneskju um framvindu mála á fjármálamarkaði, ekki til að grípa inn í störf eftirlitsstofnana, heldur til að vera upplýst og til taks ef alvarleg fjármálakreppa væri í aðsigi, sem sýnt væri að eftirlitsstofnanirnar gætu ekki komið í veg fyrir. Þá fyrst kæmi til kasta stjórnvalda og eftir atvikum Alþingis.

Bolli kvaðst ekki hafa litið svo á að samráðshópurinn ætti að gera aðgerðaáætlun vegna viðbragða við hugsanlegu fjármálaáfalli, heldur hafi hópurinn átt að ræða stöðuna og setja fram ábendingar. Seinni hluta ársins 2007 hafi verið farið að huga að viðbúnaði við hugsanlegu áfalli og hafi ráðuneytisstjórnarnir óskað eftir að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið létu samráðshópnum í té ákveðnar upplýsingar, greinargerðir og minnisblöð. Á hinn bóginn hafi hópurinn ekki átt að gera slíka áætlun, heldur seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið. Báðar stofnanirnar hafi undirbúið viðlagaáætlanir, hvor á sínu sviði, og gert sérstakan samráðssamning ef grípa þyrfti inn í fjármálamarkaði. Komið hafi til tals í hópnum hvort lagaheimildir væru nægilega rúmar til að stofnanirnar gætu sinnt störfum sínum við þær aðstæður, sem uppi voru. Þannig hafi á fyrsta eða öðrum fundi hópsins komið fram að veita þyrfti Fjármálaeftirlitinu heimildir til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja ef þörf væri á og hafi frumvarp um slíkar heimildir verið kynnt, en þessar hugmyndir

hafi ekki orðið að veruleika fyrr en með svokölluðum neyðarlögum. Þessi umræða hafi komið upp um þær mundir, sem íslensku bankarnir áttu í miklum erfiðleikum á fyrri hluta ársins 2006, og hafi það verið mat hópsins að ófært væri að gera slíkar breytingar á lögum á þeim tíma vegna hættu á að þær yrðu taldar vera vitnisburður um veikburða bankakerfi.

Um sambandið milli samráðshópsins og þeirra, sem að honum stóðu, rakti Bolli að ráðuneyttisstjórnarnir í hópnum hafi verið fulltrúar ráðherra og komið sem slíkir með skoðanir, ábendingar og hugmyndir, sem ræddar hafi verið þeirra á milli. Með störfum hópsins hafi stjórnvöld ekki aðeins fengið upplýsingar frá eftirlitsstofnununum, heldur hafi Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið einnig fengið upplýsingar um afstöðu ráðherra til einstakra mála. Bolli sagðist hafa rætt mikið við ákærða og meðal annars greint honum frá því, sem fram fór í samráðshópnum, enda hafi öll efnahagsumræða hér á landi seinni hluta árs 2007 og sérstaklega á árinu 2008 snúist um stöðu bankanna og af þeim sökum hafi þeir rætt þetta mikið. Efaðist hann um að þeir hafi nokkru sinni rætt saman án þess að þessi mál bæri á góma. Hann hafi einnig kynnt sjónarmið ákærða í nefndinni, sérstaklega þegar liðið hafi á árið 2008 og línur farið að skýrast. Þegar hópurinn hafi farið að ræða um hugsanleg viðbrögð hafi þessi skoðanaskipti orðið mjög ör og hafi hann greint hópnum frá því, sem farið hafi á milli sín og ákærða. Í hópnum hafi ekki mikið verið óskað eftir því að hann flytti ákærða skilaboð og hafi ekki verið rætt þar um að skort hafi á pólitíska stefnumörkun til að starf hópsins yrði markvissara. Þá hafi ekki verið óskað þar eftir að ákærði beitti sér á einhvern hátt gagnvart bönkunum, heldur hafi sú almenna afstaða verið ríkjandi innan samráðshópsins að eðlilegt væri að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hefðu slík verk á hendi.

Aðspurður hvort lagaákvæði um þagnarskyldu hafi staðið starfi samráðshópsins fyrir þrífum sagði Bolli ljóst að Seðlabanki Íslands en þó sérstaklega Fjármálaeftirlitið hafi haft upplýsingar um innri stöðu bankanna, sem ekki hafi verið æskilegt að bærust inn í hópinn. Það hafi þó ekki hamlað starfi hópsins, enda hafi Fjármálaeftirlitið sinnt öllum beiðnum um upplýsingar. Hann hafi ekki talið Fjármálaeftirlitinu skylt að veita samráðshópnum upplýsingar um stöðu einstakra banka og hafi verið treyst á mat þess í þeim efnum.

Bolli kvað bæði Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið hafa haft tilbúna viðbúnaðaráætlanir til að bregðast við fjármálaáfalli þegar það reið yfir í október 2008. Í samráðshópnum hafi verið talið ljóst að kæmi til fjármálaáfalls myndu allir

stóru bankarnir falla sökum þess að erlendis hafi ekki verið gerður greinarmunur á þeim. Viðbúnaðaráætlanir seðlabankans hafi einkum beinst að því að tryggja að fjármálakerfið gæti verið virkt þótt bankarnir féllu. Viðbúnaði af öðrum toga hafi verið sinnt vel innan samráðshópsins, enda hafi legið fyrir drög að frumvarpi, sem varð að svokölluðum neyðarlögum. Aðspurður um viðbúnað vegna greiðslumiðlunar sagði Bolli að hann hafi að minnsta kosti verið í því horfi að seðlabankanum hafi tekist á skömmum tíma að tryggja hana innan lands sem utan. Hann teldi þetta fyrst og fremst hafa verið undirbúið innan seðlabankans, en sagðist ekki geta fullyrt hvort aðrir hafi átt hlut að því verkefni, þótt líklegt væri að bankar og fjármálafyrirtæki hafi komið að því á undirbúningsstigi.

Aðspurður hvort deilur hafi verið innan samráðshópsins milli fulltrúa fjármálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins sagði Bolli að þá hafi greint á um innstæðutryggingar, en rætt hafi verið í hópnum hvort og þá hve mikið ríkið ætti að tryggja af innstæðum. Deilt hafi verið um hvort tímabært væri að setja ákveðnar tölur á blað og hafi hann og ráðuneytisstjórnin í fjármálaráðuneytinu verið sammála um að stíga varlega til jarðar í þeim efnum. Hann kvað verkstjórn sína í samráðshópnum ekki hafa sætt gagnrýni og hafi hann ekki lagt til við ákærða að gera breytingar á hópnum.

Vegna fundar í samráðshópnum 1. apríl 2008, þar sem lagt var fram vinnuskjal frá Seðlabanka Íslands, sem reist var á tillögum Andrew Gracie, sagði Bolli að í þeim tillögum hafi verið stillt upp hugsanlegum aðgerðalista ef til fjármálaáfalls kæmi og hafi verið unnið á þeim nótum í hópnum. Á þessum fundi hafi hann sagt að setja þyrfti á blað aðgerðaáætlun og hafi hann þá átt við það að seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið myndu vinna áfram að viðbragðsáætlun, sem eftir atvikum kæmi inn á borð stjórnvalda. Taldi hann sig hafa rekið á eftir þessu síðar. Aðspurður um ummæli, sem höfð voru eftir honum í fundargerð frá fundi samráðshópsins 2. apríl 2008 um að hann hafi skilið málið ráðherramegin þannig að taka ætti á stóru bönkunum þremur og innlánstryggingum, sagði Bolli að legið hafi ljóst fyrir að aðkoma stjórnvalda að hugsanlegu fjármálaáfalli hlyti að beinast að stóru bönkunum þremur og yrði að horfa á þá alla í einu að þessu leyti.

Bolli var inntur eftir því hvort marka mætti af ummælum hans á fundi samráðshópsins 21. apríl 2008 að hann hafi talið vinnuna þar ganga hægt, en í fundargerð var haft eftir honum að næstu skref í viðbúnaðarstarfinu væru meðal annars að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda, setja þrýsting á bankana, undirbúa

lagafrumvörp og gera aðgerðaáætlun. Kvaðst Bolli ef til vill hafa viljað fastara land undir fótum, en það hafi aðallega verið til að vera viðbúinn því versta. Nokkuð skýrar hugmyndir hafi verið um hvernig ætti að bregðast við og hafi þær skilað sér eins vel og hægt var í neyðarlögunum.

Bolli lýsti því að skjal, sem nefnt var ólystugi matseðillinn og rætt var um meðal annars á fundi samráðshópsins 22. júlí 2008, hafi verið minnisblað, sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi lagt fram í lok apríl 2008 vegna beiðni Bolla um að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands myndu setja á blað hugmyndir sínar um viðbúnað og viðbrögð við hugsanlegri fjármálakreppu. Forstjórinn hafi tekið þar upp atriði, sem sneru að hugsanlegu lagafrumvarpi, og hafi þau aðallega varðað valdheimildir Fjármálaeftirlitsins. Að auki hafi verið nefnd atriði, sem hafi tengst framvarpsgerðinni sem slíkri, hugsanlegri fjáröflun ríkisins með aðkomu Íbúðalánasjóðs, frekari viðbúnaði og eflingu gjaldeyrisforðans. Þessi listi hafi verið nýttur til að halda áfram umræðum um viðbrögð við fjármálaáfalli og verkefni stjórnvalda í því sambandi. Aðspurður um umræðu á fundinum um vinnuhóp til að undirbúa lagafrumvarp sagði Bolli að sá hópur hafi verið stofnaður og starfað að þessum málum. Á síðari fundi samráðshópsins hafi verið spurt um framvindu í störfum þessa vinnuhóps og hafi honum þótt þeim miða hægt. Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi þá tekið að sér að herða á vinnunni.

Bolli kvað fund samráðshópsins 16. september 2008 hafa verið haldinn í kjölfar þess að bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers hafi fallið, en sá atburður hafi breytt stöðunni. Taldi hann að þá hafi legið fyrir að ef allt færi á versta veg yrði að grípa inn í starfsemi bankanna með lagasetningu á grundvelli vinnunnar, sem hópurinn hafi leyst af hendi. Þessi stefna hafi þá legið fyrir, en eins og málum var komið hafi verið rík ástæða til að reka á eftir vinnunni.

Varðandi lið 1.4 í ákæru sagði Bolli að talsvert hafi verið rætt innan samráðshópsins um þörfina á að dregið yrði úr stærð bankanna og hafi það einnig verið gert í forsætisráðuneytinu. Það hafi á hinn bóginn verið samdóma mat flestra að ekki væri hlaupið að því að grípa til yfirgripsmikilla aðgerða og hafi stjórnvöld ekki haft heimildir til að beita sér í málinu. Rætt hafi verið um að reyna að hafa áhrif á bankana og hafi þau samskipti aðallega komið í hlut Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2008 hafi almennt verið talið ógerlegt að grípa til aðgerða í þessu skyni, enda hefði verið litið á þær sem veikleikamerki, sem hefði getað fellt bankana. Bolli kvaðst hafa setið fundi með ákærða og stjórnendum bankanna, þar sem

stærð bankakerfisins hafi borið á góma, en á þessum fundum hafi verið farið almennt yfir stöðuna. Hann minntist þess einnig að hafa verið viðstaddur fund ákærða með stjórnendum Kaupþings banka hf., þar sem rætt hafi verið um kaup á hollenskum banka og að hugsanlega yrði hætt við þau. Þetta hafi verið óformlegir fundir, enda hafi stjórnvöld ekki haft boðvald yfir bönkunum.

Bolli kvaðst hafa verið viðstaddur fund ákærða, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008. Þar hafi komið fram að staðan væri alvarlegri en ætlað hafi verið, en erfitt hafi þó verið að meta sannleiksgildi þessara upplýsinga, þar sem nokkrum mánuðum síðar hafi komið út skýrsla frá seðlabankanum um fjármálastöðugleika, þar sem því hafi verið lýst yfir að staða bankakerfisins væri sæmilega traust þótt þar hafi einnig verið að finna nokkur varúðarmerki. Það eina, sem vitað hafi verið á þessum tíma, hafi verið að minnstu veikleikamerki á íslenska bankakerfinu myndu án efa vera túlkuð þannig að bönkunum væri ekki treystandi. Það yrði einfaldlega gert áhlaup á bankana og þeir myndu hrynja. Mönnum hafi þó auðvitað brugðið við þessar fregnir. Bolli bar að þetta hafi verið rætt áfram bæði í forsætisráðuneytinu og samráðshópnum, en fundir í honum hafi verið mjög tíðir eftir þetta. Þetta hafi verið umræðuefni innan hópsins þar til yfir lauk.

Bolli var spurður um ummæli í drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem fylgdu tölvubréfi hans til ákærða 10. febrúar 2008, um að mikilvægt væri að íslensk fyrirtæki hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi og hvort ekki hafi verið uppi hugmyndir um að hvetja bankana til að flytja úr landi. Taldi Bolli að á þessum tíma hafi frumkvæði að slíku ekki getað komið frá stjórnvöldum, en önnur saga væri hvað kynni að hafa mátt segja í einkasamtölum. Allir tilburðir í þessa átt af hálfu stjórnvalda hefðu orkað tvímælis.

Bolli kvaðst ekki telja að skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem send var Seðlabanka Íslands 14. apríl 2008, hafi gefið tilefni til sjálfstæðra aðgerða, enda hafi þegar verið hafin vinna að því, sem rætt hafi verið um í henni.

Bolli sagðist hafa séð yfirlýsingu, sem gerð var 16. maí 2008 í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamninga við norræna seðlabanka. Aðspurður hvort þessi yfirlýsing hafi gefið tilefni til einhverra aðgerða taldi Bolli að þegar þarna hafi verið komið hafi staðan verið metin þannig að mjög erfitt væri að gera eitthvað, sem myndi skila árangri. Yfirlýsingin hafi að vissu leyti verið forsenda þess að samningarnir kæmust í höfn og hafi verið lítilsháttar ágreiningur um hversu skýrt mætti orða hana. Hann hafi

talið langt gengið með yfirlýsingunni, en menn hafi talið mikilvægt að ná þessum samningum.

Bolli minntist þess ekki hvenær hann hafi fyrst heyrt getið um að Landsbanki Íslands hf. hygðist bjóða upp á Icesave reikninga í útibúi sínu í Hollandi, en kynnt hafi verið í samráðshópnum, líklega í lok maí 2008, að þessi starfsemi væri hafin. Icesave reikningarnir hafi verið talsvert til umræðu, bæði kostir þeirra og gallar. Hann kvaðst hafa verið þeirrar skoðunar að þessum reikningum fylgdi áhætta fyrir ríkið að því leyti, sem það yrði talið þurfa að gangast í ábyrgð, en það hafi verið álitamál. Einhverjum mánuðum áður hafi erlend matsfyrirtæki séð þetta sem allsherjar lausn fyrir íslenska bankakerfið, en síðar hafi komið í ljós að reikningunum hafi verið ætlað að fjármagna og mæta vanda Landsbanka Íslands hf. heima fyrir. Bolli sagðist ekki muna hvort rætt hafi verið um að beita sér gegn söfnun innlána á Icesave reikninga í Hollandi. Þessi starfsemi hafi samrýmst reglum á evrópska efnahagssvæðinu og hafi því verið erfitt að beita sér lagalega gegn henni. Þetta hafi verið áhættuþáttur í fjármálakerfinu og hafi menn gert sér grein fyrir því að hann tengdist fyrst og síðast því álitamáli hvort ríkið kynni að vera gert ábyrgt fyrir greiðslu innstæðutrygginga.

Í tengslum við lið 1.5 í ákæru sagðist Bolli ekki muna nákvæmlega hvenær hann hafi fengið vitneskju um Icesave reikninga í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London. Um þá hafi oft verið rætt, meðal annars í samráðshópnum, og þá einkum í tengslum við hugsanlega ábyrgð ríkisins á reikningunum ef illa færi. Sagði hann að Fjármálaeftirlitið hafi fyrst og fremst beitt sér fyrir flutningi reikninganna í erlent dótturfélag með samskiptum við breska fjármálaeftirlitið og hafi Fjármálaeftirlitið leitt þessa vinnu af hálfu íslenskra stjórnvalda. Seðlabanki Íslands hafi einnig komið óformlega að þessu í samskiptum við erlenda seðlabanka. Aðspurður hvort hann vissi til þess að ákærði hafi kynnt sér stöðu þessara mála sérstaklega eða leitað ráðgjafar um hvernig staðið yrði að slíkum flutningi svaraði Bolli því til að þessi mál hafi oft komið til umræðu og vitað hafi verið af þeirri hættu, sem í þessu var fólgin. Málið hafi verið í formlegum farvegi milli fjármálaeftirlita og seðlabanka landanna tveggja. Bolli sagði að sú afstaða viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins að íslenska ríkið bæri ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafi borið á góma milli hans og ákærða. Innan samráðshópsins hafi þó ekki allir verið sammála þessari túlkun og um það hafi oft verið rætt. Nánar aðspurður um þetta sagðist Bolli hafa verið sammála skoðunum ráðuneytisstjórans í fjármálaráðuneytinu um þetta eins og í mörgum öðrum málum og hafi þeir báðir talið að fara ætti varlega í

Þessum efnum, enda háar fjárhæðir í húfi. Ekki minntist hann þess að borist hafi í tal að viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið myndu afla lögfræðilegs álits um afstöðu sína.

Bolli kvað sér hafa verið kunnugt um samskipti Landsbanka Íslands hf. við breska fjármálaeftirlitið, sem rætt var um í samráðshópnum 12. ágúst 2008. Gengið hafi á ýmsu og hafi borist misvísandi upplýsingar eftir því hvort bankinn hafi veitt þær eða aðrir. Á tímabili hafi honum verið tjáð að breska fjármálaeftirlitið væri að fara fram úr sjálfu sér og jafnvel lögum í aðgerðum sínum. Hann hafi talið útilokað að gripið yrði til lagasetningar af þessu tilefni. Hann hafi litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið þörf á að ákærði skipti sér af þessu máli. Sjálfur hafi hann ekki haft trú á að Landsbanka Íslands hf. tækist að ná samningum um þetta við breska fjármálaeftirlitið og haft að auki efasemdir um að bankinn vildi í reynd flytja Icesave reikningana til dótturfélags, enda hefði hann þá ekki getað fært fé frá því til móðurfélagsins. Hann kvaðst ekki geta sagt að þetta hafi verið almennt viðhorf innan samráðshópsins, en þar hafi hann þó ekki verið einn um þessa skoðun.

11

Vitnið Kristján Andri Stefánsson kvaðst fyrir dómi hafa gegnt starfi ritara ríkisstjórnarinnar nær óslitið frá 1992 til 2004. Hann kvað reglur hafa verið settar á árinu 1999 um dagskrá funda ríkisstjórnarinnar og fundargerðir hennar, en einnig hafi gilt ákveðnar venjur. Hann hafi setið fundi ríkisstjórnarinnar og fært fundargerðir, en á fundunum hafi mál að meginstefnu til verið lögð fram skriflega. Ráðherrar hafi óskað eftir að mál yrðu tekin á dagskrá og afhent gögn þegar það hafi verið gert. Fært hafi verið til bókar hvaða gögn hafi verið lögð fram, hvað lagt hafi verið til um meðferð mála og hvaða afgreiðslu þau hafi fengið. Ekki hafi verið bókað um umræður til að hefta ekki skoðanaskipti á fundum. Komið hafi fyrir að ráðherrar hafi eingöngu reifað mál munnlega og þá sérstaklega undir liðnum önnur mál, en slíkar umræður hafi yfirleitt verið heimilaðar. Í þeim tilvikum hafi verið mismunandi hvað hafi verið fært til bókar, en það hafi ekki verið á sama veg og með skrifleg erindi. Getið hafi verið í bókun um umræðuefni, en umræðan hafi ekki verið færð til bókar.

12

Vitnið Baldur Guðlaugsson, sem var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu á þeim tíma sem ákæra í málinu varðar og átti jafnframt sæti í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað, vísaði fyrir dómi til samkomulags 21. febrúar 2006 um stofnun samráðshópsins um afmörkun á verksviði hans. Baldur kvað hópinn ekki

hafa borið meiri skyldur en þær, sem þar greindi, og hafi hópurinn ekki haft ákvörðunarvald, heldur hafi honum verið ætlað að fjalla um afmörkuð efni og þá einkum stöðu og horfur á fjármálamörkuðum, lagafrumvörp, sem hafi verið í bígerð, og þátttöku Íslands í samstarfi Evrópusambandsríkja á þessu sviði. Þar hafi menn skipst á skoðunum og þangað hafi borist greinargerðir um vinnu, smíði sviðsmynda og undirbúning valkosta. Hópurinn sem slíkur hafi ekki unnið að gerð viðlagaáætlunar og hafi engar heimildir haft, hvorki til inngríps né upplýsingaöflunar. Aðspurður sagði hann að listi, sem nefndur var ólystugi matseðillinn og lagður var fram á fundi samráðshópsins 28. apríl 2008, hafi haft að geyma ábendingar og hugmyndir, sem hægt væri að vinna frekar, en það hafi hópurinn ekki sjálfur átt að gera, enda hafi hann ekki fengist við slíkt. Með líkum hætti hafi hópurinn komið að gerð frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008. Grunnur hafi verið lagður að breytingum á lögum um fjármálaeftirlit á árinu 2006, en sú vinna hafi verið lögð til hliðar og verið svo tekin aftur upp. Hópurinn sem slíkur hafi ekki unnið að þessu. Baldur kvaðst ekki muna hvort þetta hafi verið gert á vettvangi Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytisins, en áður en samráðshópurinn tók til starfa hafi nefnd haft þetta verkefni með höndum og hafi þá verið uppi hugmyndir um að æskilegt væri að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja. Vandinn hafi á hinn bóginn verið sá að ekki hafi verið hægt að leggja fram frumvarp sem þetta nema annaðhvort ríkti algjör ró á mörkuðum eða fjármálakreppa væri skollin á. Fjármálaráðuneytið hafi ekki komið að öðru en einum þætti verksins, sem hafi snúið að möguleikum ríkisins til að veita fé til að halda uppi fjármálakerfinu. Vinnan, sem hafi verið í gangi, hafi aðallega snúið að heimildum Fjármálaeftirlitsins, en síðan hafi einnig hafist vinna við endurskoðun laga um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Þetta hafi allt verið komið í gang snemma árs 2008, en síðan hafi bæst við þáttur, sem sneri að undirbúningi þess að ríkið þyrfti á einhvern hátt að grípa inn í til að reisa við banka. Fjármálaráðuneytið hafi sett mann inn í hóp, sem hafi unnið að þessu. Vinnunni við frumvarpið hafi ekki verið endanlega lokið þegar hrunið dundi yfir. Baldur tók fram að engin leið væri til að hafa tilbúna viðbúnaðaráætlun þegar áföll dyndu yfir, enda væri ekki hægt að sjá nákvæmlega fyrir þær aðstæður, sem kynnu að koma upp. Menn hafi á hinn bóginn þurft að vera búnir að forvinna hlutina þannig að ljúka mætti þeim þegar aðstæður kölluðu á.

Baldur kvaðst ekki geta metið fyrir annarra hönd hvort eitthvað hafi skort á stefnumörkun af hendi ráðherra vegna starfa samráðshópsins, en ljóst væri að þær

stofnanir, sem helst báru ábyrgð á fjármálaeftirliti og fjármálastöðugleika, hafi haft beinan aðgang að ráðherrum. Samráðshópurinn hafi ekki myndað einhvern flöskuháls, sem hafi hamlað stofnunum að vinna sín verk. Hann kannaðist ekki við að hópurinn hafi talið sig vanta pólitíska stefnumörkun, enda hafi verið ljóst af samkomulaginu um stofnun hópsins að leggja ætti til grundvallar að markaðsaðilar ættu að leysa vanda sinn sjálfir.

Baldur sagðist ekki telja að fyrir hendi hafi verið áherslumunur um hversu langt ætti að ganga í vinnu samráðshópsins milli sín og Bolla Þórs Bollasonar annars vegar og annarra í hópnum hins vegar. Hann minntist þó þess að um vorið 2008 hafi verið skiptar skoðanir innan hópsins um hvort ríkið ætti að lýsa því yfir að það myndi ábyrgjast fjárhæð innstæðna umfram lögbundið lágmark. Hafi hann og Bolli talið að slík skilaboð myndu gefa til kynna að allt væri að fara á hliðina. Slíka ákvörðun ætti ekki að taka nema staðið væri frammi fyrir alvarlegri stöðu, enda hafi hún verið tekin í október 2008 og verið alls annars efnis en áður hafi verið rætt um. Baldur kvaðst telja Tryggva Pálsson og Jónas Fr. Jónsson einkum hafa haldið fram gagnstæðri skoðun. Aðspurður sagðist Baldur ekki hafa talið brýna þörf á að gera frekari skýrslur eða aðgerðaáætlanir en fyrir lágu, enda hafi verið vonast til að ástandið myndi lagast og óljóst hafi verið hvað gæti gerst og hvenær.

Baldur kvaðst telja viðfangsefni samráðshópsins hafa verið slík að starfið hafi orðið að fara leynt. Sagt hafi verið frá því að hópurinn væri til, en ekki hafi verið talið hyggilegt að fjalla opinberlega um störf hans að öðru leyti. Hann kannaðist ekki við að óttast hafi verið að gögnum eða upplýsingum yrði lekið úr hópnum. Fjármálaeftirlitið hafi talið að mikill trúnaður yrði að ríkja um þessi störf og hafi umræður því verið mjög á almennum nótum. Taldi hann að brestur á upplýsingamiðlun hafi ekki háð starfi hópsins og hefði engu breytt þótt Fjármálaeftirlitinu eða Seðlabanka Íslands hefði verið heimilt að miðla meiri upplýsingum til hans. Aðspurður hvort óttast hafi verið að viðskiptaráðherra myndi bera út upplýsingar, sem kæmu fram á vettvangi hópsins, sagði Baldur að það kunni að hafa verið undirstrikað með almennum hætti í störfum hópsins að ráðherrarnir mættu ekki fjalla um málefni hans opinberlega. Kannaðist Baldur ekki við að lagt hafi verið fyrir ráðuneytisstjórnann í viðskiptaráðuneytinu að skammta ráðherra sínum upplýsingar naumt. Varnaðarorð um að ráðherrar ættu ekki að ræða opinberlega um mál, sem samráðshópurinn fengist við, hafi ekki snúið að einhverjum einum ráðherra frekar en öðrum. Annað hefði ekki verið sagt nema að gefnu sérstöku tilefni, sem

Baldur minntist ekki að komið hafi upp. Hann kvaðst hafa gert fjármálaráðherra grein fyrir því, sem fór fram á vettvangi hópsins, þannig að ráðherrann hafi í stórum dráttum vitað um það, sem þar var fjallað um.

Aðspurður hvort samráðshópurinn hafi náð þeim markmiðum, sem að var stefnt, vísaði Baldur til þess að hópurinn hafi verið myndaður til að skiptast á upplýsingum. Þótt það hafi ekki verið verkefni hópsins hafi hann einnig skilað góðri vinnu, sem hafi lagt grunn að þeim aðgerðum sem gripið var til við fjármálahrúnið. Baldur kvaðst ekki sjá hvað hópurinn hefði getað gert betur að gættu verksviði hans. Ekki hafi komið til umræðu að breyta samkomulaginu um stofnun samráðshópsins til að víkka út hlutverk hans. Ljóst hafi verið í vinnu samráðshópsins að sérstakt samstarf væri milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, en að auki hafi sér verið kunnugt um að innan bankans væri unnið að viðlagaundirbúningi. Hann kannaðist ekki við að fundið hafi verið að verkstjórn samráðshópsins.

Varðandi lið 1.4 í ákæru greindi Baldur frá því að stærð bankakerfisins hafi ekki verið til umræðu í fjármálaráðuneytinu, enda fjalli það um fjármál ríkisins en ekki einkaaðila. Það hafi ekki verið verkefni samráðshópsins að hvetja til þess að þrýst yrði á bankana um að draga úr stærð sinni, þótt þar hafi stundum verið rætt um að koma yrði á framfæri sjónarmiðum um að bankarnir þyrftu að selja eignir. Á fundum hópsins hafi á hinn bóginn ekki komið fram upplýsingar um eignir bankanna og hafi umræður um þetta því ekki snúist um það hvort eignasala gæti verið raunhæf lausn á vanda þeirra.

Aðspurður um tölvubréf hans 14. febrúar 2008 til ákærða, fjármálaráðherra og ráðuneytisstjórans í forsætisráðuneytinu um atriði, sem stæðu upp á bankana, þar sem meðal annars var vikið að því að bankarnir ættu að stöðva vöxt sinn og selja eignir, sagðist Baldur hafa sent þetta í tengslum við fund, sem ráðherrar áttu með fulltrúum fjármálafyrirtækja sama dag. Rætt hafi verið um að ríkið ætti að taka erlend lán og endurlána bönkunum og hafi hann talið rétt að ráðherrarnir gætu svarað fyrir sig með þeim atriðum, sem tilgreind voru í tölvubréfinu, ef fulltrúar fjármálafyrirtækjanna myndu færa þetta í tal. Það hafi ekki gerst á fundinum og hafi því ekki reynt á þessi atriði.

Í tengslum við lið 1.5 í ákæru bar Baldur að mikið hafi verið rætt innan samráðshópsins um innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. erlendis, en þetta hafi þó einkum verið á verksviði Fjármálaeftirlitsins. Ráðherrar, sem áttu fulltrúa í hópnun, hafi vitað af málinu, en erindum hafi ekki verið beint til hópsins út af því. Í

samráðshópnum hafi ekki verið vitað fyrr en í júlí 2008 að hlé hafi orðið á vinnu við flutning Icesave reikninga úr útibúi bankans í London til dótturfélags og sagði Baldur að eftir þetta hafi sér fyrst orðið kunnugt um samskipti bankans við breska fjármálaeftirlitið. Samráðshópurinn hafi síðan fylgst með þessu, en verkefnið hafi reynt erfitt, því skilyrði breska fjármálaeftirlitsins fyrir flutningnum hafi tekið sífelldum breytingum.

Baldur kvað stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta oft hafa verið rædda innan samráðshópsins. Hann hafi ekki litið svo á að ríkið bæri ábyrgð á lágmarksfjárhæð innstæðutrygginga. Hann taldi að bresk stjórnvöld hafi farið að huga sérstaklega að stöðu sjóðsins í framhaldi af umfjöllun um hana í breskum fjölmiðli í júlí 2008. Aðspurður um bréf viðskiptaráðuneytisins 20. ágúst 2008 til breska fjármálaráðuneytisins sagði Baldur að erlenda ráðuneytið hafi borið upp fyrirspurn um inntak nokkurra ákvæða í lögum um tryggingarsjóðinn, þar á meðal hvort ríkið myndi aðstoða sjóðinn ef því væri ekki skylt að gera það. Þetta hafi verið rætt og kunnig að hafa verið uppi skiptar skoðanir um ábyrgð ríkisins á sjóðnum, en niðurstaðan hafi orðið sú að lýsa ekki afstöðu til þessa og hafi svar við fyrirspurninni verið látið vera óskýrt að þessu leyti. Ekki hafi verið talið hyggilegt að segja að ríkið léti sig þetta engu varða og því hafi verið látið við það sitja að svara fyrirspurninni á þann veg að ríkið myndi uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæði á sama hátt og hver önnur ríkisstjórn myndi gera við slíkar aðstæður.

Baldur kvaðst telja að nokkuð hafi verið liðið á árið 2008 þegar formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins hafi fyrst látið sig varða innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga, en reglur hafi verið með þeim hætti að bankanum hafi verið þetta heimilt. Hann sagðist ekki vita annað en að ráðherra hafi í fyrsta sinn látið þetta mál til sín taka þegar viðskiptaráðherra átti fund með breska fjármálaráðherranum 2. september 2008. Hafi aldrei komið til tals innan samráðshópsins að ástæða væri til að leita atbeina ákærða vegna þessa.

Vitnið Áslaug Árnadóttir greindi frá því fyrir dómi að hún hafi verið skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu frá 1. júlí 2007 og settur ráðuneytisstjóri frá desember 2007 til loka júlí 2008, en þá hafi hún tekið aftur við stöðu skrifstofustjóra. Þá hafi hún verið formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá 29. febrúar 2008 til ársloka 2009.

Aðspurð í tengslum við lið 1.3 í ákæru sagðist Áslaug hafa setið flesta fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað frá ársbyrjun til 31. júlí 2008. Hún kvað samráðshópin hafa verið vettvang til upplýsinga- og skoðanaskipta, en ekki hafi verið ætlunin að taka ákvörðunarvald af stofnunum eða ráðuneytum með stofnun hópsins og hafi verið unnið samkvæmt því. Í hópnum hafi verið fulltrúar frá mörgum stofnunum og hafi því verið tækifæri til að ræða þar mál, sem heyrðu undir fleiri en eina þeirra. Unnt hafi verið að fara yfir hvað þyrfti og væri hægt að gera og stöðu mála almennt, auk þess sem þar hafi mátt fá upplýsingar um hvað aðrir væru að gera. Það hafi ekki beinlínis verið hlutverk hópsins að gera sérstaka viðbragðsáætlun, en engu að síður hafi ýmislegt verið unnið í tengslum við það. Þetta hafi þó að stórum hluta verið verkefni Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, enda hafi þær stofnanir búið yfir upplýsingum, sem hafi þurft í þessum efnum. Af fundargerðum samráðshópsins mætti sjá að þessum stofnunum hafi verið falið að gera ýmsar skýrslur og samantektir, en sumt af því hafi verið unnið að frumkvæði þeirra sjálfra. Það hafi ekki verið álit hópsins að þetta væru verkefni hans, en þar hafi á hinn bóginn verið vettvangur til að ræða viðfangsefni seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði. Aðgerðaáætlun hafi ekki legið fyrir þegar hún lét af störfum í hópnum. Áslaug kvað ákærða ekki hafa beint óskum til samráðshópsins um að leysa af hendi tiltekin verk, en hún hafi litið svo á að margt af því, sem fulltrúi hans í hópnum hafi borið upp, hafi komið til vegna viðræðna milli þeirra. Hún hafi ekki talið að skort hafi pólitíska stefnumörkun vegna verkefna samráðshópsins. Þá sagði hún að viðskiptaráðuneytið hafi ekki lagt til að breytingar yrðu gerðar á samráðshópnum.

Áslaug kvaðst telja að störf samráðshópsins hafi verið markviss og skilað tilætluðum árangri og benti á að þar hafi verið lagður grunnur að svonefndum neyðarlögum. Drög að frumvarpi til þeirra laga hafi ekki verið samin í hópnum, heldur innan Fjármálaeftirlitsins, en gegnum störf hópsins hafi þessum drögum verið komið á framfæri við viðskiptaráðuneytið. Í samráðshópnum hafi verið ákveðið að stofna vinnuhóp á vegum fjármálaráðuneytisins til að vinna hluta af frumvarpsdrögum og mætti rekja samræmingu í vinnu að málinu til samráðshópsins. Innan samráðshópsins hafi ekki verið eining um að vinnuhópur þessi yrði undir stjórn fjármálaráðuneytisins, enda hafi hún talið verkefnið heyra undir viðskiptaráðuneytið, en þetta hafi þó ekki bitnað á árangri. Á endanum hafi sá hluti frumvarpsdraganna, sem varð 1. gr. laga nr. 125/2008, verið saminn í fjármálaráðuneytinu, en það, sem út af stóð, hafi verið unnið í viðskiptaráðuneytinu á

grundvelli þess efnis, sem upphaflega kom frá Fjármálaeftirlitinu. Nánar aðspurð sagði hún að ákvæðið, sem varð 5. gr. laga nr. 125/2008, hafa byggt að miklu leyti á frumvarpsdrögum, sem samin hafi verið í Fjármálaeftirlitinu á árinu 2006, en unnið hafi verið við það í vinnuhópi á vegum viðskiptaráðuneytisins og hafi því verki verið lokið í vikunni áður en bankarnir hrundu. Á sínum tíma hafi verið fjallað um þessi drög í samráðshópnum, en ákvæðið hafi tekið miklum breytingum eftir það. Ákvæðið, sem varð 6. gr. laganna, hafi verið samið 4. október 2008. Hana minnti að ákvörðun um að setja það í frumvarpið hafi verið tekin á fundum, sem haldnir voru í ráðherrabústaðnum þá helgi, og taldi hún ríkisstjórn eða ráðherra hafa tekið þá ákvörðun.

Áslaug sagði að tregðu hafi gætt við töku ákvarðana innan samráðshópsins og þá sérstaklega um það hvort hafa ætti tilbúna yfirlýsingar um ábyrgð á innstæðum. Þetta hafi verið mjög umdeilt innan hópsins. Auk hennar hafi Jónas Fr. Jónsson og Tryggvi Pálsson talið mikilvægt að teknar yrðu ákvarðanir um þetta, en Baldur Guðlaugsson og Bolli Þór Bollason hafi ekki talið þetta tímabært. Reynt hafi verið að knýja á um ákvarðanir um þetta, en þær hafi ekki verið teknar á þeim tíma, sem hún sat í samráðshópnum. Hún tók fram að það hafi ekki verið ætlun hennar að ákvarðanir um innstæðutryggingar yrðu gerðar opinberar fyrr en á þær myndi reyna.

Áslaug sagðist ekki hafa talið upplýsingamiðlun innan samráðshópsins fullnægjandi og hafi hún stundum haft þá tilfinningu að hún hefði ekki nægar upplýsingar, en flestar hafi þær legið hjá Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu. Eins og sæist af fundargerðum hafi liðið mislangur tími milli funda samráðshópsins og hafi því ekki alltaf verið fyrir hendi nýjustu upplýsingar, þótt þetta hafi ekki almennt komið að sök. Hún kvað þetta ekki hafa snúið að sér einni sem fulltrúa viðskiptaráðuneytisins í samráðshópnum. Fjármálaeftirlitið hafi af skiljanlegum ástæðum verið viðkvæmt fyrir því að veita upplýsingar um einstök fjármálafyrirtæki og hafi mikil áhersla verið lögð á trúnað innan hópsins.

Áslaug kvaðst hafa miðlað upplýsingum reglulega til viðskiptaráðherra með því að hitta hann eftir fundi í samráðshópnum, en hafi hann ekki verið tiltækur hafi hún stundum rætt við aðstoðarmann hans. Trúnaður hennar í stjórnsýslunni hafi verið við ráðherrann og hafi hún því greint honum frá öllu, sem hún vissi um störf hópsins, og ekki haldið upplýsingum frá honum. Hún sagði það ekki hafa borist í tal í samræðum hennar við viðskiptaráðherra að hann teldi ákærða og utanríkisráðherra halda frá sér upplýsingum um þetta málavíð, en ýmis atvik hafi þó valdið pirringi. Í því sambandi

nefndi hún sérstaklega vandræði Glitnis banka hf. seint í september 2008 og kynni hún ekki skýringu á því að viðskiptaráðuneytið hafi ekki komið að ákvörðun um þau. Aðspurð sagðist hún telja að þetta hafi ekki hamlað framgangi mála og að upplýsingar hafi skilað sér á endanum. Ekki hafi verið vandkvæði í samskiptum viðskiptaráðherra og aðstoðarmanns hans og hafi aðstæður við meðferð á málefnum Glitnis banka hf. ekki verið einkennandi fyrir samstarf þeirra. Hún kvaðst ekki minnst þess nákvæmlega hvort vantraust annarra í samráðshópnum í garð viðskiptaráðherra vegna ætlaðrar lausmælgis hans hafi valdið vandamálum í störfum hópsins.

Í tengslum við lið 1.4 í ákæru sagði Áslaug að engin vinna hafi farið fram í viðskiptaráðuneytinu til að þrýsta á að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína eða flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi, enda hafi ráðuneytið ekki haft tæki til að gera slíkt. Hún sagðist ekki vita hvort viðskiptaráðherra hafi beitt sér fyrir þessu og ekki minntist hún þess að ákærði hafi leitað eftir tillögum frá samráðshópnum um hvað gera mætti í þessu sambandi, en á hinn bóginn hafi þetta verið rætt innan hópsins. Öllum hafi verið ljóst að erfitt væri að taka á þessum málum, en stundum hafi borist í tal að ræða yrði við stjórnendur bankanna um þetta og hafi yfirleitt komið í hlut Fjármálaeftirlitsins að fylgja því eftir.

Áslaug kvað innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi hafa fyrst verið rædda á fundi samráðshópsins í lok maí 2008. Þar hafi því verið velt upp hvort einhver leið væri til að hamla gegn þessu og hafi það verið skoðun hennar að erfitt væri að lögum fyrir íslensk stjórnvöld að koma í veg fyrir þessa starfsemi. Hún minntist þess ekki að hafa rætt sérstaklega um þetta við viðskiptaráðherra.

Varðandi lið 1.5 í ákæru lýsti Áslaug því að á síðasta fundi hennar í samráðshópnum 31. júlí 2008 hafi bréfaskipti Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins komið inn á borð hópsins. Um sömu mundir hafi starfsmaður breska fjármálaráðuneytisins haft samband við viðskiptaráðuneytið vegna þessa. Samhliða þessu hafi komið upp áhyggjur um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og hafi orðið mikil umræða og skiptar skoðanir um ábyrgð á skuldbindingum hans. Hún hafi einnig fundið mikinn þrýsting frá erlendum stjórnvöldum út af þessu og hafi þetta að auki verið rætt á vettvangi evrópskra tryggingarsjóða. Í viðskiptaráðuneytinu hafi fremur verið hallast að því að ríkinu bæri að styðja tryggingarsjóðinn. Ekki hafi verið rætt beinlínis um að ríkisábyrgð væri fyrir hendi, heldur þyrfti að taka afstöðu til þess hvort ríkið myndi styðja sjóðinn svo að

hann gæti staðið við skuldbindingar sínar. Í þessu sambandi hafi stjórn sjóðsins ritað bréf til ráðherra, enda hafi verið skýr ákvæði í lögum um hvernig sjóðurinn ætti að fjármagna sig. Hún hafi talið augljóst að einhvers staðar yrði tryggingarsjóðurinn að taka lán, þótt ekki hafi verið mælt fyrir um það í lögum að ríkinu bæri að veita það, og hafi hún lagt mikið upp úr því að fá skýr svör um hvort ríkið hygðist styðja sjóðinn, sem hún hafi talið eina færðu leiðina. Hún kvað viðskiptaráðuneytið ekki hafa leitað eftir lögfræðilegu álitinu annarra um þetta. Þá sagðist hún ekki hafa vitað hvort ríkinu hefði verið kleift að standa undir þessu, en slíkum spurningum hefði fjármálaráðuneytið þurft að svara.

Áslaug kvað áherslu hafa verið lagða á að Landsbanki Íslands hf. flytti Icesave reikningana úr útibúum til dótturfélaga til að forða því að ábyrgð á innstæðunum myndi hvíla á íslenska tryggingarsjóðnum. Viðskiptaráðuneytið hafi fylgst með málinu gegnum samráðshópinn, þar sem mikið hafi verið rætt um þetta eftir að hún vék úr honum, en ráðuneytið hafi ekki komið að þessu fyrir þann tíma. Hún sagðist ekki vita hvort fundur viðskiptaráðherra með breska fjármálaráðherranum 2. september 2008 hafi verið fyrstu pólitísku afskipti þess fyrrnefnda af málinu, enda hafi hún ekki lengur verið ráðuneytisstjóri á þeim tíma. Aðspurð sagði hún bréfaskipti sín við breska fjármálaráðuneytið 3. ágúst 2008 og síðar hafa snúið að tryggingarsjóðnum, en ekki að tilraunum til að flytja Icesave reikningana í dótturfélag, sem hún hafi ekki komið beint að.

14

Vitnið Jónína S. Lárusdóttir kvaðst fyrir dómi hafa verið skipuð ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu 1. ágúst 2007, en frá desember á því ári hafi hún verið í fæðingarorlofi til 1. ágúst 2008, þegar hún hafi tekið til starfa á ný. Þá hafi hún átt sæti í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað samhliða starfi sínu sem ráðuneytisstjóri. Hún sagðist hafa orðið fyrir miklu áfalli út af stöðu bankakerfisins þegar hún tók aftur til starfa eftir orlof sitt.

Aðspurð í tengslum við lið 1.3 í ákæru sagðist Jónína hafa litið á samráðshópinn sem vettvang til samráðs og skoðanaskipta og hafi þeir, sem áttu hlut að honum, átt að veita þar upplýsingar, þótt gætt hafi þar áhrifa af lagaákvæðum um þagnarskyldu. Hópnun hafi ekki verið ætlað að taka ákvarðanir eða gegna hlutverki stjórnvalds og hafi því ráðuneyti og stofnanir haldið sínum viðfangsefnum óbreyttum á þessu sviði. Við undirbúning viðbragða við fjármálaáfalli hafi hópurinn aðallega átt að samræma verkefni, en það hafi verið hlutverk Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins að

semja viðbúnaðaráætlanir. Hún teldi ekki að skort hafi pólitíska stefnumörkun í störfum hópsins. Hún hafi ekki alltaf verið sátt við stefnuna, en talið að unnið væri þar af heilindum þótt stundum hafi verið skiptar skoðanir innan hópsins um hvaða skref ætti að taka. Viðskiptaráðuneytið hafi innan samráðshópsins óskað eftir afstöðu til þess hvað ríkið væri tilbúið að gera til að styðja við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, en fulltrúar fjármálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins í hópnum hafi ekki talið tímabært að taka ákvörðun um þetta. Þetta hafi verið helsta ágreiningsefnið í samráðshópnum. Hún kvaðst ekki vita hvort þessir fulltrúar hafi þar lýst skoðunum ráðherra sinna, en hún hafi rætt þetta við viðskiptaráðherra og veitt honum upplýsingar um það, sem gerðist í hópnum. Hún taldi störf samráðshópsins hafa skilað tilætluðum árangri, enda hafi á grundvelli þeirra verið unnt ljúka undirbúningi fyrir lagasetningu og meta í meginatriðum hvað gera þyrfti þegar bankarnir hrundu. Hún hafi á hinn bóginn ekki verið sátt við hvernig vinnu hópsins var stjórnað, hún hafi haft gríðarlegar áhyggjur af stöðunni og gjarnan viljað vinna hlutina hraðar. Hún hafi komið þessu á framfæri við viðskiptaráðherra, en ekki óskað eftir því að ákærða yrði tjáð þetta. Ekki hafi verið rætt um að breyta samkomulaginu um stofnun samráðshópsins.

Jónína bar að þegar ljóst hafi orðið 3. október 2008 að öll sund væru að lokast hafi ekki verið tilbúin eiginleg viðbúnaðaráætlun, en á hinn bóginn hafi mikil vinna verið leyst af hendi fram til þess tíma og ýmsar upplýsingar því legið fyrir. Þær hafi nægt til að meta stöðuna og sjá til hvaða aðgerða þyrfti að grípa, þar á meðal að ljúka vinnu við frumvarp, sem varð að lögum nr. 125/2008. Frumvarpið hafi verið sett saman úr vinnu margra hópa og því verið endanlega lokið um helgina 4. og 5. október 2008. Unnið hafi verið að ákvæðinu, sem varð 5. gr. laganna, á árinu 2008 og hafi það legið fyrir í drögum þegar hún kom aftur til starfa eftir fæðingarorlof, en eftir hafi þó staðið nokkrar lagfæringar. Ákvæði 1. gr. laganna hafi komið frá vinnuhópi í fjármálaráðuneytinu, ákvæði um sparisjóði frá Fjármálaeftirlitinu og ákvæði um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta frá nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins. Hún taldi ákvæðið, sem varð 6. gr. laganna, hafa orðið til um helgina 4. og 5. október 2008 eða í vikunni þar á undan.

Undir Jónínu voru borin ummæli hennar í framlögðu endurriti af skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, þar sem hún hafi greint frá því að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi sagt við hana að það væri ekki endilega þannig að láta ætti ráðherra vita af öllu, sem fram færi á fundum samráðshópsins, en hann gerði það ekki

við sinn ráðherra. Aðspurð hvort sá andi hafi ríkt í hópnum að halda ætti gögnum frá ráðherrum eða hvort þetta hafi snúið sérstaklega að viðskiptaráðherra ítrekaði Jónína það, sem hún hafi einnig sagt fyrir rannsóknarnefndinni, að hún hafi verið alveg klár á því hvar hennar trúnaðarskylda lægi. Hún taldi að ekki hafi verið reynt að hefta upplýsingagjöf til viðskiptaráðherra og hafi hún fengið öll gögn eins og aðrir í hópnum. Þá hafi ráðherrann þekkt það, sem hafi verið unnið við í viðskiptaráðuneytinu í tengslum við undirbúning að frumvarpinu, sem varð að lögum nr. 125/2008. Jónína kvaðst aðspurð ekki kunna aðra skýringu á því að viðskiptaráðherra hafi ekki verið kvaddur til vegna málefna Glitnis banka hf. í lok september 2008 en að þetta hafi verið ákvörðun ákærða og utanríkisráðherra.

Jónína kvaðst telja að tillaga, sem viðskiptaráðherra bar upp á fundi ríkisstjórnarinnar 12. ágúst 2008 um skipun nefndar um fjármálastöðugleika, hafi þegar verið mótuð þegar hún kom aftur til starfa 1. sama mánaðar. Sér hafi verið sagt að hugsunin að baki tillögunni hafi verið sú að reyna ætti að læra af því, sem væri að gerast í þessum efnum, og kanna hvort gera þyrfti breytingar á lögum. Hún hafi ekki talið þetta eiga að vera viðbrögð við ástandinu eins og það var orðið á þessum tíma. Ekki væru efni til að álykta af þessari tillögu að ráðherranum hafi ekki verið kunnugt um það, sem hafi farið fram í samráðshópnum, eða um vinnu innan ráðuneytisins við gerð frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008, enda hafi hann fengið upplýsingar um þau efni.

Varðandi lið 1.5 í ákæru sagðist Jónína hafa komist fyrst að atriðum, sem sneru að flutningi Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. frá erlendum útibúum til dótturfélaga, þegar hún kom aftur til starfa 1. ágúst 2008. Hún hafi sett sig inn í málið og farið á næsta fund samráðshópsins, þar sem hún hafi fengið upplýsingar. Síðan hafi henni borist ósk frá Landsbanka Íslands hf. um að fá að kynna henni málið. Hún hafi farið ásamt ráðuneytisstjóranum í fjármálaráðuneytinu á fund í bankanum 13. ágúst 2008, þar sem bankastjórar og forstöðumaður lögfræðisviðs hans hafi greint frá stöðunni og bréfaskiptum bankans við breska fjármálaeftirlitið. Bankastjórnarnir hafi síðan komið til fundar með viðskiptaráðherra 20. ágúst 2008 og hafi hún verið viðstödd. Jónína kvaðst hafa haft þungar áhyggjur af stöðu þessa máls og talið sig ekki geta séð að það tækist að flytja reikningana til dótturfélags. Hún hafi ekki verið viss um að stjórnendur bankans hafi verið einlægir í því að vilja flytja reikningana. Aðspurð sagðist hún ekki minnst þess að nokkru sinni hafi verið rætt um að leita atbeina ákærða vegna þessa máls.

Jónína kvað ráðuneytisstjórnann í fjármálaráðuneytinu hafa haft þá skýru afstöðu að ríkið bæri enga ábyrgð á fjármögnun Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Hún hafi á hinn bóginn talið frambærileg rök fyrir því að ríkið gæti borið slíka ábyrgð. Þetta hafi ekki endilega verið sú niðurstaða, sem hún hefði kosið, en hún hafi talið rétt að þeir, sem tækju endanlega ákvörðun, væru upplýstir um báðar hliðar.

15

Vitnið Jónas Fr. Jónsson, sem var forstjóri Fjármálaeftirlitsins og átti einnig sæti í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað á þeim tíma sem ákæra í málinu varðar, kvaðst fyrir dómi ekki hafa átt mikil samskipti við viðskiptaráðherra eða ákærða vegna starfa sinna. Stofnunin hafi verið mjög sjálfstæð og samskipti hennar við viðskiptaráðherra aðallega farið gegnum formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Jónas sagðist hafa fundað með ákærða í mars 2008, en þá hafi staða bankanna ekki litið svo illa út. Við það tækifæri hafi hann farið yfir helstu upplýsingar, sem fyrir lágu, og talið stöðuna vera í lagi nema bankarnir hafi beitt glæpsamlegum blekkingum. Spurður hvort ákærði hafi haft ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðu mála eftir þennan fund sagði Jónas að á þessum tíma hafi verið lausafjárkreppa og yrði almennt að reikna með því að banki, sem fengi ekki fjármögnun í 12 til 18 mánuði, myndi lenda í vandræðum. Hann hafi svo aftur rætt við ákærða í byrjun október 2008, líklega 4. þess mánaðar.

Jónas kvað lausafjárkreppu hafa verið komna á fyrir ársbyrjun 2008 og hafi verið fyrirsjáanlegt að bankar um allan heim myndu eiga erfitt með að útvega sér lánsfé, þar á meðal íslensku bankarnir. Vitað hafi verið um gjalddaga á stórum lánnum þeirra vorið 2009, svo og að íslenska bankakerfið myndi fara illa ef ekki tækist að fjármagna þessar greiðslur. Svokallaðar kennitölur bankanna hafi þó litið ágætlega út og hafi ársreikningar og lausafjárskýrslur þeirra ekki bent til þess að þeir ættu í vandræðum. Reikningar bankanna hafi verið endurskoðaðir af alþjóðlegum endurskoðunarfyrtækjum og hafi að auki margir komið að því að skoða mál þeirra. Þeir, sem þar hafi átt í hlut, hafi borið mikla ábyrgð á því að eftirlitsstofnunum bærust upplýsingar ef eitthvað væri athugavert við stöðu bankanna á þessum tíma. Innan bankanna hafi einnig verið mikið innra eftirlitskerfi. Í þessu ljósi byrjuðu eftirlitsstofnanir með málefnum fjármálamarkaðarins almennt ekki á því að vantroysta upplýsingum frá bönkum. Fjármálaeftirlitið hafi gert reglubundin álagspróf vegna bankanna, en þau hafi verið þannig uppbyggð að gert hafi verið ráð fyrir vanskilum við bankana, fall á verði hlutabréfa og skuldabréfa og veikingu á gengi krónunnar.

Hafi þetta allt verið prófað miðað við sama tímamark. Bankarnir hafi staðist prófin og hafi upplýsingar um þau verið birt opinberlega samkvæmt hvatningu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en af þeim sökum hafi hver sem vildi getað notað þau og bætt við öðrum forsendum. Talið hafi verið að prófin gæfu góða mynd. Þau hafi aðallega snúið að eiginfjárstöðu bankanna, en Seðlabanki Íslands hafi prófað lausafjárstöðu þeirra og birt niðurstöður um það í riti sínu um fjármálastöðugleika. Að mati seðlabankans hafi lausafé bankanna á þessum tíma átt að nægja til tólf mánaða.

Aðspurður hvort Fjármálaeftirlitið hafi verið nægilega öflugt til að sinna hlutverki sínu sagði Jónas að hún hafi á þessum tíma verið mun minni stofnun en hún væri nú í hlutfalli við stærð bankakerfisins. Stofnunin hafi verið vanburðug þegar hann hóf þar störf og hafi verið farið í mikla uppbyggingu, meðal annars með því að bæta upplýsingakerfi. Hún hafi orðið sér úti um fé til að fjölga starfsmönnum, bæta aðstæður þeirra og kjör, sem hafi mætt andstöðu bankanna í byrjun. Hafi verið örðugt að stækka stofnunina og það ekki gengið nógu hratt. Þrátt fyrir þetta hafi erlendir eftirlitsaðilar gefið henni jákvæða umsögn. Reynt hafi verið að halda fundi með fulltrúum stóru bankanna þriggja til að fara yfir helstu atriði einu sinni eða tvisvar á ári og hafi það síðan að auki verið gert samkvæmt beiðnum.

Jónas kvaðst hafa treyst ársreikningum bankanna, sem lagðir voru fyrir Fjármálaeftirlitið. Innan þess hafi verið myndaður hópur í nóvember 2007 til að skoða þá nánar og hafi hann verið byrjaður að draga ýmsar ályktanir. Á hinn bóginn hafi ekkert hrópað á að mikil hættu væri yfirvofandi. Aðspurður hvort gerðar hafi verið úrtakskannanir á áreiðanleika þessara gagna sagði Jónas að á dagskrá hafi verið að láta endurskoðendur staðfesta að úrbætur hafi verið gerðar á rekstri bankanna samkvæmt upplýsingum frá þeim á árinu 2007 og hafi síðan staðið til að fara í bankana 2008 til að sannreyna úrbæturnar. Aðspurður vegna ummæla, sem höfð voru eftir formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins í minnisblaði um fund hans með viðskiptaráðherra, aðstoðarmanni hans og utanríkisráðherra 15. janúar 2008 um að menn væru alltaf að lána sjálfum sér, svaraði Jónas því til að Fjármálaeftirlitið hafi gert sérstakt átak vegna þessa frá árinu 2007 og hafi verið kannaðar svokallaðar stórar áhættur, svo sem mætti sjá í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins frá þessum tíma. Útlán hafi verið könnuð og hafi í sumum tilvikum þurft að rannsaka þau betur. Reglur um þetta hafi verið flóknar og hafi þurft að gæta að því að þeim væri ekki beitt öðru vísi hér en í nágrannalöndunum, en einnig hafi verið erfitt að greina eignarhald félaga. Jónas kvað Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands hafa skipst reglulega á gögnum og átt

fundi, þar sem meðal annars hafi verið lýst áhyggjum af stöðunni ef lausafjáarkreppan drægist á langinn.

Í tengslum við lið 1.3 í ákæru sagðist Jónas hafa litið svo á samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi aðallega verið vettvangur til upplýsinga- og skoðanaskipta. Starf hópsins hafi verið gagnlegt og hafi þeir, sem áttu hlut að honum, getað unnið frekar úr því, sem þar kom fram. Settar hafi verið upp greiningar á úrræðum og sviðsmyndir um hugsanlegt áfall, en frekari greiningar af þeim toga hefðu bætt litlu við, enda hafi aðalatriðið verið að ná utan um heildarmyndina. Hópnum hafi ekki verið bannað að gera viðlagaáætlun, en ekki hafi heldur verið beinlínis ætlast til þess. Fjármálaeftirlitið hafi verið búið að gera ákveðnar áætlanir og hafi slík vinna einnig farið fram í Seðlabanka Íslands. Það hafi ekki verið í verkahring samráðshópsins að gera drög að lagafrumvörpum til að mæta fjármálaáfalli, en hann hafi á hinn bóginn látið semja slík drög í Fjármálaeftirlitinu vegna ábendinga, sem hafi komið fram í tengslum við stofnun samráðshópsins, um að frekari lagaheimildir þyrfti til aðgerða vegna fjármálaáfalls. Þessi frumvarpsdrög hafi verið útfærð nánar sumarið 2008 og orðið stofninn í lögum nr. 125/2008. Starf samráðshópsins hefði mátt vera skilvirkara og hafi hann kallað eftir því í minnisblöðum frá nóvember 2007 og mars og apríl 2008, þar sem hann hafi lagt til að afstaða yrði mótuð til tiltekinna atriða, meðal annars hvað komið gæti til greina að leggja af mörkum úr ríkissjóði ef til fjármálaáfalls kæmi. Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu hafi reynt mjög tregur til að ræða þessi atriði og beinlínis lagst gegn því, en með umræðu hefði þó að minnsta kosti mátt útiloka einhverja valkosti, þótt vissulega væri aldrei hægt að sjá nákvæmlega fyrir hvernig áföll yrðu. Stjórnun hópsins hafi að öðru leyti ekki verið ábótavant. Jónas taldi ekki að takmarkanir á upplýsingaskiptum hafi háð starfi samráðshópsins, enda hafi upplýsingum verið miðlað eins og þörf hafi verið á og gætt meiri dirfsku í þeim efnum eftir því, sem leið á störf hópsins. Hann kvaðst hafa litið svo á að hópurinn hafi getað unnið verkefni að beiðni þeirra, sem stóðu að honum, en endanlega hefði þurft valdbærar stofnanir til að taka ákvarðanir og hafi hópurinn ekki haft neinar valdheimildir. Jónas minntist þess ekki að rætt hafi verið um að samkomulaginu um stofnun samráðshópsins yrði breytt og hafi hann ekki talið knýjandi þörf á því. Yrði að hafa í huga að ekki hafi verið litið svo á að samráðshópurinn væri að fást við bráða hættu, en talið hafi verið að hún gæti komið upp vorið 2009 og hafi því þótt vera nokkur tími til stefnu.

Jónas sagði að í framhaldi af fundi samráðshópsins 21. apríl 2008, þar sem fjallað var um vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls, hafi farið í hönd vinna á grundvelli áður nefndra frumvarpsdraga frá Fjármálaeftirlitinu. Hann kvað skjal frá sér, sem nefnt var ólystugi matseðillinn og lagt var fram á fundi samráðshópsins 28. sama mánaðar, hafa verið gert til að skerpa umræður innan hópsins og kalla fram svör við álitafnum, sem þar hafi verið getið. Jónas kvaðst ekki minnst sérstaklega fundar í samráðshópnum 29. maí 2008, þar sem atriði í þessu skjali voru aftur rædd. Hann sagði að enn hafi verið vísað til þessa skjals þegar rætt var á fundi 7. júlí 2008 um að stjórnvöld hafi ekki gert upp við sig hvað þau vildu ganga langt og ekki væri búið að stilla stjórnendum bankanna upp við vegg. Ágreining innan samráðshópsins mætti sjá í fundargerð frá 31. júlí 2008, þar sem honum hafi verið lýst nákvæmlega.

Varðandi lið 1.4 í ákæru lýsti Jónas þeirri skoðun að bankakerfið hafi stækkað mest á árunum 2002 til 2005, en eftir það hafi ekki orðið ytri vöxtur. Útrás bankakerfisins hafi byrjað löngu fyrir árið 2008, en þegar þar var komið sögu hafi verið lausafjárkreppa og erfitt að minnka efnahagsreikninga bankanna með sölu eigna. Á því ári hafi þó Kaupþing banki hf. hætt við kaup á hollenska bankanum NIBC, en með þeim hefði bankakerfið hér á landi stækkað um 40%. Einnig hafi Landsbankinn Íslands hf. hætt við að kaupa tiltekið fyrirtæki í Bretlandi. Í evrum talið hafi efnahagsreikningar bankanna dregist saman um 7% fyrri hluta árs 2008. Bankarnir hafi reynt að losa þær eignir, sem þeir gátu, en hættulegt hefði getað orðið að ganga lengra, enda hafi sala á óhagstæðu verði getað haft áhrif á eiginfjárlutfall þeirra og sent út skaðleg skilaboð, auk þess sem erfitt hafi verið að finna kaupendur. Jónas kvaðst hafa sagt opinberlega og í samtölum við stjórnendur bankanna að þeir ættu að draga úr stærð sinni og þetta hafi stjórnáráðsmenn einnig sagt. Þá yrði að minnst þess að stjórnvöld hafi engar valdheimildir haft til að þvinga einkafyrirtæki til að selja eignir. Erfitt væri að setja fasta viðmiðun um hversu stórt bankakerfi mætti vera sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, en huga yrði að því að um helmingur eigna íslensku bankanna hafi verið í erlendum dótturfélögum.

Um yfirlýsingu ákærða, fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs frá 16. maí 2008, sem gerð var í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamninga bankanna, sagði Jónas að fyrir þann tíma hafi legið fyrir að æskilegt væri að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína. Ingimundur Friðriksson hafi borið þetta atriði í yfirlýsingunni undir sig áður en hún hafi verið undirrituð og hafi þeir verið sammála um þetta markmið, þótt engar

valdheimildir hafi verið til að fylgja því eftir. Yfirlýsingin hafi því í raun ekki haft nein áhrif.

Jónas minntist þess ekki að Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands hafi brugðist sérstaklega við bréfi frá Landsbanka Íslands hf. 10. mars 2008, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða innlánasöfnun bankans á Icesave reikninga í Hollandi. Ekki hafi verið unnt að banna starfsemi útibúsins í Hollandi, enda hafi það verið stofnað á árinu 2006. Litið hafi verið svo á að Fjármálaeftirlitið gæti ekkert gert til að hindra þessa starfsemi, en til þess hefði orðið að afturkalla starfsleyfi Landsbanka Íslands hf. og heimildir hans til að taka við innlánunum í öllum starfstöðvum sínum.

Í sambandi við lið 1.5 í ákæru sagði Jónas að í lok árs 2007 eða snemma 2008 hafi verið farið að telja Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. hættulega, en ekki hafi verið unnt að banna bankanum að safna innlánunum á þennan hátt og hafi engum dottið í hug að beita sér fyrir breytingu laga til að koma slíku við. Jónas kvaðst hafa heyrt af útstreymi af reikningunum í apríl 2008 og hafi það ekki verið talið á hættulegu stigi, en fundað hafi verið um þetta með stjórnendum bankans. Litið hafi verið svo á að bankinn væri að vinna að því að færa reikningana til erlendra dótturfélaga, en síðar hafi komið í ljós að hann ætti í erfiðleikum með það. Bankinn hafi sjálfur átt að sinna þessu gagnvart breska fjármálaeftirlitinu, en Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðuneytið hafi síðan þrýst á bresk stjórnvöld og hafi þá verið horft til hagsmuna þjóðarinnar, en ekki endilega bankans. Lagasetning hafi ekki komið til álita til að knýja á um flutning reikninganna, enda hafi sú aðgerð verið háð samþykki breskra stjórnvalda. Vilji hafi staðið til þess að ekki yrði haldið þannig á málinu að bankinn félli vegna umtals í tengslum við þetta. Skilyrðin, sem breska fjármálaeftirlitið hafi sett fyrir flutningi reikninganna til dótturfélags, hafi verið ströng, en gæta hafi þurft að því að ef bankinn færði of miklar eignir til dótturfélags hefðu ákvæði í skilmálum lánessamninga hans getað valdið því að lánardrottinnar gætu gjaldfellt kröfur sínar. Að auki hafi þurft að huga að lausafjárstýringu innan samstæðunnar. Fjármálaeftirlitið hafi 11. ágúst 2008 óskað eftir tímabundnum tilslökunum af hálfu breska fjármálaeftirlitsins, en þá hafi verið rætt um að unnt ætti að vera að ljúka flutningi reikninganna fyrir árslok 2008. Á síðustu dögum áður en bankinn féll hafi síðan bresk stjórnvöld verið tilbúin að láta flutninginn ná fram að ganga á einni eða tveimur vikum að fullnægðum öllum skilyrðum. Hann kvaðst lengst af hafa verið þeirrar skoðunar að það myndi takast að ljúka þessu máli.

Aðspurður hvort viðleitni til að takmarka innlánaöfnun Landsbanka Íslands hf. erlendis hafi beinst að því að draga úr skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sagði Jónas að þessar aðgerðir hafi snúist um að koma í veg fyrir áhlaup á bankann. Menn hafi ekki endilega haft áhyggjur af hugsanlegri áhættu fyrir ríkið. Ábyrgð þess hafi ekki borist í tal fyrr en allt hafi verið komið að fótum fram.

16

Vitnið Jón Sigurðsson greindi frá því fyrir dómi að viðskiptaráðherra hafi farið þess á leit að hann tæki að sér að gegna starfi formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Hann hafi eftir nokkra umhugsun tekið þetta að sér og hafið störf í janúar 2008. Hann hafi ekki mótað stefnu sína til fulls áður en hann tók við starfinu sökum þess hversu brátt þetta hafi borið að, en hann hafi ætlað sér að bæta starfshætti Fjármálaeftirlitsins og beina eftirlitinu meira að stjórnarháttum fjármálafyrirtækja en einstökum ákvörðunum þeirra. Hann hafi einnig viljað auka vettvangskannanir stofnunarinnar. Jón bar að sér hafi þótt ljóst við upphaf starfa sem formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins að fjöldi starfsmanna þar og undirbúningur þeirra undir störfin hafi ekki verið nægur. Hann kvaðst hafa tekið þátt í mótun tillagna stofnunarinnar í tengslum við gerð fjárlaga og hafi þar verið gert ráð fyrir verulegri aukningu í starfsemi og fjölgun starfsmanna, meðal annars vegna þess að eftirlitsskyldir aðilar hafi ekki einungis verið fleiri en áður, heldur hafi starfsemi þeirra verið flóknari.

Jón kvaðst hafa átt fund með viðskiptaráðherra og ráðuneytisstjóra hans snemma í janúar 2008 og hafi þá nokkur vandamál þegar verið komin upp, meðal annars áform Kaupþings banka hf. um að kaupa hollenska bankann NIBC, sem Fjármálaeftirlitið hafi lagst eindregið gegn, og áhætta Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna innlánaöfnunar á netreikningum í Bretlandi og víðar. Aðspurður um fund með viðskiptaráðherra, aðstoðarmanni hans og utanríkisráðherra 15. janúar 2008, þar sem rætt hafi verið um að menn væru alltaf að lána sjálfum sér, of mikil vensl væru á lánamarkaði og skerpa yrði regluverkið þannig að fyrir lægi hverjir væru raunverulegir eigendur hlutafjár, kvað Jón þetta hafa verið margoft rætt og hafi tengslin milli aðila verið eitt af viðvarandi vandamálunum þann tíma, sem hann gegndi þessu starfi. Hann hafi á hverjum einasta stjórnarfundi, sem hann sat, beint því til forstjóra Fjármálaeftirlitsins að gera gangskör að því að rekja í sundur þessi flóknu tengsl.

Jón kvaðst hafa vitað um samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað, svo og að forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi átt þar sæti sem fulltrúi stofnunarinnar. Forstjórinn hafi greint sér frá því, sem gerðist í störfum hópsins.

Aðspurður í tengslum við lið 1.4 í ákæru sagðist Jón hvorki vita til þess að ákærði hafi gert eitthvað á árinu 2008 til að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína eða flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi né að stjórnvöld hafi beitt bankana þrýstingi í þessu skyni, enda hafi þau ekkert vald haft að lögum til að ákveða stærð banka frekar en annarra fyrirtækja. Hefði verið reynt að hlutast til um flutning banka úr landi í byrjun árs 2008 eða sölu eigna þeirra hefði það líklega ekki skilað árangri. Hann kvaðst ásamt forstjóra Fjármálaeftirlitsins og Ingimundi Friðrikssyni seðlabankastjóra hafa þó hitt stjórnendur bankanna þriggja á aðskildum fundum í byrjun mars 2008, þar sem hann hafi lýst þungum áhyggjum af örum vexti bankanna og hvatt þá til að draga saman seglin.

Jón kvaðst hafa rætt alloft við forstjóra Fjármálaeftirlitsins og lögfræðinga, sem störfuðu þar, hvort til álita kæmi að hindra innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi og hafi þeir talið enga lagastoð fyrir því. Hann hafi ekki rætt um þetta við stjórnendur bankans fyrr en komið hafi verið fram á haust 2008, en hann hafi einnig hitt þá í byrjun mars til að ræða mikinn vöxt í þessum netreikningum og hvort þeir óttuðust ekki að þetta kvika fé yrði þeim skammgóður vermir. Þá hafi það verið nefnt hvort ekki væri fært að flytja Icesave reikningana úr útibúi bankans í Bretlandi til dótturfélags. Vissulega hafi margir hvatt íslensku bankana til að hverfa frá markaðsfjármögnun, þar á meðal lánshæfismatsfyrirtæki, en sér hafi þótt þessi öra söfnun innlána ógætileg. Þá teldi hann það hafa verið misráðið að afnema 25. mars 2008 bindiskyldu í Seðlabanka Íslands vegna þessara reikninga. Af sinni hendi hafi þessar umræður um Icesave reikningana einnig tengst stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Jón kvað Fjármálaeftirlitið hafa í samstarfi við Seðlabanka Íslands beitt sér gagnvart Kaupþingi banka hf. til að koma í veg fyrir kaup hans á hollenska bankanum NIBC. Í því sambandi hafi stjórnendum Kaupþings banka hf. verið bent á að þeim yrði bannað að ljúka þessum kaupum ef þeir vildu ekki hverfa frá þeim og hafi þessar fortölur nægt. Aðspurður hvort ekki hefði verið unnt að beita álíka aðferðum til að hindra innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. í Hollandi ítrekaði Jón að lögfræðingar innan Fjármálaeftirlitsins hafi ekki talið lagalegar forsendur til að koma í veg fyrir þá starfsemi.

Varðandi lið 1.5 í ákæru kvaðst Jón hafa rætt við viðskiptaráðherra um að sér hafi virst áhættusamt að Landsbanki Íslands hf. hefði starfsemi í tengslum við Icesave reikninga í Bretlandi í útibúi í stað þess að hafa hana í dótturfélagi. Þetta hafi hann jafnframt rætt við stjórnendur Seðlabanka Íslands, einkum Ingimund Friðriksson, og hugsanlega einnig utanríkisráðherra. Í mars 2008 hafi verið rætt við stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hvort þeir hygðust fara að tilmælum breska fjármálaeftirlitsins um að draga úr auglýsingum um þessa reikninga og hætta að bjóða hærri vexti en keppinautar bankans. Við þessu hafi stjórnendurnir brugðist með því að neita að bankinn byði hærri vexti en aðrir, en sér hafi skilist á þeim að bankinn stefndi að því að flytja þessa starfsemi til dótturfélags. Þótt rætt hafi verið í tengslum við þetta um að bankinn hagaði starfsemi sinni með þessum hætti vegna lausafjárskorts hafi hann talið að í raun byggi þar að baki dulinn eiginfjávandi. Álagspróf Fjármálaeftirlitsins hafi illu heilli ekki verið fallin til að leiða þetta í ljós og hafi veilan í eftirlitinu líklega verið sú að heildarsýn hafi skort yfir fjármálamarkaðinn. Eftir því, sem liðið hafi á árið 2008, hafi grunsemdir aukist um að vandi bankanna stafaði af tengslum milli aðila, en ekki hafi legið fyrir fyrr en eftir hrun bankanna að markaðsmisnotkun hafi viðgengist og menn hafi bólstrað verðmæti hlutafjár í bönkunum með því að stunda viðskipti, sem voru í raun engin.

Jón kvaðst ekki hafa vitað með beinum hætti um samskipti milli Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins vegna ráðagerða um flutning Icesave reikninganna til dótturfélags á tímabilinu frá apríl til júlí 2008. Hann hafi hitt fulltrúa breska fjármálaeftirlitsins á fundi með bankastjórn Seðlabanka Íslands 31. júlí 2008 og hafi þar verið farið ítarlega yfir málið og reynt að ná samkomulagi um hvaða leið skyldi fara til að koma fram flutningi á Icesave reikningunum til dótturfélags. Um þetta hafi tekist ágæt samstaða, en þó hafi þetta verið þungt undir fæti, þar sem Landsbanki Íslands hf. hafi talið sig hafa náð samningi við breska fjármálaeftirlitið í lok maí 2008 um að öllum kröfum þess væri fullnægt með því að 5% af samanlögðum innstæðum á reikningunum yrðu lögð til hliðar á reikningi í Seðlabanka Íslands eða Englandsbanka. Landsbanki Íslands hf. hafi ekki átt fulltrúa á þessum fundi, en svo hafi virst sem bankanum hafi fundist breska fjármálaeftirlitið krefjast þess að of mikið fé yrði látið af hendi til dótturfélags í tengslum við flutning reikninganna og hafi það verið kjarni ágreiningsins milli þeirra. Á fundinum hafi borist í tal að sennilega yrði að nota allt árið 2008 til að flytja starfsemina til dótturfélags. Breska fjármálaeftirlitið hafi viljað að þetta yrði gert á skemmri tíma, en bent hafi þá verið á að þetta kynni að

valda því heimildir lánardrottna til að gjaldfella lánsamninga við bankann kynnu að rakna við.

Jón sagðist ekki geta borið um aðdragandann að fundi sínum, viðskiptaráðherra og annarra íslenskra embættismanna með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008, en þetta hafi komið til í framhaldi af fundi, sem Fjármálaeftirlitið hafi átt með forstjóra breska fjármálaeftirlitsins um samskipti stofnananna og þá einkum í tengslum við erlendar innstæður hjá íslensku bönkunum og innstæðutryggingar. Með fundinum við ráðherrann hafi átt að fá bresk stjórnvöld til að sýna sveigjanleika við að hrinda í framkvæmd flutningi Icesave reikninganna til dótturfélags, sem stjórnvöld í báðum löndum hafi verið sammála um að væri besta lausnin. Ákveðið hafi verið að ræða við breska fjármálaráðherrann, því æðsta stjórn fjármálamarkaða þar í landi hafi verið í höndum hans, bankastjóra Englandsbanka og formanns stjórnar breska fjármálaeftirlitsins, en að auki hafi það haft pólitískan tilgang að vinna skilning á afstöðu Íslendinga í málinu. Jón kvaðst halda að áður hafi verið reynt á pólitískum vettvangi að afla skilnings breskra stjórnvalda, en hann hafi talið sig vita að ákærði hefði mikinn hug á því að vinna málinu framgang og hafi rætt við viðskiptaráðherra um hvernig mætti stilla málinu upp við bresk stjórnvöld án þess að lofað yrði ríkisstuðningi.

Jón kvað andrúmsloftið á fundinum 2. september 2008 hafa verið vinsamlegt og eftir atvikum jákvætt, en fátt annað hafi þó komið út úr fundinum en kurteisislegar yfirlýsingar um að það besta yrði gert úr málinu. Þar hafi breski fjármálaráðherrann ekki lýst fyrirvara við það, sem íslenska sendinefndin færði fram, heldur sýnt því skilning. Á fundinum hafi ekki annað komið fram varðandi Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta en að staðið yrði við þann samning, sem Ísland hafi gert um að koma upp innstæðutryggingarkerfi, án þess að því fylgdi ríkisábyrgð og hafi þetta verið í samræmi við skoðun hans á því. Í efni, sem tekið hafi verið saman við undirbúning fundarins, hafi sagt um þetta að íslensk stjórnvöld ábyrgðust áreiðanlega tryggingarvernd fyrir allar innstæður í íslenskum bönkum í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið, en hann gæti ekki fullyrt að þetta hafi verið sagt orðrétt á fundinum. Aðspurður sagði Jón að það hafi komið fram af hálfu breskra stjórnvalda að einfaldast yrði að íslenska ríkið tæki á sig ábyrgð á einhverjum ótilteknum fjárhæðum. Jón kvað allt andrúmsloftið í kringum þetta mál hafa gjörbreyst eftir fall bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers um miðjan september 2008, enda hafi bresk stjórnvöld óttast að erlend

fjármálafyrirtæki væru að soga fé þaðan úr landi, líkt og hafi gerst í tilviki bandaríska bankans. Sagðist Jón telja að þetta hafi meðal annars verið ástæðan fyrir þeirri hörku, sem hafi færst undir lokin í viðræður um flutning Icesave reikninganna, en þar gæti þess þó einnig hafa gætt að bresk stjórnvöld hafi haft í huga áhættu af því að þrengingar Landsbanka Íslands hf. gætu haft smitandi áhrif á fjármálamarkaði þar. Hann hafi vonað í lengstu lög að samningar gætu tekist um flutning reikninganna, en ekki hafi hann þó verið fullur bjartsýni. Aðspurður sagði Jón að sér hafi ekki verið kunnugt um hvort leitað hafi verið eftir því að ákærði léti þetta mál til sín taka, en hann hafi gert ákærða grein fyrir fundinum með breska fjármálaráðherranum, enda hafi þeir rætt um þetta áður í einkasamtölum. Hann lýsti einnig þeirri skoðun að ákærði hefði í þessum efnun fyrst og fremst getað komið að gagni á pólitískum vettvangi og taldi hann ákærða hafa gert það.

17

Vitnið Rúnar Guðmundsson kvaðst fyrir dómi hafa verið sviðsstjóri váttryggingasviðs hjá Fjármálaeftirlitinu á árunum 2007 og 2008, en hann hafi að auki átt þar sæti í mörgum nefndum og vinnuhópum, meðal annars viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins, sem hafi starfað frá ársbyrjun 2006 allt fram að hruni bankakerfisins. Viðbúnaðarhópur þessi hafi veitt forstjóra og stjórn Fjármálaeftirlitsins og eftir atvikum samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað tölulegar upplýsingar.

Rúnar greindi frá því að vinnuskjal Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um sviðsmyndir fjármálaáfalls, sem fjallað var um á fundi samráðshópsins 21. apríl 2008 og hann var meðal höfunda að, hafi átt rætur að rekja til þess að á árinu 2006 hafi Fjármálaeftirlitið hugað í auknum mæli að vandamálum, sem hafi komið upp í rekstri fjármálafyrirtækja. Forstjóri og stjórn Fjármálaeftirlitsins hafi falið honum að kanna erfiðleika, sem danska fjármálaeftirlitið hafi staðið frammi fyrir vegna nánar tiltekins banka, og hafi verið reynt að draga af því lærdóm og sjá hvaða úrræði Fjármálaeftirlitið hefði ef til vandræða kæmi hér á landi. Þetta vinnuskjal hafi verið liður í því viðfangsefni og einnig tengst norrænni viðbúnaðaræfingu á árunum 2006 og 2007. Þátttaka í henni hafi skilað þeim árangri að Fjármálaeftirlitið, seðlabankinn og viðskiptaráðuneytið hafi verið betur sett til að fást við þá erfiðleika, sem síðar komu upp. Reynslan af þátttöku í þeirri æfingu hafi verið mjög góð, en miður hafi verið að henni hafi ekki verið lokið af hálfu Íslands. Æfingin hafi þó leitt í ljós ýmsa vankanta í regluverkinu, svo og í starfsháttum og heimildum Fjármálaeftirlitsins til

ráðstafana, og hafi ýmsar úrbætur verið gerðar í framhaldi af því. Hann kvaðst ekki hafa heyrt neitt frekar um afdrif vinnuskjalsins um sviðsmyndir fjármálaáfalls og hafi sér fundist bagalegt að því hafi ekki verið lokið, en viðbúnaðarhópur Fjármálaeftirlitsins hafi í framhaldi af þessu fengið fréttir um vinnu samráðshópsins eftir því, sem ástæða hafi verið til.

Um þátt sinn í vinnu við undirbúning frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008, sagðist Rúnar hafa látið samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað í té minnisblað um þá athugun, sem hann hafi gert á aðstæðum í Danmörku. Í framhaldi af því hafi hann tekið sæti í vinnuhópi með fulltrúum Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins, sem hafi farið yfir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lög um fjármálafyrirtæki til að meta hvaða heimildir væru fyrir hendi fyrir stjórnvöld til að grípa til ráðstafana. Vinnuhópurinn hafi farið yfir sviðmyndir, stöðu mála erlendis og hvaða úrræði vantaði í íslenska löggjöf og gert síðan drög að frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem lagt hafi verið til að setja ákvæði um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að taka yfir starfsemi slíkra fyrirtækja. Þessi vinna hafi orðið uppistaðan í frumvarpinu, sem síðar varð að svokölluðum neyðarlögum, en vinnuhópurinn hafi þó ekki verið kallaður til þegar komið hafi að endanlegri frumvarpssmíð. Á síðustu dögnum fyrir bankahrunið hafi honum verið falin verkefni, sem hann hafi fengist við í samvinnu við seðlabankann, viðskiptaráðuneytið og fleiri, og hafi þar verið reynt að kortleggja það, sem stjórnvöld þyrftu að gera ef bankarnir lentu í miklum erfiðleikum. Á þeim tíma hafi þótt verulegar líkur á að bankarnir gætu ekki fjármagnað sig. Aðspurður hvort honum hafi virst sem ekki væri til heildstæð aðgerðaáætlun sagði Rúnar að vantað hafi skriflegan verkferil eða viðbúnaðaráætlun, sem gott hefði verið að hafa til að fara eftir á þessum tíma. Hann teldi þó að Fjármálaeftirlitið hafi verið fært um að framkvæma yfirtöku fjármálafyrirtækja í samræmi við það, sem lagt hafi verið til í frumvarpi að neyðarlögnum, meðal annars vegna þess, sem lærst hafi á norrænu viðbúnaðaræfingunni. Undirbúningurinn hafi þannig verið vandaður, þótt hann hefði mátt vera betri.

Vitnið Davíð Oddsson, sem var bankastjóri við Seðlabanka Íslands og formaður bankastjórnar á því tímabili sem ákæra í málinu varðar, var spurður fyrir dómi hverjar hann teldi ástæður þess að bankakerfið hafi hrunið haustið 2008. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að stóru íslensku bankarnir þrír hafi komið sér á ystu nöf í rekstri sínum

á tilteknu árabili með innri starfsemi sinni, útvíkkun starfseminnar, stækkun sinni og frávikum frá þekktum bankaháttum. Þrátt fyrir þetta hefðu þeir hugsanlega getað lifað af um langan tíma, en þegar saman hafi farið þessi atriði og afturkiptur, sem hafi orðið á alþjóðlegum mörkuðum á miðju ári 2007, hafi það ekki verið hægt. Fyrir þann tíma hafi fjármálafyrirtæki getað gengið í ofgnótt fjár á góðum kjörum og með litlum tryggingum. Lengi vel hafi ekki verið talið að bankarnir kynnu að vera með dulinn eiginfjárvanda og hafi ástæða þess verið sú að þeir hafi árlega gert reikninga, sem stærstu endurskoðunarfyrirtæki landsins hafi áritað, og hafi ekki þótt efni til vantrausts. Einstaka menn, þar á meðal hann, hafi þó haft vaxandi áhyggjur af því að uppbygging bankanna fengi staðist við hraðan vöxt þeirra á sama tíma og stærstu hluthafar í þeim hafi aukið umsvif sín. Þetta hafi verið tilfinning fremur en víska og hafi hún beðið reglubundið skipbrot þegar reikningsskil bankanna hafi sýnt að allt virtist vera í stakasta lagi. Mikið framboð lánsfjár hafi gefið bönkunum svigrúm til að ráðast í fjölmörg verkefni, sem hafi vakið undrun, og jafnframt stærstu viðskiptavinum þeirra, sem oft hafi verið tengdir þeim, til að leggja undir sig þekkt fyrirtæki erlendis. Davíð kvaðst hafa verið byrjaður að gera athugasemdir út af þessu við ráðherra og stjórnendur bankanna löngu fyrir árið 2008. Til að byrja með hafi ekki allir innan Seðlabanka Íslands verið sammála þessu mati hans, en það hafi verið reist á tilfinningu og upplýsingum, sem hann hafi talið sig safna saman með því að horfa á hvernig hlutir hafi gengið fyrir sig, meðal annars hvernig ný fyrirtæki hafi sprottið upp á miklum hraða og menn hafi getað keypt nær hvað sem var án fyrirstöðu. Þetta hafi hann talið sýna að ýmsir hefðu óbeislaðan aðgang að bönkunum. Einnig hafi fjárhagslegt öryggi stærstu skuldunauta bankanna verið byggt á uppfærðum tölum um viðskiptavild, sem hafi verið óheyrilega há. Um þetta hafi verið rætt innan bankastjórnar seðlabankans og hafi samstarfsmenn hans orðið sammála honum um hættunna, sem þarna hafi verið uppi, þegar komið hafi verið fram á árið 2007. Við upphaf lánsfjáarkreppunnar hafi bankarnir talið sig geta bjargað sér í meira en 660 daga án lántöku, sem hafi ekki hljómað illa, en aðspurður sagði Davíð að eflaust hefði verið til bóta ef seðlabankinn hefði kallað eftir gögnum frá bönkunum um þetta, þótt hafa yrði í huga að hann hafi engar lagaheimildir haft til að krefjast slíkra gagna. Síðar hafi komið fram að þessar áætlanir bankanna hafi reynst vera reistar á röngum forsendum, þar sem í þeim hafi meðal annars verið byggt á því að skuldir við bankana, sem voru á gjalddaga á þessu tímabili, yrðu greiddar. Þetta hafi ekki gengið eftir, enda hafi fyrirtæki staðið veikt og fengið mikið fé að láni, og hafi bankarnir því þurft að lengja í

lánnum þeirra og hafi það veikt stöðu bankanna. Þegar lánsfjáarkreppan hafi verið búin að standa í tvo eða þrjú mánuði hafi hann lýst þeirri skoðun að ef svo færi lengur en í eitt ár samfleytt myndu bankarnir allir hrynja og hafi hann nefnt þetta meðal annars við ákærða og nokkra aðra ráðherra. Hann hafi talið þá skilja alvöru málsins og hlusta af athygli, en ekki væri þó víst að þeir hafi trúað þessu í byrjun, enda hafi hann ekki haft órækar sannanir. Davíð kvaðst staðfesta það, sem haft var eftir honum í framlögðu endurríti af skýrslu hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, að honum hafi fundist sem ákærði hafi í þessu efni síður viljað trúa því, sem hann hafi sagt, en orðum stjórnenda bankanna. Á hinn bóginn væri ekki óeðlilegt að ráðherra vildi sannreyna upplýsingar, sem bærust frá bankastjórn Seðlabanka Íslands. Davíð kvaðst telja sig og ákærða ekki hafa rætt nægilega mikið saman, enda hafi fundir forsætisráðherra með bankastjórn seðlabankans ekki verið jafn tíðir á þessum tíma og þegar hann gegndi embætti forsætisráðherra. Að einhverju leyti hafi skort trúnað milli ákærða og bankastjórnarinnar og kynni hann sjálfur að hafa átt þátt í því með framgöngu sinni, en þótt ráðherra hafi verið eðlilegt að sannprófa upplýsingar með samtölum við stjórnendur bankanna þá kynni einnig að hafa verið eðlilegt að leiða þá saman við bankastjórn seðlabankans. Slíkt hafi hann þó ekki lagt til. Aðspurður um samráð við aðra ráðherra en ákærða kvaðst Davíð hafa átt fund með viðskiptaráðherra á árinu 2007 eða 2008, en sá ráðherra hafi aldrei óskað eftir fundi við sig. Á aðra fundi, sem ráðherrar úr Samfylkingunni hafi sótt, hafi utanríkisráðherra oftast mætt, en félagsmálaráðherra tvívegis. Þá hafi iðnaðarráðherra komið á fundi um málefni Glitnis banka hf. í lok september 2008.

Davíð kvaðst telja að bankarnir hafi staðið nokkuð tæpt þegar að þeim þrengdi á fyrri hluta ársins 2006, en hann hafi þó ekki séð þetta fyrir. Forsætisráðherra hafi haft samband við sig á laugardegi og sagst hafa fengið af því fregnir að stjórnendur bankanna teldu þá myndu fara í þrot á komandi mánuðegi. Hann hafi ásamt Ingimundi Friðrikssyni og Tryggva Pálssyni fundað með stjórnendum Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf. og hafi hann einnig rætt við forstjóra Kaupþings banka hf., en þeir hafi allir talið bankana vera komna í þrot. Á þessum tíma hafi bankarnir ekki verið stærri en svo að Seðlabanki Íslands hefði getað greitt götu þeirra um einhvern tíma. Þrátt fyrir hættuna hafi verið ákveðið í seðlabankanum að bregðast ekki við að svo stöddu, enda hafi þar verið fylgt þeirri reglu að lofa aldrei viðbrögðum fyrr en í fulla hnefana. Úr þessum erfiðleikum hafi svo ræst, enda hafi ekki verið kreppa á alþjóðamörkuðum. Bankarnir hafi dregið lærdóm af þessu, meðal annars um að taka

lán til lengri tíma en áður, en hann hafi einnig dregið lærdóm, enda hafi hann verið tekinn í baelinu og reynslan af þessu sýnt að ástandið gæti versnað á undraverðum hraða. Davíð sagði seðlabankann hafa fylgst eftir þetta með starfsemi bankanna eftir því, sem hann hafi haft tök á, en seðlabankinn hafi engar þvingunarheimildir haft og hafi því ekki getað annað en að óska eftir upplýsingum frá bönkunum eða leita til Fjármálaeftirlitsins. Þá hafi seðlabankinn beitt sér í samtölum við starfsmenn bankanna og hafi þeir verið í góðu sambandi við starfsmenn seðlabankans. Aðspurður hvort seðlabankinn hafi gripið til einhverra ráðstafana vegna útpenslu bankakerfisins eftir þessa atburði sagði Davíð að meira hafi verið rætt um þetta og hafi lausafjárefirlit bankans einnig verið aukið.

Davíð kvað fulltrúa Seðlabanka Íslands hafa borið upp spurningar á fundum með Fjármálaeftirlinu um hvernig háttað væri svonefndum krosseignatengslum í sambandi við starfsemi bankanna og ekki síður krosslánveitingum, en hann hafi talið að þessa hafi gætt í ríkara mæli en aðrir hafi viljað kannast við. Fjármálaeftirlitið hafi fullvissað seðlabankann um að allt væri þetta innan settra lagaheimilda og reglna, en síðar hafi komið á daginn að viðmiðanir Fjármálaeftirlitsins um hverjir teldust til tengdra aðila hafi verið mjög frjálslugar. Þetta hafi þó endurskoðendur bankanna einnig átt að sjá og væri því ekki einungis við Fjármálaeftirlitið að sakast í þessum efnum, en aðspurður minntist hann þess ekki að hafa rætt þetta við ákærða. Hann vísaði og til þess að seðlabankinn hafi ekkert boðvald haft gagnvart Fjármálaeftirlitinu og hafi samstarfssamningur milli þeirra engu breytt um valdmörk. Seðlabankinn hafi talið Fjármálaeftirlitið vera veikburða stofnun, sérstaklega þegar bankarnir stækkuðu. Starfsmenn hafi verið fáir og þeir hæfileikaríku hafi umsvifalaust verið keyptir af bönkunum, sem hafi getað greitt hærri laun. Þessir veikleikar hafi meðal annars birst í því að hjá Fjármálaeftirlitinu hafi að mestu verið látið við það sitja að skoða ársreikninga bankanna til að meta stöðu þeirra, sem hann kvaðst ekki hafa talið frambærilegt eftirlit. Þótt seðlabankinn hafi verið virkari en lög og samkomulag um verkaskiptingu við Fjármálaeftirlitið hafi ráðgert hafi bankanum ekki verið fært að taka að sér verkefni annarra. Aðspurður kvaðst Davíð ekki hafa komið þessum skoðunum sínum sérstaklega á framfæri við ákærða eða viðskiptaráðherra, en hann hafi þó ekki legið á þeim og ekki einu sinni við Fjármálaeftirlitið.

Davíð kvaðst vera sammála því mati, sem komið hafi fram í minnisblaði Tryggva Pálssonar til bankastjórnar Seðlabanka Íslands 28. janúar 2008 með yfirskriftinni hryllingsmynd. Hann sagðist á hinn bóginn ekki þekkja vinnuskjal frá

fjármálasviði seðlabankans með heitinu: „Ef allt fer á versta veg í lausafjárstöðu bankanna“, sem lagt var fram á fundi starfshóps bankans um lausafjávanda 29. janúar 2008.

Davíð sagði fund bankastjórnar Seðlabanka Íslands með ákærða, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra 7. febrúar 2008 hafa haft það meginmarkmið að koma upplýsingum á framfæri um þá hættu, sem hann hafi talið vera í farvatninu. Hann hafi talið augljóst af samtölum við erlenda bankamenn að jafnvel þótt lát yrði á lánsfjárþrengingum myndu íslensku bankarnir verða aftastir í röðinni þegar kæmi að lánveitingum. Einnig hafi komið fram áhyggjur hjá Moody's Investors Service vegna innlánasöfnunar Landsbanka Íslands hf. erlendis, þótt þeirri starfsemi hafi verið fagnað þar í byrjun. Taldi Davíð það mundu hafa verið stórkostlega ámælisvert hefði hann ekki komið þessu á framfæri við ráðherrann, sem seðlabankinn heyrði undir, og hafi þetta að auki verið mál, sem varðaði þjóðina alla. Í framhaldi af þessu hafi seðlabankinn farið að undirbúa sig fyrir áfall og hafi bankinn verið viðbúinn þegar það kom. Aðspurður kvaðst Davíð ekki vilja segja til um það hvort staðið hafi upp á ákærða að grípa til sérstakra aðgerða vegna þess, sem hafi komið fram á fundinum, en hann minnti að komið hafi til tals að ræða yrði við bankana og hafi það verið gert af hálfu seðlabankans. Hann teldi ákærða hafa getað rætt við stjórnendur bankanna af þessu tilefni þótt hann hafi ekkert frekar fengið um aðvaranir seðlabankans en orð, sem fallið hafi á lokuðum fundi. Davíð kvaðst gera sér grein fyrir þeim vanda, sem blasað hafi við ákærða, sem ekki væri víst að hefði fengið pólitískan meðbyr til að stemma stigu við þessu. Ákærði hefði getað sagt af sér í þessari stöðu, en það hefði eflaust verið talið óábyrgt.

Davíð kvað aðalbankastjóra og aðra starfsmenn Englandsbanka hafa á fundi 3. mars 2008 lýst miklum áhyggjum vegna stærðar íslensku bankanna og innstæðutrygginga. Vegna umfangs bankakerfisins í Bretlandi litu menn þar vandann ef til vill ekki eins stórum augum og ætla mætti, en áhyggjurnar hafi engu að síður verið til staðar.

Davíð kvaðst hafa átt fund með ákærða 6. mars 2008, þar sem hann hafi kynnt tillögur, sem Andrew Gracie hafi skilað til Seðlabanka Íslands 29. febrúar sama ár. Í þessum tillögum hafi falist gagnleg áminning og teldi hann sig hafa afhent ákærða eintak af þeim.

Um grein í riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika, sem kom út 8. maí 2008, vísaði Davíð til þess að seðlabankinn hafi ekki á þessum tíma verið

eftirlitsstofnun, heldur hafi það hlutverk verið á hendi Fjármálaeftirlitsins. Almennt hafi verið lögð áhersla á það í heiminum að seðlabankar gæfu út skýrslur af þessum toga. Orðalagið í greininni hafi verið þokukennt, en þó þannig að þeir, sem hafi lært að lesa á milli línanna, hafi getað séð að bankinn hefði áhyggjur, meðal annars þar sem rætt hafi verið um að reyna myndi mjög á viðnámsþrótt bankanna. Stefnan hafi verið sú að haga orðum af varfærni, en þetta hafi ekki verið merki um að menn hafi ekki gert sér grein fyrir hættunni.

Davíð greindi frá því að á miðju ári 2008 hafi gríðarlegur bókfærður hagnaður komið fram í reikningsskilum bankanna og hafi endurskoðandi Seðlabanka Íslands, Stefán Svavarsson, talið að þetta fengi ekki staðist. Bankastjórn seðlabankans hafi óskað eftir því að Stefán færi í bankana og gerði grein fyrir þessu, sem hann hafi gert, en Stefán hafi verið þeirrar skoðunar að verulegur hluti þessa hagnaðar væri hrein froða.

Í tengslum við lið 1.3 í ákæru sagði Davíð að í Seðlabanka Íslands hafi verið talið mikilvægt að mynda formlega tengingu milli þeirra, sem stóðu að samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Samhliða því hafi seðlabankinn komið á fót starfshópi til að undirbúa hann fyrir áföll og gera skýrslu, sem hugsanlega mætti nota við fall banka. Tilgangur samráðshópsins hafi verið margþættur, meðal annars miðlun upplýsinga og söfnun þekkingar, en að auki myndi stjórnkerfið venjast samráði ef til áfalls kæmi. Tekið hafi verið þátt í norrænni viðlagaæfingu og hafi seðlabankinn talið hana leiða í ljós að ekki væri búið að ákveða hvernig ríkið myndi bregðast við bankaáfalli, en með þessu væri hann þó ekki að bera upp gagnrýni, enda gætu verið gildar ástæður fyrir því að slík ákvörðun lægi ekki fyrir. Davíð kvaðst telja að ætlunin hafi verið sú að samráðshópurinn myndi gera viðlagaáætlun vegna bankaáfalls, en slík áætlun hafi þó ekki verið tilbúin af hendi hópsins þegar það reið yfir. Innan hópsins hefði verið unnt að vinna með leynd að undirbúningi frumvarps til laga um yfirtöku banka, en ef slíkt hefði spurst út hefði það gefið til kynna vantraust á bönkunum. Bankastjórn seðlabankans, sem ekki áttu sæti í samráðshópnum, hafi fengið þaðan minnisblöð og jafnframt hafi Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson greint þeim frá störfum hópsins. Hann kvaðst hafa verið ánægður með að unnið væri að þessum málum, en hann hafi þó stundum talið vinnuna mega vera markvissari og hafi hann einhverju sinni gert athugasemd af því tilefni. Hann minntist þess ekki að hafa heyrt kvartað undan verkstjórn í hópnum, en honum hafi ekki þótt verkefni hópsins hafa verið sett nægilega skipulega niður eða vinnu við þau. Um þetta hafi hann ekki rætt

við ákærða. Hann kannaðist á hinn bóginn við að kvartað hafi verið um að pólitíska stefnumörkun hafi vantað vegna starfa hópsins, en hann hafi þó ekki vitað hvað hafi nákvæmlega verið átt við með því. Í tengslum við þetta gat hann þess að hefðu seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið haft vitneskju um að ríkið hefði gert upp við sig að reyna að koma bönkunum til bjargar hefði það getað leitt af sér freistnivanda, enda hafi seðlabankinn jafnan lýst því yfir að engin slík loford hafi verið gefin. Hann sagðist ekki minnst þess að hafa gagnrýnt að ekki hafi verið tekin ákvörðun um þetta og hafi hann ekki rætt það við ákærða.

Davíð sagðist kannast við sjónarmið í vinnuskjali um sviðsmyndir fjármálaáfalls, sem lagt var fram á fundi samráðshópsins 21. apríl 2008, en um þau hafi verið rætt innan bankastjórnar Seðlabanka Íslands, sem hafi talið að helstu þættir í þessum efnum þyrftu að vera skýrir. Það hafi líka tekist á endanum, þótt á hlaupum hafi verið þegar allt féll. Seðlabankinn hafi myndað nýjan starfshóp undir lok september 2008 og hafi hann greint frá því þegar hann gekk á fund ríkisstjórnarinnar 30. þess mánaðar, svo og að sá hópur væri að undirbúa lagafrumvarp og annað, sem yrði að liggja fyrir þegar bankarnir myndu falla. Á fundinum hafi ríkisstjórnin bætt mönnum í þennan hóp og fáeinum dögum síðar hafi hópurinn verið yfirtekinn af öðrum. Davíð kvaðst hafa talið mikilvægt að þeirri stefnu yrði fylgt að ríkið tæki ekki á sig ábyrgð á skuldum óreiðumanna og hafi ákærði fylgt því eftir. Á þessum tíma hafi staðið eftir talsverð vinna við undirbúning frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008, en grunnurinn hafi legið fyrir. Ómögulegt hafi þá verið að bjarga bönkunum, en margir hafi þó viljað fara þá leið, þar á meðal utanríkisráðherra.

Aðspurður í tengslum við lið 1.4 í ákæru sagði Davíð að ekki hafi verið hægt frá maí 2008 að minnka bankana svo neinu næmi. Rætt hafi verið innan Seðlabanka Íslands að æskilegt væri að dregið yrði úr stærð bankakerfisins og hafi jafnframt verið um þetta rætt í samkomulagi við norræna seðlabanka um gjaldmiðlaskiptasamninga. Árangur hafi náðst í þessum efnum þegar tekist hafi að stöðva kaup Kaupþings banka hf. á hollenskum banka. Nánar aðspurður um það sagði Davíð að þetta mál hafi verið á sviði Fjármálaeftirlitsins, sem hafi ekki talið sig hafa lagaheimild til að koma í veg fyrir kaupin, en seðlabankinn hafi lagt ríka áherslu á að hindra þau. Hann hafi því átt samtál við forstjóra Kaupþings banka hf. og sagst telja víst að Fjármálaeftirlitið myndi banna kaupin, en í framhaldi af því hafi bankinn rætt frekar við seljanda bankans og þeir komist að niðurstöðu um að láta þau ekki ganga eftir. Hafi virst sem stjórnendur Kaupþings banka hf. hafi trúað því á þessum tíma að heimildir stæðu til að banna

kaupin. Þessu til viðbótar gat Davíð þess að Glitnir banki hf. hafi reynt að selja eignir í Noregi og kynni það að hafa tekist ef hafist hefði verið handa fyrr. Um flutning banka til útlanda kvað Davíð þá hafa verið dýrkaða um þetta leyti, en hann hafi einhverju sinni látið orð falla í fjölmiðli um að einn af stærstu bönkunum ætti að flytja úr landi og hafi hann verið talinn mæla eins og landráðamaður. Teldi hann ókleift eftir árið 2006 að flytja bankana úr landi, því erlend fjármálaeftirlit hefðu ekki léð máls á því, en um þetta hafi hann ekki rætt við ráðherra. Hann kvað það hafa komið til tals hvort Kaupþing banki hf. gæti flutt úr landi með því að dönsku dótturfélagi hans yrði breytt í móðurfélag, en ljóst hafi þótt að danska fjármálaeftirlitið myndi ekki samþykkja þetta, svo sem rætt hafi verið á fundi bankastjórnar seðlabankans með ákærða og fleiri ráðherrum 7. febrúar 2008. Ríkisstjórnin hafi haft þá stefnu að halda bönkunum í landi, en hann teldi þessa stefnu þó í raun engin áhrif hafa haft. Vegna hvatningar stjórnvalda hafi á árinu 2008 að öðru leyti verið skoðuð einstök atriði í því skyni að minnka bankakerfið og hafi nokkur árangur náðst, en hann hann verið í smáum stíl, enda hafi þetta verið erfiður tími í fjármálaheiminum. Hann minntist þess ekki að ákærði hafi óskað eftir tillögum í þessu sambandi.

Davíð sagði að reynt hafi verið með samtölum að þrýsta á bankana um að draga úr stærð sinni og hafi stjórnendur þeirra gert sér grein fyrir því að þess væri þörf. Íslenska ríkið hafi staðið vel að vígi, en stærð bankakerfisins hafi verið gríðarleg í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Hann kvað sig og ákærða hafa rætt þetta um það leyti, sem samkomulag hafi tekist við þrjá norræna seðlabanka um gjaldmiðlaskiptasamninga, og hafi þeir verið sammála um að beita bankana þrýstingi í þessu skyni. Aðspurður um yfirlýsingu, sem var gerð 16. maí 2008 í tengslum við samningana, sagði Davíð að bankastjóri sænska seðlabankans hafi lagt áherslu á að ekki væri unnt að gefa loforð um slíka samningsgerð nema norrænu seðlabankarnir þrír yrðu sannfærðir um að þeir myndu ekki stofna sér í hættu með því, en í því sambandi þyrfti að sjá fram á breytingar í íslensku efnahagslífi. Þessi áskilnaður hafi aðallega tengst vantrausti á bankana, en hér hafi þó einnig verið mikil þensla á þessum tíma. Valdheimildir, sem heitið hafi verið í yfirlýsingunni að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið myndu neyta til að þrýsta á bankana til að draga úr stærð efnahagsreikninga sinna, hafi verið takmarkaðar og fremur óbeins eðlis. Hann taldi yfirlýsinguna bera með sér að gert hafi verið ráð fyrir lengri tíma til að ná þessu markmiði en raun hafi orðið á. Hann minntist þess ekki að norrænu seðlabankarnir hafi hreyft athugasemdum um árangur í þeim efnunum, sem yfirlýsingin hafi varðað, í

framhaldi af minnisblöðum, sem Seðlabanki Íslands sendi þeim 8. júlí og 19. september 2008, en hann kvaðst þó hafa fundið það að trúin á að þetta myndi takast hafi farið dvínandi eftir því sem tíminn leið. Um ástæðu þess að viðskiptaráðherra hafi ekki skrifað undir yfirlýsinguna sagði Davíð að hann hafi ekki verið á fundum í tengslum við hana og hafi verið talið mestu skipta að formenn beggja stjórnarflokkanna myndu rita undir hana ásamt fjármálaráðherra, sem héldi um ríkissjóð, en hann hafi gengið út frá því að flokksformennirnir myndu síðan hvort um sig beita sér eftir þörfum gagnvart ráðherrum úr sínum flokki

Davíð greindi frá því að skýrsla, sem fylgdi bréfi til sín 14. apríl 2008 frá framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafi verið fengin til að fá úttekt á stöðu íslenska bankakerfisins. Í tengslum við þetta hafi verið upplýst að stjórnvöld teldu brýnt að dregið yrði úr stærð þess, en vandkvæði væru þó á því, enda myndu bankarnir stefna í vandræði ef eignir yrðu seldir langt undir bókfærðu verði. Hann kvaðst ekki muna betur en að leitað hafi verið í framhaldi af þessari skýrslu eftir áætlunum frá bönkunum um aðgerðir til að minnka efnahagsreikninga þeirra og hafi slíkar áætlanir borist, en eins og endranær um þær mundir hafi fylgt sögu að ekkert gengi í tilraunum til að selja eignir.

Davíð kvað bréf bankastjóra Englandsbanka 23. apríl 2008 til sín hafa markað lokapunkt við tilraunir Seðlabanka Íslands til að koma á gjaldmiðlaskiptasamningi milli þeirra. Taldi Davíð að boð erlenda bankastjórans um aðstoð við að leita leiða til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins hafi einkum verið sett fram í kurteisisskyni og hafi ekki þótt ástæða til að kanna það frekar.

Davíð sagði að málefni vegna innlánasöfnunar Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga gegnum útibú bankans í Hollandi ekki hafa komið inn á sitt borð fyrr en sú starfsemi hafi þegar verið hafin. Þetta hafi þó verið málefni, sem hafi algerlega átt undir Fjármálaeftirlitið.

Í sambandi við lið 1.5 í ákæru var Davíð spurður hvort Seðlabanki Íslands hafi á einhvern hátt beitt sér fyrir því að Icesave reikningar í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London yrðu fluttir í dótturfélag og svaraði hann því til að hér á landi hafi þetta mál að öllu leyti átt undir Fjármálaeftirlitið, sem hafi haft á hendi leyfisveitingar til stofnunar útibúa íslenskra banka, rannsókn slíkra mála og heimildir til að banna þá starfsemi. Hann kvað ýmsar hættur geta fylgt innlánasöfnun af þessum toga, en mest hafi verið óttast um svonefnda netreikninga, sem væru kvikir. Aðspurður hvort hann hafi rætt við ákærða hvernig fylgja ætti því eftir að starfsemi þessi yrði flutt í

dótturfélag og hvort óskað hafi verið eftir atbeina seðlabankans í því sambandi kvað Davíð seðlabankann hafa beitt Landsbanka Íslands hf. þrýstingi í þessu skyni, en þvingunarheimildir hafi seðlabankinn ekki haft. Hann minntist þess ekki að hafa rætt þetta við ákærða, en hann hafi talið sig vita að þeir væru einhuga í málinu. Hann fengi ekki séð að afskipti ákærða af málinu hefðu nokkru breytt, en hafi einhver átt að beita sér frekar hafi það verið Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðherra. Um áhættu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta af þessari starfsemi sagðist Davíð hafa lítið svo á að ríkið bæri ekki ábyrgð á henni, enda hefði þurft heimild í lögum fyrir því, en um þetta hafi hann átt í deilu við bankastjóra Landsbanka Íslands hf.

Um ástæðu þess að Seðlabanki Íslands hafi afnumið bindiskyldu vegna innstæðna í útibúum íslensku bankanna erlendis 25. mars 2008 lýsti Davíð því að seðlabankanum hafi borist ábendingar um að það væri andstætt reglum á evrópska efnahagssvæðinu að beita bindiskyldu í útibúum utan myntsvæðis viðkomandi banka. Bindiskyldu væri ætlað að draga úr þenslu á því svæði, þar sem henni væri beitt, og hafi verið bent á að hún hefði ekki áhrif á þenslu hér á landi nema innstæðufé úr erlendu útibúi væri flutt hingað. Starfshópur innan seðlabankans hafi kannað málið, meðal annars með tilliti til framkvæmdar seðlabanka Evrópu, og samsinnt þessum ábendingum. Þegar þetta hafi verið ákveðið hafi því verið trúað, sem Landsbanki Íslands hf. hafi upplýst, að fé frá útibúinu í Bretlandi hafi ekki verið fært til Íslands. Þetta hafi ekki verið kannað í tengslum við afnám bindiskyldunnar, en síðar hafi komið í ljós að þessar upplýsingar væru rangar og hafi þá allt verið komið um koll. Með afnámi bindiskyldunnar hafi verið létt böndum af um 20.000.000.000 krónum, en þetta hafi þó vart verið þáttur í falli bankans. Á hinn bóginn mætti hugsanlega gagnrýna að seðlabankinn hafi ekki rannsakað sannleiksgildi upplýsinganna frá Landsbanka Íslands hf.

Davíð sagðist minnst þess, sem fram kom í minnispunktum frá fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands og bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 30. mars 2008, að þá hafi verið búið að taka út þriðjung innstæðna á Icesave reikningum og teldi annar bankastjóra Landsbanka Íslands hf. mjög litlar líkur á að íslensku bankarnir kæmust gegnum þetta. Davíð kvað þennan bankastjóra hafa sveiflast í álitu sínu um bankana, en þeir hafi verið hvattir til að safna innlánnum erlendis, þar á meðal af seðlabankanum, og hafi matsfyrirtæki fagnað því. Í þessu efni hafi menn á hinn bóginn farið úr hófi fram. Davíð sagðist hafa síðan rætt þetta við ákærða og utanríkisráðherra á fundi 1. apríl 2008, svo sem lýst sé í minnisblaði utanríkisráðherra.

Davíð kvað það hafa komið Seðlabanka Íslands í opna skjöldu þegar uppvíst varð á fundi með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 14. júlí 2008 að ekki stæðu yfir aðgerðir til að flytja Icesave reikningana til dótturfélags í Bretlandi. Aðspurður hvort raunhæft hafi verið að Landsbanki Íslands hf. gæti látið af hendi eignir á móti innstæðum á reikningunum við flutning þeirra til dótturfélags sagði Davíð að framan af hafi því verið haldið mjög á lofti að innstæðuféð, sem útibúið í London hafi tekið við, hafi ekki verið notað í starfsemi bankans hér á landi. Þessu hafi verið trúað, en þegar til hafi átt að taka hafi bankinn ekki ráðið við að flytja og binda fé í þeim mæli, sem breska fjármálaeftirlitið hafi gert kröfu um. Eftir fundinn 14. júlí 2008 hafi seðlabankinn talið að þetta mál væri komið í farveg, en bankanum hafi þó borist upplýsingar um að Landsbanki Íslands hf. tæki ekki á því af heilindum. Vonir hafi allt að einu staðið til að lausn fengist í málinu þar til bréf hafi borist frá breska fjármálaeftirlitinu 15. ágúst 2008.

Í tengslum við 2. lið ákæru lýsti Davíð aðspurður reynslu sinni af bókunum í fundargerðum af ríkisstjórnarfundum. Hann kvað fundargerðirnar hafa verið mjög knappar á þeim tíma, sem hann gegndi embætti forsætisráðherra, en þess hafi þó verið gætt að vissir þættir kæmu þar fram. Þannig hafi verið getið um mál, sem leggja þyrfti fyrir Forseta Íslands, og lagafrumvörp, sem flytja ætti á Alþingi sem stjórnarfrumvörp. Niðurstöður og ákvarðanir hafi að öðru leyti yfirleitt verið bókaðar stuttlega þannig að fyrir lægi afgreiðsla mála. Forsætisráðherra hafi farið yfir fundargerð og staðfest að fundi loknum. Þá lýsti Davíð því að forsætisráðherra hafi látið gera dagskrá fyrir ríkisstjórnarfundum og hafi almennt verið tekin þar upp mál, sem einstakir ráðherrar hafi sent inn tillögur um. Á ríkisstjórnarfundum hafi að auki getað verið umræður um annað en það, sem tekið hafi verið upp í dagskrá, og hafi þær ekki verið bókaðar.

Vitnið Ingimundur Friðriksson var bankastjóri við Seðlabanka Íslands og átti jafnframt sæti í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað á því tímabili sem ákæra í málinu varðar. Hann sagðist fyrir dómi hafa verið einn af þremur bankastjórum seðlabankans og hafi þeir saman verið fjölskipað stjórnvald, en hann hafi aðallega sinnt þeim sviðum bankans, sem sneru að fjármálum, rekstri og bókhaldi. Hann kvað miklar lausafjárþrengingar hafa verið á alþjóðlegum fjármálamarkaði á árinu 2008 og hafi aðgengi íslenskra banka að lausafé verið mjög takmarkað. Fyrir banka, sem hafi verið svo háðir þessu aðgengi, hafi þetta hlotið að

hafa þau áhrif að erfiðara yrði að fjármagna þá og greiða lán þegar þau féllu á gjalddaga. Fyrir hefði legið að gjalddagar stórra lána yrðu aðallega á árunum 2009 til 2012. Rætur þessa vanda mætti rekja lengra aftur í tíma, en hans hafi gætt frá miðju ári 2007 og hafi hann ágerst eftir það. Atvik hafi gerst, sem hafi valdið vafa um getu íslensku bankanna til að fjármagna sig, meðal annars ráðagerðir Kaupþings banka hf. um kaup á stórum hollenskum banka og árangurslausar tilraunir Glitnis banka hf. til að útvega sér lánsfé erlendis. Hann kvað það geta verið erfitt að álykta um stöðu banka út frá skuldatryggingarálagi þeirra, sem rætt var um í minnisblaði í Seðlabanka Íslands 28. janúar 2008 með fyrirsögninni „hryllingsmynd“, enda tæki þetta álag mið af markaðsaðstæðum hverju sinni. Í tilviki Kaupþings banka hf. hafi skuldatryggingarálag á þessum tíma borið með sér óvissu um kaupin á hollenska bankanum og hafi það lækkað strax og ljóst varð að ekki yrði af þeim. Ræst hafi úr lausafjárstöðu Glitnis banka hf. eftir að skýrsla hafi verið gerð, sem dreift var á fundi starfshóps seðlabankans um lausafjárnanda 29. janúar 2008, en vitað hafi verið að eiginfjárstaða Glitnis banka hf. væri flókin og hafi athygli einkum beinst að gjalddaga á stóru láni í október á því ári. Sú tilhneiging hafi víða verið uppi erlendis að setja alla íslensku bankana undir sama hatt, þótt þeir væru ólíkir, og hafi því verið talið líklegt að vandi eins þeirra yrði fljótt vandi annarra. Aðspurður hvort hann hafi verið sammála þeirri skoðun Davíðs Oddssonar að verulega mikil hættumerki hafi verið uppi snemma árs 2008 sagði Ingimundur að hafa mætti mismunandi skoðanir á því hvað blasað hafi við á þessum tíma, en ljóst hafi verið að alþjóðlegir markaðir væru meira eða minna lokaðir, mikil þörf væri á endurfjármögnun hjá bönkunum á árunum eftir 2008 og hún yrði því gríðarlega erfið. Á hinn bóginn hafi allt starf miðað að því að hindra að illa færi og hafi viðbúnaður verið aukinn stórlega, svo og upplýsingaöflun um lausafjárstöðu, útlánaframvindu, fjármögnun og kosti á henni.

Varðandi lið 1.3 í ákæru sagði Ingimundur það hafa verið í höndum stofnana, sem hefðu vald til þess að lögum, að taka ákvarðanir ef hætta skapaðist á fjármáلامarkaði, en meðal þeirra hafi verið þær, sem áttu hlut að samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Hópnum hafi á hinn bóginn verið ætlað að gera viðbragðsáætlun og þar hafi verið settar upp sviðsmyndir vorið 2008 vegna fjármálaáfalls. Hann taldi samráðshópin hafa verið gagnlegan og hafi hann verið mikilvægur sem vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti, svo sem miðað hafi verið að í samkomulagi um stofnun hans. Ingimundur minntist þess ekki að rætt hafi verið um að breyta þessu samkomulagi og hafi Seðlabanki Íslands að minnsta

kosti ekki leitað eftir því. Aðspurður hvort vinna hópsins hefði getað verið markvissari sagði Ingimundur að menn gætu alltaf verið vitrir eftir á. Hann kvaðst ekki geta gert athugasemdir við það hvernig hópnum var stýrt og kannaðist ekki við að aðrir hafi gert það. Vel gæti verið og eðlilegt að skiptar skoðanir hafi verið innan hópsins um þörfina á að gera aðgerðaáætlanir. Þeir, sem hafi talið það óheppilegt, kunni að hafa óttast að það myndi spyrjast út, á meðan aðrir hafi viljað fá skýrari áætlun um hvernig bregðast mætti við ólíkum sviðsmyndum af fjármálaáfalli, sem væri þó ekki einfalt að gera, enda hefði sérhvert áfall af þessum toga sín sérkenni. Auðvelt myndi hafa verið að beina tilmælum til hópsins um að vinna að sérstökum verkefnum, en hann minntist þess ekki að það hafi gerst. Hann sagðist engar forsendur hafa til að meta hvernig ráðherrar hafi fylgst með störfum samráðshópsins, en hann hafi haft þá tilfinningu að ákærði hafi verið vel upplýstur um þau. Hann kvaðst ekki telja að skortur á pólitískri stefnumörkun hafi hamlað starfi samráðshópsins, enda hafi hann reiknað með að gerðir ráðuneytisstjórnanna í hópnum væru í samræmi við vilja ráðherranna. Hann taldi umræðu innan hópsins um þörf á stefnumörkun ekki hafa snúið að því hvað ríkið kynni að leggja af mörkum til bankakerfisins, heldur fremur að undirbúningi lagafrumvarpa til að bregðast við áfalli og hafi vinna við þau hafist sumarið 2008.

Ingimundur sagði að setja þyrfti orð, sem hann hafi látið falla á fundi samráðshópsins 15. janúar 2008 um að fjármálaáfall væri ekki lengur fjarstæðukenndur möguleiki, í samhengi við aðstæður á þessum tíma, en þær hafi verið erfiðar. Hann taldi tillögur frá Andrew Gracie, sem kynntar voru á fundi hópsins 18. mars 2008, hafa verið gagnlegar. Aðstæður hafi þó verið þannig á þessum tíma að mjög erfitt hefði verið að stilla bönkunum upp við vegg, eins og rætt hafi verið um í þessum tillögum. Hann kvað Seðlabanka Íslands hafa fengið Andrew Gracie hingað til lands til að fara yfir stöðu bankakerfisins og hafi samráðshópurinn vitað af vinnu hans, þótt hann hafi ekki verið hér á vegum hópsins. Hann sagðist ekki muna eftir vinnuskjali, sem var dreift á fundi samráðshópsins 1. apríl 2008 og reist á tillögum Andrew Gracie, en atriði, sem þar hafi verið getið, hafi verið í vinnslu, þótt það hafi ekki endilega verið á vettvangi hópsins. Þannig hafi vinna við gjaldmiðlaskiptasamninga verið á hendi Seðlabanka Íslands, rætt hafi verið við eftirlitsstjórnvöld um flutning erlendra innlána bankanna til dótturfélaga og rætt hafi verið við stjórnendur bankanna um að draga úr stærð þeirra. Það hafi þeir að nokkru gert með því að selja jaðarstarfsemi og minni háttar deildir úti í heimi, en á þessum

tíma hafi þó verið nær ógerlegt að selja eignir og hafi erlendir ráðgjafar fremur lagt til að eiginfjárstaða bankanna yrði bætt. Ingimundur sagðist hafa vitað að Glitnir banki hf. hafi verið kominn langt með að selja eignir í Noregi þegar bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers féll um miðjan september 2008, en kaupandinn hafi þá haldið að sér höndum og Glitnir banki hf. ekki náð að afla sér fjár fyrir skuldum, sem hafi verið á gjalddaga í næsta mánuði. Hann kvað þessa aðgerð Glitnis banka hf. hafa haft nokkurn aðdraganda.

Um lið 1.4 í ákæru bar Ingimundur að það hafi verið hægara sagt en gert að draga úr stærð bankakerfisins. Hugur allra hafi staðið til þess og þá ekki aðeins innan Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, heldur einnig innan ráðuneytanna, sem hafi átt hlut að samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Væri engin ástæða til að efast um að þetta hafi jafnframt verið vilji ákærða á þessum tíma. Ingimundur sagðist ekki vita hvernig ákærði kunni að hafa beitt sér í þessu efni, en líklega hafi hann komið þessu á framfæri á fundum með stjórnendum bankanna. Ingimundur taldi ljóst af skýrslum erlendra sérfræðinga að sala eigna hafi verið afar erfið á þessum tíma og meðal annars hafi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komist að þeirri niðurstöðu að þótt æskilegt væri að minnka eignir bankanna yrði það ekki gert nema á löngum tíma. Hann kvaðst ekki geta séð hvaða tók stjórnvöld hafi haft á að knýja bankana til að minnka efnahagsreikninga sína, enda hefði eignasala getað orðið þeim mjög erfið fjárhagslega og jafnvel keyrt þá í þrot. Um sölu eigna hafi verið rætt á fundum bankastjórnar seðlabankans með stjórnendum bankanna, en ljóst hafi verið að viðleitni til slíks yrði árangurslaus. Hann minntist þess ekki að gerðar hafi verið áætlanir innan seðlabankans, sem hefðu getað stuðlað að þessu, heldur hafi það staðið öðrum nær. Það sama hafi átt við um flutning höfuðstöðva banka eða innlána til annarra ríkja, en slíkar aðgerðir gætu aldrei náð fram að ganga nema í samráði við stjórnvöld í því ríki, sem flytja ætti starfsemina til, og hefði það orðið langt og flókið ferli.

Ingimundur rakti að viðræður hafi byrjað í mars 2008 við norræna seðlabanka, Englandsbanka og evrópska seðlabankann um gjaldmiðlaskiptasamninga við Seðlabanka Íslands og hafi þá komið upp ósk frá einhverjum þeirra um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn yrði fenginn til að meta stöðuna hér á landi. Það hafi verið gert og hafi skýrsla sjóðsins borist 14. apríl 2008. Skýrslan hafi verið mikilvægt gagn í þessum viðræðum og einnig þegar bankastjórar Englandsbanka og sænska seðlabankans hafi tekið upp umræðu um málefni Íslands á fundi seðlabankastjóra helstu iðnríkja heims í Basel. Vegna þess fundar hafi sænski seðlabankinn einnig sent

fulltrúa sína hingað til lands til að meta stöðu mála. Ingimundur kvað yfirlýsingu bankastjórnar Seðlabanka Íslands og þriggja ráðherra, sem gerð var í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamninga seðlabankans við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs 16. maí 2008, ekki hafa orðið tilefni til meiri háttar aðgerða til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins. Aðstæður hafi ekki boðið upp á það og hafi norrænu seðlabankarnir gert sér grein fyrir því.

Ingimundur minntist ekki hvaða vitneskju hann kunni að hafa haft um aðdragandann að því að Landsbanki Íslands hf. hafi byrjað að safna innlánnum á Icesave reikninga í Hollandi 29. maí 2008. Þessi starfsemi hafi verið heimil samkvæmt reglum á evrópska efnahagssvæðinu og hafi hann talið ómögulegt að stöðva hana, en bankinn hafi ætlað að flytja hana á síðari stigum til dótturfélags.

Ingimundur var spurður um fund sinn, Davíðs Oddssonar og Tryggva Pálssonar með formanni stjórnar Kaupþings banka hf. 11. júlí 2008, þar sem fjallað var meðal annars um þörfina á að minnka efnahagsreikning bankans og hugmyndir stjórnenda bankans um flutning höfuðstöðva hans úr landi. Ingimundur kvað þennan fund ekki hafa gefið tilefni til sérstakra viðbragða af hendi Seðlabanka Íslands, en þar hafi í fyrsta sinn komið fram að hugleiðingar væru innan Kaupþings banka hf. um að flytja hann úr landi. Ingimundur kvað símafund sinn við starfsmenn Englandsbanka 1. ágúst 2008 hafa farið fram að frumkvæði þeirra vegna viðræðna Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins um flutning Icesave reikninga frá útibúi bankans í London til dótturfélags. Hafi bresk stjórnvöld viljað með þessu koma á framfæri við íslenskar stjórnarstofnanir upplýsingum um það, sem verið var að ræða þar ytra.

Ingimundur greindi frá því í tengslum við lið 1.5 í ákæru að rekja mætti erlenda innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. til ársins 2006, þegar alþjóðleg matsfyrirtæki hafi meðal annarra gert athugasemdir um að þáttur innlána væri of lítill í fjármögnun bankanna. Þessi starfsemi hafi líklega hafist á árinu 2007 og vaxið frekar hratt, en þetta hafi orðið mikilvægur þáttur í fjármögnun bankans. Öllum hafi verið ljóst að þessar innstæður væru kvikar og umfjöllun fjölmiðla gæti þannig haft áhrif á stöðu bankans, en hann hafi reynt að bæta úr þessu með því að beina innlánnum meira inn á bundna reikninga. Þótt Seðlabanki Íslands hafi verið hlynntur því að bankar fjármögnuðu sig með innlánnum hafi sú afstaða ekki snúið sérstaklega að erlendum Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. Framan af hafi seðlabankinn ekkert talið athugavert við þessa starfsemi, en á því hafi orðið breyting snemma árs 2008. Ingimundur kvaðst telja sig hafa heyrt af því í upphafi þess árs að til stæði að flytja

innlánsreikningana til dótturfélags í Bretlandi og það kynni að taka um hálf t. ár, en hann hafi þá ekki vitað hvort breska fjármálaeftirlitið hafi lagt að bankanum að gera þetta.

Ingimundur kannaðist ekki við að umræður um útstreymi af Icesave reikningum í Bretlandi á fundum bankastjórnar Seðlabanka Íslands annars vegar með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. 30. mars 2008 og hins vegar með ákærða og utanríkisráðherra 1. apríl sama ár hafi leitt til sérstakra viðbragða. Hann gat þess að talið hafi verið að skýringa á þessum útstreymi væri fremur að leita í umfjöllun breskra fjölmiðla á þessum tíma en í atriðum, sem hafi varðað stöðu Landsbanka Íslands hf.

Ingimundur kvað þær upplýsingar hafa komið á óvart, sem komið hafi fram á fundi seðlabankans með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. 14. júlí 2008 og rætt var um á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 22. sama mánaðar, að vinna við flutning Icesave reikninganna til dótturfélags væri ekki hafin, enda hafi menn þá staðið í þeirri trú að byrjað hafi verið á þessum um vorið 2008. Aðspurður sagðist hann hafa talið að bankastjórnar Landsbanka Íslands hf. hafi ekki verið samstíga í afstöðu sinni til þess hversu nauðsynlegt væri að koma þessum flutningi fram. Skömmu eftir þessa fundi hafi fulltrúar breska fjármálaeftirlitsins komið hingað til lands og átt meðal annars fund í Seðlabanka Íslands. Þar hafi komið fram að hugsanlega mætti ljúka flutningi reikninganna á þremur mánuðum og hafi vonir staðið til að það gæti tekist. Ekki hafi komið til tals að beita aðgerðum til að stöðva þessa starfsemi og hefði notkun bindiskyldu við seðlabankann í því skyni verið óraunhæfur kostur, en henni hafi á sínum tíma verið létt af erlendum innlánnum íslensku bankanna til samræmis við reglur seðlabanka Evrópu og hafi það að mati Ingimundar verið eðlileg ráðstöfun.

Ingimundur sagði að í samráðshópnum hafi verið gengið út frá því að Fjármálaeftirlitið myndi eiga í viðræðum við Landsbanka Íslands hf. og bresk stjórnvöld um atriði, sem vörðuðu flutning á Icesave reikningunum til erlends dótturfélags, en um þetta hafi hann ekki rætt við formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Hann vissi ekki hvort ákærði hafi látið þetta til sín taka, en lýsti þeirri skoðun að atriði, sem hér hafi reynt á, hafi ekki verið þess eðlis að ákærði hefði getað liðkað fyrir og hafi ekki komið til tals að leita eftir því.

Vitnið Tryggvi Pálsson greindi frá því fyrir dómi að hann hafi verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands á því tímabili, sem ákæra í

málinu varðar. Undir fjármálasviðið hafi heyrt greiðslukerfi og fjármálakerfi, auk þess sem þar hafi verið unnið að viðbúnaði vegna hugsanlegs fjármálaáfalls. Hann kvaðst einnig hafa starfað með samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað, en aldrei hafi verið fyllilega skýrt hvort hann hafi átt þar sæti eða verið ritari hópsins. Hann hafi tekið fullan þátt í fundum hópsins, en Ingimundur Friðriksson hafi þar verið fulltrúi seðlabankans.

Tryggvi lýsti því að haustið 2007 hafi sér þótt ljóst að aftur væri að koma upp ástand eins og það, sem hafi verið á árunum 2005 og 2006 þegar íslensku bankarnir hafi átt erfitt með að fjármagna sig erlendis. Hann hafi í nóvember 2007 gert samantekt um hvort íslenska fjármálakerfinu væri meiri hættu búin á þessum tíma en á árunum á undan og hafi hún verið lögð fyrir Fjármálaeftirlitið og bankastjórn Seðlabanka Íslands, en um hana var rætt á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. þess mánaðar. Niðurstaðan í samantektinni hafi orðið sú að bönkunum væri meiri hættu búin. Hann hafi lagt til við bankastjórn seðlabankans 9. nóvember 2007 að starfshópur um viðbrögð við lausafjáranda yrði kallaður saman, en sá hópur hafi starfað frá nóvember 2005 til nóvember 2006 og almennt verið nefndur krísuhópur. Bankastjórnin hafi orðið við þessari tillögu og hópurinn starfað fram að bankahruni haustið 2008. Á fjármálasviði seðlabankans hafi í janúar 2008 verið samin skýrsla undir fyrirsögninni: „Ef allt fer á versta veg í lausafjárstöðu bankanna“ og hafi hún verið lögð fyrir starfshópinn 29. þess mánaðar, auk þess sem hún hafi verið afhent bankastjórninni og Fjármálaeftirlitinu. Degi áður hafi hann sent bankastjórninni minnisblað með yfirskriftinni „hryllingsmynd“. Hann kvaðst hafa lagt til að breski sérfræðingurinn Andrew Gracie, sem áður hafi starfað hjá Englandsbanka, yrði fenginn til að fara yfir viðbúnaðarvinnu hér á landi. Það hafi gengið eftir og hafi tillögum þessa sérfræðings verið skilað til seðlabankans 29. febrúar 2008. Á grundvelli þessara tillagna hafi í seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu verið tekið saman vinnuskjal um úrræði stjórnvalda til að bregðast við óróleika á fjármálamörkuðum, sem hafi verið lagt fyrir samráðshópinn á fundi 1. apríl 2008. Þá hafi í seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu verið gert vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls, sem hafi verið lagt fram á fundi samráðshópsins 10. apríl 2008. Í því hafi verið brugðið upp þeirri mynd að Glitnir banki hf. gæti ekki staðið við endurgreiðslur á erlendum lánnum um miðjan október 2008, en þar hafi þó ekki verið sagt að fjármálaáfall myndi stafa af því. Hann kvaðst hafa sent minnisblað til bankastjórnar seðlabankans 4. júní 2008, sem hafi snúist um áhyggjur af

lausafjárstöðu Glitnis banka hf. Þá hafi hann gert vinnuskjal fyrir samráðshópinum um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli, sem fjallað var um á fundi hópsins 7. júlí 2008. Einnig hafi hann sent til samráðshópsins minnisblað 15. ágúst 2008 um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning. Hann kvaðst hafa litið svo á frá haustinu 2007 að raunhæfur möguleiki væri á að bankarnir kæmust í vandræði þannig að grípa þyrfti inn í og talið skylt að undirbúa það, sem unnt væri, fyrir aðstæður sem ekki hafi þó verið víst að kæmu upp. Á árinu 2008 hafi vandi bankanna verið meiri en áður og þar með meiri líkur á því að stjórnvöld myndu standa frammi fyrir vanda.

Aðspurður hvort dregin hafi verið upp önnur mynd af ástandinu í riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika 8. maí 2008 svaraði Tryggvi því til að hefði seðlabankinn sagt að fjármálakerfið myndi ekki standa hefði um leið lokast fyrir allar lánalínur og áfall orðið. Í ritinu hafi verið gengið eins langt og kostur var til að gera grein fyrir stöðunni. Ekki mætti aðeins horfa til ummæla í greininni um að fjármálakerfið væri enn í meginatriðum traust, heldur hafi lykilatriðið verið fólgið í orðum um að við ríkjandi aðstæður reyni á viðnámsþrótt bankanna. Með greininni hafi einnig fylgt töflur yfir helstu áhættuþætti og viðnámsþróttinn, svo og hvort staðan hafi batnað eða versnað ár frá ári, en þar mætti sjá að frá nóvember 2003 hafi seðlabankinn aldrei talið fjármálastöðugleika hafa batnað, heldur ýmist staðið í stað eða versnað frá undanfarandi tímabili.

Aðspurður hvort uppbygging eða starfsemi íslensku bankanna hafi leitt af sér sérstakar hættur vísaði Tryggvi til þess að þeir hafi starfað á svæði, þar sem þeir hafi átt aðgang að evrópska markaðinum, en íslensk stjórnvöld hafi á hinn bóginn ekki átt hlut að viðbúnaðarsamstarfi á vegum Evrópusambandsins. Bankarnir hafi byggt mikið á erlendri fjármögnun og breyst í átt að því að verða fjárfestingarbankar, sem tækju meiri áhættu. Þá hafi þeir beinlínis stært sig af því að vera fljótari en aðrir til ákvarðana. Þeir hafi stækkað mjög ört og fylgdi því alltaf hætta. Bankarnir hafi verið orðnir það stórir að stjórnvöld hafi haft takmörkuð úrræði til að bjarga þeim ef á þyrfti að halda. Alltaf hafi verið lögð áhersla á að bankarnir yrðu að leysa vandamál sín sjálfir.

Tryggvi minntist þess ekki að hafa átt bein samskipti við ákærða vegna starfa sinna, sem hafi heyrt undir bankastjórn Seðlabanka Íslands og verið þar á verksviði Ingimundar Friðrikssonar. Aðspurður kvaðst Tryggvi hafa talið að ákærði hafi átt

mikil samskipti við formann bankastjórnarinnar og hafi þau farið mikið fram í símtölum.

Varðandi lið 1.3 í ákæru var Tryggvi spurður hvort starf samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi verið markvisst og skilað tilætluðum árangri og svaraði hann því til að alltaf mætti gera betur, en hann hafi talið miklu hafa skipt að hópurnir hafi starfað og hist oftast eftir því, sem ástandið hafi orðið alvarlegra. Hópurinn hafi verið myndaður til skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar og hafi starf hans að því leyti gengið allvel. Aldrei hafi verið lagt til að samkomulagi um stofnun samráðshópsins yrði breytt til að skilgreina hlutverk hans á nýjan leik, en störf hans hafi þó þróast með tímanum. Ekki hafi heldur verið lagt til að skipt yrði um formann í samráðshópnum, þótt skiptar skoðanir hafi verið um hvernig standa ætti að vinnunni.

Tryggvi sagði samkomulagið um stofnun samráðshópsins frá 21. febrúar 2006 engu hafa breytt um gildi samstarfssamnings Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands 28. mars 2003, sem var endurskoðaður 3. október 2006, enda hafi verið tekið fram í samkomulaginu að hann breytti engu um hlutverk þeirra, sem stóðu að því. Ekki hafi verið ráðgert að samráðshópurinn tæki yfir verkefni, sem samstarfssamningurinn fjallaði um, og hafi því samstarf stofnananna tveggja átt að standa óbreytt. Þetta samstarf hafi einkum verið fólgið í upplýsingaskiptum og hafi samráðsfundir einnig verið haldnir, en seðlabankinn hafi þó orðið að kvarta yfir töfum á veitingu upplýsinga til sín. Aðspurður hvort seðlabankinn hafi óskað eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um krosseignatengsl og krosslán milli banka sagði Tryggvi að síðarnefnda stofnunin hafi litið á upplýsingar um einstaka aðila sem trúnaðarupplýsingar, sem bankaleynd hvíldi yfir, og mætti því ekki veita seðlabankanum þær. Tryggvi kvað seðlabankann ekki hafa reynt að knýja frekar á um þetta með því að leita til viðskiptaráðuneytisins, enda hafi verið litið svo á að Fjármálaeftirlitið væri að sinna skyldum sínum réttilega. Samstarf milli seðlabankans og viðskiptaráðuneytisins hafi lítið verið annað en það, sem komið hafi til vegna samráðshópsins.

Tryggvi lýsti því að hann hafi ritað fundargerðir samráðshópsins og hafi þær yfirleitt verið samdar fljótlega eftir hvern fund og sendar rafrænt á fundarmenn. Ábendingar frá þeim hafi stundum leitt til breytinga og fundargerð þá verið send aftur á hópinn. Hafi þannig öllum verið kunnugt um fundargerðirnar og átt kost á að koma ábendingum að. Eftir bankahrunið hafi hann á hinn bóginn neitað að gera breytingar á þeim. Fundargerðirnar hafi verið merktar sem drög sökum þess að þær hafi ekki verið

afgreiddar formlega í samráðshópnum, en hann hafi alltaf litið svo á að þær væru endanlegar.

Tryggvi kvað samráðshópin ekki hafa sinnt frumvinnu við viðlagaundirbúning, en hafa lagt línur um hvað væri gert og hvenær og hafi því hver stofnun, sem átti hlut að hópnum, átt að sinna sínum skyldum. Sviðsmyndir, sem hópurinn hafi fjallað um, hafi átt að varpa upp möguleikum, sem gætu verið í stöðunni ef til fjármálaáfalls kæmi. Viðlagaáætlun fælist ekki í því að draga atriði saman í einu skjali, heldur að fara yfir hvaða spurningum þyrfti að svara, hvað gera þyrfti varðandi innstæðutryggingar, hvaða bankar væru kerfislega mikilvægir og hvort reyna ætti að bjarga einum þeirra eða fleiri. Í því sambandi hafi hann haft mikinn áhuga á því að fjármálaráðuneytið mæti hversu mikið ríkið gæti lagt af mörkum, en um það hafi verið skiptar skoðanir innan samráðshópsins. Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafi viljað leggja meiri vinnu í töluleg atriði og að afstaða yrði tekin til einstakra valkosta, sem uppi væru, en ráðuneytisstjórnir í forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu hafi ekki viljað ganga eins langt. Hafi þurft að gæta að því að aðgerðir stjórnvalda kynnu að valda áfallinu, sem verið var að reyna að forðast. Aðspurður hvort einhverju hefði breytt fyrir störf samráðshópsins að fleiri skýrslur af þessum toga hefðu verið gerðar sagði Tryggvi að máli gæti skipt hvaðan þær hefðu komið, en hann hefði viljað sjá skýrslu frá fjármálaráðuneytinu um hvað ríkissjóður þyldi að leggja af mörkum. Þá kvað hann samráðshópin einnig hafa þurft að huga að mismunandi valkostum varðandi innstæðutryggingar og eiga tiltækar yfirlýsingar um það efni ef til áfalls kæmi, en ekki hafi staðið til að birta nokkuð slíkt nema á það reyndi. Þegar upp hafi verið staðið hafi tekist vel til við samningu frumvarps, sem varð að lögum nr. 125/2008, og hafi sú leið, sem var farin með yfirlýsingu um innstæðutryggingar, reynst farsæl. Hann hafi þó verið þeirrar skoðunar og væri það enn að betra hefði verið að svara fleiri spurningum áður en á hólminn var komið.

Tryggvi sagði vinnu hafa staðið yfir í langan tíma til að undirbúa viðbrögð varðandi greiðslumiðlun ef til bankahruns kæmi og hafi þunginn af henni hvílt á Seðlabanka Íslands, Reiknistofu bankanna og greiðslukortafyrirtækjum. Þegar til kom hafi síðan verið unnið í samstarfi við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið að því að tryggja erlenda greiðslumiðlun og hafi það tekist að fenginni ábyrgðaryfirlýsingu frá seðlabankanum. Ef ekki hefði tekist að tryggja greiðslumiðlun hefði ástandið orðið mun alvarlega.

Aðspurður hvort metið hafi verið nægilega hvort örðugleikar eins banka gætu leitt aðra banka í vandræði sagði Tryggvi þetta alltaf hafa verið grundvallarspurningu. Viðlagaæfingar, þar á meðal samnorræn æfing, hafi reynst afar gagnlegar. Þótt íslensku bankarnir hafi reynt að aðgreina sig eftir erfiðleikana á árinu 2006 hafi þegar á reyndi verið litið á þá sem eina heild þegar traustið hafi brostið á lánamörkuðum. Á grundvelli þessarar reynslu hafi verið gengið út frá því að ef áfall yrði hjá einum af þremur bönkum, sem Seðlabanki Íslands hafi talið kerfislega mikilvæga, þá myndi það sama gerast aftur og hefði þá áfallið sjálfkrafa áhrif á hina tvo. Þrátt fyrir þetta hafi verið lifað í voninni um að einn bankanna kynni að standa eftir svo að áfallið yrði minna og yrði þá að gera það, sem mögulegt væri, til að aðstoða hann. Þessi afstaða hafi birst í því að seðlabankinn hafi talið hugsanlegt í byrjun október 2008 að Kaupþing banki hf. gæti einn bankanna þriggja lifað og veitt honum lán að fjárhæð 500.000.000 evrur skömmu fyrir fall hans gegn veði í hlutum í dönsku dótturfélagi hans. Um líkt leyti hafi sænski seðlabankinn lánað Kaupþingi banka hf. enn hærra fjárhæð með veði í starfsemi hans í Svíþjóð. Í þessu sambandi hafi einnig getað skipt máli í hvaða röð bankarnir þrír hefðu leitað eftir aðstoð seðlabankans og hafi ekki verið unnt að skipuleggja þetta fyrir fram.

Tryggvi kvað fyrrnefndar tillögur frá Andrew Gracie hafa verið kynntar á fundi samráðshópsins 18. mars 2008. Tillögurnar hafi um margt mótað vinnu í framhaldinu, enda hafi hjálpað mikið að fá álit utanaðkomandi manns, sem hefði mikla reynslu af viðlagaundirbúningi. Samkvæmt tillögnum hafi átt að reikna út hversu mikið ríkið myndi þurfa að leggja af mörkum vegna fjármálaáfalls og myndi það vekja menn svo mjög til umhugsunar að bönkunum yrði stillt upp við vegg og gert ljóst að þeir yrðu að fjármagna sig, en ella yrði gripið til aðgerða. Ef til þess kæmi að ríkið þyrfti að yfirtaka banka yrði að þynna út hlutafé þeirra hluthafa, sem fyrir væru, enda yrðu þeir öðrum fremur að bera tjónið og innstæðueigendur að njóta verndar. Þetta hafi verið sú leið, sem reynt hafi verið að fara þegar Glitnir banki hf. leitaði aðstoðar síðla í september 2008. Seðlabanki Íslands hafi leitast við að meta kostnað af fjármálaáfalli með hliðsjón af alþjóðlegum athugunum og hafi niðurstaðan um það verið birt í riti um fjármálastöðugleika. Aðspurður hvað gert hafi verið til að stilla bönkunum upp við vegg sagði Tryggvi að í samtölum við stjórnendur bankanna hafi ítrekað verið reynt að þrýsta á þá að hætta frekari útrás og selja eignir, meðal annars með því að búa til verðbréfasöfn til að selja. Þótt staðan hafi á þessum tíma verið þröng til að gera slíka hluti á mörkuðum hafi þetta verið línan, sem hafi þurft að taka. Henni hafi verið fylgt

eftir, þótt ef til vill hefði mátt gera meira. Aðspurður hvort breyta hefði mátt til hækkunar kröfum til bankanna um eiginfjárlutfall í þessu skyni bar Tryggvi að þetta hafi verið rætt. Fjármálaeftirlitið hafi í raun haft þetta í hendi sér, enda hafi því verið heimilt að víkja frá lágmarkskröfu um eiginfjárlutfall með tilliti til áhættu einstakra banka, en með hækkun á eiginfjárkröfu hefði verið girt fyrir að bankarnir seldu eignir á lágu verði. Hann tók fram að ef lagaleg úrræði dygðu ekki til að þrýsta á bankana hafi stjórnvöld alltaf haft þá lokahótun gagnvart þeim að láns matsfyrirtækin yrðu upplýst um veika stöðu þeirra ef þeir gerðu ekki það, sem óskað væri eftir. Með því myndu stjórnvöld þó taka áhættu á að valda áfallinu sjálf. Að þessu frágengnu kvaðst Tryggvi ekki sjá að úrræði hafi verið til að leggja þrýsting á bankana, en hefði Fjármálaeftirlitið haft rýmri valdheimildir til íhlutunar í starfsemi fjármálafyrirtækja hefði mátt hóta að beita þeim.

Tryggvi kvað vinnuskjali um úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármáلامarkaði, sem dreift var á fundi samráðshópsins 1. apríl 2008, hafa verið stillt upp af Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu til að draga fram tvenns konar hugsanlegar aðstæður, annars vegar lausafjávanda banka og hins vegar lausafjár- og eiginfjávanda. Hafi þar verið sýnt hvað hvor þessara stofnana gæti gert, svo og stjórnvöld. Spurður hvað Bolli Þór Bollason hafi átt við með þeim orðum, sem höfð hafi verið eftir honum í fundargerð samráðshópsins, að setja þyrfti á blað aðgerðaáætlun sagði Tryggvi að slík áætlun hefði verið í takt við þetta vinnuskjal, en í henni hefðu þó væntanlega verið komin skýrari svör um hvaða leiðir stjórnvöld vildu fara. Aftur hafi verið rætt um aðgerðaáætlun á næsta fundi samráðshópsins 2. apríl 2008, svo og skipun tveggja vinnuhópa, annan til að fjalla um viðbúnað við fall eins stóru bankanna og hinn um málefni tengd innlánstryggingum. Vinnu við aðgerðaáætlun hafi miðað hægt að því leyti, sem átt hafi verið við að hún yrði dregin saman í einu skjali, en hver hafi unnið áfram fyrir sig og hafi aldrei orðið til slíkrar áætlun.

Aðspurður um fund samráðshópsins 4. apríl 2008, þar sem Tryggvi hafi minnt á að tillögur Andrew Gracie hafi gert ráð fyrir því að bönkunum yrði stillt upp við vegg þegar stjórnvöld væri búin að marka stefnuna, sagði hann það rétt að þar hafi hann kallað eftir stefnumörkun og hafi hann fengið þau svör að allir bankarnir þrír yrðu að teljast kerfislega mikilvægir og að stöðu ríkissjóðs mætti ekki stefna í hættu. Aftur hafi hann kallað eftir stefnumörkun í minnisblaði 15. ágúst 2008, en þar hafi hann gefið sér nánari forsendur um stefnu stjórnvalda um kerfislega mikilvæga banka,

Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og greiðsluhæfi ríkissjóðs. Þar hafi einnig komi fram að væri þetta stefna stjórnvalda, þá yrði í viðlagaundirbúningi að leggja áherslu á raunhæft mat á hámarksþoli ríkisins vegna fjármálaáfalls og draga eins og kostur væri úr skuldbindingum vegna innstæðutrygginga og annars opinbers stuðnings. Að þessu hafi samráðshópurinn ekki unnið frekar á þessum tíma, heldur hafi það verið gert þegar komið hafi verið inn í áfallið og sú vinna tekist vel.

Spurður um umræðu á fundi samráðshópsins 10. apríl 2008 um vinnuskjal með heitinu sviðsmyndir fjármálaáfalls, þar sem komið hafi fram ábendingar um að taka yrði saman lýsingar á áhrifum aðgerða og aðgerðaleyfis og þau skilyrði, sem stjórnvöld gætu sett, svo og skoða kosti á að slá skjaldborg um ákveðna þætti, sagði Tryggvi að á þessum tíma hafi ekki verið unnið frekar með þetta formlega, en það hafi verið gert þegar á þurfti að halda. Ákvörðunin, sem tekin hafi verið um málefni Glitnis banka hf. í lok september 2008, hafi markað vissa stefnu og hafi síðan verið haldið áfram þegar Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. hafi lent í vanda. Þar hafi reynst farsælt að ekki hafi áður verið gefin fyrirheit um of mikið. Í tengslum við þetta ítrekaði Tryggvi að æskilegra hefði verið að taka afstöðu til þessara atriða áður en áfallið dundi yfir, en um það hafi verið skiptar skoðanir innan samráðshópsins.

Um fund samráðshópsins 28. apríl og 29. maí 2008 sagði Tryggvi að ólystugi matseðillinn, sem þar hafi verið rætt um, hafi verið stutt yfirlit, sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi gert til að kalla fram viðbrögð. Þetta yfirlit hafi hjálpað í umræðunni, en viðbrögð við því hafi ekki komið fram á þessum tíma, þótt sumt af því, sem þar var getið, hafi svo verið gert. Þannig hafi Seðlabanki Íslands liðkað fyrir um laust fé og gengið svo langt sem hann hafi talið sig geta. Einnig hafi verið búið að meta kerfislegt mikilvægi bankanna.

Tryggvi sagðist ásamt fleirum hafa ítrekað á fundi samráðshópsins 7. júlí 2008 að vinna þyrfti frekar við aðgerðaáætlanir í tæka tíð. Í vinnuskjali um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli, sem rætt hafi verið um á fundinum, hafi verið farið yfir stöðuna og þau atriði, sem hann hafi talið að gera þyrfti. Hann hafi talið að í raun þyrfti öðru vísi hóp til að taka næsta skref, þar sem samráðshópurinn hafi verið skipaður embættismönnum til að skiptast á upplýsingum og skoðunum. Í stað samráðshópsins hefði þurft aðgerðahóp, sem hefði einbeitt sér að aðgerðaáætlun sem enn ætti eftir að gera, og hafi hann talið að það þyrfti eins konar herforingja til að stjórna því starfi. Þetta síðastnefnda mætti ekki skilja svo að hann

hafi talið að leita ætti til utanaðkomandi manns, heldur hefði þurft aðra manngerð til að leiða vinnuna þegar mál hafi verið komin á svo alvarlegt stig. Tryggvi neitaði því aðspurður að þessar tillögur hafi falið í sér tilraun Seðlabanka Íslands til að víkjast undan ábyrgð á lögbundnu hlutverki sínu og jafnframt að frekar hefði átt að beina þeim til seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, enda hafi bæði þurft að breyta lögum til að rýmka heimildir Fjármálaeftirlitsins til aðgerða og vantað hafi afstöðu ríkisins til mikilvægra atriða, sem einkum hafi varðað hugsanleg útgjöld ríkissjóðs. Tryggvi bar að tillögur sínar hafi verið ræddar og hann ráðgert að þær bærust til ráðherra, en eftir á hafi hann séð að það hafi ekki gerst. Hafi hann spurt sig hversu marga ráðuneytisstjóra hefði þurft til að koma þessum gögnum áleiðis.

Tryggvi kvað Seðlabanka Íslands lítið hafa komið að vinnu við samningu lagafrumvarpa, sem rætt hafi verið um á fundi samráðshópsins 31. júlí 2008. Aðspurður hvort óljóst hafi verið hverjir hafi átt að vinna að þessu sagði hann að þetta verk hafi byrjað í samstarfi Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytisins, síðan hafi verið myndaður vinnuhópur á vegum fjármálaráðuneytisins og að endingu hafi fleiri komið að verkinu.

Um fund samráðshópsins 16. september 2008, þar sem aftur var rætt um ólystuga matseðilinn, sagði Tryggvi að þá hafi ekki verið komin fullnægjandi svör við honum. Á þessum tíma hafi legið fyrir drög að yfirlýsingu um innstæðuvernd með þremur valkostum. Eins og fram komi í fundargerð hafi hann á hinn bóginn talið ýmislegt ógert í vinnu við smíð lagafrumvarpa og jafnframt þörf á að leita ráðgjafar endurskoðenda til að fara yfir tiltekin atriði í ákvæðum lánsamninga bankanna um heimildir lánardrottna til að gjaldfella kröfur sínar.

Í ljósi þess að í sviðsmyndum, sem samráðshópurinn hafi að einhverju leyti stuðst við í störfum sínum, hafi verið tekið mið af því að Glitnir banki hf. kynni að falla um miðjan október 2008 var Tryggvi spurður hvort þar hafi sérstaklega verið rætt um viðbrögð í slíku tilviki. Hann svaraði því til að innan Seðlabanka Íslands hafi verið farið yfir öll atriði, sem komið hafi í hug, meðal annars um skilmála hugsanlegra lána til Glitnis banka hf., hvaða tryggingar mætti taka gildar og hvaða ráðstafanir gætu komið lánsamningum bankans í uppnám. Aðspurður hvort þessi vinna hafi verið lögð til grundvallar þegar mál Glitnis banka hf. bárust seðlabankanum síðla í september 2008 sagðist Tryggvi hafa verið fjarverandi á þeim tíma, en þó í sambandi við samstarfsmenn sína. Valkostir seðlabankans hafi í raun verið að neita um aðstoð, sem hefði leitt til áhlaups á Glitni banka hf., eða samþykkja beiðni um hana og taka svo

ákvörðun um hvernig seðlabankinn myndi tryggja sig. Tryggvi kvaðst ekki deila á þá ákvörðun seðlabankans að betra væri að taka yfir 75% hlut í Glitni banka hf. en að veita lán gegn óvissum tryggingum.

Í tengslum við lið 1.4 í ákæru sagði Tryggvi að vissulega hafi verið þrýst á bankana að draga úr stærð sinni á árinu 2008 og hafi verið fylgst með viðbrögðum þeirra. Öllum hafi verið ljóst að þetta væri ekki aðeins krafa Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, heldur bærisk hún einnig utan úr heimi. Þessi þrýstingur hafi verið stöðugur, en skort hafi tæki til að taka völdin af stjórnendum bankanna. Unnt hefði verið að skipuleggja þetta betur og fara að tillögu Andrew Gracie um að stilla bönkunum upp við vegg, en erfitt væri að segja hvort það hefði nokkru breytt. Aðspurður kvaðst Tryggvi kannast við að hafa sagt fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að unnt hefði verið að knýja fram markvissari og meiri aðgerðir til sölu á eignum ef stjórnvöld hefðu sett bönkunum stólinn fyrir dyrnar, en eftir á að hyggja teldi hann að þetta hefði þurft að gera á árunum 2003 eða 2004 til að stöðva stækkun bankanna.

Tryggvi kvaðst hafa verið viðstaddur fundi milli seðlabankans og stjórnenda einstakra banka, þar sem þessi mál hafi verið rædd. Hann sagðist ekki vita af eigin raun um atvik í tengslum við það að Kaupþing banki hf. hafi snemma árs 2008 fallið frá kaupum á hollenska bankanum NIBC, enda hafi það mál einkum hvílt á herðum Fjármálaeftirlitsins, en ljóst hafi verið að Kaupþing banki hf. hafi verið kominn í verulegan vanda og hefði ekki ráðið við kaupin. Fjármálaeftirlitið hafi dregið að taka ákvörðun og hafi það verið skynsamlegt, því þannig hafi Kaupþingi banka hf. gefist ráðrúm til að draga sig út úr kaupunum. Þessi fyrirhuguðu kaup hafi ekki aðeins ógnað lánshæfiseinkunnum Kaupþings banka hf., heldur hinna bankanna líka, enda hafi matsfyrirtæki og fjölmiðlar ekki talið bankann mundu ráða við að fjármagna kaupin. Með líkum hætti hafi farið um fyrirætlanir Landsbanka Íslands hf. um kaup á innlánastarfsemi bresks fjármálafyrirtækis með heitinu Close Brothers Group. Um aðferðir, sem Seðlabanki Íslands hafi beitt til fylgjast með aðgerðum bankanna í þessum efnum, sagði Tryggvi það hafa verið gert með því að halda saman upplýsingum, sem kæmu fram í formlegum viðræðum á fundum og samtölum sérfræðinga seðlabankans við starfsmenn, sem hafi fengist við fjárstýringu innan bankanna þriggja. Seðlabankinn hafi einnig vegna hlutverks síns við erlenda lánsfjáröflun fyrir ríkið fengið vitneskja um það, sem gerðist á alþjóðlegum mörkuðum, og frá stórum erlendum fjárfestingarbönkum.

Tryggvi kvað það hafa verið kunnugt innan Seðlabanka Íslands að kostir til að selja eignir banka hafi verið þröngir á árinu 2008, en alltaf mætti þó deila um hvaða verð hefði getað fengist eða hvenær það hefði verið orðið svo lágt að eiginfjárstöðu bankanna væri ógnað. Hann hafnaði því að tillögur, sem seðlabankinn hafi fengið frá Andrew Gracie í lok febrúar 2008, hafi falið í sér ráðagerð um að efnt yrði til svonefndrar brunaútsölu á eignum bankanna, því þótt lánsfjármarkaðir, sem þeir hafi leitað inn á, hafi þornað upp hafi ekki verið sjálfgefið að ekki væri unnt að selja eignasöfn eða heilar einingar úr starfsemi þeirra. Að auki hafi tillögurnar lotið að því að bankarnir yrðu að fjármagna sig sjálfir og hafi þar ekkert verið nefnt um hvernig það yrði gert. Bankarnir hafi á þessum tíma fengið tilboð um fjármögnun, sem þeir hafi hafnað sökum þess að verðið væri of hátt, en þeir hafi á árinu 2007 verið komnir í þá stöðu að vaxtamunur væri neikvæður. Hann hefði talið skynsamlegt og tilraunarinnar virði að stilla bönkunum upp við vegg til að sjá hvort það hefði kallað fram frekari viðbrögð, þótt ekki yrði fullyrt að það hefði miklu breytt.

Í sambandi við lið 1.5 í ákæru sagði Tryggvi að samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi fengið nokkrar upplýsingar um samskipti Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins út af ráðagerðum um flutning á Icesave reikningum frá útibúi bankans í London til dótturfélags. Fjármálaeftirlitið hafi fengið upplýsingar um þetta frá bresku stofnuninni og Seðlabanki Íslands með fundum við stjórnendur Landsbanka Íslands hf. Innan samráðshópsins hafi verið talið að bankinn væri að vinna að þessu af krafti, en annað hafi svo komið í ljós. Svo hafi virst sem tregða hafi komið upp í þessum efnum vegna þess að bankinn hafi þurft að fá aðgang að fé gegnum innlánasöfnunina í útibúinu, en einnig hafi komið fram á fundi í seðlabankanum í júlí 2008 með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. að breska fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að mikið laust fé og aðrar eignir myndu fylgja innstæðunum á Icesave reikningum til dótturfélags og væri bankanum þetta um megn. Þótt ljóst hafi verið að upphaflegar hugmyndir um flutning reikninganna hafi ekki staðist hafi seðlabankinn lýst því að hann styddi eindregið að þetta næði fram að ganga.

Tryggvi kvað það hafa komið til umræðu á fundi samráðshópsins 12. ágúst 2008 hvaða úrræði stjórnvöld hefðu til að knýja á um að innstæðurnar yrðu fluttar til dótturfélags, en þar hafi þó engar ákveðnar hugmyndir komið fram um hvað mætti gera. Fjármálaeftirlitið hafi farið með málið og hafi forstjóri þess og formaður stjórnar gegnt þar lykilhlutverki. Þótt fjármögnun Landsbanka Íslands hf. og staða

Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafi skipt máli fyrir fjármálastöðugleika og þar með getað heyrt undir Seðlabanka Íslands yrði að minnast þess að fjármálastöðugleiki hafi einnig verið viðfangsefni Fjármálaeftirlitsins. Hann kvaðst ekki geta sagt til um það hvort einhverju hefði skipt að ákærði léti þetta til sín taka, en ekki hafi verið talin ástæða innan seðlabankans eða samráðshópsins til að leita til hans um þetta.

Aðspurður hvort rætt hafi verið innan seðlabankans um hvort ríkið ætti að láta af hendi fé til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem framlag fremur en sem lán sagði Tryggvi svo ekki vera og hafi bankinn engar tillögur gert um þetta. Þetta hafi borist í tal innan samráðshópsins meðal ýmissa spurninga um valkosti, en ekki verið lagt til þar, enda hafi verið gengið út frá því að gæta yrði varfærni við að fella skuldbindingar á ríkið.

21

Vitnið Arnór Sighvatsson, sem starfaði sem aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands á tímabilinu sem ákæra í máli þessu varðar, kvaðst fyrir dómi einkum hafa fengist í því starfi við peningastefnu, þjóðhagsspár og þjóðhagslegar áhættur, en hann hafi ekki komið þar að viðlagaundirbúningi vegna hugsanlegs fjármálaáfalls. Aðspurður sagðist hann hafa talið hættu vofa yfir íslensku bönkunum um þó nokkurn tíma og þegar horft væri um öxl mætti draga þá ályktun að einkavæðing bankanna hafi frá upphafi borið þessa hættu í sér. Þegar á árinu 2005 hafi verið komin fram skýr merki um að bankarnir ættu í lausafjárvanda og eftir að svo var komið hafi ekki verið líklegt að fært yrði að bjarga þeim. Þetta væri þó sagt nú þegar fyrir lægi frekari vitneskja um hvernig eignastaða bankanna hafi í raun verið. Í fyrstu hafi verið talið að bankarnir ættu í lausafjárvanda, en nú væri ljóst að undirliggjandi hafi jafnframt verið eiginfjárvandi. Þetta hafi þó ekki blasað við á árinu 2005. Fyrstu hættumerkin hafi birst í því að skuldatryggingarálag bankanna hafi hækkað og seðlabankanum borist spurnir að utan um að evrópskir lánamarkaðir væru að lokast fyrir þeim, svo sem komið hafi á daginn á árinu 2006. Líf bankanna hafi þá verið í húfi, en tekist hafi að leysa vanda þeirra tímabundið. Grunur innan erlendra banka um að eignastaða íslensku bankanna væri ekki sem sýndist gæti í raun hafa verið grunnurinn að lausafjárvanda þeirra og þar með falli þeirra. Arnór sagðist þegar hafa orðið var við þetta erlendis á árinu 2005, svo og að íslensku bankarnir hafi þótt ótrúverðugir. Áhætta hlyti að fylgja svo hröðum vexti, sem hafi verið á íslensku bönkunum, og við þær aðstæður væri hættara við að eignir væru lakari en ella. Þetta hefði getað leitt til

falls bankanna þegar á árinu 2006 ef þeim hefði ekki tekist að ná í lausafé með því að komast inn á bandarískan lánamarkað og afla erlendra innstæðna. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa fylgst með því innan seðlabankans hvort bankarnir hafi breytt starfsemi sinni að fenginni reynslu af erfiðleikum á árinu 2006. Hann hafi rætt um þá skoðun sína að bankarnir tækju of miklar áhættur, þótt hann hafi ekki komið henni formlega á framfæri, en um þetta hafi allir virst vera sammála. Á þessum tíma hafi menn ekki fyllilega gert sér grein fyrir vandamálum bankanna, sem hafi tengst eignum þeirra, og talið þá frekar eiga í lausafjárvanda. Mætti líkja eiginfjárvanda við krabbamein, sem ynni á manni á löngum tíma, en lausafjárvanda við hjartaáfall. Við fall bankanna hafi komið í ljós að þeir hafi í raun verið eins og dauðvona krabbameinssjúklingar, sem hafi fengið hjartaáfall.

Arnór kvað umræðu hafa staðið um hættur, sem fylgt hafi stækkun bankanna og útrás, en hann hafi mest haft áhyggjur af samspili þeirra við þjóðhagslega þætti, sem hafi birst annars vegar í gríðarlegum viðskiptahalla og hins vegar eignabólu. Viðskiptahallinn hafi verið vísbending um að gengi krónunnar myndi á síðari stigum falla mjög hratt og eignabólan um að veð fyrir útlánum bankanna gætu verið slök. Þannig hafi legið fyrir vísbendingar um útlánatöp í framtíðinni, en á þessum tíma hafi fáa órað fyrir því að bankarnir væru að veita lán til kaupa á hlutabréfum í sér sjálfum gegn veði í bréfunum. Þótt bönkunum hafi tekist tímabundið að losna úr þrengingum á árinu 2006 hafi þeir engan möguleika átt 2008 og hafi hann verið þeirrar skoðunar að fall eins þeirra yrði þeim öllum að falli vegna þess hve samtengdir þeir hafi verið, en um þetta hafi verið rætt á árinu 2008. Ef koma hefði átt í veg fyrir fall bankanna hefði líklega orðið að grípa til aðgerða á árinu 2005, en hann gæti þó ekki sagt til um hvort enn hefði mátt gera eitthvað eftir þann tíma. Aðspurður hvort ekki hafi verið unnt innan bankanna að áætla hversu mikið ríkið kynni að geta stutt þá ef á þyrfti að halda sagði Arnór það mundu hafa verið háð því hvað ríkið hefði nánar átt að gera. Hefði það nægt að leggja bönkunum til nýtt eigið fé hefði stuðningur ríkisins hugsanlega getað komið að haldi, en vandinn hér hafi reynst það mikið stærri að ríkið hefði ekki getað staðið undir honum.

Aðspurður vegna ummæla, sem höfð voru eftir honum í framlögðu endurriti af skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um að tregðu hafi gætt innan Seðlabanka Íslands til að taka á bönkunum og hafi staða seðlabankastjóra, sem hafi verið þekktur fjandmaður bankanna, verið erfið í því sambandi, kvaðst Arnór hafa með þessu átt við Davíð Oddsson, sem hafi verið umdeildur og átt í alkunnum útistöðum við helstu

eigendur Glitnis banka hf. Vegna þessara aðstæðna hafi það, sem bankastjórinn hafi sagt eða ákveðið í þessum efnum, verið mjög viðkvæmt og hafi þetta litað umræður um aðgerðir seðlabankans. Málin hefðu þó ekki þróast á annan veg þótt annar maður hefði gegnt þessari stöðu, enda hefði ekki verið unnt að bjarga bönkunum.

Arnór kvaðst vegna starfssviðs síns innan Seðlabanka Íslands ekki hafa verið í aðstöðu til að fylgjast með því hvort stjórnvöld hafi eitthvað gert til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins. Hann hafi ekki setið fundi með ráðherrum, ráðuneytisstjórum eða forráðamönnum Fjármálaeftirlitsins, þar sem stærð bankakerfisins hafi komið til umræðu, eða verið á annan hátt í samskiptum við ákærða. Aðspurður sagðist hann þó telja fráleitt að bankarnir hefðu getað selt eignir á árinu 2008 þannig að til gagns hefði komið, enda hefðu þær ekki verið seldar nema með miklum afföllum og þá einkum bestu eignir bankanna, sem hefðu þá setið eftir með hrat í höndunum. Með slíkum ráðstöfunum hefði orðið skammt í það að kröfum um eiginfjárlutfall yrði ekki lengur fullnægt. Þá hefði orðið erfitt að knýja á um að einhver bankanna flytti höfuðstöðvar sínar úr landi, en umræður um þetta væru að auki reistar á þeim misskilningi að þeir hafi aðeins átt við lausafjávanda að etja. Þess yrði einnig að gæta að við flutning banka til annars lands hefðu eftirlitsstofnanir þar orðið að kanna efnahagsreikning hans og mætti telja líklegt að komist hefði verið að þeirri niðurstöðu að of mikil áhætta fylgdi flutningum, sem hefði þá verið hafnað. Kvaðst Arnór telja það vera óraunsætt að ætla að leysa hefði mátt vanda vegna stærðar bankakerfisins á þennan hátt á árinu 2008, en hugsanlega hefði einhver bankanna enn getað flutt úr landi 2005.

Aðspurður hvort seðlabankinn hefði getað beitt sér á einhvern hátt til að takmarka erlenda innlánaöfnun bankanna á árinu 2008 sagðist Arnór telja að svo hafi ekki verið, enda hefði þurft að gera það áður en heimildir til þeirrar starfsemi voru veittar, sem hafi verið í verkahring Fjármálaeftirlitsins. Eftir á að hyggja hefði skipt miklu að setja strangar reglur um tímamismun skulda og eigna í erlendum gjaldeyri, en þær hafi ekki verið fyrir hendi þá. Hefði verið komið í veg fyrir þessa sókn í erlendar innstæður, sem hafi á þeim tíma verið lausn á lausafjávanda bankanna, hefðu þeir hugsanlega fallið fyrir og þá líklega með minni tilkostnaði. Hann kvað vitneskju sína um innlánaöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Bretlandi hafa verið svipaða þeirri, sem hafi legið fyrir í tölfræðigögnum. Innstæðurnar hafi á tímabili safnast hratt upp og hafi verið ólíklegt að unnt yrði að flytja þær til erlends dótturfélags, enda hefði þá einnig þurft að flytja eignir á móti þeim og hefðu það líklega orðið að vera bestu eignir bankans. Að auki mætti draga í

efa að það hefði þjónað hagsmunum bankans að bjóða upp á reikninga sem þessa í dótturfélagi í ljósi þess að tilgangurinn með þeim hafi verið að fjármagna starfsemina hér á landi. Hann kvaðst ekki hafa haft spurnir af samskiptum íslenskra og breskra stjórnvalda í tengslum við þetta. Hann hafi heldur ekki vitað hvort rætt hafi verið innan Seðlabanka Íslands um að taka upp samvinnu við önnur stjórnvöld af þessum sökum.

22

Vitnið Jón Þ. Sigurgeirsson kvaðst fyrir dómi hafa starfað hjá Seðlabanka Íslands með hléum frá árinu 1986, en hann hafi unnið frá árslokum 2005 fram í byrjun apríl 2008 hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og komið þá aftur til seðlabankans, þar sem hann hafi síðan aðallega fengist við samskipti við sjóðinn, aðra seðlabanka, erlend ráðuneyti, lánshæfismatsfyrirtæki og erlenda banka.

Jón kvað íslensku bankanna hafa á árunum fram að 2006 farið mjög geyst inn á erlenda lánamarkaði og tekið mikið fé að láni, en fréttir hafi borist af því að ýmsir væru farnir að skortselja þá og hafi evrópskir lánamarkaðir virst lokast á þá 2006. Erfiðleikar, sem leiddu af þessu, hafi þó liðið hjá með því að bankarnir hafi leitað inn á bandarískan lánamarkað og Landsbanki Íslands hf. byrjað að afla erlendra innlána, en dæmi hafi þá verið um erlendar lántökur bankanna með vaxtaálagi, sem ekki hafi áður verið litið við. Þegar lántökur sem þessar hafi ekki lengur boðist á árinu 2007 hafi ekkert verið eftir. Jón kvaðst ekki áður hafa séð viðlíka kreppu á alþjóðamörkuðum eins og þá, sem hafi brostið á 2008, og hafi hún komið að óvörum öllum, sem hafi komið að fjármálamörkuðum.

Jón kvað Seðlabanka Íslands hafa leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tengslum við áætlun sína um að gera gjaldmiðlaskiptasamninga við aðra seðlabanka til að sýna fram á aðgang sinn að lausafé. Sendinefnd frá sjóðnum hafi gert könnun á íslensku bönkunum og skilað skýrslu til seðlabankans 14. apríl 2008, þar sem komið hafi fram að hugsanlega mætti bjarga hlutum hér. Jón kvaðst ekki hafa átt hlut að gerð þessarar skýrslu, en eftir á að hyggja hafi hún verið full jákvæð, því sendinefndin hafi líkt og aðrir talið að hér væri við lausafjávanda að etja. Í skýrslunni hafi verið bent á að íslenska bankakerfið væri of stórt og að ein leiðin út úr vandræðunum væri að minnka umfang þess. Einnig hafi komið fram að styrkja þyrfti eigið fé bankanna, en með sölu eigna hefði verið grafið undan eiginfjárgrunninum og hefði því þurft að gera þetta hægt og bítandi. Áþekka niðurstöðu hafi verið að finna í skýrslu, sem sérfræðingar sænska seðlabankans hafi gert í tengslum við gerð gjaldmiðlaskiptasamninga

Seðlabanka Íslands við þrjá norræna seðlabanka. Á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi síðan að beiðni stjórnvalda verið gerð úttekt á íslenska bankakerfinu í júlí 2008 og hafi niðurstaðan þar orðið að mestu sú sama, þar á meðal að ekki væri unnt að minnka bankakerfið á einni nóttu og gefa yrði sér tíma til þess. Aðspurður sagðist Jón telja að sjá mætti af þeirri skýrslu að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafi þótt mál hafa þróast á réttan veg hér á landi frá því að skýrslan 14. apríl 2008 var gerð og hafi ekki verið gerðar alvarlegar athugasemdir út af því, sem gert hafi verið til að draga úr stærð bankakerfisins.

Jón sagði umræðu hafa verið innan Seðlabanka Íslands um hvort flytja mætti höfuðstöðvar íslensku bankana úr landi og hafi seðlabankinn verið hlynntur því, að minnsta kosti hvað varðaði Kaupþing banka hf. Jón kvaðst á hinn bóginn ekki hafa séð það fyrir að tekið yrði nokkurs staðar erlendis við bankanum á þessum tíma, enda hafi hann greinilega átt í vandræðum og væri óvíst að hann myndi hafa viljað sýna erlendum eftirlitsstofnunum eignasafn sitt. Þessar hugmyndir hafi því verið óraunhæfar.

Jón sagðist telja mjög líklegt að hann hafi setið einhverja fundi stjórnenda Seðlabanka Íslands á árinu 2008 með öðrum stjórnvöldum, þar sem rætt hafi verið um stærð íslenska bankakerfisins og hættu af henni, en ekki minntist hann þess hvenær það hafi nánar verið eða hvort ákærði eða aðrir ráðherrar hafi verið á slíkum fundum. Hann kvað stjórnendur bankanna hafa veitt seðlabankanum upplýsingar um aðgerðir sínar til að draga úr stærð bankakerfisins, en þar á meðal hafi verið hugmyndir Glitnis banka hf. um að selja eignir í Noregi.

Jón kvaðst ekki hafa fengist sérstaklega við mál, sem vörðuðu flutning á Icesave reikningum frá útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags, en hann hafi þó setið marga fundi í Seðlabanka Íslands, þar sem þetta hafi verið rætt, þar á meðal símafund með starfsmönnum Englandsbanka og fundi með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. Hann kvaðst minnast þess að á fundi með bankastjórunum sumarið 2008 hafi annar þeirra sagt að ekki væri unnt að flytja nægilegar eignir til dótturfélags meðal annars vegna þess að bresk stjórnvöld skorti skilning á svokölluðum sjávarútvegseignum. Honum hafi þótt þessi orð undarleg, því hann hafi reiknað með að Landsbanki Íslands hf. ætti fleiri eignir en þessar hér á landi og hafi hann þá farið að gruna að ekki væri allt með felldu varðandi eignir bankans.

Vitnið Sigurður Sturla Pálsson, sem gegndi starfi framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands á þeim tíma sem ákæra í málinu varðar, bar fyrir dómi að fyrir mitt ár 2006 hafi íslensku bankarnir átt í erfiðleikum við endurfjármögnun á alþjóðlegum lánamörkuðum, enda hafi þeir þá legið undir ámæli fyrir áhættusækni. Þessir erfiðleikar hafi þá liðið hjá og fjármögnun gengið ágætlega fram að miðju ári 2007, þegar aðgangur þeirra að mörkuðum hafi takmarkast verulega og síðan lokast. Í Seðlabanka Íslands hafi á þessum tíma verið fyrirséð að bankarnir þyrftu að endurfjármagna starfsemi sína mikið á árinu 2009, en Glitnir banki hf. þó að stóru leyti haustið 2008. Hafi þótt ljóst að næðu bankarnir ekki að endurheimta aðgang að alþjóðlegum mörkuðum fyrir árið 2009 væri lítil von til þess að þeir gætu endurfjármagnað sig. Hafi verið litið á þetta sem lausafjárvandamál og að seðlabankinn, sem beri skyldu til að veita bönkunum lausafjárþyrirgreiðslu, yrði að gera allt, sem í hans valdi stæði, til að bankakerfið myndi ekki hrynja. Snemma árs 2008 hafi verið blikur á lofti á gjaldeyrismarkaði og í mars hafi gengi krónunnar fallið verulega, sem hafi haft mikil neikvæð áhrif á verðgildi skuldabréfa bankanna og skuldatryggingarálag, en þessi hættu hafi í raun alltaf vofað yfir frá árinu 2006. Hafi verið gengið út frá því að seðlabankinn þyrfti að veita bönkunum lausafjárþyrirgreiðslu þar til þeir fengju aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum á ný. Hann kvaðst hafa verið í miklum samskiptum við starfsmenn, sem hafi fengist við fjárstýringu í bönkunum, og skynjað vel þessa erfiðleika. Enn hafi þó bankarnir haft aðgang að millibankafjármögnun og skuldabréf þeirra verið notuð í endurhverfum viðskiptum, auk þess sem þeir hafi nýtt opin bankalán. Skammtíma fjármögnun þeirra hafi verið stöðug, en langtímafjármögnun ekki fengist. Í seðlabankanum hafi verið óttast að hún fengist ekki þegar nær dró þeim tíma, sem hennar var þörf. Aðspurður hvort áhyggjur hafi á þessum tíma verið uppi innan seðlabankans um að bankarnir ættu einnig við undirliggjandi eiginfjárvanda að stríða svaraði Sigurður því til að slíkar upplýsingar hafi borist frá erlendum fjármálastofnunum og að nokkru leyti úr fjölmiðlum, en seðlabankinn hafi aftur á móti einkum horft á uppgjör bankanna og þá fyrst og fremst skuldahlið efnahagsreikninga þeirra. Hafi verið reiknað með því að Fjármálefirlitið sinni þessu verkefni og hafi sú verkaskipting birst greinilega í samtölum við starfsmenn þess, en seðlabankinn hafi orðið að taka niðurstöðum Fjármálaeftirlitsins sem gefnum.

Sigurður kvaðst frá árinu 2006 hafa átt sæti í viðlagahópi innan Seðlabanka Íslands, sem hafi þó ekki starfað reglulega, en frá því seint á árinu 2007 eða snemma 2008 hafi hópurinn hist vikulega. Þar hafi Sigurður gegnt því hlutverki að greina frá stöðunni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og stöðu íslensku bankanna erlendis. Að öðru leyti hafi viðlagahópurinn einkum fylgst með lausafjárskýrslum bankanna og gjaldeyrisjöfnuði, en hann hafi skoðað fjármál bankanna og aðallögfræðingur seðlabankans kannað heimildir til að grípa inn í. Hópurinn hafi tekið saman viðlagahandbók, sem hafi verið lokið við á miðju ári 2008. Aðspurður sagðist hann ekki minnst þess að viðlagahópurinn hafi leitað eftir upplýsingum um erlendar lánalínur, sem bankarnir hafi notað til að fjármagna sig.

Spurður um umræður innan Seðlabanka Íslands um þörfina á að bankarnir drægu úr starfsemi sinni sagðist Sigurður hafa talið þá vita vel um vandann og að markaðir væru lokaðir. Þeir hafi unnið að því á árinu 2008 að selja eignir og hafi starfsmenn seðlabankans fundað ítrekað með stjórnendum bankanna um vandamál þeirra. Hann kvaðst ekki vita hvort seðlabankinn hafi gert annað en að hvetja bankana til dáða eða hvort önnur stjórnvöld hafi unnið að þessu verkefni. Hann sagðist telja að bankarnir hefðu getað fengið eðlileg verð við sölu eigna, en þeir hafi á hinn bóginn keypt miklar eignir dýru verði og skuldsett sig við það. Sala eigna hefði því haft bein neikvæð áhrif á eiginfjárstöðu þeirra og hefðu bankarnir ekki þolað afleiðingarnar af því til lengdar. Þetta hafi að minnsta kosti átt við fram í ágúst 2007, en á árinu 2008 hefði enn verið unnt að selja eignir, þótt erfitt hafi verið.

Sigurður kvaðst hafa farið ásamt formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands til London snemma árs 2008 og hafi þeir hitt þar fulltrúa margra banka. Hjá þeim hafi komið eindregið fram að íslensku bankarnir nytu ekki trausts. Þótt markaðir, sem hafi verið mjög erfiðir á þessum tíma, tækju við sér gætu íslensku bankarnir ekki reiknað með að komast þar að fyrr en verulegur bati hefði orðið. Tvær alþjóðlegar fjármálastofnanir hafi nefnt að íslenskir bankamenn væru rúnir trausti, en áhyggjurnar af bönkunum hafi verið miklar og talið að félli einn þeirra færu hinir sömu leið vegna svonefndra krosslánatengsla. Heildarmyndin hafi verið sú að staðan væri grafalvarleg. Seðlabankanum hafi verið ráðlagt að leita til erlendra seðlabanka um gjaldmiðlaskiptasamninga, en í skjóli þeirra kynnu bankarnir og ríkið að geta fengið aðgang að skuldabréfamörkuðum. Þreifingar hafi þá þegar verið byrjaðar um gerð slíkra samninga, en í framhaldi af þessu hafi seðlabankinn tekið upp viðræður við bandaríska, breska, evrópska og norrænu seðlabankana. Þegar

gjaldmiðlaskiptasamningum hafði verið lokið við þrjá norræna seðlabanka í maí 2008 hafi aðstæður á hinn bóginn verið breyttar vegna vaxtahækkunar bandaríska seðlabankans og hafi markaðir þar með lokast.

Sigurður sagðist ekki hafa þekkt innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Bretlandi frá upphafi og hafi Seðlabanki Íslands ekki fylgst náði með henni fyrr en blikur hafi verið komnar á loft. Framan af hafi verið litið á þetta sem jákvæða leið til fjármögnunar úr því að bankarnir hafi ekki haft aðgang að erlendum lánamörkuðum, en eftir á að hyggja mætti segja að þessi starfsemi hafi að einhverju leyti haldið lífi í bönkunum og hefði því verið erfitt að taka fyrir hana, enda hefði allt bankakerfið hrunið við fall Landsbanka Íslands hf. Bankinn hafi staðið af sér töluvert ústreymi af Icesave reikningunum í mars 2008 og hafi þótt mega hafa það sem próf á áreiðanleika. Í samanburði við erlenda banka, sem hafi orðið fyrir áhlaupi á þessum tíma, hafi Icesave reikningarnir haft þann kost að úttektir af þeim hafi farið fram á netinu og hafi því ekki verið unnt að birta í fjölmiðlum myndir af fólki, sem væri að taka fé sitt út úr bankanum. Seðlabankanum hafi verið ljóst að þessar innstæður væru kvikar og fylgst vel með þessu framan af árinu 2008, en neikvæð umfjöllun breskra fjölmiðla um íslenska bankakerfið á þeim tíma hafi ekki virst hafa mikil áhrif.

Sigurður kvaðst kannast við að annar bankastjóra Landsbanka Íslands hf. kunni að hafa látið orð falla á fundi með bankastjórn Seðlabanka Íslands 30. mars 2008, sem Sigurður var viðstaddur, um að mjög litlar líkur væru á að íslenska bankakerfið kæmist gegnum erfiðleika, sem þá hafi staðið yfir. Viðhorf þessa bankastjóra hafi á hinn bóginn sveiflast mjög til á árinu 2008 og hann rætt um það í mars að ástandið væri erfitt, en mánuði síðar fullyrt að bankakerfið myndi hafa þetta af, enda hafi þá aftur verið kominn vöxtur í Icesave reikningana. Sagði Sigurður að enginn hafi þá talið að ástandið væri algjörlega vonlaust. Hann kvað það hafa komið fram á fundinum að unnið væri að því að flytja Icesave reikningana úr útibúi bankans í London til dótturfélags og gæti tekið um sex mánuði að ljúka því. Í júní 2008 hafi á hinn bóginn komið fram á fundi með stjórnendum Landsbanka Íslands hf., sem hann hafi verið viðstaddur, að þessi flutningur gengi ekki sökum þess að breska fjármálaeftirlitið sætti sig ekki við þær eignir, sem bankinn hafi ætlað að láta fylgja innstæðunum til breska dótturfélagsins. Undir Sigurð voru borin ummæli í framlögðu endurriti af skýrslu hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um að annar bankastjóra Landsbanka Íslands hf. hafi sagt við þetta tækifæri að útlánasafn, sem bankinn hafi

ætlað að flytja til dótturfélags, væri þannig að enginn myndi setta sig við það nema kannski íslenska fjármálaeftirlitið. Sagði Sigurður af þessu tilefni að með þessu hafi meðal annars verið átt við að breska fjármálaeftirlitið hafi ekki haft skilning á verðmæti lánasafns, sem tengt hafi verið íslenskum sjávarútvegi, enda hafi sjávarútvegur ekki verið arðbær atvinnugrein í Bretlandi.

Aðspurður hvort rætt hafi verið innan Seðlabanka Íslands um að beita Landsbanka Íslands hf. þrýstingi til að knýja á um flutning Icesave reikninganna til dótturfélags svaraði Sigurður því til að hann hafi verið í miklum samskiptum við fjárstýringu Landsbanka Íslands hf. og einnig bankastjórn seðlabankans við bankastjórana þar. Hann teldi að Landsbanki Íslands hf. hafi verið beittur þrýstingi til að koma söfnun innlánanna í betra horf og hafi bankinn leitast við að auka bindingu þeirra. Eftir sem áður hafi aðrar leiðir til að fjármagna bankann verið lokaðar. Hann kvað það hafa verið rætt innan seðlabankans í febrúar 2008 hvort ríkið gæti borið ábyrgð á þessum innlánnum og hafi sú afstaða komið fram að slík ábyrgð væri ekki fyrir hendi, enda yrði hún ekki til nema með lögum. Á hinn bóginn hafi verið uppi áhyggjur af því hvaða afleiðingar þetta gæti haft fyrir bankakerfið. Það hafi ekki verið skilningur starfsmanna seðlabankans að ríkinu bæri að styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta ef til þess kæmi að á ábyrgð sjóðsins reyndi.

24

Vitnið Stefán Svavarsson kvaðst fyrir dómi hafa verið ráðinn sem innri endurskoðandi Seðlabanka Íslands haustið 2006 og gegnt því starfi í þrjú ár. Aðspurður hvort bankastjórn seðlabankans hafi farið þess á leit að hann gerði könnun á reikningsskilum banka sagðist Stefán hafa rætt við hana um ýmsa liði í reikningum bankanna og þá einkum varðandi gengismun og skyld atriði, en hann hafi ekki verið beðinn um að gera könnun á reikningunum. Hann minntist þess ekki að hafa skilað skýrslu um þetta, heldur hafi fremur verið um orðaskipti að ræða. Hann kvaðst ekki hafa haft ástæðu til að draga í efa reikninga bankanna, sem hafi verið áritaðir af endurskoðendum um að þeir væru í samræmi við lög og reikningsskilastaðla.

25

Vitnið Sýlvía K. Ólafsdóttir, sem gegndi starfi forstöðumanns viðbúnaðarsviðs Seðlabanka Íslands á þeim tíma sem ákæra í máli þessu varðar, bar fyrir dómi að hún hafi komið þar til starfa eftir tímabilið þegar bankarnir gengu í gegnum erfiðleika á fyrri hluta árs 2006. Í nóvember 2007 hafi hún á hinn bóginn farið að gera sér grein fyrir því að bankakerfið væri í yfirvofandi hættu og hafi á þeim tíma verið kallaður til

starfa viðbúnaðarhópur innan seðlabankans, sem hún hafi setið í. Hún hafi síðan styrkst í þessari trú þegar lausafjárpróf og álagspróf hafi verið gerð. Tillögur, sem seðlabankinn hafi fengið frá Andrew Gracie í febrúar 2008, hafi verið hafðar að leiðarljósi og hafi vinna hennar í framhaldi af því snúist um að gera seðlabankann viðbúinn. Á þessum tíma hafi markaðsfjármögnun, sem bankarnir hafi verið mjög háðir, verið veiki hlekkurinn hjá þeim. Markaðir hafi þá nánast verið lokaðir og því augljós hættu á fjármálaáfalli. Henni hafi einnig verið kunnugt um áhyggjur innan seðlabankans af undirliggjandi eiginfjárvanda bankanna og útlánaáhættu. Þar hafi legið fyrir erlend gögn um samþjöppun í útlánum íslensku bankanna, en henni hafi ekki verið kunnugt um hvort þau hafi sérstaklega verið tekin saman fyrir seðlabankann. Henni hafi ekki þótt Fjármálaeftirlitið taka nægilegt tillit til áhættu af þessari samþjöppun við mat á gæðum útlána bankanna og eins hafi verið uppi áhyggjur í seðlabankanum af eignarhaldsfélögunum og tryggingum fyrir skuldum þeirra.

Sylvía sagði setu í viðbúnaðarhópi Seðlabanka Íslands ekki hafa verið sitt aðalstarf, en hún hafi jafnframt séð um greiningar og rannsóknir varðandi fjármálastöðugleika. Tryggvi Pálsson og Sigurður Sturla Pálsson hafi einnig verið í viðbúnaðarhópnum, en aðrir sérfræðingar hafi verið kallaðir til og hafi flest svið innan bankans komið að honum á einhvern hátt. Þessi hópur hafi vaktað fjármögnum bankanna, skoðað endurgreiðsluferla og farið yfir lausafjárstöðu og innlánasöfnun, en að auki gert greiningar og sviðsmyndir og sinnt almennum viðbúnaðarstörfum. Samstarf hópsins við Fjármálaeftirlitið hafi einkum verið fólgið í gagnaöflun. Aðspurð hvort seðlabankinn og fjármálaeftirlitið hafi unnið að samræmingu viðbragða sinna við hugsanlegri kerfisáhættu á fjármálamarkaði í samræmi við ákvæði samstarfssamnings þeirra frá 3. október 2006 bar Sylvía að lítið hafi verið unnt að gera í því efni þegar komið var fram á árið 2008 og að auki hafi mat á slíkri áhættu verið skammt á veg komið á alþjóðlegum vettvangi. Viðbúnaðarhópur seðlabankans hafi ítrekað skoðað kerfisáhættu og samspil áhættuflokka og gert sviðsmyndir af því hvernig mál gætu þróast, en notast hafi verið við fyrirmynd frá Englandsbanka í því skyni.

Sylvía kvaðst hafa þekkt úr nokkurri fjarlægð til starfa samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Hún hafi ásamt starfsmönnum frá Fjármálaeftirlitinu gert sviðsmyndir af fjármálaáfalli og tekið saman yfirlit um hugsanleg úrræði stjórnvalda í þessum efnum, en henni hafi verið kunnugt um að

samráðshópurinn hafi fengið þetta skjal. Aðspurð hvað hún hafi talið að yrði næsta skref sagði hún að úrræði og valkostir hafi virst fáir og engir þeirra góðir. Hafi verið lagt til að myndaður yrði aðgerðahópur, enda hafi samráðshópurinn einungis verið ráðgefandi og ætlaður til upplýsingamiðlunar, en ekki til beinna aðgerða. Hún sagðist ekki hafa talið það vera hlutverk samráðshópsins að gera aðgerðaáætlun eða viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs fjármálaáfalls, enda hafi hún komist að því að hann hafi ekki haft heimildir til slíks. Hún hafi því séð fyrir sér að búin yrði til sameiginleg viðbragðsáætlun með skrá um tengiliði og almennar aðgerðaáætlanir ef til fjármálaáfalls kæmi, en einnig að mikilvægt yrði að þeir, sem kæmu að málum, væru vanir að vinna saman og til þess væru viðbúnaðaræfingar. Hún kvaðst hafa aflað sér viðlagahandbókar frá seðlabanka Írlands og notað hana sem grunn að samsvarandi handbók fyrir Seðlabanka Íslands, en vinna hennar hafi þannig aðallega snúið að honum. Hún kvaðst ekki vita hvort einhver víðtækari viðbragðsáætlun hafi verið til þegar bankarnir hrundu, en gat þess að ekki væri víst að slíkt hefði nokkru skilað.

Sylvía sagði það hafa verið rätt innan Seðlabanka Íslands að samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað væri veikburða. Því hafi verið velt upp hvort taka ætti saman lista um aðgerðir, en frá því hafi verið horfið sökum þess að talið hafi verið að slík vinna ætti ekki heima hjá samráðshópnum. Hún kvaðst telja Tryggva Pálsson hafa sent minnisblað um þetta til samráðshópsins, en ekki vita hvort einhver viðbrögð hafi orðið við því. Aðspurð hvort hún hafi talið vinnu af þessum toga hafi strandað innan samráðshópsins á afstöðu ráðuneytisstjórnanna í fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu sagði Sylvía það hafa verið sína tilfinningu, en fyrir því hefði hún enga vissu.

Sylvía greindi frá því að reglubundnar viðlagaæfingar hafi farið fram innan Seðlabanka Íslands vegna greiðslumiðlunar, en ekki vissi hún til þess að samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi gert áætlun um greiðslumiðlun ef til fjármálaáfalls kæmi. Hún kvað viðbúnaðarhóp seðlabankans heldur ekki hafa komið að gerð viðlagaáætlunar vegna greiðslu- og uppgjörskerfa, en slík kerfi hafi þó verið á verksviði bankans.

Sylvía kvað erfitt að meta það hvort vinna hafi verið vel samhæfð við meðferð á beiðni Glitnis banka hf. um aðstoð síðla í september 2008. Fólk hafi gengið fljótt og vel til verka við að taka ákvarðanir um atriði, sem þar komu upp, og væri útilokað að meta hvað hafi verið gott eða slæmt í því sambandi, en allir hafi virst óþolinmóðir og vilja gera eitthvað, þótt lítið hafi verið hægt að gera.

Vitnið Guðjón Rúnarsson kvaðst fyrir dómi hafa gegnt starfi framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja á þeim tíma, sem ákæra í málinu snýr að. Hafi þessi samtök að markmiði að vinna að almennum starfsskilyrðum þessarar greinar og vera málsvari fyrirtækjanna í sameiginlegum hagsmunamálum, en ekki einstökum viðskiptum.

Guðjón kvað samtökin ekki hafa orðið þess vör að rætt hafi verið um að stjórnvöld væru á árinu 2008 að þrýsta á stóru íslensku bankana þrjá að draga úr stærð sinni eða flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Um slíkt hafi stjórnvöld heldur ekki rætt við samtökin, en innan þeirra hafi verið ólík fyrirtæki, sem sennilega hafi haft ólíkar skoðanir. Hann hafi á hinn bóginn fundið það að bankarnir hafi haft áhyggjur af ástandinu og mætti ætla að þeir hefðu fagnað því að geta dregið saman seglin. Um þetta hafi heldur ekki verið rætt innan samtakanna, en þess yrði að minnast að í röðum þeirra hafi verið fyrirtæki, sem stóðu í samkeppni.

Guðjón sagðist hafa á þessum tíma átt samskipti við ákærða á fundi 14. febrúar 2008, þar sem fulltrúar fjármálafyrirtækjanna hafi lýst yfir áhyggjum sínum og rætt hafi verið um hvað gera mætti. Hann minntist þess ekki nákvæmlega hvort stjórnvöld hafi þar óskað eftir tilteknum aðgerðum fjármálafyrirtækjanna, enda hafi margt verið rætt. Líklegra væri að slíkt hefði verið borið upp í viðræðum við einstaka fyrirtæki en á fundi af þessari stærð. Guðjón kannaðist við bréf samtakanna til ákærða 25. janúar 2008, en það hafi verið ritað til að vekja athygli á nokkrum atriðum, sem samtökunum hafi staðið uggur af.

Vitnið Þorsteinn Már Baldvinsson kvaðst fyrir dómi hafa tekið sæti í stjórn Glitnis banka hf. á aðalfundi seint í febrúar 2008 og í framhaldi af því verið var kosinn formaður hennar, en þeirri stöðu hafi hann gegnt til 7. október sama ár. Þorsteinn bar að stjórnin hafi tekið ákvörðun um að grípa til aðgerða til að draga úr stærð bankans og hafi starfsmenn hans unnið eftir þeirri stefnu. Í þessu skyni hafi um 200 starfsmönnum verið sagt upp á tímabilinu frá apríl til júní 2008 og bankinn jafnframt unnið að sölu eigna og lokun starfsstöðva. Sú stefna hafi einnig verið mörkuð að stærstu skuldauutar bankans yrðu að koma eignum í verð og draga þannig úr skuldum við hann. Þá hafi á vormánuðum 2008 farið í hönd vinna við að selja starfsemi bankans í Noregi og hafi henni nánast verið lokið þegar væntanlegur kaupandi hafi tilkynnt 23. september á því ári að hann væri hættur við kaupin.

Þorsteinn kvaðst hvorki vita hvort stjórnvöld hafi óskað eftir upplýsingum um framvindu þessarar vinnu né hafa skoðun á því hvort þessi sala hefði tekist ef vinnan hefði byrjað fyrr, en með henni hefði verið unnt að losna við lán að fjárhæð 900.000.000 evrur.

Þorsteinn kvaðst hafa átt fund með ákærða 22. mars 2008, en minntist þess ekki hvað þeir hafi rætt um. Þeir hafi aftur átt fund í ágúst og 27. september 2008, en viðfangsefnið á síðasta fundinum hafi verið skýrt, enda öllum ljóst hvert stefndi. Þá sagðist Þorsteinn hafa í eitt eða tvö skipti farið til fundar í Seðlabanka Íslands. Á engum þessara funda með ákærða eða í seðlabankanum hafi verið rætt eða þrýst á um aðgerðir til að minnka Glitni banka hf. Stjórn félagsins hafi ákveðið sjálf að leggja í aðgerðir í því skyni og hafi stjórnvöld á engan hátt komið að því. Þau hafi heldur ekki sýnt þessu áhuga eða óskað eftir upplýsingum með því að ræða við sig.

Þorsteinn greindi frá því að Glitni banki hf. hafi tilkynnt í ágúst eða september 2008 að til stæði að sameina hann og Byr sparisjóð. Þetta hafi ekki verið rætt sérstaklega í stjórn Glitnis banka hf., en Þorsteinn kvaðst hafa verið þeirrar skoðunar að rétt væri til lengri tíma litið að sameina fjármála fyrirtæki til að lækka rekstrarkostnað og taldi hann sig hafa greint ákærða frá þeirri skoðun. Þá minntist Þorsteinn þess að hafa hitt Tryggva Þór Herbertsson á fundi með ákærða í ágúst 2008 og hafi Tryggvi svo efnt til fundar Þorsteins með formanni stjórnar Landsbanka Íslands hf., þar sem rætt hafi verið lauslega um hvort æskilegt yrði að sameina þann banka og Glitni banka hf. Hann hafi litið svo á að Landsbanki Íslands hf. hefði ekki áhuga á þessu og hafi það ekki verið rætt meira.

Vitnið Lárus Welding kvaðst fyrir dómi hafa tekið við starfi forstjóra Glitnis banka hf. 1. maí 2007 og gegnt því fram í byrjun október 2008. Hann kvaðst ekki minnast þess að stjórnvöld hafi óskað eftir tilögum frá bankanum um hvernig hann gæti minnkað efnahagsreikning sinn eða flutt höfuðstöðvar sínar úr landi, en hann hafi á þessum tíma átt reglubundin samskipti við Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands. Mikil breyting hafi orðið á rekstri bankans í byrjun árs 2008, en þá hafi erlendir skuldabréfamarkaðir verið lokaðir og stjórn hans og starfsmenn ákveðið að breyta um stefnu. Lárus kvaðst hafa átt nokkra fundi með stjórnvöldum um þetta, meðal annars með ákærða í janúar 2008 vegna skuldabréfaútboðs, en þar hafi þeir farið yfir stöðuna og átt gott og opið spjall. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við annað en að stjórnvöld væru sammála fyrirætlunum bankans. Í bankanum hafi í framhaldi af þessu verið lagt

í mikla vinnu og hafi aðgerðaáætlun verið gerð um hvernig unnt yrði að fjármagna hann við þessar breyttu aðstæður, en um þetta hafi bankinn ekki fengið sérstakar fyrirskipanir. Lárus kannaðist aðspurður við að hafa kallað starfsmenn bankans til fundar 16. mars 2008 til að leggja drög að þessu starfi. Áætlunin hafi verið kynnt stjórnvöldum, en með henni hafi verið stefnt að því að selja eignir og beita eignatryggðri fjármögnun. Á þessum grunni hafi verið reynt að draga úr útlánnum og selja stóran hluta af starfsemi bankans í Noregi. Vinna við þá sölu hafi byrjað í mars 2008 og hafi verið fundað fyrst með væntanlegum kaupanda 27. apríl sama ár. Þessu hafi miðað vel og áreiðanleikakönnun verið fengin, en í framhaldi af því hafi verið gerður samningur um sölu á þessari starfsemi fyrir því sem næst bókfært verð hennar, sem hefði skilað Glitni banka hf. um 100.000.000.000 krónum í erlendum gjaldeyri. Vegna ákvæða í lánssamningum hafi þó orðið að leita samþykkis þriggja lánardrottna fyrir sölunni og hafi einn þeirra tilkynnt eftir nokkra bið að hann legðist gegn henni. Af þeim sökum hafi kaupandinn dregið sig tilbaka 23. september 2008, en Lárus taldi í þessu ljósi að ekki hafi skipt sköpum að tilraunir til þessarar sölu hafi ekki byrjað fyrr. Auk þessa hafi verið reynt að selja lánasöfn í Luxemborg og hafi starfsemi í Kaupmannahöfn verið hætt. Allt frá árinu 2007 hafi verið unnið að því að skrá bankann á norskum hlutabréfamarkaði, en frá því hafi verið horfið og reynt þess í stað að afla hlutafjár frá erlendum fjárfestingarsjóðum, þar sem vonir hafi staðið til að fá allt að 750.000.000 bandaríkjadali á árinu 2008. Einnig hafi verið rætt töluvert um sameiningu banka á þessu tímabili og þá sérstaklega um sameiningu Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf., en ekki hafi þó verið alvara í viðræðum um það. Samkomulag hafi svo tekist um að sameina Byr sparisjóð við Glitni banka hf. í september 2008. Hann sagði aðspurður að ekki hafi komið til tals að flytja höfuðstöðvar bankans úr landi, en þó hafi lauslega verið rætt um að sú gæti orðið endanlega niðurstaðan ef félagið yrði skráð á norskum hlutabréfamarkaði.

Að öðru leyti en að framan greinir sagðist Lárus hafa átt fund með ákærða ásamt fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008 og síðan aftur ásamt stjórnendum bankanna til að ræða almennt um hluti. Þá kvaðst hann einnig hafa fundað af augljósu tilefni með ákærða 27., 28. og 30. september 2008. Lárus kvað fundinn 14. febrúar 2008 aðallega hafa snúist um að fyrirhuguð kaup Kaupþings banka hf. á hollenska bankanum NIBC myndu ganga tilbaka og yrði það til að leysa málin. Hann minntist þess ekki að þar hafi verið rætt um að bankarnir yrðu að draga úr stærð sinni, en kannaðist aðspurður við að annar bankastjóra Landsbanka Íslands hf. hafi þar sagt að

stærð íslenska bankakerfisins væri langtímavandi og hafi það í stórum dráttum verið rétt.

Lárus sagði Glitni banka hf. hafa átt náið samstarf við Seðlabanka Íslands um áðurnefnd verkefni og hafi almennt tekist góð samstaða um þau. Aðspurður í tilefni af ummælum, sem höfð voru eftir honum í framlögðu endurriti af skýrslu hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um að seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu átt að kalla stjórnendur bankanna meira til funda til að setja þeim skýrar reglur, sem þeir hefðu svo getað kynnt sem fyrirmæli við stærstu hluthafa bankanna, kvaðst Lárus ekki mundu segja að eitthvað hafi skort hér á, en hefði eitthvað komið skýrt fram þá hefði verið brugðist við.

Lárus lýsti því að Glitni banki hf. hafi leitað 25. september 2008 til Seðlabanka Íslands og óskað eftir svari við því hvort seðlabankinn kynni að veita bankanum lán gegn veði í norsku lánasafni. Hann hafi ásamt formanni stjórnar bankans átt fund með formanni bankastjórnar seðlabankans 26. september 2008 og hafi þá verið rætt um að unnið yrði að því að finna leiðir til að verða við ósk bankans, en af þessu hafi þeir svo ekki heyrt frekar fyrr en að kvöldi 28. sama mánaðar. Hann kvaðst ekki vera réttur maður til að gefa skýringar á því að niðurstaðan hafi þá orðið sú að ríkið hafi með tilteknum skilmálum boðist til að kaupa 75% hlut í Glitni banka hf. Lárus sagðist ekki vita hvernig ákærði kunni að hafa komið að þessu máli, en þeir hafi átt fund 27. september 2008 og sér þá virst eins og öll vinna við þetta færi fram í seðlabankanum.

29

Vitnið Jón Guðni Ómarsson kvaðst fyrir dómi hafa starfað við fjárstýringu hjá Glitni banka hf. frá fyrri hluta árs 2008 og fengist sérstaklega við ný fjármögnunarverkefni, sem hafi miðað að því að nýta eignir bankans til að afla fjár eftir margs konar leiðum. Á árinu 2008 hafi bankinn farið að leggja hluta af eignum sínum í sérstök hlutafélög, sem stofnuð hafi verið í Bretlandi til að halda utan um þær, og hafi síðan félögin gefið út skuldabréf, sem hafi mátt nota í veðlánaviðskiptum hjá evrópska seðlabankann. Með þessu hafi eignirnar ekki verið teknar af efnahagsreikningi bankans og hafi þær því eftir sem áður haft áhrif á eiginfjárstöðu hans. Á þennan hátt hafi reynst unnt að fá veðlán út á illseljanlegar eignir, bæði erlendar og íslenskar, og fjárhæð lánanna numið meiru en hægt hefði verið að selja þær fyrir.

Jón kvað þessa starfsemi hafa verið lið í aðgerðum, sem stjórnendur Glitnis banka hf. hafi gert áætlanir um á fyrri hluta ársins 2008 og fjölmargir starfsmenn hans

tekið þátt í. Jón sagðist ekki geta séð að bankinn hefði getað gert nokkuð fleira til að afla fjár með ráðstöfun eða nýtingu eigna sinna en ráðgert hafi verið í þessum áætlunum.

30

Vitnið Vilhelm Már Þorsteinsson kvaðst fyrir dómi hafa starfað framan af árinu 2008 sem yfirmaður við viðskiptaþróun Glitnis banka hf., en á því starfsviði hans hafi verið fengist við hagræðingaraðgerðir, verkefni tengd fjármögnun bankans og aðgerðir til að fá viðskiptavini til að draga úr skuldum sínum við bankann. Í maí 2008 hafi hann tekið við deild innan bankans, sem hafi fengist við fjárstýringu, og unnið þar fram að falli hans.

Vilhelm sagði að unnið hafi verið að fjölmörgum verkefnum á þessum tíma til að draga úr stærð Glitnis banka hf. og hafi bankinn þar að mestu leyti notið aðstoðar erlendra fjárfestingarbanka. Þegar liðið hafi á árið 2008 hafi meira en 40 starfsmenn bankans unnið að þessu. Stærsta verkefnið hafi verið fyrirhuguð sala á starfsemi bankans í Noregi eða hluta hennar. Erlendur ráðgjafi bankans hafi talið hagfelldara að selja aðeins hluta starfseminnar, sem myndi skila jafn miklu lausu fé og sala hennar allrar, enda yrði sú aðgerð einfaldari og hugsanlegir kaupendur fleiri. Í maí eða júní 2008 hafi að undangengnum samningaviðræðum við nafngreint félag borist skuldbindandi tilboð í þessar eignir. Glitnir banki hf. hafi þurft að fá samþykki fyrir sölunni vegna sambankaláns frá þremur erlendum bönkum og hafi tveir þeirra samþykkt það strax, en sá þriðji dregið svar sitt fram í seinni hluta ágúst 2008 og þá hafnað beiðninni. Kaupandinn hafi þá allt að einu viljað halda kaupunum uppi að því leyti, sem þau væru ekki háð samþykki lánveitenda Glitnis banka hf., en horfið svo frá því eftir miðjan september 2008. Þessi kaup, sem hafi verið stærsta verkefnið af þessum toga, hefðu getað skilað Glitni banka hf. miklu lausafé. Meðal annarra verkefna, sem fengist hafi verið við á þessum tíma, hafi verið samdráttur á starfsemi Glitnis banka hf. í Luxemborg, niðurskurður í rekstri og sala á lánnum til norska olúidnaðarins. Einnig hafi verið farið yfir lánasafn bankans til að kanna hvort þar væru einhverjar markaðshæfar eignir og hvort unnt væri að selja hlutdeild bankans í sambankalánnum. Vilhelm kvað Glitni banka hf. hafa veitt Seðlabanka Íslands upplýsingar um þessar aðgerðir og taldi hann að ánægja hafi þar verið með þessi verk.

Vilhelm kvað mikilli vinnu hafi verið varið í verkefni til að fá nýja hluthafa í Glitni banka hf. og hafi það stærsta snúist um að fá svokallaða hliðarskráningu fyrir félagið á hlutabréfamarkaði í Noregi. Þrír erlendir bankar, sem hafi unnið að þessu,

hafi á hinn bóginn talið í janúar 2008 að skynsamlegast væri að hverfa frá þeirri ráðagerð vegna markaðsaðstæðna, en leita þess í stað eftir nýju hlutafé frá alþjóðlegum fjárfestingarsjóðum. Í framhaldi af því hafi borist fjárfestingartilboð og hafi verið unnið frekar að þessu verkefni frá apríl fram í ágúst 2008, þegar tilboðsgjafinn hafi dregið sig í hlé.

Aðspurður sagði Vilhelm að Glitnir banki hf. hafi haft samning við Deutsche Bank AG um lánalínu, sem grípa mætti til við erfiðar aðstæður. Þegar til hafi átt að taka haustið 2008 hafi Glitni banka hf. verið meinað að nota þessa lánalínu og hafi þar fylgt sögu að öllum aðferðum yrði beitt til að hindra notkun hennar.

31

Vitnið Kristján Óskarsson sagðist fyrir dómi hafa starfað á árinu 2008 sem framkvæmdastjóri lána og fjármála Glitnis banka hf., en undir höfuðstöðvar bankans, þar sem hann starfaði, hafi heyrt fjármögnun og eignastýring, svo og útibúanet. Í lok október 2008 hafi hann síðan tekið sæti í skilanefnd bankans.

Kristján kvaðst ekki hafa komið í störfum sínum að verkefnum við sölu eigna eða til að auka aðgengi Glitnis banka hf. að lausafé, en hann hafi á síðari stigum fengið staðfest að á árinu 2008 hafi verið unnið að sölu dótturfélaga bankans í Noregi og Luxemborg. Einnig að búnir hafi verið til svokallaðir pakkar úr lánasöfnum bankans og veðlán verið fengin út á þá, en þetta hafi verið algeng leið til að afla lausafjár með eignum, sem erfitt hafi verið að selja. Yrði að hafa í huga að á tímabilum þegar markaðsverð eigna væri lágt gæti sala þeirra breytt lausafjávanda í eiginfjávanda, en eiginfjárhlutfall banka væri almennt mjög lágt. Í efnahagsreikningi Glitnis banka hf. hafi þetta hlutfall verið um 5% og hefði þá ekki þurft meira til að þurrka það út en að selja eignir bankans með að meðaltali 5% afslætti. Vegna aðstæðna á markaði hafi ekki verið unnt á þessum tíma að fá sanngjarnt verð fyrir eignir, jafnvel þótt þær væru góðar. Við aðstæður sem þessar yrði því að losa um fé með öðrum aðferðum en sölu eigna og þá helst með því að taka veðlán út á þær. Kristján kvaðst telja að þessum aðferðum hafi víða verið beitt við fjármögnun banka á árinu 2008.

Kristján sagði að almennt væri stór hluti eigna banka illseljanlegur og hafi þetta meðal annars átt við um útlán Glitnis banka hf. til viðskiptavina, sem hafi numið um $\frac{2}{3}$ hlutum eigna hans. Við fall bankans hafi innlengi hluti starfseminnar verið fluttur til nýs banka, en sá erlengi orðið eftir. Frá falli bankans hafi verð fyrir góðar eignir reynst það lágt að hagstæðara hafi þótt að halda í þær og bíða til dæmis fram að

gjaldþaga útlána, enda næðu tilboð, sem bærust í slíkar eignir, ekki sannvirði þeirra. Að auki væru lánasöfn almennt ekki markaðshæf til sölu nema lánsþingarnir fylgdu tilteknum stöðlum, en svo hafi ekki verið nema að litlu leyti með útlán Glitnis banka hf. Til að geta selt þau hefði afsláttur því þurft að verða miklu meiri en almennt gerðist.

32

Vitnið Heimir V. Haraldsson kvaðst fyrir dómi hafa tekið sæti í skilanevnd Glitnis banka hf. haustið 2008 og starfað þar til ársloka 2011. Við upphaf slitameðferðar á bankanum hafi lausafé verið lítið, en samkvæmt uppgjöri, sem tók mið af stöðu bankans í lok ársins 2008 eftir að vissar eignir og skuldbindingar höfðu verið færðar til nýs banka, hafi skuldir þess eldri verið um 2.000.000.000.000 krónum hærri en andvirði eigna. Skilanevndin hafi frá byrjun fylgt þeirri stefnu að selja ekki eignir, enda hafi markaðsverð þeirra verið mjög lágt og fjölmargir gefið sig fram með tilboð, sem hafi aðeins numið broti af bókfærðu verði eignanna. Ekki hafi verið ljóst að hvaða marki þetta yrði rakið til markaðsverðs eignanna eða þeirrar staðreyndar að bankinn væri í slitameðferð. Samkvæmt framlagðri samantekt, sem Heimir hafi gert um áhrif af sölu eigna fyrir undirverð á eigið fé Glitnis banka hf. eins og það hafi staðið fyrir upphaf slitameðferðar, hafi lítið þurft að koma til svo að eigið fé myndi þurrkast út. Hann taldi að markaðsverð eigna bankans hafi reyndar verið komið að miklu leyti niður fyrir bókfært verð þeirra þegar um sumarið 2008, en þá hafi svokallað CAD hlutfall vegna eigin fjár bankans verið um 11% og lögbundið lágmark á þeim tíma 8%. Hafi því bókfært andvirði eigna bankans ekki mátt rýrna um meira en um 60.000.000.000 krónur til að eigið fé hans færi niður fyrir lágmarkið. Hefði bankinn selt eign á þessum tíma fyrir lægri fjárhæð en nam bókfærðu verði hefði slíkt innleyst tap þegar haft áhrif til lækkunar á eigið fé hans. Í framhaldi af því myndi hafa risið spurning um hvort færa þyrfti niður bókfært verð sambærilegra eigna, en slík niðurfærsla myndi um leið hafa leitt til lækkunar á eigin fé bankans. Ekki væri ljóst að hvaða marki hefði þurft að færa niður bókfært verð eigna bankans á þennan hátt, enda hafi margar þeirra ekki talist til svonefndra markaðseigna, en eflaust hefði orðið að gera það að einhverju leyti. Þá hafi heimildir til að selja ýmsir eignir bankans verið háðar margvíslegum takmörkunum, svo sem vegna áhvílandi veðréttinda og skilmála í sambankalánum, sem bankinn hafi átt hlutdeild í. Aðspurður kvaðst Heimir telja að álykta mætti af núverandi verði á skuldbindingum Glitnis banka hf. í viðskiptum

lánardrottna að á markaði sé búist við greiðslu á um 30% af fjárhæð lýstra krafna við slit á bankanum.

33

Vitnið Sigurður Einarsson, sem var formaður stjórnar Kaupþings banka hf. á tímabilinu sem ákæra í málinu varðar, bar fyrir dómi að vandamál, sem tengdust stærð íslenska bankakerfisins í samanburði við umfang hagkerfisins, hafi almennt ekki verið rædd innan Kaupþings banka hf. nema í sambandi við málefni þess banka, en í því tilliti hafi hann verið mjög stór. Að þessu hafi verið hugað þegar á árinu 2006 og meðal annars kannað hvort breyta ætti bankanum í svokallað Evrópufyrirtæki, sem hafi þó ekki náð lengra. Einnig hafi verið hugað að því að flytja eignir til erlendra starfstöðva bankans og þar með nær uppruna sínum. Þessu til viðbótar hafi komið til skoðunar að flytja höfuðstöðvar bankans úr landi, en um það hafi verið leitað til erlendra lögmannsstofu, sem hafi skilað skýrslu um þetta í júní 2008, og síðan rætt við breska fjármálaeftirlitið í september sama ár, sem hafi tekið þessum áformum býsna vel. Þetta hafi þótt vera raunhæfar hugmyndir, en tímasetningar hafi verið óljósar og ekki rætt um þetta sem spurningu um viku eða mánuði. Tvenns konar verkefni hafi verið til umræðu innan bankans í tengslum við þetta. Annað þeirra hafi snúið að því að flytja norrænar eignir til bankans FIH, dótturfélags Kaupþings banka hf. í Danmörku, og aðrar erlendar eignir til dótturfélags í Bretlandi, Singer & Friedlander. Hitt verkefnið hafi snúist um flutning á höfuðstöðvum bankans til annars lands. Fyrirnefnda verkefnið hefði fyrirsjáanlega tekið skemmri tíma og hefði það að öllum líkindum haft talsverð áhrif á stærð íslenska bankakerfisins.

Sigurður kvað Kaupþing banka hf. ekki hafa átt í erfiðleikum á fyrri hluta árs 2006 og hafi þar ekki verið litið svo á að kreppa væri skollin á. Neyðarfundir, sem stjórnvöld hafi átt með stjórnendum banka af þessu tilefni, hafi ekki snúið að Kaupþingi banka hf., heldur Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Á vandamálum, sem tengst hafi svokölluðum krosseignatengslum og rætt hafi verið um á þessu tímabili, hafi verið tekið innan Kaupþings banka hf. á árinu 2006 og hafi þeirra ekki gætt eftir það. Aðspurður hvort Kaupþing banki hf. hafi átt við lausafjárvanda að stríða á árinu 2008 sagði Sigurður að starfsemi bankans í Bretlandi hafi að fullu verið fjármögnuð með innlánum þar og dótturfélagið í Danmörku hafi að mestu verið fjármagnað á heildsölumarkaði. Það síðarnefnda hafi að einhverju leyti einnig átt við um móðurfélagið á Íslandi, þannig að innlán hafi þar ekki staðið undir útlánunum. Vegna þessa hafi bankinn hafið söfnun innlána í erlendum dótturfélögum og

hafi sú starfsemi staðið undir stórum hluta af endurfjármögnun bankans á árinu 2008. Á því ári hafi samráð stjórnvalda við Kaupþing banka hf. verið mjög takmarkað og hafi það sama átt við um samráð bankans við hina stóru bankana tvo. Innan Kaupþings banka hf. hafi ekki verið kunnugt um stöðu mála í mars og apríl 2008 þegar stjórnvöld hafi átt fundi með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. vegna erfiðrar stöðu þess banka og innlánasöfnum hans í Bretlandi. Sigurður kvað það eftir á að hyggja hafa komið sér á óvart að Kaupþingi banka hf. hafi ekki verið greint frá þessu og að Landsbanka Íslands hf. hafi verið heimilað að halda áfram innlánasöfnun í Bretlandi og hefja hana síðan í Hollandi. Aðspurður hvort talið hafi verið innan Kaupþings banka hf. að vandræði hinna bankanna tveggja gætu haft áhrif á starfsemi hans svaraði Sigurður því til að alltaf hafi verið unnið að því að greina Kaupþing banka hf. frá hinum bönkunum, en stjórnendur hans hafi þó ekki gert sér grein fyrir því hversu alvarleg staða þeirra hafi verið orðin. Sigurður kvað Kaupþing banka hf. hafa á árinu 2008 átt í endurhverfum viðskiptum í seðlabanka Evrópu, en einungis með bréf, sem gefin hafi verið út af erlendum aðilum. Um sumarið 2008 hafi stjórnendur Kaupþings banka hf. verið kvaddir til fundar í Seðlabanka Íslands vegna kvörtunar um slík viðskipti íslensku bankanna frá seðlabankanum í Luxemborg. Þau viðskipti hafi þá numið samtals um 5.000.000.000 evrum, en hluti Kaupþings banka hf. í þeim hafi verið milli 500.000.000 og 700.000.000 evrur. Í framhaldi af þeim fundi hafi Kaupþing banki hf. tekið íslensk skuldabréf út úr þeim viðskiptum.

Sigurður sagði Kaupþing banka hf. hafa meðal annars selt eignir fyrir um 700.000.000 sterlingspund á árinu 2008 í viðleitni til að minnka efnahagsreikning sinn, en meira hafi þó verið hugað að því að færa eignir bankans nær uppruna sínum og fjármagna þær þar. Aðspurður um ráðagerðir Kaupþings banka hf. um að taka yfir hollenska bankann NIBC sagði Sigurður að í byrjun hafi þau kaup þótt vera góð ráðstöfun, en vegna versnandi aðstæðna á mörkuðum hafi komið upp efasemdir um það. Hann hafi átt um þetta mörg samtöl við forstjóra Fjármálaeftirlitsins og jafnframt rætt þetta við viðskiptaráðherra og bankastjóra í Seðlabanka Íslands. Hafi ítrekað verið leitað eftir því við stjórnvöld að þau létu eitthvað frá sér fara um að Kaupþingi banka hf. væri meinað að láta kaupin ganga eftir, en ekkert slíkt hafi komið fram annað en það að forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi greint eiganda erlenda bankans frá því í símtali að ekki væri víst að kaupin yrðu samþykkt. Að endingu hafi Kaupþing banki hf. gert samning við eigandann um að hverfa frá kaupunum. Um frekari aðgerðir, sem Kaupþing banki hf. hefði getað gripið til á árinu 2008 til að draga úr

stærð sinni, sagðist Sigurður telja að auðveldlega hefði mátt selja dótturfélagið Singer & Friedlander í Bretlandi, starfsemin í Svíþjóð hafi verið seld skömmu eftir fall bankans og hafi bankinn FIH í Danmörku verið eftirsótt eign á þessum tíma.

Sigurður kvað Kaupþing banka hf. ekki hafa átt í eiginfjárvanda eða haft ástæðu til að óttast erlend fjármálaeftirlit, enda fengi ekki staðist að eignir bankans hafi verið lakari en almennt hafi verið í evrópskri bankastarfsemi. Þetta mætti meðal annars sjá af afdrifum erlendra eininga, sem hafi á sínum tíma átt undir Kaupþing banka hf., enda væri fyrrum starfsemi hans í Svíþjóð enn við lýði, það sama ætti við um danskt dótturfélag bankans, þótt þar væru nú erfiðleikar, fullar endurheimtur myndu fást við uppgjör á dótturfélagi á eyjunni Mön og hlutfall endurheimtu úr breska dótturfélaginu Singer & Friedlander yrði um 90%. Hann teldi jafnframt að hlutfall heildarendurheimtu af kröfum á hendur móðurfélaginu yrði um 80%. Yrði einnig að hafa í huga að ekki væri samræmi milli verðmætis eigna í banka, sem væri í fullri starfsemi, og við slit hans.

Sigurður lýsti þeirri skoðun að það gæfi ekki rétta mynd af ástæðunum fyrir falli bankanna að horfa aðeins til aðstæðna seinnihluta september og byrjun október 2008, enda yrði að horfa lengra aftur í tíma, að minnsta kosti að því er Kaupþing banka hf. varðar. Í því sambandi yrði að hafa í huga að á árinu 2008 hafi staðið yfir mjög alvarleg alþjóðleg kreppa og jafnframt að vaxtastefna Seðlabanka Íslands hafi knúið almenning og fyrirtæki til að taka erlend lán. Svokölluð neyðarlög hafi síðan leitt af sér mismunun lánardrottna bankanna, en loks hafi aðgerðir breskra stjórnvalda, sem hafi tekið yfir dótturfélagið Singer & Friedlander, hleypt öllum lánsamningum Kaupþings banka hf. í uppnám. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í byrjun október 2008 hafi ekki leitt af sér hrun bankanna, þótt Sigurður teldi sumar þeirra hafa verið alrangar, svo sem yfirtaka ríkisins á Glitni banka hf.

Sigurður neitaði því að stjórnvöld hafi á árinu 2008 borið upp óskir um eða beitt þrýstingi til að Kaupþing banki hf. drægi úr starfsemi sinni eða flytti höfuðstöðvar sínar úr landi. Þvert á móti hafi stjórnvöld lagt stein í götu Kaupþings banka hf. í þessum efnun með því hafna ósk um heimild til að gera upp reikninga bankans í evrum, en með því að starfsemin hafi að mestu verið erlendis hefði þetta auðveldað alla áætlanagerð og rekstur, svo og að verja eigið fé bankans. Eftir á að hyggja teldi hann að stjórnvöld hafi haft allt of lítið samráð við Kaupþing banka hf., sérstaklega í ljósi stærðar bankans, og hafi stjórnendur hans átt sárafáa fundi með Seðlabanka Íslands, þótt hann kynni ekki að greina frá fjölda þeirra. Sérstaklega aðspurður um

fund sinn með tveimur bankastjórum Seðlabanka Íslands 11. júlí 2008 kannaðist Sigurður ekki við umræður á fundinum hafi verið eins og þeim er lýst í framlögðu minnisblaði starfsmanns seðlabankans. Um samskipti við viðskiptaráðherra sagði Sigurður þá hafa ræðst við í síma og átt svo fund í lok september eða byrjun október 2008. Sigurður kvaðst ásamt forstjóra Kaupþings banka hf. hafa átt fund með ákærða í framhaldi af bréfi sínu 9. apríl 2008, en einnig hafi hann hitt ákærða á fundi í júlí eða ágúst sama ár. Á þessum fundum hafi verið rætt um íslenska fjármálakerfið. Sigurður kvað bréf sitt hafa snúið að hættum, sem gætu steðjað að því á næstu mánuðum og árum, og ótta við að svikalogn, sem þá hafi ríkt, gæti breyst fljótlega. Hann hafi því talið mikilvægt að stjórnvöld yrðu viðbúin og gerðu ráðstafanir til að auka við gjaldeyrisvarasjóð seðlabankans. Á fundinum í apríl hafi ákærði hlustað vel á sjónarmið viðmælenda sinna, en ekkert hafi annað komið út úr þessu en að settur hafi verið á fundur stjórnenda Kaupþings banka hf. með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands tveimur dögum síðar, þar sem rætt hafi verið almennt um sömu atriðin. Sigurður sagði að stjórnvöld hafi hvorki á þessum fundum né við annað tækifæri óskað eftir áætlunum eða hugmyndum frá Kaupþingi banka hf. um hvernig mætti draga úr stærð bankakerfisins. Þá minntist hann þess ekki að ákærði hafi hvatt til þess að starfsemi Kaupþings banka hf. yrði flutt úr landi.

34

Vitnið Hreiðar Már Sigurðsson, sem var forstjóri Kaupþings banka hf. á þeim tíma sem ákæra í málinu snýr að, bar fyrir dómi að rekja mætti stækkun íslenska bankakerfisins á fyrsta áratug þessarar aldar bæði til innri vaxtar og þess að bankarnir hafi yfirtekið önnur fjármálafyrirtæki hér á landi og erlendis. Stjórnendur Kaupþings banka hf. hafi talið bankann mundu styrkjast með því að starfa á mörkuðum erlendis í stað þess að vera bundinn við lítinn og sveiflukenndan markað hér á landi og hafi þessu almennt verið vel tekið, bæði hjá stjórnvöldum og almenningi. Í Kaupþingi banka hf. hafi verið um helmingur íslenska fjármálakerfisins, en bankinn hafi síðast tekið yfir annað fjármálafyrirtæki á árinu 2005. Staðið hafi til að Kaupþing banki hf. tæki yfir hollenska bankann NIBC á árinu 2007, en hætt hafi verið við það í byrjun næsta árs. Hann kvað Kaupþingi banka hf. aldrei hafa borist formleg tilmæli frá stjórnvöldum um að minnka efnahagsreikning bankans og hafi engir fundir, minnisblöð, kynningar eða óskir komið fram um það. Á hinn bóginn hafi mátt finna það á árinu 2008 að áhyggjur væru uppi um stærð bankakerfisins og hafi því verið velt upp hvað unnt væri að gera, en ekki hafi komið fram ákveðnar tillögur eða

hugmyndir. Hreiðar sagðist hafa átt nokkra fundi með ákærða, þar sem rætt hafi verið almennt um stöðuna á mörkuðum. Þar hafi ákærði ekki borið upp tillögur eða beiðnir og hafi ekkert slíkt heldur komið fram frá öðrum stofnunum eða ráðherrum. Aðspurður um fund fjögurra ráðherra með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008 sagði Hreiðar að þar hafi aðallega verið farið almennt yfir stöðuna og hvernig hún liti út frá sjónarhóli fyrirtækjanna. Þar hafi ekki verið rætt um sölu eigna bankanna, heldur hvernig auka mætti tiltrú erlendis á íslenska fjármálakerfið, en eftir á að hyggja mætti segja að samráð milli manna hefði mátt vera meira.

Hreiðar greindi frá því að erfiðleika, sem hafi komið upp í íslenska bankakerfinu fyrri hluta ársins 2006, mætti rekja til þess að bankarnir hafi gefið út mikið af skuldabréfum á evrópskum skuldabréfamarkaði og hafi vaknað ótti um hvað gerst gæti ef sá markaður myndi lokast. Bankarnir hafi brugðist við þessu meðal annars með innlánasöfnun erlendis og snúið sér að bandarískum skuldabréfamarkaði. Evrópski skuldabréfamarkaðurinn hafi aldrei lokast alveg, en kjörin þar hafi versnað. Stjórnendur Kaupþings banka hf. hafi ekki óttast að bankarnir gætu fallið vegna þessa. Sumarið 2007 hafi á hinn bóginn skolið á alþjóðleg kreppa, sem hafi gert bankanum erfiðara fyrir við öflun erlends lánsfjár. Staðan hafi batnað á árinu 2008, bankinn hafi meðal annars fengið ný innlán að fjárhæð um 5.700.000.000 evrur og stjórnendur hans talið sig hafa fundið þar leið út úr erfiðleikum, en innlánasöfnunin hafi farið fram í dótturfélögum Kaupþings banka hf. í níu löndum og innstreymi verið jafnt. Um miðjan september 2008 hafi stjórnendurnir því talið bankann myndu komast gegnum þetta þótt erfiðir tímar væru fram undan. Um þær mundir hafi stjórnendur allra alþjóðlegra banka haft áhyggjur af stöðu mála, enda hafi skuldatryggingarálag verið hátt, lánamarkaðir erfiðir og eignaverð að lækka.

Hreiðar kvað stjórnendur Kaupþings banka hf. hafa gripið til aðgerða til að draga úr starfsemi bankans meðal annars með því að stöðva útlánavöxt á síðari helmingi ársins 2007, en engin áform hafi þó verið um að selja einingar úr bankanum. Stjórn félagsins hafi í september 2008 samþykkt tillögur um breytingar á uppbyggingu bankans með því að færa norræna starfsemi undir bankann FIH, dótturfélag Kaupþings banka hf. í Danmörku, og aðra alþjóðlega starfsemi breska dótturfélagsins Singer & Friedlander. Að baki þessu hafi verið sú hugmynd að erlendar eignir yrðu fjármagnaðar á erlendum mörkuðum, enda hafi stjórnendur bankans verið sannfærðir um að í framtíðinni myndu íslenskir bankar ekki gefa út skuldabréf á erlendum mörkuðum. Áætlað hafi verið að það tæki um þrjá mánuði að hrinda þessu í

framkvæmd og hafi þetta í raun átt að verða fyrsta skrefið í átt að því að færa höfuðstöðvar Kaupþings banka hf. úr landi. Samhliða þessu hafi átt að kanna hvert yrði best að flytja höfuðstöðvarnar, en áætlað hafi verið að sá flutningur gæti tekið öllu lengri tíma. Ekki hafi verið gert ráð fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda í þessum verkefnum og hafi hugmyndir um þau ekki verið komnar á það stig að þær yrðu bornar undir stjórnvöld. Aðspurður sagði hann ljóst að bankinn hefði átt að byrja á þessu fyrr, en ekkert yrði nú sagt um hvort þrýstingur af hendi stjórnvalda hefði þar nokkru breytt. Engu hefði skipt þótt erlendar eftirlitsstofnanir hefðu þurft að skoða bækur Kaupþings banka hf. eða gera áreiðanleikakannanir í tengslum við þessar aðgerðir, enda hefði bankinn staðist slíka skoðun og í engu verið verri en aðrir alþjóðlegir bankar. Að öðru leyti um þetta sagði Hreiðar að illfært hefði verið að selja eignir frá Kaupþingi banka hf. á árinu 2008 og hafi þróun í þá átt byrjað sumarið áður. Það hafi þó ekki verið útilokað, en selt hefði þá verið með afföllum og eiginfjárlutfall bankans ekki batnað við það.

Hreiðar bar að stjórnendur Kaupþings banka hf. hafi upphaflega talið að kaup á hollenska bankanum NIBC yrðu mjög hagstæð, enda hefði Kaupþing banki hf. þá aukið eigið fé sitt talsvert og seljendur NIBC orðið hluthafar þar. Hlutdeild íslensku starfseminnar hefði minnkað við þetta og hafi aldrei staðið til að móðurfélagið þyrfti að fjármagna þetta dótturfélag frekar en önnur stór dótturfélög sín. Eftir undirritun kaupsamnings hafi staðan á erlendum mörkuðum á hinn bóginn versnað og hafi hann rætt við forstjóra Fjármálaeftirlitsins til að lýsa áhyggjum sínum af kaupunum. Forstjórinn hafi svo rætt við seljendurna og gert þeim grein fyrir að ekki væri sjálfgefið að leyfi fengist fyrir kaupunum frá Fjármálaeftirlitinu og með því beitt þá í raun einhverjum þrýstingi til að falla frá viðskiptunum. Niðurstaðan hafi svo orðið sú að samið hafi verið um að hætta við kaupin.

Hreiðar kvaðst ekki minnst þess sérstaklega hver viðhorf stjórnvalda hafi almennt verið til atriða, sem vörðuðu ráðagerðir Kaupþings banka hf. um samdrátt í starfsemi sinni og flutning hennar úr landi. Hann gat þess þó að það hafi valdið stjórnendum bankans vonbrigðum að hafnað hafi verið beiðni um heimild til að gera uppgjör fyrir hann í erlendum gjaldmiðli, enda hafi það haft neikvæð áhrif að þurfa að gera upp í íslenskum krónum. Hann kvað stjórnvöld ekki hafa óskað eftir tillögum frá bankanum um aðgerðir til að minnka efnahagsreikning hans, en efnahagsráðgjafi ákærða hafi á hinn bóginn tekið upp umræður haustið 2008 um samruna í bankakerfinu. Hreiðar sagðist telja þetta hafa átt rætur að rekja til ótta um stöðu

Glitnis banka hf., en hann hafi um páskana 2008 lagt til að þeim banka yrði skipt upp á þann hátt að Kaupþing banki hf. tæki yfir erlendar eignir hans og Landsbanki Íslands hf. þær innlendu. Þeirri hugmynd hafi ekki verið hreyft við stjórnvöld, en líklega hafi efnahagsráðgjafanum verið greint frá þessu um haustið. Hreiðar sagðist hafa átt í talsverðum samskiptum við Tryggva Pálsson hjá Seðlabanka Íslands og hafi Tryggvi haft nokkrar áhyggjur af stöðu bankakerfisins. Hann minntist þess ekki að Tryggvi hafi þar þrýst á að ráðstafanir yrðu gerðar til að minnka efnahagsreikning Kaupþings banka hf.

Hreiðar sagðist ekki hafa haft áhyggjur af því hvort Seðlabanki Íslands yrði fær um að veita Kaupþingi banka hf. lausafjárþyrirgreiðslu, enda hafi bankinn aldrei ætlað að hann þyrfti á slíku að halda. Seðlabankinn hafi á hinn bóginn valdið stjórnendum Kaupþings banka hf. vonbrigðum þegar reynt hafi á getu hans sem lánveitanda til þrautavara í lok september 2008, enda hafi ákvörðun um að kaupa hlut í Glitni banka hf. verið röng að mati hans. Hafi seðlabankinn í raun talið bankakerfið standa svo illa, sem síðar hafi verið haldið fram, fengi ekki staðist að verja 800.000.000 evrum til að kaupa hlut í Glitni banka hf. í lok september 2008.

Aðspurður um ástæðu þess að Kaupþing banki hf. hafi fallið í október 2008 svaraði Hreiðar því til að hana mætti rekja til ákvörðunar stjórnvalda um að setja svokölluð neyðarlög, enda hafi þau falið í sér mismunun kröfuhafa eftir þjóðerni og breytta réttindaröð þeirra. Frá þeirri klukkustund, sem lögin voru sett, hafi ekki lengur verið fært að reka alþjóðlegan banka hér á landi.

35

Vitnið Jóhannes Rúnar Jóhannsson kvaðst fyrir dómi hafa starfað sem lögmaður hjá Kaupþingi banka hf. frá ágúst 2007 til október 2008, en frá þeim tíma til loka þess árs hafi hann átt sæti í skilanevnd félagsins. Hann hafi síðan verið skipaður í slitastjórn þess frá ársbyrjun 2012. Hann kvað lítið vera að finna í skjölum Kaupþings banka hf. um ráðagerðir um flutning á hluta af starfsemi eða höfuðstöðva hans úr landi. Þó væri að finna gögn um áætlun, sem hafi miðað að því að færa norræna starfsemi Kaupþings banka hf. undir dótturfélag hans, danska bankann FIH, og aðra alþjóðlega starfsemi undir breska dótturfélagið Singer & Friedlander, og hafi verið rætt um þetta á tveimur fundum í stjórn félagsins. Á þeim fundum hafi einnig verið rætt um aðra áætlun, þar sem gert hafi verið ráð fyrir að flytja höfuðstöðvar félagsins úr landi. Jóhannes kvaðst telja að endurskipulagning á alþjóðlegri samstæðu á fjármálamarkaði eins og sú, sem fyrrnefnda tillagan hafi snúist um, myndi almennt taka tólf til átján

mánuði. Í síðarnefndu tillögunni hafi verið rætt um að stofna nýtt móðurfélag í Bretlandi til að taka við starfsemi Kaupþings banka hf. og mætti ætla að slíkt hefði tekið tvö til þrjú ár, enda hefði þá þurft að afla samþykkis margra og vinna að margháttuðum greiningum. Í ljós hafi komið að breska fjármálaeftirlitið teldi að engin dæmi væri að finna um aðgerð sem þessa þar í landi.

Jóhannes kvað það hafa verið ljóst á fyrstu stigum slitameðferðar á Kaupþingi banka hf. að mikill áhugi hafi verið á eignasafni hans, en þeirri stefnu hafi verið fylgt að selja ekki eignir á hrakvirði og teldi hann að erfitt hefði verið að fá fullt verð fyrir þær á þeim tíma. Hann sagði illfært að fullyrða hvort Kaupþing banki hf. hafi átt verulegar eignir, sem unnt hefði verið að selja með góðu móti áður en hann féll, en vafalaust hafi þær þó verið einhverjar. Hann greindi jafnframt frá því að sé tekið mið af gangverði krafna á hendur Kaupþingi banka hf. megi ætla að lánardrottinn geri ráð fyrir að endurheimta um 20 til 25% af kröfum sínum við slit bankans.

36

Vitnið Vignir Rafn Gíslason kvaðst fyrir dómi vera löggiltur endurskoðandi og hafa starfað fyrir Fjármálaeftirlitið og Kaupþing banka hf. eftir fall bankans að ýmsum verkefnum, meðal annars úttektum og greiningum. Hann skýrði út fyrir dómi greiningu, sem hann gerði að beiðni ákærða og lögð hefur verið fram í málinu, á ársreikningi Kaupþings banka hf. fyrir árið 2007 og árshlutareikningi 30. júní 2008, þar sem reiknað var út hvaða áhrif þrenns konar hugsanlegar aðgerðir til að draga úr stærð bankans hefðu haft á efnahagsreikning hans og eiginfjárhlutfall. Þessar hugsanlegu aðgerðir voru í fyrsta lagi að öll útlán Kaupþings banka hf. hefðu verið seld með mismiklum afföllum og andvirðið notað til að greiða skuldir, í öðru lagi að hluti af ýmsum flokkum eigna hefði verið seldur og afgangur þeirra síðan endurmetinn með tilliti til söluverðsins og í þriðja lagi að norræn starfsemi bankans hefði verið seld á bókfærðu verði og söluverðinu varið til greiðslu skulda. Í meginatriðum sneri skýrslugjöf Vignis ekki að öðru en útskýringum á þessum útreikningum og er ekki ástæða til að greina hér frekar frá framburði hans.

37

Vitnið Björgólfur Guðmundsson, sem var formaður stjórnar Landsbanka Íslands hf. á tímabilinu sem ákæra í málinu tekur til, kvaðst fyrir dómi hafa talið mikla hættu vofa yfir íslenska bankakerfinu allt árið 2008. Erfitt hafi verið um lántökur og hafi stjórnendur bankans látið gera skýrslu um vandann til að kynna fyrir öðrum. Dregið hafi verið úr útlánnum bankans og reynt að styrkja lausafjárstöðu hans. Einnig hafi

stjórnnefndur bankans velt fyrir sér aðgerðum til að sameinast öðrum bönkum og hafi sú vinna staðið yfir frá byrjun árs 2008.

Björgólfur kvað stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hafa gripið til ýmissa aðgerða á árinu 2008 til að draga úr stærð bankans, en engin heildstæð áætlun hafi þó verið gerð um þetta eða rædd í stjórn hans. Meðal annars hafi útibúum verið lokað hér á landi og hægt á útlánum, en erfitt hafi verið að selja eignir ef ekki ófært. Víst hafi verið talið að eignir myndu ekki seljast fyrir bókfært verð og myndi sala því hafa haft áhrif á stöðu eiginfjár, en af þessum sökum hafi verið horfið frá því að selja félög, sem bankinn hafi átt á Írlandi og í Bretlandi. Mat á þessu hafi einkum verið á hendi bankastjóra Landsbanka Íslands hf. en ekki stjórnar félagsins, þótt rætt hafi verið um þessi efni á vettvangi hennar. Björgólfur kvað það hafa verið stefnu stjórnenda bankans að draga úr stærð hans og starfsemi. Til umræðu hafi komið að skipta rekstrinum upp í starfsemi innanlands og utanlands og um sumarið 2008 hafi erlendur banki verið fenginn til að meta kosti þess að sameina Landsbanka Íslands hf., Glitni banka hf. og Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf. Niðurstaðan af þeirri athugun hafi orðið sú að ekki yrði unnt að framkvæma þetta í ágúst 2008 og til þess myndi að auki þurfa á stuðningi ríkisins að halda. Aðspurður hvort stjórnvöld hafi á einhverjum tíma knúið á um það að Landsbanki Íslands hf. drægi úr stærð sinni svaraði Björgólfur því til að bankinn hafi ávallt reynt að vinna að þessu sjálfur, talið það skyldu sína og þekkt stöðuna best. Engar fyrirskipanir hafi borist um þetta eða tilmæli um að flytja höfuðstöðvar bankans úr landi. Þær stofnanir ríkisins, sem bankinn hafi átt samstarf við, hafi verið Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands og viðskiptaráðuneytið og hafi þær aðallega greint frá áhyggjum sínum.

Aðspurður hvort rætt hafi verið um að láta innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi, sem hafin var 29. maí 2008, fara fram í dótturfélagi þar í landi fremur en í útibúi vísaði Björgólfur til þess að bankinn hafi á þessum tíma rekið þar útibú, sem hafi haft öll tilskilin réttindi til að taka við innlánum, og hafi verið unnið að þessu með Fjármálaeftirlitinu, sem hann minntist ekki að hafi lýst áhyggjum af þessu. Bankinn hafi gengist undir að hlíta hollenskum lausafjárreglum, sem hafi ekki verið jafn strangar í Bretlandi, og hafi allt verið gert í góðum samskiptum við hollensk stjórnvöld. Þegar þau hafi lýst áhyggjum af þessari starfsemi í ágúst 2008 hafi bankinn boðist til að leggja fé, sem svaraði til nýrra innlána, inn í hollenska seðlabankann. Þessi starfsemi hafi ekki valdið áhyggjum á þessum tíma, enda hafi bankinn talið sig eiga eignir á móti skuldbindingunum. Aðspurður hvort féð,

sem aflað var með þessum innlánnum, hafi verið flutt frá Hollandi til Íslands sagði Björgólfur að það hafi verið greitt út í formi heildsölulána, en á móti hafi bankinn átt eignir þar ytra. Hollensk stjórnvöld hafi engum athugasemdum hreyft vegna þessarar starfsemi fyrr en keppinautar bankans hafi látið sig þetta varða.

Björgólfur sagði Landsbanka Íslands hf. hafa byrjað að safna innlánnum á Icesave reikninga í Bretlandi vegna ábendinga matsfyrirtækja og annarra um að innlán hjá bankanum væru ekki nægilega hátt hlutfall af heildarskuldum. Eins og í Hollandi hafi verið unnið að þessu í samstarfi við þarlend stjórnvöld. Í byrjun hafi innlánin verið óbundin, en bankinn hafi síðar leitast við að beina þeim inn á bundna reikninga og hafi hann aldrei boðið hæstu vexti á markaðinum. Bankinn hafi viljað færa þessa starfsemi yfir í dótturfélag, enda hafi breska fjármálaeftirlitið viljað að hún færi eftir breskum lausafjárreglum. Andrúmsloftið hafi svo breyst og hafi stjórnendum Landsbanka Íslands hf. borist vitneskja um að málið væri orðið pólitískt. Aðspurður hvort talið hafi verið að hætta stafaði af þessari starfsemi í útibúi bankans vegna smæðar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ítrekaði Björgólfur að bankinn hafi alltaf talið nægar eignir að baki skuldbindingunum og hafi engum í stjórn bankans dottið í hug að ábyrgð vegna innlánanna gæti fallið á ríkið. Ráðagerðir um að flytja Icesave reikningana úr útibúi til dótturfélags hafi strandað á hertum aðgerðum og skilyrðum breska fjármálaeftirlitsins og hafi Fjármálaeftirlitið reynt að liðka þar fyrir. Hann kvaðst ekki vita hvað íslensk stjórnvöld hefðu getað gert frekar í þessu skyni.

38

Vitnið Halldór J. Kristjánsson, sem var bankastjóri í Landsbanka Íslands hf. á þeim tíma sem ákæra í málinu snýr að, kvaðst telja að rekja mætti stækkun íslenska bankakerfisins í byrjun þessarar aldar til þess að samkeppnisyfirvöld hafi lagst gegn því að Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. fengju að sameinast. Með því hafi orðið ljóst að Landsbanki Íslands hf. gæti ekki stækkað frekar á innlendum bankamarkaði, en hann hafi á þeim tíma verið mjög háður sjávarútvegi. Hafi af þessum sökum verið gripið til þess að stækka bankann á erlendum markaði til að dreifa áhættunni og hafi það verið gert af varfærni með því að kaupa litlar einingar, sem hafi svo vaxið undir stjórn erlendra sérfræðinga. Á árinu 2003 hafi nýir hluthafar orðið ráðandi í bankanum og hafi þeir viljað ráðast í frekari vöxt erlendis.

Halldór sagði viðskiptabankana hafa sent erindi til ríkisstjórnarinnar í febrúar 2008 og lýst þar áhyggjum af lausafjárstöðu bankakerfisins ef framhald yrði á mikilli

efnahagslægd. Þetta hafi leitt til þess að stjórnendur helstu bankanna hafi átt fund með nokkrum ráðherrum 14. febrúar 2008 og taldi Halldór að þar hafi byrjað samráð milli stjórnvalda og bankanna um aðgerðir til að hækka viðbúnaðarstigið. Á fundinum hafi verið rætt um hvað bankarnir gætu gert og nefnt meðal annars að þeir vildu draga úr vexti efnahagsreikninga, nota eignasöfn til lánsfjármögnunar í stað þess að selja þau á hrakvirði og treysta lausafjárstöðuna með því að safna innlánnum erlendis. Á móti þessu hafi stjórnendur bankanna talið að stjórnvöld þyrftu ýmislegt að gera, þar á meðal að lækka stýrivexti með samstillum aðgerðum á meðan lausafjárþrengingar stæðu yfir og styrkja gjaldeyrisvaraförða Seðlabanka Íslands. Aðspurður hvort íslenska bankakerfið hafi verið hætt komið á þessum tíma svaraði Halldór því til að lausafjárþrengingar hafi verið komnar fram veturinn 2007 til 2008, en áður hafi slíkt staðið yfir í fáeina mánuði og liðið svo hjá. Í þetta skipti hafi á hinn bóginn virst sem þessar þrengingar gætu staðið lengur en dæmi væru um og hafi því þótt varlegra að byrja strax að ræða um aðgerðir til að treysta stöðuna.

Halldór greindi frá því að innan Landsbanka Íslands hf. hafi verið hafin vinna á árunum 2007 og 2008 til að draga úr stærð efnahagsreiknings bankans. Í því skyni hafi verið mörkuð stefna um að auka ekki útlán og draga saman ef kostur væri. Þegar lausafjárerfiðleikar hafi aukist hafi þó ýmsir viðskiptavinir bankans átt örðugt með að standa í skilum og hafi því verið vandi á höndum. Með ýmsum aðgerðum hafi tekist að minnka efnahagsreikning bankans um 4 til 5% á fyrri helmingi ársins 2008. Til athugunar hafi verið samruni við Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf. eða uppskipting milli félaganna, sem síðan hafi verið samið um í september 2008 þegar sá banki hafi keypt verðbréfafyrirtæki Landsbanka Íslands hf. í ýmsum löndum. Halldór kvað þá hugmynd hafa verið nefnda við ákærða vorið 2008 að sameina Landsbanka Íslands hf. og Glitni banka hf., en sá vandi hafi þó verið á höndum að miklar skuldir síðarnefnda bankans hafi verið á gjalddaga haustið 2008 og á fyrsta ársfjórðungi 2009. Sameinaður banki hefði þá lent í sömu erfiðleikum og Glitnir banki hf. um haustið 2008 og hafi því stjórnendur Landsbanka Íslands hf. talið sér ófært að fara þessa leið nema að verulegt laust fé hefði komið til og þá væntanlega með langtímaláni frá stjórnvöldum eða öðrum, sem ekki hafi verið unnt að fá á þeim tíma. Að auki hafi verið ákvæði í lánsamningum beggja bankanna, sem hefðu heimilað lánardrottnum að gjaldfella kröfur sínar við slíkar breytingar, sem hefðu leitt af sameiningu bankanna. Þessi hugmynd hafi því verið lögð til hliðar þar til efnahagsráðgjafi ákærða hafi tekið hana upp að nýju í ágúst 2008. Halldór sagðist telja að útilokað hefði verið

að flytja höfuðstöðvar Landsbanka Íslands hf. úr landi, enda hafi hann í áratugi verið stærsti banki á landinu og enginn grundvöllur fyrir flutningi hans.

Aðspurður um aðgerðir stjórnvalda á árinu 2008 til að draga úr stærð bankakerfisins sagði Halldór ákærða hafa sett fram óskir um að Landsbanki Íslands hf. reyndi þetta eftir bestu getu. Ákærði hafi ekki haft nein lagaleg úrræði til að fylgja málinu eftir, en engin ástæða hefði heldur verið til þess, enda hafi bankinn einnig stefnt að þessu markmiði. Það hafi á hinn bóginn verið mjög vandasamt að gera þetta á þeim tíma. Kannað hafi verið með sölu eigna, en markaðsverð þeirra reynst slíkt að skynsamlega hafi verið að leita eftir lánnum með veði í eignunum.

Halldór kvað erlenda innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. hafa byrjað á árinu 2006. Hafi þá verið ákveðið að hefja þessa starfsemi á þeim markaðssvæðum, þar sem bankinn væri þegar með útibú, þannig að hluti af útlánnum, hvort sem væri í Bretlandi eða Hollandi, væru fjármögnuð með innlánnum þar. Útlánastarfsemi í Hollandi hafi byrjað í útibúi bankans þar á árinu 2006 og hafi þá orðið að gæta samræmis við stefnu bankans um að halda jafnvægi á milli innlána og útlána á þeim markaði. Þetta hafi að mati allra verið eðlileg aðgerð, en ekki viðbrögð við einhverjum vandamálum. Áður en byrjað hafi verið að taka við innlánnum í Hollandi hafi verið hafin vinna til að fá leyfi fyrir rekstri dótturfélags og hafi verið stefnt að því að ljúka henni fyrir árslok 2008, en slík aðgerð hafi verið tímafrek og hafi því verið ákveðið að byrja með þessa starfsemi í útibúinu. Þegar hollenski seðlabankinn hafi gert athugasemdir um að innlánasöfnunin þar gengi of hratt hafi Landsbanki Íslands hf. brugðist við með því að bjóðast til að leggja innlán, sem myndu safnast eftir það, inn á bundinn reikning hjá erlenda seðlabankanum, sem hafi ekki svarað því boði. Þessi starfsemi hafi að nokkru verið fallin til að auka ábyrgð Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, en innlánin hafi þó að hluta verið tryggð í hollenska tryggingarkerfinu. Halldór kannaðist ekki við að íslensk stjórnvöld hafi lýst áhyggjum af því að skuldbindingar tryggingarsjóðsins myndu aukast vegna innlánasöfnunarinnar í Hollandi eða sett þrýsting á Landsbanka Íslands hf. vegna þeirrar starfsemi. Hann minntist þess að ákærði hafi sýnt erlendri innlánasöfnun bankans áhuga og hvatt til þess að reikningarnir í Bretlandi yrðu færðir til dótturfélags, en málið hafi þá þegar verið í farvegi og því ekki tilefni til frekari umræðna.

Halldór var spurður um nánari ástæðu þess að innlánasöfnunin hafi ekki farið fram í erlendum dótturfélögum. Hann rakti að innlánasöfnun í erlendum dótturfélögum hafi byrjað á árinu 2003, en af erlendum innlánnum samstæðu

Landsbanka Íslands hf. hafi um þriðjungur verið í dótturfélögum bankans í London, Luxemborg og Guernsey. Þegar byrjað hafi verið að safna innlánunum á Icesave reikninga í Bretlandi hafi verið ákveðið að gera það í útibúinu í London, sem hafi verið sérstök eining og þegar haft á hendi útlánastarfsemi á sama hátt og útibúið í Hollandi. Stjórnendur bankans hafi veturinn 2007 til 2008 farið að ræða um að færa þessa starfsemi inn í dótturfélög. Hann minntist þess ekki að komið hafi sérstaklega til tals að færa óbundin innlán til dótturfélags jafnharðan og þeim hafi verið breytt í bundna reikninga, enda hafi verið eðlilegt að hafa allar tegundir þeirra undir sama hatti þannig að viðskiptavinir ættu auðvelt með að færa fé á milli þeirra. Hann kvað þá stefnu að flytja Icesave reikninga til dótturfélags hafa komið til vegna stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, en einnig vegna markaðsstöðu.

Aðspurður hvernig Landsbanki Íslands hf. hafi varið fé, sem fengist hafi með innlánasöfnun erlendis, sagði Halldór að umfang Icesave reikninganna í Bretlandi hafi ekki aukist á árinu 2008, heldur hafi breytingar þar á reikningunum aðallega falist í því að óbundin innlán hafi orðið bundin til nokkurra ára, sem hafi aukið mjög öryggi bankans. Innlánin hafi því ekki farið í ný útlán, enda hafi efnahagsreikningur bankans dregist saman um 4% á fyrsta ársfjórðungi 2008. Undir Halldór var þá borið að eftir honum hafi verið haft í framlögðu endurriti skýrslu hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að fénu hafi verið ráðstafað til greiðslu á lánum og sagði hann af því tilefni að það væri rétt lýsing, enda hafi slíkt verið dæmigert fyrir ráðstöfun þess.

Halldór kvaðst hafa litið svo á að íslenska ríkið stæði að baki Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á sama hátt og önnur ríki stæðu að baki sínum fjármálakerfum. Þessum samtryggingarsjóði fjármálafyrirtækja hafi einungis verið ætlað að bæta einstök tjón, en ekki að mæta kerfishruni. Sjóðurinn hafi að einhverju leyti verið í umsjá og á ábyrgð ríkisins, en ljóst hafi verið að til ríkisábyrgðar á honum hefði þurft lagaboð, svo sem formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi ítrekað í viðræðum við bankastjóra Landsbanka Íslands hf. Hann kvað ummæli um að þjóðréttarleg skuldbinding kynni að hvíla á íslenska ríkinu vegna tryggingarsjóðsins, sem höfð voru eftir honum í minnispunktum um fund bankastjóra seðlabankans og Landsbanka Íslands hf. 31. júlí 2008, hafa snúið að skyldu til að koma sjóðnum á og starfrækja hann svo að hann gæti bætt fyrir tjón í einstökum tilvikum.

Halldór sagði að skoða yrði ummæli, sem höfð voru eftir honum í minnispunktum frá fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 12. janúar 2008 um að síðarnefndi bankinn myndi ekki þola

áhlaup á Icesave reikningana, í ljósi þess að enginn banki þyldi áhlaup. Vegna umræðna á fundi þeirra sömu og Fjármálaeftirlitsins 4. mars 2008, þar sem fjallað var um innstæðutryggingar og flutning Icesave reikninga í Bretlandi til dótturfélags, bar Halldór að á þeim tíma hafi verið hafnar viðræður milli Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins um lausafjárstýringu í útibúinu þar í landi, en í þeim hafi fljótlega verið ákveðið að stefna að því að flytja starfsemina vegna þessara reikninga til dótturfélags. Halldór nefndi í tengslum við þetta að á þessum tíma hafi innstæður á Icesave reikningunum svarað til um 20% af heildareignum bankans.

Undir Halldór var borið að í minnispunktum frá fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 30. mars 2008 kæmi fram að frá byrjun þess árs hafi um þriðjungur innstæðna á Icesave reikningum verið tekinn út, svo og að mjög litlar líkur væru á að íslenska bankakerfið hefði þetta af og gæti Landsbanki Íslands hf. ekki ráðið einn við þetta. Hann sagði það hafa staðið til á þessum tíma að sameina útibú Landsbanka Íslands hf. í London og dótturfélag bankans þar til að fá af því öryggi. Orðin um að bankinn myndi ekki ráða við þetta einn hafi vísað til þess að yrði ekki viðsnúningur á útstreyminu gæti það reynt á þolmörk bankans. Þá kvað hann fjárhæðir vegna útstreymis af Icesave reikningum, sem þar hafi verið rætt um og einnig á fundi bankastjórnar seðlabankans með ákærða og utanríkisráðherra 1. apríl 2008, hafa verið innan sveiflumarka miðað við aðstæður í Bretlandi. Hann minntist þess ekki að þessar sveiflur á innstæðunum hafi valdið sér þungum áhyggjum, enda hafi almennt gætt jákvæðni á mörkuðum á þessum tíma. Halldór var spurður hvort jákvæðni hafi gætt á fundi bankastjórnar seðlabankans með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 4. apríl 2008, þar sem rætt hafi verið um samskipti bankans við breska fjármálaeftirlitið. Um þetta sagði Halldór að í viðræðum við breska fjármálaeftirlitið, sem hafi byrjað í mars 2008, hafi virst sem sammæli væru um að sameina útibú Landsbanka Íslands hf. í London og dótturfélag bankans þar, en í lok mánaðarins hafi breska fjármálaeftirlitið skipt um skoðun og ekki viljað halda áfram á þeirri braut, heldur ræða breytingar á lausafjárreglum fyrir útibúið. Halldór kvað þetta hafa valdið sér vonbrigðum, enda hafi sú umræða beinst að smáatriðum um bindiskyldu, sem samkomulag hafi svo tekist um í lok maí 2008.

Halldór lýsti því að ummæli, sem höfð voru eftir hinum bankastjóranum í Landsbanka Íslands hf. á fundi þeirra með bankastjórum Seðlabanka Íslands 14. júlí 2008, um að ekki væri langt í næsta áhlaup á Ísland hafi átt rætur að rekja til þess að í maí á því ári hafi aðstæður á mörkuðum virst vera að batna, en þegar hér hafi verið

komið sögu hafi verið ljóst að svo væri ekki. Vinna við að flytja Icesave reikningana úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags hafi þá ekki verið hafin vegna þeirrar afstöðu, sem breska fjármálaeftirlitið hafi tekið í lok mars 2008, en í júlí hafi sú stofnun aftur verið búin að skipta um skoðun og viljað knýja á um flutninginn. Halldór minntist þess ekki að hafa greint ákærða frá þessum samskiptum við breska fjármálaeftirlitið, en frá byrjun mars 2008 hafi Fjármálaeftirlitið fengið afrit af öllum bréfaskiptum Landsbanka Íslands hf. við bresku stofnunina og fylgst því með málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda. Hann hafi aldrei talið ástæðu til að ákærði kæmi frekar að þessu.

Halldór bar að þegar viðræður við breska fjármálaeftirlitið um flutning Icesave reikninganna til dótturfélags hafi byrjað af fullum þunga í ágúst 2008 hafi steytt á því að Landsbanki Íslands hf. hafi ekki talið fært að flytja meira en sem svaraði 10% af heildareignum sínum til dótturfélagsins á einu almanaksári vegna ákvæða í lánsamningum um heimildir lánardrottna til að gjaldfella kröfur sínar. Til að komast hjá þessu hefði orðið að leita samþykkis lánveitenda, sem hafi verið óframkvæmanlegt. Af þessum sökum hafi bankinn viljað fá undanþágu frá breska fjármálaeftirlitinu til að flytja eignir til dótturfélagsins á móti innstæðuskuldbindingunum í tveimur áföngum, 10% á árinu 2008 og annað eins 2009, sem breska stofnunin hafi hafnað. Í framhaldi af því hafi Landsbanki Íslands hf. leitað aðstoðar viðskiptaráðherra, sem hafi fundað með breska fjármálaráðherranum til að leita tilslökunar frá þessum kröfum, en sá fundur hafi ekki borið árangur. Halldór kvað sér hafa verið óskiljanlegt að breska fjármálaeftirlitið hafi ekki fallist á veita þessa undanþágu, en bankinn hefði haft efni á að gera þetta ef hann hefði fengið hana og lokið þá flutningi innstæðnanna til dótturfélagsins á árinu 2008.

Halldór sagði að á fyrri stigum hafi verið munur á afstöðu sinni og hins bankastjórans í Landsbanka Íslands hf. til þessa máls, en öllum hafi þó verið ljóst að flytja yrði starfsemi vegna Icesave reikninganna til dótturfélags, sem hann hafi verið sérstakur áhugamaður um. Allt að einu hafi verið unnið að þessu máli af fullum heilindum.

Aðspurður kvaðst Halldór hafa fengið fyrirspurn frá stjórnvöldum í lok september 2008 um hvort kaup ríkisins á 75% hlut í Glitni banka hf. myndu hafa áhrif á stöðu Landsbanka Íslands hf. Hann sagðist hafa aflað útreiknings hjá sérfræðingi innan bankans, sem hafi talið hann mundu standa þetta af sér. Halldór gat þess að

hann hafi ekki verið beðinn um að leggja mat á það hvort bankakerfið í heild myndi standast þetta.

39

Vitnið Sigurjón Þ. Arnason, sem var bankastjóri við Landsbanka Íslands hf. á þeim tíma sem ákæra í máli þessu lýtur að, bar fyrir dómi að rekja mætti öra stækkun Landsbanka Íslands hf. á skömmum tíma til þess að bankinn hafi aukið starfsemi sína erlendis og veitt þjónustu til innlendra félaga, sem einnig hafi fært út starfsemi í öðrum löndum. Stjórnendur bankans hafi mótað þessa stefnu á árinu 2003, en þá hafi 95% tekna hans verið aflað innanlands og hafi markmiðið verið að það hlutfall færi niður í helming.

Um aðgerðir Landsbanka Íslands hf. til að draga úr stærð sinni á árinu 2008 nefndi Sigurjón að reynt hafi verið að bæta lausafjárstöðuna og draga úr útlánunum, en bankinn hafi líklega minnkað á þessum tíma um 4 til 5% í evrum talið. Eignir hafi verið notaðar til að afla lauss fjár, enda hafi verið erfitt að selja þær fyrir raunvirði. Hann teldi ekki að raunhæft hefði verið að flytja höfuðstöðvar bankans úr landi, enda hafi hann verið of íslenskur til þess. Slíkur flutningur hefði einnig tekið mörg ár. Sigurjón kvað stjórnvöld ekki hafa gripið til formlegra aðgerða til að fá Landsbanka Íslands hf. til að draga úr stærð sinni og taldi líklegt að þau hafi einfaldlega gert sér grein fyrir því að þetta væri ekki raunhæfur kostur, enda hefði engu breytt þótt þau hefðu sent bankanum bréf um þetta. Ef stjórnvöld hefðu neytt bankann til að selja eignir á árinu 2008 hefði fengist lágt verð fyrir þær og hafi Landsbanki Íslands hf. ekki verið öðru vísi settur að þessu leyti en hinir íslensku bankarnir tveir. Á árinu 2008 kynni bankinn að hafa getað selt lánasafn í Bretlandi, en út á það hafi þó bankinn fengið lán. Einnig hefði verið hugsanlegt að selja breska dótturfélagið Heritable Bank Ltd. fyrir um 200.000.000 sterlingpund, en við það hefði samsteypa Landsbanka Íslands hf. misst af fjármögnun. Menn hafi því reynt að nálgast hver annan í þessu máli, enda hafi allir gert sér ljóst að best væri að selja þegar seljandi væri ekki þvingaður til þess og hafi kaupendur heldur ekki beðið í röðum. Öðru máli hefði gegnt um að flytja starfsemi banka úr landi hefði einhver þeirra verið kominn nógu langt við undirbúning á slíku. Hann kvað stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hafa vel gert sér grein fyrir stöðunni þótt þeir hafi ekki búist við að allt myndi hrynja og hafi þeir gripið til allra tækra úrræða til að draga starfsemina saman. Þetta hafi hinir bankarnir tveir einnig gert, Glitnir banki hf. með því að reyna að selja eignir og Kaupþing banki hf. með ráðagerðum um að flytja starfsemina úr landi. Hefði átt að

bregðast við stærð bankakerfisins hefði rétti tíminn til þess verið um sumarið 2006 þegar erfiðleikar á fyrri hluta þess árs hafi verið liðnir hjá. Sigurjón kannaðist ekki við að Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanki Íslands hafi þrýst á bankann að selja eignir, enda hafi þess ekki þurft.

Sigurjón lýsti þeirri skoðun sinni að mjög lítil tilgangur hafi verið með fundi fjögurra ráðherra og fulltrúa fjármálafyrirtækjanna 14. febrúar 2008 og mjög lítið komið út úr honum. Fulltrúar fjármálafyrirtækjanna hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með fundinn, enda hafi samtök fyrirtækjanna lagt ríka áherslu á að gripið yrði til áþreifanlegra aðgerða. Í stað þess að ræða slíkt hafi menn nálgast vandamálin eins og þau snerust um ímynd, sem ekki hafi verið, enda hafi á árinu 2008 verið komin upp raunveruleg kreppa um allan heim, en ekki aðeins hér á landi eins og 2006. Að auki hafi bankarnir búið við þann vanda að vitað hafi verið að Seðlabanki Íslands gæti ekki stutt við þá. Sigurjón minntist þess ekki að á fundinum hafi verið lögð áhersla á að bankarnir hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi, en meðal stjórnenda bankanna hafi verið ríkjandi vilji til að skatttekjur fyrirtækjanna bærust til Íslands og hafi þeir rætt þetta sín á milli. Aðspurður hvort á fundinum hafi verið gefnar einhverjar yfirlýsingar um að ríkið myndi styðja við bankana bar Sigurjón að þar hafi komið fram að mikill áhugi væri á að koma sem bestum upplýsingum á framfæri, en margt fleira hafi þó verið rætt, meðal annars að ríkið vildi styrkja gjaldeyrisvarasjóð seðlabankans. Sigurjón kvað ummæli, sem höfð hafi verið eftir honum á fundinum um að stærð bankakerfisins hér á landi væri langtímavandamál, hafa snúið að svokölluðum hlutfallsvanda og hafi hann með þessum orðum verið að hvetja menn til að horfa til evrunnar. Í bönkunum hafi almennt verið litið svo á að erfitt yrði að leysa þennan vanda nema með því annaðhvort að þeir flyttu úr landi eða íslenska kerfið yrði hluti af stærra kerfi. Þetta hafi verið langtímavandi, sem ekki yrði leystur með litlum aðgerðum.

Sigurjón greindi frá því að í framhaldi af fundinum 14. febrúar 2008 hafi bankastjórar Landsbanka Íslands hf. átt fund með ákærða, þar sem þeir fyrrnefndu hafi borið upp hvort flötur væri á því að Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf. myndu sameinast. Hann staðfesti að ódagsett minnisblað, sem í málinu hefur verið talið vera frá 8. til 10. febrúar 2008, sýni þær hugmyndir, sem rætt hafi verið um á þessum fundi. Það hafi verið forsenda fyrir þessum samruna að ríkið veitti lausafjárstuðning, enda hefði að öðrum kosti verið óvíst hvort nokkurt gagn yrði af honum. Þannig hefði til dæmis verið óljóst hvort lánalínur þeirra banka, sem myndu

sameinast, myndu allar haldast, því viðbúið hefði verið að einhverjar lánalínur annars þeirra myndu lokast vegna samrunans. Þá hefði rekstrarhagræðing, sem fylgt hefði samruna, ekki komið bönkunum til bjargar við þær aðstæður, sem uppi voru. Sigurjón kvaðst telja að hugmyndir, sem forstjóri Kaupþings banka hf. hafi síðar haft uppi um að skipta rekstri Glitnis banka hf. milli hinna bankanna tveggja, hafi verið vonlausar.

Sigurjón kvað stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hafa almennt reynt að halda góðu sambandi við Seðlabanka Íslands til að láta vita hvað bankinn hafi verið að gera hverju sinni. Ýmsir fundir hafi verið haldnir um þessi efni og hafi þeir verið fremur óformlegir. Fyrsti fundurinn 2008 hafi verið haldinn í London í byrjun árs og hafi þá verið farið yfir stöðu íslensku bankanna og ástæður þess að skuldtryggingarálag þeirra hafi þróast sem raun bæri vitni. Hann hafi talið að rekja mætti þetta til þess að á árunum 2006 og 2007 hafi skuldabréf íslenskra banka verið sett í fjármálavafninga, en eigendur vafninganna hafi svo lent í vandræðum, leyst þá upp og selt bréfin á markaði á þessum tíma. Hann sagði það rétt að seðlabankinn hafi á fundum sem þessum mælst til þess að Landsbanki Íslands hf. drægi úr starfsemi sinni, en hann hafi þá svarað því til að þetta væri ekki hægt við ríkjandi aðstæður. Unnt hefði verið að selja vissar eignir, svo sem Glitnir banki hf. hafi reynt, en fyrir Landsbanka Íslands hf. hafi farið betur á því að umbreyta eignum til að geta fengið fjármögnun út á þær. Um samskipti við ákærða sagðist Sigurjón hafa eitt sinn hitt hann ásamt öðrum á formlegum fundi í febrúar 2008, en þeir hafi einnig ræðst óformlega við á heimili ákærða, enda hafi þeir verið nágrennar. Samtöl þeirra hafi snúist um ástandið á fjármálamörkuðum, þar á meðal hvort aflu mætti erlendra lána til að styrkja gjaldeyrisforða seðlabankans, sem hafi hlutfallslega verið orðinn mjög lítill miðað við íslenska bankakerfið hvað erlent lausafé varðaði. Þetta hafi haft neikvæð áhrif erlendis og hafi því verið mikilvægt að styrkja gjaldeyrisforðann til að aflu trausts, en ekki til að nota hann.

Um aðdragandann að innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi rakti Sigurjón að á árinu 2006 hafi orðið ljóst að ekki væri unnt að treysta á aðgengi að hefðbundnum fjármálamörkuðum og hafi verið rætt um hvernig mætti endurfjármagna bankann á annan hátt. Annars vegar hafi verið kannað hvort leita mætti eftir skuldabréfafjármögnun á fleiri svæðum en á Evrópumarkaði og hins vegar hvort auka mætti innlánasöfnun bankans. Hún hafi byrjað í Bretlandi og færst síðan út til Hollands, sem hafi orðið fyrir valinu sökum þess að bankinn hafi þá þegar verið með útlánastarfsemi þar í landi. Sigurjón kvað það vera skilgreiningaratriði hvort það hafi verið eðli netreikninga eins og Icesave reikninganna að innstæður á þeim væru

kvikar, enda hafi ekkert útstreymi verið af reikningunum í Hollandi og hafi það að öðru leyti almennt verið lítið. Þessir reikningar hafi því ekki skorið sig úr í samanburði við aðra, en bankinn hafi að auki unnið að því í Bretlandi að breyta óbundnum innlánnum í bundin. Aðspurður hvort stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hafi um mitt ár 2008 gert sér ljósar áhættur af þessum reikningum sagði Sigurjón þá hafa talið á þeim tíma að lausafjárkreppunni væri að ljúka, enda hafi dregið úr henni mjög hratt og mikið. Hafi meðal annars þótt mega ráða þetta af þróun skuldatryggingarálags Landsbanka Íslands hf. og annarra íslenskra banka. Innlánaöfnunin í Hollandi hafi að auki hafist á sama tíma og talið hafi verið að samkomulag hefði tekist við breska fjármálaeftirlitið um þessa starfsemi þar í landi. Um ástæðu þess að starfsemin í Hollandi hafi ekki frá öndverðu verið í dótturfélagi sagði Sigurjón að mikla vinnu þyrfti til að búa slík dótturfélög til og þá sérstaklega ef þau þyrftu bankaleyfi. Hann kvaðst telja að rekja mætti athugasemdir, sem hollensk stjórnvöld hafi byrjað að hreyfa í júlí 2008 vegna þessarar starfsemi bankans þar í landi, til kvartana frá keppinautum.

Sigurjón kvað ástæðuna fyrir því að Landsbanki Íslands hf. hafi safnað innlánnum á Icesave reikninga í Bretlandi í útibúi bankans fremur en dótturfélagi hafa verið þá að samkvæmt breskum reglum, sem hann sagðist að þessu leyti telja andstæðar reglum á evrópska efnahagssvæðinu, hafi ekki mátt hafa frjálst flæði fjármagns frá dótturfélagi til annarra félaga í samstæðu. Fénu hafi því verið safnað í útibúi til að tryggja frelsi á flæði þess. Hann greindi frá því að breska fjármálaeftirlitið hafi á sínum tíma krafist þess á fundi með fulltrúum Landsbanka Íslands hf. að bankinn myndi starfa eftir breskum lausafjárreglum, en veitt svo undanþágu frá því til ársins 2011. Í mars 2008 hafi síðan breska fjármálaeftirlitið óskað eftir því að bankinn afsalaði sér undanþágunni og bankinn svarað því með spurningu um hvort ekki væri best að færa starfsemina í Bretlandi til dótturfélags. Hugmyndin um þetta hafi því upphaflega komið frá Landsbanka Íslands hf., sem hafi þó óskað eftir ákveðum tilhliðrunum. Breska fjármálaeftirlitið hafi þá ekki reynst hafa áhuga á þessu og niðurstaðan orðið sú að Landsbanki Íslands hf. hafi 29. maí 2008 gengist undir að vinna í allri starfsemi sinni eftir breskum lausafjárreglum, sem hafi verið strangari en íslenskar reglur. Bankinn hafi valið þennan kost í ljósi þess að mjög snúið hefði verið að láta aðeins útibúið í London falla undir þessar reglur og því auðveldara að láta samstæðuna alla fylgja þeim, þótt það hafi ekki verið skylt.

Sigurjón kvað það hafa legið fyrir að söfnun innlána í erlendum útibúum bankans yki á ábyrgð Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, en Landsbanki Íslands hf. hafi óskað eftir að flytja starfsemi vegna Icesave reikninganna í Bretlandi til dótturfélags til að koma henni undir breska lögsögu. Breska fjármálaeftirlitið hafi ekki fengist til þess og virtist eftir á að hyggja eins og stofnunin hafi ekki viljað flytja starfsemina nema henni myndi fylgja einhver ríkisábyrgð. Tilslakanir, sem bankinn hafi talið sig þurfa, hafi snúist um það að þótt hann væri tilbúinn til að flytja eignir til dótturfélags á móti skuldbindingum vegna innstæðna á reikningunum hafi verið hættu á að lánardrottinnar gætu neytt ákvæða í lánsamningum við bankann til að gjaldfella kröfur sínar ef farið yrði of geyst í þessu efni. Þegar liðið hafi á sumarið 2008 og viðræður um flutning innstæðnanna til dótturfélags verið hafnar á ný hafi bankinn gengið hættulega langt til að koma til móts við kröfur breska fjármálaeftirlitsins. Það hafi þá krafist þess að bankinn flytti 20% eigna sinna til dótturfélags, en bankinn hafi boðist til að flytja 10% þeirra á árinu 2008 og önnur 10% strax í ársbyrjun 2009. Á þeim tíma hafi einnig komið fram að bresk stjórnvöld vildu fá ríkisábyrgð. Þegar hér hafi verið komið sögu hafi viðræður ekki lengur verið á bankalegum forsendum, heldur hafi málið verið komið á pólitískt stig. Þegar stjórnendur Landsbanka Íslands hafi áttað sig á því hafi þeir snúið sér í júlí eða ágúst 2008 til Fjármálaeftirlitsins og hugsanlega einnig Seðlabanka Íslands og leitað aðstoðar, enda hafi nýjar kröfur breska fjármálaeftirlitsins gert málið óleysanlegt. Út úr því hafi svo komið að viðskiptaráðherra hafi farið til fundar við breska fjármálaráðherrann. Aðspurður hve langan tíma hefði tekið að flytja starfsemina til dótturfélags sagði Sigurjón það mundu hafa ráðist af þeirri leið, sem farin hefði verið. Landsbanki Íslands hf. hafi viljað fara hraða leið með því að senda innstæðueigendum bréf og gera ráð fyrir samþykki þeirra ef athugasemdum yrði ekki hreyft, en breska fjármálaeftirlitið hafi viljað fara einhverja leið fyrir dómstólum. Umræðan frá júlí fram í september 2008 um tímasetningar hafi ekki snúist um þetta, heldur hversu hratt bankinn gæti látið dótturfélaginu í té eignir á móti skuldbindingunum. Áhyggjur af stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafi ekki verið aðalatriðið í þessu sambandi, enda hafi verið alveg ljóst að hann væri mjög lítill, en enginn hafi heldur ráðgert að tryggingarsjóðir stæðu almennt straum af útborgun innlána. Sigurjón kvaðst telja að afskipti ákærða af þessu máli hefðu engu breytt um afdrif þess og hafi aldrei verið leitað eftir slíku af hálfu Landsbanka Íslands hf.

Aðspurður um ummæli, sem höfð voru eftir honum í minnispunktum frá fundi bankastjóra Landsbanka Íslands hf. með bankastjórn Seðlabanka Íslands 12. janúar 2008 um hættu á áhlaupi á Icesave reikninga í Bretlandi, sagðist Sigurjón ekki muna eftir þeim fundi, en tók fram að enginn banki þyldi áhlaup. Hann lýsti einnig þeirri skoðun að minnispunktar sem þessir væru ekki fundargerðir, heldur sýndu þeir aðeins það, sem seðlabankinn hafi viljað að kæmi fram á fundi. Hann kvað ummæli, sem honum hafi verið eignuð í minnispunktum frá fundi þeirra sömu 30. mars 2008 um að útstreymi af Icesave reikningunum væri mikið, Landsbanki Íslands hf. myndi ekki ráða við þetta einn og mjög litlar líkur væru á að íslenska bankakerfið kæmist af, án efa hafa verið höfð ónákvæmlega eftir. Á fundinum hafi hann sagt að bankakerfið gæti ekki gert þetta eitt og átt þá við að það yrði að fá lánaþyrngreiðslu gegn góðum veðum, svo og að bankarnir þyrftu að getað leitað eftir lausafjárstuðningi. Þótt það hefði ef til vill verið óeðlilegt hefði bankinn geta leyst úr þessu sjálfur, enda hafi hann verið sterkur og átt mikið lausafé. Hann hafi aðeins verið að undirbyggja að bankinn gæti þurft á stuðningi að halda. Vegna minnispunkta frá enn einum fundi bankastjóra Landsbanka Íslands hf. með starfsmönnum seðlabankans 31. júlí 2008, þar sem greint var frá umræðum um ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sagði Sigurjón að þar hafi ekki verið reynt að fá seðlabankann til að bjarga málum. Fundurinn hafi snúist um að heyra afstöðu þess manns, sem hafi gegnt embætti forsætisráðherra þegar löggin um tryggingarsjóðinn voru sett, til þess hvort ríkisábyrgð væri á skuldbindingum hans. Svar við því hafi fengist á fundinum.

40

Vitnið Jón Þorsteinn Oddleifsson kvaðst fyrir dómi hafa á árinu 2008 verið forstöðumaður fjárstýringar Landsbanka Íslands hf., en eitt helsta verkefni þeirrar deildar hafi verið að ávaxta lausafé bankans og hafi Icesave reikningar í erlendum útibúum hans verið nátengdir lausafénu. Jón kvaðst hafa fundið fyrir því á árinu 2008 að stjórnendur bankans hafi viljað draga úr umsvifum og hafi það verið ljóst í öllum deildum bankans. Vandamál vegna lausafjár hafi þá verið í forgrunni og hafi yfirmenn hans verið mjög upplýstir um þörfina á því að selja eignir. Þetta hafi ekki þótt hægt og hafi þá starfshópi innan bankans verið fengið það verkefni að leita fjármögnunar út á eignir. Jón kvaðst hafa lagt áherslu á að fá aukið lausafé og látið öðrum um að meta leiðir til þess, en hann hafi ekki haft ástæðu til þess að efast um þær, sem valdar hafi verið.

Jón kvað það hafa verið stefnu Landsbanka Íslands hf. að fjármagna sig í gegnum móðurfélagið, sem myndi svo fjármagna dótturfélög. Ein af ástæðunum fyrir því að innlánnum á Icesave reikninga hafi verið safnað í erlendum útibúum bankans hafi verið sú að móðurfélagið hafi vantað innlánafjármögnun, en hefðu reikningarnir verið í dótturfélagi hefði ekki verið unnt að fjármagna móðurfélagið á þennan hátt. Í byrjun árs 2008 hafi byrjað umræða innan bankans um að heppilegra væri að hafa bresku Icesave reikningana í dótturfélagi. Í viðræðum um þetta við breska fjármálaeftirlitið hafi bankinn gengist undir breskar lausafjárreglur og hafi gengið vel að vinna eftir þeim, en í framhaldinu hafi svo komið fram auknar kröfur frá bresku stofnuninni, sem hafi ekki beinlínis snúið að lausafé, svo sem um auglýsingar og vexti. Um sumarið 2008 hafi bankinn sett fram tillögur um flutning starfseminnar vegna Icesave reikninganna til dótturfélags og hafi af hálfu hans verið fullur vilji til að láta verða af því, enda hafi umræður í Bretlandi um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta skapað óróa um reikningana. Þessum tillögum hafi breska fjármálaeftirlitið mætt með frekari kröfum, sem hafi ágerst eftir því sem á leið, og staðfesti Jón að hann hafi í framlögðu tölvubréfi 17. ágúst 2008 lýst þeirri skoðun að þær hafi svarað orðið til þess að áhlaup væri gert á Icesave reikningana. Aðspurður hvort í raun hafi verið mögulegt að flytja reikningana á þennan hátt sagði Jón að í grunninn yrði að ganga út frá því að fjármögnun og eignir þyrftu að vera á sama stað. Ef eignir frá móðurfélaginu hefðu getað fylgt skuldbindingum vegna innstæðna á Icesave reikningunum til dótturfélags hefði flutningur þeirra ekki haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðuna. Erfiðleikar í tengslum við ráðagerðir um þennan flutning hafi fremur tengst ákvæðum í lánessamningum bankans, sem kynnu að hafa heimilað lánardrottnum að gjaldfella kröfur sínar vegna tilfærslu á eignum í þessum mæli, svo og efasemdir um að eignirnar hafi í raun getað fylgt þangað út. Jón kvaðst muna að rætt hafi verið innan Landsbanka Íslands hf. hvort unnt væri að flytja þann hluta af Icesave reikningunum, sem hafi verið bundinn til einhvers tíma, til dótturfélags bankans, sem þegar var starfandi í London, en gat ekki greint frá því hver afdrif þeirrar hugmyndar hafi orðið. Til að gera þetta hefðu þó eignir þurft að fylgja skuldbindingunum til dótturfélagsins og hafi því raun verið sama hindrun við því að flytja reikningana að þessu takmarkaða leyti. Jón sagðist telja að í meginatriðum hafi verið samstaða milli bankastjóra Landsbanka Íslands hf. í tengslum við þetta, en Sigurjón Þ. Árnason hafi þó rætt mjög umbúðalaust um áhyggjur sínar um heimildir lánardrottna til að gjaldfella kröfur og eignir, sem þyrfti að flytja til dótturfélags.

Aðspurður hvort hann hafi átt samskipti við Fjármálaeftirlitið eða Seðlabanka Íslands vegna viðræðna um flutning Icesave reikninganna til dótturfélags sagðist Jón hafa átt samskipti við seðlabankann vegna starfa sinna við fjárstýringu. Samskipti við Fjármálaeftirlitið vegna þessa hafi orðið meiri eftir því, sem liðið hafi á viðræður við breska fjármálaeftirlitið, en hann taldi að Fjármálaeftirlitið hafi fylgst með þessum viðræðum frá því á öðrum ársfjórðungi 2008.

41

Vitnið Lárentsínus Kristjánsson kvaðst fyrir dómi hafa tekið sæti í skilanevnd Landsbanka Íslands 7. október 2008 og starfað þar til ársloka 2011, þegar nefndin var lögð niður. Hann vísaði til þess að samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008 hafi verulegum hluta eigna Landsbanka Íslands hf. verið ráðstafað til nýs banka, en eldri bankinn hafi þó haldið eftir flestum eignum erlendra útibúa, eignarhlutum í erlendum dótturfélögum og kröfum á hendur þessum útibúum og dótturfélögum. Landsbanki Íslands hf. hafi ekkert lausafé átt við upphaf slitameðferðar, en meðal þess, sem hann hafi haldið umráðum yfir, hafi verið útistandandi lán vegna starfsemi í Bretlandi, Hollandi og Kanada, svo og tvö nafngreind dótturfélög. Lárentsínus kvað þessar eignir ekki hafa verið auðseljanlegar. Á fyrstu stigum slitameðferðar hafi ýmsir gefið sig fram við skilanevnd bankans og viljað kaupa eignir fyrir lítið, en nefndin hafi ákveðið að huga ekki að sölu þeirra á þessu stigi og meðal annars láta lánasöfn lifa sinn tíma, enda hafi verið lítill markaður fyrir eignir. Skráðum erlendum verðbréfum hafi þó smám saman verið komið í verð og hafi dótturfélögin tvö verið seld fyrir ásættanlegt verð. Lárentsínus kvaðst telja að í byrjun hafi gangverð eignanna ráðist að nokkru af aðstæðum á markaði og að nokkru af þeirri staðreynd að bankinn væri til slita. Hann sagðist illa geta metið hvenær aðstæður hafi batnað að þessu leyti á markaði, en skilanevndin hafi notið starfa erlendra manna, sem hafi gjörþekkt hann og veitt ráðgjöf um hvenær tímabært hafi verið að selja. Lárentsínus sagðist þó telja að engar meginbreytingar hafi orðið á markaðsaðstæðum á þeim tíma, sem hann sat í skilanevnd.

Aðspurður sagði Lárentsínus að verðmæti eigna Landsbanka Íslands hf. við slitameðferðina hafi í lok september 2011 verið talið nema um 1.353.000.000.000 krónum, en megninu af þeirri fjárhæð yrði fyrirsjáanlega varið til greiðslu forgangskrafna. Ef ekki væri gerður greinarmunur á stöðu krafna í réttindaröð mætti ætla að þessi fjárhæð hefði nægt til að greiða lánardrottnum um 40% af kröfum þeirra.

Ákærvaldið reisir málatilbúnað sinn á því að ákærði hafi sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu, sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkinu og honum var eða mátti vera kunnugt um. Ákæra í málinu sé engan veginn á því reist að ákærði hefði getað með athöfnum afstýrt því efnahagshruni, sem hér varð haustið 2008. Á honum hafi hvílt athafnaskylda samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963, sem beinast átti að því að afstýra tjónshættu. Hættan, sem um ræðir, hafi verið fyrirsjáanleg frá almennu sjónarmiði, fyrir fram sýnileg fyrir mann í sporum ákærða, auk þess sem hann sá eða mátti sjá fyrir hættuna sem vofði yfir ríkinu, en hann hafi ekki brugðist við henni, þótt honum hefði verið það unnt. Menntun ákærða og starfsreynsla leiði til þess að meiri kröfur verði gerðar til hans.

Almennt sé viðurkennt að fjármálastofnanir gegni lykilhlutverki í efnahagslífi hverrar þjóðar. Bankar hafi sérstöðu að því leyti að margir ólíkir hópar hafi hagsmuni af starfsemi þeirra og geti sú starfsemi haft áhrif á athafnir þeirra, sem fara með efnahagsstjórn landsins og jafnvel annarra þjóða. Aðrir, sem hagsmuna hafi að gæta, séu meðal annarra eigendur hlutfjár í bönkunum, lánardrottnar bankanna, þeir sem sýsli með fjármálagerninga bankanna, starfsmenn og innstæðueigendur. Sumir bankar séu kerfislega mikilvægar og hafi samfélagið allt hagsmuni af því hvernig þeim reiði af. Stóru íslensku viðskiptabankarnir þrír hafi allir talist kerfislega mikilvægir og hættan, sem steðjaði að, hafi falist í því að einn eða þeir allir færu í þrot. Heill ríkisins hafi því verið í hættu, sbr. b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963.

Brot samkvæmt 1. kafla ákæru séu brot á góðri ráðsmennsku og verði þau heimfærð undir 10. gr. laga nr. 4/1963. Með því sé vísað til þess hvaða starfsháttum sérhver góður og gegn ráðherra fylgi í embættisfærslu sinni, jafnvel þótt sú framkvæmd sé ekki lögboðin eða bönnuð með lögum. Brot samkvæmt 2. kafla ákæru varði á hinn bóginn við c. lið 8. gr. sömu laga. Það brot sé samhverft brot, sem sé refsivert án tillits til hættueiginleika.

Ákærvaldið vísar til þess að ýmis atvik hefðu átt að leiða til þess að ákærða væri ljós sú hætta, sem vofði yfir, og hafi hvort tveggja gerst fyrir þann tíma, sem ákæra í málinu tekur til, og á því tímabili. Af atvikum, sem gerðust fyrir febrúarbyrjun 2008, var bent á að erfiðleikar, sem íslensku bankarnir gengu í gegnum seint á árinu

2005 og framan af ári 2006, hefðu átt að leiða til þess að menn yrðu betur á varðbergi síðar, en ýmis teikn hafi verið á lofti um versnandi stöðu bankanna og vanda ríkissjóðs. Afstaða erlendra matsfyrirtækja til lánsþæfis íslensku bankanna og ríkisins hafi orðið neikvæðari þegar leið á árið 2007 og hafi starfsmenn Seðlabanka Íslands gert sér grein fyrir því að vegna alþjóðlegrar lausafjárræðu væri fjármálakerfinu búin meiri hættu þá en á árunum 2005 og 2006. Seðlabankanum hafi kringum áramót 2007 og 2008 orðið ljóst að illa gæti farið fyrir íslensku viðskiptabönkunum þremur ef ekki rættist úr möguleikum þeirra til fjármögnunar á erlendum mörkuðum. Skuldatryggingarálag bankanna hafi hækkað verulega. Stjórnendur seðlabankans hafi talið í janúar 2008 að fjármálaáfall væri ekki lengur fjarstæður möguleiki, svo sem rætt var á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. janúar 2008. Þeir hafi einnig talið nauðsynlegt að gera seðlabankann sjókláran ef ekki rættist úr fljótlega. Ákærði hafi einnig í janúar 2008 fengið bréf frá Samtökum fjármálafyrirtækja, þar sem vakin hafi verið athygli á þröngri lausafjárstöðu á alþjóðamörkuðum. Ákærða hafi mátt vera þessi hættu ljós, enda hafi hann fengið upplýsingar um það, sem fram fór á fundum samráðshópsins, og um meginatriði í þeim viðhorfum, sem uppi voru í Seðlabanka Íslands.

Á tímabilinu, sem ákæra tekur til, hafi viðhorf matsfyrirtækja til fjárhagslegs styrks íslensku bankanna og ríkisins orðið neikvæðara og lánsþæfiseinkunnir lækkað. Í byrjun tímabilsins hafi ákærði, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra átt fund 7. febrúar 2008 með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Skömmu áður hafi formaður bankastjórnarinnar átt fundi í London með fulltrúum matsfyrirtækja og helstu fjármálastofnana, þar sem rætt hafi verið um stærð íslenska bankakerfisins og áhyggjur af Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi. Fram hafi komið hjá formanni bankastjórnarinnar að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögð ákærða eftir fundinn. Ákærði hafi í framhaldi af þessu setið aðra nánar tilgreinda fundi, þar sem einnig hafi verið rætt um nauðsyn þess að draga úr stærð íslensku bankanna og að vandi stafaði af Icesave reikningunum.

Seðlabanki Íslands hafi í febrúar 2008 leitað ráðgjafar hjá Andrew Gracie, sem hafi skilað til bankans tillögum um viðbúnað við fjármálaáfalli. Á grundvelli þessara tillagna hafi verið gert vinnuskjal um úrræði stjórnvalda vegna óróleika á fjármálamörkuðum, sem fjallað hafi verið um í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Af sama tilefni hafi verið gert vinnuskjal innan seðlabankans um mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði. Ákærði hafi fengið upplýsingar

um tillögur þessa erlenda ráðgjafa, en ekkert aðhafst af því tilefni. Hann hafi hvorki hlutast til um sjálfstæða athugun á þessu máli né sinnt nokkurri frumkvæðisskyldu.

Á fundi, sem bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi átt með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 30. mars 2008, hafi komið fram hjá öðrum þeirra síðarnefndu að mjög litlar líkur væru á að íslensku bankarnir kæmust í gegnum aðsteðjandi vanda. Ákærði og utanríkisráðherra hafi átt fund með bankastjórn seðlabankans 1. apríl 2008. Á þeim fundi hafi komið fram að mikið útstreymi hafi verið af Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi dagana á undan og að bankinn myndi ekki þola það nema í örfáa daga í viðbót.

Formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi borist bréf framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008 ásamt skýrslu um stöðu Íslands, sem hafi verið gerð að beiðni formanns bankastjórnar seðlabankans. Þar hafi meðal annars verið fjallað um vanda íslenska fjármálakerfisins vegna stærðar þess. Í framhaldinu hafi formaður bankastjórnarinnar sent bankastjórum seðlabanka Evrópu, Englandsbanka og seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs skýrsluna frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ítrekað fyrri óskir um að þeir bankar gerðu gjaldmiðlaskiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Englandsbanki hafi hafnað þessari beiðni 23. apríl 2003 og ekki hafi orðið af slíkum samningi við seðlabanka Evrópu. Á hinn bóginn hafi norrænu seðlabankarnir þrír gert slíka samninga.

Á vegum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins hafi áfram verið unnið að undirbúningi aðgerða vegna hugsanlegs fjármálaáfalls og síðla í apríl 2008 gert vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls, þar sem fram hafi komið álitæfni, mögulegar aðgerðir og skilyrði við slíkar aðstæður. Um þetta vinnuskjal hafi síðan verið fjallað innan samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi átt fund með stjórnendum viðskiptabankanna 25. apríl 2008 um kvartanir seðlabanka Evrópu vegna umfangsmikillar sölu íslensku bankanna á skuldabréfum á hendur hverjum öðrum í endurhverfum viðskiptum í gegnum seðlabanka Luxemborgar. Þetta hafi nokkrum dögum síðar verið til umræðu í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Þetta vandamál hafi aftur komið upp í byrjun júlí 2008, en í framhaldi af því hafi verið settar verulegar hömlur á þessi viðskipti.

Seðlabanki Íslands hafi gert gjaldmiðlaskiptasamninga 15. maí 2008 við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs. Samhliða því hafi ákærði, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands undirritað

yfirlýsingu til erlendu bankanna þriggja og hafi falist í henni ýmsar skuldbindingar, þar á meðal að beitt yrði valdheimildum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins til að draga úr stærð íslensku bankanna. Viðskiptaráðherra hafi ekki undirritað yfirlýsinguna, sem vafi geti verið um hvort hafi haft að geyma þjóðréttarskuldbindingu.

Landsbanki Íslands hf. hafi byrjað innlánasöfnun á Icesave netreikninga fyrir einstaklinga í útibúi sínu í Hollandi í lok maí 2008. Fjármálaeftirlitinu hafi borist bréf hollenska fjármálaeftirlitsins 3. júlí 2008, þar sem óskað hafi verið eftir ýmsum upplýsingum um viðlagaáætlun bankanna og lausafjárstýringu þeirra, svo og um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 7. júlí 2008 hafi meðal annars verið rætt um aukna hættu á að allir stóru bankarnir þrír lentu í vanda. Þá hafi verið fjallað um þörf á ákvörðunum stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli, en á þær hafi skort að mati sumra þeirra, sem í hópnum sátu.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi átt fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 18. júlí 2008, þar sem meðal annars hafi verið rætt um að ekki væri langt í næsta áhlaup á Ísland. Á fundinum hafi meðal annars verið upplýst um góða byrjun innlánasöfnunar í Hollandi, svo og að ekki væri hafinn undirbúningur að því að flytja starfsemi vegna Icesave reikninga úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags. Þetta hafi komið bankastjórn seðlabankans á óvart.

Formaður þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hafi óskað eftir því við ákærða 21. júlí 2008 að Alþingi yrði kallað saman í byrjun ágúst til að fjalla um stöðu og horfur í efnahags- og atvinnumálum. Þeirri ósk hafi verið hafnað. Um líkt leyti hafi verið ákveðið á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað að setja á fót vinnuhóp lögfræðinga til að undirbúa lagafrumvörp vegna hugsanlegs fjármálaáfalls.

Fulltrúar Seðlabanka Íslands hafi átt símafund 1. ágúst 2008 með fulltrúum Englandsbanka, þar sem meðal annars var fjallað um hættu af íslenska bankakerfinu vegna stærðar þess og vanmáttar ríkisins á að koma því til hjálpar. Formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafi frá því snemma í ágúst og fram að falli bankanna átt samskipti við breska fjármálaráðuneytið, sem hafi meðal annars spurst fyrir um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Í þessum samskiptum hafi bresk stjórnvöld ekki fengið ákveðin svör við spurningum um hverjar skuldbindingar íslenska ríkisins væru vegna tryggingarsjóðsins.

Seðlabanki Íslands hafi 7. ágúst 2008 ritað minnisblað til ráðuneytisstjórans í fjármálaráðuneytinu, þar sem kom fram að það væri skoðun þeirra, sem ynnu að erlendri lánsfjáröflun fyrir ríkissjóð, að erlendir skuldabréfamarkaðir og markaðir fyrir fjölbankalán væru meira og minna lokaðir gagnvart Íslandi. Einnig kom fram að vantrú ríkti á íslenska bankakerfinu og væri ráðgert á mörkuðum að yfirgnæfandi líkur væru á að vandamál þess yrðu fyrr eða síðar vandamál ríkisins. Daginn eftir hafi ákærði fengið tölvubréf frá fjármálaráðherra með minnisblaði um fund með fulltrúum Deutsche Bank AG, þar sem fram hafi komið áhyggjur af því að skuldatryggingarálag myndi ganga af íslensku bönkunum dauðum. Þeir þyrftu að flytja höfuðstöðvar sínar frá Íslandi og fá nýtt eigið fé.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins hafi hitt fulltrúa hollenska fjármálaeftirlitsins 14. ágúst 2008, þar sem komið hafi fram að hömlur yrðu settar á innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. í Hollandi. Hollensk stjórnvöld hafi einnig leitað upplýsinga um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, þar á meðal hvers sjóðurinn væri megnugur og hvort fyrir lægi hvers konar lánveitingar þyrfti til að hann gæti tryggt lágmarksvernd innstæðna. Staða tryggingarsjóðsins hafi verið rædd í viðskiptaráðuneytinu og samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað, en ekki hafi verið leitt til lykta hvernig styrkja mætti hana. Þrátt fyrir þetta hafi ekki verið kannað hvort stöðva mætti erlenda innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. á grundvelli gildandi laga eða með lagabreytingu.

Landsbanka Íslands hf. hafi borist bréf breska fjármálaeftirlitsins 15. ágúst 2008, þar sem meðal annars hafi verið fjallað um lausafjárstöðu bankans og lýst þeirri skoðun að efnahagshorfur á Íslandi færu hratt versnandi. Í bréfinu hafi verið sett ströng skilyrði fyrir flutningi Icesave reikninga frá útibúi bankans í London til dótturfélags og tekið fram að til athugunar væri að beita valdheimildum gagnvart bankanum til að knýja á um flutninginn, en ekkert hafi gengið hjá bankanum að flytja þessa starfsemi til dótturfélags.

Viðskiptaráðherra hafi ásamt öðrum átt fund með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 vegna alvarlegrar stöðu Landsbanka Íslands hf. og deilna bankans við breska fjármálaeftirlitið um flutning á Icesave reikningunum til dótturfélags. Breski fjármálaráðherrann hafi orðið fyrir vonbrigðum með fundinn og talið Íslendinga ekki skilja alvöru málsins.

Á fundi í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað 16. september 2008 hafi enn verið kallað eftir stefnumörkun stjórnvalda og fjallað um skjal með heitinu

„ólystugi matseðilinn“, sem hafi varðað nauðsynlegar aðgerðir stjórnvalda ef til fjármálaáfalls kæmi.

3

Varðandi lið 1.3 í ákæru vísar ákærvaldið til þess að samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi verið eini vettvangurinn, þar sem unnið hafi verið að viðlagaundirbúningi vegna fjármálaáfalls, að því frátöldu að Seðlabanki Íslands hafi á eigin vegum einnig sinnt slíkum undirbúningi. Samráðshópurinn hafi jafnframt verið eini vettvangurinn, þar sem allar stofnanir, sem þetta málefni varðaði sérstaklega, hafi getað reynt að stilla saman sína strengi og gera aðgerðaáætlun. Sú vinna hefði meðal annars þurft að fela í sér heildstæða greiningu vegna starfsemi bankanna. Þá yrði viðbúnaðaráætlun ekki gerð nema áður hafi verið greint við hverju hafi mátt búast, farið yfir sviðsmyndir og afleiðingar fjármálaáfalls fyrir ríkissjóð metnar. Skort hafi á að stjórnvöld hafi lagt niður fyrir sér hvernig brugðist yrði við slíku áfalli.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi starfað á grundvelli samkomulags frá 21. febrúar 2006 og upphaflega verið ætlað að koma saman tvisvar á ári. Eins og meðal annars hafi verið leitt í ljós með framburði vitna fyrir dómi hafi störf samráðshópsins á hinn bóginn tekið miklum breytingum frá stofnun hans og fram að falli bankanna. Ákveðin þáttaskil hafi orðið í starfi hópsins eftir fund 15. nóvember 2007, þar sem rætt var um stöðumat frá Seðlabanka Íslands, en þar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að íslenska fjármálakerfinu væri meiri hættu búin þá en á árunum 2005 og 2006. Á sama fundi hafi forstjóri Fjármálaeftirlitsins velt því upp í minnisblaði hvort ekki væri tilefni til að taka til athugunar lagalegar heimildir stjórnvalda til aðgerða gagnvart bankakerfinu, en þær hafi ekki verið rýmkaðar fyrr en með lögum nr. 125/2008, sem hafi verið um seinan.

Á fundi samráðshópsins 15. janúar 2008 hafi komið til umræðu að fjármálaáfall væri ekki lengur fjarstæðukenndur möguleiki og verið varpað fram spurningu um hvernig stjórnvöld myndu bregðast við slíku áfalli. Innan hópsins hafi verið skiptar skoðanir um hvernig ríkið ætti að koma að þessu, en ráðuneytisstjórnarnir í forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu hafi óttast að bankakerfið hryndi ef eitthvað spyrðist út. Unnið hafi verið í samráðshópnum með hugmyndir úr tillögum Andrew Gracie, sem ákærði hafi fengið upplýsingar um, en ekki yrði séð að hann hafi sjálfur kallað eftir tillögum í þessu efni eða átt frumkvæði að slíku.

Í samráðshópnum hafi verið rætt 25. mars 2008 um að taka þyrfti saman yfirlit um helstu mögulegar aðgerðir og 2. apríl sama ár hafi ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu greint þar frá því að hann hafi skilið málið ráðherramegin þannig að taka ætti á stóru viðskiptabönkunum þremur og innlánstryggingum. Ákveðið hafi verið að skipa tvo vinnuhópa, annan til að fjalla um viðbúnað við falli eins af stóru bönkunum og hinn til að greina álitamál tengd innlánstryggingum. Ákærða hafi 5. apríl 2008 borist fundargerð vegna fundarins, en vinnuhóparnir aldrei verið skipaðir. Ákærði hafi einnig fengið fundargerð vegna fundar samráðshópsins 25. sama mánaðar, en þar hafi verið ræddur „ólystugi matseðillinn“ svonefndi, þar sem fram hafi komið að forstjóri Fjármálaeftirlitsins teldi að nauðsynlegt væri að hafa tilbúin lagafrumvörp um valdheimildir og þvingunaraðgerðir ef til áfalls kæmi. Matseðillinn hafi enn verið til umræðu í samráðshópnum 29. maí 2008 og þá rætt um að ákvarðanir væru á undirbúningsstigi.

Á fundi í samráðshópnum 7. júlí 2008 hafi verið rætt um aukna hættu á því að allir stóru viðskiptabankarnir þrír lentu í vanda og einnig fjallað um vinnuskjal frá Seðlabanka Íslands um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli, en þar hafi verið að finna upplýsingar um stöðumat, helstu leiðir stjórnvalda og hugmynd að næstu skrefum. Daginn eftir hafi ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu sent samráðshópnum drög að frumvarpi um breytingar á lagaákvæðum um fjármálamarkað vegna fjármálaáfalls. Að þessu hafi því fyrst verið byrjað að vinna í júlí 2008, þótt grunnur hafi verið lagður löngu fyrr eða á árinu 2006. Á fundi í samráðshópnum 14. júlí 2008 hafi komið fram að ekki væri seinna vænna að ganga frá stefnumörkun hins opinbera. Á fundi hópsins daginn eftir hafi verið rædd frumvarpsdrögin, sem ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu sendi 8. sama mánaðar, og meðal annars komið fram að ólíklegt væri að slíkar lagabreytingar næðu fram að ganga við ríkjandi aðstæður, en áfram yrði unnið við textann. Málið hafi verið rætt aftur á fundi samráðshópsins 22. júlí 2008 og hafi þá vinnuhópi lögfræðinga verið komið á fót til að vinna áfram við frumvarpið. Enn hafi þetta verið rætt á fundi 31. júlí 2008, þar sem forstjóra Fjármálaeftirlitsins hafi þótt staða þessa vinnuhóps óljós, og 12. ágúst sama ár, þar sem spurt var um starf hópsins. Fjallað hafi verið um minnisblað Seðlabanka Íslands um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning á fundi í samráðshópnum 20. ágúst 2008. Á fundi hans 4. september 2008 hafi meðal annars verið rætt um að ekki væri unnt að banna íslensku bönkunum að stofna útibú erlendis, en finna þyrfti leið til að gera það óhagstætt fyrir þá að taka við erlendum innlánnum

og þar með auka skuldbindingar ríkissjóðs. Ekki verði séð að þetta hafi leitt til aðgerða að frumkvæði ákærða. Á fundi í samráðshópnum 16. september 2008 hafi enn verið rætt um stefnu stjórnvalda og undirbúning úrræða. Nánar tiltekið hafi verið til umræðu ólystugi matseðillinn frá 25. apríl 2008, vinnuskjal frá Seðlabanka Íslands 7. júlí sama ár um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli og minnisblað frá seðlabankanum 15. ágúst sama ár um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning. Þá hafi einnig verið rætt um störf vinnuhóps lögfræðinga. Samkvæmt fundargerð muni þessi mál áður hafa verið rædd við ákærða og utanríkisráðherra.

Ákærvaldið bendir á að á þessum tíma hafi ákærði verið upplýstur um það, sem gerðist í samráðshópnum. Ekki hafi þó komið neinn afrakstur frá hópnum. Samráðshópurinn hafi unnið að sviðsmyndum og viðbrögðum við hugsanlegu fjármálaáfalli, en aldrei hafi verið unnt að ljúka því verki vegna þess að vantað hafi stefnumótun og ákvarðanir stjórnvalda, sem þó hafi verið óskað eftir. Í vitnisburði fjögurra fyrrverandi ráðherra hafi komið fram að gögn frá samráðshópnum hafi aldrei verið rædd þeirra í milli og virðist sem þeir hafi ekki séð þau, þótt ákærði kunni að hafa fengið þau. Samt hafi þetta verið viðbúnaðarhópur stjórnvalda vegna hugsanlegs fjármálaáfalls. Ráðherrarnir hafi aldrei fundað með hópnum til að fara yfir gögn eða fengið skýrslu um vinnu hans. Störf samráðshópsins hafi því ekki getað orðið markviss, en ákærða hafi borið að sjá til þess að þau kæmu að gagni. Einnig sé ljóst af skýrslum ákærða og vitna að þetta hafi verið eini hópurinn, sem hafi unnið að viðbúnaði vegna fjármálaáfalls á vegum stjórnvalda, enda hafi það verið tilgangur samkomulagsins um stofnun samráðshópsins að formbinda samráð á þessu sviði. Það hafi þó ekki verið formbundnara en svo að enginn árangur hafi orðið vegna þess að aldrei hafi fengist upplýst hvað ráðherrar vildu. Innan hópsins hafi allt frá 15. nóvember 2007 verið fjallað um mjög alvarlega stöðu bankakerfisins og allan tíma fram að falli bankanna kallað árangurslaust eftir ákvörðunum stjórnvalda.

Fyrir dómi hafi ákærði sagst ekki hafa litið svo á að samráðshópurinn ætti að gera aðgerðaáætlun og hafi hópurinn í því efni gengið lengra en honum hafi verið ætlað. Hópurinn hafi gert drög að frumvarpi, sem hafi síðar orðið að lögum nr. 125/2008, og því skilað tilætluðum árangri. Ákærði hafi lýst því að hann hafi ekki gefið samráðshópnum fyrirmæli, en teldi eftir á að hyggja að hugsanlega hefði hann átt að gera það og ráðherrar að hitta hópinn. Ákærði hafi haft frumkvæðisskyldu með því að hann hafi verið sá ráðherra, sem fór með forystu samráðshópsins, en jafnframt

sökum þess að efnahagsmál og Seðlabanki Íslands heyrðu undir forsætisráðherra. Störf samráðshópsins hafi ekki skilað þeim árangri að lög nr. 125/2008 hafi orðið til, enda hafi komið fram í málinu að helstu ákvæði þeirra laga hafi verið samin dagana 4. til 6. október 2008 í mikill tímaþröng og hafi þau hvorki verið reist á störfum samráðshópsins né vinnuhóps lögfræðinga á vegum fjármálaráðuneytisins. Drög að frumvarpi, sem gerð hafi verið sumarið 2008, hafi ekki haft að geyma ákvæði, sem urðu 5. og 6. gr. laga nr. 125/2008 og skiptu mestu, svo sem staðfest hafi verið með vitnisburði Áslaugar Árnadóttur og Rúnars Guðmundssonar fyrir dómi.

Í september 2008 hafi engin viðlagaáætlun legið fyrir, skort hafi upplýsingar um eignir og skuldir bankanna, ekki hafi verið tiltækar upplýsingar um krosseignatengsl og krosslánveitingar, sem enginn hafi talið sig vita um í skýrslutökum fyrir dómi nema vitnið Tryggvi Þór Herbertsson. Vegna þessa hafi skort mjög á að unnt hafi verið að taka yfirvegaða ákvörðun á grundvelli öruggra upplýsinga.

Ákærvaldið telur sannað að vinna samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi ekki verið markviss og að hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Komið hafi fram hjá ýmsum vitnum fyrir dómi að eins konar upplausnarástand hafi ríkt þegar taka hafi þurft afstöðu til málefna Glitnis banka hf. helgina 27. og 28. september 2008 vegna þess að menn hafi ekki haft réttu tækin til að vinna með. Meðal annars hafi komið fram í vætti Tryggva Þórs Herbertssonar að menn hafi ekki áttað sig á keðjuverkun, sem vandi eins banka mundi valda öðrum bönkum vegna innbyrðis tengsla þeirra. Þótt farið hafi betur þegar upp var staðið en horfur voru á hafi það ekki verið störfum samráðshópsins að þakka. Ekki sé unnt að fullvissa sig um hvort fært hefði verið að afstýra falli bankanna ef hópurinn hefði unnið betur og markvissar. Aðrar leiðir kynnu þó að minnsta kosti að hafa verið farnar vegna málefna Glitnis banka hf. en raun varð á og hugsanlega með minni afleiðingum. Á ákærða hafi hvílt athafnaskylda og sé ekki unnt að komast að raun um hverjar afleiðingar athafna hefðu orðið, enda hafi ekki verið látið á þær reyna.

4

Um lið 1.4 í ákæru vísar ákærvaldið til þess að í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 142/2008, hafi verið varpað fram spurningum um hvort fall íslensku bankanna hafi leitt af vanda, sem hafi verið heimatilbúinn. Viðskiptabönkunum þremur hafi verið leyft að vaxa út fyrir landsteinana án þess að nokkrar hömlur væru lagðar á þá. Grunntónninn í þeim sakargiftum, sem um ræðir í liðum 1.4 og 1.5 í ákæru, sé að stjórnvöld sváfu á verðinum. Svo virðist sem

stjórnvöld hafi langt fram eftir árinu 2007 litið svo á að hér ætti að byggja upp alþjóðlega fjármálastarfsemi. Hafi það meðal annars komið fram í ræðu ákærða á viðskiptaþingi á árinu 2007, þar sem hann hafi gert grein fyrir starfi nefndar, sem gerði tillögur um það efni. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar 23. maí 2007 styðji þetta, enda hafi verið rætt þar um að tryggja að fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sæju sér áfram hag í því að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Það sama hafi komið fram í stefnuræðu ákærða á Alþingi 2. október 2007, en þar hafi hann einnig vísað til þess að íslenskur fjármálamarkaður hefði eflst verulega og hlutdeild fjármálafyrirtækja í landsframléiðslu hafi numið um 10% í árslok 2006. Ákærði hafi að auki haldið ræður við ýmis önnur tækifæri á árinu 2008, svo sem við Norska verslunarháskólann, hjá Íslensk-ameríska viðskiptaráðinu í New York og á ársfundi Seðlabanka Íslands, þar sem hann hafi meðal annars rætt um útrás íslensku bankanna, hraðan vöxt þeirra og að um helmingur af heildartekjum þeirra kæmi frá útlöndum. Þessar ræður verði ekki skildar svo að ákærði hafi talið neikvætt að hafa svo stórt bankakerfi eða að einhver sérstök hætta hafi stafað af því.

Ákærði, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra hafi 7. febrúar 2008 átt fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands, þar sem meðal annars hafi verið rætt um stærð bankakerfisins, sem að mati formanns bankastjórnarinnar hafi þanist út á tilviljanakenndan hátt. Svo virtist sem Landsbanki Íslands hf. hafi litið þetta öðrum augum, því samkvæmt minnisblaði hans til ríkisstjórnarinnar og seðlabankans fáeinum dögum síðar hafi smæð íslenska hagkerfisins í hlutfalli við stærð fjármálakerfisins verið ákveðin hindrun. Þetta hafi verið áréttað í framburði Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrir dómi. Ákærði hafi síðan ásamt þremur öðrum ráðherrum átt fund með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008, en fyrir fundinn hafi ákærði fengið tillögur um að benda bönkunum á að þeir þyrftu að stöðva vöxt sinn og selja eignir. Vítnið Tryggvi Pálsson hafi talið fyrir dómi að þetta hafi enn verið raunhæft í byrjun árs 2008 án þess að eignir hefðu verið seldar á svonefndri brunaútsölu. Ekki verði þó séð að þetta hafi verið nefnt á fundinum, en á hinn bóginn hafi verið rætt þar um að efla gjaldeyrisvarasjóð seðlabankans.

Ákærði hafi fengið afrit af bréfi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008 til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands ásamt skýrslu um stöðu Íslands og aðsteðjandi vanda, sem blasti við íslensku efnahagslífi vegna stærðar bankanna. Þar hafi komið fram að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða vegna stærðar

íslenska bankakerfisins. Tíu dögum síðar hafi ákærði átt fund með forsætisráðherra Bretlands og meðal annars lýst þeirri skoðun að íslensku bankarnir væru orðnir nokkuð stórir.

Seðlabanki Íslands hafi gert gjaldmiðlaskiptasamninga við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs. Samhliða því hafi ákærði ásamt tveimur öðrum ráðherrum og bankastjórn seðlabankans undirritað yfirlýsingu 16. maí 2008 til erlendu seðlabankanna, sem hafi falið í sér skuldbindingar ríkisstjórnarinnar meðal annars um að draga úr stærð íslensku bankanna. Þetta geti ekki hafa átt að vera staðlausir stafir, heldur hljóti ákærði og aðrir, sem undirrituðu yfirlýsinguna, að hafa ætlað að efna þessar skuldbindingar. Ákærði hafi ásamt utanríkisráðherra fundað 15. maí 2008 með bankastjórn seðlabankans, þar sem gjaldmiðlaskiptasamningarnir hafi verið til umræðu, svo og stærð bankakerfisins. Í minnisblaði utanríkisráðherrans vegna fundarins komi fram að mikilvægt sé að bankarnir dragi úr starfsemi sinni. Bankakerfið sé orðið áttföld þjóðarframleiðsla, en í Svíþjóð væri það fjórföld þjóðarframleiðsla.

Í íslenskum fjölmiðli hafi 6. júní 2008 verið greint frá því að ákærði hafi í viðtali á fréttavef Bloomberg í Lettlandi látið orð falla um að eignir bankanna væru níuföld verg landsframleiðsla og þyrfti virkilega að skoða stærð bankanna, en þeir yrðu að líta í eigin barm. Sýni þetta þau viðhorf ákærða að það verði að beina einhverju að bönkunum, sem þurfi að gera hluti sjálfir, en ekki hafi hann gengið lengra í orðum en þetta.

Á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 7. júlí 2008 hafi verið rætt um hvort unnt væri að takmarka áhættu til dæmis með því að Kaupþing banki hf. flytti höfuðstöðvar sínar úr landi og innlán í erlendum útibúum íslensku bankanna yrðu færð til dótturfélaga. Bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi 11. júlí 2008 átt fund með formanni stjórnar Kaupþings banka hf., þar sem komið hafi fram að þrýst væri á seðlabankann um að beita sér fyrir minnkun efnahagsreikninga bankanna, auk þess sem rætt hafi verið um hvort Kaupþing banki hf. ætti að finna sér annað heimilisfesti og hversu hratt könnun á því gæti gengið. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands hafi svo sent bréf 17. júlí 2008 til seðlabankastjóra Luxemborgar, þar sem meðal annars hafi verið fjallað um að bankarnir myndu halda áfram aðgerðum til að draga úr stærð sinni. Þá hafi verið fjallað um hættuna af stærð íslenska bankakerfisins á símafundi fulltrúa Seðlabanka Íslands með fulltrúum Englandsbanka. Jafnframt hafi verið rætt að ríkið væri ekki fært um að koma

bankakerfinu til hjálpar og sökum þess þyrftu bankarnir nauðsynlega að draga saman seglin.

Í Seðlabanka Íslands hafi verið gert minnisblað 15. ágúst 2008 um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning, þar sem hafi verið að finna hugleiðingar um leiðir til að takmarka skuldbindingar ríkisins vegna bankakerfisins. Þar hafi meðal annars komið fram að einn eða tveir bankar gætu flutt höfuðstöðvar sínar úr landi og að bankarnir þyrftu að selja eignir til að minnka umfang sitt. Minnisblaðið beri þó glögggt með sér að ekki sé um stefnu stjórnvalda að ræða, enda hafi til dæmis ákærði ekkert komið að þessu skjali.

Ákærvaldið bendir á að fjöldi vitna hafi borið fyrir dómi um vinnu, sem leyst hafi verið af hendi á árinu 2008 til þess að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína eða færðu starfsemi sína úr landi. Allt hafi borið að sama brunni. Í besta falli hafi verið rætt um vilja til að gera slíka hluti, en enginn hafi bent á neinar aðgerðir í þessu skyni. Í málinu liggi engin skjöl fyrir, sem sýni að stjórnvöld hafi af alvöru ætlað að knýja á um að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína, heldur aðeins að þetta hafi verið sameiginlegur skilningur. Svo virðist sem bönkunum hafi verið algerlega í sjálfsvald sett hvað þeir gerðu og hvernig. Ekkert raunhæft hefði gerst nema þrýst yrði á bankana. Þótt þeir hefðu orðið fyrir einhverju tjóni vegna aðgerða til að draga úr stærð sinni yrði að una því, þar sem mun meiri hagsmunir almennings hafi verið í húfi og þeirra hagsmuna hafi ákærði átt að gæta.

Landsbanki Íslands hf. hafi ekkert gert til að minnka við sig, heldur þvert á móti hafið innlánasöfnun í Hollandi í maí 2008. Þótt stjórnendur bankans hafi fyrir dómi gert mikið úr samráði sínu við stjórnvöld hafi komið fram í vætti þeirra að ekki hafi verið ætlunin að minnka bankann, heldur að koma honum í rétta stærð. Allt hafi snúist um að haga rekstrinum í samræmi við forsendur bankans, en ekki hagsmuni ríkisins. Áður en yfir lauk í október 2008 hafi innlán í útibúi Landsbanka Íslands hf. í Hollandi aukist gríðarlega og að sama skapi skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Ekkert hafi verið rætt um að selja dótturfélagið Heritable Bank Ltd. eða tvö önnur dótturfélög, sem hafi verið seld skömmu eftir fall Landsbanka Íslands hf. Það bendi því margt til þess að unnt hefði verið að selja eignir fyrir viðunandi verð.

Í skýrslum stjórnenda Glitnis banka hf. fyrir dómi hafi komið fram að þeir hafi gripið til ýmissa aðgerða til sparnaðar og niðurskurðar. Þetta hafi verið gert á forsendum bankans og án aðkomu stjórnvalda. Gjaldldagi á skuldum bankans í október 2008 hafi verið öllum ljós og hafi lengi verið uppi áhyggjur af þessu. Bankinn hafi

byrjað of seint að reyna að selja eignir í Noregi og hafi það mistekist, sem ekki hefði þurft að verða raunin ef aðgerðir hefðu hafist tímanlega. Að auki komi fram í gögnum málsins að Glitnir banki hf. hafi ekki uppfyllt kröfur Seðlabanka Íslands um lausafé 28. janúar 2008.

Fyrrverandi forstjóri Kaupþings banka hf. hafi talið fyrir dómi að bankinn hafi átt ýmsar eignir, sem hefði mátt selja á árinu 2008, svo sem breska dótturfélagið Singer & Friedlander. Fyrrum formaður stjórnar Kaupþings banka hf. hafi fyrir dómi sagst syrgja það að hafa ekki byrjað fyrr við aðgerðir til að færa höfuðstöðvar bankans úr landi. Kaupþing banki hf. hafi verið jafn stór og hinir bankarnir til samans og hefði því létt verulega á ef hann hefði flutt úr landi. Þá hafi þessi vitni gert grein fyrir ýmsum verkefnum, sem ekki hefði tekið langan tíma að ljúka við, en með þeim hefði mátt grynna á fjármögnunarþörf.

Að þessu öllu virtu sé ljóst að árangri hefði mátt ná með aðgerðum til að selja eignir bankanna. Vegna þeirrar miklu vár, sem vofað hafi yfir, hafi ákærða borið að fullvissa sig um að þetta yrði gert og eiga eftir þörfum frumkvæði að því. Ekki sé það skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt þessum lið í ákæru að sýnt sé fram á hvaða árangur aðgerðir hefðu getað haft, heldur felist refsiverða háttsemin samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 í því að láta farast fyrir að gera það, sem var fallið til að afstýra yfirvofandi hættu. Á ákærða hafi því hvílt skylda til að láta reyna á aðgerðir og taka meiri hagsmuni fram yfir minni í þessum efnum. Með því orðalagi í ákæru að ákærði hafi vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum sé átt við það að honum hafi borið að kalla eftir hugmyndum, afla sér upplýsinga um seljanleika eigna og fá yfirsýn yfir þau úrræði, sem tæk væru. Hann hefði átt að kalla eftir áætlun bankanna um sölu eigna og krefjast þess að þeir flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi, svo og að fylgja þessu eftir og vaka yfir starfsemi bankanna. Ekkert hafi verið gert af þessum toga, þótt því hafi meðal annars verið heitið í yfirlýsingunni til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs 16. maí 2008. Þess í stað hafi ákærði leyft bönkunum að reyna að draga saman seglin algjörlega á sínum eigin forsendum.

Ákærvaldið andmælir þeirri vörn ákærða að ómögulegt hafi verið að grípa til aðgerða til að draga úr stærð bankakerfisins á því tímabili, sem ákæra tekur til. Rangt sé að allar aðgerðir hafi verið útilokaðar sökum þess að þær hefðu getað kallað fram áhlaup á bankana. Þótt svo hefði verið hafi svo miklir hagsmunir verið í húfi fyrir ríkið að þeir hafi verið langt umfram hagsmuni einstakra banka. Ljóst sé að allt árið 2008 hafi verið að skapast neyðarástand hjá íslenskum bönkum, en undir slíkum

kringumstæðum hafi þurft að grípa til allra úrræða, sem í boði voru. Svo virðist sem ákærði hafi litið meira til hugsanlegs tjóns bankanna en tjóns almennings. Hann hafi þó borið skyldur gagnvart íslensku samfélagi frekar en bönkunum.

5

Varðandi lið 1.5 í ákæru vísar ákærvaldið til þess að innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. í erlendum útibúum hafi valdið mikilli tjónshættu fyrir ríkissjóð vegna fjárhæða, sem hugsanlega hafi getað fallið á hann sökum þess hve Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var veikburða. Ekki sé ljóst á þessu stigi hvort ábyrgð falli á ríkið vegna skuldbindinga tryggingarsjóðsins, en þessi hættu hafi þó verið raunveruleg á því tímabili, sem ákæra tekur til. Að auki hafi þessi innlánasöfnun leitt af sér hættu á áhlaupi á Landsbanka Íslands hf. og hefði það getað valdið falli hans, sem hefði haft mikil áhrif á samfélagið.

Söfnun innlána á Icesave reikninga í Bretlandi hafi byrjað á árinu 2006 og náð hámarki á síðari hluta árs 2007. Snemma á næsta ári hafi áhyggjur breskra stjórnvalda af þessari starfsemi Landsbanka Íslands hf. vaxið mjög og á sama tíma hafi íslensk stjórnvöld byrjað að fá vitneskju um hugsanleg vandræði, sem þessir reikningar gætu valdið. Þannig hafi komið fram á fundi bankastjórnar Seðlabanka Íslands og bankastjóra Landsbanka Íslands hf. 12. janúar 2008 að síðarnefndi bankinn þyrfti að búa sig undir áhlaup á Icesave reikningana, sem hann myndi ekki þola. Innan seðlabankans hafi verið rætt 23. sama mánaðar um veika stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sem ekki mætti vekja athygli á.

Á fundi ákærða, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 hafi meðal annars komið fram að erlent matsfyrirtæki hafi lýst áhyggjum af Icesave reikningunum í Bretlandi, sem væru mjög kvikir. Einnig hafi verið rætt um reikningana á fundi bankastjóra Landsbanka Íslands hf. og bankastjórnar seðlabankans degi síðar. Þá hafi ákærða verið bent á að beina yrði til bankanna á fundi með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008 að erlend innlánasöfnun þeirra þyrfti að fara fram í dótturfélögum, en ekki útibúum. Ekki verði séð að ákærði hafi hreyft þessu á fundinum.

Aðalbankastjóri Englandsbanka hafi vakið á því athygli á fundi með bankastjórum Seðlabanka Íslands 3. mars 2008 að innlán í útibúi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi væru notuð til að fjármagna mikinn vöxt útlána á Íslandi. Daginn eftir hafi fulltrúar seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og Landsbanka Íslands hf. átt fund, þar sem meðal annars hafi verið rætt um innstæðutryggingar og flutning á starfsemi vegna

Icesave reikninganna til dótturfélags. Bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi aftur átt fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 30. mars 2008, þar sem annar þeirra síðarnefndu hafi rætt um að mjög litlar líkur væru á því að íslensku bankarnir kæmst í gegnum þann vanda, sem stöðjaði að vegna Icesave reikninganna í Bretlandi, en af þeim hafi verið tekinn um þriðjungur innstæðna frá upphafi ársins. Ákærði hafi svo ásamt utanríkisráðherra fundað með bankastjórn Seðlabanka Íslands 1. apríl 2008, en þar hafi verið upplýst um útstreymi af Icesave reikningunum dagana á undan og að bankinn gæti þolað slíkar úttektir í sex daga til viðbótar. Sama dag hafi verið fjallað í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað um mikilvægi þess að tekið yrði við erlendum innlánum íslenskra banka í dótturfélögum, þar á meðal innlán á Icesave reikningana. Daginn eftir hafi verið rætt á fundi samráðshópsins um að skipa tvo vinnuhópa á vegum stjórnvalda og ætti annar þeirra að greina álitamál vegna innlánstrygginga. Ákærði hafi fengið í hendur fundargerð af þessum fundi frá ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu skömmu síðar. Bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi síðan átt fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 4. apríl 2008, þar sem komið hafi fram hjá þeim síðarnefndu að það væri góður dagur ef ekki færi meira en 25.000.000 sterlingspund út af Icesave reikningunum. Sama dag hafi formleg samskipti Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins hafist um flutning Icesave reikninganna til dótturfélags, en þau hafi staðið með hléum fram að falli bankanna í byrjun október 2008. Fjármálaeftirlitið hafi að einhverju marki fengið upplýsingar um þessi samskipti, svo sem staðfest hafi verið í vitnaskýrslum fyrir dómi.

Innlánstryggingar hafi verið til umræðu á fundi í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað 10. apríl 2008, þar sem meðal annars var dreift skjali um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og greiðsluskyldu hans. Rætt hafi verið um Icesave reikningana á fundi samráðshópsins 9. maí 2008 og dreift greinargerð frá viðskiptaráðuneytinu, þar sem fjallað hafi verið um hugsanlegan stuðning ríkisins við tryggingarsjóðinn eða að það tæki á sig ábyrgð á innstæðum í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Í samráðshópnum hafi verið rætt 7. júlí 2008 um hvort unnt væri að færa innlán í erlendum útibúum íslenskra banka yfir í dótturfélög og um stöðu tryggingarsjóðsins, en í tengslum við það hafi verið lagt fram yfirlit um innstæður í öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum. Bankastjórar Seðlabanka Íslands og Landsbanka Íslands hf. hafi fundað 14. júlí 2008, þar sem meðal annars hafi verið rætt um hugsanlegt áhlaup á Ísland. Að auki hafi komið þar fram að ekki væri hafinn

undirbúningur að flutningi Icesave reikninganna til dótturfélags í Bretlandi, sem hafi komið bankastjórum seðlabankans á óvart. Þetta hafi svo verið rætt á fundi í samráðshópnum 22. júlí 2008 og þess getið að breska fjármálaeftirlitið hafi hvatt Landsbanka Íslands hf. til að flytja Icesave reikningana til dótturfélags, en bankinn virst vera því andsnúinn.

Á fundi í samráðshópnum 31. júlí 2008 hafi verið upplýst um ákvörðun breska fjármálaeftirlitsins um að hámark yrði sett á innlán á Icesave reikningana þar til lokið yrði við að flytja þá til bresks dótturfélags. Sama dag hafi bankastjórar Seðlabanka Íslands átt fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf., þar sem meðal annars hafi verið rætt um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og ósk Landsbanka Íslands hf. um aðstoð frá seðlabankanum til að ljúka flutningi á innstæðum á Icesave reikningunum til dótturfélags. Á fundinum hafi formaður bankastjórnar seðlabankans jafnframt gagnrýnt þessa innlánasöfnun. Fulltrúar seðlabankans hafi daginn eftir átt símafund með fulltrúum Englandsbanka, þar sem meðal annars hafi verið rætt um að Landsbanki Íslands hf. þyrfti að bæta lausafjárstöðu sína í Bretlandi og færa innstæður á Icesave reikningunum til dótturfélags þar. Enn hafi bankastjórn seðlabankans og bankastjórar Landsbanka Íslands hf. átt fundi 5. og 12. ágúst 2008, þar sem fjallað hafi verið um erfiðleika síðarnefnda bankans vegna Icesave reikninganna og gerð grein fyrir samskiptum hans við breska fjármálaeftirlitið.

Formleg samskipti Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og breska fjármálaráðuneytisins hafi byrjað 3. ágúst 2008 og þau staðið yfir fram að falli bankanna rúmum tveimur mánuðum síðar. Fjármálaeftirlitið hafi ritað bréf 11. ágúst 2008 til breska fjármálaeftirlitsins, þar sem óskað hafi verið eftir viðræðum um tímabundnar undanþágur fyrir Landsbanka Íslands hf. frá breskum reglum um stórar áhættuskuldbindingar á meðan flutningur á Icesave reikningunum til Heritable Bank Ltd. stæði yfir. Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi svo rætt um Icesave reikningana á fundi daginn eftir, þar á meðal hvaða áhrif flutningur þeirra hefði á stöðu tryggingarsjóðsins og hvaða úrræði íslensk stjórnvöld kynnu að hafa til að knýja á um slíka aðgerð. Í Seðlabanka Íslands hafi verið gert minnisblað 15. ágúst 2008 um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning, þar sem meðal annars hafi verið hugleiðingar um tryggingarsjóðinn og hvort unnt væri að takmarka skuldbindingar ríkisins. Af hálfu ákærvaldsins var staðhæft að síðan hafi ekkert gerst. Landsbanki Íslands hf. hafi talið kröfur breska fjármálaeftirlitsins ósanngjarnar, en í raun hafi

bankinn ekki viljað eða getað flutt eignir til dótturfélags í Bretlandi á móti skuldbindingum vegna Icesave reikninganna. Bankanum hafi borist bréf frá breska fjármálaeftirlitinu 15. ágúst 2008, þar sem fjallað hafi verið um erfiða stöðu bankans í Bretlandi vegna lausafjárskorts, svo og að efnahagshorfur á Íslandi færu hratt versnandi. Erlenda stofnunin hafi viljað taka upp viðræður með því markmiði að ná bindandi samkomulagi fyrir 31. sama mánaðar um flutning reikninganna til Heritable Bank Ltd. og eignir, sem myndu fylgja þeim, en ella yrði að beita valdheimildum til að stöðva innlánastarfsemi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi. Sama dag hafi Fjármálaeftirlitinu verið gerð grein fyrir afstöðu bresku stofnunarinnar.

Á fundi í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað 20. ágúst 2008 hafi meðal annars verið rætt um þessar kröfur breska fjármálaeftirlitsins og málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, svo og um samskipti sjóðsins við breska fjármálaráðuneytið. Einnig hafi verið rætt um að breska fjármálaeftirlitið teldi hættu á áhlaupi á Icesave reikningana. Fjármálaeftirlitið hafi ritað bréf til breska fjármálaeftirlitsins sama dag og ítrekað að Landsbanki Íslands hf. þyrfti að fá undanþágu frá breskum reglum um stórar áhættuskuldbindingar í tengslum við flutning Icesave reikninganna til Heritable Bank Ltd., en því hafi breska stofnunin hafnað 27. ágúst 2008. Um þessi atriði hafi ákærða verið kunnugt.

Fjármálaeftirlitinu hafi borist bréf frá hollenska fjármálaeftirlitinu 28. ágúst 2008, þar sem komið hafi fram að Landsbanki Íslands hf. yrði að stöðva innlánaaukningu á Icesave reikningum í Hollandi vegna óvissu í efnahagsmálum hér á landi og um stöðu ríkisins gagnvart Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Viðskiptaráðherra hafi ásamt fleiri embættismönnum átt fund með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 vegna samskipta Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins um flutning Icesave reikninganna til dótturfélags. Þetta hafi verið fyrstu formlegu afskipti íslensks ráðherra af málefnum bankanna á pólitískum vettvangi. Formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins hafi 4. sama mánaðar gert ákærða grein fyrir fundinum, en daginn eftir hafi ákærði fengið skilaboð frá íslenska sendiherranum í London um að breski fjármálaráðherrann hafi talið að íslensk stjórnvöld skildu ekki alvöru málsins.

Samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi á næstu tveimur vikum fundað þrívegis og hafi í öllum tilvikum verið rætt um málefni Landsbanka Íslands hf. og samskipti hans við breska fjármálaeftirlitið vegna Icesave reikninganna og flutning þeirra til dótturfélags. Einnig hafi komið fram að ekki væri unnt að banna íslenskum

bönkum að starfrækja útibú erlendis. Að auki hafi málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verið rædd og áhrif flutnings Icesave reikninganna til dótturfélags á stöðu hans. Landsbanki Íslands hf. hafi óskað eftir því 19. september 2008 að Fjármálaeftirlitið hefði milligöngu um samskipti bankans við breska fjármálaeftirlitið. Nokkrum dögum síðar hafi breska stofnunin tilkynnt bankanum að útibú hans í London uppfyllti ekki lengur lausafjárreglur og krafist aðgerða, þar sem áhlaup á reikninga í útibúinu gæti hafist á hverri stundu. Ákærði hafi fengið bréf frá tryggingarsjóðnum 1. október 2008, þar sem fram hafi komið að sjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Loks hafi breska fjármálaeftirlitið ákveðið 3. sama mánaðar að beita valdheimildum sínum gagnvart Landsbanka Íslands hf.

Ákærvaldið vísar til þess að athafnaskylda hafi hvílt á ákærða. Hann hafi ekki átt að bíða þess að forstjóri Fjármálaeftirlitsins leitaði til sín, heldur hafi hann sjálfur átt að láta reyna á lagalegar valdheimildir til að hafa áhrif á Landsbanka Íslands hf. eða beita sér sem æðsta stjórnvald fyrir því að þvinga fram flutning Icesave reikninganna til erlends dótturfélags. Allt hafi strandað á flutningi eigna til dótturfélagsins á móti skuldbindingum vegna reikninganna, sem Landsbanki Íslands hf. hafi ekki viljað bera kostnað af. Til samanburðar mætti benda á að þegar Kaupþing banki hf. hafi viljað hverfa frá kaupum á hollenska bankanum NIBC snemma árs 2008 hafi íslenskum stjórnvöldum verið unnt að knýja á um það og hafi það verið gert á forsendum bankans. Í þessu tilviki hefðu stjórnvöld allt eins getað beitt sér og knúið fram niðurstöðu, en athafnaleysi hafi valdið því að bresk og hollensk stjórnvöld hafi nú um árabíl haft uppi kröfur vegna greiðslu á innstæðum á Icesave reikningunum, sem hafi haft áhrif á efnahagslíf og lánshæfismat íslenska ríkisins með þeirri óvissu sem af því leiðir.

6

Um lið 2 í ákæru bendir ákærvaldið á að háttsemin, sem ákærði er þar borinn sökum um, horfi við á nokkuð annan veg en brot gegn góðri ráðsmennsku, sem fjallað sé um í öðrum liðum ákærunnar. Málefni bankakerfisins og hætta á fjármálaáfalli séu mikilvæg stjórnarmálefni og verði slík málefni vart mikilvægari. Óveðursskýin hafi hrannast upp frá því fyrir byrjun tímabilsins, sem ákæra tekur til, og hafi ákærði séð eða mátt sjá í hvað stefndi. Skýra verði 17. gr. stjórnarskrárinnar eftir orðanna hljóðan, enda standi engin haldbær rök til annars vegna forsögu ákvæðisins og hafi heldur ekki verið hreyft við því frá árinu 1944, þótt mörgum öðrum greinum stjórnarskrárinnar hafi verið breytt. Ekki hafi myndast stjórnskipunarvenja um að

einungis þurfi að leggja þau mál fyrir ríkisstjórnarfund, sem bera eigi upp í ríkisráði, en jafnvel þótt slík venja væri til gæti hún ekki vikið til hliðar skýru ákvæði stjórnarskrárinnar. Brot gegn 17. gr. hennar hafi efnislegar afleiðingar, því sé ekki haldinn ríkisstjórnarfundur um aðkallandi vandamál sé ljóst að færi á að bregðast við þeim verði minna. Í málinu blasi við að ekki hafi verið fjallað um þessi mikilvægu stjórnarmálefni í ríkisstjórn og hafi ráðherrum ekki verið gerð grein fyrir vitneskju, sem ákærði bjó sannanlega yfir. Brot hans samkvæmt þessum lið í ákæru sé samhverft brot og refsivert án tillits til hættueiginleika eða afleiðinga.

Í framlögðum reglum um fundargerðir ríkisstjórnarinnar frá 31. maí 1999 segi í 2. gr. að í þeim skuli færa niðurstöður, skýra frá frásögnum og tilkynningum ráðherra og greina að auki frá umræðuefni ef ekki verði á því formleg niðurstaða. Í þessu felist að hefði ákærði rætt um þessi málefni í upphafi ríkisstjórnarfundar eða undir liðnum önnur mál þá hefði borið að greina frá því í fundargerð þótt það væri ekki á dagskrá sem sérstakur liður. Í framlögðum fundargerðum ríkisstjórnarfunda sé einskis getið um slíkar umræður og sé ljóst af lestri þeirra að þar hafi ekki verið fjallað um málefni bankanna sérstaklega og hættu á fjármálaáfalli fyrr en á fundi 30. september 2008. Ekkert hafi verið fjallað um vanda Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eða hugsanlega setningu laga um úrræði eins og þau, sem fram komu í lögum nr. 125/2008. Ekki hafi heldur verið haldinn ríkisstjórnarfundur til að taka ákvörðun um málefni Glitnis banka hf. síðla í september 2008 og hafi viðskiptaráðherra ekki fengið vitneskju um málið fyrr en eftir að það hafði verið útkljáð. Umfjöllun á ríkisstjórnarfundum 23. maí 2008 um frumvarp til laga um lántökuheimild handa ríkissjóði og 12. ágúst 2008 um tillögu viðskiptaráðherra um skipun nefndar um fjármálastöðugleika hafi ekki snúið að yfirvofandi fjármálaáfalli. Ákærða hafi verið skylt að gefa ríkistjórninni upplýsingar um framvindu mála án tillits til innri málefna ríkisstjórnarflokkanna og samstarfs milli þeirra. Fyrir liggi að viðskiptaráðherra hafi af ókunnum ástæðum verið haldið utan við þessi mál með vitund ákærða, gagnstætt skyldu hans til að tryggja að ráðherrann, sem þau heyrðu undir, fengi allar nauðsynlegar upplýsingar.

Í ákærunni séu nefnd tilvik, sem hafi gefið sérstakt tilefni til umfjöllunar í ríkisstjórn. Ekki hafi verið rætt þar um atriði, sem komu fram á fundi ákærða, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 eða á fundi ákærða og utanríkisráðherra með bankastjórninni 1. apríl sama ár. Þá hafi ekki verið rætt í ríkisstjórn um yfirlýsingu ákærða, utanríkisráðherra,

fjármálaráðherra og bankastjórnarinnar til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs 16. maí 2008, þótt þar hafi verið kveðið á um skuldbindingar, sem ríkisstjórnin hafi gengist undir.

7

Við munnlegan flutning málsins fyrir dómi hélt ákærvaldið fast við þá varakröfu að brot ákærða verði talin varða við 141. gr. almennra hegningarlaga og var ítrekað að sú krafa snúi að öllum liðum í ákæru.

8

Ákærvaldið vísar til þess að sök samkvæmt lögum nr. 4/1963 fyrnist á þremur árum, en brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga á tveimur árum. Brotin, sem málið varði, hafi verið framhaldsbrot og geti fyrningartími vegna þeirra ekki hafa byrjað fyrr en þeim hafi lokið í október 2008. Fyrning hafi verið rofin með samþykki þingsályktunartillögu um málshöfðun gegn ákærða 28. september 2010.

VI

1

Ákærði reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á atriðum, sem varða ákærana á hendur honum í heild. Í því sambandi vísar hann til þess að refsíákvæði, sem hann er talinn hafa brotið gegn, fullnægi ekki kröfum um skýrleika refsheimilda, sem leiddar verði af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og fyrri málslíð 1. mgr. 7. gr. sammings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Þótt dómurinn hafi í úrskurði 3. október 2011 hafnað þeirri röksemd að þessi refsíákvæði væru ekki nægilega skýr til að ákærði gæti haldið uppi vörnum gegn sakargiftum í málinu, hafi sú niðurstaða eingöngu varðað kröfu hans um að málinu yrði vísað frá dómi og þar með formhlið þess. Því telur ákærði að enn eigi eftir að leysa úr því hvort refsheimildirnar standist þessar kröfur með tilliti til efnishliðar málsins.

2

Að því er varðar liði 1.3, 1.4 og 1.5 í ákæru telur ákærði að ákvæði b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 feli í sér matskennda vísireglu, sem leggi í hendur dómsins að meta hvort viðbrögð ráðherra við fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins hafi verið fullnægjandi með hliðsjón af óskráðum siðferðisviðmiðunum, svo og að ákveða á þeim grundvelli hvort hann hafi bakað sér refsíabyrgð. Hafi ákærvaldið ekki skýrt hverjar þessar viðmiðanir séu. Með þessu sé dómnum nánast fengið frjálst mat um það hvort háttsemin, sem ákærða er gefin að sök, verði talin refsínæm. Breyti þar engu

þótt hugtökin fyrirsjáanleg hætta og heill ríkisins verði skýrð eftir hlutlægum mælikvarða, enda sé hann háður mati dómsins. Það sama eigi við um 141. gr. almennra hegningarlaga, sem ákærða er til vara gefið að sök að hafa brotið gegn. Þá sé honum í öðrum lið ákæru gefið að sök brot gegn c. lið 8. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar fullnægi ekki meginreglunni um skýrleika refsheimilda, en í c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963 sé mælt fyrir um að það varði ráðherra ábyrgð eftir lögunum ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, sem fer í bága við stjórnarskrána, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir. Í 1. málslíð 17. gr. stjórnarskrárinnar segi að ráðherrafundir skuli haldnir um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Orðalag ákvæðisins gefi ekki vísbendingar um hvenær stjórnarmálefni verði talið mikilvægt og hafi það ekki að geyma hlutlæga mælikvarða eða viðmiðanir, sem styðjast megi við í því efni. Þar sé ekki kveðið á um skýra og afmarkaða athafnaskyldu ráðherra, heldur sé þetta matskennd vísiregla. Reglan hafi ekki viðurkennt eða þekkt inntak og sé því ekki tæk refsheimild. Þá eigi c. liður 8. gr. laga nr. 4/1963 samkvæmt efni sínu eingöngu við um alvarleg stjórnarskrárbrot ráðherra. Undir það geti umræður og bókanir á ríkisstjórnarfundum ekki fallið.

Um fyrningu sakar samkvæmt 141. gr. almennra hegningarlaga vísar ákærði til þess að væri miðað við að fyrningartími hafi byrjað í október 2008 þá hafi brot samkvæmt ákvæðinu fyrnst í október 2010. Ákærvaldið hafi byggt á því að þá hafi Alþingi verið búið að álykta um málshöfðun og hafi þetta rofið fyrningu. Bendir ákærði á að ákvæði 81. gr. almennra hegningarlaga taki ekki skýrlega til aðstæðna sem þessara og yrði þá að reisa niðurstöðu um rof fyrningar á rýmkaði lögskýringu eða lögjöfnun í þessu tilviki.

Þá vísar ákærði til þess að rannsóknarnefnd Alþingis og ríkissaksóknari hafi talið helstu embættismenn ríkisins, aðra en ráðherra, sem farið hafi með þessi málefni á árinu 2008, hvorki hafa sýnt af sér gáleysi né vanrækslu, en það séu ráðuneytisstjórar og yfirstjórn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Þar sem háttsemi þessara embættismanna lúti að ráðsmennsku þeirra í starfi hljóti að skjóta skökku við að niðurstaðan hafi ekki orðið sú sama um ákærða.

Verði ekki fallist á framangreint byggir ákærði á því að verknaðarlýsingu í ákæru sé svo áfátt að sýkna verði hann í málinu. Vegna óskýrleika refsíákvarða, sem vísað er til í ákæru, hefði borið nauðsyn til að verknaðarlýsing í ákæru væri skýr og

afmörkuð, auk þess sem þörf hefði verið á að rökstyðja sérstaklega hvaða mælikvarða ætti að leggja til grundvallar við mat á ætlaðri refsiverðri háttsemi og hvernig hún fullnægi skilyrðum þessara refsíákvæða. Í lögskýringargögnum um lög nr. 4/1963 komi fram að 10. gr. þeirra sé afar matskennd og hafi í fræðikenningum þótt leika vafi á að b. liður ákvæðisins geti talist viðhlítandi refsíheimild.

Ákærði telur bæði rangt og ósannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru. Í þeirri meginreglu að refsíákvæði beri að skýra þröngt felist að óhagstæðari skýringarkostur af tveimur tiltækum verði ekki valinn nema hann hafi beina stoð í texta ákvæðisins, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 14. desember 1995 í máli nr. 342/1995. Skýra verði b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 svo að ákvæðið feli í sér þrjú megin skilyrði fyrir því að athafnaleysi ráðherra teljist refsivert. Í fyrsta lagi verði alvarleg hættu að hafa verið fyrir hendi, sem ógnað hafi heill ríkisins. Telur ákærði að með því sé átt við að grunnstoðum eða tilvist íslenska ríkisins sé ógnað. Í öðru lagi verði hættan, sem sannanlega steðjaði að heill ríkisins, að hafa verið ráðherraum fyrirsjáanleg. Í þriðja lagi verði hann að hafa látið farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem afstýrt gat hættunni, eða valdið því að slík framkvæmd færist fyrir. Þannig þurfi að vera orsakasamband milli athafnaleysis ráðherra og þess að ekki hafi tekist að afstýra þeirri hættu, sem steðjaði að heill ríkisins. Auk hlutlægra refsiskilyrða b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 þurfi háttsemi ráðherra einnig að uppfylla þau huglægu saknæmisskilyrði 2. gr. sömu laga að brot hafi verið framið af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi. Almenn gáleysi sé því ekki nægilegt til sakfellingar. Þannig sé það skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt ákvæðinu að sýnt hafi verið fram á að þær athafnir, sem ákærða er gefið að sök að hafa vanrækt að grípa til, hefðu í raun getað afstýrt eða bægt frá aðsteðjandi hættu eða þær hefðu að minnsta kosti getað dregið verulega úr því tjóni, sem af athafnaleysinu hlaut. Jafnframt verði að sýna fram á að athafnirnar hafi verið framkvæmanlegar á tímabilinu frá febrúar eða eftir atvikum júlí fram í byrjun október 2008, sem ákæran tekur til, og í raun getað afstýrt hættu. Í þessu sambandi verði og að líta til þess hvort viðbrögð ákærða hafi verið forsvaranleg miðað við vitneskju hans um aðstæður á hverjum tíma. Sakfelling verði þannig ekki reist á því að ákærði hafi ekki gripið til aðgerða, sem almennt eða fræðilega gátu verið til þess fallnar að koma í veg fyrir hættu fyrir heill ríkisins, ef þær voru í raun óframkvæmanlegar eða hefðu fyrirsjáanlega ekki þjónað tilgangi eins og atvikum var háttað. Þá liggi hvergi fyrir skilgreining á þeirri tjónshættu sem yfirvofandi hafi verið. Allt þetta eigi einnig við um skýringu á 141. gr. almennra hegningarlaga, auk þess

sem b. liður 10. gr. laga nr. 4/1963 tæmi sök gagnvart því ákvæði, sem áskilji enn fremur að brot sé stórfellt og ítrekað.

Þá telur ákærði að í málinu sé sönnunarfærslu ákæruvaldsins áfátt í veigamiklum atriðum. Lögð hafi verið fram fjölmörg gögn, sem ekki hafi verið borin undir ákærða á rannsóknarstigi málsins. Að auki sé í fjölda tilvika erfitt að sjá í hvaða tilgangi einstök gögn séu lögð fram og mörg fyrirbyggjandi skjöl varði sönnunarfærslu í málinu litlu sem engu. Enn fremur sé málatilbúnaður ákæruvaldsins reistur á gögnum, sem rannsóknarnefnd Alþingis hafi aflað og lögð voru til grundvallar skýrslu hennar. Sú skýrsla virðist hafa verið helsti grundvöllur þingsályktunar um málshöfðun á hendur ákærða. Skýrslan sé hins vegar ekki meðal málgagna nema að takmörkuðu leyti. Rannsókn nefndarinnar hafi ekki verið sakamálarannsókn og ekki snúist um ráðherraábyrgð tiltekinna manna, heldur lotið að orsökum falls bankanna almennt og tengdum atburðum og því hvort einstakir menn hafi sýnt af sér mistök eða vanrækslu í merkingu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Þá hafi aldrei við rannsókn málsins verið hugað að mikilvægum atriðum, sem varði hugsanlega refsíábyrgð ákærða, svo sem huglægri afstöðu hans á því tímabili, sem ákæran tekur til. Þannig hafi aldrei verið litið til atriða, sem horfi til sýknu ákærða. Þessi tilhögun, einkum að ekki hafi verið tekin skýrsla af ákærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um einstök gögn á rannsóknarstigi málsins, hafi komið í veg fyrir að það fengi afdráttarlausa dómsmeðferð og í raun megi segja að fyrir dómi hafi farið fram frumrannsókn. Á þessum annmörkum geti enginn borið halla nema ákæruvaldið. Að því er varðar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og þá staðreynd að rannsókn nefndarinnar hafi ekki lotið að ráðherraábyrgð einstakra manna þá leiði það af þeirri framkvæmd að ýmsum ályktunum nefndarinnar, svo sem varðandi orsakasamband, verði ekki jafnað við þá ályktun að ákærði hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi samkvæmt lögum nr. 4/1963 eða almennum hegningarlögum. Rannsóknarnefndin hafi ekki rannsakað ýmis veigamikil atriði. Þannig verði ekki séð að hún hafi beint sjónum sínum sérstaklega að hugsanlegum flutningi banka úr landi á árinu 2008 eða rannsakað á hvern hátt slíkar aðgerðir hafi verið raunhæfar og til þess fallnar að afstýra tjóni. Þetta hafi leitt til þess að ákærði hafi sjálfur þurft að afla gagna fyrir dómi um að þetta hafi verið ótækar ráðstafanir, en með þessu hafi sönnunarbyrði í málinu að einhverju leyti verið snúið við. Enn fremur komi fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að líklega hafi stjórnvöldum og bönkunum verið runninn sá kostur úr greipum þegar veturinn 2007 til 2008 að ráðast í aðgerðir til að draga úr stærð bankakerfisins svo að lítið bæri á og

án kostnaðar eða tjóns. Það hafi ekkert verið rannsakað hverju síðastgreindur fyrirvari gæti hafa skipt að þessu leyti. Þegar ákærvaldið hafi ákveðið að miða ákærutímabilið við febrúar og jafnvel í einstökum ákæruliðum júlí 2008 hafi þá þegar verið komið fram yfir það tímabil, sem rannsóknarnefndin hafi talið síðustu forvöð til að gera raunhæfar ráðstafanir.

Sönnunargögn ákærvaldsins varpi engu ljósi á það meginatriði hvort og þá með hvaða hætti þær athafnir, sem lýst sé í ákæru, hefðu getað afstýrt hugsanlegu fjármálaáfalli eða dregið úr afleiðingum þess svo að teljandi máli skipti. Að því er varðar ákæruliði 1.4 og 1.5 hafi ákærvaldið engin gögn lagt fram, sem varpað gætu ljósi á hvort þær ráðstafanir, sem þar sé vikið að, hafi verið raunhæfar eða framkvæmanlegar á því tímabili, sem ákæra tekur til. Þannig hafi ákærvaldið ekkert lagt fram um efnahag stóru viðskiptabankanna þriggja á þessu tímabili eða reynt að greina þær efnahagslegu ráðstafanir, sem til álita hefðu komið. Þá vísar ákærði til þess að samkvæmt 13. gr. laga nr. 3/1963 skuli ákæruatriði nákvæmlega tiltekin í ályktun Alþingis um málshöfðun, enda sé sókn málsins bundin við þau. Hann verði ekki dæmdur fyrir aðrar sakir en þar greini, sbr. 40. gr. laganna, og geti ákærvaldið ekki aukið við sakarefnið undir rekstri máls, sbr. úrskurð dómsins 3. október 2011. Ákærvaldinu sé því óheimilt að styðja einstaka ákæruliði við önnur atriði en rakin séu í greinargerð með tillögunni um þingsályktun um málsókn gegn ráðherrum og eftir atvikum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem vísað sé til í greinargerðinni.

Við ákvörðun um málshöfðun virðist ekki hafa verið litið til þess að ákærði hafi haft takmarkaðar heimildir að lögum til beinna aðgerða af þeim toga, sem lagt hafi verið til grundvallar í málinu, og hafi ekki haft forsendur til að beita sér gegn bönkunum á árinu 2008 á grundvelli gildandi laga. Stjórnvöld séu bundin af lögum og geti því ekki íþyngt mönnum eða lögaðilum nema þau hafi þar til þess skýra og ótvíræða heimild. Á tímabilinu, sem ákæra tekur til, hafi ekki verið í gildi lagaheimildir fyrir ákærða til að grípa til virkra aðgerða gagnvart fjármálafyrirtækjum eins og þar um ræði. Engin heimild hafi verið til að fara fram með offorsi gegn viðskiptabönkunum á árinu 2008 miðað við opinber gögn um stöðu þeirra. Ekki hefði ráðherra án lagaheimildar getað beitt virkum aðgerðum til að þvinga bankana til útsölu á eignum, sem hefði getað valdið mun meira tjóni en fyrirséð var á þessum tíma. Þá hefðu engar líkur verið á að Alþingi myndi samþykkja á þessum tíma lagafrumvarp, sem hefði falið í sér heimild til slíkra afskipta af málefnum fjármálafyrirtækja.

Ákærði ber því við að ráðherra geti eingöngu borið refsíabyrgð vegna málefna, sem undir hann heyra. Ríkisstjórn Íslands sé ekki fjölskipað stjórnvald, heldur vettvangur fyrir pólitískt samráð ráðherra. Ráðherrar séu æðstu yfirmenn stjórnssýslunnar hver á sínu sviði og beri ábyrgð hver á sínum málaflokkum óháð öðrum ráðherrum. Þótt forsætisráðherra fari í almennum skilningi fyrir ríkisstjórn miðist lagaleg ábyrgð hans ekki við ríkisstjórnina sem slíka, heldur eingöngu þá málaflokka, sem undir hann heyrir samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Þetta sé áréttað sérstaklega í lögskýringargögnum um 5. gr. laga nr. 4/1963. Samkvæmt 12. og 14. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 177/2007, sem var í gildi á tímabilinu sem ákæran tekur til, hafi ákærði sem forsætisráðherra meðal annars farið með mál, sem varði hagstjórn almennt, Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þótt seðlabankinn hafi á þessum tíma heyrt undir málefna svið forsætisráðherra sé kveðið á um sjálfstæði bankans í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2001. Bankinn hafi því verið undanskilinn yfirstjórn og eftirlitsheimildum forsætisráðherra, sem hafi þannig ekki borið lagalega ábyrgð á honum, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Forsætisráðherra hafi af þessum sökum ekki haft almenna heimild til að gefa bankanum bindandi fyrirmæli um málefni, sem heyrðu undir hann, eða skipta sér af stjórn eða daglegu starfi hans að öðru leyti. Þá sé jafnframt ljóst að tiltekin efnisatriði í liðum 1.4 og 1.5 í ákæru hafi fallið undir verksvið annarra ráðherra og verði ákærða ekki gerð refsíabyrgð vegna þeirra, en hvað sem öðru líði verði að gefa þessu vægi við mat á sök hans.

Í samsteypustjórnnum hér á landi hafi myndast löng venja um að tiltekin mikilvæg málefni, sem forystumenn stjórnarflokka ákveða á hverjum tíma, séu tekin til nánari umfjöllunar af þeirra hálfu, en nánari úrvinnsla gagnvart öðrum ráðherrum hvors eða hvers flokks um sig fari fram á sameiginlegum fundum ráðherra í þeim flokki. Þetta fyrirkomulag hafi viðgengist á því tímabili, sem ákæran tekur til, milli ákærða og utanríkisráðherra, en þetta breyti engu um ábyrgð hvers ráðherra á sínum málaflokkum og dragi ekki úr frumkvæðis- eða eftirlitsskyldum ráðherra. Ákærða hafi ekki verið kunnugt um hugsanleg vandamál, sem tengst hafi viðskiptaráðherra innan Samfylkingarinnar, og geti sambandsleysi milli viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra ekki leitt til refsíabyrgðar ákærða. Það sama gildi um það fyrirkomulag forystumanna stjórnarflokka að taka til sín tiltekna þætti, sem hugsanlega taki yfir fleiri en eitt ráðuneyti, og sinni þeim með sérstökum hætti.

Þá telur ákærði að mörg skilgreiningar- og afmörkunaratriði í ákæru séu óljós. Ekki komi fram í málatilbúnaði ákæruvaldsins hvernig sú yfirvofandi hætta, sem

ákærða hafi borið að bregðast við, sé skilgreind og til hvaða hættu sé vísað. Þá virðist sem hættan sé skilgreind á mismunandi hátt eftir ákæruliðum. Hugsanlegt tjón af hættunni sé heldur ekki afmarkað. Hér hljóti eingöngu að geta komið til álita beint fjártjón, sem fallið gæti á ríkissjóð, en ekki annars konar efnahagslegar afleiðingar, enda tengist margar þeirra ekki falli bankanna sem slíkra. Aðeins hafi í eitt skipti verið reynt að varpa ljósi á þetta álitaefni fyrir dóminum og hafi það verið þegar vitnið Steingrímur J. Sigfússon var spurður um beint tjón ríkissjóðs eða tjón að öðru leyti. Í svari hans hafi falist að beint tjón ríkissjóðs hafi tengst því að hann hafi þurft að leggja Seðlabanka Íslands til nýtt eigið fé vegna taps af skiptum bankans við viðskiptabankana þrjá. Rannsóknarnefnd Alþingis hafi gert verulegar athugasemdir við vinnubrögð seðlabankans í þeim viðskiptum og kunni því að mega rekja beint tjón ríkisins til þess að seðlabankinn hafi ekki staðið rétt að málum, en um það hafi ákærði ekki haft vitneskju og verði ekki lögð á hann refsíabyrgð á þeim grundvelli. Þá eigi bankar og önnur fjármálafyrirtæki ekki lögvarinn rétt á því að fé skattborgaranna sé ráðstafað þeim til bjargar, enda lúti þessi fyrirtæki sömu lögmálum og önnur einkafyrirtæki. Sú skylda hvíli á hinn bóginn á stjórnvöldum að tryggja öðru fremur velferð almennings og íslensks samfélags. Stjórnvöldum sé almennt talið heimilt að freista þess að tryggja ákveðna þætti í starfsemi fjármálafyrirtækja, sem varði hag samfélagsins alls með beinum hætti, svo sem greiðslumiðlunarkerfi og innstæður, en það verði að vera háð mati stjórnvalda hverju sinni hvort almannahagsmunir réttlæti að ríkið veiti sérstaka aðstoð. Stefna íslenskra stjórnvalda gagnvart fjármálafyrirtækjum hafi komið skýrt fram í samkomulagi um samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað frá 21. febrúar 2006, þar sem meðal annars hafi verið lýst því grundvallaratriði í viðbúnaðarvinnu, sem ríkið kynni að grípa til, að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja og markaðsaðilar skyldu leysa vanda sinn sjálfir. Þannig hafi alltaf legið fyrir að stjórnvöld hafi ætlað að fara markaðsleið og hafi samráðshópurinn átt að vinna eftir því. Ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að hún myndi bregðast við hættu á fjármálaáfalli á þann hátt, sem ábyrg ríkisstjórn myndi gera í slíkum aðstæðum. Ekki geti staðist að leggja til grundvallar eins og gert sé í ákæru að það hefði átt að bjarga bönkunum, en kerfislegu mikilvægi þeirra hafi verið bjargað með setningu laga nr. 125/2008.

Þá séu tímamörk vegna einstakra liða í ákæru óskýr. Í upphafi hennar segi að ætluð brot hafi verið framin frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár og virðist mega tengja upphaf tímabilsins við fund ákærða og fleiri ráðherra með

bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008. Þegar litið sé á hinn bóginn til greinargerðar með þingsályktunartillögunni um málshöfðun gegn ráðherrum verði ekki annað séð en að því sé misjafnt farið milli ákæruliða hvenær talið sé að ákærða hafi borið að bregðast við. Afmörkun sakaratriða í málatilbúnaði ákæruvaldsins verði heldur ekki ráðin af ákæru með beinum hætti og þurfi að leita frekari fanga í greinargerð með þingsályktunartillögunni um málshöfðunina. Í greinargerðinni sé síðan vísað til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Af þessu leiði meðal annars að óljóst sé hvernig innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. í Hollandi á árinu 2008 geti varðað málið, en ákærði leggi til grundvallar að ákæra snúi ekki að henni.

3

Ákærði reisir kröfu um sýknu af sakargiftum í lið 1.3 í ákæru á því að rangt sé og ósannað að hann hafi brotið gegn b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 eða 141. almennra hegningarlaga á þann hátt, sem þar sé lýst, enda séu hlutlæg og huglæg refsiskilyrði ekki uppfyllt. Óljóst sé hvað ákæruvaldið telji falla undir markvissar aðgerðir í merkingu ákærunnar og hvað hafi verið tilætlaður árangur, sem þar sé rætt um. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni um málshöfðun hafi komið fram að skort hafi á pólitíska stefnumörkun og leiðsögn fyrir samráðshóp um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Um þetta vísar ákærði til þess að samkvæmt samkomulagi 21. febrúar 2006 um stofnun samráðshópsins hafi þetta verið vettvangur fyrir samráð og upplýsingaskipti, auk þess sem hann hafi sinnt ýmsum verkefnum og aflað gagna í tengslum við undirbúning viðbragða við hugsanlegu fjármálaáfalli. Tilætlaður árangur hljóti að miðast við hvert hlutverk hópsins hafi verið. Hópnum hafi á hinn bóginn ekki verið falið að semja sérstakar viðbúnaðaráætlanir og hvorki verið ætlað að taka stefnumarkandi ákvarðanir né koma í stað hlutaðeigandi stofnana á þessu sviði. Hópurinn hafi því ekki haft ákveðið hlutverk í því skyni að afstýra yfirvofandi hættu fyrir heill ríkisins í skilningi b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Meginábyrgð á viðbúnaði á þessu sviði hafi hvílt á Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu, en samráðshópurinn hafi verið myndaður til að setja í formlegan búning samráð, sem tíðkast hafi milli ráðuneyta, seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Með stofnun þessa hóps hafi stjórnvöld hvorki fært til hans skyldur né völd í lagalegum skilningi og hafi skyldurnar því eftir sem áður hvílt á þessum stjórnvöldum. Hópurinn hafi heldur ekki haft heimild til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum og vegna lagaákvæða um þagnarskyldu hafi miðlun upplýsinga um þau til hans verið verulegum takmörkunum

háð. Aldrei hafi verið gerðar breytingar á samkomulaginu um stofnun samráðshópsins eða lagt til að svo yrði gert.

Ákærði telur að ekki hafi verið þörf á pólitískri stefnumörkun fyrir samráðshópinn í ljósi tilgangs hans. Þótt einstakir menn innan hópsins hafi ekki áttað sig á hlutverki hans geti það ekki valdið refsíábyrgð ákærða. Ljóst sé af framburði vitna fyrir dómi að það, sem í reynd hafi verið talið falla undir pólitíska stefnumörkun í þessu sambandi, hafi verið að ríkið gæfi upp fyrir fram hvaða fjárhæðir það væri tilbúið að leggja af mörkum miðað við fyrirliggjandi sviðsmyndir. Þetta hefði þó hvorki verið tímabært né breytt neinu þegar upp var staðið, svo sem komið hafi meðal annars fram í vætti Baldurs Guðlaugssonar og Sylvíu K. Ólafsdóttur. Sú stefnumörkun hafi legið fyrir frá upphafi samkvæmt samkomulaginu um stofnun samráðshópsins að miða skyldi við markaðslausn. Hvergi sé gert ráð fyrir því að ríki eða seðlabankar séu skuldbundnir til að styðja við stóra banka og geti enginn banki treyst á aðstoð í neyð. Það sé óraunhæft að skipuleggja aðgerðir vegna bankahruns fyrir fram, enda verði að bregðast við þegar hætta á því komi upp. Samráðshópnum hafi heldur ekki verið ætlað að taka ákvarðanir um málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Einnig sé ljóst að samráðshópurinn hafi sinnt hlutverki sínu svo vel sem verða mátti, en á vettvangi hans hafi verið aflað ítarlegra greininga og skýrslna um viðbrögð við hugsanlegu fjármálaáfalli og mismunandi valkosti í því sambandi. Hópurinn hafi unnið mikilvæga undirbúningsvinnu, sem hafi nýst við ákvarðanatöku stjórnvalda í byrjun október 2008. Ekki hafi verið bent á neitt, sem vanti í þessi gögn, eða hvað ein skýrsla í viðbót hefði átt að fjalla um. Þannig hafi samráðshópurinn meðal annars rætt um markaðslausn sem eina leið til að bregðast við fjármálaáfalli, en hún hafi falið í sér að beinum fjárhagsstuðningi ríkisins við bankana yrði haldið í lágmarki. Sú aðferð hafi verið rauði þráðurinn í viðbrögðum stjórnvalda þegar fall bankanna vofði yfir haustið 2008. Að auki hafi verið starfandi sérstakur viðlagahópur innan Seðlabanka Íslands, sem unnið hafi að viðbúnaðaráætlunum.

Ákærði hafi reglulega fengið upplýsingar um fundi samráðshópsins frá ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu, sem hafi verið formaður hópsins, og hafi það verið mat ákærða á grundvelli þeirra upplýsinga að hópurinn hafi starfað á eðlilegan hátt og í samræmi við hlutverk sitt. Sama virðist hafa gilt um aðra ráðherra, þótt þeir hafi ekki fengið gögn í hendur. Þá sé ósannað annað en að öll meginatriði, sem hafi verið rædd á fundum samráðshópsins, hafi borist til eyrna ákærða og eftir

atvikum annarra ráðherra. Ekkert hafi bent til ágreinings innan hópsins eða að verkstjórn væri áfátt. Í hópnum hafi átt sæti æðstu embættismenn á viðkomandi sviðum og hafi ákærða ekki borið að hafa frekara almennt eftirlit með starfsháttum þeirra en með því að fá upplýsingar á þann hátt, sem raun var á. Rannsóknarnefnd Alþingis hafi komist að þeirri niðurstöðu að verkstjórn á fundum og verklag nefndarinnar hafi verið fullnægjandi og sé þá ekki unnt að ákæra forsætisráðherra fyrir misbrestum í þeim efnunum.

Ákærði vísar jafnframt til þess að rangt sé og ósannað að frekari vinna samráðshópsins hefði afstýrt hættu fyrir heill ríkisins í merkingu b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Í ákæru komi ekki fram að störfum hópsins hafi í einhverju verið áfátt þannig að viðbrögð við fjármálaáfallinu hafi orðið ómarkviss eða niðurstaða ekki orðið eins og best hefði verið á kosið, en að auki hafi ákæruvaldið hvorki fært fram gögn né rök fyrir því að svo hafi verið. Þótt halda mætti því fram eftir á að hyggja að heppilegt hefði verið að marka samráðshópnum að einhverju leyti skýrara hlutverk og verkefni verði því ekki jafnað til þess að ákærði hafi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi sýnt af sér refsiverða vanrækslu samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 eða 141. gr. almennra hegningarlaga.

4

Um lið 1.4 í ákæru vísar ákærði til þess að þar sé óljóst við hvaða tímamark sé miðað. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um höfðun málsins komi fram að upplýsingar, sem kallað hafi á viðbrögð ákærða, hafi komið fram í síðasta lagi á tímabilinu 7. febrúar til 15. maí 2008. Að mati ákærða sé ekki annað unnt en að miða hér við síðastgreindan dag. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni komi fram að vorið 2008 hafi mátt vera ljóst að bankarnir væru orðnir of stórir með tilliti til umfangs íslenska ríkisins og það hafi meðal annars gefið norrænum seðlabönkum tilefni til að gera fyrirvara þegar Seðlabanki Íslands gerði gjaldmiðlaskiptasamninga við þá vorið 2008, en viðkomandi ráðherrar hafi þó ekki brugðist sérstaklega við þessu. Þá komi þar einnig fram að bankarnir hafi að vísu sjálfir borið mesta ábyrgð á því hvernig mál hafi þróast og hafi á þessu stigi atburðarásar verið óraunhæft að ganga út frá því að hægt væri að forðast tjón, heldur hljóti markmiðið að hafa verið að draga úr tjóninu. Ákærði telur að með þessu sé viðurkennt af hálfu ákæruvaldsins að ófært hafi verið að komast hjá tjóni.

Ákærði vísar til þess að þótt ljóst hafi verið að fall íslensku bankanna gæti haft víðtæk og keðjuverkandi áhrif á íslenskt efnahagslíf og jafnvel víðar hafi ríkið ekki

borið beina fjárhagslega ábyrgð á starfsemi þeirra. Það hafi því ekki verið bein tengsl eða hlutfallslegt sambandi milli stærðar bankanna og fjárhagslegrar áhættu ríkisins. Allt fram á haust árið 2008 hafi ekkert bent ótvírætt til þess að vandi íslensku bankanna væri annars eðlis en fjármálastofnana víða um heim eða hann væri að öðru leyti slíkur að ríkið þyrfti að grípa inn í starfsemi þeirra. Raunar hafi verið haldbær rök til að ætla að staða bankanna væri það sterk að þeir gætu staðið af sér meiri háttar áföll ef svörtustu spár rættust, enda hafi þeir allir staðist reglubundin álagspróf Fjármálaeftirlitsins.

Málefni viðskiptabankanna, þar með talin stærð bankakerfisins, hafi heyrt undir annan ráðherra á því tímabili, sem ákæra tekur til. Hvað sem öðru líði geti því engar forsendur verið til að líta svo á að ákærði hafi sýnt af sér ásetning eða stórfellt hirðuleysi við mat á aðstæðum, sem leitt geti til refsiaðbyrgðar hans á þessum grunni. Ekki hafi verið heimild í lögum fyrir stjórnvöld til að grípa inn í starfsemi bankanna, en slíkar aðgerðir hefðu að auki getað valdið hruni þá þegar. Í riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika frá maí 2008 hafi komið fram að staða bankanna væri almennt talin sterk og þeir þróttmiklir, en slíkar opinberar upplýsingar hafi ekki gefið tilefni til beinna aðgerða á hendur þeim. Ekki geti staðist að halda því fram að önnur atriði í ritinu hafi dregið úr vægi þessara ummæla, enda hafi ákærði ekki búið yfir lykli að slíku dulmáli.

Ekki hafi verið sannað að unnt hefði verið að draga úr stærð bankakerfisins með því að ríkið legði að bönkunum að selja eignir eða að slíkt hefði verið raunhæft eða skynsamlegt á því tímabili, sem ákæra taki til, einkum í ljósi aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Ekki sé ljóst hverjar gætu hafa verið þær virku aðgerðir í þessu skyni, sem rætt sé um í ákæru, en bankarnir hefðu hvorki getað ráðist í stórfellda sölu eigna á svo skömmum tíma nema á undirverði eða afar óhagstæðum kjörum né hafi verið raunhæft að afla nýs hlutafjár. Taka verði tillit til þess að stór hluti af eignum banka séu útlán til fyrirtækja og ekki sé unnt að selja þau í flýti, en að auki séu verulegar takmarkanir almennt á því hvaða eignir sé heimilt að selja. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis komi fram að veturinn 2007 til 2008 hafi verið runnir úr greipum möguleikar á sölu eigna án tjóns. Þá hafi komið fram í málinu hvaða áhrif sala eigna á undirverði hefði haft á eigið fé banka, meðal annars í framburði Heimis V. Haraldssonar og Vignis Rafns Gíslasonar fyrir dómi. Með slíku hefðu bankarnir stefnt eiginfjárstöðu sinni í verulega hættu, en vegna stærðar þeirra hafi þeir verið mjög viðkvæmir fyrir breytingum á bókfærðu virði eigna. Þá ríki alger óvissa um

hvort einhverjir hefðu verið tilbúnir að kaupa eignir af bönkunum. Af þessum sökum hafi bankarnir kosið að taka frekar lán út á þessar eignir í endurhverfum viðskiptum. Bankarnir hafi gert hvað þeir gátu allt árið 2008 til að auka lausafé sitt og hafi stjórnvöld fylgst með þeim ráðstöfunum. Hvers konar þvingunaraðgerðir stjórnvalda í þessu sambandi hefðu getað verið fallnar til að raska verulega efnahag bankanna, sem hefði getað leitt til ótímabærs falls þeirra og valdið þannig ríkinu miklu fjártjóni.

Ákærði telur að aðgerðir til að flytja bankana úr landi hefðu verið óraunhæfar og hafi ákærvaldið ekki lagt fram gögn, sem varpað gætu ljósi á hvernig þetta hefði mátt gera á tímabilinu, sem ákæra tekur til. Draga verði verulega í efa að kostur hafi verið á þessu, ekki síst vegna neikvæðs viðhorfs á fjármálamörkuðum til íslensku bankanna og versnandi stöðu fjármálastofnana um heim allan. Í framburði vitnisins Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hafi meðal annars komið fram að ráðagerðir Kaupþings banka hf. um að flytja starfsemi sína að hluta eða með öllu úr landi hefðu ekki getað náð fram að ganga á árinu 2008, enda hafi þetta verið langtímaverkefni, sem hefði tekið mörg ár, og hafi þetta við ríkjandi aðstæður á fjármálamörkuðum í raun verið nánast útilokað. Einnig verði að líta til þess að ákærði hefði þurft að fá tillögu frá Seðlabanka Íslands eða Fjármálaeftirlitinu ef hann hefði átt að fara fram gegn bönkunum og þrýsta á þá um að flytja starfsemi sína úr landi. Hvorug þeirra stofnana hafi talið þetta raunhæfan kost á árinu 2008, svo sem komið hafi meðal annars fram í vætti Davíðs Oddssonar fyrir dómi. Auk alls annars hafi ekki verið sýnt fram á að flutningur bankanna úr landi hefði í raun skilað árangri, en tilkynning um slíka aðgerð hefði allt eins getað kallað fram verulega neikvæð viðbrögð í garð íslensku bankanna.

Ákærði ber því við að fram að falli bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers 15. september 2008 hafi hann talið að ekki steðjaði slík hættu að íslensku bönkunum að réttlætánlegt hafi verið fyrir stjórnvöld að grípa til aðgerða gagnvart þeim, heldur hafi stjórnvöld fremur átt að styðja við þá, svo sem með því að leitast við að efla tiltrú almennings og fjárfesta á þeim, í þeirri von að erfiðleikar á fjármálamörkuðum gengju yfir. Eftir þennan atburð hafi á hinn bóginn verið útilokað að leggja að bönkunum að draga úr stærð sinni eða flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Af þessum sökum hafi frá upphafi legið fyrir að viljayfirlýsing um að gripið yrði til aðgerða til að minnka bankana, sem gefin var norrænu seðlabönkunum í tengslum við gerð gjaldmiðlaskiptasamninganna 15. maí 2008, gæti ekki gengið eftir fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Þá hafi Seðlabanki Íslands sent norrænu seðlabönkunum

tvívegis ítarlegar skýrslur um þróun mála og aðgerðir hér síðar á árinu 2008, sem norrænu seðlabankarnir hafi ekki gert athugasemdir við.

Ákærði telur að einnig verði að hafa í huga í sambandi við samdrátt á umfangi bankanna að á árinu 2008 hafi íslensk stjórnvöld, einkum Fjármálaeftirlitið, beitt sér gegn áformum Kaupþings banka hf. um kaup á hollenska bankanum NIBC og hafi farið svo að ekkert varð af þeim. Þá hafi stjórnvöld, þar með talinn ákærði, þrýst á bankana á árinu 2008 að draga úr stærð sinni, en á fundum með fyrirsvarsmönnum þeirra hafi hann iðulega fengið þau svör að unnið væri markvisst að sölu eigna, bæði hér á landi og erlendis. Slík viðleitni hafi á hinn bóginn ekki borið viðunandi árangur og sé vandséð hvernig frekari afskipti ákærða hefðu getað leitt til annars. Ákæruvaldið hafi ekki sýnt fram á að frekari aðgerðir stjórnvalda hefðu getað afstýrt falli bankanna. Ekkert hafi komið fram um hversu mikið bankarnir hefðu þurft að minnka til að það hefði getað tekist, en án tillits til þess hefði sú minnkun þurft að vera veruleg og svo víðtæk að alls sé óljóst hvort þetta hefði getað tekist á því tímabili, sem ákæra snýr að. Minni háttar minnkun bankakerfisins á árinu 2008 hefði ekki getað bjargað bönkunum eða skipt neinu fyrir tjón ríkisins vegna falls þeirra. Vandamál í tengslum við hlutfallið, sem hafi verið milli heildarskuldbindinga bankakerfisins annars vegar og þjóðarframleiðslu hins vegar, hafi átt sér hliðstæður í öðrum atvinnugreinum, svo sem í áliðnaði og sjávarútvegi. Ekki hafi staðið til að ríkið færi að bjarga bönkunum, enda hafi legið fyrir að beita ætti markaðslausn samhliða því að bjarga innstæðum. Raunhæfasti mælikvarðinn á það hvað bankakerfi geti orðið stórt sé orðspor þess, en þegar traust á íslensku bankana hafi gengið til þurrðar hafi þessi hlutfallsvandi aukist. Bankarnir hafi þannig grafið sína gröf á laun.

5

Um afmörkun sakarefnis í lið 1.5 í ákæru vísar ákærði til þess að liðurinn lúti eingöngu að því að hann hafi ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að það hafi verið unnið með virkum hætti að flutningi Icesave reikninga frá útibúi Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi til dótturfélags og leitað síðan leiða til að stuðla að framgangi flutningsins með virkri aðkomu ríkisins. Sé þannig ekki til skoðunar hvort unnið hafi verið að því að draga úr innstæðum á þessum reikningum. Þá telur ákærði það hafa komið fram í málatalbúnaði ákæruvaldsins að hann hafi fyrst haft tilefni til að beita sér í þessu efni um miðjan júlí 2008 og taki því þessi liður í ákæru aðeins til tímabilsins upp frá því og fram í október sama ár.

Ákærði bendir á að málefni Landsbanka Íslands hf. og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafi heyrt undir annan ráðherra á því tímabili, sem ákæra tekur til, og hafi sá ráðherra að auki látið málið til sín taka. Af sömu ástæðum og áður greinir um lið 1.4 í ákæru leiði þetta til sýknu ákærða. Án tillits til þess sé því einnig borið við að ekki verði litið svo á að ákærði hafi sýnt af sér ásetning eða stórfellt hirðuleysi við mat á aðstæðum.

Ákærði ber því við að innlánasöfnun Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi geti ekki hafa talist hættu fyrir heill ríkisins, enda liggi ekkert fyrir um ábyrgð þess á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Líta verði til þess að fjárhagur tryggingarsjóðsins hafi verið aðskilinn frá efnahag ríkisins og engin tengsl milli eigna og skuldbindinga hvors um sig, en Ríkisendurskoðun hafi ítrekað látið í ljós þá skoðun að ekki væru forsendur til að telja að tryggingarsjóðurinn væri eign ríkisins eða það bæri ábyrgð á skuldbindingum hans. Því hafi aldrei verið lýst yfir af hálfu ríkisins að það myndi ábyrgjast skuldbindingar banka ef þeir féllu. Þá hafi ríkið mótmælt því að það beri ábyrgð á skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Hagsmunir ríkisins geti ekki talist hafa verið í hættu nema því sé haldið fram að það beri ábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins, en það sé í beinni andstöðu við það, sem ríkið haldi fram í máli á hendur því fyrir EFTA-dómstólnum. Jafnvel þótt síðar yrði komist að þeirri niðurstöðu að sú ábyrgð hafi verið fyrir hendi verði það hvorki metið ákærða til ásetnings né stórkostlegs gáleysis að hafa stuðst við afdráttarlaust orðalag íslenskra laga og álit Ríkisendurskoðunar á þessum tíma. Verði að gæta að því að ábyrgð ríkisins hafi tekið til þess eins að koma á kerfi fyrir innstæðutryggingar í samræmi við reglur á evrópska efnahagssvæðinu, en slíku kerfi hafi aldrei verið ætlað að mæta bankahruni. Þegar slíkt komi upp verði ríki að meta hvort það geti notað almannafé til að mæta tjóni innstæðueigenda eða fara þá leið, sem hér hafi verið farin í október 2008, og veita þeim forgangsrétt við slit fjármálafyrirtækis. Við mat á því hvort ákærði hafi getað séð hættuna fyrir verði að hafa í huga að hann hafi ekki getað gert ráð fyrir að ríkið myndi greiða skuldir bankanna eða kröfur um innstæður í þeim og heldur ekki að ríkið bæri ábyrgð á skuldbindingum tryggingarsjóðsins. Af þessum sökum hafi ekki verið fyrir hendi nein slík hættu, sem lýst sé í b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963, en þessi sömu rök eigi einnig við um ætlað brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga.

Þegar nýr stjórnarformaður hafi tekið til starfa í Fjármálaeftirlitinu í byrjun árs 2008 hafi áhyggjur hans vegna innlánasöfnunar Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi

ekki beinst að stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, heldur því hversu kvikar þessar innstæður hafi verið, en Seðlabanki Íslands hafi ekki ráðið yfir nægum gjaldeyrisvarasjóði til að mæta slíkum úttektum. Framan af ári 2008 hafi verið litið jákvætt á erlenda innlánasöfnun bankanna, þar á meðal Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi. Einnig hafi verið ákveðið í bankaráði Seðlabanka Íslands 25. mars 2008 að afnema bindiskyldu vegna þessara innlána. Sú ákvörðun hafi hvorki verið borin undir ákærða né hafi honum verið kunnugt um hana. Ekki sé unnt að gera þá kröfu til forsætisráðherra að hann hafi á þessum tíma haft forsendur til að taka fram fyrir hendur á þeim, sem höfðu eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja.

Ákærði telur enn fremur ósannað að unnt hefði verið að ljúka flutningi Icesave reikninganna til dótturfélags Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi á svo skömmum tíma, sem ákæra tekur til, enda hafi breska fjármálaeftirlitið krafist þess að bankinn flytti um leið stóran hluta eigna sinna til dótturfélagsins. Ákærði hafi ekki haft raunhæf eða skynsamleg úrræði til að tryggja framgang þess. Ekkert hafi komið fram í málinu, sem sýni fram á að afskipti ákærða hefðu leitt til þess að Icesave reikningarnir hefðu verið fluttir til dótturfélags í tæka tíð, en getgátur um slíkt geti ekki bakað honum refsíabyrgð. Flutningur Icesave reikninganna til dótturfélags hafi verið háður samþykki breskra stjórnvalda og því ekki á valdi stjórnvalda hér á landi að taka um það ákvarðanir. Allt frá því að Landsbanki Íslands hf. hafi tekið upp viðræður við breska fjármálaeftirlitið í mars eða apríl 2008 um flutning Icesave reikninganna hafi stofnunin krafist meðal annars að eignir yrðu fluttar til dótturfélags á móti innlánnum og að varasjóður yrði tiltækur vegna úttekta af reikningunum. Þessar kröfur hafi aukist jafnt og þétt eftir því sem liðið hafi á árið og megi fullyrða að samskipti bankans við bresku stofnunina hafi þegar til lengdar lét einkennst af nokkurri hörku hennar og óbilgirni, þar á meðal gagnvart óskum bankans um aðlögunartíma og flutning eigna í áföngum. Ekki hafi verið dregið úr þessum kröfum þrátt fyrir málaleitan Fjármálaeftirlitsins og annarra íslenskra stjórnvalda, þar á meðal viðskiptaráðherra, þótt málefnalegar ástæður hafi staðið til þess, svo sem skilmálar í lánssamningum bankans og erfiðar aðstæður á mörkuðum. Ákærði hafi enga heimild haft að lögum til að knýja fram slíka breytingu á rekstri Landsbanka Íslands hf. eða til virkari afskipta en raun varð á. Þá hafi ekki verið sýnt fram á hvað hann hefði í raun getað gert til að flutningur reikninganna næði fram að ganga, en hafa verði hugfast í þessu sambandi að önnur íslensk stjórnvöld áttu meðal annars í viðræðum við bresk stjórnvöld vegna þessa.

Ákærði telur að allt fram í ágúst 2008 hafi verið eðlilega staðið að aðgerðum til að flytja Icesave reikningana til bresks dótturfélags Landsbanka Íslands hf., jafnt hjá bankanum, Fjármálaeftirlitinu og breska fjármálaeftirlitinu. Hann hafi reglulega fengið upplýsingar um gang viðræðna og honum því verið kunnugt um að viðskiptaráðuneytið og Seðlabanki Íslands fylgdust með þeim. Um flókin viðfangsefni hafi verið að ræða, sem einungis viðkomandi banki og eftir atvikum eftirlitsstofnanir hafi haft aðstöðu til að meta. Á þessu stigi hafi ekkert gefið ákærða tilefni til að ætla að bankinn ynni ekki að málinu af heilindum. Þá hafi ekkert komið fram af hálfu eftirlitsstofnana, sem gefið hafi til kynna að málið væri ekki í eðlilegum farvegi. Síðsumars 2008 hafi ákærða orðið kunnugt um ágreining milli bankans og breska fjármálaeftirlitsins um skilyrði fyrir flutningi reikninganna, en ekki talið að þörf væri á afskiptum íslenskra stjórnvalda. Ekki hafi komið til álita að veita bankanum fyrirgreiðslu, sem hefði að öllum líkindum leitt til ófyrirsjáanlegs tjóns fyrir heill ríkisins, enda um verulegar fjárhæðir að ræða í erlendum gjaldeyri og yfirgnæfandi líkur á, bæði á þeim tíma og í ljósi þess sem síðar gerðist, að þær hefðu að stærstum hluta tapast og því fallið á ríkið. Það hafi verið mat ákærða og annarra stjórnvalda að halda bæri fyrirgreiðslu til bankanna í lágmarki, sem hafi verið grundvallaratriði til að stefna ekki fjárhagsstöðu ríkisins og lánstrausti í hættu, og hafi því mati ekki verið hnekk. Þess í stað hafi íslensk stjórnvöld átt í viðræðum ytra til að greiða fyrir flutningi reikninganna til dótturfélags, sem hafi ekki borið árangur. Ekkert bendi til að bankinn hafi verið fær um að uppfylla kröfur breska fjármálaeftirlitsins. Þá hefði flutningur reikninganna ekki getað tekið gildi gagnvart innstæðueigendum nema að lokinni lögbundinni málsmeðferð samkvæmt breskum lögum. Að þessu öllu virtu verði ekki séð að fært hefði verið að flytja Icesave reikningana til bresks dótturfélags Landsbanka Íslands hf. í tæka tíð.

Fjármálaeftirlitið hafi haft það verkefni að fylgjast með framgangi flutningsins á reikningunum. Á fundi með samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað 7. júlí 2008 hafi forstjóri Fjármálaeftirlitsins upplýst að stjórnendur Landsbanka Íslands hf. væru á leið til London til viðræðna við breska fjármálaeftirlitið um þetta mál. Bankinn hafi á fyrri hluta árs 2008 sótt það stíft að fá að flytja reikningana yfir í dótturfélag, en á þeim tíma hafi breska stofnunin ekki samþykkt það. Þær viðræður hafi endað með því að gerður hafi verið samningur um lausafjárstýringu bankans, sem tekið hafi mið af breskum reglum. Síðan hafi orðið viðhorfsbreyting hjá breskum stjórnvöldum, því í byrjun júlí 2008 hafi breska stofnunin farið að leggja áherslu á að reikningarnir yrðu

fluttir til dótturfélags. Á sama fundi samráðshópsins hafi komið fram að eðlilegt væri að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands fylgdu málum eftir í þeirri viku, en ráðherrar kæmu að málinu í vikunni á eftir. Á þessu tímamarki hafi ekki verið talið að afskipti ráðherra hafi verið nauðsynleg. Þá hafi jafnframt verið ljóst að samráðshópurinn hafi talið það í verkahring seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins að fylgja málinu eftir. Á fundi samráðshópsins 22. júlí 2008 hafi komið fram að svo virtist sem Landsbanki Íslands hf. væri orðinn mótdrægur því að flytja innlán til dótturfélags og hafi þetta aftur komið til umræðu á næsta fundi samráðshópsins 31. sama mánaðar. Þar hafi komið fram að breska fjármálaeftirlitið hafi gert frekari kröfur og það með mikilli hörku. Á fundinum hafi verið spurt hvort ástæða væri fyrir ráðherra til að láta málið til sín taka, en talið hafi verið heppilegra að Fjármálaeftirlitið sæi um það. Þannig hafi það verið mat samráðshópsins að afskipti ráðherra væru hvorki nauðsynleg né æskileg. Ljóst sé að stjórnendur seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafi talið málið vera í réttum farvegi. Ekki verði dregin önnur ályktun af því en að ákærði hafi verið fullvissaður um að verið væri að vinna að málinu með virkum hætti með samningaviðræðum Landsbanka Íslands hf. við breska fjármálaeftirlitið, fundum þess við íslensk stjórnvöld og reglubundinni umfjöllun í samráðshópnum.

Hinn 15. ágúst 2008 hafi Landsbanka Íslands borist bréf frá breska fjármálaeftirlitinu, sem sett hafi málið í nýjan farveg. Í fyrsta lagi hafi þess verið krafist að þær eignir, sem fluttar yrðu til dótturfélags, myndu samsvara því að 60% af innstæðum á Icesave reikningunum yrðu teknar út á fjórum mánuðum, en eins og vitnið Jón Þorsteinn Oddleifsson hafi staðfest fyrir dómi hafi þetta í raun svarað til þess að áhlaup væri hafið á Landsbanka Íslands hf. Í öðru lagi hafi veruleg áhætta verið fólgin í stórfelldri ráðstöfun eigna bankans með þessum hætti, svo sem fram hafi komið í álitgerð lögfræðistofunnar Allen & Overy LP, en slíkt hefði getað leitt til þess að lán til bankans yrðu gjaldfelld. Í þriðja lagi hafi verið óljóst hvernig flutningurinn yrði framkvæmdur gagnvart innstæðueigendum, en í því sambandi hafi verið rætt um þrjár leiðir og hafi engin þeirra verið einföld. Þrátt fyrir þetta hafi ekki á þessum tíma verið talin þörf á afskiptum ákærða vegna málsins og hafi íslensk stjórnvöld farið þá leið að senda viðskiptaráðherra til fundar við breska fjármálaráðherrann í byrjun september 2008. Verði að líta á það sem virka aðkomu í skilningi þessa liðar í ákæru. Þegar hér hafi verið komið sögu hafi verið komið fram yfir þau tímamörk, þar sem ríkið hefði haft getu til að fjármagna íslenska banka í

lausafjárkreppu, en samkvæmt framburði vitna fyrir dómi hafi svo verið komið í raun á árinu 2005. Þeir, sem þetta málefni hafi aðallega snúið að, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og bankastjórar Seðlabanka Íslands, hafi ítrekað sagst ætla að sinna því sjálfir án afskipta ráðherra. Settur ríkissaksóknari hafi látið þá afstöðu í ljós 7. júlí 2010 að þessir embættismenn hafi ekki sýnt af sér nokkra vanrækslu í starfi og ekki talið ástæðu til að rannsaka frekar þátt þeirra í málinu. Það hljóti að setja málshöfðun gegn ákærða í sérstakt ljós.

Loks ber ákærði fyrir sig að hugsanlegri hættu á að skuldbindingar vegna Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. féllu á íslenska ríkið hafi verið afstýrt að verulegu leyti með setningu laga nr. 125/2008, þar sem kröfur vegna innstæðna voru gerðar að forgangskröfum við slit fjármálafyrirtækja í stað þess að teljast til almennra krafna. Hæstiréttur hafi hafnað því að þessi lagabreyting hafi verið andstæð stjórnarskrá, sbr. meðal annars dóm 28. október 2011 í máli nr. 340/2011. Eftir standi ágreiningur um það eitt hvort ríkinu beri að greiða vexti vegna greiðslu breska tryggingarsjóðsins á innstæðum á Icesave reikningunum, en verulegur vafi ríki um réttmæti kröfu um þetta.

6

Ákærði reisir kröfu sína um sýknu af þeim sökum, sem hann er borinn í 2. lið ákæru, í fyrsta lagi á því að 17. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963, uppfylli ekki kröfur, sem gerðar séu til skýrleika refsheimilda. Verði ekki á þetta fallist ber ákærði í annan stað fyrir sig að verknaðarlýsingu í þessum lið ákæru sé verulega ábótavant. Af henni verði ekki ráðið hvernig það verði talið brot gegn 17. gr. stjórnarskrárinnar að lítið, en þó eitthvað, hafi verið fjallað um yfirvofandi háska á ráðherrafundum. Í ákvæðinu sé ekki áskilið að formlegar umræður fari fram á fundum ráðherra og þaðan af síður að þær séu færðar til bókar. Þá sé þess ekki getið í ákvæðinu að leggja skuli fram skýrslur á fundum ríkisstjórnarinnar. Í þessu ljósi hefði verið brýnt að rökstyðja í ákæru hvaða athafnaskyldu leiði af 17. gr. stjórnarskrárinnar og við hvaða hlutlægu viðmiðanir eigi að styðjast í því sambandi.

Að þessu frágengnu byggir ákærði á því að ekki fái staðist sú lögskýring, sem 2. liður ákæru sé reistur á. Orðalag 17. gr. stjórnarskrárinnar gefi engar vísbendingar um hvað geti talist mikilvæg stjórnarmálefni, en líta verði til þess að í málinu reyni á skýringu ákvæðisins við úrlausn um refsiverða háttsemi og verði ákvæðinu því ekki gefin víðtækari merking en leiði beinlínis af orðanna hljóðan. Vegna vafa um inntak ákvæðisins að þessu leyti beri að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Hafa verði í huga að ríkisstjórnin sé pólitískur samráðsvettvangur. Þar séu ekki teknar ákvarðanir, heldur kynni ráðherrar þegar þeir kjósi málefni, sem þeir vinni að og vilji fá pólitískan stuðning við. Stjórnskipulegt hlutverk ríkisstjórnar sé ekkert að þessu leyti. Því verði refsíabyrgð ákærða ekki reist á því að ekki hafi verið haldnir fundir, sem í raun hafi ekki haft þýðingu að öðru leyti en hér var greint.

Þá geti brot gegn 17. gr. stjórnarskrárinnar ekki talist þess eðlis að það varði refsingu samkvæmt c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963. Síðarnefnda ákvæðið taki samkvæmt tilgangi sínum eingöngu til alvarlegra stjórnarskrárbrota og geti því ætluð vanræksla á að ræða tiltekin efni á ráðherrafundum ekki fallið í þann flokk brota, sem það taki til. Gengi slík skýring einnig gegn tilgangi og forsögu 17. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 17. gr. hafi upphaflega tengst því að ráðherrar Íslands hafi þurft að bera málefni undir þjóðhöfðingja í Kaupmannahöfn og hafi verið gert ráð fyrir því að þau væru sérstaklega tekin fyrir á fundum ráðherra hér á landi áður. Eðli þessa ákvæðis hafi ekki breyst þótt breyting hafi orðið á staðsetningu þjóðhöfðingjans. Í lögskýringargögnum vegna stjórnarskipunarlaga frá 1920 komi fram hvað teljist vera mikilvæg stjórnarmálefni, en þar sé ráðgert að það séu sömu mál og skuli borin upp við konung í ríkisráði. Í 5. gr. tilskipunar nr. 82/1943 um starfsreglur ríkisráðs sé skilgreint hvaða málefni teljist mikilvæg í þessu samhengi. Sé þar um að ræða allar þær athafnir, sem atbeina þjóðhöfðingja þurfi til samkvæmt öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ríkisstjórnarfundir séu ekki sameiginlegur vettvangur ráðherra til að ræða mál við aðra ráðherra, enda væri þá ríkisstjórnin orðin fjölskipað stjórnvald og væri þar með ekki lengur grundvöllur fyrir verkaskiptingu innan hennar. Þá verði að líta til þess að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar hafi ekki verið talið standa því í vegi að einstakir ráðherrar ræði tiltekin mál sín í milli, tveir eða fleiri, án þess að bera þau upp á ríkisstjórnarfundum. Hafi það ráðist af eðli máls hverju sinni og verði ekki annað séð en að þannig sé enn staðið að verki. Ekki fái staðist að slíkir fundir fari í bága við stjórnskipunarreglur eða að formlegir ráðherrafundir séu forsenda þess að Alþingi geti haft eftirlit með ríkisstjórn.

Fundargerðir ríkisstjórnarinnar verði ekki hafðar til marks um það hvað rætt sé um á fundum hennar. Almennt séu þær aðeins upptalning á því, sem sé á dagskrá funda, og alls ekki tæmandi. Oft og tíðum hafi á fundunum verið rætt um ýmislegt annað en það, sem þar sé beinlínis talið upp, meðal annars undir dagskrárlið fyrir önnur mál. Jafnvel þótt aðeins yrði litið á fundargerðirnar sé ljóst að oft hafi verið rætt um stöðu efnahagsmála og tengd málefni á ríkisstjórnarfundum á því tímabili, sem

ákæra tekur til. Það hafi skýrlega komið fram í vitnisburði fyrrverandi ráðherra fyrir dómi að iðulega hafi verið fjallað um bankakerfið á fundum ríkisstjórnarinnar, annars vegar undir sérstökum dagskrárliðum, sem tengdust efnahagsmálum almennt, og hins vegar undir liðnum önnur mál. Í 17. gr. stjórnarskrárinnar sé þess ekki krafist að mikilvæg stjórnarmálefni séu sérstakur liður á dagskrá ríkisstjórnarfunda.

VII

1

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð skal ákveðin með lögum og getur Alþingi kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Í samræmi við þessi fyrirmæli segir í 1. gr. laga nr. 4/1963: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því sem fyrir er mælt í stjórnarskrá og lögum þessum. Ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taka einnig til ráðherra eftir því, sem við getur átt.“

Eins og fram kom í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 4/1963, er þar lögð refsing „við þeim brotum, sem óttast má af ráðherra sérstaklega og ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi ná ekki til.“ Lög þessi taka því eingöngu til brota ráðherra, sem leiða af stjórnskipulegri stöðu hans og framin eru í skjóli þess valds, sem honum er fengið í 13. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. gr. hennar. Með 2. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að ráðherra verði krafinn ábyrgðar „fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um,“ er athafnaleysi lýst refsivert engu síður en athafnir.

Sú ábyrgð, sem mælt er fyrir um í 14. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. laga nr. 4/1963, kemur til viðbótar þeirri þinglegu eða pólitísku ábyrgð sem ráðherra ber gagnvart Alþingi á embættisfærslu sinni á grundvelli þingræðisreglunnar. Þótt þinglega ábyrgðin veiti ráðherra mikið aðhald er gengið út frá því í stjórnarskránni að brot hans í embætti geti varðað hann refsíábyrgð eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum. Af samanburði á þessari tvenns konar ábyrgð verður að álykta að það séu aðeins alvarlegar ávirðingar í starfi, sem leitt geta til þess að ráðherra verði gerð refsing. Samkvæmt því getur það eitt að háttsemi hans sé gagnrýnisverð eða ámælisverð ekki fallið undir þá lagalegu ábyrgð, sem hér um ræðir, heldur þarf meira að koma til. Það ræðst síðan af mati á öllum atvikum hvort tiltekin háttsemi ráðherra telst svo alvarleg að hún verði hann refsingu, annaðhvort samkvæmt lögum nr. 4/1963 eða almennum hegningarlögum, sbr. 2. mgr. 1. gr. fyrrnefndu laganna.

Í málinu er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn tveimur ákvæðum laga nr. 4/1963, annars vegar b. lið 10. gr., sbr. liði 1.3, 1.4 og 1.5 í ákæru, og hins vegar c. lið 8. gr. laganna, sbr. ákærulið 2. Er ákærði talinn hafa bakað sér refsíabyrgð með athafnaleyssi sínu meðan hann gegndi embætti forsætisráðherra og er sú vanræksla, sem hann er sakaður um, bundin í ákæru við rúmlega átta mánaða tímabil á árinu 2008.

Samkvæmt b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963 varðar það ráðherra refsingu „ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.“ Af ákvæðinu leiðir að sett eru þrjú hlutlæg skilyrði fyrir því að athafnaleyssi eins og það, sem ákærði er borinn sökum um í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í ákæru, teljist refsivert. Í fyrsta lagi að heill ríkisins hafi verið stefnt í hættu. Með því er vísað til hagsmuna ríkisins, en meðal þess, sem getur fallið undir þetta orðalag, er að fjárhagslegum hagsmunum eða greiðslugetu ríkisins hafi verið stefnt í hættu. Eitt af því, sem bakað getur ráðherra refsíabyrgð að þessu leyti, er að hann hafi tekið hagsmuni annarra fram yfir hag ríkisins og þar með stofnað heill þess í hættu á ótilhlýðilegan hátt. Með því að vísað er í ákvæðinu til þess að heill ríkisins hafi verið stofnað í hættu felst ekki í því að það sé skilyrði fyrir refsíabyrgð að ríkið hafi í reynd orðið fyrir tjóni. Í öðru lagi að ráðherra hafi látið undir höfuð leggjast, þótt hættan fyrir heill ríkisins hafi verið fyrirsjáanleg, að sinna athafnaskyldu og grípa til þeirra aðgerða, sem tilgreindar eru í framangreindum liðum ákæru. Í síðari hluta b. liðar 10. gr. laganna, þar sem athafnaleyssi ráðherra er lýst refsivert, er það í þriðja lagi gert að skilyrði að athafnir þær, sem honum bar að viðhafa, hefðu getað afstýrt slíkri hættu, sem áður greinir. Með þessu er áskilið að ráðherra eða einhver að hans fyrirlagi hafi raunverulega átt þess kost að bregðast við hættu, sem steðjaði að heill ríkisins, ýmist þannig að slíkar aðgerðir hefðu verið fallnar til að bægja hættunni algerlega frá eða að minnsta kosti að draga verulega úr henni.

Samkvæmt c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963 er það refsivert ef ráðherra, fyrir utan þau tilvik sem greinir í a. og b. lið greinarinnar, „annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er

fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir.“ Í síðari hluta þessa ákvæðis er lýst beinu athafnaleysisbroti, sem þýðir að það eitt að ráðherra láti farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem fyrirskipað er í stjórnarskránni eða valdi því, að framkvæmd þess farist fyrir, er refsivert brot án tillits til afleiðinga eða hættueiginleika slíks aðgerðaleysis. Eins og tekið var fram í athugasemdum með frumvarpinu, sem varð að lögum nr. 4/1963, hefur c. liður 8. gr. þeirra að geyma almennt ákvæði, sem tekur til allra annarra stjórnarskrárbrota en þeirra, sem sérstaklega eru lýst refsiverð í öðrum stafliðum greinarinnar. Samkvæmt því fellur undir verknaðarlýsingu ákvæðisins að sinna ekki þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 17. gr. stjórnarskrárinnar að halda ráðherra fundi „um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni.“

Í 2. gr. laga nr. 4/1963 er kveðið á um huglæg skilyrði ráðherraábyrgðar. Þar segir að ráðherra megi krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er mælt fyrir um í lögnum, meðal annars fyrir vanrækt starfa, „ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins ... eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.“ Af þessu leiðir að ráðherra verður ekki sakfelldur, jafnvel þótt hlutlæg skilyrði ráðherraábyrgðar séu fyrir hendi, nema hann hafi framið brotið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sé um að ræða hættubrot eins og það, sem lýst er refsivert í b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963, er það forsenda fyrir því að háttsemi teljist ráðherra saknæm að hann hafi vitað eða að minnsta kosti mátt vita um þá hættu, sem steðjaði að hagsmunum ríkisins.

3

Samkvæmt íslenskri stjórnskipun eru ráðherrar í reynd æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins auk þess sem sérhver þeirra fer með óskorað vald á því stjórnsýsluviði, sem heyrir undir hann, nema öðru vísi sé mælt í lögum. Ríkisstjórnin er því ekki fjölskipað stjórnvald nema í undantekningartilvikum. Þessar meginreglur verða leiddar af 1. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að forseti Íslands sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, 1. mgr. 13. gr. og 14. gr., sem mæla svo fyrir að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt og þeir beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, 15. gr., sem segir að forseti skipti störfum með ráðherrum, og loks 18. og 19. gr., þar sem boðið er að sá ráðherra, sem hefur undirritað mál, skuli að jafnaði bera það upp fyrir forseta og undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veiti þeim gildi þegar ráðherra ritar undir þau með honum.

Eins og í öðrum lýðræðis- og þingræðisríkjum verður að ganga út frá því hér á landi að ráðherrar, sem yfirleitt njóta stuðnings meiri hluta Alþingis og bera sem fyrr segir ábyrgð gagnvart því, taki pólitískar ákvarðanir, sem eiga undir framkvæmdarvaldið. Ráðherrar geta því aðeins rækt þetta hlutverk svo að viðhlítandi sé að þeim berist jafn óðum upplýsingar um mikilvæg mál, sem eru til meðferðar í ráðuneytum þeirra og á stjórnsýslusviðum, sem þeir bera ábyrgð á. Í samræmi við það hvílir skylda á embættismönnum til að veita ráðherrum upplýsingar um þess háttar mál og veita þeim jafnframt faglega ráðgjöf við úrlausn þeirra. Á þetta sérstaklega við um ráðuneytisstjóra, sem stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, sem í gildi voru á árinu 2008. Fáir ráðherra upplýsingar, sem gefa honum tilefni til að kanna mál nánar, ber honum að fela starfsmönnum ráðuneytis eða stofnunum, sem undir hann heyra, að gera það svo að hann geti tekið ákvörðun í því. Lægra settum stjórnvöldum er að jafnaði skylt að framfylgja ákvörðunum ráðherra, enda samrýmist þær lögum og óskráðum reglum stjórnsýsluréttar. Þótt stjórnunarvaldi ráðherra séu takmörk sett þegar í hlut eiga sjálfstæðar stofnanir, svo sem Seðlabanki Íslands, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2001, er ráðherra bæði rétt og skylt að hafa eftirlit með starfsemi þeirra eins og annarra, sem undir verksvið hans heyra, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1969.

Af þeim ákvæðum laga nr. 4/1963, sem leggja refsingu við athafnaleysi ráðherra, verður dregin sú ályktun að við vissar aðstæður, svo sem ef hætta steðjar að heill ríkisins, sbr. b. lið 10. gr. laganna, hvíli sú stjórnskipulega skylda á ráðherra sem æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins á stjórnsýslusviði sínu, að sýna frumkvæði og beita sér fyrir aðgerðum til að afstýra slíkri hættu. Þegar þeim tilvikum sleppir er það á hinn bóginn almennt undir mati ráðherra sjálfs komið hvernig hann eða þeir, sem undir boðvald hans heyra, bregðast við aðstæðum, hvort sem er með athöfnum eða athafnaleysi, nema sérstaklega sé kveðið á um athafnaskyldu ráðherra í lögum. Það ræðst af atvikum hverju sinni, meðal annars af mikilvægi máls fyrir hagsmuni alls almennings, hvort og þá hvenær fyrrgreind stjórnskipuleg skylda ráðherra til að hefjast handa verður virk. Ef aðsteðjandi vandi er þess eðlis að honum verður aðeins ráðið til lykta af stjórnvöldum með pólitískri ákvörðun aukast líkurnar á því að slík athafnaskylda stofnist eftir því sem almannahagsmunirnir eru ríkari og lengri tími líður án þess að vandinn leysist af öðrum ástæðum en með aðgerðum ríkisins.

Staða og störf ráðherra eru annars eðlis en annarra embættismanna ríkisins. Í því efni er þess meðal annars að gæta að lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins taka ekki til þeirra, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Engu að síður hvíla ýmsar skyldur, sem þar er mælt fyrir um, ekki síður á ráðherrum en öðrum ríkisstarfsmönnum, enda teljast þeir opinberir starfsmenn í skilningi laga. Meðal þeirra er þagnarskylda, en í 18. gr. laga nr. 70/1996 segir að hverjum starfsmanni sé skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Í 136. gr. almennra hegningarlaga er lögð refsing við því ef opinber starfsmaður segir frá nokkru, sem leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan. Af upplýsingalögum nr. 50/1996 verður jafnframt ráðið að rík þagnarskylda hvíli á ráðherrum um mál, sem leynt skulu fara eftir lögum eða eðli máls, meðal annars þau, sem rædd eru á ráðherrafundum, en samkvæmt 1. tölulið 4. gr., sbr. og 2. tölulið 2. mgr. 9. gr. laganna tekur réttur til aðgangs að gögnum ekki til fundargerða ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala, sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.

4

Forsætisráðherra hefur sérstöðu í samanburði við aðra ráðherra. Í niðurlagi 17. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að hann er í forsæti fyrir ríkisstjórn og stjórnarfundum hennar, sem nefnast ráðherrafundir. Í 1. mgr. 3. gr. þágildandi laga nr. 73/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1997, sagði að forsætisráðherra fæli starfsmanni forsætisráðuneytisins að gegna störfum ritara ráðherrafunda og skyldi hann samkvæmt 2. mgr. fyrrnefndu lagagreinarinnar skrá fundargerð hvers fundar í gerðabók þegar ráðherra höfðu staðfest fundargerðina. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1969 skar forsætisráðherra úr ef vafi þótti leika á því undir hvert ráðuneyti málefni heyrðu, en verkaskipting ráðuneyta og þar með ráðherra fór eftir ákvæðum reglugerðar, sem forseti Íslands setti samkvæmt tillögum forsætisráðherra, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Önnur ákvæði um stöðu og störf forsætisráðherra, sem hér skipta máli, var ekki að finna í settum lögum árið 2008. Þrátt fyrir það voru á þeim tíma í gildi óskráðar réttarreglur um þau efni, meðal annars um hlutverk forsætisráðherra við skipun annarra ráðherra og lausn þeirra frá störfum. Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar skipar forseti Íslands ráðherra og veitir þeim lausn. Af 1. mgr. 13. gr. og 19. gr. hennar leiðir að forseti getur ekki tekið slíkar ákvarðanir nema að tillögu forsætisráðherra. Samkvæmt því hefur forsætisráðherra stjórnskipulegt vald til að biðjast lausnar fyrir ráðherra, meðal annars í því tilviki að hann telji ráðherrann hafa

brotið gegn starfsskyldum eða ekki sinnt störfum sínum sem skyldi, og gera eftir atvikum tillögu um skipun nýs ráðherra í hans stað. Þótt þessar reglur hafi nú verið leiddar í lög með 3. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands leikur ekki vafi á að þær giltu áður á grundvelli framangreindra stjórnarskrárákvæða. Þá er í 8. gr. laga nr. 115/2011 mælt svo fyrir að forsætisráðherra beri að gæta þess að verkaskipting ráðherra sé eins skýr og kostur er og skulu ráðherrar leitast við að samhæfa stefnu og aðgerðir ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast. Að virtu forystuhlutverki forsætisráðherra, sem gengið er út frá í 17. gr. stjórnarskrárinnar, verður að líta svo á að með þessari lagagrein hafi einnig verið lögfestar reglur, sem áður giltu samkvæmt íslenskri stjórnskipun.

Eins og áður greinir áttu meðal annars hagstjórn ríkisins almennt, málefni Seðlabanka Íslands og Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins sérstaklega undir ákærða sem forsætisráðherra auk mála, sem vörðuðu ríkisstjórnina í heild, svo sem kveðið var á um í 2. gr. reglugerðar nr. 177/2007. Að auki hvíldi á honum samkvæmt framansögðu sú skylda að samhæfa aðgerðir ráðherra og hafa eftirlit með störfum þeirra. Vegna þessa var ekki útilokað þá fremur en nú að sú aðstaða kæmi upp að honum bæri vegna stöðu sinnar sem fyrirsvarsmanns ríkisstjórnar að láta til sín taka málefni, sem heyrðu undir aðra ráðherra.

Í lögum nr. 4/1963 er hlutdeild ráðherra í broti annars ráðherra ekki lýst almennt refsiverð á sama hátt og í 22. gr. almennra hegningarlaga. Verða fyrirnefndu lögini ekki skýrð á þann veg að forsætisráðherra beri vegna stöðu sinnar slíka ábyrgð á athöfnum eða athafnaleysi, sem aðrir ráðherrar í ríkisstjórn hans kunna að gera sig seka um.

VIII

1

Ákærði reisti kröfu sína um að málinu yrði vísað frá dómi, sem leyst var úr í úrskurði dómsins 3. október 2011, meðal annars á því að refsheimildir í 8. og 10. gr. laga nr. 4/1963 og 141. gr. almennra hegningarlaga væru svo óskýrar að sér væri ófært að taka til varna í málinu. Þeim röksemdum var hafnað í úrskurðinum og vísað til þess að leggja yrði mat á skýrleika þessara refsheimilda við úrlausn um efni málsins.

Í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Í þessu ákvæði felst grunnregla íslensks réttar um skýrleika refsheimilda,

sem á sér hliðstæðu í 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af henni leiðir að áskilja verður að refsheimild sé nægilega skýr til að ljóst sé af lestri lagaákvæðis hvaða háttsemi sé refsiverð.

Samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 verður ráðherra sekur samkvæmt þeim lögum ef hann framkvæmir eða veldur því að framkvæmt sé nokkuð, sem stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt framkvæmd þess sé ekki sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir. Mat á því hvort hugtökin heill ríkisins og fyrirsjáanleg hættu séu nægilega skýr til að fullnægja kröfum 69. gr. stjórnarskrárinnar verður að fara eftir hlutlægum mælikvarða. Hugtökin eru auðskilin góðum og gegnum manni í því embætti, sem ákærði gegndi. Þótt ákvæði b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 sé víðtækt felst í því fyrirsjáanlegur og sanngjarn mælikvarði um embættisfærslu ráðherra. Því sama gegnir um orðin mikilvæg stjórnarmálefni í 17. gr. stjórnarskrárinnar, sem eyðuákvæði c. liðar 8. gr. laga nr. 4/1963 nær meðal annars til. Að því verður að gæta að fyrir því er löng dómvenja að dómstólar varpi ljósi á og skýri inntak sambærilegra hugtaka. Það sama á við um túlkun dómstóla á orðunum vanræksla eða hirðuleysi í 141. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á með ákærða að lagaákvæðin, sem í ákæru er talið að hann hafi brotið gegn, séu ekki nægilega skýrar refsheimildir til að fullnægja kröfum 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar.

2

Í úrskurði dómsins 3. október 2011 var sem áður segir tekin til greina krafa ákærða um að sakargiftum í liðum 1.1 og 1.2 í ákæru yrði vísað frá dómi. Í fyrrnefnda liðnum var hann sakaður um að hafa á því tímabili, sem ákæra tekur til, sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu, sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins. Í úrskurðinum sagði meðal annars að sakargiftir samkvæmt þessum lið ákæru hafi ekki fullnægt þeim kröfum um skýrleika, sem gerðar séu í c. lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og yrði ekki talið að ákærði ætti þess kost að undirbúa vörn sína gegn svo almennt orðuðum sökum, sem hann var

borinn í þessum lið. Tekið var þó fram að eftir sem áður yrði að líta á þessa almennu lýsingu sem hluta ákærunnar til fyllingar öðrum liðum hennar.

Þeir liðir í 1. kafla ákæru, sem standa eftir til úrlausnar eftir frávísun fyrstu liðanna tveggja, eiga það sammerkt að háttsemin, sem ákærða er þar gefin að sök, er talin varða aðallega við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt fyrstnefnda lagaákvæðinu bakar ráðherra sér sem fyrr segir refsíabyrgð ef hann meðal annars stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með því að láta farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem afstýrt gat slíkri hættu. Í 11. gr. er mælt fyrir um að brot gegn lögnum varði eftir málavöxtum embættismissi, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í 141. gr. almennra hegningarlaga segir að opinber starfsmaður, sem gerist sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Af b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 og þeim sakargiftum, sem ákærði er borinn, má sjá að þau hlutlægu skilyrði, sem fyrir hendi þurfa að vera svo að til sakfellingar geti komið, eru í fyrsta lagi að á tímabilinu frá febrúar fram í októberbyrjun 2008 hafi verið fyrir hendi stórfelld hættu, sem steðjaði að íslenskum fjármálastofnunum og jafnframt ríkissjóði, í öðru lagi að á ákærða hafi hvílt skylda til þeirra athafna, sem nánar eru tilgreindar í hverjum ákærulið fyrir sig, með því að þessi hættu hafi verið honum fyrirsjáanleg á þeim tíma og loks í þriðja lagi að þær athafnir, sem ákærða hafi verið skylt að grípa til, hafi getað bægt þessari hættu frá eða dregið verulega úr henni. Í þessum kafla dómsins verður fjallað um hvort fyrstnefndu tvö skilyrðin, að svo miklu leyti sem þau eiga við um sakargiftir samkvæmt öllum ákæruliðunum 1.3, 1.4 og 1.5, hafi verið fyrir hendi á þeim tíma, sem málið snýr að.

3

Ákærði varð sem áður segir forsætisráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar 24. maí 2007. Eins og rakið hefur verið að framan birtust eftir þetta á árinu 2007 ýmsar skýrslur og aðrar upplýsingar um stöðu efnahagsmála og íslenska bankakerfisins. Þar var meðal annars getið álitis sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem lauk heimsókn hingað til lands 11. júní 2007, en það álit var almennt jákvætt að því er varðaði horfur til lengri tíma í efnahagsmálum þjóðarinnar, þótt talið væri að stjórnvöld þyrftu að takast á við ýmis vandamál. Var í því sambandi sérstaklega getið um mikinn viðskiptahalla, öra skuldasöfnun og viðvarandi verðbólgu. Um fjármálakerfið var sagt að bankarnir hafi staðist með þryði

þá erfiðleika, sem þeir áttu við að etja á árinu 2006, og bætt meðal annars úr ýmsum veikleikum sínum og aukið viðnámsþrótt. Bankar og eftirlitsstofnanir yrðu á hinn bóginn að beina sjónum að útlánnum, sem hafi vaxið mjög hratt, en það gæti gefið vísbendingar um útlánatap í framtíðinni. Bönkunum var einnig sögð stafa hætta af vaxandi erlendum lánnum til heimila og þeim bent á að fylgjast þyrfti með lánareglum og gæðum trygginga.

Seðlabanki Íslands birti tilkynningu 21. ágúst 2007 um að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi staðfest góðar lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs í ársfjórðungslegu mati sínu, auk þess sem horfur voru sagðar stöðugar.

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, sendi stjórn bankans minnisblað 9. október 2007, þar sem fram kom að lausafjárþrengingar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafi leitt til erfiðleika við fjármögnun íslensku bankanna og efasemda um mat á verðmæti eigna þeirra. Í minnisblaðinu kom fram að líkur væru á því að óvissa um fjármögnun og stöðu banka yrði ekki skammvinn.

Á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 15. nóvember 2007 kynnti Tryggvi Pálsson svonefnt stöðumat þegar fjallað var um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum. Í stöðumatinu var leitað svara við þeirri spurningu hvort íslenska fjármálakerfinu væri meiri hætta búin en á árunum 2005 og 2006 og taldi Tryggvi að svo væri. Einnig kom fram hjá honum að skuldatryggingarálag á stóru viðskiptabankana þrjá hafi snarhækkað á síðustu mánuðum og ætti fjármagnskostnaður þeirra og viðskiptamanna eftir að hækka talsvert.

Í tilkynningu Seðlabanka Íslands 20. nóvember 2007 kom fram að matsfyrirtækið Standard & Poor's Financial Services hafi breytt horfum um lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins úr stöðugum í neikvæðar vegna ójafnvægis í hagkerfinu, þótt einkunnirnar sem slíkar væru óbreyttar. Tekið var fram að ýmis nánar tilgreind teikn í íslenska hagkerfinu bæru vott um vaxandi hættu á harðri lendingu þess. Í framhaldi af breytingum þessa matsfyrirtækis á horfum í lánshæfiseinkunnum ríkisins komu sérfræðingar á vegum Moody's Investors Service til landsins 27. og 28. nóvember 2007 og munu meðal annarra hafa hitt ákærða. Í minnisblaði alþjóða- og markaðssviðs seðlabankans til bankastjórnar 30. nóvember 2007 var gerð grein fyrir því að sérfræðingarnir hafi haft áhyggjur af fjármálakerfinu og áhrifum af lausafjárkreppunni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þá hafi þeir viljað vita hvort og eftir atvikum hvernig íslensk stjórnvöld myndu bregðast við ef einn eða fleiri bankar þyrftu á aðstoð að halda og hvort þau hefðu bolmagn til að veita aðstoð. Um það hafi

sérfræðingar þessa matsfyrirtækis haft vaxandi efasemdir, ekki síst í ljósi stærðar bankakerfisins og mikillar starfsemi bankanna erlendis.

Á fundi í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað 10. janúar 2008 var gerð grein fyrir þróun á verði hlutabréfa í íslensku bönkunum og skuldatryggingarálagi þeirra. Á fundinum var einnig lýst áhyggjum af veikri stöðu stórra hluthafa í bönkunum, en hún var sögð leiða af sér neikvæða umræðu, sem síðar gæti haft áhrif á lánstraust og erlend innlán bankanna. Á öðrum fundi í samráðshópnum 15. sama mánaðar gerði ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu grein fyrir fundi ákærða með forstjórum bankanna, þar sem meðal annars hafi komið fram að vandi væri fyrir höndum í fjármögnun Glitnis banka hf. Á fundinum varpaði Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri einnig fram spurningu um hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli, sem hann taldi ekki lengur fjarstæðukenndan möguleika.

Á vettvangi Seðlabanka Íslands fór fram ýmiss konar vinna í tengslum við vaxandi erfiðleika íslensku bankanna við fjármögnun á markaði. Í fundargerð starfshóps bankans um lausafjávanda 23. janúar 2008 var fjallað um þessa erfiðleika og sérstaklega getið Landsbanka Íslands hf. og Glitnis banka hf. Fram kom að búið væri að skera á lánalínur þess fyrrnefnda og fyrirhugað útboð þess síðarnefnda á skuldabréfum hafi ekki gengið eftir. Þá var farið yfir skjal, sem nefnt var „ljóti listinn“ og hafði að geyma samantekt á aðfinnslum og neikvæðri umfjöllun um íslenskt fjármálakerfi, sem birst hafði í erlendum fjölmiðlum á síðustu vikum þar á undan. Tryggvi Pálsson sendi bankastjórn seðlabankans minnisblað 28. sama mánaðar, sem bar yfirskriftina „Hryllingsmynd“. Þar kom fram að íslensku bankarnir hafi verið með góða lausafjástöðu haustið áður og væri eiginfjárstaða þeirra slík að hún veitti þeim viðnámsþrótt og teldist góð við eðlileg skilyrði. Meginatriði minnisblaðsins var þó lýsing á miklum erfiðleikum íslensku bankanna við fjármögnun á erlendum lánsfjármörkuðum og háu skuldatryggingarálagi, sem þeir þyrftu að sæta. Þetta hefði í för með sér lakari lánskjör og neikvæð áhrif á rekstur þeirra. Var niðurstaðan í minnisblaðinu sú að hryllingsmynd blasti við ef fjármögnunarsvandinn myndi ekki leysast á næstu mánuðum.

Samtök fjármálafyrirtækja sendu ákærða bréf 25. janúar 2008, sem hafði að geyma áskorun til hans um að beita sér fyrir tilteknum ráðstöfunum á sviði peningamála til að sporna við samdrætti og bregðast við þröngri lausafjástöðu á alþjóðamörkuðum. Samtökin sendu ákærða einnig tölvubréf 4. febrúar 2008 ásamt

drögum að minnisblaði um efnahagsmál og stöðu fjármálakerfisins. Drögin voru merkt sem trúnaðarmál, en þau voru undirrituð af formanni samtakanna, sem var forstjóri Glitnis banka hf. Í þeim var meðal annars að finna ýmsar hugleiðingar um aðgerðir í efnahagsmálum og lýst áhyggjum „forystumanna í íslenskum fjármálageira“ af stöðunni í efnahagsmálum þjóðarinnar. Lýst var versnandi aðstæðum á alþjóðamörkuðum og því að kjör á lánnum íslenskra banka hafi gjörbreyst til hins verra á örfáum mánuðum. Einnig var bent á að matsfyrirtækið Moody's Investors Service hafi ákveðið að breyta horfum í lánshæfiseinkunnum tveggja íslenskra banka úr stöðugum í neikvæðar.

Seðlabanki Íslands greindi 28. janúar 2008 frá skýrslu Moody's Investors Service, þar sem fram kom að lánshæfismat íslenska ríkisins væri á krossgötum, fyrst og fremst vegna mikilla alþjóðlegra umsvifa stóru íslensku viðskiptabankanna og skulda, sem þeir hafi stofnað til. Lánshæfiseinkunnum var þó ekki breytt. Skýrslan var til umræðu á Alþingi daginn eftir og tók ákærði þátt í henni.

Á fundi starfshóps Seðlabanka Íslands um lausafjárnanda 29. janúar 2008 var rætt um að Moody's Investors Service hefði lánshæfiseinkunnir íslensku bankanna til endurskoðunar. Á fundinum var farið yfir samantekt fjármálasviðs seðlabankans, sem bar yfirskriftina: „Ef allt fer á versta veg í lausafjárnstöðu bankanna“, sem áður var greint nokkuð frá. Í samantektinni sagði meðal annars að fram hafi komið upplýsingar, sem gætu verið vísbending um að lánshæfiseinkunnir íslensku bankanna yrðu lækkaðar. Þá var talið að skuldatryggingarálag bankanna væri svo hátt að það ásamt öðru stæði því í vegi að þeir byðu út skuldabréf á alþjóðamarkaði. Í skjalinu komu einnig fram vangaveltur um aðgerðir vegna þess mikla vanda, sem fjármálakerfið væri í.

Ákærði boðaði utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, með skömmum fyrirvara á fund 7. febrúar 2008 með bankastjórn Seðlabanka Íslands, en í tölvubréfi um þetta tók ákærði fram að tilefnið væri ferð formanns bankastjórnarinnar til London, þar sem hann hafi rætt við „matsfyrirtæki og helstu fjármálastofnanir.“ Á fundinum voru einnig ráðuneytisstjórnin í forsætisráðuneytinu, fjármálaráðherra og Tryggvi Pálsson. Í skýrslu fyrir dómi kvaðst Davíð Oddsson, sem þá var formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, hafa óskað eftir fundinum til að geta komið á framfæri upplýsingum um þá hættu, sem hann hafi talið vera í farvatninu. Í málinu liggja fyrir minnisblöð um fundinn, bæði frá utanríkisráðherra og Tryggva. Af þessum gögnum má sjá að Davíð gerði fundarmönnum grein fyrir samtölum sínum við

fulltrúa matsfyrirtækja og fjármálastofnana, sem hann hafi átt fundi með, svo og ályktunum, sem hann dró af samtölunum. Hann taldi íslensku bankana vera í mikill hættu og jafnframt að þeir hafi stefnt íslensku efnahagslífi í hættu. Auk þess kom fram að þess gæti verið langt að bíða, tólf mánuði eða lengur, þar til erlendir lánamarkaðir gætu farið að opnast á ný og yrði það síðast fyrir íslenska banka.

4

Af framangreindu verður ekki annað ályktað en að það mat formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, sem kom fram á fundinum 7. febrúar 2008 um að íslensku bankarnir þrír væru í mikilli hættu og þar með íslenskt efnahagslíf, hafi verið rétt. Í skýrslum fyrir dómi kom fram sama mat hjá vitnunum Arnóri Sighvatssyni, Sylvíu K. Ólafsdóttur og Tryggva Pálssyni og telur dómurinn að efnislega hafi það sama falist í framburði Ingimundar Friðrikssonar og Sigurðar Sturlu Pálssonar, en þau störfuðu þá öll í seðlabankanum. Þótt ósannað sé að ákærði hafi fengið minnisblöð, sem fóru milli starfsmanna seðlabankans, eða ótvíræðar upplýsingar um það, sem gerðist á fundum þeirra einna, fékk hann samkvæmt skýrslu sinni fyrir dómi vitneskju um helstu atriðin, sem komu fram á fundum samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Á þessum tíma lágu þar fyrir nægar vísbendingar um að bankarnir ættu í verulegum erfiðleikum með að fjármagna starfsemi sína með lánunum á alþjóðlegum mörkuðum. Þegar á þessu stigi hlaut ákærði því að gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem steðjaði að.

Þegar metið er hvort stórfelld hættu hafi vofað yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkinu verður að horfa til aðstæðna eins og þær voru á þeim tíma, sem um ræðir, þar með talið gildandi laga. Í febrúar 2008 voru umsvif bankanna þriggja, Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf., nálægt því að vera níföld þjóðarframleiðsla Íslands. Þá verður að líta til þess að skuldbindingar bankanna voru að stærstum hluta í erlendum gjaldmiðlum. Með því að Seðlabanki Íslands hafði ekki greiðan aðgang að þeim blasti við að hann gæti aðeins veitt bönkunum takmarkaða aðstoð, eftir atvikum sem lánveitandi til þrautavara, ef þeir lentu í greiðsluerfiðleikum. Mikill meiri hluti landsmanna og lögaðila skipti við þessa banka og þorri þeirra átti innstæður í þeim, annaðhvort á hefðbundnum bankareikningum eða í sjóðum, sem ávöxtuðu sparifé. Kröfur á hendur bönkunum vegna innstæðna á innlánsreikningum voru á þessum tíma almennar kröfur, jafnsettar kröfum annarra, sem lánað höfðu bönkunum fé, þar á meðal með skuldabréfakaupum, hvort sem um var að ræða íslenska lífeyrissjóði, erlenda banka, vogunarsjóði eða aðra.

Samkvæmt gögnum málsins hafði þá hvergi komið til tals að gera kröfur á hendur fjármálafyrirtækjum vegna innstæðna á bankareikningum að forgangskröfum ef til gjaldþrotaskipta eða slita kæmi á þeim. Í þeirri hættu, sem vofði yfir bönkunum, fólst því að vá var fyrir dyrum varðandi sparnað og aðrar innstæður verulegs hluta landsmanna og fyrirtækja. Auk þessara almannahagsmuna voru í húfi margþættir hagsmunir íslenska ríkisins. Þeir tengdust meðal annars kröfum, sem kynnu að verða gerðar á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta við greiðsluþrot bankanna, og versnandi stöðu ríkisins á alþjóðlegum lánsfjármarkaði.

Samkvæmt framansögðu telst sannað að stórfelld hætta hafi þegar á þessu tímamarki steðjað að íslenskum fjármálastofnunum og heill ríkisins. Ákærða hlaut að vera sú hætta ljós.

IX

1

Með lið 1.3 í ákæru, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í inngangi hennar og lið 1.1, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar fram í byrjun október 2008 andspænis stórfelldri hættu, sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði og honum mátti vera kunnugt um, með því „að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.“ Þessi háttsemi ákærða er sem fyrir segir talin aðallega varða við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

2

Eins og áður greinir gerðu forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið ásamt Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands samkomulag 21. febrúar 2006 um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað í þeim tilgangi að formbinda samráð aðila á þessu sviði, skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi. Þar var tekið fram að samkomulagið takmarkaði ekki svigrúm hveurrar stofnunar um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni. Vettvangur samráðsins væri samráðshópur, skipaður fulltrúum þessara fimm stofnana og undir stjórn fulltrúa forsætisráðuneytisins. Hópurinn skyldi vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta og ráðgefandi, en honum væri ekki ætlað að taka ákvarðanir um aðgerðir. Í samkomulaginu var tekið fram að yrði fjármálakerfinu

talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skyldi efnt til fundar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíku áfalli yrðu „háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir“, svo sem komist var að orði í samkomulaginu.

Auk þessa samkomulags um samráð ráðuneytanna þriggja, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands höfðu tvær síðastnefndu stofnanirnar gert samstarfssamning 3. október 2006 í samræmi við 4. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998 og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001. Í 15. gr. fyrrnefndu laganna var mælt fyrir um samskipti Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands. Samkvæmt 1. mgr. hennar skyldi forstjóri þess eiga reglulega samráðsfundi með fulltrúum seðlabankans og veita þeim upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar, sem nauðsynlegar væru starfsemi hans. Í 2. mgr. sagði að Fjármálaeftirlitið skyldi veita seðlabankanum allar upplýsingar, sem stofnunin byggir yfir og nýttust í starfsemi hans. Eftir 3. mgr. áttu upplýsingar, sem veittar væru samkvæmt lagagreininni, að vera háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum nr. 87/1998 og 36/2001. Kveðið var á um hliðstæða upplýsinga- og þagnarskyldu í 4. mgr. 35. gr. síðargreindu laganna. Í samstarfssamningnum var lögformlegt samstarf stofnananna tveggja nánar útfært og meðal annars kveðið á um að upplýsingaskipti milli þeirra skyldu vera greið og fljótverk, hvor þeirra ætti að upplýsa hina eins fljótt og kostur væri þegar fram kæmu vísbendingar um erfiðleika á fjármálamarkaði og tryggð skyldu samræmd vinnubrögð þeirra við hugsanlegri kerfisáhættu á þeim markaði. Í samræmi við framangreind lagaákvæði um gagnkvæma upplýsingaskyldu var hnykkt á því í samstarfssamningnum að stofnanirnar skyldu veita hvorri annarri fullan aðgang að gögnum, sem þær „varðveita og nýttast í starfsemi hlutaðeigandi“.

3

Í samkomulaginu 21. febrúar 2006 um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað var ráðgert að samráðshópurinn myndi hittast ekki sjaldnar en tvisvar ári, en þó gætu atvik, sem vörðudu stöðu fjármálafyrirtækja eða markaða, gefið tilefni til fleiri funda, þar á meðal ef fjármálakerfinu væri talin hætta búin vegna áfalls á þeim vettvangi. Haldinn var 31 fundur í samráðshópnum frá því að samkomulagið var gert og fram í byrjun október 2008, þar af 25 fundir á tímabilinu, sem ákæra í málinu tekur til. Fundirnir voru tíðir frá 10. janúar til 3. október 2008, þótt engir hafi verið haldnir eftir 5. febrúar fram til 18. mars og eftir 29. maí fram til 7. júlí. Fundina sóttu allir eða flestir þeir, sem áttu sæti í hópnum hverju sinni, og ritaði Tryggvi Pálsson, sem starfaði með hópnum, í flestum tilvikum fundargerðir. Fyrir dómi bar Tryggvi að

fundargerðirnar hafi yfirleitt verið gerðar fljótlega eftir hvern fund og síðan sendar rafrænt til annarra fundarmanna. Ábendingar hafi borist og hafi þær stundum leitt til breytinga á efni fundargerðanna, sem hafi svo aftur verið sendar til þeirra, sem áttu sæti í hópnum. Ástæðan fyrir því að fundargerðirnar hafi verið merktar sem drög hafi verið sú að þær hafi ekki verið afgreiddar og samþykktar formlega í upphafi hvers fundar. Að þessu virtu verður að líta svo á að fyrirbyggjandi fundargerðir af fundum samráðshópsins gefi góða mynd af því, sem þar var rætt, auk þess sem gögn, sem lögð voru fram á fundum, fylgdu oftast viðeigandi fundargerð.

Samkvæmt fundargerðunum var á fundum samráðshópsins rætt almennt um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum hverju sinni. Meðal þess, sem bar á góma, voru álit alþjóðlegra matsfyrirtækja á lánshæfi íslenska ríkisins og banka, svo og umfjöllun um þá í erlendum fjölmiðlum. Einnig var fjallað um möguleika á að auka lausafé, meðal annars með frekari útgáfu ríkisskuldabréfa, heimild Íbúðalánasjóðs til kaupa á fasteignaveðbréfum og lífeyrissjóða til að veita lán gegn veði í verðbréfum. Eitt af því, sem oft var fjallað um, var viðlagasamningur ríkja Evrópusambandsins, en þeir sem hópinn skipuðu virtust sammála um að æskilegt væri fyrir Ísland að gerast aðili að samningnum til að styrkja stöðu landsins út á við.

Eðli máls samkvæmt kom ýmis vandi, sem ógnaði fjármálastöðugleika hér á landi, til umræðu í samráðshópnum. Í fundargerð frá fundi 15. nóvember 2007 kom fram að íslensku fjármálakerfi væri meiri hætta búin þá en á árinu 2006, en nokkrir þeirra, sem gáfu skýrslu fyrir dómi, báru að Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. hafi verið hætt komnir á fyrri hluta þess árs. Á fundi hópsins 10. janúar 2008 var lýst áhyggjum af veikri stöðu stórra hluthafa í bönkunum, sem gæti haft neikvæð áhrif á lánstraust og erlend innlán þeirra. Meðal þess, sem sagt var á fundi 18. mars 2008, var að lausafjárvandi bankanna væri meira knýjandi en áður og hættan því „orðin veruleg og brád.“ Á fundi 28. apríl 2008 var greint frá kvörtun, sem Seðlabanka Íslands hafði borist frá seðlabanka Evrópu vegna mikils umfangs á endursölu verðbréfa íslensku bankanna til evrópska bankans, sem sögð voru að hluta til málamyndagerningar milli þeirra. Á fundum hópsins var af og til rætt um bágborna stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna þess hve eignir sjóðsins námu lágum fjárhæðum í samanburði við þær innstæður, sem nutu tryggingar samkvæmt lögum um sjóðinn. Á fundi 9. maí 2008 var upplýst að sú fjárhæð hafi numið alls 2.318.000.000.000 krónum í árslok 2007, en eignir sjóðsins hafi verið um 10.000.000.000 krónur á sama tíma. Þegar kom fram á sumar 2008 varð umfjöllun um

innstæður í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikningum í Bretlandi og Hollandi æ umfangsmeiri á fundum hópsins. Samráðshópurinn virðist hafa verið á einu máli um að brýnt væri að flytja starfsemi vegna þessara reikninga sem fyrst til dótturfélaga til að draga úr áhættu tryggingarsjóðsins, þótt þá virtist greina á um það hvort íslenska ríkið bæri ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins gagnvart innstæðueigendum. Einnig var rætt um vanda einstakra fjármálafyrirtækja og náði sú umræða hámarki í september og byrjun október 2008.

Í umfjöllun um þann margþætta vanda, sem við var að glíma, var rætt um það innan samráðshópsins hvernig við honum ætti að bregðast. Í framhaldi af norrænni viðlagaæfingu lagði forstjóri Fjármálaeftirlitsins fram á fundi hópsins 15. nóvember 2007 skjal með ábendingum um úrbætur, sem lutu að auknum viðbúnaði fyrir fjármálaáfall. Í skjalinu var meðal annars spurt hvort setja þyrfti „fram tölu um hámark hugsanlegs eiginfjárframlags, lausafjáraðstoðar eða ábyrgðar á innistæðum“, auk þess sem bent var á að huga þyrfti að lagalegum heimildum til inngrips og skipulagsmálum, þar með talinni viðbragðsáætlun. Á fundum samráðshópsins 2008 var margsinnis greint frá því að unnið væri að gerð lagafrumvarpa í þessu skyni, fyrst á vegum viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins og síðar einnig með þátttöku fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt fundargerð frá fundi samráðshópsins 15. janúar 2008 varpaði Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri fram spurningu um hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli, sem hann teldi ekki lengur fjarstæðukenndan möguleika. Á fundi 1. apríl sama ár var lagt fram vinnuskjal með yfirskriftinni „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum“, sem tekið hafði verið saman í Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu í samræmi við tillögur ráðgjafans Andrew Gracie. Eins og áður var gerð grein fyrir var farið yfir vinnuskjalið á fundinum, en þar var vakin athygli á því að íslensk stjórnvöld gætu þurft að grípa til margvíslegra aðgerða vegna lausafjár- eða eiginfjávanda fjármálafyrirtækja. Þannig kynni Fjármálaeftirlitið að þurfa að grípa til vettvangsathugana og sérstakrar endurskoðunar, beita sér fyrir markaðslausnum, skipa sérfræðinga til að kanna þætti í rekstri fjármálafyrirtækja og huga að breytingum á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, þar á meðal til að geta boðað til hluthafafunda, tekið yfir vald þeirra, takmarkað vald félagsstjórnar eða vikið henni frá og takmarkað starfsheimildir fjármálafyrirtækja. Stjórnvöld yrðu að vera því viðbúin að hvetja til markaðslausna, loka bönkum, sem ekki væru kerfislega mikilvægir, veita eiginfjárframlög, breyta lögum til að geta fært

bankaviðskipti til þriðja aðila, mynda bráðabirgðabanka til að taka yfir starfsemi meðan á endurskipulagningu stæði og þjóðnýta banka. Á fundi 2. apríl 2008 kvað ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu og formaður samráðshópsins tíma kominn til að „taka saman aðgerðaráætlun og draga mörkin“, en hann hafi skilið „málið ráðherramegin“ þannig að „taka ætti á“ stóru bönkunum þremur og innlánstryggingum. Á sama fundi var rætt um að bankarnir yrðu sjálfir að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða og nefndi forstjóri Fjármálaeftirlitsins að kalla mætti fulltrúa þeirra í forsætisráðuneytið þegar stefnan lægi fyrir til að gera þeim þetta ljóst og hvaða takmarkanir yrðu á opinberri aðstoð. Á fundi 4. apríl 2008 kom fram að vinnuhópur, sem settur hafði verið á fót og ætlað var að bregða upp sviðsmynd um áfall, væri tekinn til starfa. Jafnframt minnti Tryggvi Pálsson á aðgerðaáætlun Andrew Gracie, sem gerði ráð fyrir því að „bönkunum yrði stillt upp við vegg þegar hið opinbera er búið að marka stefnuna“. Í fundargerð frá fundi 10. sama mánaðar var greint frá því að farið hafi verið yfir vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls og komið hafi fram að það yrði að þrýsta á bankana að bregðast við. Á fundinum voru kynnt drög að tveimur kostum um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna innlánstrygginga, annars vegar um lánveitingu ríkissjóðs til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til að gera sjóðnum fært að greiða kröfuhöfum nánar tilgreinda fjárhæð og hins vegar um ábyrgð ríkisins á öllum innstæðum eða hluta innstæðna á meðan óróleiki væri á fjármálamörkuðum. Á fundi 21. apríl 2008 voru sviðsmyndir fjármálaáfalls enn til umræðu og sagði ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu að næstu skref í viðbúnaðarstarfinu yrðu meðal annars að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og setja þrýsting á bankana, sem „ráðherrar og stjórnendur FME og SÍ“ myndu gera, undirbúa lagafrumvörp og útfæra aðgerðaáætlun.

Slík aðgerðaáætlun var á dagskrá fundar samráðshópsins 28. apríl 2008. Undir þeim dagskrárlið lagði forstjóri Fjármálaeftirlitsins fram lista, þar sem dregnar voru saman helstu stefnumarkandi ákvarðanir, sem stjórnvöld þyrftu að taka í aðdraganda fjármálaáfalls. Á þessum lista, sem nefndur var „ólystugi matseðillinn“, voru meðal annars greind álitafni, sem lutu að því hvort og þá að hve miklu leyti ríkið hygðist styðja við bakið á fjármálafyrirtækjum og innstæðueigendum við þessar aðstæður, svo sem nánar var rakið hér áður. Þessi listi og atriðin, sem þar voru nefnd, voru síðan tekin til umfjöllunar á fundum hópsins, fyrst 29. maí 2008, en síðan í júlí og fram í byrjun október, eins og vikið verður frekar að hér á eftir.

Á fundi samráðshópsins 7. júlí 2008 lagði Tryggvi Pálsson fram drög að vinnuskjali með yfirskriftinni „Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli“, sem lýst var ítarlega hér áður. Þar sagði meðal annars að hætta á fjármálaáfalli hér á landi færi stöðugt vaxandi og væri orðið aðkallandi að stjórnvöld tækju ákvarðanir „um hvort og þá með hvaða hætti þau ætla að takast á hendur frumkvæði og aukna ábyrgð“. Einnig var þar lagt til að á vegum stjórnvalda eða samráðshópsins yrði án tafar kallaður til aðgerðahópur og honum valinn stjórnandi. Samkvæmt fundargerð fórust Tryggva svo orð á fundinum að stjórnendur bankanna gerðu sér grein fyrir stöðunni, en þeim hafi ekki verið stillt upp við vegg af stjórnvöldum, sem hafi „ekki gert upp við sig hversu langt þau vilja ganga.“ Síðar á fundinum lét ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu þau orð falla að hann teldi eðlilegt að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið „fylgdu málum eftir við bankana í þessari viku en ráðherrar kæmu að málinu í næstu viku.“ Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu velti því upp „hvort bíða mætti með seinna skrefið ef hið fyrra skilaði nægum árangri“ og bætti ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu þá við að nauðsynlegt væri „að stjórnvöld segi hvað þau hyggjast ekki gera, m.a. það að hjálpa ekki eigendum.“

Tryggvi Pálsson gerði minnisblað um stefnu stjórnvalda og viðlagaundirbúning 15. ágúst 2008, sem lagt var fram á fundi samráðshópsins 20. þess mánaðar. Í minnisblaðinu var grunnforsendan sögð vera sú að stefna stjórnvalda væri í samræmi við yfirlýsingar ráðherra og umræðu í samráðshópnum. Þetta fælist í fyrsta lagi í því að kerfislega mikilvægir bankar fengju stuðning eða yrðu yfirteknir ef greiðsluhæfi þeirra brysti, í öðru lagi að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta yrði gert kleift að standa við tryggingarvernd á innstæðum, annaðhvort að tilteknu marki eða fullu, og í þriðja lagi að greiðsluhæfi ríkisins yrði ekki stefnt í hættu. Ef þetta væri stefna stjórnvalda yrði í viðlagaundirbúningi að leggja raunhæft mat á hámarksþol ríkissjóðs við lausn og afleiðingar fjármálaáfalls og draga eins og kostur væri úr mögulegum skuldbindingum vegna innstæðuverndar og annars opinbers stuðnings. Á fundinum óskaði ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu eftir athugasemdum við drög að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um innstæðuvernd, sem lögð höfðu verið fram á fundi hópsins 10. apríl 2008 eins og að framan greinir. Samkvæmt fundargerðinni frá fundinum 20. ágúst voru einu viðbrögð fundarmanna þau að Tryggvi kvaðst telja miklu máli skipta að orðalag slíkrar yfirlýsingar yrði auðskiljanlegt fyrir almenning. Á fundi 4. september 2008 spurði ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu um aðgerðir

bankanna og svaraði Tryggvi því til að of lítið væri að gerast meðan klukkan tifaði. Í tilefni af ósk ráðuneytisstjórnans í viðskiptaráðuneytinu á fundinum 20. ágúst um að fá athugasemdir við orðalag á drögum að yfirlýsingu um innstæðuvernd lagði Tryggvi fram tillögu að fyrirsögn og inngangsorðum hennar með þremur valkostum.

Þegar fjallað var um samskipti Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins vegna Icesave reikninganna í Bretlandi á fundi samráðshópsins 9. september 2008 velti Tryggvi Pálsson því upp að það gæti sett íslensk stjórnvöld í erfiða stöðu gagnvart innlendum innstæðueigendum ef bresk stjórnvöld myndu greiða út að fullu innstæður í útibúum íslenskra banka þar í landi og gera síðan endurkröfu á ríkið. Á fundi 16. sama mánaðar var ólystugi matseðillinn enn sem oftast á dagskrá. Undir þeim dagskrárlíð sagðist ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu hafa að beiðni ákærða farið yfir stöðuna með honum og utanríkisráðherra, þar sem meðal annars hafi verið rætt um viðbragðsáætlanir. Þar hafi fyrsta spurningin snúist um hugsanlegar yfirlýsingar um vernd innstæðueigenda og lægju fyrir þrjár útgáfur, sem gengju mislangt. Í því efni vildu ráðherrarnir tveir helst horfa til tveggja kosta, sem fælu í sér meira en lágmarksvernd. Þá hafi verið farið yfir hvernig brugðist yrði við ef stór banki kæmist í greiðsluþrot og ráðherrarnir verið þeirrar skoðunar að stjórnvöld kæmu helst að stuðningi við stærstu bankana þrjá, en líklegt væri að þeir kæmust allir í vanda ef það henti einn þeirra. Þá taldi ráðuneytisstjórinn að draga þyrfti upp útfærslur sem svör við ólystuga matseðlinum og yrði að gera það hratt því að hættan hafi aukist í kjölfar undangenginna atburða, en bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers hafði verið tekinn til gjaldþrotaskipta daginn áður.

4

Hér að framan hefur verið gerð í stuttu máli grein fyrir störfum samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað frá því í nóvember 2007 fram í miðjan september 2008 og þá sérstaklega hugmyndum og umræðum innan hópsins um þörf á pólitískri stefnumótun vegna hættu á fjármálaáfalli, sem seðlabankastjóri sem þar átti sæti taldi eins og fyrr segir ekki lengur fjarlægum möguleika þegar um miðjan janúar 2008. Fundargerðir frá síðustu fundum samráðshópsins 2. og 3. október 2008, sem áður voru raktar, bera með sér að hópurinn var enn að kalla eftir afstöðu stjórnvalda, þótt þá hafi verið komið að ögurstundu eins og einn fundarmanna komst að orði.

Af fundargerðum samráðshópsins er ljóst að þar voru skiptar skoðanir um hvort og þá hvernig ætti að bregðast við þeirri hættu, sem steðjaði að, og var það staðfest

fyrir dómi af þeim, sem í hópnum sátu. Í skýrslu ákærða fyrir dómi kom fram að ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu, sem var formaður samráðshópsins, hafi gert honum sem forsætisráðherra grein fyrir starfi hópsins í upphafi og síðan þegar tilefni var til, enda hafi samstarf þeirra verið mjög náíð. Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki hafa lesið fundargerðir hópsins eða borið sig sérstaklega eftir þeim skjölum, sem þar voru lögð fram. Ráðuneytisstjórinn lýsti því fyrir dómi að verklagið hafi verið þannig að ákærði og hann hafi rætt mikið saman og hafi hann skýrt ákærða frá því, sem fór fram í starfshópnum. Hafi ákærða verið fullkunnugt um þá umræðu og vinnu, sem þar hafi átt sér stað. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að ákærði hafi á hverjum tíma haft vitneskju um starfið í samráðshópnum, þar á meðal um þær hugmyndir og umræður um nauðsyn pólitískrar stefnumótunar, sem þar komu fram og raktar hafa verið. Vegna stöðu ákærða sem forsætisráðherra og sökum þess að undir hann heyrðu meðal annars hagstjórn almennt og málefni Seðlabanka Íslands gaf þessi vitneskja honum tilefni til að eiga frumkvæði að því að hætta, sem steðjaði að, yrði rannsökuð frekar með það fyrir augum að tekin yrði pólitísk ákvörðun um hvort og þá hvernig brugðist skyldi við henni með hagsmuni ríkisins að leiðarljósi.

5

Eins og áður segir er ákærða gefið að sök í ákærulið 1.3 „að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað ... væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.“ Þau Áslaug Árnadóttir, Baldur Guðlaugsson, Bolli Þór Bollason, Ingimundur Friðriksson, Jónas Fr. Jónsson, Jónína S. Lárusdóttir og Tryggvi Pálsson, sem sátu fundi í samráðshópnum á árinu 2008, báru öll vitni fyrir dómi. Aðspurð svöruðu þau því á mismunandi hátt hvort störf og áherslur hópsins hefðu getað verið markvissari og skilað betri árangri en raun varð á. Á hinn bóginn hélt ekkert þeirra því fram að vanrækslu ákærða hafi verið um að kenna að störf og áherslur samráðshópsins hafi ekki verið með þeim hætti. Að auki bentu þau flest á að þegar á hólminn var komið hafi gengið vel að takast á við fall bankanna og afleiðingar þess, þótt störf samráðshópsins hefðu að áliti sumra þeirra getað verið skilvirkari og betur hefði mátt standa að undirbúningi fyrir áfallið.

Samkvæmt samkomulaginu, sem samráðshópurinn starfaði eftir, var hann vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta, en hafði ekki vald til að taka ákvarðanir eða grípa til aðgerða upp á eigin spýtur. Valdið til pólitískra ákvarðana hélst óskorað hjá ráðherrum og eftir atvikum ríkisstjórninni í heild samhliða því sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands höfðu lögbindið eftirlit með fjármálafyrirtækjum og lögmæltar

heimildir til að grípa til aðgerða gagnvart þeim ef þörf væri á. Ekki verður annað ráðið af því, sem fram hefur komið í málinu, en að samráðshópurinn hafi í meginatriðum starfað í samræmi við fyrrgreint hlutverk sitt. Eins og áður var lýst skorti á hinn bóginn á það að á grundvelli þeirra hugmynda og upplýsinga, sem þar komu fram, væri mótuð pólitísk stefna til að takast á við hættuna, sem steðjaði að íslenskum fjármálastofnunum og ríkinu frá því í febrúar og fram í október 2008.

Eftir b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 verður ráðherra sekur eftir lögunum ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með því meðal annars að láta farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem afstýrt gat slíkri hættu. Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður ekki litið svo á að þær athafnir, sem ákærða er gefið að sök að hafa vanrækt í lið 1.3 í ákæru, hefðu einar og sér getað bægt frá þeirri hættu, sem vofði yfir, eða megnað að draga verulega úr henni. Þegar af þeirri ástæðu verður að sýkna ákærða af sökum um að hafa brotið gegn b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963 með þeirri vanrækslu, sem á hann er borin í þessum lið ákærunnar.

Í 141. gr. almennra hegningarlaga er lögð refsing við því ef opinber starfsmaður gerist sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi. Þegar litið er til þess, sem áður segir um hlutverk og störf samráðshópsins, hefur ekki verið sýnt fram á að ákærði hafi bakað sér refsiaþbyrgð samkvæmt þessu lagaákvæði miðað við verknaðarlýsinguna í lið 1.3 í ákæru. Samkvæmt því verður hann einnig sýknaður af þeim sakargiftum.

X

1

Í lið 1.4 í ákæru, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í inngangi hennar og lið 1.1, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar til október 2008 andspænis stórfelldri hættu, sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði og honum var eða mátti vera kunnugt um, með því „að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.“ Þessi háttsemi ákærða er sem fyrr segir talin aðallega varða við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Að virtu því, sem áður greinir um skýringu á b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963, og þeim sakargiftum, sem ákærði er borinn í þessum lið ákæru, verður þeim hlutlægu

skilyrðum að vera fullnægt fyrir sakfellingu í þessu tilviki að í fyrsta lagi hafi á umræddum tíma verið fyrir hendi stórfelld hættu, sem steðjaði að íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, í öðru lagi að á ákærða hafi hvílt skylda til athafna, sem voru fallnar til að draga úr stærð bankakerfisins eða stuðla að því að höfuðstöðvar banka yrðu fluttar úr landi, og í þriðja lagi að þær athafnir, sem ákærða hafi verið skylt að grípa til, hefðu getað afstýrt þessari hættu eða dregið verulega úr henni.

Í kafla VIII í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að fullnægt sé því hlutlæga skilyrði fyrir sakfellingu, sem fyrst var hér getið og lýtur að því að þegar 7. febrúar 2008 hafi stórfelld hættu steðjað að íslenskum fjármálastofnunum og ríkinu, auk þess sem ákærða hlaut að hafa verið sú hættu ljós. Umfjöllunin í þessum kafla verður því bundin við önnur þau skilyrði, sem getið var hér að framan.

2

Ákærða hlaut sem fyrr segir að hafa verið frá 7. febrúar 2008 ljós hættu, sem steðjaði að íslenskum fjármálastofnunum og ríkinu. Þegar hér var komið hvíldi á honum sem fyrirvarsmanni ríkisstjórnarinnar og gæslumanni almannahagsmuna skylda til athafna. Sú athafnaskylda verður bæði leidd af eðli máls vegna stöðu hans sem forsætisráðherra, en einnig sem áður segir af ákvæðum laga nr. 4/1963, þar sem alvarlegt athafnaleysi við aðstæður eins og þessar er lýst refsivert. Þótt talið verði að ákærða hafi borið að bregðast við þessari hættu verður að játa honum svigrúmi til að meta og taka ákvörðun um til hvaða aðgerða var rétt eða nauðsynlegt að grípa. Jafnframt verður að taka tillit til þess að samkvæmt minnisblöðum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Tryggva Pálssonar um fund ákærða og tveggja annarra ráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 var rætt þar um hugsanlega erlenda lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða seðlabankans. Markmiðið með því var að efla trú á burðum bankans sem lánveitanda til þrautavara ef svo færi að íslensku bankarnir lentu í lausafjárþröng. Þá var á fundinum einnig minnst á „opnun víxlaprógramms“, en ekki var bókað um frekari umræður um það. Þótt ekki hafi í þessum gögnum um fundinn verið skráð niðurstaða um aðgerðir verður að leggja til grundvallar að Seðlabanki Íslands hafi að minnsta kosti átt að vinna að undirbúningi lántöku í áðurnefndu skyni, en heimild til hennar var veitt með lögum nr. 60/2008.

Hvað sem líður undirbúningi lántöku, sem laut að því að styrkja Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara og efla þannig tiltrú á íslensku bönkunum, verður að ætlast til þess að ákærði brygðist við eftir fundinn með því að rannsaka eða

láta rannsaka málið til að undirbúa viðbrögð. Ekki verður séð að nokkur slík rannsókn hafi farið fram og ekkert liggur fyrir um að viðskiptaráðherra eða ríkisstjórninni hafi verið gerð grein fyrir efni fundarins. Þá kallaði ákærði ekki eftir tillögum seðlabankans um aðgerðir, en hann átti á hinn bóginn fund með stjórnendum íslensku bankanna þriggja og leitaði álits þeirra á stöðunni. Mat á því til hvaða aðgerða ákærða bar að grípa hlaut einnig að ráðast af framvindu mála.

3

Af gögnum málsins verður ráðið að á næstu vikum og mánuðum eftir 7. febrúar 2008 hafi aðstæður á fjármagnsmörkuðum versnað fyrir íslensku bankana og þar með einnig ríkissjóð.

Í ódagsettu minnisblaði frá Landsbanka Íslands hf. til ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands um aðgerðir til að treysta undirstöður bankakerfisins, sem mun vera frá 8. til 10. febrúar 2008, var meðal annars gerð grein fyrir því að lánskjör íslensku bankanna á erlendum lánamörkuðum væru slík að þeim væri í raun ókleift að afla sér fjár með eðlilegum hætti. Hátt skuldatryggingarálag bankanna hafi haft áhrif til hækkunar á skuldatryggingarálag íslenska ríkisins vegna þess að fjárfestar virtust „gefa sér þá forsendu að ef illa fer hjá bönkunum muni ríkið skerast í leikinn og taka yfir einn eða fleiri banka með tilheyrandi fjármögnunarpörf.“ Í minnisblaðinu var meðal annars lagt til að íslenska ríkið veitti Landsbanka Íslands hf. ábyrgð að fjárhæð fimm til sjö milljarðar evrur til þess að bankinn gæti yfirtekið Glitni banka hf. Þótt óljóst sé af skýrslum, sem gefnar voru fyrir dómi, hvort þetta minnisblað hafi verið afhent þeim, sem það var ætlað, má líta til þess að þar var lýst aðstæðum íslenska bankakerfisins frá sjónarhóli stjórnenda Landsbanka Íslands hf.

Á fundi, sem ákærði hélt 14. febrúar 2008 ásamt fjármálaráðherra, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra með fulltrúum fjármálafyrirtækja, var meðal annars fjallað um stöðuna á alþjóðafjármálamörkuðum og á Íslandi og gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Á yfirliti um efni til umræðu á fundinum var áréttuð áhersla ríkisstjórnarinnar um að íslensk fyrirtæki hefðu höfuðstöðvar sínar hér á landi. Í minnisblaði, sem mun stafa frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um það, sem gerðist á fundinum, kom fram að mikil stærð bankakerfisins væri vandamál og mikilvægt væri að draga úr vexti bankanna, en þeir væru þegar byrjaðir á því. Að auki var rætt um lausafjávanda fjármálafyrirtækja og þess getið að á næstu tveimur árum væru heildarskuldir bankanna, sem kæmu á gjalddaga, samtals 16.000.000.000 evrur og 36.000.000.000 evrur á næstu fimm árum. Fyrir þennan fund hafði ráðuneytisstjórnin í

fjármálaráðuneytinu sent tölvubréf meðal annars til ákærða, þar sem getið var nokkurra atriða til umræðu á fundinum. Meðal þessara atriða var að bankarnir þyrftu að stöðva vöxt sinn og selja eignir til að draga úr fjármögnunarþörf og bóka innlán í erlendum dótturfélögum en ekki í útibúum til að draga úr skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í framhaldi af yfirlýsingu sinni í ræðu á viðskiptaþingi 13. febrúar 2008 um vilja til að eiga samstarf við ýmis samtök atvinnulífsins til að miðla upplýsingum og greiningum um íslenskt efnahags- og atvinnulíf til erlendra aðila, fékk ákærði Finn Sveinbjörnsson 19. sama mánaðar til að aðstoða forsætisráðuneytið í yfirstandandi vanda. Í samantekt, sem fylgdi tölvubréfi Finns til ákærða 25. febrúar 2008, voru einkum tillögur, sem lutu að kynningarmálum og aðgerðum í því efni, en einnig tillögur um að efla gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands, semja um lánalínur til skemmri tíma og auka aðgengi banka að lausu fé. Þá var og vikið að „truflandi stöðu Íbúðalánasjóðs.“

Matsfyrirtækið Moody's Investors Service lækkaði 28. febrúar 2008 láns hæfiseinkunnir íslensku bankanna, þótt þeir teldust koma vel út úr álagsprófum, lausafjárstaða þeirra væri talin góð og miklar líkur væru á að ríkið myndi styðja þá ef þeir rötuðu í vandræði. Lækkunin hafi að sögn matsfyrirtækisins fyrst og fremst verið gerð vegna þrýstings frá markaðinum. Sama matsfyrirtæki breytti horfum um láns hæfiseinkunnir ríkisins úr stöðugum í neikvæðar 5. mars sama ár og var þessi breyting einkum skýrð með vísan til þeirrar lækkunar, sem gerð hafði verið á mati á fjárhagslegum styrk íslensku bankanna, en sagt var að þeir væru óbeint á ábyrgð ríkisins.

Á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 18. mars 2008 var fjallað um kynningarefni um tillögur ráðgjafans Andrew Gracie, sem Seðlabanki Íslands hafði fengið til landsins. Kynningarefnið varðaði undirbúning og aðgerðir til þess að draga úr hættu á fjármálaáfalli og bregðast við því. Á sama fundi kom fram hjá Tryggva Pálssyni að lausafjárvandinn væri meiri og meira knýjandi en talið hefði verið og að neikvæður tónn bærst frá erlendum bönkum og fjárfestum. Hann taldi hættuna verulega og bráða.

Ákærði fékk tölvubréf 20. mars 2008 frá framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands ásamt minnisblaði, þar sem hvatt var mjög til aðgerða til að sýna að fjármálakerfinu yrði veittur styrkur stuðningur. Í upphafi minnisblaðsins var sagt að Ísland rambaði á barmi fjármála- og gjaldeyriskreppu.

Seðlabanki Íslands tilkynnti 1. apríl 2008 að tvö matsfyrirtæki, Standard & Poor's Financial Services og Fitch Ratings, hefðu tekið láns hæfiseinkunnir íslenska ríkisins til endurskoðunar. Það fyrrnefnda hafi tekið láns hæfiseinkunnirnar til athugunar með því sem nefnt var neikvæðum vísbendingum, en það síðarnefnda hafi breytt horfum um láns hæfiseinkunnir ríkisins úr stöðugum í neikvæðar. Í báðum tilvikum var um ástæður breytinganna vísað til stærðar íslensku bankanna, vandamála þeirra og óvissu um viðbrögð íslenska ríkisins við þeim.

Á fundi sem ákærði og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir áttu sama dag með bankastjórn Seðlabanka Íslands, voru meðal annars rædd áhyggjuefni vegna Icesave reikninga í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London, en mikið fé hafði runnið út af þeim reikningum dagana á undan. Greint var frá því að breska fjármálaeftirlitið vildi að bankinn færði þessa reikninga til dótturfélags í London, en hann þyrfti einnig að leggja fram tryggingu að fjárhæð 1.500.000.000 sterlingspund „til að vera trúverðugur“ og ætti ekki nema þriðjung þeirrar fjárhæðar. Formaður bankastjórnar seðlabankans upplýsti að spurt hafi verið hvort íslenska ríkið gæti með skömmum fyrirvara tryggt bankanum það, sem á vantaði. Á fundinum var einnig gerð grein fyrir tilraunum seðlabankans til þess að semja um lánalínur við seðlabanka Evrópu og Englandsbanka, en þær hefðu sama markmið og efling gjaldeyrisforða.

Á fundum samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 1. og 2. apríl 2008 var fjallað um nauðsyn þess að stjórnvöld mörkuðu stefnu og tækju saman aðgerðaáætlun. Þá hreyfði forstjóri Fjármálaeftirlitsins því einnig á fundi samráðshópsins 4. sama mánaðar að þrýsta þyrfti á fjármálafyrirtækin um að þau „grípi til róttækra aðgerða eins og sölu stórra eigna.“

Með bréfi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008 til formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands fylgdi frumskýrsla vegna mats á stöðunni á Íslandi, sem seðlabankinn hafði óskað eftir. Í bréfinu var vakin sérstök athygli á fjórum atriðum, sem getið væri um í tilteknum lið skýrslunnar, en þau væru grundvallaratriði þegar tekist yrði á við rót vandans á Íslandi, sem væri mikil stærð bankanna og versnandi horfur í efnahagsmálum. Meðal þessara fjögurra atriða, sem framkvæmdastjórinn lagði sérstaka áherslu á, var að hver bankanna þriggja yrði krafinn um áætlun um hvernig hann hygðist minnka efnahagsreikning sinn og einnig hve fljótt hann gæti aflað lausafjár með sölu eigna ef nauðsyn krefði.

Ákærði og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir funduðu með bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. apríl 2008. Í minnisblaði Ingibjargar um fundinn kom fram að þar hafi

verið gerð grein fyrir viðræðum seðlabankans um gjaldmiðlaskiptasamninga, árangri og horfum í þeim. Kom fram að samningar við seðlabankana í Svíþjóð, Danmörku og Noregi væru nokkurn veginn í höfn, en þeir hafi þó sett skilyrði, sem lýst var stuttlega í minnisblaðinu og svöruðu efnislega til atriða, sem komu fram í áðurnefndri yfirlýsingu ákærða, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands 16. maí 2008 til norrænu seðlabankanna þriggja. Í yfirlýsingunni, sem gerð var í tengslum við þessa gjaldmiðlaskiptasamninga, var þess meðal annars getið að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið myndu nota valdheimildir sínar til að þrýsta á íslensku bankana til að minnka efnahagsreikninga sína í samræmi við þær aðferðir, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði lagt til.

Á fundi samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað 21. apríl 2008 var rætt um vinnuskjal um sviðsmyndir fjármálaáfalls og viðbrögð við því. Í fundargerð kom fram að næstu skref í viðbúnaðarstarfinu yrðu meðal annars að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og setja þrýsting á bankana, sem ráðherrar og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands myndu gera.

Ákærði fékk sent frá Seðlabanka Íslands afrit bréfs aðalbankastjóra Englandsbanka 23. apríl 2008 til formanns bankastjórnar seðlabankans, þar sem fram kom að hafnað væri beiðni um gerð gjaldmiðlaskiptasamnings. Þótt erlendi bankastjórinn lýsti yfir vilja til aðstoðar, meðal annars vegna náninna tengsla þjóðanna tveggja, kvaðst hann ekki sannfærður um að gjaldmiðlaskiptasamningur fæli í sér lausn á þeim vanda, sem blasti við. Vandinn fælist einkum í stöðu íslenska bankakerfisins og stærð þess, sem gerði seðlabankanum sérlega erfitt fyrir í hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara. Eina lausnin á vandanum væri áætlun, sem hrundið yrði í framkvæmd sem fyrst, til að minnka verulega stærð íslenska bankakerfisins, en slíkt yrði ekki auðvelt. Í bréfinu lýsti erlendi bankastjórinn því að hann teldi alþjóðasamfélagið vera reiðubúið að veita aðstoð til þess og væri hann það jafnframt.

Í byrjun maí 2008 lá ljóst fyrir að seðlabanki Evrópu myndi ekki gera gjaldmiðlaskiptasamning við Seðlabanka Íslands. Um sama leyti gekk sú lánalína um 1.000.000.000 evrur, sem komin var á við Alþjóðagreiðslubankann, seðlabankanum úr greipum vegna misskilnings um endurnýjun samnings um hana. Þess er svo einnig að geta að 20. maí 2008 tilkynnti matsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað tvo liði í lánshæfiseinkunnum íslenska ríkisins, en talið horfur um þær stöðugar að þessu gerðu. Ástæðan fyrir þessari lækkun var sögð vera hætta á því að

ríkið kynni að þurfa að afla verulegra fjárhæða í erlendum gjaldmiðlum vegna skuldbindinga íslensku viðskiptabankanna.

Þótt framangreind lýsing beri með sér að flest teikn hafi verið um neikvæða þróun og aukna erfiðleika í málefnum íslensku bankanna og ríkissjóðs er þess einnig að geta að margs konar upplýsingar gáfu til kynna að staða bankanna væri ekki slæm. Af þeim má nefna að frumskýrsla, sem fylgdi bréfi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 14. apríl 2008 og getið var að framan, var að sumu leyti jákvæð þegar lýst var stöðu bankanna. Sama má segja um skýrslu 30. apríl 2008, sem unnin var af sérfræðingum sem hingað komu á vegum sænska seðlabankans til þess að leggja mat á stöðu bankanna, en þar var eignasafni þeirra lýst sem góðu og eiginfjárstöðu traustri í alþjóðlegu samhengi. Bankarnir stóðust einnig álagspróf Fjármálaeftirlitsins. Loks sýndu uppgjör þeirra vegna rekstrarársins 2007 mikinn hagnað og árshlutauppgjör þeirra fyrri hluta árs 2008 sýndu einnig góða afkomu. Þessi uppgjör voru unnin af löggiltum endurskoðendum.

4

Hér áður var komist að þeirri niðurstöðu að ákærða hafi borið í framhaldi af fundi 7. febrúar 2008 með bankastjórn Seðlabanka Íslands að bregðast við þeim upplýsingum um hættu, sem þar komu fram. Varð þó að játa honum svigrúmi til að rannsaka málið og taka á grundvelli þeirrar rannsóknar ákvörðun um aðgerðir. Svo sem áður segir fór engin sérstök rannsókn fram. Þrátt fyrir það varð fljótlega ljóst að auk þeirra aðgerða, sem hafnar voru til að auka gjaldeyrisforða seðlabankans, var nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins, fyrst og fremst þeirra þriggja viðskiptabanka, sem stærstir voru. Ákærða hlaut að vera þetta ljóst, enda hafði þetta margsinis komið fram, svo sem rakið hefur verið, auk þess sem bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Englandsbanki höfðu bent á nauðsyn þess að í slíkar aðgerðir yrði ráðist. Enginn vafi getur leikið á um skyldu ákærða til slíkra athafna eftir fund 16. apríl 2008, þar sem rætt var um yfirlýsingu til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, sem var skilyrði fyrir því að gjaldmiðlaskiptasamningar voru gerðir milli þessara seðlabanka og Seðlabanka Íslands um miðjan maí. Í þeirri yfirlýsingu var að finna skuldbindingar í inngangsorðum og í fyrsta tölulið, sem ríkisstjórnin tókst á herðar. Í öðrum tölulið var enn fremur kveðið á um að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið skyldu beita valdheimildum sínum til að þrýsta á bankana til að minnka efnahagsreikninga sína í samræmi við þær aðferðir, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði lagt til. Þótt

yfirlýsingin um þetta hafi verið þess eðlis að efndir á henni yrðu ekki knúnar fram með dómi er ljóst að um var að ræða skuldbindingu fyrir ríkisstjórnina og þar með fyrir ákærða sem forystumann hennar. Vanefnd á yfirlýsingunni gat leitt til þess að samningunum yrði rift, enda var hún skilyrði fyrir gerð þeirra.

Ákærði var forsætisráðherra og sem slíkur fyrirvarsmaður og verkstjóri í ríkisstjórn. Honum bar því að taka málið upp við þá ráðherra, sem einstök atriði þess heyrðu undir, og móta pólitíska stefnu í því innan ríkisstjórnarinnar. Það gerði hann ekki. Hann ræddi ekki um yfirlýsinguna við viðskiptaráðherra, sem kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi ekki hafa séð hana fyrr en á síðari stigum. Viðskiptaráðherra bar einnig að sér hafi ekki verið kynnt frumskýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem fylgdi áðurnefndu bréfi 14. apríl 2008. Ákærði getur ekki með réttu haldið því fram að hann hafi ekki borið ábyrgð á framkvæmdinni að þessu leyti sökum þess að málefnið hafi átt undir viðskiptaráðherra, enda sá ákærði aldrei til þess að viðskiptaráðherra, sem Fjármálaeftirlitið heyrði undir, yrði gerð grein fyrir því hvaða skyldur hvíldu á honum og stofnuninni samkvæmt yfirlýsingunni.

Þótt viðtakendur yfirlýsingarinnar hafi vart getað búist við að hún yrði efnd á næstu vikum eða mánuðum breytti það ekki skyldu ákærða til að hefjast handa um undirbúning efnda í samræmi við efni hennar. Ákærði hefur vísað til þess að seðlabankar Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs hafi tvívegis fengið minnisblöð frá Seðlabanka Íslands um framvindu mála, sem erlendu seðlabankarnir hafi ekki gert athugasemdir við. Í minnisblaði frá 8. júlí 2008 kom meðal annars fram að íslensku bankarnir hafi verið að minnka efnahagsreikninga sína og þeir myndu halda því áfram og vera til þess hvattir af stjórnvöldum. Í minnisblaði 19. september 2008 var því haldið fram að efnahagsreikningar allra bankanna hafi dregist saman í evrum talið. Aðgerðirnar, sem þarna var getið um, voru á hinn bóginn ekki framkvæmdar með þeim hætti, sem yfirlýsingin gerði ráð fyrir, heldur var getið um minnkun, sem bankarnir sjálfir leituðust við að framkvæma eða stöfuðu af öðru, svo sem gengisbreytingum.

5

Eftir að ákærði, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra gengust í nafni ríkisstjórnarinnar undir þær skuldbindingar, sem fólust í yfirlýsingunni 16. maí 2008 til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, bar ákærða að gæta að þeim valdheimildum, sem hann og stofnanir ríkisins hefðu til að efna skuldbindingarnar. Í því efni skipta neðangreind atriði sérstöku máli.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 177/2007, sbr. 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 73/1969, heyrði undir ákærða sem forsætisráðherra hagstjórn almennt svo og málefni Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Að því leyti, sem bankarnir og staða þeirra ógnuðu almennri hagstjórn, hlaut ákærði að þurfa að hafa frumkvæði að málum, sem þá varða, og tryggja að viðskiptaráðherra beitti heimildum sínum í sama skyni.

Í lögum nr. 36/2001 segir í 1. mgr. 1. gr. að Seðlabanki Íslands sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkissjóðs og fari um stjórn hans samkvæmt lögnum. Í 2. mgr. 1. gr. segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum seðlabankans. Í 1. mgr. 3. gr. er kveðið á um að meginmarkmið seðlabankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra sé bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Þá segir í 2. mgr. 3. gr. að seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. Samkvæmt þessu bar seðlabankanum að fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Auk þess að fara sjálfur með hagstjórn almennt gat ákærði því á vettvangi ríkisstjórnarinnar mótað stefnu í þessum þætti efnahagsmála, sem seðlabankanum hefði borið að fylgja, eftir atvikum með því að beita valdheimildum sínum.

Í framangreindum lögum um Seðlabanka Íslands eru ýmsar valdheimildir, sem nýta mátti til að þvinga bankana til að minnka efnahagsreikninga sína. Almennt felast valdheimildir seðlabankans að því er varðar viðskiptabanka í tækjum til að stjórna lausafé bankanna og veita þeim lán. Í 1. mgr. 7. gr. laganna er seðlabankanum heimilað að lána meðal annars viðskiptabönkum með kaupum á verðbréfum eða á annan hátt gegn tryggingum, sem seðlabankinn metur gildar. Í 2. mgr. sömu lagagreinar er bankanum einnig heimilað, telji hann þess þörf í því skyni að varðveita traust á fjármálakerfi landsins, að veita ábyrgðir eða önnur lán en greinir í 1. mgr. á sérstökum kjörum og gegn öðrum tryggingum en þar segir. Í 1. mgr. 11. gr. er seðlabankanum heimilað að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum. Honum er einnig heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í seðlabankanum, enda fari heildarfjárhæð, sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í bankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er samkvæmt 1. málslíð þessarar málsgreinar. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að bankinn skuli setja nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar samkvæmt greininni, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún taki. Í

reglunum megi ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir eðli lánastofnana og verðbréfasjóða og flokkun innlána og annarra skuldbindinga, sem bindingin nær til. Gæta skuli jafnræðis við ákvörðun bindiskyldu þannig að hún valdi ekki röskun á samkeppnisstöðu milli þeirra innlendu fyrirtækja, sem sæta innlánsbindingu. Í 12. gr. laganna er seðlabankanum veitt heimild til að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana, sem þeim beri ætíð að hafa yfir að ráða í þeim tilgangi að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili. Segir að í reglunum megi mæla fyrir um að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

Með stoð í framangreindum ákvæðum gat Seðlabanki Íslands nýtt valdheimildir sínar til að þrýsta á bankana um að minnka efnahagsreikninga sína. Heimildirnar lúta bæði að kröfum um það lausafé, sem bönkum beri að hafa tiltækt, og um skyldu þeirra til að binda hluta af fé sínu í seðlabankanum. Auk þess gat bankinn haft áhrif með því að binda lánveitingar sínar í formi skuldabréfakaupa af bönkunum almennum skilyrðum, sem lutu að minnkun efnahagsreikninga þeirra í samræmi við áætlun, sem þeir hefðu lagt fram, eins og gert var ráð fyrir í tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem yfirlýsingin frá 16. maí 2008 vísaði til.

Ákærði beitti sér aldrei fyrir því að mótuð yrði stefna í ríkisstjórn, sem þurfti til að unnt yrði að beina þeirri kröfu eða tilmælum til Seðlabanka Íslands að bankinn nýtti þessar valdheimildir í því skyni að þvinga bankana til að draga úr stærð efnahagsreikninga sinna eða að þeir flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Ákærði gat einnig með stefnumótun í ríkisstjórn haft þau áhrif að viðskiptaráðherra kæmi því til leiðar að Fjármálaeftirlitið nýtti valdheimildir sínar í sama tilgangi. Staða Fjármálaeftirlitsins og valdheimildir í þessu sambandi voru sem hér segir.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitið ríkisstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra og hefur áður verið lýst reglum um skipun stjórnar hennar. Hlutverk stjórnarinnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitinu eru fengnar ýmsar heimildir í lögum nr. 87/1998 til aðgangs að gögnum og upplýsingum, til að gera athugasemdir og krefjast úrbóta. Í 11. gr. eru því veittar heimildir til að beita dagsektum í því skyni að þvinga fram aðgang að gögnum eða knýja fram úrbætur, en einnig févítí gegn þeim, sem brýtur gegn ákvörðunum þess. Í IV. kafla laganna eru ákvæði, sem lúta meðal annars að samstarfi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um eftirlit og upplýsingaskipti, og hefur þeirra áður verið getið. Segir meðal annars í

2. mgr. 15. gr. laganna að Fjármálaeftirlitið skuli veita seðlabankanum allar upplýsingar, sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans. Samkvæmt lögnum skulu stofnanirnar gera með sér samning um samráðið og var fyrrnefndur samráðssamningur þeirra frá 3. október 2006 í gildi á þeim tíma, sem ákæra í málinu varðar.

Í lögum nr. 161/2002 er einnig að finna valdheimildir fyrir Fjármálaeftirlitið til aðgerða á ýmsum sviðum. Í 4. mgr. 36. gr. er stofnuninni heimilt að fullnægðum tilgreindum skilyrðum að banna stofnun útibús fjármálafyrirtækis, en áskilið er að bannið sé tilkynnt því ekki síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga um stofnun útibúsins, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Í 39. gr. eru heimildir til að hindra kaup á erlendu fjármálafyrirtæki á þar tilgreindum forsendum. Loks eru í X. kafla laganna, sem hefur að geyma reglur um laust fé og eigið fé fjármálafyrirtækja, ýmsar valdheimildir, sem Fjármálaeftirlitinu eru fengnar til að tryggja að eigið fé fjármálafyrirtækja sé nægilegt.

6

Samkvæmt framansögðu verður litið svo á að ákærði hafi átt þess kost að tryggja virkar aðgerðir til að knýja bankana til að minnka efnahagsreikninga sína, ekki síst með pólitískri stefnumörkun og með því að samræma aðgerðir ráðherra í ríkisstjórn sinni og þar með stofnana sem undir þá heyrðu. Þær aðgerðir í þessu efni, sem gerðar voru á tímabilinu sem ákæra í málinu snýr að, fólust aðallega í því að Glitnir banki hf. reyndi að selja eignir, sem hann átti í Noregi, og hugðist nota söluverðið til að greiða skuldir. Sú sala gekk ekki eftir. Í skýrslu vitnisins Sigurðar Einarssonar fyrir dómi kom fram að Kaupþing banki hf. hafi selt eignir á árinu 2008 fyrir um 700.000.000 sterlingspund. Þá leituðust allir bankarnir þrír við að draga úr útlánum sínum á fyrstu sex mánuðum ársins. Þessar aðgerðir fóru ekki fram fyrir sérstakan atbeina ákærða eða stjórnvalda. Á hinn bóginn liggur fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi haft áhrif á að Kaupþing banki hf. hætti við kaup á hollenska bankanum NIBC í janúar 2008. Auk þess hefur komið fram að ákærði beindi tilmælum til fyrirsvarsmanna bankanna um að leitast við að minnka efnahagsreikninga þeirra.

Á hinn bóginn var á þessu tímabili gripið til ýmissa aðgerða, sem voru eða gátu verið fallnar til að hafa öfug áhrif. Meðal þeirra var aukin lausafjárþyrngreiðsla Seðlabanka Íslands við viðskiptabankana með kaupum á skuldabréfum, sem þeir gáfu út. Afnáam bindiskyldu á innlánum í erlendum útibúum íslenskra fjármálafyrirtækja

með reglum nr. 373/2008 um bindiskyldu, sbr. 4. mgr. 3. gr. þeirra, var breyting frá eldri reglum um sama efni nr. 879/2005. Breytingin tók gildi 21. apríl 2008 og var þá meðal annars afnumin bindiskylda af innstæðum á Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi. Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir dómi kom fram að þessi breyting hafi verið gerð á grundvelli upplýsinga frá Landsbanka Íslands hf. um að fé, sem lagt væri á innlánsreikninga í erlendu útibúi bankans, væri ekki flutt hingað til lands og skapaði því ekki þenslu hér, en þessar upplýsingar hafi reynst rangar. Gagnvart Landsbanka Íslands hf. hafi þessi breyting leitt til þess að losnað hafi um 20.000.000.000 krónur. Þá var engin viðleitni af hálfu stjórnvalda til að stöðva eða fá frestað innlánaöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikninga í Hollandi, þótt hún yki mjög skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og skapaði bankanum auk þess færi á að stækka efnahagsreikning sinn ef féð yrði nýtt til útlána.

Ákærði hefur ekki andmælt því að hann hafi ekki gripið til virkra aðgerða til að fá einn eða fleiri af bönkunum þremur til að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Hann var upplýstur um að Kaupþing banki hf. lét athuga kosti á slíkum flutningi.

Samkvæmt framansögðu verður að fallast á að ákærði hafi ekki, þótt honum hafi verið það skylt og unnt hefði verið að beita ýmsum valdheimildum, haft frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisins til að leitast við að dregið yrði úr stærð íslenska bankakerfisins. Verður einnig fallist á að hann hafi ekki haft frumkvæði að aðgerðum til að knýja á um að einhverjir bankanna flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Eins og sjá má af lýsingu málsatvika í kafla III í dóminum jókst hættan á fjármálaáfalli þegar kom fram á mitt ár 2008 og enn frekar í júlí, ágúst og september það ár. Verður að líta svo á að sú þróun mála hafi aukið enn á skyldur ákærða til athafna.

7

Samkvæmt niðurlagi b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 er það skilyrði þess að athafnaleysi, eins og ákært er fyrir í lið 1.4, sé refsivert að athafnir ráðherra hefðu getað afstýrt hættu. Orð ákvæðisins verða eins og áður greinir skýrð svo að athafnir hefðu verið til þess fallnar að bægja algerlega frá hættu eða draga verulega úr henni. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 51. gr. laga nr. 3/1963, hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um að athafnir ákærða, sem leiða áttu til þess að efnahagsreikningar bankanna þriggja hefðu minnkað eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi, hefðu afstýrt í þessum skilningi þeirri stórfelldu hættu, sem upp var komin.

Ákærði hafnar því að þær aðgerðir, sem í ákæru greinir, hefðu verið raunhæfar til að draga úr hættu og vísar jafnframt til þess að ákærvaldið hafi ekki bent á neina möguleika bankanna til að selja eignir eða flytja höfuðstöðvar sínar úr landi. Ákærvaldið hafi ekki lagt fram gögn eða upplýsingar um hvort og með hvaða hætti eignasala eða flutningur úr landi hafi verið hugsanlegur og ekki aflað tölulegra gagna eða greininga á fjárhagsstöðu bankanna.

Liður 1.4 í ákæru tekur til athafnaleysis á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í byrjun október það ár. Áður var komist að þeirri niðurstöðu að þótt athafnaskylda ákærða hafi stofnast í framhaldi af fundi hans, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008, verði ekki gerð sú krafa til hans að skylda til athafna, sem beindust að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn, hafi stofnast fyrr en á síðari stigum. Er að framan miðað við miðjan apríl 2008 þegar ljóst varð hvaða skilyrðum gjaldmiðlaskiptasamningar seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs við Seðlabanka Íslands yrðu háðir. Þótt ákærði hefði með stefnumótun í ríkisstjórn og stöðu sinni sem forsætisráðherra beitt sér fyrir því að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið neyttu valdheimilda sinna til að þrýsta á bankana til að minnka efnahagsreikninga sína, ásamt því að fá viðskiptaráðherra til slíkra athafna, er enginn grundvöllur lagður að því í málinu af hálfu ákærvaldsins að ályktað verði að slíkar aðgerðir hefðu getað afstýrt hættu. Í framburði vitnanna Tryggva Þórs Herbertssonar, Jóns Þórs Sturlusonar, Bolla Þórs Bollasonar, Ingimundar Friðrikssonar, Tryggva Pálssonar og Arnórs Sighvatssonar kom fram að erfitt hefði verið á því tímabili, sem ákæra tekur til, að selja eignir eða grípa til annarra aðgerða, sem dugað hefðu til þess að minnka efnahagsreikninga bankanna þriggja að einhverju marki, án þess að selt hefði verið fyrir lágt verð eða jafnvel hrakvirði. Samrýmist þetta almennt framburði stjórnenda bankanna þriggja um sama efni, en þó taldi vitnið Sigurður Einarsson að Kaupþing banki hf. hefði átt ýmsa kosti um eignasölu á þessu tímabili. Verður einnig að hafa hugfast að aðgerðir ákærða og annarra stjórnvalda hefðu getað leitt til þess að bankarnir hefðu neyðst til að selja eignir á lægra verði en eðlilegt gat talist miðað við aðstæður, auk þess sem einhverjar slíkar ráðstafanir hefðu getað haft þau áhrif að fall bankanna hefði borið fyrr að. Þá hefur af hálfu ákærvaldsins engum stöðum verið rennt undir að ákærði hefði átt þess kost á tímabili þessu að knýja á um flutning höfuðstöðva einhvers bankanna þriggja úr landi, þannig að sá flutningur hefði getað orðið fyrr en löngu eftir að tímabilinu lauk. Styðst þetta meðal annars við framburð vitnisins Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar,

sem taldi slíka aðgerð almennt útilokaða nema á tveimur árum hið minnsta. Er því ekki sannað að þessu skilyrði b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 sé fullnægt. Verður ákærði af þessum ástæðum sýknaður af sökum um að hafa brotið gegn því ákvæði eins og greinir í þessum ákærulið.

Til vara er háttsemi ákærða samkvæmt þessum lið í ákæru talin varða við 141. gr. almennra hegningarlaga. Af hálfu ákæruvaldsins hefur málið ekki verið reifað þannig að lýst hafi verið hvernig sú háttsemi, sem ákærða er gefin að sök samkvæmt framansögðu, teljist fara í bága við þetta ákvæði. Að sama skapi hefur ákærði ekki átt þess kost að reifa varnir sínar gegn slíkum málflutningi. Með því að ósannað er með öllu hvort skilyrðum refsíabýrgðar samkvæmt þessu ákvæði sé fullnægt verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af áðurgreindum sakargiftum um brot gegn því.

XI

1

Í lið 1.5 í ákæru, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í inngangi hennar og lið 1.1, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar til október 2008 andspænis stórfelldri hættu, sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði og honum var eða mátti vera kunnugt um, með því „að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til þess að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.“ Þessi háttsemi ákærða er sem fyrr segir talin aðallega varða við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Að virtu því, sem áður greinir um skýringu á b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963, og þeim sakargiftum, sem ákærði er borinn í þessum lið ákæru, verður þeim hlutlægu skilyrðum að vera fullnægt fyrir sakfellingu í þessu tilviki að í fyrsta lagi hafi á umræddum tíma verið fyrir hendi stórfelld hættu, sem steðjaði að íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði. Í öðru lagi að á ákærða hafi hvílt skylda til þeirra athafna að fylgja því eftir og fullvissa sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave reikninganna í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leita leiða til þess að stuðla að framgangi þess með virkri aðkomu ríkisins. Í þriðja lagi að þær athafnir, sem ákærða hafi verið skylt að grípa til, hefðu getað afstýrt þessari hættu eða dregið verulega úr henni.

Í kafla VIII í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að fullnægt sé því hlutlæga skilyrði fyrir sakfellingu, sem fyrst var getið og lýtur að því að þegar 7. febrúar 2008 hafi stórfelld hætta steðjað að íslenskum fjármálastofnunum og ríkinu, auk þess sem ákærða hafi hlotið að vera sú hætta ljós. Umfjöllunin í þessum kafla verður því bundin við önnur þau skilyrði, sem getið var að framan.

2

Landsbanki Íslands hf. keypti sem fyrr segir enska bankann Heritable Bank Ltd. á árinu 2002 og mun hafa stofnað útibú í London snemma árs 2005. Í október 2006 hóf þetta útibú bankans að markaðssetja rafræna innlánsreikninga undir heitinu Icesave Easy Access. Bankinn hafði þá um nokkurt skeið tekið við svonefndum heildsöluinnlánum og námu þau talsverðum fjárhæðum þegar markaðssetning Icesave reikninganna hófst. Stjórnendur Landsbanka Íslands hf. ákváðu að hafa Icesave reikningana í útibúi bankans í London frekar en að stofna sérstakt dótturfélag í því skyni eða hafa þá í Heritable Bank Ltd. Þessi skipan fól í sér að mun auðveldara var að flytja fé, sem lagt var inn á reikningana innan samstæðu Landsbanka Íslands hf., þar á meðal til móðurfélagsins á Íslandi. Um leið varð þetta til þess að innstæður á reikningunum féllu undir tryggingar, sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta veitti.

Þegar íslensku viðskiptabankarnir þrír lentu í vandræðum í lok árs 2005 og byrjun árs 2006 voru þeir meðal annars gagnrýndir fyrir að vera fjármagnaðir til skamms tíma og allt of háðir svonefndri markaðsfjármögnun, en í því fólst að þeir öfluðu sér lána til starfseminnar fyrst og fremst á alþjóðlegum lánamarkaði. Landsbanki Íslands hf. brást við þessari gagnrýni með ákvörðun um að auka hlut innlána við fjármögnun bankans. Heildsöluinnlán þau, sem áður greinir, og enn frekar innlán á Icesave reikningana voru því almennt talin jákvæð og til þess fallin að styrkja stöðu bankans. Innlánsöfnunin gekk auk þess vel. Í júní 2007 voru innstæður á Icesave reikningum um 3.600.000.000 sterlingspund og í ársbyrjun 2008 um 4.800.000.000 sterlingspund.

Í vitnaskýrslu Jónasar Fr. Jónssonar fyrir dómi kom fram að það hafi fyrst verið í lok árs 2007 eða ársbyrjun 2008, sem litið hafi verið svo á að hætta stafaði af innlánsöfnun Landsbanka Íslands hf. á Icesave reikningana. Þáverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, skipaði Jón Sigurðsson sem formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins í janúar 2008 og sagði sá fyrirnefndi í skýrslu sinni fyrir dómi að það hafi verið sérstakt markmið nýja stjórnarformannsins að koma starfsemi

erlendra útibúa bankanna í dótturfélög. Jón Sigurðsson kvaðst fyrir dómi hafa talið slíka starfsemi eiga heima í dótturfélögum og litið svo á að frá því í mars 2008 hefði Landsbanki Íslands hf. unnið að því að flytja innlánin til dótturfélags síns í London.

Á áðurnefndum fundi ákærða og tveggja annarra ráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 upplýsti formaður bankastjórnarinnar að í samtölum hans við fulltrúa matsfyrirtækisins Moody's Investors Service hafi komið fram að fyrirtækið hefði áhyggjur af Icesave reikningunum vegna þess að þeir gætu verið kvikir. Ef óþægilegar fréttir bærust af Íslandi gæti það haft verulega slæm áhrif á reikningana því fólk gæti rokið til og tekið út innstæður í þeim mæli að til vandræða yrði fyrir Landsbanka Íslands hf.

Skömmu fyrir fund, sem ákærði og fleiri ráðherrar áttu með fulltrúum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008, fékk hann tölvubréf frá ráðuneytistjóranum í fjármálaráðuneytinu, sem hafði leitað til Tryggva Pálssonar um hvað bankarnir gætu gert vegna þess ástands, sem upp var komið. Meðal þess, sem fram kom í tölvubréfinu, var að bankarnir ættu að bóka erlend innlán í dótturfélög í stað þess að hafa þau í útibúum eins og þau gerðu í mörgum tilvikum með tilheyrandi áhættu fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Á fundi, sem Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson, bankastjórar Seðlabanka Íslands, áttu 3. mars 2008 með aðalbankastjóra Englandsbanka kom meðal annars fram að stjórnendur síðarnefnda bankans hefðu ugg af mögulegum afleiðingum þess að mikið yrði tekið út af reikningum í bönkum, þar á meðal í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London. Slíkt gæti haft smitáhrif, en að auki hefðu þeir áhyggjur af fyrirkomulagi innstæðutrygginga á Íslandi og teldu óljóst hvernig háttað væri tryggingum á innstæðum í útibúi Landsbanka Íslands hf. í London. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa frétt af þessum fundi.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands og tveir starfsmenn hans áttu fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 30. mars 2008, en efni þess fundar snerist fyrst og fremst um vandamál, sem steðjuðu að bankanum vegna Icesave reikninganna. Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. greindu frá því að mikið útstreymi hafi verið af reikningunum, auk þess sem heildsöluinnlán hafi lækkað verulega. Þeir gátu þess einnig að viðræður hafi farið fram milli bankans og breska fjármálaeftirlitsins, FSA, sem vildi að innlánin í útibúinu í London yrðu flutt í dótturfélag, en eignir yrðu þá að fylgja þessum skuldbindingum til dótturfélagsins. Annar bankastjóranna kvað bankann ekki geta uppfyllt skilyrði FSA, þar sem heildsöluinnlánin væru að hverfa,

og gæti bankinn ekki ráðið við þetta einn. Samkvæmt minnisblaði, sem starfsmaður seðlabankans gerði um fundinn, tók bankastjórinn einnig fram að líkurnar á því að íslensku bankarnir kæmust í gegnum vandræði sín væru „mjög, mjög litlar.“ Tveimur dögum síðar áttu ákærði og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands. Í minnisblaði Ingibjargar um fundinn kom fram að formaður bankastjórnarinnar hafi gert þeim grein fyrir vandamálum Landsbanka Íslands hf. vegna Icesave reikninganna. Miklar fjárhæðir hefðu runnið út af reikningunum dagana fyrir fundinn og gæti Landsbanki Íslands hf. aðeins þolað slíkar úttektir í sex daga til viðbótar. Jafnframt gerði hann ráðherrunum grein fyrir því að FSA vildi að Landsbanki Íslands hf. færði þessa reikninga yfir í breskt dótturfélag, en til þess yrði bankinn að leggja fram tryggingu að fjárhæð 1.500.000.000 sterlingspund og hefði ekki til ráðstöfunar nema þriðjung þeirrar fjárhæðar. Hafi verið spurt hvort ríkið gæti tryggt bankanum það, sem upp á vantaði, með skömmum fyrirvara.

Bankastjórar Landsbanka Íslands hf. áttu fund með Davíð Oddssyni, Ingimundi Friðrikssyni og Tryggva Pálssyni 4. apríl 2008. Samkvæmt minnispunktum frá fundinum var þar einkum rætt um Icesave reikningana og vandamál Landsbanka Íslands hf. Þar kom meðal annars fram að annar bankastjóra Landsbanka Íslands hf. hafi upplýst að FSA hafi verið send tillaga um flutning Icesave reikninganna til dótturfélagsins Heritable Bank Ltd., svo og að stjórnendur Landsbanka Íslands hf. væru hræddir við FSA og þyrftu að fá þar skilning „á herra plani“.

3

Í kafla III í dóminum voru meðal annars rakin bréfaskeipti stjórnenda Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins, FSA, um flutning á Icesave reikningunum frá útibúi bankans í London til dótturfélags. Eins og þar kom fram lýstu stjórnendur Landsbanka Íslands hf. því yfir í bréfi 4. apríl 2008 að rétt væri að stefna á flutning Icesave reikninganna ásamt eignum útibúsins í London til Heritable Bank Ltd. Í bréfinu var fjallað um leiðir við slíkan flutning og tekið fram að þess væri vænst að hann gæti gengið greiðlega, enda brýnt að af honum yrði. FSA virðist hafa lýst sig sammála því að starfsemi útibúsins yrði flutt til dótturfélags, en talið að kanna þyrfti vel lögfræðilegan grundvöll þeirrar leiðar, sem valin yrði. Í bréfi Landsbanka Íslands hf. til FSA 24. apríl 2008 kom á hinn bóginn fram að flutningur Icesave reikninganna til dótturfélags hafi verið settur á miðlungs- eða langtímaáætlun hjá bankanum. Í svarbréfi gerði FSA ekki athugasemdir við þetta. Bréf, sem lögð hafa verið fram í málinu og fóru milli Landsbanka Íslands hf. og FSA næstu vikurnar, vörðuðu ekki

flutning reikninganna sérstaklega, heldur lausafjárstýringu útibús bankans í London. Á fundi bankastjóra Landsbanka Íslands hf. með fulltrúum FSA 2. júlí 2008 var fyrst af þess hálfu gerð krafa um flutning Icesave reikninganna úr útibúi til dótturfélags. Í framhaldi af þessu kom fram í bréfum að bankinn og FSA væru sammála um að flytja ætti reikningana til dótturfélags, en ágreiningur væri um á hve löngum tíma það gæti gerst og hvort og hvernig eignir yrðu fluttar til dótturfélagsins á móti skuldbindingum, sem fólust í innlánsreikningunum. FSA setti einnig fram ýmsar aðrar kröfur tengdar reikningunum, svo sem um samanlagða hámarksinnstæðu á þeim, markaðssetningu og vexti. Herti FSA kröfur sínar þegar á leið og setti þær þannig fram í bréfi 15. ágúst 2008. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa fengið afrit af því.

Málefni Landsbanka Íslands hf. og Icesave reikninganna voru á þessu tímabili oft til umræðu á fundum samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað, bæði sérstaklega og í tengslum við málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Sem áður segir kvaðst ákærði í skýrslu sinni fyrir dómi hafa fengið upplýsingar frá ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu um aðalatriði þess, sem fram fór á fundum samráðshópsins. Verður því að leggja til grundvallar að ákærða hafi verið kunnugt um aðalatriði þessara umræðna. Auk þess gerðu bankastjórar Landsbanka Íslands hf. bankastjórn Seðlabanka Íslands grein fyrir framvindunni á fundum 14. og 31. júlí og líklega 5. ágúst 2008. Á fyrstnefnda fundinum kom fram að ekki hafi verið unnið síðustu mánuði að flutningi Icesave reikninganna úr útibúi bankans í London til dótturfélags. Að sögn vitnanna Davíðs Oddssonar og Ingimundar Friðrikssonar kom það bankastjórn seðlabankans í opna skjöldu miðað við fyrri upplýsingar að ekki stæðu yfir aðgerðir til að flytja reikningana. Á síðasta fundinum leituðu bankastjórar Landsbanka Íslands hf. enn eftir stuðningi seðlabankans til að framkvæma flutninginn.

Eftir bréf FSA til Landsbanka Íslands hf. 15. ágúst 2008 leituðu stjórnendur bankans eftir fundi með ráðuneytisstjóranum í fjármálaráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu og óskuðu aðstoðar stjórnvalda til að hafa áhrif á bresk stjórnvöld. Leiddi þetta til fundar viðskiptaráðherra, formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins og fleiri embættismanna með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008, sem áður var gerð grein fyrir.

Af samskiptum Landsbanka Íslands hf. við FSA og íslensk stjórnvöld verður að álykta að strax hafi verið ljóst 30. mars 2008, þegar stjórnendur bankans áttu fund með bankastjórn Seðlabanka Íslands, að bresk stjórnvöld myndu ekki fallast á að

Icesave reikningarnir yrðu fluttir frá útibúi bankans í London til dótturfélags nema um leið yrðu fluttar þangað jafnmiklar eignir og nam skuldbindingum við innlánseigendur. Það er einnig ljóst að Landsbanka Íslands hf. var þetta ókleift, bæði í mars 2008 og síðar á árinu þegar FSA krafðist þess að flutningurinn færi fram, meðal annars sökum þess að bankinn hefði með því stofnað í hættu lánsamningum, sem gerðir höfðu verið um fjármögnun hans.

4

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa sjálfur fylgst með því að unnið væri að flutningi Icesave reikninganna úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags bankans þar. Hann kvaðst hafa treyst því að bankinn ynni að þessu sjálfur, auk þess sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands myndu fylgja málinu eftir. Hann kvaðst hafa vitað til þess að Fjármálaeftirlitið hafi verið að vinna í málinu meira og minna allt árið 2008. Hann tók einnig fram að Landsbanki Íslands hf. og Fjármálaeftirlitið hefðu ekki getað unnið að þessum flutningi einhliða, enda hafi breska fjármálaeftirlitið haft mest um þetta að segja.

Innlánasöfnun í útibúum Landsbanka Íslands hf. í London og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu var á áhættu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi að svo miklu leyti, sem sjóðnum var skylt og hann gat ábyrgst innstæðurnar. Á tímabilinu, sem ákæra í málinu snýr að fram til 7. október 2008, voru kröfur um innstæður á innlánsreikningum almennar kröfur við slit fjármálafyrirtækis eða gjaldþrotaskipti á búi þess, jafn settar öðrum almennum kröfum. Hefði Landsbanki Íslands hf. verið tekinn til slitameðferðar eða gjaldþrotaskipta fyrir þann dag hefði enginn kostur verið á því að innstæðueigendur fengju kröfur sínar greiddar þar að fullu. Kröfur vegna innstæðna á Icesave reikningunum skertu einnig möguleika eigenda innstæðna í bönkum hér á landi til að njóta greiðslna úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Það má því fallast á að ákærða hafi sem forsætisráðherra borið að láta málið til sín taka. Samkvæmt því, sem fram er komið, sá ákærði aldrei til þess að mörkuð yrði sérstök stefna stjórnvalda í málinu. Til þess hefði þó verið full ástæða í ljósi þess að hagsmunir Landsbanka Íslands hf. af flutningi Icesave reikninganna til dótturfélags voru einkahagsmunir, sem sneru einkum að því að stöðva neikvæða umfjöllun um þessa reikninga í fjölmiðlum og meðal fjárfesta, á meðan hagsmunir almennings hér á landi af þessu lutu fyrst og fremst að því að skuldbindingar tryggingarsjóðsins yrðu takmarkaðar og fjármálastöðugleiki varðveittur. Að þessu virtu mátti ákærði ekki treysta því að Landsbanki Íslands hf.

flytti reikningana til erlends dótturfélags nema það samrýmdist hagsmunum bankans, óháð því hvað þjónaði hagsmunum almennings best, en sú afstaða bankans kom meðal annars berlega fram í ákvörðun hans um að setja flutninginn á áætlun til meðallangs eða langs tíma þegar dró úr örum úttektum af reikningunum í apríl 2008. Að því verður þó einnig að gæta að málefni viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta voru á málefnasviði viðskiptaráðherra. Hann hafði skipað nýjan formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins, sem hann taldi hafa að markmiði að leitast við að þrýsta á að innlánastarfsemi í erlendum útibúum bankanna yrði færð í dótturfélög. Í skýrslu Björgvins G. Sigurðssonar fyrir dómi kom fram að hann hafi talið að Fjármálaeftirlitið ynni að þessu máli og litið sjálfur svo á að ekkert hafi kallað á afskipti hans af því fyrr en líða tók á árið 2008 og ljóst varð í hvað stefndi. Ákærði getur ekki borið refsíábyrgð á þessu athafnaleysi viðskiptaráðherra.

Sakargiftir á hendur ákærða í þessum lið ákæru snúa sem áður segir að því að hann hafi ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave reikninganna til dótturfélags Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og leitað síðan leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisins. Án tillits til þess að ekki hefur verið skýrt af hálfu ákæruvaldsins svo að viðhlítandi sé hvað felist að öllu leyti í orðalagi þessa liðar í ákæru, verður ekki horft fram hjá því að flutningur Icesave reikninganna úr útibúi bankans í London til dótturfélags hefði ekki getað náð fram að ganga nema með samþykki breska fjármálaeftirlitsins og að fullnægðum þeim skilyrðum, sem þeirri stofnun var heimilt að setja. Eins og áður greinir verður að leggja til grundvallar að ljóst hafi verið þegar í lok mars 2008 að Landsbanki Íslands hf. hafði ekki tiltækar eignir, sem bresk stjórnvöld hefðu fellt sig við, til að afhenda dótturfélagi á móti þeim skuldbindingum, sem í innstæðunum fólust. Af hálfu ákæruvaldsins hafa ekki verið færð rök fyrir því að aðgerðir, sem ríkið hefði getað framkvæmt til að stuðla að flutningi Icesave reikninganna til erlends dótturfélags Landsbanka Íslands hf., hefðu getað verið fólgnar í öðru en að verða við óskum bankans um lánveitingar eða ábyrgðir til að brúa bil á milli eigna og þessara skuldbindinga dótturfélagsins. Sú krafa verður ekki gerð til ákærða að hann hefði átt að hafa frumkvæði að því að ríkið eða Seðlabanki Íslands veitti lán eða ábyrgðir til þess að flutningur reikninganna gæti náð fram að ganga. Það er með öllu ósannað í málinu að aðrar ráðstafanir, sem ákærði hefði getað haft frumkvæði að, hefðu getað afstýrt hættu, svo sem áskilið er í b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963. Á sama hátt og áður var lýst varðandi lið 1.4 í ákæru hefur ekki verið nægilega reifað af hálfu

ákærvaldsins hvernig sakir, sem ákærði er borinn í lið 1.5, geti varðað við 141. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði þegar af þessum ástæðum sýknaður af sakargiftum samkvæmt þessum ákærulið.

XII

1

Í lið 2 í ákæru, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í inngangi hennar, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi í embættisfærslu sinni sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar og fram í októberbyrjun 2008, „látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni.“ Í ákæruliðnum er tekið fram að á þessu tímabili hafi lítið verið fjallað á ráðherrafundum um yfirvofandi háska, ekki hafi verið fjallað formlega um hann og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Hafi þó verið „sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008.“ Þessi háttsemi ákærða er sem áður greinir talin varða við c. lið 8. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

2

Samkvæmt c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963 varðar það ráðherra meðal annars ábyrgð eftir þeim lögum ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem fyrirskipað er í stjórnarskrá lýðveldisins, eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir. Ákærði er eins og að framan greinir sakaður um að hafa látið farast fyrir að framkvæma það, sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrárinnar, um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Af hans hálfu hefur því verið haldið fram að ljóst sé af tilurð og forsögu þessa stjórnarskrárákvæðis að það feli í reynd ekki í sér annað en tilvísun til þeirra mála, sem skylt sé að bera upp í ríkisráði samkvæmt 2. mgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar. Af hálfu ákærvaldsins hefur því aftur á móti verið haldið fram að skýra verði 17. gr. stjórnarskrárinnar með hliðsjón af því að orðalag hennar sé rýmra en orðalag 2. mgr. 16. gr. hennar.

Í 17. gr. stjórnarskrárinnar segir eftirfarandi: „Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti

lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.“ Þá hljóðar 16. gr. hennar svo: „Forsæti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forsæti þar forsæti. Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.“

Greinin, sem nú er 17. gr. stjórnarskrárinnar, var áður 13. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands nr. 9/1920, en síðarnefnda greinin var svohljóðandi: „Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefur kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.“ Þá sagði eftirfarandi í 12. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920: „Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lögráða. Konungur er forsæti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.“ Í athugasemdum við frumvarp, sem varð að stjórnarskránni 1920, var meðal annars að finna svofelldar skýringar á nýmæli 13. gr.: „Með því að varla er um það að ræða, að haldnir verði ríkisráðsfundir nema örsjaldan, 2–3 á ári, og þeir venjulega ekki með nema einum ráðherra, virðist nauðsynlegt að fyrirskipa, að ráðherrafundir verði haldnir svo oft sem tilefni er til, svo að lög og mikilvæg málefni verði rædd á sameiginlegum fundi allra ráðherra. Er gert ráð fyrir því, að þau hin sömu mál, er borin eiga að vera upp fyrir konungi á ríkisráðsfundi, verði jafnan áður rædd á ráðherrafundi. Svo er og ákveðið, að ráðherra geti borið upp á ráðherrafundi mál, er honum þykir svo mikilsvert, að hann óskar að ráðgast um það við hina ráðherrana, þótt það heyri ekki til þeim málum, sem jafnan skal ræða á ráðherrafundi“. Í frumvarpinu var lagt til að kveðið yrði á um það í 13. gr. að afl atkvæða réði á fundum ráðherra. Við meðferð Alþingis var ákvæði þessa efnis fellt brott, en greinin samþykkt að öðru leyti svo til óbreytt.

Þótt skilja mætti framangreindar athugasemdir með frumvarpi til stjórnarskrárinnar 1920 á þann hátt að ætlast hafi verið til að orðalagið „mikilvæg stjórnarmálefni“ í 13. gr. ætti að merkja það sama og „mikilvægar stjórnarráðstafanir“ í 12. gr. er það engan veginn einhlítur skilningur, enda hefði þá legið beint við að nota sömu orðin í báðum greinunum, þar sem þau fyrrnefndu hafa eftir hljóðan sinni rýmri merkingu en þau síðarnefndu. Prófessor Einar Arnórsson, sem var ráðherra Íslands um skeið og kom að umfjöllun um stjórnarskrárfrumvarpið á Alþingi sem formaður stjórnarskrárnefndar neðri deildar þess, taldi í ritinu Ágrip af íslenski stjórnlagafraeði, sem kom út 1927, að stjórnarráðstafanir í 12. gr. og stjórnarmálefni í

13. gr. merktu vafalaust ekki það sama. Þótt fullyrða mætti að öll þau mál, sem bera skyldi upp fyrir konung í ríkisráði, skyldu einnig lögð fyrir ráðherrafund mætti hiklaust telja mörg stjórnarmálefni mikilvæg þótt þau færu ekki venju samkvæmt fyrir ríkisráð, enda ráðherrum falið að ráða fram úr mörgum málum, sem hlyti að mega telja mikilvæg.

Með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1942 var heimilað að breyta þágildandi stjórnarskrá á afbrigðilegan hátt í tilefni af fyrirhuguðum sambandsslitum við Danmörku og stofnun Lýðveldis hér á landi. Þó var sleginn sá varnagli að óheimilt væri að gera með þessum hætti aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiddi af þessu tvennu. Ekki verður ráðið af lögskýringargögnum að til álita hafi komið við setningu stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 að fella 13. gr. eldri stjórnarskrár brott, en það hefði þó verið sjálfgefið ef greinin hefði aðeins átt að tryggja að þau mál, sem bera átti upp í ríkisráði, yrðu fyrst rædd á fundi allra ráðherra sökum þess að fæstir þeirra höfðu átt tök á að sækja ríkisráðsfundi um langan veg til Danmerkur. Þótt legið hafi fyrir að við stofnun Lýðveldis yrði breyting hér á varð greinin nánast óbreytt að 17. gr. stjórnarskrárinnar að öðru leyti en því að forseti kom í stað konungs. Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1969, sem voru leyst af hólmi með lögum nr. 115/2011, sagði eftirfarandi: „Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.“ Síðan sagði í 2. mgr. sömu greinar: „Málefni, sem bera á upp fyrir forseta Lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.“ Ef þau mikilvægu stjórnarmálefni, sem um ræddi í fyrri málsgreininni, hefðu ekki verið önnur en þau málefni, sem bera átti upp fyrir forseta Íslands, hefði síðari málsgreinin verið óþörf. Það tvennt, að stjórnarskrárákvæðið um ráðherrafundi hefur haldist efnislega óbreytt þrátt fyrir breytinguna á stjórnskipulegri stöðu Íslands 1944 og að greint var á milli mála, sem annars vegar skyldu rædd á fundum ráðherra og hins vegar borin upp í ríkisráði, í fyrstu lögunum um Stjórnarráð Íslands, styður ótvírætt að skýra beri fyrir mæli 17. gr. stjórnarskrárinnar eftir orðanna hljóðan. Í samræmi við meginreglu um lögskýringar verður byggt á skýru orðalagi ákvæðisins, sem eldri lögskýringargögn fá í engu hnekkt.

Samkvæmt þessu hvílir sú skylda á forsætisráðherra, sem er í forystu fyrir ríkisstjórn og stjórnar ráðherrafundum, að sjá til þess að mikilvæg stjórnarmálefni, sem honum er kunnugt um, séu tekin til umræðu og eftir atvikum afgreiðslu á þeim fundum, svo sem boðið er í 17. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt það geti í einhverjum

tilvikum verið háð mati hvaða einstök mál teljist mikilvæg stjórnarmálefni í merkingu þessa stjórnarskrárákvæðis er það ekki háð sjálfðæmi forsætisráðherra hvenær mál er þess eðlis að það skuli tekið fyrir á ráðherrafundi. Þar skiptir öðru fremur máli hversu miklu það varðar hagsmuni ríkisins og alls almennings að fjallað sé um mál á fundum ríkisstjórnarinnar, en það er sá vettvangur sem ráðherrum ber eftir stjórnarskránni að nýta fyrir pólitískt samráð sín á milli um æðstu stjórn ríkisins og stefnumótun í mikilvægum málefnum þess. Leiki vafi á um það hvort tiltekið mál sé þess eðlis að það teljist mikilvægt í þessum skilningi getur það haft áhrif hvort venja hafi verið að taka sambærileg mál fyrir á ráðherrafundum. Á hinn bóginn getur slík venja, jafnvel þótt sönnuð yrði, ekki breytt fyrirmælum 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Þótt tíðkast hafi um langt árabíl hér á landi, þar sem ríkisstjórnir hafa lengstum verið skipaðar ráðherrum úr fleiri en einum stjórnmalaflokki, að oddvitar stjórnarflokka hafi haft með sér óformlegt samráð um mál, sem varða ríkisstjórnarsamstarfið, getur slíkt samráð ekki leyst forsætisráðherra undan skyldunni, sem mælt er fyrir um í 17. gr. stjórnarskrárinnar. Hann getur heldur ekki skotið sér undan þeirri skyldu þótt hann óttist að aðrir ráðherrar muni ekki gæta þagmælsku um mál, sem eru þess eðlis að þau verði að fara leynt. Í því efni verður að gæta þess sem fyrr segir að rík þagnarskylda hvílir á ráðherrum, auk þess sem forsætisráðherra verður að geta rætt mikilvæg málefni í trúnaði við aðra ráðherra, enda ber hann samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar stjórnskipulega ábyrgð á skipun og veru þeirra í embætti, óháð því hvort þeir tilheyra sama stjórnmalaflokki og hann sjálfur.

3

Þótt ganga verði út frá áðurgreindri meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um að sérhver ráðherra fari með óskorað vald á því stjórnsýslusviði, sem undir hann heyrir, geta lög mælt öðru vísi fyrir, enda hefur tíðkast frá öndverðu að löggjafinn hafi lagt tiltekin mál undir ríkisstjórnina alla í heild. Hefur verið gengið út frá því í fræðilegri umfjöllun að ræða verði slík mál og afráða á ráðherrafundi samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá því að Seðlabanki Íslands var settur á stofn með lögum nr. 10/1961 hefur ávallt verið kveðið á um það í lögum um bankann að hann skuli vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar hverju sinni í efnahagsmálum, nái tilgangi sínum, sbr. nú 2. mgr. 3. gr. laga nr. 36/2001. Af því ákvæði verður dregin sú ályktun að lögum samkvæmt sé það hlutverk ríkisstjórnarinnar í heild, en hvorki forsætisráðherra né

annarra ráðherra, að móta efnahagsstefnu ríkisins á hverjum tíma. Meðal þess, sem þar hlýtur óhjákvæmilega að falla undir, er hvort ríkið skuli hafa afskipti af starfsemi viðskiptabanka og annarra fjármálafyrirtækja og þá hvernig þeim afskiptum skuli háttað. Enn fremur hvort fjármálastöðugleika og lánstrausti ríkisins kunni að stafa hætta af þeirri starfsemi og til hvaða úrræða skuli gripið til að koma í veg fyrir að sú ógn verði að veruleika.

4

Í áður nefndri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar 23. maí 2007 kom meðal annars fram að kraftmikið efnahagslíf væri forsenda áframhaldandi uppbyggingar á nánar tilgreindum sviðum. Þar sagði að brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar væri að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og væri eitt af markmiðum hagstjórnarinnar að tryggja áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs. Í yfirlýsingunni var einnig tekið fram að ríkisstjórnin vildi „skapa kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt, útflutning og útrás íslenskra fyrirtækja ... Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförunum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Áhersla verður lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts.“ Í fyrrnefndu samkomulagi um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem gert var 21. febrúar 2006 í tíð annarrar ríkisstjórnar, var meðal annars tekið fram að viðbrögð við hættu, sem kynni að steðja að fjármálakerfinu vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði, væru háð aðstæðum hverju sinni, en grundvallaratriði væri að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja og markaðsaðilar leystu vanda sinn sjálfir. Þetta samkomulag hélst óbreytt eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar var mynduð, en samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað starfaði á grundvelli þess á árunum 2007 og 2008 eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Af framansögðu verður ekki annað ráðið en að það hafi að minnsta kosti framan af verið þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem sat á þeim tíma sem ákæra í málinu tekur til og ákærði veitti forystu, að standa við bakið á íslenskum bönkum og fjármálafyrirtækjum til að þau gætu meðal annars sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði. Enn fremur að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski

fjármálamarkaðurinn nyti fyllsta trausts, en þó þannig að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja yrðu látnir sjálfir um að leysa vanda, sem kynni að steðja að fjármálakerfinu, án beinna afskipta ríkisins. Samkvæmt því verður að álykta að ríkisstjórnin hafi á þessum tíma litið svo á að hagsmunir ríkisins og almennings hafi í efnahagslegu tilliti farið saman með hagsmunum þeirra, sem áttu og stýrðu fjármálafyrirtækjum hér á landi.

Eins og rakið var hér áður í kafla VIII barst ákærða í ársbyrjun 2008 vitneskja um að hætta steðjaði að íslensku bönkunum, sem kynni að ógna fjármálastöðugleika í landinu og þar með stöðu ríkissjóðs. Við það hlaut ákærða sem forsætisráðherra, sem almenn hagstjórn heyrði undir, að verða ljóst að rannsaka þyrfti án tafar hvort þessar upplýsingar ættu við rök að styðjast og jafnframt að væri sú raunin yrði óhjákvæmilega að taka til athugunar hvort breyta þyrfti fyrrgreindri stefnu ríkisstjórnarinnar, sem ætti þá ekki lengur samleið með hagsmunum eigenda og stjórnenda stærstu bankanna vegna áðurgreindra almannahagsmuna, sem í húfi væru. Í þessu sambandi stoðar ekki fyrir ákærða að bera því við að embættismenn og önnur stjórnvöld eða stofnanir, svo sem Seðlabanki Íslands, hafi átt að eiga frumkvæði í þessu efni, enda hafði ákærði sjálfur fengið nægar upplýsingar til að hefjast þegar handa. Á ákærða hvíldi þannig skylda til að sjá til þess að svo fljótt sem kostur væri yrði tekin ákvörðun um hvort haldið yrði áfram að styðja við bankana þrjá án skilyrða af hálfu ríkisins eða hvort spyrt yrði við fótum. Við þessar aðstæður var knýjandi að marka pólitíska stefnu á þessu sviði efnahagsmála og var það á valdsviði ríkisstjórnarinnar, en ekki annarra stjórnvalda.

Viðskiptaráðherra, sem fór með mál sem vörðuðu fjármálamarkaðinn, þar með talda bankana, sat ekki fund ákærða, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008. Af þeim sökum var ákærða skylt að kynna viðskiptaráðherra þegar í stað upplýsingar, sem þar höfðu komið fram um hættuna, sem steðjaði að bönkunum og íslensku efnahagslífi. Ekki verður dregið í efa að ákærði hafi af pólitískum ástæðum þurft að upplýsa utanríkisráðherra sem formann hins ríkisstjórnarflokksins um þá alvarlegu stöðu, sem uppi var, en slíkt ólöglegt samráð getur sem áður segir ekki komið í stað þess samstarfs, sem stjórnarskrá og lög gera ráð fyrir að forsætisráðherra hafi við aðra ráðherra um einstök mál sem undir þá heyra. Vegna þeirrar hættu, sem vofði yfir bönkunum, var brýnt að komið yrði þá þegar á nánú samstarfi milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands til að rannsaka málið ofan í kjölinn undir sameiginlegri yfirstjórn ráðherranna, sem stofnanirnar

heyrðu undir, en það voru viðskiptaráðherra og ákærði sem forsætisráðherra. Í því sambandi verður ekki horft fram hjá því að með slíku samstarfi stofnananna tveggja, þar sem gætt hefði verið af hendi Fjármálaeftirlitsins skýrrar skyldu samkvæmt 15. gr. laga nr. 87/1998 til að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi viðskiptabankanna, kynni að hafa verið leitt í ljós að þeir hafi ekki aðeins átt við lausafjávanda að etja, svo sem talið var allt frá byrjun árs 2008, heldur einnig eiginfjávanda vegna svonefndra krosslánatengsla. Gögn málsins benda til að grunsemdir hafi þá þegar vaknað um að ekki væri allt með felldu í því efni, svo sem kom meðal annars fram í minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um fund hennar 15. janúar 2008 með viðskiptaráðherra, aðstoðarmanni hans og formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins.

5

Samkvæmt lið 2 í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um yfirvofandi háska meðal annars í tilefni af fundi hans, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra með formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008. Fund þennan sátu reyndar allir bankastjórar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs seðlabankans, auk ráðuneytisstjórnans í forsætisráðuneytinu.

Í kafla IX hér að framan var meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að leggja yrði til grundvallar að ákærði hafi á hverjum tíma haft vitneskju um það starf, sem fór fram í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað, þar á meðal um hugmyndir og umræður um nauðsyn pólitískrar stefnumótunar. Á fundi samráðshópsins 15. nóvember 2007 hafði forstjóri Fjármálaeftirlitsins lagt fram skjal með ábendingum, sem lutu að auknum viðbúnaði af hálfu stjórnvalda fyrir hugsanlegt fjármálaáfall. Þar var meðal annars varpað fram spurningum um hámark hugsanlegs eiginfjárframlags ríkisins til fjármálafyrirtækja, lausafjáraðstoðar við þau og ábyrgðar á innstæðum, auk þess sem bent var á að huga þyrfti að lagaheimildum til inngrips í starfsemi þeirra. Aðspurður fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa fengið sérstakar upplýsingar um að einn af bankastjórum Seðlabanka Íslands hafi á fundi samráðshópsins 15. janúar 2008 varpað fram spurningu um hvernig stjórnvöld myndu bregðast við fjármálaáfalli, sem hann teldi ekki lengur vera fjarstæðukenndan möguleika. Þó sagðist ákærði muna vel eftir atburðum um þær mundir, en meðal annars hafi hann átt fund með fjármálaráðherra og bankastjóra í seðlabankanum 13. sama mánaðar.

Fundi ákærða, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 var ítarlega lýst hér áður. Í kafla IX var komist að

þeirri niðurstöðu að það mat formanns bankastjórnarinnar, sem kom fram á fundinum, að íslensku bankarnir þrír væru í mikilli hættu og þar með íslenskt efnahagslíf, hafi verið rétt. Í minnispunktum Tryggva Pálssonar um fundinn var haft eftir ákærða að hann teldi málið „grafalvarlegt“. Í skýrslu sinni fyrir dómi bar ákærði að á fundinum hafi vissulega verið ræddir alvarlegir hlutir, en hann hafi þó enga sérstöðu haft í samskiptum forsætisráðuneytisins og seðlabankans. Þessi orð ákærða breyta ekki því, sem gögn málsins bera með sér, að upplýsingar um yfirvofandi háska, sem ákærði fékk á fundinum, til viðbótar annarri vitneskju, sem hann bjó yfir eða hlaut að búa yfir á þessum tíma, áttu að verða honum sem forsætisráðherra tilefni til að taka málið til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi, ef ekki þegar í stað þá að minnsta kosti svo fljótt sem verða mátti. Eins og áður var rakið kölluðu þessar aðstæður á að fyrr en síðar yrði í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga að taka pólitíska ákvörðun um hvort haldið yrði áfram á sömu braut og mörkuð hafði verið við myndun ríkisstjórnarinnar í maí 2007 eða hvort þörf væri á að endurskoða afstöðu ríkisins til bankanna sökum hagsmuna þess og alls almennings. Eftir því sem tíminn leið og hættan varð augljósari, meðal annars vegna upplýsinga, sem ákærða bærust frá samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað, varð skylda hans þeim mun ríkari til að beita sér fyrir að málið yrði rannsakað og því síðan ráðið til lykta á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Eins og áður hefur verið rakið undirrituðu ákærði, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands yfirlýsingu 16. maí 2008 til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs í tengslum við gjaldmiðlaskiptasamninga milli bankanna. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa átt símtal við bankastjóra sænska seðlabankans skömmu áður og hafi hann þar fallist á að gefa þessa yfirlýsingu. Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir dómi kom fram að sænski bankastjórinn hafi lagt áherslu á að ekki væri unnt að ganga til gjaldmiðlaskiptasamninga nema norrænu seðlabankarnir þrír yrðu sannfærðir um að þeir myndu ekki stofna sér í hættu með því, en í því sambandi þyrftu þeir að sjá fram á breytingar í íslensku efnahagslífi. Þessi ummæli ákærða og Davíðs staðfesta það, sem áður hefur komið fram, að norrænu seðlabankarnir hafi sett það sem skilyrði fyrir gerð samninganna að íslenska ríkisstjórnin gæfi út yfirlýsingu eins og þá, sem hér um ræðir. Í yfirlýsingunni skuldbatt ríkisstjórnin sig gagnvart norrænu seðlabönkunum gagnert á tvo vegu og jafnframt var því meðal annars lýst yfir að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið myndu neyta valdheimilda sinna til að þrýsta á bankana til að draga úr stærð efnahagsreikninga sinna með þeim aðferðum, sem

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði áður lagt til. Með því að gangast undir síðastnefnda skuldbindingu var ákærði ásamt tveimur samráðherrum sínum í raun að marka þá stefnu að stjórnvöld myndu framvegis knýja bankana til að draga saman seglin og fylgja henni eftir með valdbeitingu ef þörf krefði. Þótt ákærði hafi viljað gera lítið úr þessari skuldbindingu í skýrslu sinni fyrir dómi, meðal annars með orðum um að allir hafi gert sér grein fyrir að ekki væri unnt að draga úr stærð bankakerfisins á skömmum tíma, var engan slíkan fyrirvara að finna í yfirlýsingunni. Það fær stoð í vitnisburði Davíðs Oddssonar fyrir dómi að ákærða hafi á þessum tíma verið full alvara að standa við þessa skuldbindingu þegar hann skrifaði undir yfirlýsinguna, en Davíð kvað þá ákærða hafa rætt saman um þetta leyti og hafi þeir verið sammála um að beita bankana þrýstingi í því skyni að þeir drægju úr stærð sinni. Þessar ályktanir eiga sér einnig stoð í minnisblaði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um fund hennar og ákærða með bankastjórn seðlabankans 16. apríl 2008.

Svo sem áður var lýst sendi viðskiptaráðuneytið bréf 20. ágúst 2008 til breska fjármálaráðuneytisins, þar sem veitt voru svör við tilteknum spurningum þess síðarnefnda. Í bréfi viðskiptaráðuneytisins sagði meðal annars að færi svo ólíklega að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti ekki aflað sér fjár á lánamörkuðum mætti fullvissa breska ráðuneytið um að íslenska ríkisstjórnin myndi gera allt það, sem ábyrg ríkisstjórn í þeirri stöðu myndi gera, þar á meðal að aðstoða sjóðinn við fjáröflun til að gera honum kleift að standa undir lágmarksvernd innstæðna. Jafnframt var bent á að lenti fjármálafyrirtæki, sem hefði trausta eiginfjárstöðu, í lausafjávanda vegna skyndilegra og stórfelldra úttekta innstæðueigenda gæti Seðlabanki Íslands komið því til aðstoðar sem lánveitandi til þrautavara og myndi ríkisstjórnin veita honum aðstoð í því skyni. Fyrir dómi staðfesti ákærði að efni þessa bréfs viðskiptaráðuneytisins hafi verið borið undir sig áður en það var sent, en til að forðast að búa til ný vandamál á þessum tíma hafi verið veitt loðin svör við fyrirspurn breskra stjórnvalda. Þótt orðalag bréfsins sé vissulega óákveðið verður efni þess ekki skilið öðru vísi en svo að íslenska ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um aðstoð við fjáröflun tryggingarsjóðsins, enda mátti vera ljóst að sjóðurinn hefði einskis trausts notið á lánamörkuðum án slíkrar aðstoðar. Enn fremur mátti skilja bréfið svo að ríkisstjórnin hafi ákveðið að ríkið myndi veita bönkunum beina eða óbeina fjárhagslega aðstoð ef þeir lentu í bráðum lausafjávanda.

Í 2. gr. reglna um fundargerðir ríkisstjórnarinnar, sem samþykktar voru 31. maí 1999 og giltu á þeim tíma sem ákæra í málinu lýtur að, sagði að í fundargerð skyldu „færðar niðurstöður, skýrt frá frásögnum og tilkynningum ráðherra, auk þess sem greint skal frá umræðuefni, ef ekki er á því formleg niðurstaða, og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk.“ Í málinu hafa verið lagðar fram fundargerðir 52 ríkisstjórnarfunda, sem haldnir voru á tímabilinu 1. febrúar til 6. október 2008. Ef frá eru taldar fundargerðir fjögurra síðustu fundanna, 30. september, 3., 5. og 6. október, var ekki fært til bókar að rætt hafi verið sérstaklega um málefni viðskiptabanka eða annarra fjármálafyrirtækja á fundum ríkisstjórnarinnar á fyrrgreindu tímabili.

Samkvæmt fundargerð frá fundi ríkisstjórnarinnar 8. febrúar 2008 bar iðnaðarráðherra upp fyrirspurn um þróun efnahagsmála og var það mál rætt ítarlega. Í fundargerð 18. mars sama ár var fært til bókar að samgönguráðherra hafi tekið upp umræður um stöðu efnahagsmála og beint fyrirspurn til forsætisráðherra og fjármálaráðherra um gjaldeyrismarkaðinn, áhrif á gengi og efnahagsmálin. Hafi forsætisráðherra farið yfir stöðu mála og að því búnu hafi málið verið rætt. Samkvæmt fundargerð 15. apríl 2008 lagði fjármálaráðherra fram nýja þjóðhagsspá, þar sem meðal annars var fjallað um innlendan og alþjóðlegan fjármálamarkað, og var málið rætt. Á fundi 16. maí sama ár var bókað að ákærði hafi kynnt gjaldmiðlaskiptasamninga Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs og málið verið rætt. Einskis var getið um að lögð hafi verið fram eða kynnt áðurgreind yfirlýsing, sem ákærði og tveir aðrir ráðherrar undirrituðu sama dag. Samkvæmt fundargerð 23. maí 2008 kynnti fjármálaráðherra frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs til sérstakrar lántöku, sem samþykkt var að senda þingflokkum stjórnarflokkanna til meðferðar. Í athugasemdum við frumvarpið kom fram að meðal annars væri ráðgert að nýta þessa heimild til að taka erlent lán, sem yrði endurlánað seðlabankanum til að styrkja gjaldeyrisforða hans. Á fundi 12. ágúst 2008 var fært til bókar að viðskiptaráðherra hafi lagt fram og kynnt minnisblað um skipun nefndar um fjármálastöðugleika og hafi málið verið rætt, en afgreiðslu þess frestað.

Í fundargerð frá fundi ríkisstjórnarinnar 30. september 2008 var greint frá því að rætt hafi verið um málefni fjármálafyrirtækja, nánar tiltekið fyrirhuguð kaup ríkisins á meiri hluta hlutfjár í Glitni banka hf., auk þess sem fjallað hafi verið um stöðuna á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis. Ákveðið hafi verið að ráðuneytisstjórar þriggja tilgreindra ráðuneyta yrðu í svonefndu neyðarteymi Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt fundargerðum 3. og 5. október 2008 tók ákærði til umræðu atburðarás síðustu daga og stöðu bankanna á fyrri fundinum og lagði fram og kynnti yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um innstæðutryggingar á þeim síðari. Á fundi 6. sama mánaðar var bókað að viðskiptaráðherra hafi lagt fram og kynnt frumvarp til laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. og lagt til að málið yrði sent þingflokkum stjórnarflokkanna til meðferðar. Málið hafi verið ítarlega rætt og samþykkt.

Auk ákærða hafa fimm ráðherrar, sem sátu í ríkisstjórn hans á árinu 2008, borið fyrir dómi hvort og þá hvernig hafi verið rætt á ríkisstjórnarfundum um málefni viðskiptabanka og annarra fjármálafyrirtækja á því tímabili, sem hér um ræðir. Í skýrslu, sem ákærði gaf við upphaf aðalmeðferðar málsins, sagði hann aðspurður að hann byggist við að sú hættu, sem steðjaði að íslensku bönkunum á árinu 2008 og þá jafnframt ríkissjóði, hafi ekki verið rædd á ríkisstjórnarfundum „undir þeim formerkjum.“ Bankamál hafi verið „rædd kannski sem hluti af efnahagsmálaumræðu en þau voru náttúrulega aðallega rædd í minni hópum, færri ráðherra“ og þá utan ríkisstjórnarfunda. Ákærði sagði að ekki hafi verið rætt um stöðu bankanna á fundi ríkisstjórnarinnar 15. ágúst 2008, þar sem frumvarp til fjárlaga var tekið fyrir. Aðspurður hvort það hafi verið í fyrsta sinn 3. október 2008, sem staða bankanna í heild var rædd á ríkisstjórnarfundum, kvaðst ákærði telja svo vera, það er að segja undir þeim formerkjum hversu hætt bankarnir væru komnir. Málefni þeirra hafi þó verið rædd innan um önnur efnahagsmál á fundum ríkisstjórnarinnar. Þá minntist hann þess ekki að vinna samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi komið þar til umræðu. Þegar ákærði gaf aftur skýrslu fyrir dóminum eftir að hafa hlýtt á framburð vitna sagði hann að efnahagsmál, atvinnumál, kjaramál og bankamál hafi verið margoft rædd í ríkisstjórninni á ofangreindu tímabili.

Vitnisburður annarra fyrrverandi ráðherra fyrir dómi var að þessu leyti ekki í fullu samræmi við framburð ákærða. Þannig sagði Árni M. Mathiesen að málefni bankanna og sú hættu, sem vofði yfir fjármálamarkaðinum, hafi oft og með reglulegu millibili verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar til loka september 2008, þótt efnið hafi ekki verið á dagskrá fundanna. Þó gæti hann ekki sagt til um hversu mikið hafi verið farið í einstök atriði, enda ætti hann erfitt með að greina milli þess, sem komið hafi fram á ríkisstjórnarfundum og fundum ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Hann minntist þess ekki að fjallað hafi verið á fundum ríkisstjórnarinnar um vinnu samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað eða

gögn frá hópnum verið kynnt þar. Árni kvaðst ekki geta fullyrt hvort málefni einstakra banka hafi verið til umræðu í ríkisstjórn fyrr en 30. september 2008. Björgvin G. Sigurðsson bar að málefni bankanna hafi oft verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar undir liðnum önnur mál, en málefni einstakra banka hafi þó ekki verið rædd þar. Langstærsti liðurinn í þessu hafi tengst umfjöllun um frumvarp til laga um heimild til erlendrar lántöku. Aðspurður gat hann að öðru leyti ekki bent frekar á hvenær málefni bankanna hafi verið til umræðu á ríkisstjórnarfundum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir bar að málefni bankanna hafi oft komið óformlega til umræðu í ríkisstjórn og ekki aðeins undir liðnum önnur mál, heldur einnig í tengslum við aðra dagskrárliði. Staða bankanna hafi verið rædd sem vandamál og hafi ríkisstjórnin allt árið 2008 velt fyrir sér málefnum bankanna og vanda þeirra á alþjóðlegum mörkuðum. Hún kvaðst á hinn bóginn telja að aldrei hafi verið rætt á ríkisstjórnarfundum um málefni einstakra banka. Hún gat þess í öðru samhengi að hún teldi sérkennilegt að tiltekin gögn, sem fjallað var um á fundum samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað, hafi ekki verið lögð fram í ríkisstjórn, sem kynni að stafa af því að efni þeirra hafi þótt viðkvæmt. Í því sambandi benti hún sérstaklega á tvö vinnuskjöl, sem rætt var um á fundum samráðshópsins 1. apríl og 7. júlí 2008. Aðspurð hvort staða bankanna hafi komið upp í umræðum innan ríkisstjórnarinnar sagði Jóhanna Sigurðardóttir að á fyrri hluta árs 2008 hafi staðan í efnahagsmálum almennt verið rædd. Hún taldi að rætt hafi verið í fyrsta sinn um einstaka banka í ríkisstjórn á fundi 30. september 2008 þegar málefni Glitnis banka hf. voru borin þar upp. Þá kvaðst Jóhanna telja að staða bankanna í heild hafi í fyrsta skipti verið rædd á formlegan hátt á ríkisstjórnarfundum 3. október 2008. Hún greindi einnig frá því að hún hafi í ágúst eða september 2008 heyrt af því að einhver undirbúningur stæði yfir í tengslum við viðbragðsáætlun vegna fjármálaáfalls, en hún hafi að öðru leyti ekki vitað um vanda bankanna fyrr en hann varð ljós. Össur Skarphéðinsson sagðist minnst þess að málefni bankanna hafi verið rædd í ríkisstjórninni, frekar í umræðu um aðra dagskrárliði, svo sem efnahagsmál, heldur en undir liðnum önnur mál. Hann kvaðst telja að rætt hafi verið í fyrsta sinn um málefni einstakra banka á fundum ríkisstjórnarinnar 30. september 2008. Aðspurður um ríkisstjórnarfundum 3. október 2008 sagði Össur að það hafi verið fyrsti fundurinn sem hafi aðallega snúist um stöðu bankakerfisins. Hann greindi og frá því að hann minnst þess ekki að hafa verið viðstaddur umræður um hvort viðbragðsáætlun vegna fjármálaáfalls væri til fyrr en hamfarirnar hafi dunið yfir. Af framburði hans má ráða að honum hafi ekki verið kunnugt um störf samráðshópsins eða gögn frá hópnum.

Með skírskotun til skýrslu ákærða fyrir dómi og fundargerða ríkisstjórnarinnar verður að líta svo á að hafið sé yfir allan vafa að sú hættu, sem steðjaði að íslensku viðskiptabönkunum og ríkissjóði, hafi ekki verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar á tímabilinu frá febrúar til loka september 2008, þótt málefni bankanna kunni að hafa borið þar á góma af og til í öðru samhengi. Framburður vitna um að málefni bankanna hafi komið til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundum á þessum tíma, jafnvel oft, breytir ekki þessari niðurstöðu, enda var hann að þessu leyti almenns eðlis og var þar hvergi lýst nánar hvað rætt hafi verið um varðandi bankana. Að auki bera sum þau atriði, sem getið var að framan úr skýrslum vitnanna, augljós merki þess að aldrei hafi verið rætt á ríkisstjórnarfundum um þá hættu, sem að bönkunum steðjaði. Þá kom ekki annað fram hjá vitnunum en að málefni einstakra banka hafi ekki verið rædd í ríkisstjórn fyrir en á fundi hennar 30. september 2008 þegar fyrirhuguð kaup ríkisins á meiri hluta hlutafjár í Glitni banka hf. voru þar til umfjöllunar.

Ákærði taldi í skýrslu sinni fyrir dómi að fyrirhugaður flutningur á Icesave reikningum úr útibúi Landsbanka Íslands hf. í London til dótturfélags hafi ekki verið ræddur í ríkisstjórn. Af framburði hans má einnig ætla að hættan, sem leiddi af reikningunum fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, hafi ekki heldur verið þar til sérstakrar umfjöllunar. Árni M. Mathiesen taldi líklegt að atriði í tengslum við Icesave reikningana hafi borið á góma á ríkisstjórnarfundum, en hann gæti ekki fullyrt það. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kvaðst nánast ekkert hafa komið að umræðum um Icesave reikningana ef frá væri talinn fundur hennar og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 1. apríl 2008. Jóhanna Sigurðardóttir minntist þess ekki að Icesave reikningarnir hafi komið til umræðu í ríkisstjórn fyrir hrun bankanna eða að þar hafi verið rætt um að hætta gæti stafað af þeim vegna skuldbindinga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Af vitnisburði Össurar Skarphéðinssonar verður ályktað að Icesave reikningarnir hafi ekki verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni og sagðist hann ekki hafa heyrt að hætta gæti stafað af þeim fyrir tryggingarsjóðinn.

Aðspurður fyrir dómi kvaðst ákærði ekki getað svarað því hvort innstæðutryggingar hafi verið ræddar á fundum ríkisstjórnarinnar fyrir en þær voru teknar upp á fundi 5. október 2008. Jóhanna Sigurðardóttir taldi að það mál hafi ekki verið rætt fyrir á vettvangi ríkisstjórnarinnar, en Össur Skarphéðinsson kvaðst telja að innstæðutryggingar hafi komið til umræðu á ríkisstjórnarfundum fyrir í þeirri viku. Björgvin G. Sigurðsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir báru að innstæðutryggingar

hafi verið ræddar á fundum ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu 2008, en án þess að þau nefndu hvenær. Sá fyrrnefndi tengdi þá umræðu þó við lagafrumvarp um þetta efni, sem hann hafi kynnt í ríkisstjórn, en af gögnum málsins verður ekki ráðið hvenær það gæti nánar hafa verið.

Fyrir dómi sagðist ákærði telja að hann hafi ekki tekið til umræðu á ríkisstjórnarfundi 8. febrúar 2008 þau atriði, sem rædd voru á fundi hans, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands daginn áður. Af vitnisburði Björgvins G. Sigurðssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur verður ráðið að Björgvin hafi fengið vitneskju um það, sem fór fram á þessum fundi, frá Ingibjörgu á fundi í þingflokki Samfylkingarinnar, en ekki frá ákærða. Um aðra slíka fundi kvaðst Björgvin ekki hafa heyrt fyrr en síðar, þar á meðal kannaðist hann ekki við að hafa heyrt af fundi ákærða og utanríkisráðherra með bankastjórn seðlabankans 1. apríl 2008. Á hinn bóginn svaraði Ingibjörg því til, þegar hún var spurð hvort hún hafi upplýst Björgvin um það sem kom fram á fundum hennar og ákærða með bankastjórn seðlabankans, að ýmislegt hafi verið rætt óformlega og hafi þessi mál komið til umræðu á ráðherrafundum Samfylkingarinnar, til dæmis 7. apríl 2008.

Ákærði sagði fyrir dómi að fyrrgreind yfirlýsing til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, sem undirrituð var af honum, tveimur öðrum ráðherrum og bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. maí 2008, hafi ekki verið rædd í ríkisstjórn. Árni M. Mathiesen og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir minntust þess ekki að rætt hafi verið um yfirlýsinguna eða að hún hafi verið kynnt þegar greint var frá gjaldmiðlaskiptasamningum Seðlabanka Íslands við norrænu seðlabankana þrjá á fundi ríkisstjórnarinnar sama dag. Björgvin G. Sigurðsson kvaðst ekki hafa séð yfirlýsinguna fyrr en eftir gerð samninganna. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa fengið skýrslu Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins, sem vísað var til í yfirlýsingunni, eða að sú skýrsla hafi verið kynnt sér. Þá sagði Össur Skarphéðinsson að yfirlýsingin hafi ekki verið kynnt á umræddum fundi ríkisstjórnarinnar og hafi hann ekkert heyrt af henni.

Þegar ákærði gaf skýrslu að nýju við lok aðalmeðferðar lét hann þess getið að hann hafi ekki talið tilefni til að kalla ríkisstjórnina saman til fundar helgina 27. og 28. september 2008 vegna málefna, sem vörðuðu Glitni banka hf. Þá hafði hann áður sagt að frumvarp, sem varð að lögum nr. 125/2008, hafi fyrst verið rætt á fundi ríkisstjórnarinnar 6. október 2008, en á fundi hennar daginn áður hafi verið farið

rækilega yfir hvort aðrar leiðir væru færar. Fundurinn 6. október hafi því verið eini ríkisstjórnarfundurinn, þar sem setning þessara laga hafi verið til umfjöllunar.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er fullsannað að störf samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi ekki komið til umræðu á fundum ríkisstjórnarinnar á því tímabili, sem ákæra í málinu tekur til. Því síður voru þar kynntar hugmyndir og umræður innan hópsins um þörf á pólitískri stefnumótun, svo sem um hugsanlegan fjárhagsstuðning ríkisins við viðskiptabankana ef til greiðslufalls þeirra kæmi og umfang innstæðutrygginga. Þótt vafi leiki á því hvort innstæðutryggingar hafi komið til umræðu í ríkisstjórn á umræddu tímabili virðist fyrst hafa verið fjallað um yfirlýsingu um þetta efni á fundi hennar 5. október 2008. Þá fer ekki milli mála að Icesave reikningar Landsbanka Íslands hf. og vandamál tengd þeim, þar á meðal hætta, sem stafað gæti af reikningunum vegna skuldbindinga Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, komu ekki sérstaklega til umfjöllunar í ríkisstjórn. Einnig er óhætt að slá því föstu að það, sem fram kom á fundum ákærða og fleiri með bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar og 1. apríl 2008, var ekki rætt í ríkisstjórn. Þar var heldur ekki fjallað um yfirlýsinguna, sem ákærði og tveir aðrir ráðherrar undirrituðu 16. maí 2008 í tengslum við gerð gjaldmiðlaskiptasamninga Seðlabanka Íslands við þrjá norræna seðlabanka, þótt í henni hafi verið lýst yfir skuldbindingum í nafni ríkisstjórnarinnar. Loks verður að líta svo á, miðað við það sem fram er komið í málinu, að efni bréfs viðskiptaráðuneytisins til breska fjármálaráðuneytisins 20. ágúst 2008 hafi aldrei verið kynnt eða rætt á fundum ríkisstjórnarinnar, en þar var þó lýst afstöðu hennar til aðstoðar ríkisins við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, svo og til stuðnings við Seðlabanka Íslands í hlutverki hans sem lánveitandi til þrautavara gagnvart íslensku bönkunum.

7

Samkvæmt c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963 varðar það ráðherra sem áður segir ábyrgð eftir lögunum ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem fyrirskipað er í stjórnarskránni. Þótt líta megi svo á að ákærða hafi ekki verið ljóst fyrir en í byrjun október 2008 hve geigvænleg sú hætta væri, sem steðjaði að íslenska bankakerfinu og þar með heill ríkisins, voru upplýsingarnar, sem honum voru tiltækar um yfirvofandi háaska, engu að síður svo alvarlegar þegar í febrúar það ár að á ákærða hvíldi skylda til að taka hann til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Þá blasti við að kæmust viðskiptabankarnir í greiðsluvanda myndi lánstraust ríkisins bíða alvarlegan hnekki á lánamörkuðum erlendis. Vegna stærðar bankakerfisins, sem nam

nálega nífaldrí landsframleiðslu Íslands, lá jafnframt ljóst fyrir að ríkið hafði takmarkað svigrúm til að koma bönkunum til aðstoðar, meðal annars fyrir þá sök að skuldbindingar þeirra voru að stærstum hluta í erlendum gjaldmiðlum. Við þetta bættist óvissa um kröfur innstæðueigenda á hendur bönkunum, en á þessum tíma nutu þær ekki forgangs umfram kröfur annarra lánardrottna við gjaldþrotaskipti eða slit þeirra. Í ársbyrjun 2008 námu heildarinnstæður hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum, sem nutu tryggingar hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, meira en 2.300.000.000.000 krónum. Þótt til álita hefði komið var ógerningur fyrir ríkið að takast á hendur ábyrgð á innstæðunum að fullu ef til greiðsluþrots bankanna kæmi. Hér var við fordæmalausán og risavaxinn vanda að etja og vegna þess hve ríkir almannahagsmunir voru í húfi var án nokkurs vafa um að ræða mikilvæg stjórnarmálefni í merkingu 17. gr. stjórnarskrárinnar. Þar að auki gerði hættuástandið, sem magnaðist eftir því sem á leið, það að verkum að óhjákvæmilegt var að taka til endurmats þann þátt í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem laut að afstöðu hennar til viðskiptabankanna. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 36/2001 heyrir það málefni undir ríkisstjórnina í heild, en ekki einstaka ráðherra. Af þeim sökum var skylt að taka það til umræðu á ríkisstjórnarfundum svo að öllum ráðherrum gæfist þar kostur á að tjá sig og ráða því til lykta.

Hér að framan hefur verið lýst efni yfirlýsingarinnar til seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, sem ákærði og tveir aðrir ráðherrar undirrituðu 16. maí 2008. Í ljósi þess að yfirlýsingin bar með sér að hún væri öðrum þræði gerð í nafni ríkisstjórnarinnar og ekki síður sökum þess að þar var því lýst yfir að Fjármálaeftirlitið myndi beita valdheimildum sínum gagnvart bönkunum, án þess að viðskiptaráðherra sem stofnunin heyrði undir stæði að henni, hvíldi sú ótvíræða skylda á ákærða sem forsætisráðherra að bera hana undir ríkisstjórnina. Sama átti við um bréfið, sem viðskiptaráðuneytið sendi breska fjármálaráðuneytinu 20. ágúst 2008, með vitund og vilja ákærða, en áður hefur verið gerð grein fyrir efni þess. Þótt ekki sé vísað sérstaklega til þessa bréfs í ákæru fellur sú háttsemi ákærða að láta farast fyrir að ræða efni þess á ríkisstjórnarfundum undir verknaðarlýsingu ákæruliðar 2.

Samkvæmt því, sem áður var rakið, telst sannað í málinu svo að hafið sé yfir vafa að sú mikla hætta, sem steðjaði að íslensku bönkunum og þar með heill ríkisins, hafi ekki verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar á tímabilinu frá febrúar 2008 þar til í lok september það ár. Sem fyrr segir verður einnig að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að á þeim fundum hafi ekki verið rætt um ýmis atriði, sem voru til

umfjöllunar í samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað og fullt tilefni var til að taka fyrir í ríkisstjórn. Það var enn brýnna sökum þess að ákærði miðlaði ekki mikilvægum upplýsingum, sem hann bjó yfir um málefni bankanna, til viðskiptaráðherra, sem þau heyrðu undir. Síðast en ekki síst er sannað að áðurgreind tvö skjöl, sem send voru erlendum stjórnvöldum og höfðu annars vegar að geyma skuldbindingar og hins vegar fyrirheit í nafni ríkisstjórnarinnar, voru ekki rædd á fundum hennar.

Ákærði og ýmsir aðrir, sem gefið hafa skýrslu fyrir dómi, hafa lagt áherslu á að ástandið á fjármálamörkuðum hafi verið svo viðkvæmt á þeim tíma, sem ákæra í málinu tekur til, að minnsti orðrómur um að íslensku bankarnir kynnu að komast í greiðsluvanda hefði getað flýtt fyrir og jafnvel valdið því að þeir hefðu fallið. Af þeim sökum hafi verið afar brýnt að ræða þá hættu, sem að bankakerfinu steðjaði, í þröngum hópi þar sem fullur trúnaður ríkti. Þótt þessi viðhorf geti hafa átt fullan rétt á sér, einkum meðan erfiðleikar bankanna voru enn á fárra vitorði, stoðar ekki fyrir ákærða að bera það fyrir sig að af þessari ástæðu hafi hann ekki getað reifað þau málefni, sem hér um ræðir, á fundum ríkisstjórnarinnar. Umgjörð þeirra funda tekur ekki síst mið af því að á þeim vettvangi eigi ráðherrar sem æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins að geta ráðið ráðum sínum og rætt mikilvæg mál í trúnaði og fyrir luktum dyrum, enda hvílir sem fyrr segir rík skylda á ráðherrum til að skýra ekki frá því, sem þar kemur fram um slík trúnaðarmál.

Sú háttsemi ákærða að láta farast fyrir að hlíta fyrirmælum 17. gr. stjórnarskrárinnar um að halda ráðherrafundi um þau mikilvægu stjórnarmálefni, sem lýst hefur verið hér að framan, varð ekki eingöngu til þess að brotin væri formregla, heldur stuðlaði hún að því að ekki var á vettvangi ríkisstjórnarinnar mörkuð pólitísk stefna til að takast á við þann mikla vanda, sem ákærða hlaut að vera ljós í febrúar 2008. Ef slík stefna hefði verið mörkuð og henni síðan fylgt eftir á skipulegan hátt, þar á meðal af Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu, má leiða að því rök að draga hefði mátt úr því tjóni, sem hlaust af falli bankanna í byrjun október 2008. Enn fremur er líklegt að stjórnvöld hefðu þá verið betur undir það búin að taka afstöðu til beiðni Glitnis banka hf. um fjárhagsaðstoð í lok september 2008 þannig að greiða hefði mátt úr vanda þess banka á yfirvegaðri hátt en gert var.

Af framburði ákærða fyrir dómi verður ráðið að hann hafi fylgst vel með framvindu þeirra mála, sem hér um ræðir. Að hans sögn gerði ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu, sem stýrði samráðshópnum um fjármálastöðugleika og viðbúnað,

honum grein fyrir störfum hópsins þegar tilefni var til. Hafi samstarf þeirra tveggja verið náð í þessu efni sem öðrum og þeir rætt saman á hverjum degi. Bolli Þór Bollason fyrrum ráðuneytisstjóri staðfesti þetta þegar hann bar vitni fyrir dómi. Kvaðst hann hafa rætt mikið við ákærða og meðal annars greint frá því, sem fram fór í samráðshópnum, enda hafi öll efnahagsumræða hér á landi seinni hluta ársins 2007 og sérstaklega á árinu 2008 snúist um stöðu bankanna. Efaðist hann um að þeir hafi nokkru sinni rætt saman án þess að þessi mál bæri á góma. Ákærði sagði fyrir dómi að ákveðið hafi verið að vitneskja um fyrrgreinda yfirlýsingu 16. maí 2008 yrði einungis í þröngum hópi. Í vitnisburði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur kom fram að ástæða þess að yfirlýsingin var ekki lögð fram á fundi ríkisstjórnarinnar þennan dag hafi líklega verið sú að efni hennar hafi verið talið viðkvæmt. Þetta sýnir að þrátt fyrir að yfirlýsingin hafi sem fyrr segir verið gefin í nafni ríkisstjórnarinnar hafi ákærði ekki viljað kynna hana og ræða á ríkisstjórnarfundi. Þegar lagt er mat á huglæga afstöðu ákærða á þessum tíma ber á hinn bóginn að horfa einnig til þess að hann kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi telja að það hafi verið á valdi sínu og Ingibjargar sem formanna stjórnarflokkanna að ákveða hvort ástæða væri til að fjalla um einstök mál að öllum ráðherrum viðstöddum. Því til stuðnings vísaði hann til venju, sem þróast hafi í samsteypustjórnnum. Samkvæmt þessu verður að virða ákærða það til stórkostlegs gáleysis að hafa látið farast fyrir að taka þau málefni, sem áður voru rakin, til umfjöllunar á fundum ríkisstjórnarinnar, enda var honum ljóst eða mátti að minnsta kosti vera ljóst að þau væru svo mikilvæg og að auki þess eðlis, sem þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að honum bæri skylda til þess.

Það er því niðurstaða dómsins að vegna athafnaleysis ákærða, sem lýst er hér að framan, beri að sakfella hann fyrir brot gegn c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963, sbr. 11. gr. sömu laga, vegna þeirrar háttsemi, sem honum er gefin að sök í lið 2 í ákæru.

XIII

Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir að hafa af stórfelldu gáleysi látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni eins og fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrárinnar, þrátt fyrir að honum hlaut að vera ljós sá háski, sem vofði yfir bankakerfinu og þar með heill ríkisins, eins og nánar greinir hér að framan, með þeim afleiðingum að ekki var um þau málefni fjallað á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Við ákvörðun viðurlaga verður að líta til þess að þetta brot telst hafa verið framið af stórfelldu gáleysi. Þótt ákærði hafi með þessu ekki eingöngu brotið gegn formreglu, svo sem rakið var hér áður, verður ekki horft fram hjá því að ekki hefði komið til

sakfellingar í málinu hefði ákærði gætt að því einu að taka þessi málefni upp innan ríkisstjórnarinnar, eins og honum bar samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar. Í málinu er ákærði sýknaður af alvarlegustu brotunum, sem hann var borinn sökum um. Hann er 61 árs að aldri og hefur ekki áður hlotið refsidóm. Að öllu virtu verður honum ekki gerð refsing í málinu.

Samkvæmt 1. málslíð 46. gr. laga nr. 3/1963 skal allur sakarkostnaður af máli, sem rekið er fyrir Landsdómi, greiðast úr ríkissjóði nema að því leyti, sem ákærða kann að verða gert að standa straum af honum. Almennar reglur 218. gr. laga nr. 88/2008 gilda því ekki að öllu leyti um greiðslu sakarkostnaðar í máli sem þessu. Að þessu gættu og með því að ákærði er sakfelldur fyrir lítinn hluta þeirra sakargifta, sem bornar hafa verið á hann í málinu, er rétt að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð. Samkvæmt framlagðri tímaskýrslu verjanda hefur hann ásamt aðstoðarmönnum sínum varið samtals 1.947 klukkustundum til málsvarnar ákærða. Með hliðsjón af 1. gr. reglugerðar nr. 715/2009 um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjanda og réttargæslumanna, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 eins og henni var breytt með 20. gr. laga nr. 70/2009, eru málsvarnarlaun verjanda ákærða ákveðin svo sem nánar greinir í dómsorði og er þar með talinn virðisaukaskattur. Einnig verður felldur undir sakarkostnað útlagður kostnaður verjandans samkvæmt framlögðum reikningum fyrir samtals 784.580 krónum.

Dómsorð:

Ákærða, Geir Hilmarí Haarde, er ekki gerð refsing í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Andra Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 24.434.850 krónur, auk útlagðs kostnaðar hans að fjárhæð 784.580 krónur.

Sératkvæði
 Ástríðar Grímsdóttur
 Benedikts Bogasonar
 Fannars Jónassonar
 Garðars Gíslasonar og
 Lindu Rósar Michaelsdóttur

Við erum sammála því sem segir hjá meirihluta dómenda um málsatvik og málatilbúnað ákærvaldsins og ákærða. Einnig erum við sammála því að ekki verði fallist á það með ákærða að þau lagaákvæði sem hann er í ákæru talinn hafa brotið gegn séu svo óskýrar refsheimildir að í bága fari við 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Þá erum við sammála um að sýkna beri ákærða af sakargiftum samkvæmt 1. hluta ákæru af þeim ástæðum sem greinir hér á eftir í köflum I-III. Loks erum við ósammála meirihluta dómenda um sakfellingu samkvæmt 2. hluta ákæru svo sem hér er rakið í kafla IV.

I

1

Í ákærulið 1.1 var ákærða gefið að sök „að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.“ Með úrskurði Landsdóms í málinu 3. október 2011 var þessum ákærulið vísað frá dómi með þeim rökum að þessar sakargiftir fullnægðu ekki þeim kröfum um skýrleika sem gerðar eru í c. lið 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði var því ekki talinn hafa átt þess kost að undirbúa vörn sína gegn svo almennt orðuðum sökum. Aftur á móti var litið á þá almennu lýsingu sem er að finna í þessum ákærulið sem hluta ákærunnar til fyllingar öðrum liðum hennar.

2

Í ákærulið 1.3, eins og hann verður settur fram í ljósi þeirra atvika sem greinir í ákærulið 1.1, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi í embættisfærslu sinni sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar og fram í október 2008, andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum

var eða mátti vera kunnugt um, með því að vanrækja að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri. Er þetta talið varða við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð, en til vara 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 verður ráðherra sekur eftir lögunum ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með því að láta fyrirfarast að framkvæma nokkuð það er afstýrt gat slíkri hættu eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir. Varðar slíkt brot sektum eða fangelsi allt að 2 árum, sbr. 11. gr. laganna. Í 141. gr. almennra hegningarlaga segir að opinber starfsmaður, sem sekur gerist um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

3

Hinn 21. febrúar 2006 gerðu forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands samkomulag um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í upphafsorðum samkomulagsins var lýst aðdragandanum að gerð þess en síðan sagði að samkomulagið hefði þann tilgang „að formbinda samráð aðila á þessu sviði.“ Einnig sagði að með samkomulaginu væri „leitast við að skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi.“ Þó var tekið fram að samkomulagið takmarkaði ekki „svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.“ Um samráðið sagði að vettvangur þess væri samráðshópur fulltrúa þeirra fimm stjórnvalda sem stóðu að gerð samkomulagsins undir stjórn fulltrúa forsætisráðuneytisins. Í samkomulaginu var tekið fram að á fundum samráðshópsins skyldi fjallað um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum, meiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn og álitamál í alþjóðlegu samstafi, sérstaklega innan EES-samstarfsins. Um viðbúnað og verklag kom fram í samkomulaginu að samráðshópurinn væri „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta.“ Hann væri ráðgefandi og tæki ekki ákvarðanir um aðgerðir. Einnig sagði að ef þær aðstæður sköpuðust að fjármálakerfinu væri talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skyldi efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíkum vanda væru háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriðið væri að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leystu vanda sinn sjálfir.

Samhliða þessu samkomulagi um samráðshóp vegna fjármálastöðugleika og viðbúnað var í gildi samstarfssamningur frá 3. október 2006 milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, en sá samningur var gerður á grundvelli 4. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

4

Í III. kafla dómsins og í 3. lið IX. kafla er ítarlega gerð grein fyrir störfum samráðshópsins frá því til hans var stofnað með fyrrgreindu samkomulagi. Eins og þar er nánar rakið kom hópurinn saman til fundar í 25 skipti á ákærutímabilinu frá febrúar og fram í byrjun október 2008. Þess er þó að gæta að hópurinn kom ekki saman til fundar frá byrjun febrúar og fram yfir miðjan mars og frá lokum maí og fram í byrjun júlí. Af drögum af fundargerðum hópsins verður ráðið að þar var ítarlega fjallað um ýmis málefni sem snertu fjármálamarkaði, stöðu fjármálafyrirtækja og viðbúnað við fjármálaáfalli. Einnig voru ýmis gögn lögð fram á fundi hópsins til umræðu.

Í samráðshópnum á árinu 2008 áttu sæti þau Áslaug Árnadóttir, Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, Ingimundur Friðriksson, Jónas Fr. Jónsson, Jónína S. Lárusdóttir og Tryggvi Pálsson. Hafa þau öll komið fyrir Landsdóm og gert skilmerkilega grein fyrir störfum hópsins. Þótt þau hafi í vætti sínu svarað því nokkuð á mismunandi vegu hvort störf og áherslur hópsins hefðu getað verið markvissari og skilað betri árangri hélt ekkert þeirra því fram að við ákærða væri að sakast ef starf hópsins var ófullnægjandi. Kom hvorki fram hjá þeim að eitthvert þeirra hefði komið á framfæri aðfinnslum við ákærða vegna starfa eða verkstjórnar hópsins né að gerðar hefðu verið tillögur um að hlutverki hans yrði breytt. Þá kom fram í vætti Björgvins G. Sigurðssonar, sem á þessum tíma gegndi embætti viðskiptaráðherra, að störf samráðshópsins hefðu skilað verulegum árangri þegar litið væri yfir farinn veg. Í því sambandi benti Björgvin á að unnt hefði verið á grundvelli vinnu hópsins að taka yfirvegaða og fumlauða ákvörðun þegar höggið reið á haustið 2008. Þá fullyrti Árni M. Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, í vitnisburði sínum að störf samráðshópsins hefðu nýst mjög vel og hefðu þau ekki verið unnin hefði tekið lengri tíma að undirbúa neyðarlögin.

Samkvæmt því samkomulagi sem lá til grundvallar starfi samráðshópsins var hópnunum ætlað það hlutverk að vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta þeirra sem áttu aðild að samkomulaginu. Einnig var tekið fram í samkomulaginu að það takmarkaði ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá

hlutverki og ábyrgð sinni. Þannig fór samráðshópurinn sem slíkur ekki með neinar valdheimildir heldur voru þær eftir sem áður hjá viðeigandi stjórnvöldum, en við því var ekki unnt að hagga að óbreyttum lögum.

Af því sem fram hefur komið í málinu verður ekki annað ráðið en að samráðshópurinn hafi fyllilega sinnt því hlutverki sem honum var ætlað í samkomulaginu er lá til grundvallar starfi hópsins. Þá hefur ákærvaldið ekki með nokkru móti rökstutt hvernig hópurinn, sem aðeins var vettvangur umræðu en fór ekki með neinar eiginlegar valdheimildir, hefði getað bægt frá þeirri hættu sem steðjaði að íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði þannig að ákærði hafi bakað sér refsíábyrgð samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 eða 141. gr. almennra hegningarlaga með því að hlutast ekki til um störf hópsins. Þessi ákæruliður er því haldlaus með öllu og teljum við af þessum ástæðum að sýkna beri ákærða af því broti sem honum er gefið að sök.

II

1

Í ákærulið 1.4, eins og hann verður settur fram í ljósi þeirra atvika sem greinir í ákærulið 1.1, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi í embættisfærslu sinni sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfskyldum sínum sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar og fram í október 2008, andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um, með því að vanrækja að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi. Er þetta talið varða við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara 141. gr. almennra hegningarlaga.

Í b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 segir meðal annars að ráðherra verði sekur eftir lögunum ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með því að láta fyrirfarast að framkvæma nokkuð það er afstýrt gat slíkri hættu eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir. Í þessu felast þrjú hlutlæg skilyrði fyrir því að athafnaleysi, eins og ákærða er gefið að sök, teljist refsivert. *Í fyrsta lagi* verður hættan að vera þess eðlis að heill ríkisins hafi verið í húfi. *Í öðru lagi* verður hættan að hafa verið fyrirsjáanleg. Ef bæði þessi atriði eru fyrir hendi gildir *í þriðja lagi* það skilyrði að ráðherra láti fyrirfarast að framkvæma það sem afstýrt gat slíkri hættu. Með þessu er áskilið að ráðherra eða einhverjir að hans fyrirlagi hafi raunverulega átt þess kost að

bregðast við hættu, sem steðjaði að heill ríkisins, ýmist með því móti að aðgerðir í þá veru hefðu verið til þess fallnar að bægja hættunni með öllu frá eða að minnsta kosti draga úr henni svo verulegu máli skipti. Að auki þurfa að vera fyrir hendi þau huglægu refsiskilyrði 2. gr. laganna um að ákærði hafi viðhaft þá vanrækslu sem hann er sakaður um af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Svo sem hér hefur verið rakið hvílir ekki frekari athafnaskylda á ráðherra samkvæmt b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 en að grípa til úrræða sem að öllu eða verulegu leyti gátu komið í veg fyrir aðsteðjandi hættu. Verður því ekki fallist á að frekari athafnaskylda tengd fyrirsjáanleika hættunnar felist í ákvæðinu, eins og byggt er á í niðurstöðu meirihluta dómenda, en sú skýring á sér enga stoð í orðalagi ákvæðisins.

Samkvæmt 2. gr. þágildandi reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1969 um sama efni, heyrði undir ákærða sem forsætisráðherra hagstjórn almennt, málefni Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sbr. 12. og 14. töluliður ákvæðisins. Þótt viðskiptaráðherra færi með málefni fjármálamarkaða, sbr. 2. töluliður 13. gr. reglugerðarinnar, gátu málefni viðskiptabanka fallið undir verksvið ákærða að því leyti sem staða þeirra gat ógnað hagstjórn landsins. Að þessu gættu getur reynt á ráðherraábyrgð ákærða samkvæmt þessum lið ákærunnar.

2

Í ákæru er upphaf þess tímabils sem ákærða er gefið að sök að hafa sýnt af sér vanrækslu andspænis stórfelldri hættu miðað við febrúar 2008. Í aðdraganda ákærutímabilsins höfðu komið fram ýmsar skýrslur og aðrar upplýsingar um efnahagsmál og stöðu þeirra þriggja banka sem hér er fjallað um, en þeir eru Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. Má þar meðal annars nefna álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 11. júní 2007, en þar sagði meðal annars að til lengri tíma litið væru efnahagshorfur hér á landi öfundsverðar. Um fjármálakerfið sagði að það hefði staðist með þrýði erfiðleika á markaði á fyrri hluta árs 2006, en nýjar áhættur gætu verið að myndast. Undanfarið hefðu bankarnir tekið mikilvæg skref í að laga veikleika og auka viðnámsþrótt. Skammtímalausafjárstýring hefði verið eflað, eignarhaldið væri gagnsærra eftir að losað var um krosseignarhald, sem væri mikilvægt skref til að viðhalda trausti fjárfesta. Þá sagði í álitinu að álagspróf Fjármálaeftirlitsins gæfu til kynna að bankarnir hefðu nægilega styrka eiginfjárstöðu til að „standast samspil óvenjumikilla lána- og markaðsskella.“ Á árinu 2007 og fram

á árið 2008 var ríkið og stærstu bankar landsins með mjög gott lánsþæfismat hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum, auk þess sem ársuppgjör bankanna 2007 og árshlutauppgjör á því ári og fram eftir árinu 2008 sýndu mikinn hagnað og trausta eiginfjárstöðu. Voru öll þessi uppgjör unnin af löggiltum endurskoðendum.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu upplýsingar um efnahagsmál og stöðu bankanna, sem voru á allra vitorði í ársbyrjun 2008, voru fyrir hendi upplýsingar innan Seðlabanka Íslands sem bentu eindregið til hins gagnstæða. Í minnisblaði sem Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs seðlabankans, ritaði bankastjórn 9. nóvember 2007 kom meðal annars fram að líkur bentu til að óvissuástand í „fjármögnun og stöðu banka verði ekki skammvinn“t. Að tillögu Tryggva var skipaður starfshópur innan bankans um lausafjórvara og átti Tryggvi sæti í hópnun. Starfshópurinn kom saman til 5. vinnufundar 23. janúar 2008 og í fundargerð frá þeim fundi kemur meðal annars fram að Tryggvi hafi greint frá því að lánasérfræðingar innan Landsbankans væru í vandræðum og hefðu aldrei verið jafn skelkaðir og 21. sama mánaðar þegar búið var að skera á lánalínur bankans. Þá var greint frá því í fundargerðinni að fyrirhugað útboð Glitnis banka hf. hefði ekki gengið eftir auk þess sem rætt var um að gera seðlabankann „sjókláran“ ef allt færi á versta veg. Á 6. vinnufundi hópsins 29. janúar 2008 var lagt fram skjal með yfirskriftinni „Ef allt fer á versta veg í lausafjórstaðu bankanna“, en þar kom meðal annars fram að lausafjórstaða Glitnis banka hf. færi niður fyrir leyfileg mörk við lækun á virði markaðsbréfa og lánalína. Loks ritaði nefndur Tryggvi minnisblað til bankastjórnar seðlabankans 28. janúar 2008 þar sem fjallað er um lausafjórstaðu og rekstur bankanna og kemst hann að þeirri niðurstöðu að við blasi „hryllingsmynd“ ef fjármögnunarvandi leysist ekki á næstu mánuðum.

Hinn 5. febrúar 2008 kom saman til 6. fundar síns samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í mjög knappri fundargerð frá þeim fundi kemur fram að fundurinn hafi staðið í tvær klukkustundir, en þar hafi Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, greint frá álagsprófum bankanna, sem birt yrðu daginn eftir, en bankarnir munu hafa staðist þau próf. Einnig kemur fram að Tryggvi Pálsson og Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri hafi dreift töflum, línuritum og skýrslum Credit Sights um íslensku bankana. Þá segir í niðurlagi fundargerðarinnar að rætt hafi verið um skuldatryggingarálag bankanna, auk þess sem fram hafi komið að á kynningarfundum Glitnis banka hf. í London 30. janúar 2008 hafi verið greint frá samningi um lánalínu fyrir bankann að fjárhæð einum milljarði evra. Samkvæmt þessu var ekkert fjallað á fundinum um þær alvarlegu upplýsingar sem seðlabankinn

bjó yfir um þá miklu vá sem stærstu fjármálafyrirtæki landsins stóðu frammi fyrir. Með hliðsjón af tilgangi samráðshópsins var þó ærið tilefni til þess að fulltrúar seðlabankans gerðu rækilega grein fyrir þessari hættu á fundi sem sóttur var af ráðuneytisstjórum forsætisráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins auk fulltrúa fjármálaráðuneytisins í því skyni að þessum upplýsingum yrði miðlað áfram til ráðherra. Jafnframt liggur ekki fyrir í málinu að þessum upplýsingum hafi með öðru móti verið komið á framfæri þannig að þær hafi borist ákærða. Hefur því ekki annað komið fram í málinu en að ákærði hafi fyrst fengið upplýsingar um þann mikla vanda sem stærstu bönkum landsins var búinn á fundi 7. febrúar 2008 með ráðherrum og bankastjórum seðlabankans þar sem Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar, greindi frá því sem hann hafði orðið áskynja á fundum með fulltrúum banka og matsfyrirtækja í London dagana á undan. Er saksóknin á hendur ákærða reist á því að hann hafi í kjölfar þess fundar sýnt af sér það refsiverða athafnaleysi sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið.

3

Ákærði boðaði með stuttum fyrirvara til fyrrgreinds fundar 7. febrúar 2008 með utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og bankastjórn seðlabankans, en fundinn sátu einnig ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu og Tryggvi Pálsson. Í málinu liggur fyrir skrifleg frásögn utanríkisráðherra frá fundinum auk minnisblaðs Tryggva um fundinn. Þessum gögnum ber saman um að formaður bankastjórnar seðlabankans hafi sagt að starfsmenn Moody's Investors Service hefðu áhyggjur af Icesave reikningum í Landsbanka Íslands hf., en fé gæti runnið út af þeim ef vantraust ykist. Þá hafi starfsmenn Fitch Ratings spurt hvað myndi gerast ef íslenskir bankar fengju ekki lánsfé eftir 12 mánuði. Niðurstaða formanns bankastjórnarinnar var að íslensku bankarnir væru í mikilli hættu en með framgöngu sinni hefðu bankarnir stefnt íslensku efnahagslífi í mikinn háska. Einnig er í minnisblaði Tryggva haft eftir formanni bankastjórnar seðlabankans að bankarnir séu sagðir hafa meira en 12 mánaða lausafé, en enginn telji að rætast muni úr þrengingum á alþjóðlegum lausafjármörkuðum á næstu 12 mánuðum. Þá kemur fram í frásögn utanríkisráðherra og minnisblaði Tryggva að lánamarkaðir muni fyrst opna fyrir þeim stóru og sterku en síðast fyrir íslensku bönkunum sem væru minna mikilvægir.

Í frásögn utanríkisráðherra og minnisblaði Tryggva kemur ekki fram að formaður bankastjórnar seðlabankans hafi lagt gögn fyrir fundinn máli sínu til stuðnings heldur hafi hann lesið upp á fundinum minnispunkta sína frá ferðinni til

London. Í frásögn utanríkisráðherra segir jafnframt að þótt formaður bankastjórnarinnar hafi litið svo á að bankarnir hefðu farið fram með „glæpsamlegum hætti“ hafi hann talið mikilvægt að ríkið tæki 1 til 1,5 milljarða evra að láni til 5 ára í því skyni að efla gjaldeyrisforðann til að verja bankana.

Þegar þessi samtímagögn um fundinn 7. febrúar 2008 eru virt verður ekki betur séð en vandi bankanna hafi fyrst og fremst verið talinn lausafjárvandi sem einkum yrði rakinn til þrenginga á alþjóðlegum lánamörkuðum. Jafnframt hafi staða bankanna verið metin veikari í ljósi þess að íslenska ríkið væri ekki talið hafa bolmagn til að verja bankakerfið vegna stærðar þess. Þessi vandi lýsti sér í megin dráttum í því að bankarnir höfðu fjármagnað sig með lánnum til skemmri tíma en þau lán sem bankarnir höfðu veitt sínum viðskiptavinum. Ef úr þessu yrði ekki leyst með því að bankarnir hefðu aðgang að fjármagni blasti við að þeir myndu falla og skipti þá í sjálfu sér engu hvort eiginfjárstaða væri traust og yfir lögboðnum mörkum. Þannig var þessi lausafjárvandi grafalvarlegur og þjóðfélaginu öllu gríðarlegur háski búinn við hrun bankakerfisins sem flestir landsmenn og nær öll fyrirtæki áttu í viðskiptum við. Leikur enginn vafi á því að um var að ræða fyrirsjáanlega hættu fyrir heill ríkisins í skilningi b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963. Á hinn bóginn var ekki um bráðavanda að ræða, enda var talið að bankarnir hefðu nægt fjármagn út þetta ár og fram á árið 2009. Verður að hafa í huga þetta eðli þess vanda sem við var að eiga þegar lagt er mat á þær aðgerðir sem gripið var til af þessu tilefni.

Á næstu vikum og fram á vorið 2008 komu fram upplýsingar sem staðfestu að bankarnir stóðu frammi fyrir mjög alvarlegum vanda. Þannig sagði í drögum að minnisblaði Landsbanka Íslands hf. til ríkisstjórnarinnar, sem mun vera frá 8. til 10. febrúar, að lánskjör hjá íslenskum bönkum á erlendum lánamörkuðum væru slík að þeim væri í raun ókleift að afla sér fjár. Hér má einnig nefna að 1. apríl 2008 átti ákærði fund með utanríkisráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands. Í skriflegri frásögn utanríkisráðherra frá þeim fundi kemur fram að formaður bankastjórnar seðlabankans hafi greint frá því að mikið fé hafi runnið út af Icesave reikningum dagana á undan en bankinn gæti „þolað svona í 6 daga“. Þá kom fram að breska fjármálaeftirlitið vildi að Landsbankinn færði þessa reikninga inn í dótturfélag í London, en bankinn gæti ekki flutt nægar eignir á móti skuldbindingum gagnvart eigendum innlánsreikninga.

Þótt tiltækar upplýsingar vorið 2008 hafi eindregið bent til að bankarnir ættu við mikinn vanda að glíma verður ráðið af gögnum málsins að það mat hafi ekki verið að

öllu leyti einhlítt. Þannig liggur fyrir minnisblað 29. febrúar 2008 frá alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands um samtal við sérfræðing hjá Moody's Investors Service daginn eftir að lánsþæfiseinkunn bankanna var lækkuð þar sem fram kom að lækkunin hefði engin áhrif á lánsþæfi ríkissjóðs. Því til stuðnings hafi verið bent á að bankarnir kæmu allir vel út úr álagsprófunum og lausafjárstaða þeirra væri góð. Þá kom fram í tilkynningu seðlabankans 5. mars 2008, vegna breytts lánsþæfismats sama matsfyrirtækis á skuldabréfum ríkisins og landsmati á bankainnstæðum í erlendri mynt úr stöðugum í neikvæðar, að bankarnir væru traustir „með sterka starfsemi, heilbrigða eiginfjárstöðu og góða lausafjástöðu“ og hættan á „kerfisáfalli“ væri mjög lítil. Einnig sagði að matsfyrirtækið legði „áherslu á að íslensk stjórnvöld væru fullfær um að fást við áfall ... í bankakerfinu, jafnvel þótt það stafaði af lausafjár- eða fjármögnunarerfiðleikum.“ Loks sýndu árshlutauppgjör bankanna fyrri hluta ársins 2008 góða afkomu og trausta eiginfjárstöðu, svo sem áður getur.

4

Í kjölfar áðurgreinds fundar ákærða með utanríkisráðherra og fjármálaráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands 7. febrúar 2008 var boðað til fundar með sömu ráðherrum auk viðskiptaráðherra og fyrirvarsmönnum fjármálafyrirtækja 14. sama mánaðar. Í skriflegri frásögn utanríkisráðherra frá þeim fundi segir meðal annars að fram hafi komið það sjónarmið að bankarnir væru of stórir. Því væri mikilvægt að draga úr vexti þeirra en bankarnir væru þegar byrjaðir á því. Stærð bankanna væri hins vegar langtímavandi sem erfitt væri að eiga við.

Eftir fund ráðherra með fyrirvarsmönnum fjármálafyrirtækja 14. febrúar 2008 leitaði forsætisráðuneytið til Finns Sveinbjörnssonar til að vera tengiliður milli stjórnvalda og bankanna í því skyni að móta tillögur um aðkomu stjórnvalda að yfirstandandi vanda fjármálafyrirtækja. Finnur skilaði tillögum sínum til forsætisráðuneytisins 25. sama mánaðar, en þar var lagt til annars vegar að ráðist yrði í aðgerðir á sviði kynningarmála um bankana og íslenskt efnahagslíf og hins vegar að ríkisstjórnin héldi áfram viðræðum við seðlabankann um aðgerðir sem miðuðu að því að rýmka enn frekar aðgang íslenskra banka að lausafé í seðlabankanum, jafnvel í erlendri mynt. Eins yrði áfram hugað að eflingu gjaldeyrisvarasjóðsins og aðgangi að skammtímalánalínum erlendis. Þótt Finnur teldi að fara þyrfti varlega í þeim efnunum efaðist hann ekki um að slíkar aðgerðir vægju þyngra en kynningarstarf og útskýringar á íslenskum efnahagsmálum.

Til að bregðast við aðsteðjandi vanda og efla fjármálakerfi landsins var unnið að því að efla gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands til að styrkja stöðu bankans sem lánveitanda til þrautavara. Í fyrrgreindri skriflegri frásögn utanríkisráðherra vegna fundar 1. apríl 2008 með bankastjórn seðlabankans kemur fram að bankinn hafi undanfarið verið að leita fyrir sér með lánalínur. Bankinn væri kominn með samning við Alþjóðagreiðslubankann í Basel um 500 milljónir bandaríkjadala í lánalínu og 750 milljónir evra í endurhverfum viðskiptum. Einnig sé bankinn að ræða við Seðlabanka Evrópu um „2 milljarða evra“ og breska seðlabankann um „3 milljarða evra“. Aðgangur að 5 milljörðum evra um lánalínur komi í sama stað niður og að auka gjaldeyrisvaraforðann. Í málinu liggur einnig fyrir frásögn utanríkisráðherra frá fundi hennar og ákærða með bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. apríl 2008. Þar er greint frá viðræðum við Englandsbanka, Seðlabanka Evrópu, seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og Alþjóðagreiðslubankann um gjaldmiðlaskiptasamninga. Síðastnefndi bankinn hafi samþykkt að hækka sína lánalínu í 500 milljónir bandaríkjadala og sé tilbúinn að tvöfalda þá fjárhæð. Almennt hafi komið fram hjá bankastjórninni bjartsýni um að fyrirgreiðsla fengist hjá fyrrgreindum bönkum. Þá segir að gerðir hafi verið samningar við norrænu bankana um 1,5 milljarða evra en Seðlabanki Evrópu hafi gert „kröfu um meðferð“ hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Englandsbanki hafi farið fram á að fengið yrði álit sjóðsins um að „það stæðist sem sagt væri um íslenskt efnahagslíf“. Samningar við norrænu bankana væru „líklega komnir um borð“ en í viðræðum við breska bankann hafi verið sóst eftir 3 milljörðum evra. Ef lánalínur væru orðnar um 6 milljarðar evra og gjaldeyrisforðinn styrktur um 2 milljarða evra þannig að hann væri 4 milljarðar evra væri viðbúnaður í heild 10 milljarðar evra sem gæti fælt vogunarsjóði frá.

Í kjölfar samtals formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands og Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 7. apríl 2008 og heimsóknar starfsmanna sjóðsins í framhaldi af því sendi sjóðurinn, með bréfi 14. sama mánaðar, frumskýrslu sína vegna fyrirhugaðra gjaldmiðlaskiptasamninga. Í því bréfi var vakin athygli á þeim þætti skýrslunnar sem fjallaði um rót vandans, sem væri stærð bankanna og versnandi horfur í efnahagsmálum. Meðal þeirra atriða sem þar komu fram var að bankarnir yrðu krafðir um áætlun hvernig þeir hygðust minnka efnahagsreikninga sína og hversu fljótt þeir gætu aflað lausafjár með sölu eigna ef nauðsyn krefði.

Í tilefni af fyrirhugðum gjaldmiðlaskiptasamningum við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar undirrituðu ákærði, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands yfirlýsingu, sennilega 16. maí 2008, til að afhenda seðlabönkunum þremur við gerð gjaldmiðlaskiptasamninga sem komust á 16. maí sama ár. Í þessari yfirlýsingu kom meðal annars fram að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið myndu nota heimildir sínar til að þrýsta á bankana til að minnka heildarstærð efnahagsreikninga sinna í samræmi við þær aðferðir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði lagt til. Hins vegar gekk seðlabankanum úr greipum sú lánalína sem hafði verið fengin hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel, auk þess sem Seðlabanki Evrópu féllst ekki á að gera gjaldmiðlaskiptasamning við Seðlabanka Íslands. Þá hafnaði Englandsbanki með bréfi 23. apríl 2008 að gera gjaldmiðlaskiptasamning við Seðlabanka Íslands.

Með lögum nr. 60/2008 var ríkissjóði veitt heimild til að taka lán allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána seðlabankanum. Þessi lagasetning var liður í því að efla gjaldeyrisforða bankans í kjölfar gjaldmiðlaskiptasamninga.

Samhliða því að gjaldeyrisforðinn var efldur veitti Seðlabanki Íslands bönkunum verulega lánaþyrngreiðslu í formi endurhverfra viðskipta til að styrkja lausafjárstöðu þeirra. Til að greiða fyrir því hafði reglum seðlabankans verið breytt í janúar 2008 til að auka veðhæfi verðbréfa. Þá breytti seðlabankinn einnig í mars sama ár reglum um bindiskyldu til rýmkunar þannig að hún tæki ekki til innstæðna í erlendum útibúum bankanna.

Þegar leið fram á vorið komu fram merki um bjartari horfur hjá bönkunum. Þannig sagði í skýrslu sænskra sérfræðinga frá 30. apríl 2008, sem seðlabanki Svíþjóðar sendi til landsins til að meta stöðu íslensku bankanna þriggja, að eignir þeirra væru af háum gæðum og sama máli gegndi um eiginfjárstöðu þeirra. Fyrstu merki um batnandi stöðu á lánsfjármarkaði væru þegar komin fram, svo sem séð yrði af verulegri lækkun á skuldatryggingarálagi. Einnig væri lausafjárstaða bankanna sterk og þeir hefðu nægt fjármagn í 7 til 12 mánuði. Þá skilaði sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skýrslu 4. júlí 2008 um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi og fjármálastöðugleika, en þar sagði að langtímahorfur íslenska hagkerfisins væru öfundsverðar. Íslensku bankarnir hefðu orðið fyrir þrýstingi vegna aðstæðna á alþjóðlegum lánamörkuðum, en við því hefði verið brugðist með að draga úr vexti útlána og hagræða. Stjórnvöld hefðu þegar gripið til aðgerða til að efla traust

á tímum erfiðra ytri skilyrða og lýst yfir vilja til að stækka gjaldeyrisforðann. Þá sagði í skýrslunni að þrátt fyrir aðgerðir vegna óróa á mörkuðum stæðu bankarnir enn frammi fyrir verulegum áhættum og ættu að halda áfram af krafti aðgerðum til að draga úr þeim. Jafnframt ættu yfirvöld að styrkja viðlagaundirbúning og viðbragðsáætlanir enn frekar í framhaldi af þeirri vinnu, sem þegar hafi farið fram.

Eins og rakið er í III. kafla dómsins urðu horfur fyrir bankana verulega verri eftir mitt ár 2008 og fram eftir hausti allt þar til bankarnir þrír féllu í upphafi október það ár.

5

Í ársbyrjun 2008 nam stærð íslensku bankanna nærri nífaldrí þjóðarframleiðslu. Því var augljóst að stjórnvöld höfðu takmarkað bolmagn til að koma bönkunum til bjargar ef verulega bjátaði á.

Í ágúst 2007 festi Kaupþing banki hf. kaup á öllu hlutafé í hollenska bankanum NIBC Holding BV. Fyrir atbeina stjórnvalda var komið í veg fyrir að kaupin gengju eftir, en fram er komið í málinu að Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, setti sig í samband við seljanda og greindi frá því að stjórnvöld legðust gegn yfirtöku á hollenska bankanum. Í stað þess að stjórnvöld hindruðu kaupin með stjórnvaldsákvörðun féllu aðilar frá þeim, en með þessu var komið í veg fyrir að efnahagsreikningur Kaupþings banka hf. nær tvöfaldaðist og allt bankakerfið stækkaði í einu vetfangi um nær 40%.

Svo sem áður greinir segir í skriflegri frásögn utanríkisráðherra frá fundi 14. febrúar 2008 að fram hafi komið að bankarnir væru að draga úr vexti sínum. Einnig hefur komið fram í málinu að Glitnir banki hf. seldi árið 2008 verulegan hluta starfsemi sinnar í Noregi, en salan fór út um þúfur í kjölfar þess að bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers féll 15. september það ár. Í vitnisburði Lárusar Welding, þáverandi forstjóra Glitnis banka hf., fyrir dóminum kom fram að bankinn hefði í ársbyrjun 2008 sett sér aðgerðaráætlun um hvernig unnt væri að fjármagna bankann eftir að skuldabréfamarkaðir lokuðust. Þessi áætlun hefði verið fólgin í eignasölu og eignatryggðri fjármögnun, auk þess að draga úr útlánum bankans. Meðal þeirra eigna sem reynt var að selja voru fyrrgreindar eignir í Noregi og lánasöfn í Lúxemborg. Þá hefði starfsemi bankans í Kaupmannahöfn verið hætt. Fram kom hjá Lárusi að þessi aðgerðaráætlun hefði verið kynnt stjórnvöldum. Í vætti Halldórs J. Kristjánssonar og Sigurjóns Þ. Árnasonar, þáverandi bankastjóra Landsbanka Íslands hf., kom fram að reynt hefði verið að draga úr stærð bankans og takmarka útlán á

árinu 2008, en á fyrri helmingi ársins hefði efnahagsreikningurinn minnkað um 4-5%. Einnig kom fram hjá þeim að stjórnvöld hefðu lagt áherslu á að reynt yrði eftir bestu getu að draga úr stærð bankans. Aftur á móti hefði verið mjög vandasamt á þessum tíma að draga saman seglin. Þar sem erfitt hefði verið að fá raunvirði með sölu eigna hefðu þær verið nýttar sem tryggingar til að afla bankanum lausafjár. Þá greindi Jónas Fr. Jónsson, þáverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, frá því í vitnisburði sínum að hann hefði opinberlega og í samtölum við stjórnendur bankanna sagt að þeir ættu að draga úr stærð sinni og þetta hefðu stjórnáamenn einnig gert. Jafnframt bar Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, fyrir dóminum að vegna hvatningar stjórnvalda hafi á árinu 2008 verið skoðuð einstök atriði í því skyni að minnka bankakerfið og nokkur árangur náðst en þó í smáum stíl, enda erfiðir tímar um þetta leyti í fjármálaheiminum. Einnig sagði Davíð að reynt hefði verið með samtölum við stjórnendur bankanna að þrýsta á þá til að draga saman umsvifin. Sama kom fram í vætti Ingimundar Friðrikssonar, þáverandi seðlabankastjóra.

Eins og áður er rakið undirrituðu ákærði, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra yfirlýsingu 16. maí 2008 ásamt bankastjórn Seðlabanka Íslands í tilefni af gjaldmiðlaskiptasamningum við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar sem gerðir voru sama dag. Í yfirlýsingunni segir meðal annars að seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið muni beita heimildum sínum til að þrýsta á bankana til að draga úr heildarstærð efnahagsreikninga sinna með þeim aðferðum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggi til. Jafnframt gekkst seðlabankinn undir að upplýsa seðlabanka hinna ríkjanna um þau úrræði sem yfirlýsingin hafði að geyma. Í samræmi við þetta var í Seðlabanka Íslands tekið saman minnisblað 8. júlí 2008, en þar segir meðal annars að íslensku viðskiptabankarnir hafi unnið að því að minnka efnahagsreikninga sína, meðal annars að tillögu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem staðfest var í síðustu „FSAP-heimsókn“ sjóðsins til landsins. Þessi vinna muni halda áfram og verða fylgt eftir af stjórnvöldum. Hinn 19. september sama ár var aftur tekið saman minnisblað í seðlabankanum, en þar kemur meðal annars fram að bankarnir þrjú hafi skilað viðunandi hagnaði á öðrum ársfjórðungi 2008 og þar með á fyrri helmingi ársins. Í lok júní hafi þeir allir státað af viðunandi eiginfjárlutfalli og staðist nokkuð auðveldlega álagspróf sem Fjármálaeftirlitið framkvæmdi á efnahagsreikningi þeirra um mitt árið. Allir bankarnir hafi haldið áfram að hagræða í rekstri sínum. Þeir hafi selt eða lagt niður rekstur sem ekki sé talinn skipta máli fyrir kjarnastarfsemi þeirra. Einnig hafi þeir selt eignir beint eða í formi verðbréfa. Jafnframt þessu hafi

allir bankarnir gripið til aðgerða til að lækka kostnað og sumir þeirra gengið lengra í þessum efnunum en aðrir. Þá segir í minnisblaðinu að allir bankarnir hafi minnkað efnahagsreikning sinn í evrum talið og að mestu hætt að veita ný lán. Bankarnir hafi aflað fjár á alþjóðlegum mörkuðum í einhverjum en þó takmörkuðum mæli, auk þess að treysta á almenn innlán. Loks segir að meðlimir bankastjórnar seðlabankans fundi reglulega með forstjórum bankanna og seðlabankinn hafi náði eftirlit með starfsemi þeirra rétt eins og Fjármálaeftirlitið.

Samkvæmt framansögðu mótuðu stjórnvöld þá stefnu á árinu 2008 að koma í veg fyrir að bankakerfið stækkaði eins og ráðið verður af því að þau hindruðu að Kaupþing banki hf. yfirtæki hollenska bankann NIBC Holding BV, en sú ráðstöfun hefði haft í för með sér verulega stækkun bankakerfisins. Í því sem hér hefur verið rakið fólst jafnframt að stjórnvöld beindu því til bankanna að draga saman seglin eftir því sem þeim væri kleift. Þeirri stefnumörkun, sem engum gat dulist að fól í sér áætlun til lengri tíma, var síðan slegið endanlega fastri með þeirri skuldbindingu fyrir ríkið sem fólst í fyrrgreindri yfirlýsingu 16. maí 2008 gagnvart seðlabönkum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar í tilefni af gjaldmiðlaskiptasamningum, en sú yfirlýsing tók mið af tilmælum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þess er þó að gæta að bankarnir höfðu, svo sem hér hefur verið rakið, þegar gripið til aðgerða til að draga úr umsvifum sínum. Því verður að leggja til grundvallar að bankarnir sjálfir hafi leitað tiltækra leiða í þessum efnunum vegna þess vanda sem þeir glímdu við. Eru hvorki efni til að draga í efa að fyrirsvarsmönnum bankanna hafi ekki verið mæta vel ljós stefna stjórnvalda að þessu leyti né heldur að stjórnvöld hafi ekki vitað af tilburðum bankanna í þessa veru. Á hinn bóginn má vafalaust halda því fram með réttu að ástæða hefði verið fyrir stjórnvöld að ganga enn harðar fram í samskiptum sínum við fyrirsvarsmenn bankanna til að brýna þá með öllum tiltækum ráðum að rífa seglin eins og þeim frekast var unnt.

6

Í þeim ákærulið sem hér er til úrlausnar er ákærða gefið að sök að hafa vanrækt að eiga frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar úr landi. Þótt ákæran sé orðuð þannig að nefnd séu í dæmaskyni tvö atriði, sem hefðu getað leitt til þess að dregið yrði úr stærð bankakerfisins, kemur ekki til álita samkvæmt grundvallarreglu sakamálaréttarfars að sakfella ákærða fyrir að hafa ekki gripið til einhverra annarra

ótilgreindra aðgerða sem hefðu getað þjónað sama markmiði. Leiðir þetta beinlínis af c. lið 152. gr. og 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Með því orðalagi ákæruliðarins að „bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn“ er átt við að eignir bankanna yrðu seldar og andvirði þeirra ráðstafað til greiðslu skulda. Einnig er unnt að ná sama markmiði með því að bankarnir hættu eða takmörkuðu verulega útlán, en það getur ekki haft teljandi áhrif nema til lengri tíma og skiptir því ekki máli hér.

Af hálfu ákærvaldsins hafa ekki verið lögð fram gögn sem varpa ljósi á eignasafn hinna föllnu banka og samsetningu þess. Ákærvaldið hefur heldur ekki upplýst hverjir voru möguleikar á að ráðstafa mismunandi flokkum eigna á því tímabili sem ákæran tekur til og hvaða áhrif slík sala hefði haft á starfsemi hvers banka fyrir sig. Hefði jafnframt verið ástæða fyrir ákærvaldið að varpa ljósi á það hvort og þá að hvaða marki heimild bankanna til að ráðstafa eignum með sölu var hindruð vegna samninga við lánveitendur bankanna en slík samningsákvæði, ef þau voru fyrir hendi, gátu hugsanlega haft áhrif í þessu tilliti. Í þessu sambandi má nefna að hindranir af því tagi komu í veg fyrir að Glitnir banki hf. gæti selt dótturfélag í Noregi. Verður ákærvaldið að bera hallann af öllu þessu við mat á því hvort það telst sannað að unnt hefði verið að bægja frá aðsteðjandi hættu eða draga úr henni svo verulegu máli skipti með sölu á eignum bankanna.

Frá hausti 2007 og fram eftir öllu ákærutímabilinu voru miklar þrengingar á alþjóðlegum lánamörkuðum. Þær markaðsaðstæður höfðu augljóslega þau áhrif að draga úr allri eftirspurn og lækka eignaverð. Því blasir við að mjög örðugt var á þessum tíma að ráðast í stórfellda eignasölu til að ráða bót á þeim mikla vanda sem bankarnir glímdu við. Þau fjölmörgu vitni sem komið hafa fyrir Landsdóm og gátu borið um þetta hafa einum rómi lýst því að miklir erfileikar hafi verið á mörkuðum á öllu ákærutímabilinu. Þannig bar Ingimundur Friðriksson, þáverandi seðlabankastjóri, að fram kæmi í erlendum skýrslum að á þessum tíma hefði eignasala verið afar erfið. Einnig sagði Ingimundur að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að þótt æskilegt væri að minnka eignir bankanna yrði það ekki gert nema á löngum tíma. Jafnframt sagði Jónas Fr. Jónsson, þáverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, að erfitt hefði verið að selja eignir og kaupendur hefðu verið vandfundnir.

Þar sem erfitt var samkvæmt framansögðu fyrir bankana að draga úr umsvifum sínum og afla fjár með eignasölu kom vart annað til álita en að hagnýta eignir, eftir

því sem unnt var, sem tryggingu við fjáröflun í endurhverfum viðskiptum. Miðað við þann vanda sem á þessum tíma var talið að bankarnir glímdu við og lýsti sér í því að þá skorti fé þótt eignastaðan væri álitin traust, bæði að mati innlendra eftirlitsstofnana og erlendra matsfyrirtækja, var að sínu leyti skiljanlegt að farin væri sú leið að nýta eignir í endurhverfum viðskiptum til að fjármagna bankana. Samhliða þessu reyndu stjórnvöld að efla gjaldeyrisforðann til að auka almennt traust á fjármálakerfi landsins. Þá er þess að gæta að sala á eignum bankanna undir bókfærðu verði hefði hæglega getað veikt eiginfjárstöðu þeirra og fært hana niður fyrir lögboðin mörk. Auk þess hefði það verið til þess fallið að veikja mjög orðspor bankanna ef þeir hefðu þvert á allar markaðsaðstæður efnt til eignasölu í stórum stíl.

Svo sem áður er rakið verður að leggja til grundvallar að fyrir hendi hafi verið sameignlegur skilningur milli bankanna og stjórnvalda á mikilvægi þess að bankarnir drægju úr umsvifum sínum. Þótt stjórnvöld hefðu vafalaust getað gengið enn harðar fram gagnvart fyrirsvarsmönnum bankanna til að brýna þá í þeim efnunum var hins vegar með öllu óraunhæft að gripið yrði til valdheimilda gagnvart bönkunum til að knýja þá til aðgerða í því augnamiði. Þannig gat ekki komið til greina að auka á þann lausafjórvara sem bankarnir stóðu frammi fyrir með því að binda lánafyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands á grundvelli 7. gr. laga nr. 36/2001 því skilyrði að gripið væri til eignasölu sem gat verið bönkunum skaðleg. Þá hefði verið til þess fallið að auka enn á lausafjórvarandann ef seðlabankinn hefði beitt heimild í 11. gr. laganna til að skylda bankana í auknum mæli til að eiga fé á bundnum reikningi í seðlabankanum eða með því að herða kröfur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnanna sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða í þeim tilgangi að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili, sbr. 12. gr. laganna. Loks hefðu bersýnilegri aðgerðir, eins og að stjórnvöld reyndu að afla lagaheimildar til að knýja bankana til að draga saman seglin, einar og sér getað haft þveröfug áhrif og valdið því að bankarnir féllu.

Samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið er ósannað að unnt hefði verið að grípa til virkra úrræða til að draga úr stærð bankakerfisins, svo einhverju næmi, með því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins eða draga úr henni svo verulegu máli skipti.

Ákærða er einnig gefið að sök að hafa vanrækt að hafa frumkvæði af virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð bankakerfisins með því að einhver bankanna flytti höfuðstöðvar sínar úr landi.

Af hálfu ákærvaldsins hefur engum stoðum verið rennt undir það hvernig ákærða hefði í krafti ríkisvalds verið unnt á ákærutímabilinu að knýja á um að einhver af bönkunum þremur flytti höfuðstöðvar sínar úr landi. Öll þau vitni sem komu fyrir dóminn og gátu um þetta borið voru á einu máli um að þetta hefði verið með öllu óraunhæft. Þannig kom meðal annars fram hjá Jóhannesi Rúnari Jónssyni, sem var lögmaður hjá Kaupþing banka hf. og tók síðar sæti í skilanevnd bankans, að hann teldi að flutningur af þessu tagi væri mjög flókinn og gæti að öllum líkindum tekið 2 til 3 ár. Því hefði með öllu verið útilokað að koma þessu til leiðar á ákærutímabilinu. Að þessu gættu er ósannað að unnt hefði verið að draga úr stærð bankakerfisins með þessu móti til að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins eða draga úr henni svo verulegu máli skipti.

Samkvæmt öllu sem hér hefur verið rakið teljum við að sýkna beri ákærða af því að hafa gerst brotlegur við b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 á þann veg sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Af sömu ástæðu teljum við að háttsemin varði ekki við 141. gr. almennra hegningarlaga, en mjög hefur skort á af hálfu ákærvaldsins að nægjanlega séu færð rök fyrir því hvernig ætlað brot ákærða falli undir það refsíákvæði.

III

1

Í ákærulið 1.5, eins og hann verður settur fram í ljósi þeirra atvika sem greinir í ákærulið 1.1, er ákærða gefið að sök að hafa af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi í embættisfærslu sinni sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfskyldum sínum sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar og fram í október 2008, andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um, með því að fylgja því ekki eftir og fullvissa sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þess með virkri aðkomu ríkisvaldsins. Er þetta talið varða við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara 141. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem áður greinir segir meðal annars í b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963 að ráðherra verði sekur eftir lögnum ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með því að láta fyrirfarast að framkvæma nokkuð það er afstýrt gat slíkri hættu eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir. Í þessu felast þrjú hlutlæg skilyrði fyrir refsínæmi athafnaleysis, eins og ákærða er gefið að sök, en þau eru *í fyrsta lagi* að

hættan sé þess eðlis að heill ríkisins sé í húfi og í öðru lagi að hættan hafi verið fyrirjáanleg. Séu bæði þessi atriði fyrir hendi gildir í þriðja lagi það skilyrði að ráðherra láti fyrirfarast að framkvæma það sem afstýrt gat slíkri hættu eða að minnsta kosti draga úr henni svo verulegu máli skipti. Að auki þurfa að vera fyrir hendi þau huglægu refsiskilyrði 2. gr. laganna um að ákærði hafi viðhaft þá vanrækslu sem hann er sakaður um af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

2

Árið 2002 keypti Landsbanki Íslands hf. breska bankann Heritable Bank Ltd. Jafnframt opnaði Landsbankinn útibú í London snemma árs 2005. Í október 2006 hóf útibúið að taka við innlánnum á rafræna reikninga undir heitinu Icesave Easy Access, en þessir innlánsreikningar voru aðeins ætlaðir einstaklingum. Útibúið hafði þá um nokkurt skeið tekið við svonefndum heildsöluinnlánnum og námu þau umtalsverðum fjárhæðum.

Með því að taka við innlánnum í útibúi bankans í London í stað dótturfélags í Bretlandi hafði bankinn rýmri heimildir til að flytja fjármuni, sem lagðir voru inn á þessa reikninga, innan samstæðunnar, þar með talið til móðurfélagsins á Íslandi. Aftur á móti fólst í þessari skipan að innstæður á Icesave reikningum féllu undir þá lágmarksvernd sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta veitir, sbr. lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Almennt var litið svo á að það væri til þess fallið að styrkja íslensku viðskiptabankana þrjá ef þeir fjármögnuðu sig í auknum mæli með innlánnum. Var því litið jákvæðum augum á innláns söfnun erlendis, en bankarnir höfðu í kjölfar erfiðleika í árslok 2005 og upphafi árs 2006 verið gagnrýndir fyrir að vera fjármagnaðir til skamms tíma með svonefndri markaðsfjármögnun á alþjóðlegum lánamörkuðum. Innláns söfnun í útibúi Landsbankans í Bretlandi gekk vonum framár og námu innstæður í ársbyrjun 2008 um 4.800 milljónum sterlingspunda.

3

Í janúar 2008 skipaði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra nýjan formann Fjármálaeftirlitsins. Við starfinu tók Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri, en Björgvin sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum að það hefði verið sérstakt verkefni nýja stjórnarformannsins að koma starfsemi útibúa bankanna í dótturfélög. Einnig kom fram í skýrslu Jóns fyrir dóminum að hann hefði talið að starfsemi þessara útibúa ætti heima í dótturfélögum. Þá kvaðst hann hafa litið svo á frá

því í mars 2008 að Landsbanki Íslands hf. hefði unnið að því að flytja innlán í dótturfélag í Bretlandi.

Á þessum tíma eða í upphafi ársins 2008 má slá því föstu að sú verulega hætta sem fólst í því að taka við innlánnum í miklum mæli í útibúi í stað erlends dótturfélags hafi blasað við stjórnvöldum hér á landi. Er vafalaust að þegar í febrúar það ár, sem upphaf ákærutímabilsins er miðað við, var fyrir hendi fyrirsjáanleg hætta í skilningi b. liðar 10. gr. laga nr. 4/1963 vegna þeirra skuldbindinga sem gætu fallið á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Er þá miðað við að ríkið hefði hugsanlega þurft með einhverju móti að veita sjóðnum fyrirgreiðslu vegna ábyrgðar hans. Jafnframt gat þetta fyrirkomulag verið Landsbankanum skaðlegt þar sem innstæðueigendur í London nutu mun lakari trygginga en innstæðueigendur breskra fjármálafyrirtækja, en það gat skapað þá hættu að áhlaup yrði gert á bankann.

Ákærði boðaði til fundar um málefni bankanna 7. febrúar 2008, en þann fund sátu meðal annars utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og bankastjórar Seðlabanka Íslands. Tilefni fundarins var að fjalla um það sem komið hafði fram dagana á undan á fundum Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar seðlabankans, með fulltrúum banka og matsfyrirtækja í London. Í skriflegri frásögn utanríkisráðherra frá fundinum kemur meðal annars fram að formaður bankastjórnarinnar hafi greint frá því að starfsmenn Moody's Investors Service hefðu áhyggjur af því að Icesave reikningar í Landsbankanum gætu verið mjög kvikir. Ef óþægilegar fréttir bærust frá Íslandi gæti það haft verulega skaðleg áhrif því eigendur reikninga gætu rokið til og tekið út af þeim fé, en það gæti komið bankanum í vandræði.

Einnig liggur fyrir í málinu að sú hætta sem stafaði af innlánsstöfnun Landsbankans í Bretlandi hafi verið ljós yfirvöldum þar. Þannig kemur fram í minnisblaði frá fundi 3. mars 2008, sem seðlabankastjórnir Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson áttu með Mervyn King, bankastjóra Bank of England, og öðrum starfsmönnum bankans, að fyrirsvarsmenn enska bankans hafi verið uppteknir af hugsanlegum afleiðingum þess að mikið yrði tekið út af reikningum í útibúi Landsbankans í London. Það gæti haft smitáhrif, auk þess sem þeir hafi velt fyrir sér fyrirkomulagi innstæðutrygginga á Íslandi og hvernig á þær myndi reyna ef til kæmi. Einnig segir að þeir hafi talið að ekki hefði verið skýrt að fullu hvers konar innstæðutryggingar giltu á innstæðum í útibúi Landsbankans í London.

Samkvæmt skriflegri frásögn af fundi þeirra Tryggva Pálssonar, af hálfu seðlabankans, og Jóns Sigurðssonar og Jónasar Fr. Jónssonar, af hálfu

Fjármálaeftirlitsins, með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 4. mars 2008 kom fram hjá bankastjórunum að betra væri að hafa innlán í dótturfélagi. Þó væri ekki að vænta breytinga í þá veru á næstu 6 mánuðum.

Hinn 30. mars 2008 átti bankastjórn Seðlabanka Íslands fund með bankastjórum Landsbankans, en þar var einkum til umræðu sá vandi sem skapaðist af Icesave reikningunum. Í skriflegri frásögn af fundinum kemur fram að mikið útstreymi hafi verið af reikningunum, auk þess sem heildsölulánin hafi lækkað umtalsvert. Þá hafi bankastjórar Landsbankans greint frá því að breska fjármálaeftirlitið, FSA, hafi lýst yfir þeim vilja að innlánin yrðu færð í dótturfélag, en þá þyrftu eignir að koma á móti skuldbindingum við innstæðueigendur. Enn fremur er haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, þáverandi bankastjóra Landsbankans, að bankinn geti ekki fullnægt skilyrðum FSA því heildsölulánin séu að hverfa. Loks er haft eftir honum að líkurnar á því að íslensku bankarnir komist í gegnum þetta séu „mjög, mjög litlar“. Tveimur dögum eftir þennan fund, eða 1. apríl 2008, átti ákærði fund með utanríkisráðherra og bankastjórn seðlabankans. Í skriflegri frásögn utanríkisráðherra frá fundinum kemur fram að formaður bankastjórnar hafi greint frá því að mikið fé hafi dagana á undan runnið af Icesave reikningunum og bankinn gæti „þolað svona í 6 daga“. Jafnframt hafi formaðurinn gert grein fyrir því að breska fjármálaeftirlitið vildi að Landsbankinn færði reikningana yfir í breskt dótturfélag, líklega vegna reglna um innstæðutryggingar, en bankinn þyrfti að leggja fram sem tryggingu 1,5 milljarða punda. Þar af ætti bankinn þriðjung fjárhæðarinnar, en þess hefði verið farið á leit að íslenska ríkið legði fram með skömmum fyrirvara það sem upp á vantaði.

Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson, bankastjórar seðlabankans, áttu fund með bankastjórum Landsbanka Íslands hf. 4. apríl 2008. Í skriflegri frásögn af fundinum kemur fram að Landsbankinn hafi þennan sama dag sent breska fjármálaeftirlitinu tillögu um flutning Icesave reikninga yfir í Heritable Bank Ltd., dótturfélag bankans í Bretlandi. Einnig er haft eftir bankastjórum Landsbankans að breska fjármálaeftirlitið hafi verið með smásmugulegar spurningar og bankinn þyrfti skilning á „hærra plani hjá FSA“.

Í III. kafla dómsins er gerð grein fyrir bréfaskiptum Landsbanka Íslands hf. og breska fjármálaeftirlitsins, FSA, um flutning á Icesave reikningum úr útibúi bankans í London yfir í breskt dótturfélag. Af hálfu bankans hafði því verið lýst yfir í bréfi 4. apríl 2008 að heppilegast væri að flytja Icesave reikningana ásamt eignum útibúsins

yfir í Heritable Bank Ltd. Þessu erindi svaraði FSA með bréfi 16. sama mánaðar og þar kom fram að FSA væri sammála bankanum um að ekki væri unnt að koma þessum flutningi við með skömmum fyrirvara. Í bréfi bankans til FSA 24. apríl 2008 sagði síðan að flutningur Icesave reikninga yfir í dótturfélag hefði verið settur á miðlungs-eða langtímaáætlun hjá bankanum. Því erindi svaraði FSA með bréfi 25. sama mánaðar og þar voru ekki gerðar athugasemdir við þessa ákvörðun bankans. Í framhaldi af þessu urðu nokkur bréfaskipti milli Landsbankans og FSA þar sem ekki var fjallað um flutning Icesave reikninganna heldur lausafjárstýringu útibúsins í London.

Þegar líða tók á sumarið eða í júlí 2008 var aftur tekinn upp þráðurinn um flutning Icesave reikninga úr útibúi Landsbankans í London yfir í breskt dótturfélag. Milli bankans og FSA var gagnkvæmur skilningur á mikilvægi þess að flytja innlánin, en ekki var einhugur um hvernig það yrði nánar útfært. Laut þetta meðal annars að því hversu fljótt þetta yrði gert og hvort samtímis þyrfti að færa eignir yfir í dótturfélagið til að mæta að fullu þeim skuldbindingum sem fólust í innlánsreikningum. Jafnframt lagði bankinn áherslu á að flutningur reikninganna mætti ekki verða til þess að veikja samstæðuna. Fór svo að FSA setti fram ýmsar kröfur á hendur bankanum um hámark samanlagðra innstæðna, vaxtakjör og markaðssetningu, en þessar kröfur fóru stigvaxandi eftir því sem á leið. Þannig birtust þessar kröfur í bréfi FSA 15. ágúst 2008, en fyrir liggur að ákærði fékk afrit af því bréfi. Einnig hefur ákærði kannast við fyrir dóminum að hafa eftir hendinni fengið upplýsingar frá ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins um það sem rætt var um Icesave reikningana á fundum samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað.

Á fundum 14. og 31. júlí og 5. ágúst 2008 gerðu bankastjórar Landsbanka Íslands hf. bankastjórn Seðlabanka Íslands grein fyrir framvindu viðræðna við FSA um flutning Icesave reikninga yfir í dótturfélag og leituðu eftir stuðningi seðlabankans til að geta mætt hertum kröfum FSA.

Vegna krafna FSA leituðu bankastjórar Landsbankans eftir atbeina stjórnvalda til að hafa áhrif á bresk yfirvöld í því skyni að fá þau til að falla frá ýrústu kröfum og taka til greina sjónarmið bankans. Lyktaði þessu með því að sendinefnd, sem leidd var af viðskiptaráðherra og formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins, gekk 2. september 2008 á fund Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, í London. Af þeim fundi varð enginn árangur.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

Svo sem áður er rakið fólst sú hættu sem íslenska ríkinu stafaði af Icesave reikningum í útibúi Landsbankans í London í því að miklar kröfur gætu fallið á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta ef bankinn yrði ógjaldfær. Fjármunir sjóðsins hrukku hvergi nærri fyrir svo miklum kröfum og því var hugsanlegt að ríkið þyrfti með einhverju móti að mæta þessum skuldbindingum. Í ákæruliðnum er gert ráð fyrir að ákærði hefði átt að leita leiða til að stuðla að flutningi reikninganna yfir í dótturfélag með „virkri aðkomu ríkisvaldsins“. Vafalaust hefði ríkið getað greitt fyrir flutningi reikninganna með því að gangast undir skuldbindingar í þágu þess dótturfélags sem tæki við þeim. Með slíkri ráðstöfun hefði ríkið hins vegar kallað enn frekar yfir sig þá hættu sem brýnt var að afstýra. Verður því ekki litið svo á að ákærða sé gefið að sök að hafa ekki gripið til ráðstafana af því tagi.

Í málinu liggur fyrir að bresk yfirvöld hafi ávallt haldið fast við þá kröfu að Landsbanki Íslands hf. færði eignir yfir í það breska dótturfélag sem tæki við Icesave reikningunum til að mæta að fullu skuldbindingum við innstæðueigendur. Þetta verður meðal annars ráðið af því sem greinir í skriflegri frásögn af fundi 30. mars 2008 með bankastjórn Seðlabanka Íslands og bankastjórum Landsbankans, en þar er haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, þáverandi bankastjóra Landsbankans, að bankinn geti ekki fullnægt skilyrðum breska fjármálaeftirlitsins. Hefur komið fram í málinu að bankanum hafi verið ókleift í svo miklum mæli sem nauðsynlegt var að flytja eignir frá móðurfélagi til dótturfélags án þess að stefna með því í hættu lánasamningum sem gerðir höfðu verið til að fjármagna bankann, en þeir samningar höfðu að geyma gjaldfellingarheimildir af slíku tilefni. Enn síður gat bankinn mætt kröfum breska fjármálaeftirlitsins eftir því sem þær voru hertar þegar líða tók á haustið 2008.

Samkvæmt 2. tölulið 13. gr. þágildandi reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1969 um sama efni, heyrðu mál er varða fjármálamarkað undir viðskiptaráðherra. Því áttu beint undir þann ráðherra málefni sem snertu viðskiptabankana og Tryggingarsjóð innstæðueiganda og fjárfesta. Í málinu hefur komið fram að Björgvin G. Sigurðsson, sem þá gegndi embætti viðskiptaráðherra, hafi í janúar 2008 látið málefnið til sín taka með því að skipa nýjan formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins og fela honum það sérstaka verkefni að koma

starfsemi útibúa bankanna erlendis í dótturfélög. Af hálfu ákærvaldsins hefur ekki með nokkru móti verið skýrt hvernig ákærði hefði, eins og málið horfði við á ákærutímabilinu, átt að fylgja því eftir og fullvissa sig um að unnið væri „með virkum hætti“ að flutningi Icesave reikninganna í breskt dótturfélag. Því síður hefur verið leitt í ljós að honum hafi með einhverju móti verið kleift að afstýra þeirri hættu sem var fyrir hendi eða draga úr henni svo verulegu máli skipti. Samkvæmt þessu teljum við að sýkna beri ákærða af því að hafa gerst brotlegur við b. lið 10. gr. laga nr. 4/1963. Við teljum heldur ekki að sú háttsemi sem ákærða er gefin að sök varði við 141. gr. almennra hegningarlaga, en á það skortir að nægjanlega hafi af hálfu ákærvaldsins verið færð rök fyrir því hvernig ætlað brot geti fallið undir það ákvæði.

IV

1

Í 2. hluta ákæru er ákærða gefið að sök að hafa frá því í febrúar til október 2008 látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrárinnar, að halda skuli ráðherra fundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Er brotið talið felast í því að á þessu tímabili hafi lítið verið fjallað á ráðherra fundum um hinn yfirvofandi háska, ekki fjallað formlega um hann á ráðherra fundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum, þótt til þess hafi verið sérstök ástæða af ýmsu tilefni, sem nánar er rakið í ákæru. Jafnframt segir í ákæru að ákærði hafi ekki átt frumkvæði að formlegum ráðherra fundi um ástandið né heldur gefið ríkisstjórn sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið. Þetta er talið varða við c. lið 8. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963, en til vara við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Í c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963 segir að það varði ráðherra meðal annars ábyrgð eftir lögunum ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það sem fyrirskipað er í stjórnarskránni eða veldur því að framkvæmd þess ferst fyrir. Svo sem að framan greinir er ákærða gefið að sök að hafa ekki sinnt skyldu til að halda ráðherra fundi í samræmi við 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar skal halda ráðherra fundi um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherra fund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundinum stjórnar sá ráðherra er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis og nefnist hann forsætisráðherra.

Í 17. gr. stjórnarskrárinnar er ekki gerður sá áskilnaður að ráðherra fundir séu formlegir eða að þar sé fjallað um mál með tilteknum formlegum hætti. Þá leiðir hvorki af ákvæðinu að færa þurfi í fundargerð þau mál sem rædd eru á fundum

ríkisstjórnar né heldur að lögð sé sú skylda á ráðherra, sem ber mál upp á fundi, að gefa sérstaka skýrslu um málefnið, þótt gera verði ráð fyrir að ráðherra sem leggur fyrir mál til umræðu fylgi því úr hlaði með því að greina frá efni þess í helstu atriðum. Að þessu gættu kemur hér aðeins til álita hvort í ríkisstjórninni á fyrrgreindu tímabili hafi verið svo takmarkað fjallað um yfirvofandi háska, sem beindist að stærstu fjármálafyrirtækjum landsins og ríkissjóði, að það hafi farið í bága við nefnt ákvæði stjórnarskrárinnar og með því hafi ákærði sem forsætisráðherra bakað sér refsíabyrgð.

2

Í ársbyrjun 1917 urðu ráðherrar þrír og héldu þeir fundi sín í milli til þess að ræða þýðingarmikil mál og taka um þau ákvarðanir. Eftir að Ísland varð fullvalda ríki var á Alþingi árið 1919 lagt fram frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands. Í 12. gr. frumvarpsins var ákvæði um að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skyldu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði, sem allir ráðherrar skipuðu og ríkisarfi ætti sæti í, og konungur væri forseti þess. Var og tekið fram að ríkisráðsfund gæti konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

Í 13. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Á fundum þessum ræður afl atkvæða. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsætið skipar, nefnist forsætisráðherra.“

Í athugasemdum við frumvarpið sagði svo um 13. gr.: „Með því að varla er um það að ræða, að haldnir verði ríkisráðsfundir nema örsjaldan, 2-3 á ári, og þeir venjulega ekki með nema einum ráðherra, virðist nauðsynlegt að fyrirskipa, að ráðherrafundir verði haldnir svo oft sem tilefni er til, svo að lög og mikilvæg málefni verði rædd á sameiginlegum fundi allra ráðherra. Er gert ráð fyrir því, að þau hin sömu mál, er borin eiga að vera upp fyrir konungi á ríkisráðsfundi, verði jafnan áður rædd á ráðherrafundi. Svo er og ákveðið, að ráðherra geti borið upp á ráðherrafundi mál, er honum þykir svo mikilvert, að hann óskar að ráðgast um það við hina ráðherrana, þótt það ekki heyri til þeim málum, sem jafnan skal ræða á ráðherrafundi. Það er eðlilegast, að forseti ráðuneytisins sje nefndur því nafni, sem nú er orðið algengt, og kallaður forsætisráðherra.“

Í meðförum þingsins kom fram sú breytingartillaga frá samvinnunefnd í stjórnarskrármálinu við 13. gr. frumvarpsins að orðin „Á fundum þessum ræður afl atkvæða“ féllu burt. Benedikt Sveinsson, framsögumaður nefndarinnar, sagði að hún

hafi verið á einu máli um það að þetta ákvæði gæti tæplega staðist, því að færi svo að forsætisráðherra yrði í minni hluta myndi hann verða að biðjast lausnar, en það myndi þó ekki vera tilætlunin.

Nokkrar umræður urðu á Alþingi um þessa breytingartillögu. Jón Magnússon forsætisráðherra sagði að ef þetta ákvæði ætti að falla burtu skildi hann satt að segja ekki að ráðherrafundirnir hefðu þá þýðingu að taka ætti ákvæði um þá í stjórnarskrána. Hann bætti við: „Þessir ráðherrafundir eru settir hjer vegna þess, að vitanlega er mjög sjaldan hægt að hafa ríkisráðsfundi. Og þessu á að vera hjer líkt hagað og tíðkast annarsstaðar, að í stað reglulegra ríkisráðsfunda halda ráðherrarnir sjálfir fund með sjer, atkv. eru bókuð eða færð til „protokolls“, og gerðir fundarins eru síðan sýndar konungi á eftir. En vilji menn nú ekki halda þessu ákvæði um afl atkvæða, þá verða þessir ráðherrafundir ekki annað en samtalsfundir, og verða þeir þá ekki svo merkilegir, að rjett sé að setja um þá ákvæði í stjórnarskrána. Það á að rjettu lagi að gilda sama reglan um þau mál, sem skylt er eftir stjórnarskránni að ræða á fundum þessum, og hin önnur mál, sem einhver ráðherranna vill bera undir þessa fundi, að afl atkv. ráði og sá ráðherra, sem í minni hluta verður, verði að beygja sig fyrir meiri hlutanum.“

Einar Arnórsson prófessor hafði verið síðasti eini ráðherrann og var nú alþingismaður og formaður nefndar neðrideildar Alþingis um stjórnarskrárfrumvarpið. Hann tók til máls um 13. gr. frumvarpsins og lýsti því að honum virtist ákvæðið um afl atkvæða á ráðherrafundum „ekki alltaf geta staðist, og því betra að hafa það ekki. ... Þegar ágreiningur verður, þá verða ráðherrarnir að skera úr því sjálfir, hvað framkvæmt verður, og geta þeir, sem á móti eru, losað sig við ábyrgð með því að segja af sér embætti. En þá er hægt að spyrja um það, til hvers ráðherrafundir skuli þá vera ákveðnir í stjórnarskrá, og er því auðsvarað. Ráðherra á þá stjórnskipulega heimtingu á, að hinir komi og taki þátt í meðferð mála, og geta þeir ekki skotist undan því. Þetta hefir mikla þýðingu í sambandi við ráðherraábyrgðarlögin. Enginn getur skotið sér undan ábyrgð eða látið, sem hann hafi hvergi nærri komið mikilsverðri ráðstöfun, sem ágreiningi veldur.“

Benedikt Sveinsson tók til máls. Hann kvaðst þakklátur háttvirtum 2. þingmanni Árneseinga, Einari Arnórssyni, fyrir þær fræðandi og glöggu skýringar, sem hann hafi gefið um starfsemi ráðherrafundarins og allt sem þar að lyti. Ekki urðu frekari umræður um 13. gr. frumvarpsins, sem hér skipta máli, og var breytingartillagan samþykkt í neðri deild og fellt úr ákvæðið um að afl atkvæða skyldi ráða á

ráðherrafundum. Að svo komnu sagði Jón Magnússon forsætisráðherra: „13. gr. tel ég lakari eftir breytinguna í Nd., en þar er ákvæðinu um atkvæðagreiðslu ráðherra á ráðherrafundum slept. Jeg tel þessa tillögu háttv. Nd. hafa gert það að verkum, að betra sje að sleppa ákvæðinu gersamlega. Ráðherrafundir hafa, þegar ákvæðinu um atkvæðagreiðsluna er slept, enga þá þýðingu, er heimili ákvæði um þá sett í stjórnarskrána.“

Af athugasemdum með frumvarpinu og umræðum á Alþingi um 13. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands nr. 9/1920, sem hér hafa verið raktar, verður skýrlega ráðið að vilji löggjafans hafi verið sá að ráðherrafundi skyldi halda um þau mál sem síðar yrðu lögð fyrir konung í ríkisráði, svo og þau mál sem einstaka ráðherrar óskuðu að bera þar upp.

3

Þegar lýðveldisstjórnarskráin var sett árið 1944 var viðhöfð sérstök aðferð í samræmi við stjórnarskipunarlög nr. 97/1942. Fólst þetta í því að með samþykkt Alþingis á þeirri breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greindi í ályktun þess frá 17. maí 1941, hefði sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnarskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefði með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó var tekið fram í nefndum stjórnarskipunarlögum að óheimilt væri að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiddu af sambandsslitunum við Danmörku og því að Íslendingar tækju með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald ríkisins.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er að finna ákvæði um ráðherrafundi í 17. gr. sem er samhljóða 13. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands nr. 9/1920, að því frátöldu að forseti kom í stað konungs. Er áréttað í athugasemdum við 15. til 19. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna að efnisbreytingar væru þær einar gerðar sem leiddu af því að forseti kæmi í stað konungs. Að öðru leyti hefði einungis verið vikið við orðum þar sem svo hefði þótt betur fara.

Samkvæmt framansögðu gat ekki komið til álita við endurskoðun stjórnarskrárinnar í tilefni af stofnun lýðveldisins að fella brott ákvæðið um ráðherrafundi. Slík breyting hefði verið umfangsmeiri en helgast gat af sambandsslitunum við Danmörku, þar sem hún hefði falið í sér að felldur var niður réttur ráðherra til að krefjast ríkisstjórnarfundar, en gildi ákvæðisins var öðru fremur bundið við þau fyrirmæli, svo sem áður er rakið.

Einar Arnórsson, sem var lagaprófessor um langa hríð, ritaði *Ágrip af íslenskri stjórnlagafraði* sem út kom árið 1927. Þar fjallaði hann í 24. kafla um ráðherrafröð. Þeir væru samkoma ráðherranna samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar. Forsætisráðherra stýrði þeim og öllum ráðherrum væri bæði rétt og skylt að sækja þá og það gæti verið embættisvanræksla ef ráðherra sækti ekki ráðherrafröð. Verkefni ráðherrafröða væri umræður og ályktanir um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Þetta ætti við um lagafrumvörp sem leggja þyrfti fyrir konung til samþykktar um framlagningu. Því næst kæmi spurningin hvaða stjórnarmálefni væru mikilvæg. Hann sagði: „Stjórnarráðstafanir í 12. gr. og stjórnarmálefni í 13. gr. merkja þó vafalaust ekki hið sama. Að vísu má fullyrða að öll þau mál, sem bera skal upp fyrir konungi í ríkisráði, skuli einnig lögð fyrir ráðherrafröð. En svo má hiklaust telja mörg stjórnarmálefni mikilvæg, þó að þau fari ekki venju samkvæmt í ríkisráðið, enda ráðherrum falið að ráða fram úr mörgum málum, sem hlýtur að mega telja mikilvæg, t.d. hvort ráðuneytið eigi að nota ýmsar heimildir í lögum. Þar sem ráðuneytið skal gera eitthvað alt, eins og t.d. ákveða, hverja skipa skuli í ýmsar stöður, þá er auðsætt, að slík mál verður að ræða og afráða á ráðherrafröð. / Loks á að halda ráðherrafröð, þegar einhver ráðherrafröð óskar þess. Þegar lagafrumvarp liggur fyrir samkvæmt framansögðu, þá er beint skylt að hafa ráðherrafröð um það. Sama er um mikilvæg stjórnarmálefni. En það hugtak er óákveðið, en það skiftir ekki mjög miklu máli, því að hver ráðherra, sem heyrir vill álit embættisbróður síns um stjórnarmálefni, getur fengið það með því að heimta ráðherrafröð, því að forsætisráðherra er þá skylt að kveðja til hans og halda hann. Það fer betur á því, að ráðherra beri mikilsverð mál undir embættisbræður sína og auk þess vænlegra til góðrar samvinnu og mörgum mun loks þykja það dreifa ábyrgðinni.“

Af þessum orðum Einars verður ekki annað ráðið en hann hafi, eins og árið 1920, verið þeirrar skoðunar að bein skylda hafi verið til að halda ráðherrafröð um þau mál sem bera skyldi upp í ríkisráði og þau mál sem einhver ráðherra óskaði að bera þar upp, og að mikilvægi ráðherrafröða lægi í því að ráðherra ætti þá stjórnskipulegu heimtingu á, að hinir kæmu og tækju þátt í meðferð mála og gætu þeir ekki skotist undan því. Þetta hefði mikla þýðingu í sambandi við ráðherraábyrgðarlögin. Jafnvel þótt Einar teldi mörg mál mikilvæg, þótt þau væru ekki venju samkvæmt lögð fyrir ríkisráð, þá var niðurstaða hans að hugtakið mikilvæg stjórnarmálefni væri óákveðið. Það skipti hins vegar ekki máli því hver ráðherra gæti

heimtað ráðherra fund til að fjalla um málefnið. Þessi ummæli verður jafnframt að virða í því ljósi að þau eru sett fram sem skoðun á fræðilegum vettvangi og geta því ekki haft jafn mikið vægi og það sem fram kemur í lögskýringargögnum.

Ólafur Jóhannesson lagaprófessor skrifaði um ráðherra fundi í riti sínu *Stjórnskipun Íslands*, 2. útg. 1978, bls. 158, og sagði að í athugasemdum við 13. gr. frumvarps að stjórnarskrá 1920, sem svari til 17. gr. í gildandi stjórnarskrá, hefði verið gert ráð fyrir því að það væru sömu mál sem rædd væru á ráðherra fundum sem í ríkisráði. Í reyndinni væru „þó auðvitað miklu fleiri mál rædd á ráðherra fundum, sem haldnir eru miklu oft.“ Hann tók fram, eins og Einar Arnórsson, að það væri embættisvanræksla ef ráðherra sækti ekki fund að forfallalaus. Sama kemur fram í ritinu *Stjórnskipunarréttur* eftir Gunnar G. Schram lagaprófessor, 2. útg. 1999, bls. 166.

5

Af því sem hér hefur verið rakið verður ráðið í *fyrsta lagi* að núverandi 17. gr. stjórnarskrárinnar hafi staðið óbreytt að efni til frá árinu 1920 með þeirri breytingu einni að forseti kom í stað konungs með lýðveldisstjórnarskránni árið 1944. Í *öðru lagi* að allt frá upphafi hafi verið talið skylt að halda ráðherra fundi um mál sem leggja skyldi fyrir ríkisráð og þau mál sem einstaka ráðherra óskuðu að bera þar upp. Í *þriðja lagi* að engar aðrar beinar skyldur, nema um mætingu ráðherra, hafi verið orðaðar varðandi fundina, hvorki við setningu ákvæðisins árið 1920 né í ritum fræðimanna fyrr og síðar, og í *fjórða lagi* að megintilgangur ráðherra funda sé að skapa ráðherrum vettvang fyrir það pólitíska samráð sem nauðsynlegt sé að hafa um stjórn landsins og stefnumál á hverjum tíma, en ekki taka eiginlegar stjórnvaldsákvæðanir þar sem ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald. Af þessu leiðir að ráðherrarnir hljóta að taka þar upp öll þau mál er þeir telja sig þurfa pólitískan stuðning við eða að minnsta kosti nauðsynlegt að ráðgast við aðra ráðherra um.

6

Þegar virt er sú tilurð og forsaga 17. gr. stjórnarskrárinnar, sem hér hefur verið rakin, verður með engu móti slegið föstu að með ákvæðinu hafi staðið til að sérhvert stjórnarmálefni sem talist gat mikilvægt yrði lagt fyrir ríkisstjórn, þótt ekki væri fyrirhugað að málið yrði í kjölfarið borið upp í ríkisráði, sbr. 2. mgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður heldur ekki séð að því hafi verið hreyft í samhengi við ráðherraábyrgð að það eitt gæti varðað forsætisráðherra refsíábyrgð að halda ekki

ráðherra fund um mikilvæg málefni, þótt þess væri gætt að halda fundi um mál sem færu fyrir ríkisráð og um það sem aðrir ráðherrar óskuðu að bera upp á fundum ríkisstjórnar. Loks er þess að gæta að síðari lög nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands gátu engu breytt um hvað fólst í 17. gr. stjórnarskrárinnar þótt þar væru í 2. gr. fyrir mæli um viðfangsefni ráðherra fundu, enda geta almenn lög ekki með því móti haft áhrif á túlkun stjórnskipunar laga.

Við mat á því hvort ákærði hafi bakað sér þá refsíabyrgð sem honum er gefin að sök í 2. hluta ákæru ber að hafa í huga þá rótgrónu lögskýringarreglu á sviði refsiréttar að skýra beri þröngt refsilög þegar vafi leikur á því hvort tiltekið sakarefni falli undir refsíákvæði eða hvor skýringarkostur af tveimur, sem til greina koma, eigi betur við. Þannig ber að virða ákærða í hag vafa um það hvort refsiregla taki til ákveðinnar háttsemi (in dubio, pars mitior est sequenda). Helgast þetta meðal annars af grundvallarreglunni um lögbundnar refsheimildir, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og af óskræðu réttarreglunni um skýrleika refsheimilda, en jafnframt verður að líta til þeirrar augljósu röksemdar um fyrirsjáanleika sem þessar reglur hvíla á. Þá á þessi lögskýringarregla enn frekar við þegar metin er refsíabyrgð á grundvelli svokallaðs eyðuákvæðis í c. lið 8. gr. laga nr. 4/1963, sem vísar um efnislýsingu afbrota til annars lagabálks í heild sinni.

Samkvæmt þeirri skýringu á 17. gr. stjórnarskrárinnar sem að framan getur var eingöngu skylt að halda ráðherra fundi um mál sem leggja skyldi fyrir ríkisráð og þau mál sem einstaka ráðherrar óskuðu að bera þar upp og hefur framkvæmdin verið í samræmi við það á ráðherra fundum æ síðan. Að auki hefur komið fram í vitnisburði ráðherra í ríkisstjórn ákærða að oft hafi í upphafi eða undir liðnum önnur mál á ríkisstjórnarfundum verið rætt um efnahagsmál og málefni fjármálafyrirtækja, þótt ekki hafi verið um það bókað.

Í máli þessu reynir á skýringu 17. gr. stjórnarskrárinnar við mat á því hvort ákærði hafi gerst sekur um refsivert atferli og geta sjónarmið um vandaða stjórnsýsluhætti, sem í seinni tíð hafa haft æ ríkara vægi, ekki skipt hér sköpum. Þess er og að gæta að ráðherra verður ekki gert að sæta refsíabyrgð á grundvelli laga nr. 4/1963 nema um sé að ræða alvarlegar ávirðingar í starfi, en svo getur ekki átt við um sakir samkvæmt þessum ákærulið, eins og að framan er rakið við skýringu á 17. gr. stjórnarskrárinnar. Að þessu gættu teljum við að sýkna beri ákærða af því að hafa gerst brotlegur við umrædd lög um ráðherraábyrgð. Af þessu leiðir jafnframt að sýkna

beri ákærða af því að hafa brotið gegn 141. gr. almennra hegningarlaga, en á það skortir að nægjanlega hafi af hálfu ákæruvaldsins verið færð rök fyrir því hvernig ætlað brot geti fallið undir það ákvæði.

V

Samkvæmt framansögðu teljum við að sýkna beri ákærða af öllum sakargiftum.

Í samræmi við 46. gr. laga nr. 3/1963 ber að fella sakarkostnað á ríkissjóð. Þá erum við erum sammála meirihluta dómenda um fjárhæð málsvarnarlauna verjanda ákærða.

Sératkvæði

Sigrúnar Magnúsdóttur

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, sem segir í köflum I til og með XI í dómsatkvæði þeirra, þar á meðal um forsendur og niðurstöður þeirra um sakargiftir á hendur ákærða í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í ákæru. Ég er á hinn bóginn sammála forsendum og niðurstöðu minni hluta dómenda um sakir, sem ákærði er borinn í lið 2 í ákæru. Samkvæmt því tel ég að sýkna eigi ákærða af kröfum ákæruvaldsins, en um sakarkostnað er ég sammála meiri hluta dómsins.